Hæstaréttardómar 1971

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar gallar á bls. 180, 198, 811, og 848.
Minniháttar gallar á bls. 80, 882, og 1171.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

1971

XLII

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1971

Efnisskrá til bráðabirgða

Bls.

Áfengislög 104, 485, 593, 650, 661, 936, 1025, 1081
Afsagnargerð 635
Akstur, greiðsla 579
Barnsfaðernismál 64
Bifhjól 1081
Bifreiðar:
a) Refsimál 104, 485, 593, 650, 661, 936, 1025, 1179
b) Skaðabótamál 1107
Blóðrannsókn:
a) Bifreiðarstjórn 104, 593, 650, 661, 936, 1025, 1081 (bifhjól)
b) Barnsfaðernismál 64
Botnsréttur 1137
Bráðabirgðaökuleyfissvipting 815
Byggingarkostnaður 179
Dánarbætur 703, 781
Dómarar 808, 923
Dómstólar 127
Dómsýsla 160, 385
Eignarréttur 108
Eignaumsýsla 1117
Endurgreiðsla 119
Endurkrafa 894
Endurupptaka máls, beiðni 16
Fasteign 179, 525, 762, 887, 1090, 1095
Fasteignakaup ..... 179, 525, 762, 887, 974 (bátur), 1090, 1095
Félagsdómur 467
Fiskveiðabrot 679, 968, 980, 1154, 1172, 1231, 1281
Fjárnám 209, 407, 424, 560, 870, 1242
Fjársvik 1029
Flugslys 781

Bls.
Fógetadómur, valdsvið ... 407
Frávísun 43, 119, 175, 200, 206, 385, 424, 600, 617, 659, 667, 744, 755, 817, 894, 943, 1078, 1236, 1271
Fyllingareiður ... 64
Fyrning ... 1210
Gallar ... 1095, 1148
Geðheilbrigðisrannsókn ... 483, 814
Gerðardómur ... 476
Gjaldþrot ... 133
Greiðsludráttur ... 525
Gæzluvarðhald ... 3, 382, 483, 814, 1170
Hafnarmannvirki, tjón ... 1034
Hefð ... 108
Heimvísun ... 160, 209
Hjónaskilnaður ... 419, 424
Hylming ... 858, 1179
Iðnnámssamningur ... 476
Iðnnemar, kaup ... 476
Innheimtulaun ... 525
Ítrekun ... 593, 650
Kaupgjaldsmál 84, 166, 430, 435, 476, 610, 624, 722, 950, 1164, 1200
Kaup og sala ... 179, 525, 560, 762, 887, 974, 1090, 1095, 1242
Kjarasamningar ... 579, 646, 950, 1200
Kosningarréttur ... 654
Kyrrsetning ... 600
Kærumál:
a) Bráðabirgðaökuleyfissvipting ... 815
b) Dómarar, vanhæfi ... 808, 923
c) Dómstólar ... 127
d) Dómsýsla ... 127
e) Frávísun 43, 200, 206, 385, 600, 659, 667, 817, 943, 1236
f) Geðheilbrigðisrannsókn ... 483, 814
g) Gæzluvarðhald ... 3, 382, 483, 814, 1170
h) Kyrrsetning ... 600
i) Matsmenn, þóknun ... 56
j) Samdómendur ... 808
k) Sáttatilraun ... 667
l) Sératkvæði ... 600, 1236
m) Skipti ... 206
n) Upplýsingaskylda, skattalög ... 383
o) Varnarþing ... 206
p) Vitni ... 463
Landamerki ... 1137
Lausafjárkaup ... 560, 974 (bátur), 1242

Bls.
Líkamsáverkar ... 33
Lóðarleiga ... 957
Lóðarsamningur ... 1004
Læknaráð ... 423
Læknisverk, ábyrgð ... 1057
Lögbann ... 688
Lögbannstrygging ... 543
Lögtaksgerð ... 1
Málskostnaðartrygging ... 559
Málskostnaður ... 686, 703
Málskot ... 175
Matsmenn, þóknun ... 56
Meiðyrði ... 1012
Morð ... 217
Nágrenni ... 1189
Nytjastuldur ... 1081, 1179
Ómaksbætur ... 178, 467, 634, 856, 857, 1241
Ómerking ... 160, 209, 1271
Ómerking ummæla ... 1012, 1189
Opinberir sýslunarmenn ... 670
Opinber sýslan ... 71
Orlofsheimilisgjald ... 646
Sakarkostnaður ... 593, 650
Samdómendur ... 808
Samningar ... 179, 722
Samvinnufélög ... 1257
Sáttatilraun ... 667
Sératkvæði 5, 33, 84, 133, 217, 600, 635, 670, 679, 722, 744, 755, 781, 894, 957, 1004, 1154, 1164, 1236, 1242
Sjóveðréttur ... 430
Sjúkrasjóðsgjald ... 646
Skaðabótamál, skaðabætur 5, 33, 71, 146, 399, 467, 491, 560, 703, 762, 887, 907, 974, 986, 1004, 1034, 1057, 1090, 1095, 1107, 1148, 1179, 1189
Skattalög, upplýsingaskylda ... 383
Skattamál ... 454, 521
Skipti, skiptamál ... 206, 419, 424
Skipulag ... 957, 1189
Skjalafals ... 576, 865, 931
Skuldamál ... 18, 98, 102, 506, 606, 927, 1278
Söluhlutur, áhætta ... 1242
Söluskattur ... 454
Tekjuskattur ... 521
Tékkamisferli ... 630, 1029
Tilraun ... 1179

Bls.
Tjónbætur 894
Umferðarlög 104, 485, 593, 650, 661, 936, 1025, 1081
Ummæli, ómerking 1012, 1189
Umsýsla 133
Uppboð 411, 508
Upplýsingaskylda, skattalög 383
Uppsögn 1084
Útburðarmál 596, 873
Útivistardómar 83, 178, 179, 467, 520, 521, 634, 856, 857, 956, 1116, 1117, 1241
Valdsvið fógetadóms 407
Vanefndabætur 957
Vanefndir 1004
Vanhæfi dómara 808, 923
Varnarþing 206
Vatnsréttur 1137
Vátrygging 23, 119, 535, 894
Veðréttur 870
Veiðiréttur 1137
Vélstjórar, réttindi 1164
Verkfall opinberra sýslunarmanna 670
Vinnusamningur 1084
Vinnuslys 5, 491, 907, 986
Vitni 463
Víxilmál 62, 635, 870
Þjófnaður 217, 858, 865, 1179
Þóknun matsmanna 56
Ættarnafn 755
Örorka 423

LEIÐRÉTTING

Á bls. 435 við málið nr. 189/1970: Ólafur Gunnarsson gegn Íslenzka Álfélaginu h/f, segir, að Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari hafi verið einn af dómendum málsins, en hann vék sæti í málinu.

Dómendur voru: hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Benedikt Sigurjónsson, prófessorarnir Ármann Snævarr og Gaukur Jörundsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LII. árgangur 1971

Miðvikudaginn 13. janúar 1971.

Nr. 207/1970. **Guðlaugur Einarsson** (sjálfur)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur V. Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Gísli Símonarson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu lögtaksgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1970. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði ómerkt og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur lýst því, að hann muni ekki byggja rétt á hinni áfrýjuðu „lögtaksgerð", enda dragi hann í efa, „að rétt sé að tala um lögtak í venjulegri merkingu þess orðs". Hvernig sem á það verði litið, krefst hann þess, að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Gísli Símonarson, fulltrúi yfirborgarfógeta, setti fógetadóm Reykjavíkur að Templarasundi 3 hér í borg hinn 28. september 1970. Var þar tekin fyrir beiðni stefnda um lögtak hjá áfrýjanda til tryggingar opinberum gjöldum að fjárhæð kr. 42.019.00 auk dráttarvaxta og kostnaðar. Af hálfu gerðarbeiðanda var ekki sótt þing. Síðan er skráð í þingbókina: „Af hálfu gerðarþola er mættur í réttinum að tilhlutan fógetans ... og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafin gjöld, en hann/hún kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar

og lögtaks og brýndi fyrir mætta að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum. Var þá skrifað upp: Lokað. Engar eignir fundust. Fallið er frá virðingu. Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði lögtak í framangreindum eignum gerðarþola til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns. Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þess, að viðlagðri aðför að lögum. Fleira ekki tekið fyrir. Upplesið, játað rétt bókað".

Eins og endurrit lögtaksgerðarinnar ber með sér, var áfrýjandi eigi þar viðstaddur, og eigi var honum skipaður réttargæzlumaður. Lýsing fógeta á því, er gerðist og í þingbók er skráð, er naumast skiljanleg. Eru því slíkir misbrestir á framkvæmd hinnar áfrýjuðu lögtaksgerðar, að ógilda ber hana, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 29/1885, sbr. 34. gr. og c lið 1. mgr. 42. gr. laga nr. 19/1887.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Guðlaugi Einarssyni, kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. janúar 1971.

Nr. 226/1970. **Valdstjórnin**
gegn
Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. desember 1970, sem barst Hæstarétti 29. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. desember 1970.

Ár 1970, mánudaginn 28. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Laugardaginn 26. desember s.l. var hringt til lögreglunnar í Reykjavík vegna ölvaðra manna á Hverfisgötu 16. Er lögreglumenn komu á staðinn, hittu þeir 2 drengi, Jóhann Sigfús Sigdórsson og Kristján Róbert Wolsh. Kváðust drengir þessir hafa veitt athygli 2 mönnum, er höfðu komið hlaupandi út úr porti á bak við hús nr. 14 við Hverfisgötu með tvær farangurstöskur meðferðis. Hlupu mennirnir vestur á Arnarhólstún. Bifreiðinni Y 2576 hafði verið lagt í porti á bak við hús nr. 14 við Hverfisgötu. Hafði verið gerð tilraun til þess að stela bifreiðinni og við það valdið á henni einhverjum skemmdum. Eigandi bifreiðarinnar, Hrafnkell Tryggvason, var staddur í húsinu nr. 14 við Hverfisgötu. Hrafnkell sá 2 menn hlaupa út úr portinu við húsið og tók eftir því, að búið var að færa bifreið hans úr stað.

Lögreglumenn veittu hinum tveim mönnum eftirför og náðu

öðrum við Borgarbílastöðina, en hinn komst undan. Reyndist hinn handtekni maður vera Guðmundur Rúnar Sveinsson, Mávahlíð 35 hér í borg, fæddur 14. apríl 1952. Í töskunni, sem hann hafði meðferðis, reyndust vera sex lengjur af Camel vindlingum og níu pakkar af Viceroy vindlingum.

Í gær, sunnudaginn 27. desember, viðurkenndi Guðmundur Rúnar Sveinsson að hafa brotizt inn í herbergi í húsinu nr. 16 við Hverfisgötu ásamt Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni og stolið þar tösku með vindlingum í. Þá viðurkenndi Guðmundur Rúnar Sveinsson, að þeir Óskar hefðu reynt að stela bifreið, er stóð í portinu við hús nr. 14 við Hverfisgötu.

Í dag mætti hjá rannsóknarlögreglunni Hallfreður Jón Oddsson, sem býr í herberginu, sem stolið var úr. Kvað hann, að stolið hefði verið frá sér kr. 4.000.00 úr peningakassa, gylltum kveikjara af Ronson gerð, einhverju af fötum auk töskunnar með vindlingunum í.

Í dag hefur Óskar Elías Héðinn Guðmundsson neitað allri þátttöku í innbroti þessu.

Rannsókn máls þessa er ekki nærri lokið og m. a. eftir að yfirheyra 3 vitni, sem öll búa utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Óskar Elías Héðinn Guðmundsson er grunaður um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og getur brot hans varðað fangelsisrefsingu. Er því fullnægt skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæzluvarðhald.

Nauðsyn þykir bera til með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða Óskar Elías Héðinn Guðmundsson í gæzluvarðhald.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 10 dögum.

Úrskurðarorð:

Óskar Elías Héðinn Guðmundsson sæti gæzluvarðhaldi allt að 10 dögum.

Föstudaginn 15. janúar 1971.

Nr. 200/1970. **Guðmann Pálsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Yfirborgarfógetanum í Reykjavík vegna þrotabús Fiskmiðstöðvarinnar h/f
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hann áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 30. desember 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m., en útivistardómur gekk í því máli hinn 2. marz 1970. Héraðsdómur var kveðinn upp 3. marz 1969. Áfrýjandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 400.752.00 með 7% ársvöxtum frá 3. maí 1966 til greiðsludags og svo málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ekki eru fram komin í Hæstarétti gögn, sem hnekki áliti hinna dómkvöddu sérkunnáttumanna og hinna sérfróðu dómenda í héraði. Ber að staðfesta héraðsdóminn með skírskotun til forsendna hans, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 3. marz 1969. Áfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. desember 1970. Þingsókn fyrir Hæstarétti féll niður af hendi aðilja 2. marz 1970, og var kveðinn upp útivistardómur í málinu sama dag. Áfrýjandi skaut málinu af nýju til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi dómsmálaráðuneytisins 2. s. m. Voru þá 20 mánuðir liðnir frá uppsögu héraðsdómsins.

Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands eru það lagaskilyrði slíks leyfis, sem hér er um fjallað, að ríkar ástæður séu til áfrýjunar, „enda hafi aðilja eigi verið unnt að áfrýja fyrr og honum verði eigi sjálfum um það kennt". Dómendur eiga samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 dóm um embættistakmörk yfirvalda, en í því felst, að dómendum ber úrskurðarvald um það, hvort yfirvöld hafi gætt lagasjónarmiða og lagaskilyrða í starfi sínu. Svo sem að framan er rakið, áfrýjaði áfrýjandi máli þessu í upphafi, að fengnu áfrýjunarleyfi dómsmálaráðuneytisins, samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Eftir að málið var þingfest fyrir Hæstarétti, féll þingsókn niður af hans hendi, og útivistardómur gekk í því. Dómsmálaráðuneytið veitti áfrýjanda samt 8 mánuðum síðar nýtt áfrýjunarleyfi, byggt á heimild 4. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Þegar litið er til sögu máls þessa, sem að framan hefur verið rakin, verður að telja, að lagaskilyrði hafi skort til veitingar áfrýjunarleyfis hinn 2. nóvember 1970. Verður því eigi á áfrýjunarleyfi þessu byggt í málinu. Brestur því heimild til að áfrýja máli þessu samkvæmt 20. gr. laga nr. 57/1962, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Þessi úrlausn hefur eigi hlotið samþykki meiri hluta dómenda, og mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 57/1962 greiða atkvæði um efni málsins.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum fyrir atkvæði meiri hluta dómenda, er ég samþykkur niðurstöðu þess.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 3. marz 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 6. febrúar 1969, hefur Guðmann Pálsson sjómaður, Höfðaborg 19, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 24. apríl 1967, á hendur Fiskmiðstöðinni h/f, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 700.000.00 auk 1% vaxta á mánuði eða broti úr mánuði af stefnufjárhæðinni frá 3. maí 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins. Þá er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Reyni, BA 66, til tryggingar greiðslu hinna tildæmdu krafna í málinu, og í því skyni hefur eiganda skipsins, Hafbjörgu h/f, Reykjavík, verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Enn fremur hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu almennum tryggingum h/f, Reykjavík, en stefnda Fiskmiðstöðin h/f hafði þar ábyrgðartryggingu vegna slyss þess, sem hér um ræðir. Á hendur réttargæzlustefnda hafa engar kröfur verið gerðar.

Stefndi krefst algerrar sýknu í málinu og að henni verði dæmdur hæfilegur málskostnaður.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að hann krafðist aðallega, að stefndi Fiskmiðstöðin h/f verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 400.752.00 auk 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 3. maí 1966 til greiðsludags og að málskostnaður verði tildæmdur stefnanda sem gjafsóknarhafa, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, eftir mati dómsins.

Til vara var krafizt annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómsins og vaxta og málskostnaðar sem greinir í aðalkröfu.

Stefndi gerði sömu kröfur og áður.

Málsatvikum er þannig lýst í stefnu og greinargerð:

Þann 3. maí 1966, um kl. 1424, er verið var að draga þorskanet norðvestur ¾ norður af Akranesi í 25 sjómílna fjarlægð, vildi það slys til, að stefnandi, sem var háseti á m/b Reyni, BA 66, lenti með vinstri hönd milli netjateins og spils með þeim afleiðingum, að vinstri upphandleggur hans brotnaði og bæði framhandleggsbein.

Gert var að meiðslum hins slasaða manns til bráðabirgða um borð í skipinu og komið með hann til Reykjavíkur kl. 0050 5.

maí, og beið þá sjúkrabíll á bryggjunni, er flutti manninn þegar í stað á slysavarðstofuna í Reykjavík.

Þann 6. september 1966 fóru fram sjópróf út af slysinu, og kom þar eftirfarandi fram:

Skipstjórinn skýrði svo frá, að þeir hefðu verið að draga þorskanet kl. 1425 þann 3. maí 1966 NV af Akranesi í 25 sjómílna fjarlægð. Vildi þá það slys til, að stefnandi, Guðmann Pálsson háseti, festist með vinstri hönd milli teins og spils og dróst með teininum inn á spilskífuna með þeim afleiðingum, að hann handleggsbrotnaði.

Skipstjórinn var sjálfur á stjórnpalli, er slysið vildi til. Ekki skynjaði hann það augnablik, er stefnandi festist í spilinu, því að athygli hans hafði beinzt að bauju, er var á bakborða við skipið, en er hann leit fram á dekkið, sá hann, að stefnandi hafði fest vinstri höndina milli teins og spils og var í þann veginn að snúast með spilinu. Kúplaði hann þá samstundis spilinu frá, en þannig háttaði til, að kúplingin var staðsett á gólfi stýrishússins. Spilið stöðvaðist þá á sama augnabliki og slaknaði á netinu.

Skipstjórinn kveðst hafa sjálfur ásamt stýrimanni gert að meiðslum mannsins og hafi þeir ekki getað séð, að hann væri handleggsbrotinn. Þeir hafi álitið, að hann hefði farið úr axlarliðnum, vegna þess að öxlin virtist slöpp. Skipstjórinn kvaðst telja, að slysið hefði vart getað orsakazt á annan hátt en þann, að stefnandi hefði fest höndina í netinu og þannig dregizt inn á spilið. Hann kveðst ekki hafa getað merkt, að stefnandi færi neitt ógætilega að störfum við spilið. Spilið hafi verið í fullkomnu lagi og netin legið eðlilega inn á það. Stefnandi hafi verið búinn að vera röska tvo mánuði á bátnum við þorskanetjaveiðar og sé auk þess vanur sjómaður. Níu menn hafi verið á bátnum í þessari veiðiferð. Skipstjórinn upplýsti enn fremur, að einn maður hefði alltaf unnið starf það, sem stefnandi var við. Skipstjórinn gat þess, að sá maður, sem dregur af spilinu, hafi haft aðstöðu til að stöðva spilið með ventli, sem sé staðsettur við það.

Sveinn Kristvinsson, vélstjóri á m/b Reyni, kom einnig sama dag fyrir dóm. Hann kvaðst hafa verið sjónarvottur að slysinu og lýsir því þannig, að stefnandi hafi verið að draga netið af spilinu, og veitti hann því þá athygli, að stefnandi hafði fest höndina milli teins og spils. Ekki skynjaði hann þó það augnablik, er stefnandi festi höndina, og gat því ekki borið um, hvernig það hafði atvikazt. Hann segir, að sér hafi ekki virzt stefnandi

fara neitt ógætilega að við verk það, er hann var að vinna, enda sé hann vanur sjómaður og spilið hafi verið í fullkomnu lagi.

Þá segir hann, að sig minni, að yfirleitt hafi alltaf verið maður við rúlluna, en þó hafi brugðið út af því stundum vegna mannfæðar. Hann tók fram, að ef mikill fiskur væri í netinu, væri óhægt fyrir einn mann að draga af spilinu, ef enginn er við rúlluna og greiði fyrir netinu inn á spilið.

Stefnandi skýrði svo frá atvikum fyrir dómi. Hann kveðst hafa verið lögskráður háseti á b/v Reyni í febrúar 1966. Þann 3. maí kveðst hann hafa verið að draga þorskanet af spilinu um kl. 1430 og hafi þá slysið viljað til á þann hátt, að hann hafi farið með vinstri höndina inn á milli teinanna og hafi höndin festst og snúizt með skífunni ca. hálfan hring, en þá stöðvaði skipstjórinn spilið. Stefnandi segir, að hann hafi verið að færa kúluteininn yfir steinateininn. Með hægri hendi kveðst hann hafa haldið í netið, en fært kúluteininn yfir með vinstri hendinni. Þá muni annað hvort vettlingurinn eða stakkurinn hafa gripið inn á milli teinanna og höndin síðan fylgt með. Þegar spilið stöðvaðist, hafi teinninn legið yfir lófann og höndin ekki losnað, fyrr en búið var að greiða hana frá. Hann kveðst hafa haft miklar þrautir þegar í stað, er lögðu upp í öxl, og segist hafa fundið strax, að framhandleggurinn hafði brotnað. Hann segir, að skipstjórinn hafi haldið, að hann hefði farið úr axlarliðnum og ætlað að fara að kippa í liðinn, en þá hafi hann skýrt honum frá, að handleggurinn væri brotinn. Bæði skipstjórinn og stýrimaðurinn gerðu sameiginlega að meiðslum hans og settu spelkur við handlegginn og hjálpuðu honum í hvílu. Þegar slysið vildi til, segir hann, að eftir hafi verið að draga tvö net af síðustu trossunni. Skipstjórinn hafi látið draga netin og haldið svo norður undir Jökul, þar sem netjunum hafi verið lagt aftur.

Stefnandi segist hafa beðið skipstjórann að fara strax með sig inn, en hann hafi viljað leggja netin fyrst og svo hafi ekki verið meira um það talað. Ekki segist stefnandi hafa fengið önnur kvalastillandi meðul en eina til tvær aspiríntöflur og vatn með. Honum var ekki kunnugt um, hvaða meðalabirgðir voru í bátnum. Stefnandi skýrði svo frá, að enginn maður hefði verið við rúlluna í þetta sinn og muni það, að hans áliti, hafa stafað af því, að of fáir menn hafi verið á bátnum. Stefnandi skýrði svo frá, að það væri verk stýrimannsins að vera á rúllunni, en sá, sem dregur af spilinu, eigi ekki annað að gera. Hann sagðist álíta, að spilið hefði verið í lagi, en gat þess, að á hjólinu, sem

kúplað er með af og frá spilinu, hafi átt að vera standur, sem gripið var í, ef kúplingin væri notuð, en hann hafi ekki verið til staðar.

Stefnandi og skipstjóri bátsins, Bragi Kristjánsson, voru samprófaðir fyrir dómi. Þeim bar ekki saman um, hve margir hefðu verið á skipinu í umrætt skipti. Stefnandi sagði, að þeir hefðu verið átta, en skipstjórinn taldi þá hafa verið níu, en samkvæmt skipshafnarskrá, sem lögð hefur verið fram í málinu, hafa aðeins sjö menn verið skrásettir á bátinn.

Í sambandi við það, hvernig stefnandi stóð að verkinu, taldi skipstjórinn, að eðlilegra hefði verið að færa kúluteininn með hægri hendinni. Þá sagði skipstjórinn það rétt vera, að enginn maður hefði verið við rúlluna í þetta sinn. Hann skýrði það þannig, að algengt væri, að þegar ekki sé mikill fiskur í netjunum, fari sá, sem þar ætti að vera, að borðinu til að greiða fyrir netinu, en það hafi á engan veg stafað af því, að ekki væri nógur mannafli á bátnum. Skipstjórinn tók það fram, að hann minntist þess ekki, að stefnandi talaði um, að handleggurinn væri brotinn, en stefnandi hélt fast við, að hann hefði skýrt skipstjóranum frá því. Skipstjórinn kvaðst ekki minnast þess, að stefnandi hefði óskað eftir, að farið yrði í land þegar í stað, en stefnandi hélt fast við það, sem hann hafði áður sagt.

Mótorbáturinn Reynir, BA 66, var að stærð 53.36 brúttórúmlestir. Báturinn var brenndur sökum þurrafúa í maí 1967. Ekki liggja fyrir í málinu neinar ljósmyndir eða uppdrættir, sem sýni aðstöðu þess manns, er vann við spilið.

Að tilhlutan dómsins voru dómkvaddir tveir menn til þess að láta í ljós álit sitt og skila álitsgerð um, hvort stefnandi hafi staðið rétt að netjadrættinum og hvort forsvaranlegt hafi verið að hafa ekki nema einn mann við netjadráttinn og svo önnur atriði, sem máli skipta. Álitsgerð þeirra hefur verið lögð fram sem dómsskjal nr. 12 í málinu. Með tilliti til þess, sem fram hefur komið í málinu, telja þeir, að ekki verði hægt að líta svo á, að stefnandi hafi staðið óeðlilega að verkinu eða farið ógætilega að við netjadráttinn. Spurningunni um það, hvort forsvaranlegt hafi verið að hafa einn mann við netjadráttinn, svara þeir þannig:

„Í dagbókarútdrætti m.b. Reynis, BA 66, hinn 3. maí 1966 er veðri lýst þannig: „Það var SV gola og lítill sjór". Í góðu veðri, eins og það virtist hafa verið þennan dag, mun það algengt, að einn maður sé við netadráttinn, sérstaklega ef um tregfiski eða

smáan fisk er að ræða. Virðist því ekki óeðlilegt, eins og á stóð, að einn maður annaðist það að þessu sinni".

Spurningunni um það, hvort nokkuð hafi verið athugavert við búnað bátsins eða tæki hans, svara þeir þannig: „Búnaður bátsins og tæki, sem sérstaklega snerta þetta mál, er spilið og útbúnaður þess. Í framburði sínum segir stefnandi: „Mættur segist álíta, að spilið hafi verið í lagi, en getur þess, að á hjólinu, sem kúplað er af með og frá spilinu, hafi átt að vera standur, sem gripið er í, ef kúplingin var notuð, en hann hafi ekki verið til staðar".

Undirritaðir líta svo á, að þótt umræddur standur hafi ekki verið fyrir hendi, þá hafi það ekki rýrt öryggi þess, sem vann við netadráttinn, þar sem við álítum, að eins handhægt hafi verið að taka um sjálft hjólið, þegar kúplingin var notuð. Þá ber einnig að benda á það, að í umrætt skipti kúplaði skipstjórinn frá spilinu uppi í stýrishúsi, og virðist sá útbúnaður hafa verið í lagi".

Spurningin um það, hvort um hafi verið að ræða mistök skipstjórnarmanna í sambandi við slysið, svara þeir þannig:

„Eins og fram kemur í málsskjölum, átti slysið sér stað kl. 14.25 hinn 3. maí, en komið var til Reykjavíkur með hinn slasaða kl. 00.50 hinn 4. maí. Voru þá liðnar 10 klukkustundir og 25 mínútur, frá því að slysið varð. Hlýtur það að teljast óeðlilega langur tími, sem leið, þar til hinn slasaði komst undir læknishendur, þegar á það er litið, að báturinn var staddur aðeins 25 sjómílur frá Akranesi, þegar slysið varð. Ekki hefðu þurft að líða nema ca. þrjár klst., þar til unnt hefði verið að ná til læknis. Ekki kemur fram í málsskjölum, að skipstjórinn hafi gert neina tilraun til þess að ná sambandi við lækni í gegnum talstöð bátsins og leita ráða um meðferð hins slasaða, en það hefði verið bæði auðvelt og sjálfsögð viðbrögð að gera svo. ... Það verður því að líta svo á, að skipstjórinn hafi átt að sýna meiri aðgæzlu og leita frekari úrræða til þess að tryggja velferð hins lasaða og leita ráða hjá lækni".

Álitsgerð þessa framkvæmdu Einar Thoroddsen yfirhafnsögumaður og Guðmundur Pétursson vélstjóri. Báðir eru þessir menn þrautreyndir sjómenn og auk þess vanir sjódómsmenn.

Hafa nú verið rakin í meginatriðum tildrög slyssins, eins og þau liggja fyrir í skjölum málsins. Þar sem báturinn er eyðilagður, gafst dóminum ekki kostur á að skoða allar aðstæður.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar á eftirfarandi hátt:

1. Að óforsvaranleg vinnutilhögun hafi verið að hafa aðeins einn mann við netjadráttinn. Vegna þeirrar augljósu hættu, sem dráttarmaðurinn sé í við starf sitt við spilið, sé þeim mun brýnni ástæða að gera kröfu til þess, að ávallt sé til staðar maður við netjarúlluna.

2. Það hafi verið vanræksla og yfirsjón hjá skipstjóra að hafa ekki, eins og á stóð, nánar gætur á dráttarmanninum við spilið svo og að hafa allt of fáa menn um borð í bátnum.

3. Standur á hjóli, sem kúplað er með af og frá spilinu, hafi ekki verið til staðar og megi telja það skort á tilhlýðilegum öryggisbúnaði við það starf, sem hér um ræðir.

4. Byggir hann bótaskyldu stefnda á reglunum um ábyrgð vinnuveitanda á hættulegum atvinnurekstri, en hin tíðu slys, sem orðið hafa í sambandi við netjaspil, sanni, að mikil hætta sé samfara starfi dráttarmannsins.

5. Þá sé um yfirsjón skipstjóra að ræða að fara ekki strax í land með hinn slasaða mann og sé það sjálfstæður bótagrundvöllur varðandi þjáningabætur til stefnanda.

Stefndi reisir sýknukröfur sínar á því, að slysið hafi orsakazt fyrir handvömm stefnanda sjálfs og að skipið og búnaður þess hafi verið í fullkomnu lagi.

Engar ástæður séu til staðar, sem útgerðarmaður eða eigandi skips beri skaðabótaábyrgð á. Sérstaklega mótmælir hann þeirri staðhæfingu stefnanda, að orsakir slyssins megi rekja til mannfæðar á skipinu. Í því sambandi bendir hann á, að það sé aðeins, þegar mikill fiskur sé í netinu, að maður sé hafður við rúlluna, en í þetta sinn hafi það verið algerlega óþarft. Stefndi bendir á, að ef stefnandi hefði farið rétt að við spilið, hefði ekkert slys orðið, en orsök þess megi rekja til þess, að stefnandi færði kúluteininn með vinstri hendi. Honum hefði sem vönum sjómanni átt að vera ljóst, að slíkt var hættulegt. Þá heldur stefndi því fram, að ekkert hafi komið fram í málinu, sem styðji þá skoðun, að flýtt hefði fyrir bata stefnanda, þótt hann hefði komizt fyrr undir læknishendur. Auk þess hafi það verið með fullu samþykki stefnanda, að nokkur dráttur varð á því, að haldið yrði strax til lands. Af þessu leiði, að þar sem fyrir liggur, að hvorki var um að ræða vanbúnað skips né mistök skipstjórnarmanna, verði útgerðarmaður ekki gerður ábyrgur fyrir tjóni stefnanda, og hljóti það því að leiða til algerrar sýknu.

Skulu þá málsástæður stefnanda teknar til meðferðar í þeirri röð, sem hann hefur sett þær fram við munnlegan málflutning.

Verður þá fyrst vikið að þeirri málsástæðu, að óforsvaranlegt hafi verið að hafa aðeins einn mann við netjadráttinn, eins og á stóð.

Um þetta atriði segja hinir dómkvöddu menn í álitsgerð sinni: „Í góðu veðri, eins og virðist hafa verið umræddan dag, mun það algengt, að einn maður sé við netadráttinn, sérstaklega ef um tregfisk eða smáan fisk er að ræða. Virðist því ekki óeðlilegt, eins og á stóð, að einn maður hafi annazt það að þessu sinni".

Á þessa skoðun geta hinir sérfróðu dómendur fallizt, enda hefur ekkert komið fram í skjölum málsins, sem bendir til þess, að slysi hefði verið forðað (sic), þótt maður hefði verið við rúlluna, enda með öllu óvíst, að sá maður hefði tekið eftir, að færa þurfti kúluteininn yfir steinateininn, og framkvæmt það í stað stefnanda.

Um þá málsástæðu stefnanda, að skipstjórinn hafi vanrækt að líta nægilega vel eftir stefnanda, meðan hann dró netin af spilinu, hafa hinir dómkvöddu menn ekki tekið sérstaka afstöðu.

Að áliti hinna sérfróðu dómenda verður, eins og á stóð, ekki hægt að sakfella skipstjóra fyrir það, að hann hafði ekki sjónir á stefnanda það augnablik, er hönd hans festist í spilinu. En með tilliti til þess, að upplýst er, að höndin snerist aðeins hálfhring á spilskífunni, áður en skipstjórinn stöðvaði það, verður að telja, að vart sé hægt að sýna sneggri viðbrögð, þegar þess er gætt, að hér er aðeins að ræða um sekúndu eða jafnvel brot úr sekúndu.

Um þá staðhæfingu stefnanda, að spilið hafi skort tilhlýðilegan öryggisútbúnað, þar sem vantaði stand á hjólið, sem kúplað er með af og frá spilinu, þá hafa hinir dómkvöddu menn tekið fram eftirfarandi: „Undirritaðir líta svo á, að þótt umræddur standur hafi ekki verið fyrir hendi, þá hafi það ekki rýrt öryggi þess, sem vann við netadráttinn, þar sem við álítum, að eins handhægt hafi verið að taka um sjálft hjólið, þegar kúplingin var notuð. Þá ber einnig að benda á það, að í umrætt skipti kúplaði skipstjórinn frá spilinu uppi í stýrishúsinu, og virðist sá útbúnaður hafa verið í lagi".

Á þessa skoðun geta hinir sérfróðu dómendur fallizt og taka jafnframt fram, að þótt standur sá, sem um ræðir, hefði verið fyrir hendi, sé útilokað, að stefnandi hefði getað náð til hans, eins og afstaða hans var við spilið, eftir að höndin festist í því, og þannig forðazt slys.

Að áliti hinna sérfróðu dómenda verður ekki talið, að starf þess manns, sem dregur net af spilinu, eins og hér stóð á, verði

talið svo hættulegt, að það eitt geti skapað stefnanda bótaskyldu samkvæmt reglunum um ábyrgð vinnuveitanda á hættulegum atvinnurekstri.

Þegar öll málsatvik eru skoðuð, verður að áliti hinna sérfróðu dómenda ekki hægt að skýra slysið á aðra leið en þá, að á því augnabliki, er stefnandi greip með vinstri hendi í kúluteininn til þess að færa hann yfir steinateininn, og handleggurinn lá þvert fyrir spilskífuna, hafi ermin á sjóstakk hans gripið inn á milli teinanna og handleggurinn snúizt með spilinu og brotnað, eins og áður greinir. Það styrkir þessa skoðun, að hönd stefnanda var óskemmd eftir slysið, en framhandleggur og upphandleggur brotinn. Með því að nota vinstri höndina til þess að jafna teinana beindi hann hendinni þvert fyrir spilskífuna eða yfir hana, hafi koppur ekki verið á spilinu, þannig að handleggurinn vissi í sömu átt og teinarnir runnu inn á spilið. Með þessu jókst verulega sú hætta, að ermin á sjóstakki hans festist á milli teinanna eða milli þeirra og spilskífunnar. Hefði hann hins vegar notað hægri höndina, kom hún þvert á teinana, og voru þá litlar líkur fyrir því, að ermin á sjóstakki hans næði að festast.

Þessi viðbrögð stefnanda verða því að teljast meginorsök slyssins.

Kemur þá að þeirri málsástæðu stefnanda, að sú yfirsjón skipstjórans að fara ekki strax í land með hinn slasaða mann sé sjálfstæður bótagrundvöllur varðandi þjáningabætur til stefnanda. Eins og að framan segir, greinir stefnanda og skipstjórann algerlega á um það atriði, hvort stefnandi hafi samþykkt þann drátt, sem á varð, að hann væri fluttur þegar í stað undir læknishendur. Páll Sigurðsson tryggingalæknir hefur með bréfi, dagsettu 28. janúar 1969, gefið svofellt álit:

„Það verður ekki séð af vottorðum þeirra lækna, er um fjölluðu, að drátturinn hafi breytt neinu um meðferðina hjá stefnanda. Í heild verður ekki fullyrt, að lækningin hafi tekið lengri tíma vegna þess, hve slasaði kom seint til læknis, og lokaárangur er eins góður og hægt er að búast við eftir þessari tegund meiðsla".

Samkvæmt þessu verður ekki séð, að stefnandi hafi beðið neitt tjón við drátt þann, sem á varð að koma honum undir læknishendur, og verður þessi málsástæða stefnanda því ekki tekin til greina.

Þá er ekki hægt, að áliti hinna sérfróðu dómenda, að leiða nein rök að því, að þótt færri menn hafi verið á bátnum en

greinir í samningum um hlutaskipti, sbr. dskj. nr. 21, hafi það valdið neinu um slysið.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður ekki talið, að rekja megi orsakir slyssins til vanbúnaðar spils eða tækja bátsins né heldur ófullnægjandi eftirlits af hálfu skipstjórnarmanna.

Samkvæmt því ber að sýkna stefnda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 7. júní 1967. Málskostnaður til stefnanda ákveðst kr. 67.480.00 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri upphæð ber skipuðum talsmanni hans, Árna Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 57.000.00.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Jóni Björnssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskmiðstöðin h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmanns Pálssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Ríkissjóður greiði stefnanda í málskostnað kr. 67.480.00. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Árna Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 57.000.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. janúar 1971.

Nr. 185/1960. **Ingibjörg Magnúsdóttir**
Ingibjörn Þ. Jónsson
Árni Jónsson
Einar Magnússon
Árni Einarsson
Dánarbú Egils Pálssonar og
Dánarbú Guðmundar Eyjólfssonar
gegn
Miðnesi h/f og skilanefnd Garðs h/f
Árna Magnússyni og Berent Magnússyni
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Beiðni um endurupptöku dæmds máls synjað.

Endurrit úr gerðabók Hæstaréttar.

Lögð var fram umsókn Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, dagsett 4. nóvember 1969, þar sem þess er farið á leit f. h. Einars H. Magnússonar, Klöpp, Ara Einarssonar, s. st., Einars Egilssonar, Nirðri-Flankastöðum, Magnúsar Marteinssonar, Arnarbæli, Guðrúnar Ólafsdóttur, s. st., Ingibjargar Magnúsdóttur, Syðri-Flankastöðum, og Berents Magnússonar, Krókskoti, Sandgerði, að leyfð yrði endurupptaka hæstaréttarmálsins nr. 185/1960.

Var mál þetta dæmt í Hæstarétti 10. nóvember 1961.

Fullnægt hefur verið ákvæðum 2. mgr. 59. gr. laga nr. 57/1962.

Umsækjendur um upptöku nefnds hæstaréttarmáls hafa nú lagt fram fjölda skjala til rökstuðnings því, að eigendur Syðri-Flankastaða eigi meiri rétt til lands en þeim var dæmdur með dómi Hæstaréttar frá 10. nóvember 1961. Hinna nýju gagna hefði mátt afla, áður en málið var dæmt í Hæstarétti 1961.

Með nefndum hæstaréttardómi var landamerkjalínan milli Sandgerðis og Syðri-Flankastaða dregin eftir tilgreindum kennileitum og sem sjónhendingarlína frá þeim, nákvæmlega svo sem ákveðið var í landamerkjabréfi Sandgerðis frá 13. júní 1889. Taldist það eigi geta fellt úr gildi hina skýrt orðuðu markalínu eftir kennileitum, þótt áttatáknun hennar frá markaleitinu Magnúsarvörðu standist ekki. Þá var og talið, að ákvörðun landamerkjabréfs Sandgerðisjarða um ákvörðun landamerkjalínunnar eftir kennileitum gangi fyrir ákvæði landamerkjabréfs Flankastaðajarða frá 17. júní 1889, þar sem einungis er greind áttin frá Magnúsarvörðu, en eigi kennileiti. Hvort tveggja landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi fyrir Miðneshrepp á Skaga hinn 18. júní 1889. Voru eigi andmæli höfð uppi gegn bréfunum. Slík andmæli voru eigi borin fram fyrir dómi, fyrr en til máls þessa kom. Í 1. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki o. fl. segir svo m. a.: „Þar sem eigi eru af náttúrunnar völdum glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sé við haldið". Samkvæmt 8. gr. sömu laga skal valdsmaður hefjast handa, ef um ágreining um landamerki er að tefla. Ákvæði laga nr. 41/1919 gáfu eigendum Flankastaðajarða sérstakt tilefni til að bregða skjótt við, ef þeir vildu eigi sætta sig við kennileitaákvörðun nefnds Sandgerðisbréfs, þar sem áminnzt lög beinlínis lýsa landamerki, dregin einungis eftir áttum, ófullnægjandi og löglaus.

Þinglesin landamerkjabréf hafa opinbert trúgildi (publica fides). Grandlausir kaupunautar eiga að mega treysta því, að ákvæði þinglesinna bréfa, þar sem landamerki eru sett eftir kennileitum, haldi gildi sínu. Sandgerði hefur áratugum saman gengið kaupum og sölum samkvæmt landamerkjabréfinu frá 13. júní 1889, þinglesnu 18. s. m. Ekki verður talið, að kaupendur þeirra jarða hafi mátt vera grandsamir um, að landamerkjaákvörðun Sandgerðisbréfsins eftir kennileitum væri röng, enda hafi landamerkjabréf Sandgerðis

ekki verið vefengt árum saman eftir gildistöku laga nr. 41/1919.

Gagna þeirra, sem lögð hafa verið nú fyrir Hæstarétt, var unnt að afla, áður en málið var dæmt. Leiða þau samkvæmt því, er rakið var, eigi til þess, að endurupptaka greinds máls verði leyfð eftir 59. gr. laga nr. 57/1962.

Miðvikudaginn 20. janúar 1971.

Nr. 174/1969. **Helga Magnúsdóttir**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Ferðaskrifstofu Zoëga h/f
(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1969. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 45.252.00 með 8% ársvöxtum af kr. 16.184.00 frá 21. júlí 1965 til 25. júlí 1966 og af kr. 45.252.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæsarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 16.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Helga Magnúsdóttir, greiði stefnda, Ferða-

skrifstofu Zoëga h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 16.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. september 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 19. þ. m., hefur Helga Magnúsdóttir, Sleitustöðum, Skagafirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 5. október 1967, á hendur Ferðaskrifstofu Zoëga h/f hér í borg til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 45.252.00 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 16.184.00 frá 21. júlí 1965 til 25. júlí 1966 og af kr. 45.252.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Samkvæmt því, sem fram kemur af hálfu stefnanda, eru málavextir þessir:

Hinn 21. júlí 1965 tók Jón Egilsson á Akureyri á leigu sem umboðsmaður stefnda fjórar langferðabifreiðar hjá Siglufjarðarleið, en fyrirtæki það er eign stefnanda. Voru bifreiðarnar leigðar frá Sleitustöðum til að aka ferðafólki á vegum stefnda frá Akureyri til Goðafoss og til baka. Er bifreiðarnar komu til Akureyrar frá Sleitustöðum, var þeim snúið við, þar sem ekkert varð úr ferðinni til Goðafoss. Leigugjaldið fyrir bifreiðarnar frá Sleitustöðum til Akureyrar og til baka nemur kr. 16.184.00. Dagana 20. og 25. júlí 1966 tók Jón Egilsson sem umboðsmaður stefnda á leigu hjá Siglufjarðarleið tvær langferðabifreiðar hvorn dag. Voru bifreiðarnar leigðar frá Sleitustöðum til að aka ferðafólki á vegum stefnda, sem statt var á Akureyri. Var ekið með fólkið að Goðafossi og þaðan til Akureyrar aftur. Nam leigugjaldið fyrir þessar ferðir samtals kr. 29.068.00. Samkvæmt þessu telur stefnandi skuld stefnda við sig sem eiganda greinds fyrirtækis nema alls kr. 45.252.00, en skuld þessa hafi stefndi eigi fengizt til að greiða þrátt fyrir ítrekuð tilmæli.

Vitnið Sigurður Björnsson, umsjónarmaður hjá fyrirtæki stefnanda, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið einn af bifreiðarstjórum þeim, sem fóru ferðir þær, sem farnar voru dagana 20. og 25. júlí 1966. Sigurður kveður það ýmist vera svo, þegar bifreiðar séu leigðar frá Sleitustöðum til aksturs á Akureyri eða frá Akureyri, að greitt sé fullt gjald, hluti af gjaldi eða jafnvel ekkert gjald fyrir akstur án farþega, en slíkt sé samningsatriði

hverju sinni. Sumarið 1967 kveðst vitnið hafa verið kvatt til aksturs fyrir Geir Zoëga hér í borg, en bifreiðin hafi verið staðsett hér. Ekkert hafi orðið úr akstrinum, en það hafi fengið greiðslu fyrir mætingu. Sigurður kveðst hafa verið staddur hér í Reykjavík nokkru fyrir 20. júlí 1966 og hafi þá Tómas Zoëga haft samband við sig og spurzt fyrir um, hvort hægt yrði að fá 40 manna bifreið í stað annarrar bifreiðar, sem verið hafi 37 manna. Það hafi ekki verið hægt. Kveðst vitnið ekki hafa haft önnur skipti við stefnda í sambandi við pöntun bifreiða í það sinn.

Vitnið Tómas Zoëga, starfsmaður stefnda og sonur stjórnarformanns fyrirtækisins, hefur skýrt svo frá, að þegar þurft hafi að fá bifreiðar til aksturs á Akureyri, hafi venjan verið sú, að hringt var í Jón Egilsson, sem séð hafi um þau mál fyrir stefnda, er hann var beðinn um að sinna, og hafi Jón verið látinn vita, hvaða dag þyrfti á bifreiðum að halda og um fjölda farþega. Tómas kveður Jón venjulega hafa vitað með löngum fyrirvara, hvaða dag skemmtiferðaskip skyldi koma til Akureyrar. Tómas kveður ráð hafa verið gert fyrir 80—90% sætanýtingu bifreiða í slíkum ferðum, en jafnan hafi verið greitt fullt fyrir bifreiðarnar, þó að nýtingin væri ekki fullkomin. Ekki kveður Tómas fyrirsvarsmenn stefnda hafa skipt sér af samningum Jóns við sérleyfishafa. Hann kveður það sjaldgæfa atburði, að skemmtiferðaskip komi til Akureyrar. Við komu slíkra skipa til Reykjavíkur kveður Tómas ávallt vera skipt við sérleyfishafa hér sunnanlands fyrir tilhlutan Bifreiðastöðvar Íslands og sé þá jafnan farið eftir hópferðagjaldskrá póst- og símamálastjórnarinnar. Tómas kveður ráð hafa verið fyrir því gert af hálfu stefnda, að sú gjaldskrá gilti einnig á Akureyri, og hafi verðútreikningum verið hagað í samræmi við það. Við akstur í sambandi við komur skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur kveður Tómas þess aldrei hafa verið krafizt, að stefndi greiddi fyrir akstur án farþega, enda sé slíkur akstur stefnda óviðkomandi, þar sem einungis sé beðið um akstur á ákveðinni leið og eigi því einungis að greiða fyrir þann umbeðna akstur. Tómas kveður það geta verið rétt, að hann hafi verið staddur í skrifstofu Jóns Egilssonar, er Jón hafi verið að reyna að fá bifreiðar á Kópaskeri leigðar til aksturs, enda hafi hann verið tíður gestur í skrifstofu Jóns Egilssonar, um það leyti sem skemmtiferðaskip voru á Akureyri. Tómas kveður sig ekki reka minni til þess, að hann hafi nokkru fyrir 20. júlí 1966 átt tal við Sigurð Björnsson í því skyni að fá stærri

bifreið til aksturs. Ekki kveður hann þó öðrum til að dreifa en sér, sem gæti hafa átt slíkt samtal við Sigurð, þar sem hann sjái um allar útréttingar á þessu sviði.

Í málinu hefur verið lögð fram yfirlýsing Jóns Egilssonar, sem eigi hefur sætt mótmælum af hálfu aðilja. Kveður Jón Geir H. Zoëga, forstjóra stefnda, hafa haft samband við Ferðaskrifstofu Akureyrar, en það fyrirtæki kveðst Jón reka, sumarið 1966. Kveður Jón Geir hafa átt tal við sig og beðið sig um að útvega stórar áætlunarbifreiðar til að flytja farþega af erlendum skemmtiferðaskipum, sem kæmu til Akureyrar það sumar á vegum stefnda og/eða Cooks, alþjóðlegrar ferðaskrifstofu. Skyldi flytja farþegana frá Akureyri að Goðafossi og til baka. Ekki kveður Jón hafa verið mælt fyrir um, hvaða bifreiðar skyldu teknar, og ekki kveðst hann hafa verið beðinn um að semja um gjald fyrir þær. Kveðst Jón hafa tekið þetta að sér í fjögur skipti, sem skip hafi komið til Akureyrar sumarið 1966. Jón kveður Geir H. Zoëga hafa verið fullkunnugt um, að í tvö skipti hafi hann þurft að fá bifreiðar frá Sleitustöðum, og hafi Geir látið það afskiptalaust. Sama hafi verið í þriðja skiptið, en þá hafi farið svo, að þegar bifreiðarnar hafi komið til Akureyrar, hafi eigi getað orðið úr akstri, þar sem skip það, sem flutti farþegana, hafi ekki getað siglt inn Eyjafjörð sökum dimmviðris. Jón kveður Tómas Zoëga hafa verið staddan á skrifstofu sinni, þ. e. Jóns, eitt sinn, er starfsmaður Jóns hafi verið að fá bifreiðar leigðar á Kópaskeri og hjá stefnanda, og hafi þá ekki verið um verð rætt.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að Jón Egilsson hafi sem umboðsmaður stefnanda tekið umræddar bifreiðar á leigu fyrir hann, og beri stefnda því að greiða hið um krafða leigugjald fyrir bifreiðarnar.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að aldrei hafi stofnazt til samninga milli aðilja máls þessa. Fyrirsvarsmenn stefnda hafi beðið Jón Egilsson, eiganda Ferðaskrifstofu Akureyrar, að sjá um flutning á ferðamönnum, er komið hafi með skemmtiferðaskipum til Akureyrar, frá Akueyri að Goðafossi og síðan til baka. Jón hafi átt að annazt flutninginn með eigin bifreiðum eða með öðrum bifreiðum og samkvæmt gjaldi, sem gilt hafi um slíka flutninga í Reykjavík og annars staðar á landinu. Er því mótmælt, að Jón hafi haft umboð til að binda stefnda gagnvart stefnanda máls þessa. Að því er varðar kröfu stefnanda um greiðslu fyrir akstur án farþega á árinu 1965, þá er því mót-

mælt í samræmi við þetta, að Jón Egilsson hafi haft umboð til að binda stefnda til greiðslu slíks gjalds. Er því og haldið fram í því sambandi, að það sé föst venja, að ekki sé greitt fyrir akstur án farþega eða ef ferð fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum. Að því er varðar greiðslu fyrir aksturinn á árinu 1966, þá er því haldið fram, að hún hafi að beiðni Jóns Egilssonar verið innt af hendi til Ferðaskrifstofunnar Sunnu upp í skuld Jóns við það fyrirtæki.

Það er ágreiningslaust, að Jón Egilsson, fyrirsvarsmaður Ferðaskrifstofu Akureyrar, hafi pantað bifreiðar stefnanda til aksturs, eins og að framan greinir. Þykir eigi í ljós leitt gegn andmælum stefnda, að fyrir milligöngu Jóns Egilssonar hafi stofnazt slíkt réttarsamband milli aðilja máls þessa, er veiti stefnanda rétt til að sækja stefnda um kröfur þær, sem hann hefur uppi í máli þessu. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu sökum aðildarskorts. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Friðjóni Ástráðssyni deildarstjóra og Helga Geirssyni framkvæmdastjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Ferðaskrifstofa Zoëga h/f, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Helgu Magnúsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 20. janúar 1971.

Nr. 194/1969. **Gísli Gíslason og Ásdís Guðmundsdóttir f. h. dánarbús Stefáns Gíslasonar**
(Lúðvík Gizurarson hrl.)
gegn
Samvinnutryggingum
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1969. Hann áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 2. júní 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. maí s. á., en útivistardómur gekk í því máli hinn 1. október 1969. Kröfur áfrýjanda eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 282.500.00 með 7% ársvöxtum frá 22. apríl 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Áfrýjanda hefur verið veitt gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en eftir öllum atvikum þykir málskostnaður fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Gísla Gíslasonar og

Ásdísar Guðmundsdóttur f. h. dánarbús Stefáns Gíslasonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, Lúðvíks Gizurarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. september 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. þ. m., hafa þau Gísli Gíslason og Ásdís Guðmundsdóttir, Hásteinsvegi 36, Vestmannaeyjum, f. h. dánarbús Stefáns Gíslasonar höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. október 1967, gegn Samvinnutryggingum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 282.500.00 auk 7% ársvaxta frá 22. apríl 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til ýtrustu vara gerir stefndi kröfu um verulega lækkun stefnufjárhæðarinnar að mati dómara og að málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Leitazt hefur verið við að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt hins 22. apríl 1966 var Volkswagen bifreiðinni V 626, sem er af árgerð 1962, ekið um götur Vestmannaeyjakaupstaðar. Eigandi bifreiðarinnar var Stefán Gíslason, Hásteinsvegi 36, Vestmannaeyjum, og ók hann bifreiðinni. Auk hans í bifreiðinni voru þessir farþegar: Hörður Sigmundsson, Hásteinsvegi 38, er sat í aftursæti bifreiðarinnar vinstra megin, Kolbrún Sigurbjörnsdóttir, er sat í miðju aftursæti bifreiðarinnar, og Ólafur Óskarsson, Hásteinsvegi 40, er sat í aftursæti bifreiðarinnar hægra megin. Í framsæti bifreiðarinnar hægra megin sat færeysk stúlka að nafni Elísabet Bjarnason.

Er bifreiðinni var ekið norður Heiðarveg í Vestmannaeyjum, vildi það slys til, að hún lenti aftan undir vörupalli vörubifreiðarinnar V 623, sem stóð þar kyrrstæð vinstra megin á Heiðarvegi á móts við húsið nr. 11. Vörubifreið þessi var Chevrolet, árgerð 1952, eigin þyngd 3020 kíló, breidd 2.35 m. Bifreiðin var tryggð hjá Samvinnutryggingum, skráður eigandi hennar var Emil Andersen, Heiðarvegi 13, Vestmannaeyjum. Við árekstur-inn urðu stórkostlegar skemmdir á Volkswagen bifreiðinni V 626, og bifreiðarstjórinn, Stefán Gíslason, svo og Kolbrún Sigur-

björnsdóttir og Hörður Sigmundsson biðu bana af völdum meiðsla, er þau hlutu í árekstrinum.

Löggæzlumenn í Vestmannaeyjum komu á staðinn eftir slysið og veittu hinu slasaða fólki þá aðhlynningu, er þeir máttu, og gerðu enn fremur uppdrátt af vettvangi. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar er Heiðarvegurinn malbikaður og hallar til norðurs. Skyggni var gott í umrætt sinn og götulýsing sæmileg. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar urðu þessar skemmdir á Volkswagen bifreiðinni V 626 við árekstur inn: 1. Pallur V 623 hefur gengið inn í þakið aftur fyrir vinstri hurðarstaf. 2. Stýrishjól brotið og öxull hefur gengið upp um átta cm. 3. Vinstra ljósker brotnaði. 4. Stóll ökumanns losnaði úr festingu, laust bak var í stólnum. 5. Bifreiðin hafði öll skekkzt.

Við árekstur inn urðu þessar skemmdir á vörubifreiðinni V 623: Aftara fjaðrahengsli hægra megin slitnaði, og afturöxull kastaðist fram. Aurhlíf hægra megin að aftan skemmdist einnig. Við árekstur inn kastaðist vörubifreiðin V 623 nokkuð til og færðist utar á götuna að aftan. Samkvæmt uppdrætti af vettvangi sýndist bifreiðin hafa kastazt til u. þ. b. einn og hálfan metra.

Hemlaför eða hjólför eftir Volkswagen bifreiðina V 626 fundust ekki á vettvangi.

Verður nú rakið efni vitnaskýrslna:

Sigurður Thorarensen lögreglumaður, Vestmannaeyjum, gaf þá skýrslu hinn 22. apríl 1966, að nóttina áður hefði hann verið að störfum í lögregluliðinu. Um kl. 0135 hafi hann ekið lögreglubifreiðinni V 1 Vestmannabraut til vesturs og stöðvað við Heiðarveginn. Við hlið hans í framsæti hafi setið Lissie Wægthir. Er hann hafi verið staddur þarna á gatnamótunum, kvaðst hann hafa veitt tveim bifreiðum athygli, sem ekið hafi verið norður Heiðarveginn. Hafi Volkswagen bifreið, ljós á lit, verið á undan, en á eftir hafi verið ekið ameríkskri bifreið, ljósgrænni að lit. Hraði bifreiðanna hafi verið geysimikill. Kveðst Sigurður áætla, að hraðinn hafi verið 80—90 km miðað við klst. Stutt bil hafi verið á milli bifreiðanna, og virtist Sigurði draga saman með þeim, en bilið hafi verið innan við 5 metra. Hafi þeim verið ekið á miðri akbrautinni. Skammt fyrir ofan slökkvistöðina kvaðst hann hafa séð, að Volkswagen bifreiðinni hafi verið ekið aftan undir hægra pallhorn kyrrstæðrar vörubifreiðar, sem þar hafi verið. Virtist honum bifreiðin, sem var á eftir, ætla að lenda aftan á Volkswagen bifreiðinni, en ökumaður hennar

hafi getað bjargað því á síðustu stundu, og hafi bifreið hans vaggað mikið, þegar hún hafi smogið hjá þeirri bifreið. Sigurður kvaðst hafa snúið lögreglubifreiðinni við og ekið á slysstaðinn, þar sem þá hafi verið komnir nokkrir menn.

Lissie Wægthir hefur skýrt svo frá, að aðfaranótt 22. apríl 1966, um klukkan 0135, hafi hún verið stödd í lögreglubifreið á mótum Vestmannabrautar og Heiðarvegar. Hafi hún þá séð, hvar tveimur bifreiðum hafi verið ekið norður Heiðarveg. Virtist henni bifreiðunum vera ekið á meiri hraða en venjulegt sé, en treysti sér ekki til að segja, hversu hratt, enda hafi hún ekki ökuréttindi. Hún sá, að bifreiðin, sem ekið var á undan, lenti undir pall á vörubifreið, sem stóð kyrr. Hún kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, er þetta vildi til, en muna þetta þó glöggt.

Ólafur Óskarsson hefur borið, að hann hafi verið farþegi í bifreiðinni V 626, er slysið varð. Hann kveður Stefán Gíslason hafa ekið bifreiðinni, en Hörð Sigmundsson hafa verið farþega í henni ásamt sér. Er þeir hafi verið á heimleið, hafi þeir séð tvær stúlkur fyrir framan bókabúðina við Kirkjuveg, sem þeir hafi þekkt. Hafi þeir boðið stúlkunum upp í bifreiðina. Stefán Gíslason hafi verið undir stýri, færeysk stúlka setið í framsæti, Hörður Sigmundsson hafi setið vinstra megin í aftursæti, Kolbrún setið í miðið, og sjálfum kveðst Ólafur hafa setið hægra megin í aftursæti. Þeir hafi síðan ekið Kirkjuveg til suðurs, Vestmannabraut til vesturs, Skólaveg til suðurs, Kirkjuveg til vesturs og Heiðarveg til norðurs. Meðan á þessum akstri hafi staðið, kveðst Ólafur annað slagið hafa séð ljós á bifreið fyrir aftan, ekki þó mjög nálægt, og hafi bifreiðin fylgt þeim eftir. Hann kvaðst telja, að hraðinn á bifreiðinni V 626 hafi verið 40—50 km miðað við klst., meðan á þessum akstri stóð. Hann kveðst ekki hafa veitt því athygli, hvort Stefán hafi aukið hraðann á Heiðarveginum. Er bifreiðin hafi verið komin á móts við verzlunina Bláfell, kveðst Ólafur hafa séð lögreglubifreiðina, þar sem henni hafi verið ekið til suðurs, skammt fyrir sunnan Vestmannabraut. Þegar þeir hafi ekið hjá lögreglubifreiðinni, kveðst Ólafur hafa litið aftur og þá séð ljós á bifreið þeirri, sem fylgt hafi þeim eftir. Taldi hann, að sú bifreið hefði verið komin norður fyrir Faxastíg, þegar hann leit aftur. Hann kvaðst hafa ætlað að fylgjast með lögreglubifreiðinni, en verið blindaður af ljósum bifreiðar þeirrar, sem komið hafi á eftir, og hafi hann ekki litið fram eftir það. Ólafur segist síðan ekki hafa vitað af sér, fyrr en hann hafi staðið austan megin á gangstéttinni við

Heiðarveginn. Þegar lögreglan hafi verið að fara af staðnum með hina slösuðu, kveðst Ólafur hafa fengið fulla rænu og þá munað eftir að hafa verið í bifreiðinni V 626 og látið lögregluna vita um það. Ólafur kvaðst ekki treysta sér til að fullyrða um hraða bifreiðarinnar V 626, er henni var ekið norður Heiðarveginn. Hann sagði, að það hefði ekki komið til tals í bifreiðinni að fara í kappakstur eða að stinga bifreið þá af, sem ekið hafði verið á eftir þeim.

Elísabet Bjarnason, færeysk stúlka, er var í bifreiðinni V 626, er slysið vildi til, hefur skýrt svo frá, að um kvöldið hafi hún verið á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja. Hún hafi neytt áfengis á dansleiknum, en ekki orðið ölvuð, og kvaðst hún muna það, sem skeði á eftir. Skömmu eftir að dansleiknum lauk, kvaðst hún hafa farið upp í bifreiðina V 626. Ekki mundi hún, hvar það var, en það hafi verið nálægt samkomuhúsinu. Með sér hafi verið vinkona sín, Kolla, og hafi hún einnig farið upp í bifreiðina. Kveðst Elísabet hafa setið í framsæti, en Kolla setzt á milli tveggja manna í aftursætið. Elísabet þekkti ekki göturnar í Vestmannaeyjum með nafni og gat því ekki sagt um, hvaða leið hafi verið ekin. En hún kvaðst halda, að þau hafi ekið upp brekku og síðan niður brekku aftur, þegar slysið vildi til. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir ljósum á bifreið fyrir aftan eða veitt lögreglubifreiðinni athygli. Hún kvaðst ekki skilja íslenzku vel og því ekki hafa getað fylgzt með samræðum í bifreiðinni. Er slysið vildi til, sagði hún, að Kolla hefði verið að gefa sér eld í sígarettu og hafi hún því ekki tekið eftir vörubifreiðinni. Hún kvaðst ekki hafa ökuréttindi og því ekki geta áætlað hraða bifreiðarinnar í kílómetrum, en bifreiðinni hafi verið ekið hratt, og hana minnti, að ökumaðurinn hefði aukið hraðann, skömmu áður en slysið vildi til. Hún kvaðst hafa misst meðvitund við áreksturinn og gat því ekki skýrt frekar frá slysinu.

Bifreið sú, sem ekið var á eftir bifreiðinni V 626, var fólksbifreið, Rambler, árgerð 1960, skrásetningarnúmer V 627. Skráður eigandi hennar og ökumaður í umrætt sinn var Guðfinnur Guðmannsson, Bárugötu 16 B, Vestmannaeyjum. Guðfinnur Guðmannsson hefur skýrt svo frá, að nóttina, sem slysið vildi til, hafi hann hætt vinnu klukkan 2400. Að lokinni vinnu hafi hann ekið tveim mönnum heim og síðan hafi hann farið að aka um bæinn. Á Bárugötunni hafi hann tekið upp í bifreið sína þá Esra Ingólfsson og Kolbein Sigurjónsson. Báðir hafi menn þessir verið undir áhrifum áfengis, þó ekki áberandi. Guðfinnur kveðst

síðan hafa ekið Kirkjuveg til norðurs og á móts við Veitingastofuna Búr hafi hann veitt athygli bifreiðinni V 626. Hafi hann séð, að tveir kvenmenn voru í bifreið Stefáns. Hafi þeir kannazt við kvenmennina og hugazt ná tali af þeim og því hafi þeir ekið áfram Kirkjuveginn og síðan inn á Heimagötu og inn á Vestmannabraut og þá götu til vesturs. Á móts við samkomuhúsið kveðst hann hafa séð bifreiðina V 626 og fylgt henni eftir Vestmannabraut til vesturs, Skólaveg til suðurs, Kirkjuveg til vesturs og vestur fyrir Heiðarveg, síðan hafi verið ekið eftir götum, sem Guðfinnur mundi ekki, hverjar voru, og síðan inn á Heiðarveg á móts við Kirkjuveg. Síðan hafi þeir ekið Heiðarveg til norðurs. Meðan á þessum akstri stóð, hafi bifreiðin V 626 verið um 50 metra á undan bifreið Guðfinns. Ökumaður bifreiðarinnar V 626 hafi gert tilraun til að stinga þá af. Kveðst Guðfinnur þá hafa reynt að stöðva ökumann bifreiðarinnar V 626 með því að blikka ljósunum. Taldi Guðfinnur víst, að ökumaður bifreiðarinnar V 626 hefði vitað af sér á eftir. Guðfinnur kvaðst ekki hafa séð neina bifreið á undan bifreiðinni V 626. Meðan á þessum akstri hafi staðið, segir Guðfinnur, að hann muni hafa ekið hraðast á um 70 km hraða miðað við klst. Hann hafi þó ekki litið á hraðamælinn. Þegar komið hafi verið inn á Heiðarveginn, kveður Guðfinnur ökumann bifreiðarinnar V 626 hafa aukið hraðann, þannig að Guðfinnur hafi misst sjónar af bifreiðinni V 626 á móts við verzlunina Borg, en þar sé beygja á veginum. Hafi hann þá verið staddur sunnan við verkamannabústaðina við Heiðarveg. Guðfinnur kvaðst þá hafa hægt ferðina niður í 40 km hraða og litið á hraðamælinn. Skammt fyrir sunnan Vestmannabraut hafi hann mætt lögreglubifreið. Þegar hann hafi farið fram hjá Vestmannabrautinni, hafi hann litið inn á hana og síðan fram og þá séð, hvar bifreiðin V 626 hafi verið lent undir palli á vörubifreið, sem staðið hafi skammt fyrir sunnan slökkvistöðina. Er hann hafi séð þetta, kveðst hann hafa stöðvað bifreið sína og lagt henni um 50 metra fyrir sunnan slysstaðinn. Hann kvað enga umferð hafa verið á móti, þegar slysið vildi til.

Jóhannes Esra Ingólfsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið farþegi í bifreið Guðfinns Guðmannssonar, V 627, nóttina, sem slysið vildi til. Hafi Guðfinnur sjálfur ekið bifreiðinni, en Jóhannes kveðst hafa setið í aftursæti hennar hægra megin, við hliðina á farþeganum Kolbeini Sigurjónssyni. Aðrir hafði ekki verið í bifreiðinni en þeir þrír. Er þeir hafi verið staddir hjá samkomuhúsinu, hafi Guðfinnur haft orð á því, að þarna væri

Stefán og það væru stúlkur í bifreiðinni hjá honum. Guðfinnur hafi síðan farið að fylgja bifreið Stefáns eftir og ekið Skólaveg til suðurs, Kirkjuveg til vesturs og Heiðarveg til suðurs. Guðfinnur hafi ekki ekið hratt Skólaveg og Kirkjuveg, en Jóhannes kvað sér hafa fundizt hann auka hraðann á Heiðarveginum, þó ekki mikið. Á móts við verzlunina Bláfell hafi sér virzt Guðfinnur draga aftur úr hraðanum, en þá kvaðst Jóhannes ekki hafa séð til ferðar bifreiðar Stefáns. Jóhannes taldi, að Guðfinnur hefði ekið á ólöglegum hraða eftir Heiðarveginum. Hins vegar treysti hann sér ekki til að áætla hraðann. Meðan á þessu stóð, kveðst Jóhannes hafa verið í samræðum við Kolbein og því ekki fylgzt vel með því, hvað skeði. Kappakstur hafi ekki komið til orða í bifreiðinni eða neitt í þá átt. Jóhannes kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis, þó ekki mikið. Hann kvaðst ekki muna eftir, að Guðfinnur beygði snögglega neðarlega á Heiðarveginum eða að hann missti stjórn á bifreiðinni. Guðfinnur hafi hins vegar kallað upp, að eitthvað hefði viljað til, og kvaðst Jóhannes þá hafa litið út um gluggann og séð, að bifreið Stefáns hafði lent undir palli á vörubifreið og að þakið var dældað niður.

Kolbeinn Oddur Sigurjónsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið farþegi í bifreiðinni V 627 nóttina, sem framangreint slys vildi til. Hafi Guðfinnur Guðmannsson, eigandi bifreiðarinnar V 627, ekið henni í umrætt sinn. Klukkan um það bil hálf tvö um nóttina hafi verið ekið norður Heiðarveg, og kvaðst Kolbeinn þá hafa orðið var við, að Volkswagen bifreið var ekið á undan. Kolbeinn kvaðst ekki hafa fylgzt með hraða bifreiðarinnar og vildi því af þeim sökum ekki fullyrða um, hve hann hafi verið mikill. Hún taldi, að þessi Volkswagen bifreið hafi verið búin að vera á undan þeim einn „rúnt" í miðbænum og síðan upp fyrir Landakirkju og svo norður Heiðarveginn. Kolbeinn taldi ekki, að hér hefði verið um beinan eltingaleik að ræða og hraði bifreiðar þeirrar, sem hann hafi verið í, hafi ekki verið ofsalegur, því að ef svo hefði verið, hefði hann veitt því athygli. Hann kvaðst halda, að Volkswagen bifreiðinni hafi verið ekið hraðar norður Heiðarveginn, því að honum virtist bilið lengjast á milli bifreiðanna. Þegar þeir hafi verið komnir á móts við verzlunina Bláfell, hafi ökumaðurinn kallað eitthvað á þá leið, að bíllinn væri stoppaður. Því næst hafi hann dregið úr hraðanum og stöðvað bifreiðina á slysstaðnum. Kolbeinn kvaðst ekki muna eftir því, hvar Guðfinnur hafi lagt bifreið sinni, því að sér hafi fljótlega orðið ljóst, að þarna hefði orðið slys, og hafi

hann haft hugann við það. Hann kvaðst viss um, að bilið hafi verið talsvert milli bifreiðanna, og hann kvaðst ekki hafa orðið var við, að ökumaður bifreiðarinnar V 627 hefði átt í neinum erfiðleikum með að koma í veg fyrir árekstur, þótt bifreiðin fyrir framan stöðvaðist skyndilega.

Kolbeinn kvaðst hafa verið á dansleik í samkomuhúsinu, áður en hann fór í ökuferð þessa. Hann kvaðst hafa smakkað áfengi, en fundið lítið til áfengisáhrifa, er hann hafi verið í bifreiðinni.

Emil Marteinn Andersen, eigandi vörubifreiðarinnar V 623, hefur skýrt svo frá, að hann hafi lagt bifreið sinni 18. eða 19. apríl 1966 vestan megin á Heiðarveginum, skammt fyrir sunnan slökkvistöðina. Hafi bifreiðin því verið búin að standa nokkra daga, áður en slysið vildi til. Hann taldi, að hann hafi lagt bifreiðinni um 7 metra frá slökkvistöðinni og um 30 cm frá gangstéttarbrún að aftan og lítið eitt meira að framan. Glitaugu á pallhornum hafi verið sett á í desember 1965 og því verið nýleg. Taldi hann, að þau hefðu verið sæmilega hrein.

Stefnandi hefur sundurliðað stefnukröfu sína þannig:

1. Dánarbætur .. .. kr. 200.000.00
2. Útfararkostnaður .. .. — 20.000.00
3. Tjón á bifreiðinni .. .. — 62.500.00

Tjónið á bifreiðinni finnur stefnandi þannig út, að kaupverð hennar hafi verið kr. 75.000.00. Fyrir flak bifreiðarinnar hafi fengizt kr. 12.500.00. Þannig sé mismunurinn kr. 62.500.00.

Stefnendur, sem eru foreldrar Stefáns heitins Gíslasonar, byggja dómkröfur sínar í máli þessu á því, að bifreiðin V 626 hafi verið húftryggð hjá stefnda, þegar slysið vildi til. Einnig hafi bifreið þessi verið tryggð hjá stefnda með hinni svo kölluðu ökumanns- og farþegatryggingu. Beri stefnda því að bæta stefnendum það tjón, sem af framangreindum árekstri leiddi, enda er því haldið fram af hálfu stefnenda, að ökumaður bifreiðarinnar V 626 hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í akstrinum í umrætt sinn, enda þótt segja megi, að hann hafi sýnt af sér einhverja óvarkárni. Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að ein aðalástæða slyssins hafi verið sú, að vörubifreiðinni V 623 hafi verið lagt ólöglega á stað, þar sem skýrt sé tekið fram, að bifreiðastöður séu bannaðar. Hafi vörubifreið þessi staðið á þessum stað óhreyfð í þrjá til fjóra daga og glitaugu hennar að aftan verið orðin rykfallin. Einnig hafi ökumaður bifreiðarinnar V 627, sem ekið hafi næst á eftir bifreiðinni V 626, þegar slysið varð, viðurkennt, að hann hafi gert tilraun til að stöðva bifreiðina V 626 með því

að setja háu ljósin á. Sé mjög líklegt, að með því hafi ökumaður bifreiðarinnar V 626 verið blindaður, þegar ljósgeislinn hafi fallið á spegil við framrúðu og lýst síðan beint framan í ökumanninn, enda sé bannað að setja á háu ljósin á upplýstum götum.

Stefndi byggir sýknukröfu sina á því, að samkvæmt skýrslu lögreglunnar hafi skyggni verið gott í umrætt sinn, götulýsing sæmileg í grennd við slysstaðinn. Heiðarvegur sé malbikaður og halli til þeirrar áttar, sem bifreiðinni V 626 hafi verið ekið í umrætt sinn. Breidd götunnar sé samkvæmt uppdrætti lögreglunnar um 9 metrar milli gangbrauta. Auð akbraut meðfram vörubifreiðinni V 623 hafi mælzt samkvæmt uppdrætti lögreglunnar vera um 6 metrar. Það komi eigi fram í gögnum málsins, að bifreið hafi komið á móti bifreiðinni V 626, er slysið varð. Hafi því verið ærið svigrúm bifreiðarstjórans til að komast áfallalaust um akbrautina.

Er slysið varð, bendi allt til þess, að bifreiðinni V 626 hafi verið ekið á ofsahraða og að kappakstur hafi verið háður milli þeirrar bifreiðar og bifreiðarinnar V 627, er ekið hafi verið næst á eftir henni. Hin hroðalegu ummerki eftir slysið séu staðfesting þess, hvers konar ógnarakstur hafi hér verið um að ræða. Það sé eigi aðeins, að bifreiðin V 626 sé sundurtætt, heldur hafi vörubifreiðin, sem á var ekið, kastazt fram nokkurn spöl. Hér komi þó fleira til. Lögregluþjónninn Sigurður Thorarensen hafi verið sjónarvottur að slysi þessu. Samkvæmt vætti hans hafi bifreiðinni V 626 og bifreiðinni, sem á eftir henni fylgdi, V 627, verið ekið á geysihraða norður Heiðarveg, eða á 80—90 km hraða á að gizka.

En það hafi ekki aðeins verið gegndarlaus hraði á bifreiðinni V 626, er slysinu hafi valdið. Athygli bifreiðarstjórans hafi alls ekki beinzt að akstrinum og akbrautinni fram undan. Hefði svo verið, hefði ekki getað hjá því farið, að bifreiðarstjóri hefði séð hina kyrrstæðu bifreið fram undan, enda hafi hún haft glitaugu aftan á pallinum, og því átt þess hægan kost að varast hana, þar sem akbrautin til hliðar við hana hafi verið eins og meðalgata á breidd og hindrunarlaus. Það geti því ekki farið á milli mála, að akstur bifreiðarinnar V 626 hafi í umrætt sinn verið stórkostlega gáleysislegur. Með þessum gálauslega akstri hafi verið fyrirgert rétti til skaðabóta vegna tjónsins, þar sem það sé tekið fram í tryggingarskilmálum um tryggingar þær, sem stefndi tókst á hendur að tryggja bifreiðina með, að hvorki sé bætt tjón, sem valdið sé af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, né

heldur ef það á rætur sínar að rekja til kappaksturs. Þessu til áréttingar vísar stefndi til 5. gr. hinnar svonefndu ökumanns- og farþegatryggingar, sbr. 9. gr., b og f liði, skilmála hinnar lögboðnu ábyrgðartryggingar, og til 9. gr., e og h liði, hinnar almennu húftryggingar.

Þá hefur stefndi mótmælt því, að vörubifreiðinni V 623 hafi verið ólöglega lagt í umrætt sinn. Hún hafi staðið nokkuð fyrir sunnan umferðarmerki það á Heiðarveginum, er bannar bifreiðastöður, en undir því umferðarmerki hafi verið skilti, sem staðið hafi á 30 m, en það merki hafi átt að tákna, að bifreiðastöður hafi verið bannaðar og að bannað hafi verið að stöðva bifreið í 30 m fjarlægð fyrir norðan merkið, enda hafi slökkvistöð Vestmannaeyjakaupstaðar verið á því svæði.

Að endingu hefur stefndi mótmælt því, að það hafi verið ólöglegt af ökumanni bifreiðarinnar V 627 að blikka ljósum í umrætt sinn, og enn fremur er því mótmælt af hálfu stefnda, að endurskin af ljósum þeirrar bifreiðar hafi blindað ökumann bifreiðarinnar V 626 í umrætt sinn.

Umferðarmerki það, sem um er að tefla í máli þessu, stóð við rennusteininn á vestari gangbrautinni við Heiðarbraut í beinu framhaldi af suðurgafli slökkvistöðvarinnar. Umferðarmerki þetta var hringlaga með rauðum jaðri og bláum miðfleti. Í gegnum miðflötinn lá rautt strik frá norðvestri til suðausturs. Samkvæmt fylgiskjali B með reglugerð nr. 61 frá 1959 um umferðarmerki og notkun þeirra er skilti þetta merkt B 14 og táknar, að bannað sé að stöðva eða leggja ökutæki. Undir merki þessu var annað merki, ferhyrnt, er á stóð 30 m. Talan 30 m á merki þessu vissi til suðurs. Rétturinn lítur svo á, að með merki þessu hafi verið bannað að stöðva eða leggja bifreiðum á 30 metra svæði fyrir norðan merkið. Verður því að telja, að vörubifreiðin V 623, sem stóð fyrir sunnan umferðarmerkið, hafi staðið löglega í umrætt sinn.

Ekki verður heldur talið, að ljósmerki þau, er gefin voru frá bifreiðinni V 627, varði við lög, né heldur er það í ljós leitt, að þau hafi blindað ökumann bifreiðarinnar V 626 í umrætt sinn.

Af framburðum þeirra vitna, sem raktir hafa verið hér að framan, sérstaklega framburðum þeirra Sigurðar Thorarensens lögregluþjóns og Guðfinns Guðmannssonar, svo og skemmdum þeim, er urðu á bifreiðinni V 626, og ummerkjum á slysstað verður að telja nægilega í ljós leitt, að bifreiðinni V 626 hafi verið ekið með stórkostlegu gáleysi í umrætt sinn. Með þessu

ökulagi hefur verið fyrirgert rétti til skaðabóta vegna tjóns þess, sem stefnendur urðu fyrir, er slysið vildi til, samkvæmt e lið 9. gr. vátryggingarskilmála þeirra, er giltu um kaskótryggingu bifreiðarinnar. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Gísla Gíslasonar og Ásdísar Guðmundsdóttur f. h. dánarbús Stefáns Gíslasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 20. janúar 1971.

Nr. 194/1970. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Leifi Ingólfssyni
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur vitnið Gunnar Sigurður Magnússon komið fyrir sakadóm af nýju og borið, að framburður eiginkonu ákærða um líkamleg mök þeirra, konunnar og vitnisins, sé réttur og að ákærða hafi verið um þetta kunnugt.

Að svo vöxnu máli og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um frestun ákvörðunar um refsingu ákærða og svo um greiðslu sakarkostnaðar.

Ekki hafa verið færðar sönnur á, að Gunnar Sigurður Magnússon hafi orðið af vinnutekjum vegna áverka þeirra, er hann hlaut af völdum ákærða. Að þessu athuguðu þykja heildarbætur til Gunnars Sigurðar hæfilega ákveðnar kr. 15.000.00, og verður ákærði dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, en skipaður verjandi ákærða fyrir Hæstarétti, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, hefur afsalað sér málsvarnarlaunum.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um frestun ákvörðunar um refsingu ákærða skal vera óraskað og svo ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, Leifur Ingólfsson, greiði Gunnari Sigurði Magnússyni kr. 15.000.00.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Framhaldspróf hafa verið háð eftir uppsögu sakadóms. Við þau próf hefur Gunnar Sigurður Magnússon borið m. a.:

„Vitnið kveður það rétt haft eftir Önnu Jónu Dam Ingólfsson, að það hafi framið með henni hjúskaparbrot og að ákærða hafi verið um það kunnugt. Þá segir vitnið það vera rétt, að það hafi hringt heim til ákærða að næturlagi og þá spurt ákærða, hvort það ætti að gefa með barni því, er Anna J. Dam Ingólfsson gekk með. Vitnið kveðst þó ekki muna orðalag, en telur, að það hafi verið eitthvað á þá leið, er að ofan er skráð. Vitnið segir, að það sé hugsanlegt, að

það hafi hringt oftar en einu sinni til ákærða, en man ekki eftir nema einu skipti".

Atburður máls þessa gerðist í íbúð Jóns Ólafs Karlssonar í húsinu nr. 18 við Hjallabrekku í Kópavogi. Gunnar Sigurður Magnússon, sem þar var kominn, vildi eigi víkja þaðan samkvæmt boði Jóns Ólafs. Sótti Jón Ólafur svila sinn, ákærða í máli þessu, að því er ætla verður, sér til fulltingis. Þá er ákærði kom í nefnt hús, réðst hann þegar á Gunnar Sigurð Magnússon og veitti honum þá áverka, sem í sakadómi er lýst. Áverkar þessir varða ákærða við 218. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. En þar sem Gunnar Sigurður Magnússon hafði áður gerzt sekur um stórfelldar meingerðir við ákærða, þykir rétt að fella refsingu hans niður samkvæmt 4. tl. og síðustu málsgrein 74. gr. laga nr. 19/1940, sem kveða svo á, að fella megi refsingu niður, þegar maður hefur framið brot í mikilli reiði eða geðæsingu, sem sá, er fyrir brotinu verður, hefur vakið hjá honum með ólögmætri hegðun eða stórfelldri móðgun.

Í máli þessu krefst Gunnar Sigurður Magnússon skaðabóta úr hendi ákærða vegna áverkanna. En hér er á það að líta, að ákærði á fégjaldsrétt á móti á hendur Gunnari Sigurði samkvæmt 264. gr. laga nr. 19/1940 vegna meingerða Gunnars Sigurðar við ákærða. Ákærði átti þess hins vegar eigi kost að framfylgja fégjaldskröfu þessari í refsimáli því, sem hér er til meðferðar. Það er algerlega ókannað, hvort Gunnar Sigurður Magnússon á nokkra umframkröfu á ákærða, þá er öll kurl eru til grafar komin og öllu er til skila haldið. Út frá réttlætissjónarmiðum ber brýna nauðsyn til, að fjárkröfur þeirra Gunnars Sigurðar Magnússonar og ákærða, hvors á hendur hinum, séu kannaðar og dæmdar í einu lagi. Það er því eigi réttvíst, eins og sakir standa, að dæma ákærða til að greiða Gunnari Sigurði Magnússyni skaðabætur. Er skaðabótakrafa hans að svo vöxnu máli ekki tekin til greina.

Dæma ber ákærða til að greiða sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, en Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður,

verjandi ákærða fyrir sakadómi og Hæstarétti, gerir eigi kröfu til málsvarnarlauna.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Leifs Ingólfssonar, fellur niður.

Skaðabótakrafa Gunnars Sigurðar Magnússonar er eigi tekin til greina.

Ákærði greiði sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. maí 1970.

Ár 1970, miðvikudaginn 20. maí, var á dómþinki sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 252/1970: Ákæruvaldið gegn Leifi Ingólfssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 19. marz 1969, gegn ákærða Leifi Ingólfssyni húsasmið, Safamýri 51, Reykjavík, fæddum þar í borg 4. janúar 1935, fyrir líkamsárás með því að hafa að morgni sunnudagsins 10. nóvember 1968 ráðizt á Gunnar Sigurð Magnússon myndlistarmann, Skólavörðustíg 3 A, Reykjavík, er þeir voru staddir að Hjallabrekku 18, Kópavogi, og slegið hann nokkur hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að Gunnar Sigurður hlaut nefbrot og glóðaraugu á báðum augum auk minni háttar meiðsla.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1954 1/11 í Reykjavík: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 18 mánuði, fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.

1959 10/12 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1960 15/12 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1966 17/5 í Reykjavík: Áminning fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 10. nóvember 1968, klukkan 1040, var lögreglunni í Kópavogi símleiðis skýrt frá því, að maður hefði orðið fyrir árás og væri hann staddur fyrir utan húsið nr. 18 við Hjallabrekku. Lögreglan fór á staðinn og hitti þar Gunnar Sigurð Magnússon myndlistarmann, Skólavörðustíg 3 A, Reykjavík, fæddan 27. september 1930, sem var alblóðugur í andliti og sýnilega talsvert skaddaður. Lögreglan flutti Gunnar Sigurð á slysavarðstofu, en hann hafði áður lýst árásarmanninn vera ákærða í máli þessu, sem staddur væri í húsinu Hjallabrekku 18. Lögreglan fór inn í húsið og hafði tal af ákærða, og segir svo um það samtal í lögregluskýrslu:

„... Leifur viðurkenndi að hafa slegið Gunnar, og lét hann þess jafnframt getið, að hann hefði aðeins fengið það, sem hann ætti skilið, og ennfremur að svona meðferð skyldi hann fá, hvenær sem hann hitti hann ...".

Vitnið Ingólfur Ingvarsson lögregluvarðstjóri, Digranesvegi 56, Kópavogi, staðfesti lögregluskýrslu sína fyrir dómi. Vitnið staðhæfði, að allmiklir áverkar hefðu sézt á Gunnari Sigurði og hann verið mikið blóðugur. Virtist vitninu hann og ákærði vera eitthvað undir áhrifum áfengis. Vitnið kvað Gunnar Sigurð hafa tjáð því á vettvangi, að ákærði hefði slegið hann tilefnislaust að fyrra bragði, og játti ákærði því, en bar jafnframt fyrir sig þær málsástæður, að ákærði hefði haft óæskileg kynni af eiginkonu hans.

Vitnið Gunnar Sigurður Magnússon skýrði svo frá, að umræddan sunnudagsmorgun hefði Anna Jóna Dam Ingólfsson, eiginkona ákærða, hringt til þess og beðið það um að koma að Hjallabrekku 18 í Kópavogi. Kvaðst vitnið hafa orðið við þessu, enda kunnugt konunni frá fyrri tímum. Þá er að Hjallabrekku 18 kom, hefði nefnd eiginkona ákærða tekið á móti vitninu ásamt systur sinni, Guðrúnu Kristínu Pétursdóttur Dam, því verið boðið inn og setið á tali við þær systur í um klukkustund, en þá hefði húsráðandi óskað þess, að það hyrfi á brott, enda ákærði verið væntanlegur á staðinn. Vitnið kvaðst hafa verið í þann mund að fara og komið í frakkann, þegar ákærði hefði undið sér inn, veitzt umsvifalaust og án orðaskipta að því og slegið það nokkur hnefahögg í andlit, þannig að það hefði nefbrotnað og hlotið

glóðaraugu á báðum augum, en föt þess útatazt blóði. Sagðist vitnið hafa stjakað ákærða frá sér og komizt út. Þá er vitnið var yfirheyrt í dómi hinn 31. marz 1969, kvaðst það hafa náð sér eftir meiðslin. Vitnið taldi, að ákærði hefði framið árás þessa af afbrýðisemi. Ekki kvaðst vitnið hafa haldið við konu ákærða, en minntist þess, að það hefði einhvern tíma undir áhrifum áfengis hringt til ákærða og spurt hann að því, hvort það ætti að gefa með barni hans, en mundi ekki nákvæmt orðalag samtalsins. Vitnið kvaðst ekki hafa verið ölvað, þá er átökin áttu sér stað, en neytt víns daginn áður og gengið til náða klukkan um 0200 til 0300 um nóttina. Vitninu virtist Anna Jóna Dam Ingólfsson vera undir léttum áhrifum áfengis, en gat ekki borið um ástand ákærða.

Vitnið Jón Ólafur Karlsson vélvirki, Hjallabrekku 18, Kópavogi, kvaðst laugardagskvöldið 9. nóvember 1968 hafa farið á skemmtistað Hótel Loftleiða hér í borg ásamt eiginkonu sinni, vitninu Guðrúnu Kristínu Pétursdóttur Dam, og í fylgd með þeim hjónum verið mágkona þess, vitnið Anna Jóna Dam Ingólfsson, og svili, ákærði í málinu. Eftir að dansleik lauk, hefði Anna Jóna Dam Ingólfsson farið heim með þeim hjónum ásamt fleira fólki, það verið að skemmta sér fram eftir nóttu, en vitnið gengið til hvílu um klukkan 0500. Þá er vitnið vaknaði um fjórum klukkustundum síðar, hefði Gunnar Sigurður Magnússon verið kominn inn á heimili þess, vitnið og þau hjón margbeðið hann um að hverfa á brott úr íbúðinni, en hann ekki viljað verða við því. Kvaðst vitnið hafa ekið í leigubifreið til Reykjavíkur heim til ákærða, sem farið hefði með vitninu til baka, og engum togum skipt, þá er inn í íbúðina kom, að ákærði hefði veitzt að Gunnari Sigurði og slegið hann í andlit, engin orð farið á milli þeirra, en vitnið minnti, að ákærði hefði tekið gleraugun af honum, áður en hann sló til hans. Vitnið kvað þær systur Önnu Jónu og Guðrúnu Kristínu Dam hafa verið viðstaddar átökin. Ekki sá það Gunnar Sigurð sýna þeim nokkra ástleitni þar á staðnum, en hafði heyrt, að hann hefði fyrr, á meðan ákærði var á sjó, haldið við eiginkonu hans sem og egnt ákærða símleiðis í því sambandi. Vitnið taldi, að Anna Jóna hefði greint sinn verið eitthvað undir áhrifum áfengis, sjálft hefði vitnið fundið til lítils háttar áfengisáhrifa, en ekki séð vínáhrif á Gunnari Sigurði eða ákærða.

Vitnið Anna Jóna Dam Ingólfsson, eiginkona ákærða, skýrði svo frá, að ákærði hefði ekki farið frá veitingastaðnum að Hjalla-

brekku 18 í Kópavogi vegna einhverrar afbrýðisemi, sem það taldi þó ástæðulausa með öllu, en sjálft hefði vitnið farið þangað og setið þar að drykkju fram á morgun. Klukkan 0900 kvaðst vitnið hafa hringt til Gunnars Sigurðar Magnússonar og beðið hann að koma til þess að Hjallabrekku 18 og hefði hann komið að nokkrum tíma liðnum. Vitnið staðhæfði, að það hefði sagt Jóni Ólafi Karlssyni, að það hygðist tala við Gunnar Sigurð og hann verið búinn að sættast á það, enda þótt þau hjónin væru á móti því, að Gunnar Sigurður kæmi. Hins vegar hefði Jón Ólafur gert ákærða aðvart um, að Gunnar Sigurður væri kominn, en Gunnar Sigurður ekki viljað fara, þótt honum væri sagt, að ákærði væri væntanlegur. Vitnið taldi, að Gunnar Sigurður hefði tafið að Hjallabrekku 18 í um eina klukkustund og þau aðeins verið að ræða þar saman. Ekki sá vitnið áfengisáhrif á Gunnari Sigurði, en sjálft kvaðst vitnið hafa verið örvað af víni, en þó ekki ölvað. Þá er tekin var skýrsla af vitninu hjá rannsóknarlögreglu hinn 10. nóvember 1968, skýrði það svo frá, að þá er ákærði kom að Hjallabrekku 18, hefði engum togum skipt, að hann hefði ráðizt á Gunnar Sigurð og slegið hann, en þó gæti vitnið ekki borið nánar um slagsmálin, þar sem það hefði ekki séð þau, enda verið að forða börnum systur sinnar frá því að sjá, hvað fram færi. Á dómþingi hinn 8. apríl 1970 bar vitnið hins vegar, að ákærði hefði vísað Gunnari Sigurði á brott, áður en til átaka kom, sem og að Gunnar Sigurður hefði tekið á móti barsmíðum ákærða. Vitnið kvaðst vilja viðurkenna, að það hefði framið hjúskaparbrot með Gunnari Sigurði, og sagði, að ákærða hefði verið kunnugt um það. Gunnar Sigurður hefði á stundum hringt í ákærða, jafnvel að næturlagi, og einu sinni, þá er vitnið var með barni, verið að gaspra við þau hjónin um, hvor þeirra ákærða ætti barn þess. Vitnið kvaðst seinast hafa hitt Gunnar Sigurð rösku ári, áður en atvik það átti sér stað, sem ákært er vegna.

Vitnið Guðrún Kristín Pétursdóttir Dam, mágkona ákærða, kvað Gunnar Sigurð Magnússon hafa komið að Hjallabrekku 18 eftir símlegri beiðni systur þess. Vitnið kvaðst sjálft hafa verið á móti veru hans á heimilinu og bæði það og eiginmaður þess vísað honum á brott, en hann ekki viljað fara. Sagði þá eiginmaður vitnisins við hann, að hann mundi ná í ákærða, og kvaðst Gunnar Sigurður ekkert hafa á móti því, taldi sig hafa gaman af að hitta hann. Ekki mundi vitnið, hvort einhverjar orðræður hefðu átt sér stað milli þeirra ákærða og Gunnars Sigurðar, þær

að minnsta kosti verið skammar, en ákærði síðan tekið gleraugun af Gunnari Sigurði, slegið hann og fleygt honum út, en vitnið hugði, að Gunnar Sigurður hefði eitthvað tekið á móti. Vitninu kvaðst vera kunnugt um af frásögn systur þess, Önnu Jónu Dam, að hún hefði í nokkurn tíma staðið í ástarsambandi við Gunnar Sigurð og til þess sambands verið stofnað, á meðan hún var gift ákærða.

Ákærði kvaðst hafa farið einsamall heim til sín af dansleiknum á Hótel Loftleiðum, vegna þess að þeim hjónum hefði orðið sundurorða. Klukkan um 1000 morguninn eftir hefði Jón Ólafur Karlsson hringt til hans og sagzt ætla að koma. Skýrði hann þá ákærða frá því, að Gunnar Sigurður Magnússon væri staddur á heimili hans að Hjallabrekku 18 í Kópavogi. Ákærði kvaðst hafa farið með Jóni Ólafi þangað og er inn í stofuna kom, séð Gunnar Sigurð standandi þar á golfinu, umsvifalaust ráðizt á hann, án þess að nokkur orðaskipti ættu sér stað, en þó áður tekið af honum gleraugun. Um leið og ákærði sló Gunnar Sigurð, kvaðst hann hafa sagt honum að fara út, hann neitað því, og ákærði þá barið hann nokkur högg í andlit með krepptum hnefa. Ekki taldi ákærði sig hafa fundið til áhrifa áfengis, og hann neitaði því að hafa haft í hyggju að berja Gunnar Sigurð, áður en hann kom á staðinn, en gert það í ofsalegu reiði- og afbrýðikasti, þar sem Gunnar Sigurður hefði áður haldið við eiginkonu hans og rúmu ári áður orðið uppvís að því. Ákærði kvað Gunnar Sigurð hafa hringt til sín um 10 mánuðum áður og spurt, hvor þeirra hann héldi, að ætti barn það, sem eiginkona ákærða gekk þá með. Hins vegar hugði ákærði, að Gunnar Sigurður hefði ekki að undanförnu haft samband við eiginkonu hans.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Sigurðar Björnssonar læknis, svohljóðandi: „Gunnar S. Magnússon myndlistarmaður, Skólavörðustíg 3 A, Reykjavík, kom á slysadeild Borgarspítala 10. 11. 1968 kl. 10.20.

Gunnar sagðist hafa verið staddur í húsi í Kópavogi þá um morguninn. Sagði hann, að maður nokkur hefði ráðizt á sig og slegið sig óviðbúinn í andlitið. Ekki kvaðst Gunnar hafa slegið á móti, en á hinn bóginn tekið á árásarmanninum til þess að hefta hann. Fór síðan í næsta hús og hringdi í lögreglu. Hann kvaðst ekki hafa misst meðvitund við höggið, en kennt smávegis flökurleika, ekki selt upp. Sagðist hafa höfuðverk hægra megin í höfðinu.

Við komu hingað var Gunnar allmikið bólginn undir báðum

augum, einkum vinstra megin, og er þar talsvert glóðarauga. Þá eru skrámur víða um andlitið, mest hægra megin á enni. Nokkuð blæðir úr afrifu á vinstra eyra. Nefið er dálítið bólgið og virðist aumt viðkomu. Þá sést blæðing í augnslímhúð hægra megin.

Röntgenskoðun af nefi leiddi í ljós brot á nefbeini með 2—3 mm lækkun á hægra hluta beinsins og nokkurri skekkju yfir til hægri. Ekki sáust önnur brot í andlitsbeinum.

Gert var að sárum Gunnars, og greru þau eðlilega. Hann kom í eftirlit 15. 11. og kvartaði þá um verki í baki og herðum ásamt stirðleika í vinstri öxl. Við skoðun þá marraði talsvert í þeirri öxl við hreyfingar. Gat það bent til blæðingar í vöðva eða umhverfis axlarliðinn. Skoðunin gaf ekki grun um löskun á beinum. Var Gunnari ráðlögð sjúkraþjálfun á öxlina.

Ekki er ástæða til að ætla, að Gunnar beri varanlegt tjón af framangreindu".

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við vitnaframburði þá, sem raktir hafa verið hér að framan, og önnur gögn málsins telst nægilega sannað, að ákærði hafi greint sinn veitzt að Gunnari Sigurði Magnússyni og slegið hann nokkur hnefahögg í andlit. Samkvæmt læknisvottorði urðu meiðsl hans slík, að háttsemi ákærða, sem er rétt lýst í ákæru, varðar við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til atvika allra sem og þess, að ákærði hefur ekki áður gerzt sekur um hegningarlagabrot, þykir eftir atvikum og samkvæmt 75. gr. almennra hegningarlaga unnt að ákveða, að fresta skuli ákvörðun refsingar ákærða og refsiákvörðun falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Gunnar Sigurður Magnússon hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 83.262.00. Eru kröfurnar sundurliðaðar þannig:

A. Útlagður kostnaður.		
1. Greitt slysavarðstofu	kr. 215.00	
2. Akstur á slysavarðstofu	— 240.00	
3. Áverkavottorð	— 500.00	
4. Fatahreinsun	— 257.00	
		kr. 1.212.00
B. Fatspjöll, frakki ónýtur, ÷ 50%		— 2.050.00
C. Atvinnutekjutap í 6 vikur		— 30.000.00

D. Bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, þ. e. vegna þjáninga og varanlegra lýta í andliti vegna nefbrots, sbr. áverkavottorð ..... kr. 50.000.00

Samtals kr. 83.262.00

Lagðir hafa verið fram reikningar vegna liða A, 1, 3—4. Ákærði hefur mótmælt kröfunum. Þá er metin eru málsatvik öll, sem rakin hafa verið hér að framan, þykja heildarbætur til bótakrefjanda eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 25.000.00.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, en Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi ákærða, óskaði ekki eftir, að um málsvarnarlaun hans yrði dæmt í máli þessu.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Leifs Ingólfssonar, skal fresta, og fellur refsiákvörðun niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Gunnari Sigurði Magnússyni, Skólavörðustíg 3 A í Reykjavík, kr. 25.000.00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. janúar 1971.

Nr. 222/1970. **Hjalti Kristgeirsson**
Hjörleifur Guttormsson og
Skúli Magnússon
gegn
Heimdalli, F. U. S.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 3. desember 1970, sem barst Hæstarétti 16. s. m., hafa sóknaraðiljar samkvæmt 21. gr., 1. tl., b., laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefjast sóknaraðiljar þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma málið að efni til. Svo krefjast þeir og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Mál þetta er í heild svo vanreifað, að staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. nóvember 1970.

1.0.

1.1 Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 28. maí 1964. Gagnasöfnun lauk í málinu 3. nóvember 1970. Fór þá fram munnlegur málflutningur, og var málið dómtekið að því loknu.

Stefnendur málsins eru Hjalti Kristgeirsson hagfræðingur, til heimilis að Bergstaðastræti 4, Reykjavík, Hjörleifur Guttormsson

líffræðingur, til heimilis að Mýrargötu 24, Neskaupstað, og Skúli Magnússon sýsluskrifari, Patreksfirði.

Stefndi er Styrmir Gunnarsson, þá formaður Heimdallar, f. h. Heimdallar, F. U. S., Valhöll, Suðurgötu 39, Reykjavík.

Stefnendur gera eftirfarandi dómkröfur á hendur stefnda í málinu.

a. Að stefndi verði dæmdur til að greiða höfundarlaun samkvæmt 18. gr. laga nr. 13/1905, að fjárhæð kr. 150.000.00, ásamt 8% ársvöxtum frá 1. júní 1963 til greiðsludags.
b. Að stefndi verði dæmdur til að greiða miskabætur samkvæmt 264. gr. laga nr. 19/1940, að fjárhæð kr. 50.000.00, ásamt 8% ársvöxtum frá 1. júní 1963 til greiðsludags.
c. Að stefndi verði dæmdur til þyngstu refsingar samkvæmt 18. gr. laga nr. 13/1905 og samkvæmt 228., 229. og 234. gr. laga nr. 19/1940.
d. Að upptæk verði gerð og ónýtt samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 13/1905 „öll þau eintök, sem til eru hér á landi, af ritinu „Rauða bókin", leyniskýrslur SÍA. Skýrslurnar, sem Einar Olgeirsson krafðist, að yrðu brenndar", sem út var gefin af Heimdalli, F. U. S., í maímánuði 1963, svo og áhöld þau, sem notuð voru við hina ólöglegu útgáfustarfsemi, svo sem mót, plötur og þess háttar.
e. Að stefndi „sé dæmdur til að greiða hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans og forsendna, í öllum dagblöðum Reykjavíkur samkvæmt 2. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 12. febrúar 1940".
f. Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati réttarins í samræmi við gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi gerði upphaflega kröfu um frávísun málsins frá dómi. Undir rekstri málsins féll hann þó frá þeirri kröfu.

Í efnishlið krefst stefndi sýknu af dómkröfum, en til vara, að fjárkröfur í stefnu verði lækkaðar. Enn fremur krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnenda að mati réttarins.

Stefnendur hafa lýst því yfir hér fyrir rétti, að þeir muni skipta öllum tildæmdum fjárhæðum að jöfnu sín á milli.

Sáttir hafa verið reyndar í málinu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0.

2.1 Í stefnu segir frá málavöxtum á þá leið, að á árunum 1958—1961 hafi nokkrir íslenzkir námsmenn erlendis skiptzt á

sendibréfum, þar á meðal hafi verið stefnendur máls þessa. Bréfin hafi verið samin sem alger einkabréf og eigi ætluð til birtingar opinberlega nema samkvæmt vilja og ákvörðun höfundanna sjálfra, ef til kæmi.

Allt í einu hafi borið svo við, að á tímabilinu 28. apríl—24. maí 1962 hafi farið að birtast kaflar úr bréfum þessum í Morgunblaðinu í Reykjavík. Telja stefnendur vafalaust, að bréfin hafi verið numin á brott úr hirzlum eins stefnandans með refsiverðum hætti og fengin Morgunblaðinu til birtingar. Næst hafi það gerzt, að í maímánuði 1963 hafi verið gefin út bók undir heitinu „Rauða bókin, leyniskýrslur SÍA. Skýrslurnar, sem Einar Olgeirsson krafðist, að yrðu brenndar". Útgefandi hafi verið stefndi í máli þessu.

Hafi hér verið komin á prent ofangreind bréf stefnenda, en með ýmiss konar úrfellingum, athugasemdum og miður vinsamlegum skýringum. Hafi útgefandi látið gera formála og inngang að ritinu, skipta efninu í kafla, setja millifyrirsagnir o. fl.

Af skjölum málsins sést, að lögmaður stefnenda hefur sent stefnda kröfubréf, dags. 11. nóvember 1963, og krafið stefnda um höfundarlaun vegna framangreinds atferlis. Með bréfi, dags. 16. s. m., var þeirri kröfu vísað á hug.

Af skjölum málsins verður enn fremur ráðið, að stefnendur hafi með bréfi, dags. 27. maí 1964, til saksóknara ríkisins kært framangreint atferli. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Dagana 28. apríl til 24. maí 1962 tóku að birtast í Morgunblaðinu í Reykjavík ýmis einkabréf eða kaflar úr einkabréfum kærenda, sem voru við nám erlendis á árunum 1958—1961. Bréf þessi gaf félagið Heimdallur, F. U. S. í Reykjavík, út í bókarformi í maímánuði 1963, margvíslega brengluð og rangfærð, og telja skjólstæðingar mínir ekki orka tvímælis, að birting bréfanna hafi verið til þess ætluð að meiða æru þeirra og sverta þá í augum almennings, enda hér um að ræða meingerð gegn persónu þeirra, friði og æru, drýgða af illfýsi.

Skjólstæðingur minn, Skúli Magnússon, telur, að bréfum þeim, sem hér um ræðir, hafi verið stolið úr lokuðum trékassa, sem hann hafi haft í geymslu í rishæð hússins Víðihvammur 26, Kópavogi, sem er eign Magnúsar Magnússonar, bróður Skúla. Í sambandi við deilu þá, sem upp er komin á milli skjólstæðinga minna og Heimdallur, F. U. S., upplýsir Hjörtur Torfason, hdl., í bréfi til mín, dags. 16. nóvember s.l., að Heimdallur hafi fengið bréfin

hjá Morgunblaðinu. Þarf því að rannsaka, með hverjum hætti blaðið hefur komizt yfir þessi einkabréf".

Opinber rannsókn fór fram út af greindu efni á árinu 1964. Af skjölum málsins verður eigi með vissu ráðið, hver niðurstaða þess máls hafi orðið, en með bréfi saksóknara ríkisins, dags. 17. apríl 1968, til lögmanns stefnenda segir m. a. á þessa leið: „Yfirheyrslur fóru fram í máli þessu í Reykjavík og Patreksfirði sumarið 1964, og barst endurrit þeirra hingað í október s. á. Með bréfi héðan, dags. 9. nóvember 1964, voru málsskjölin send sakadómi Reykjavíkur að nýju til áframhaldandi rannsóknar, en síðan hafa þau eigi borizt hingað. Hefur rannsóknarlögreglan tjáð mér, að eigi hafi reynzt unnt að upplýsa málið".

2.2. Stefnandi Hjalti Kristgeirsson gaf aðiljaskýrslu hér fyrir dómi 28. september 1967. Hann skýrði svo frá, að félagsskapur hafi verið starfandi í ýmsum löndum, sem nefndi sig SÍA, og kvaðst hann hafa álitið sig vera í þeim félagsskap. Hann kvaðst hafa verið við nám í Búdapest í Ungverjalandi á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Hann minnti, að það hefði verið um veturinn 1958—1959, sem fram hefðu farið bréfaskipti milli hans og manna, bæði hér heima og annarra, er voru við nám erlendis. Þau bréf, sem hér skipti mestu máli, hafi farið milli sín og stefnanda Skúla Magnússonar, sem þá hafi verið í Peking. Efni þessara bréfa hafi verið í sendibréfaformi og um þannig málefni og í þeim stíl, að mjög auðvelt hafi verið að afflytja þau. Hann kvaðst hafa kynnt sér lauslega „Rauðu bókina" og eftir þann lestur hafi hann haft það á tilfinningunni, að hér væri komið meginefni þeirra bréfa, sem hann hafi sent Skúla á sínum tíma. Bréfin til Skúla hafi verið rituð með algengu hugarfari stúdenta. Þess vegna sé í bréfum þessum alls kyns ummæli og orðalag og deilur og hugleiðingar, sem svo í raun sé enginn vilji til að standa við síðar. Taldi Hjalti birtingu bréfa þessara þeim mun vítaverðari, þar sem um alger einkamál hafi verið að ræða milli þeirra Skúla. Hann kvað bréf þessi, a. m. k. að einhverju leyti, hafa verið rituð með algengu hugarfari stúdenta um að reyna að bæta heiminn. Hafi þeim Skúla á þessum tíma ekki verið ljóst, að þeir mundu síðar taka ákvörðun um að birta bréfin innan viss hóps SÍA-manna. Í þessari aðiljaskýrslu kemur enn fremur fram, að Hjalti telur ekki einungis rétt á sér brotinn varðandi birtingu á umræddum bréfum til Skúla Magnússonar, þó að þau bréf séu mesta magnið og aðalatriðið, heldur telur hann, að brotinn hafi verið á sér réttur, að því er varðar fleiri

sendibréf. Hafi þau bréf verið rituð til ákveðinna manna innan félagsskaparins og hafi verið meira í upplýsingaformi. Hafi efni þeirra verið þannig, að þau mættu verða ákveðnum hópi manna til upplýsingar. Frágangur allur og ritháttur á þessum síðastnefndu bréfum hafi verið allur annar en á bréfunum til Skúla, en auk þess liggi munur í því, að bréf þessi hafi verið stíluð til ákveðins hóps manna, en ekki til einstaklinga.

Í aðiljaskýrslunni er þess getið, að Hjalti hafi gefið leyfi til þess að sýna vissum félagsmönnum SÍA-félagsskaparins efni a. m. k. sumra bréfanna. Hafi þá nokkur afrit verið tekin af frumritinu og síðan send á ýmsa staði, og urðu menn síðan að kynna sér sjálfir efni afritanna. Annars kvaðst hann ekki vita, hvernig afrit þessi hafi dreifzt. Hann taldi, að SÍA-félögin hefðu verið fjölmennust í Austur-Þýzkalandi og í Reykjavík, en að öðru leyti heldur fá að höfðatölu. Aldrei hafi verið um það rætt, að bréfin yrðu fjölrituð á vegum þeirra SÍA-manna.

Hann sagði, að fyrsta opinbera birtingin hefði farið fram í Morgunblaðinu og ef til vill einnig í Vísi. Kvað hann sig minna, að það hafi einkum verið bréf Skúla, sem þar hafi birzt, og ef til vill eitthvað af sínum. Að því er sig varði, hafi birtingin farið fram í fullkomnu óleyfi.

Hjalti taldi, að hann hefði fyrst orðið þess var, að brotinn hefði verið á sér réttur, þegar skrifin hafi birzt í Morgunblaðinu, svo sem áður greinir, en þá hafi fyrst tekið steininn úr, þegar bréfin hafi komið út í bókarformi, þ. e. „Rauðu bókinni". Kvaðst hann ekki hafa vitað, að bók þessi væri í undirbúningi.

Hann kvaðst ekki vita til þess, að bréfin hefðu komizt til vitundar manna utan samtaka SÍA, áður en þau voru birt opinberlega. SÍA-félagsskapurinn hafi enga heimild haft til þess að gefa út bréf þau, sem hér um ræðir, án leyfis höfundar, jafnvel þótt þau hafi þá verið orðin kunn innan viss hóps félagsmanna. Hann sagði, að tímarit hafi verið gefið út á vegum SÍA-félagsskaparins, sem Vandi nefndist. Hafi það komið út í takmörkuðu upplagi, en út af fyrir sig ekki verið neitt trúnaðarmál. Þar hafi einstakir menn ritað sögur og greinar alveg út af fyrir sig, en ekki fyrir SÍA. Sagði hann, að umrædd bréf hefðu aldrei birzt í þessu riti né heldur efni þeirra.

Stefnandi Hjörleifur Guttormsson gaf aðiljaskýrslu hér fyrir dómi 4. desember 1967. Hann skýrði svo frá, að samtök SÍA-manna hafi verið stofnuð á árinu 1958 í Þýzkalandi og á Íslandi. Hann sagðist hafa verið formaður félagssamtaka þessara frá upp-

hafi og fram til 1962. Félagssamtökin hafi verið upp byggð þannig, að félagar gátu verið íslenzkir námsmenn, sem stunduðu nám austan járntjalds. Stofnendur hafi verið um 15 í upphafi, en síðan hafi fleiri bætzt í hópinn og hafi félagatalan verið allt upp í 30. Félagasamtökin hafi ekki verið til á Íslandi, nema hvað heimilt var, í takmarkaðan tíma, fyrir þá námsmenn, sem komu frá námi frá löndum austan járntjalds, að vera í félaginu. Sjálfur kvaðst hann hafa verið við nám í Leipzig á árunum 1956—1962. Félagið hafi starfrækt deildir undir stjórn ýmissa félagsmanna í ýmsum löndum, en stjórn hafi ekki verið, heldur aðeins formaður. Félagið hafi haft sérstök skráð lög, sem hafi einkum kveðið á um inngöngu og markmið félagsins.

Hjörleifur skýrði svo frá, að skýrslur eða bréf, sem birtust í „Rauðu bókinni" og hann taldi sig höfund að, hafi hann samið á árunum 1958—1961. Spanni þessi hugverk sín um 85 bls. í „Rauðu bókinni". Bréf þau, sem hann sagðist hafa skrifað, hafi gengið á milli nokkurra félagsmanna og hafi þau yfirleitt verið stíluð til sambandsmanna í hverju landi, en formenn hafi svo haft heimildir til þess að kynna þau öðrum félögum SÍA. Hann sagði, að ekki hefði verið til þess ætlazt, að bréfin færu út fyrir umræddan félagsskap. Gengið hafi verið út frá því, að skýrslur þessar færu ekki víðar, en auk þess hafi mörg bréfanna sjálf borið það með sér. Bréfin hafi af félagsmönnunum oft verið kallaðar skýrslur, enda hafi mátt nota bréf þessi sem umræðugrundvöll meðal þeirra SÍA-manna. Ekki hafi verið neitt bundið við það, að hann einn skrifaði skýrslur, heldur gátu ýmsir aðrir gert það og hafi gert. Hann kvaðst ekki hafa heimilað birtingu á ofangreindum bréfum utan þess, sem nú hefur verið rakið, en þó hafi komið fram á einhverjum stöðum, að SÍA-félögum hafi verið heimilt að sýna sum bréfanna völdum mönnum, ef þeir teldu ástæðu til. Hann kvaðst ekki vita, hvort þeir SÍA-félagar hafi sýnt einhverjum mönnum utan félagsins bréf þessi, en hafi svo verið, þá hafi það ekki verið með sinni heimild utan þess, sem áður er sagt.

Sérstaklega aðspurður sagðist Hjörleifur telja sín hugverk þau bréf og skýrslur, sem hann hafi samið, undirritað og sent frá sér. Stefnandi Hjörleifur kvað meginefni hugverka sinna vera að finna í „Rauðu bókinni" á bls. 45—55, 124—127, 214—217, 220—224, 242—250, 255—256 og auk þess að fjórða hluta á bls. 27—44. Hann tók fram, að við þetta væri þó að athuga, að í textanum væru millifyrirsagnir og skýringar og oft úrfellingar,

sem leiddu til rangfærslna, þannig að ekki væri unnt fyrir lesanda að greina á milli, hvað sé efni bréfanna og hvað ekki.

Að því er varðaði bls. 139—146 í „Rauðu bókinni", þá væri sá kafli tekinn upp úr gagni, sem lagt hefði verið fram á flokksþingi Sósíalistaflokksins, og kvaðst Hjörleifur hafa ritað þennan kafla í einkabréf, sem hann hafi sent. Taldi hann, að brotinn hafi verið á sér réttur í sambandi við birtingu bréfsins, að því er síðastgreint atriði varðaði.

Þá lýsti Hjörleifur því, að á bls. 124—177 í „Rauðu bókinni" væri á ýmsum stöðum að finna úttektir af ræðum manna á áðurnefndu flokksþingi og gæti virzt við fyrsta augnakast, að úttektir þessar væru ritaðar eftir ákveðnu gagni. Þessu væri þó ekki þannig farið, heldur kvaðst Hjörleifur sjálfur hafa setið flokksþingið og hafa útfært þessar ræður og framsett á eigin ábyrgð og frá sínu eigin sjónarhorni. Taldi hann því þessa þætti sín hugverk. Hjörleifur taldi, að bréfið, sem var birt á bls. 27—44 í „Rauðu bókinni", væri nokkuð sér á parti, en þar væri um að ræða einkabréf sitt og fleiri til Einars Olgeirssonar.

Þá víkur stefnandi Hjörleifur að því í aðiljaskýrslu sinni, að í inngöngum og milliköflum í „Rauðu bókinni" sé einnig oft vitnað í bréf sín og annarra. Benti hann í þessu sambandi á innganginn á bls. 9 og bls. 95 og áfram. Þar á ofan sagði hann, að á ýmsum stöðum í bókinni komi fram ærumeiðingar af verstu tegund gegn höfundum bréfanna. Benti hann á nokkur dæmi til stuðnings máli sínu að þessu leyti.

Hann sagði sérstaklega aðspurður, að einn af meginþáttum í starfsemi félagsins hafi verið bréfaskipti milli félagsmanna um ýmis málefni. Þess hafi ekki verið krafizt, að félagsmenn tækju þátt í bréfaskriftum þessum, en hins vegar hafi verið óskað eftir því.

Hjörleifur kvað það hafa verið í öndverðum maí 1962, sem honum hafi borizt til eyrna í bréfum, að Morgunblaðið hafi hafið birtingu á þáttum í umræddum bréfum. Sjálfur kveðst hann hafa verið við nám erlendis á þessum tíma og því ekki getað leitað réttar síns. Um það bil ári síðar hafi „Rauða bókin" komið út, en þá hafi hann enn verið erlendis og ekki komið heim fyrr en í ágúst 1963. Kvaðst hann þá strax hafa gert reka að því að leita réttar síns. Hann sagðist hafa frétt af útkomu „Rauðu bókarinnar", en sér hefði ekki borizt hún í hendur fyrr en eftir heimkomu. Hann kvaðst telja, að umrædd bréf hafi öll horfið úr

vörzlum Skúla Magnússonar, þ. e. þau bréf, sem „Rauða bókin" sé byggð á.

Stefnandi Skúli Magnússon hefur gefið skýrslu fyrir sakadómi Barðastrandarsýslu. Auk þess hefur verið lögð fram óformleg aðiljaskýrsla í máli þessu, sem þó hefur verið tekin gild sem staðfest væri.

Hann kvaðst hafa stundað nám í Peking á árunum 1957—1961 samfleytt. Hann kvað nokkra íslenzka stúdenta, sem við nám hafi verið í Kína, Rússlandi, Ungverjalandi, Austur-Þýzkalandi, Tékkóslóvakíu og um tíma í Póllandi, hafa á þessum árum haft samband sín á milli og ritað bréf stjórnmálalegs efnis. Hafi bréf þessi verið vélrituð í allt að fimm eintökum og send á nokkra staði. Kvaðst hann hafa átt eintak af öllum þessum bréfum. Hann kvaðst hafa komið heim til Íslands frá námi í júnímánuði 1961. Snemma árs 1962 hafi birzt í Morgunblaðinu ýmis einkabréf sín og nokkurra námsfélaga sinna, þ. á m. stefnenda máls þessa. Árið eftir hafi Heimdallur, F. U. S., gefið þessi gögn út í bókarformi. Hafi þetta allt verið gert án sinnar vitundar og andstætt vilja sínum, enda kveðst Skúli telja sig eiga höfundarrétt og einkarétt á útgáfu þeirra kafla bókarinnar, sem sig varði.

Hann kveðst hafa kynnt sér aðiljaskýrslur þeirra Hjalta Kristgeirssonar og Hjörleifs Guttormssonar í þinghaldi 28. september og 4. desember 1967. Taldi hann vera satt og rétt frá skýrt, að því er hann bezt vissi. Hann sagðist vilja leggja áherzlu á, að bréf þau, sem birt séu og hann hafi samið, séu einkabréf frá sér til Hjalta Kristgeirssonar.

Hann kveður sér ekki vera unnt að segja til um það nákvæmlega, að hve miklu leyti hann geti beinlínis talizt höfundur bókarinnar. Þó sé á bls. 61—62 birt bréf, sem hann hafi sjálfur samið og undirritað eigin hendi. Sama sé að segja um bréfið á bls. 66—74, en alls sé sín sérstaklega getað á 18 stöðum í bókinni.

Í þinghaldi þann 28. september 1967 var m. a. skorað á formann stefnda að koma fyrir dóm og gefa aðiljaskýrslu.

Þeirri áskorun hefur þó ekki verið sinnt.

3.0.

3.1. Stefnendur hafa bent á það máli sínu til stuðnings, að stefndi hafi heimildarlaust birt einkabréf stefnenda, sem þeir síðarnefndu hafi einir átt einkarétt og prentrétt að. Stefndi hafi komizt yfir bréfin með refsiverðum hætti, undirbúið birtingu þeirra með leynd og án vitundar stefnenda. Stefndi hafi látið

gera formála og inngang að ritinu, látið skipta því í kafla, setja millifyrirsagnir o. fl. og yfirleitt sé bókin þannig úr garði gerð, að lesandi hennar eigi mjög erfitt með að átta sig á, ef ekki ómögulegt, hvað af efni hennar sé raunverulega frá stefnendum runnið og hvað frá útgefanda. Stefnendur telja ekki orka tvímælis, að tilgangurinn með birtingu bréfanna í hinni brengluðu, afbökuðu og rangfærðu útgáfu stefnda hafi verið sá að meiða æru stefnenda og sverta í augum almennings.

Stefnendur hafa lýst því yfir, að þeir reki mál þetta í sameiningu og hyggist skipta tildæmdum fjárhæðum jafnt á milli sín. Það efni bókarinnar, sem þeir telja til höfundarréttar yfir, segja þeir á milli ⅓—½ af efni allrar bókarinnar.

Krafa stefnenda til höfundarlauna er studd við 18. gr. laga nr. 13/1905 og framangreind sjónarmið. Þar sem stefndi hafi ekki leitað fyrirfram samkomulags við stefnendur um birtingu bréfanna eða þóknun fyrir útgáfuréttinn, telja stefnendur sig sjálfa hafa heimild til að ákveða fjárhæð þessarar kröfu.

Krafa stefnenda um miskabætur er byggð á 264. gr. laga nr. 19/1940. Stefnendur telja ekki orka tvímælis, að hér sé um að ræða meingerð gegn persónu þeirra, friði og æru, drýgða af illfýsi. Fjárhæðina sjálfa telja þeir mjög í hóf stillt.

Kröfu um upptöku telja stefnendur hafa stoð í 17. gr. laga nr. 13/1905, en refsikrafan sé byggð á 18. gr. laga nr. 13/1905 og 228. gr. og 229. gr. og 234. gr. laga nr. 19/1940.

Krafa stefnenda um, að dæmd verði hæfileg fjárhæð þeim til handa til þess að standast kostnað af birtingu dóms o. fl. í öllum dagblöðum Reykjavíkur, telja þeir hafa stoð í 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

3.2. Varnir stefnda eru í fyrsta lagi byggðar á því, að um sé að ræða sjálfstætt rit, sem stefndi hafi búið til prentunar á eigin ábyrgð með söfnun efnis, samningu og niðurröðun. Í samræmi við tilgang ritsins hafi útgefandi ritað ítarlegan formála og skýringar á öllu aðfengnu efni, sem birt sé í ritinu, raðað því niður á skipulegan hátt og leitazt við að draga fram kjarna málsins í hinum ýmsu þáttum þess. Gefi þetta allt bókinni sjálfstætt gildi langt umfram það, sem felist í hinu aðfengna efni einu saman. Útgáfustarf stefnda, efnisval, efnisskipun, kaflaskipting og gerð millifyrirsagna, leturbreytingar og áherzla, ritun skýringa, efnisyfirlit o. s. frv. leiði eitt sér til þess, að höfundar- og útgáfuréttur að ritinu í heild sinni hafi fallið stefnda í skaut samkvæmt 3. gr. laga nr. 13/1905.

Í öðru lagi er á það bent, að ritið sé gefið út í sérstökum tilgangi, sem sé þeim að rannsaka og skýra eðli hins alþjóðlega kommúnisma og orsakir þeirrar harðstjórnar, sem jafnan hafi fylgt í kjölfar hans. Jafnframt sé leitazt við að varpa ljósi á þær afleiðingar, sem eðli þessarar þjóðmálastefnu hafi fyrir starfsemi hinna íslenzku áhangenda hennar, sundrungu þá og erfiðleika, sem þeir eigi við að stríða í baráttu fyrir málstaðinn, og loks uppeldisáhrif stefnunnar á æskumenn þá, sem sækja vilja menntun og frama í þau lönd, þar sem hún ræður ríkjum. Sem slík hafi bókin sérstætt gildi og sé samkvæmt aðalefni sínu fullkomlega sjálfstæð. Svo sem heiti bókarinnar beri með sér, sé hún að miklu leyti byggð á hinum margvíslegu skýrslum stjórnmálalegs efnis, sem dreift hafi verið á sínum tíma af Sósíalistafélagi Íslendinga austantjalds, SÍA, meðal félagsmanna sinna og annarra. Að sjálfsögðu sé hér um að ræða eðlilega notkun þessara heimilda, sem telja verði fullkomlega leyfilega samkvæmt ákvæðum 15. og 16. gr. laga nr. 13/1905, enda sé fjallað um þær af hlutlægni og þess jafnan gætt að tilgreina heimild þessa svo skilmerkilega sem unnt hafi verið hverju sinni. Auk þess verði að benda á, að þessar sömu heimildir hafi þegar verið birtar opinberlega í Morgunblaðinu sem stjórnmálagreinar að öllu verulegu leyti.

Í þriðja lagi víkur stefndi að því, að aðfengið efni ritsins stafi frá félagsskap, sem eigi væntanlega sjálfstæða aðild, þ. e. samtökum SÍA. Ekki sé að sjá af tiltækum heimildum, að félag þetta hafi skort hæfi til að eiga réttindi eða bera skyldur, sízt varðandi eigin skýrslur og fundargerðir. Á þeim tíma, sem hér skipti máli, hafi félagið virzt hafa sérstök lög, haldið reglulega aðalfundi, skipað stjórn, starfrækt deildir undir stjórn sambandsmanna í ýmsum löndum og gefið út málgagn. Jafnframt hafi það haft vald til þess að aga félagsmenn og krefja þá skýrslugerðar. Skýrslur þær, sem stuðzt sé við í ritinu, teljist standa fyrir félagið í nafni þess. Verði ekki ætlað, að einstakir félagsmenn eigi rétt yfir þeim, höfundarréttarlegs eða annars eðlis, hvorki stefnendur né aðrir.

Í fjórða lagi rekur stefndi það, að umræddar skýrslur hafi að mestu leyti verið birtar í Morgunblaðinu í Reykjavík, um það bil ári áður en ritið hafi komið út. Á þeim tíma hafi enginn gert tilkall til þess efnis, sem í þeim hafi falizt, né amazt við birtingu þeirra. Stefndi hafi fengið skýrslurnar að láni hjá Morgunblaðinu og hafi enga ástæðu haft til að ætla, að bornar yrðu

brigður á heimild hans til notkunar á skýrslunum með þeim hætti, sem gert hafi verið í ritinu. Megi hér minna á það, að tilgangur ritsins hafi og sé að láta í té hlutlæga rannsókn og fræðslu um stjórnmálaleg efni. Stefnendur hafi gerzt sekir um stórfellt aðgerðarleysi í þessu efni. Þeir hafi ekki hreyft kröfum sínum við stefnda, fyrr en 6 mánuðum eftir að ritið hafi komið út og fullt ár hafi liðið frá útgáfu ritsins, þar til málið hafi verið höfðað. Hafi ritið þó verið rækilega auglýst í blöðum og útvarpi, þannig að ástæða sé til að ætla, að málshöfðunarréttur stefnenda sé fyrndur samkvæmt 26. gr. laga nr. 19/1905.

Varðandi einstaka kröfuliði tekur stefndi fram, að sýknukrafan vegna höfundarlauna sé reist á því, að hann hafi ekki brotið gegn höfundarrétti stefnenda, svo og á því, að stefnendur skorti alla aðild um sókn sakar, jafnvel þótt útgáfa ritsins væri talin brjóta í bága við þau lagaákvæði, sem stefnendur hafi borið fyrir sig. Loks er kröfunni mótmælt sem fyrndri.

Varakrafa stefnda er á því byggð, að hann hafi enga ástæðu haft til að ætla, að vefengd yrði heimild stefnda til að nota í bókinni skýrslur þær, sem hann hafi fengið að láni hjá Morgunblaðinu í þessu skyni.

Varðandi kröfu stefnenda um upptöku tekur stefndi fram, að sýknuástæður um þennan kröfulið séu þær sömu og um kröfu stefnenda til höfundarlauna. Varðandi upptökukröfu þessa sé þess þó jafnframt að gæta, að stefndi eigi eignarrétt að ritinu í heild. Í annan stað verði að benda á það, að máli þessu sé stefnt gegn stefnda einum. Er því mótmælt, að unnt sé að kveða upp úrskurð í málinu, sem bindandi sé fyrir aðra eigendur eintaka af bókinni eða áhalda við prentun hennar, nema þeir séu jafnframt dregnir inn í málið.

Varðandi refsikröfuna er bent á, að enginn af aðstandendum ritsins hafi unnið sér til refsingar. Það eigi hér einnig við, sem sagt sé um aðildarskort og fyrningu málssóknar. Enn fremur sé á það að benda til viðbótar, að stefndi sé ópersónulegur aðili, sem ekki verði dæmdur til refsingar samkvæmt þessu ákvæði fremur en öðrum refsifyrirmælum íslenzkra laga.

Kröfur stefnenda um refingu á hendur stefnda samkvæmt XXV. kafla laga nr. 19/1940 telur stefndi einnig fjarstæðar. Sé þess sérstaklega að gæta, að málshöfðunarfrestur samkvæmt 29. gr. almennra hegningarlaga sé út runninn.

Stefndi krefst sérstaklega sýknu af kröfum stefnenda um miskabætur. Sýknukrafan er fyrst og fremst byggð á því, að stefn-

endur hafi ekki orðið fyrir neinni réttarröskun í þessu máli, sem miskabótakrafa geti risið af, og að þeir hafi yfirleitt engan miska beðið af útgáfu bókarinnar. Tilgangur stefnda með birtingu ritsins hafi hvorki verið að meiða æru stefnenda né sverta þá í augum almennings, enda hafi útgáfa þess síður en svo verið sprottin af illfúsum hvötum í garð stefnenda. Auk þess telur stefndi, að þar sem hann sé ópersónulegur aðili, geti hann ekki talizt bótaskyldur vegna meingerðar, sem starfsmenn hans kunna að drýgja af illfýsi einni saman.

Stefndi krefst algerrar sýknu af kröfum stefnenda um greiðslu dómsbirtingarkostnaðar samkvæmt 241. gr. almennra hegingarlaga þegar af þeirri ástæðu, að honum sé ekki stefnt fyrir ærumeiðandi aðdróttanir í garð stefnenda né til ómerkingar ummæla, enda ekki efni til slíkrar kröfugerðar.

4.0.

4.1. Hin framlagða bók, „Rauða bókin", er 274 bls. að stærð og er sögð útgefin 30. maí 1963 af hinu stefnda félagi. Efni það í bókinni, sem stefnendur telja til réttar yfir og átelja í máli þessu, tekur yfir nokkra tugi blaðsíðna.

Sýnist einkum vera um að ræða einkabréf, sem síðan hafi verið kynnt aðallega vissum félagsmönnum SÍA-samtakanna, og svonefndar skýrslur, en efni þeirra var notað sem umræðugrundvöllur milli félaga áðurgreindra samtaka.

Í báðum tilvikum er einkum um að ræða hugleiðingar um pólitísk málefni og lýsingu á tilteknu ástandi og atburðum. Oftast er stefnenda getið í bókinni sjálfri sem semjenda tiltekinna bréfa eða skýrslna. Ljóst er þó af aðiljaskýrslum stefnenda og málflutningi þeirra hér fyrir dómi, að þeir leita réttar síns út af meira efni en þannig er tilgreint.

Stundum hefur einstökum köflum verið sleppt úr bréfum eða skýrslum stefnenda, þegar þau eru rakin í bókinni, og ljóst er af formálsorðum bókarinnar, að millifyrirsagnir, leturbreytingar og leiðréttingar eru settar og gerðar í bréfin eða skýrslurnar af útgefanda bókarinnar.

Loks má geta þess, að bókin sjálf vísar til fleiri en stefnenda máls þessa sem hugsanlegra semjenda tiltekinna skýrslna og stundum þannig, að fleiri en einn hafi samið tiltekið efni. Talsverður hluti bókarinnar er svonefndur inngangur. Verður eigi annað séð en að útgefandi hafi sjálfur tekið hann saman ásamt öðru efni, sem eigi verður rakið hér.

4.2. Stefnendur hafa eigi tilgreint nákvæmlega og afmarkað það efni bókarinnar, sem þeir telja til höfundarréttar yfir og leita réttar síns út af í máli þessu.

Slík afmörgun sakarefnis var réttarfarsleg nauðsyn og þurfti að liggja ljós fyrir þegar í upphafi málsins samkvæmt 88. gr. og grunnreglunni í 105. gr. laga nr. 85/1936.

Brot stefnenda á framangreindu leiðir eitt sér og án kröfu til frávísunar málsins í heild sinni.

Líkur benda til, að fleiri séu semjendur efnis, sem bókin hefur að geyma, en stefnendur máls þessa. Hefði verið eðlilegra að gefa þeim kost á að gæta réttar síns í málinu. Réttur eins stefnanda gæti takmarkazt af rétti annarra sameigenda að vissu efni bókarinnar. Hefði þurft að hafa það í huga við málssóknina.

Einstökum kröfuliðum er einnig áfátt.

Að vísu þykir sýnt, að höfundarréttur hafi verið brotinn á stefnendum máls þessa að einhverju leyti. Á hinn bóginn hefur eigi nægjanlega verið sýnt fram á þau sjónarmið, sem slík krafa þarf að byggjast á, og afla hefði átt frekari gagna um fjárhæð þeirrar kröfu, ef því var að skipta.

Stefnendur telja bótaskylda meingerð og refsiverðan verknað hafa verið framinn gagnvart sér. Bótaskyldan er talin byggjast á 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en hinn refsiverði verknaður brot á 18. gr. laga nr. 13/1905 og 228. gr. og 229. gr. og 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eigi er á fullnægjandi hátt tilgreindur sá verknaður, sem krafa út af þessum brotum byggist á. Af því leiðir, að þau atvik, sem kröfur af þessu tilefni eru reistar á, eru mjög óglögg.

Krafa stefnenda til upptöku ýmissa muna er reist á 17. gr. laga nr. 13/1905. Mjög skortir á, að þeir munir, sem stefnendur krefjast upptöku á, séu nægjanlega tilgreindir. Er krafan af þessum sökum ódómhæf.

Loks hefði verið rétt að tiltaka fjárhæð þeirrar kröfu, sem stefnendur telja sér nægja til að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans og forsendna.

Í samræmi við framanritað verður að vísa málinu frá dómi, án kröfu, vegna ófullnægjandi málatilbúnaðar.

Eftir atvikum er þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni og Gauki Jörundssyni prófessor.

Dómsorð:
Máli þessu er vísað frá dómi.
Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 26. janúar 1971.

Nr. 227/1970. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Bjarna Kristjánssyni og Vilhjálmi Lúðvíkssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Þóknun matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. nóvember 1970, sem barst Hæstarétti 30. desember s. á., hefur sóknaraðili kært úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 12. október 1970, þar sem þóknun varnaraðilja fyrir matsstörf var ákveðin kr. 150.000.00 til hvors þeirra. Sóknaraðili fékk eigi vitneskju um hinn kærða úrskurð fyrr en í nóvemberbyrjun 1970. Krefst sóknaraðili verulegrar lækkunar þessarar fjárhæðar og kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar, sem eigi hafa gagnkært, gera þær dómkröfur, að reikningur þeirra um matsþóknun, kr. 225.000.00 til hvors þeirra, verði tekinn til greina að fullu. Þá krefjast þeir og hvor 8% ársvaxta af kr. 165.000.00 frá 1. janúar 1970 til greiðsludags. Loks gera þeir kröfu um kærumálskostnað úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir bera að staðfesta hann, en rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 12. október 1970.

Hinn 26. júní 1969 óskaði Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður f. h. fjármálaráðuneytisins þess, að yfirborgardómarinn í Reykjavík dómkveddi tvo hæfa og óvilhalla menn til þess að skoða og meta vélar og tæki Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi, athuga og gera álitsgerð um núverandi ástand þeirra, sérstaklega miðað við nútíma tæknikröfur, svo og að gera að álitum, að hve miklu leyti þær geti talizt hæfar til frambúðarvinnslu og þá til hve langs tíma og loks önnur atriði, sem mats- og skoðunarmenn teldu máli skipta.

Á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 27. s. m. dómkvaddi Magnús Thoroddsen borgardómari þá Bjarna Kristjánsson vélaverkfræðing og dr. Vilhjálm Lúðvíksson efnaverkfræðing til að framkvæma hina umbeðnu matsgerð.

Matsmenn skiluðu ítarlegri matsgerð hinn 30. október 1969. Niðurstöður þeirrar matsgerðar eru svohljóðandi:

„Niðurstöður mats á vélum og búnaði Áburðarverksmiðjunnar h/f miðað við 1. júlí 1969.

Verksm.hluti	Endurbygg.-kostn. 1969	Ástands-stuðull	Hagkv.-stuðull	Mat
Vegir, girðing, hlið	3.085	0,95	1	2.930
Vatnsleiðsla	28.183	0,75	1	21.100
Frárennsli	1.835	0,5	1	918
Rafkerfi	61.773	0,7	0,8	34.600
Háspennulína	8.618	0,8	1	6.890
Vetnisverksm.vélar	285.796	0,1	0,8	22.850
Köfnunarefnisvélar	36.352	0,5	0,8	14.500
Ammoníaksvélar	137.444	0,4	0,8	44.000
Saltpéturssýruvélar	94.970	0,5	0,8	37.950
Saltpétursvélar	64.486	0,5	0,1	3.224
Vetnis- og köfn.geymar ..	43.487	0,6	1	26.050
Ammoníaks- og sýrugeymar	19.736	0,3	1	5.900
Bryggja	19.726	0,4	1	7.880
Leirnámsvélar	5.350		0	
Bamagvélar	8.280	0		
Vélar til toppaframleiðslu	6.930		0	
Súrefnisþjappa og hylki .	1.687	0		
Ýmiss búnaður	31.000	0,40	1	12.400
Ammoníaksgeymir (kúla)	19.000	0,90	1	17.100

Verksm.hluti	Endurbygg.-kostn. 1969	Ástands-stuðull	Hagkv.-stuðull	Mat
Ammoníakofn	12.800	1,00	1	12.800
Sekkjunartæki	3.570	0,70	1	2.500
Uppskipunartæki	3.540	0,70	1	2.500
Súrefnistæki	3.778	0,9	1	3.400
Kornunarvélar	38.000		0	
Fjárfest. í nýja rafgreina	11.000	1	1	11.000
	Alls 951.026			290.000".

Matsbeiðandi gat ekki sætt sig við niðurstöður þessarar matsgerðar, og með bréfi frá lögmanni hans, dags. 3. nóvember 1969, til matsmanna mótmælir hann hinum tölulegu niðurstöðum matsgerðarinnar sem allt of háum. Síðan segir svo í þessu bréfi:

„Sérstaklega verður „hagkvæmnisstuðull" matsins að teljast of hátt ákveðinn, miðað við nútíma kröfur til slíkrar starfrækslu, og að því athuguðu, að alls engin vissa er fyrir því, að það muni yfirleitt þykja rétt eða hagkvæmt að starfrækja verksmiðju þessa í framtíðinni með slíkum útbúnaði og fyrirkomulagi og miðað við þær aðstæður, er fyrir liggja eða upp kunna að koma. Mun það fyllilega koma til athugunar með tilliti til aðstöðu okkar um tilbúinn áburð erlendis frá að leggja verksmiðjuna niður. Að minnsta kosti verður að hafa þann möguleika í huga, áður en endanlega er gengið frá umræddri matsgjörð.

Samkvæmt þessu og til staðfestingar því, sem munnlega hefur verið farið fram á, vil ég hér með beiðast þess, að matsmenn áætli eða meti sérstaklega hugsanlegt söluverð/kaupverð vélanna í núverandi ástandi, ef talið yrði, að kaupandi myndi fáanlegur, eða „niðurlagsverð" þeirra að öðrum kosti. Verði matsliður þessi síðan hluti af matsgerðinni, eins og frá henni verður gengið í endanlegu formi ...".

Af þessu tilefni tóku matsmenn til starfa á ný við matið og skiluðu viðbótarmati hinn 11. desember 1969. Niðurstöður þess mats hljóða svo:

„4. Niðurstöður.

Á meðfylgjandi töflu er gefið yfirlit um hámarksgreiðsluþol Áburðarverksmiðjunnar, sem fengið er samkvæmt rekstraráætlun verksmiðjunnar fyrir tímabilið 1969—1980. Þar sem árlegt greiðsluþol er nokkuð jafnt yfir tímabilið, getum við tekið meðalgreiðsluþol áranna, sem er 38,8 millj. króna án varasjóðstillags,

en 28,8 milljónir, ef lagt er í varasjóð. Gert er ráð fyrir, að þetta greiðsluþol sé það hámark, sem Áburðarverksmiðja ríkisins geti borgað af matsverði eigna Áburðarverksmiðjunnar h/f, svo rekstur verði hallalaus. Reiknað er með jöfnum árlegum greiðslum yfir tímabilið.

Ef þessar árlegu jöfnu greiðslur eru allar færðar til verðgildis ársins 1969 og reiknað með 8,5% vöxtum, þá ákvarðast hámarksverðmæti verksmiðjunnar eins og sýnt er á mynd 1 (án varasjóðstillags) og mynd 2 (með varasjóðstillagi). Á línuritunum er hámarksverðið sýnt með breytistærð af orkuverði (í mills/kWh) og þeim árafjölda (n), sem fyrirtækinu er ætlað að þola greiðslur fyrir eignir Áburðarverksmiðjunnar h/f. Hámarksverðmæti verksmiðjunnar 1969 er reiknað eftir vaxtaformúlunni:

$$h = a \frac{1}{r} (1 + r)^{-n}).$$

Í jöfnunni táknar h hámarksverðið, a táknar hinar jöfnu greiðslur, r táknar rentufótinn, sem er 8½% (r = 0.085), og n táknar árafjöldann, sem greiðslur eru látnar fara fram á og er hér látinn ná yfir 8—15 ár. Hinar jöfnu afborganir má líta á sem mismun á rekstrarafgangi með gefins raforku (72 milljónir án varasjóðstilleggs, 62 milljónir með varasjóðstilleggi) og raforkukostnaði, sem tákna má með 13,30, þar sem C táknar orkuverð í U.S. mills/kWh. Líkinguna má þá skrifa á eftirfarandi hátt:

$$h \text{ (án varasjóðstilleggs)} = (72{,}0 - 13{,}3c) \frac{1}{0{,}085} (1-(1{,}085)^{-n})$$

og

$$h \text{ (með varasjóðstilleggi)} = (62{,}0 - 13{,}3c) \frac{1}{0{,}085} (1-(1{,}085)^{-n}).$$

Hámarksverðið er reiknað fyrir fimm mismunandi orkuverð frá 1,5 mills/kWh upp í 3,5 mills/kWh.

Eftir því hvaða orkuverð er tekið og hve langur greiðslutími er hafður, er hámarksverðið mjög breytilegt. Fyrir hæsta orkuverðið, 3,5 mills/kWh, og stytzta greiðslutímann (8 ár) er hámarksverðið 144 (87,5) milljónir króna. Fyrir lægsta orkuverðið (1,5 mills/kWh) og lengsta greiðslutímann (15 ár) er hámarksverðið hæst 432 (350) milljónir króna. Ef hins vegar eru teknar þær tölur fyrir orkuverð og afskriftatíma, sem gert er ráð fyrir í áætlunum fyrirtækisins, er hámarksverðmætið 311 (231) milljónir króna. Tölur innan sviga gilda, ef varasjóðstillag er dregið frá.

Þetta síðasta verð teljum við undirritaðir það hámarksverð, sem réttlætanlegt sé að gefa fyrir Áburðarverksmiðjuna h/f í heild sinni, þegar eignir hennar og skuldir eru yfirteknar af ríkissjóði".

Fyrir matsstörf sín hafa matsmenn áskilið sér samtals kr. 450.000.00 í þóknun, er skiptist þannig:

Fyrir matið frá 30. október 1969	kr. 400.000.00
Fyrir viðbótarmatið	— 50.000.00
	Kr. 450.000.00

Matsbeiðandi hefur samtals greitt matsmönnum kr. 120.000.00 í þóknun, þ. e. kr. 60.000.00 til hvors fyrir matsstarfann, en neitað frekari greiðslu og krafizt þess, að matsdómari úrskurðaði matsmönnum þóknun fyrir matsstarfann, sbr. 141. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Dómkröfur matsbeiðanda eru aðallega þær, að reikningarnir teljist þegar fullgreiddir, en til vara, að fjárhæð þeirra verði lækkuð verulega eftir nánari ákvörðun matsdómara.

Matsmenn hafa báðir komið fyrir réttinn og skýrt svo frá, að þeir hafi ekki tekið niður hjá sér nákvæmlega tíma þann, sem farið hafi til matsstarfans. Hins vegar gizkuðu þeir á, að til verksins hafi farið um það bil 200 vinnustundir hjá hvorum þeirra. Matsmenn tóku fram, að þegar þeir hafi ákvarðað sér þóknun fyrir matið frá 30. október 1969, þá hafi þeir haft til hliðsjónar reglur um matsþóknun verkfræðinga í Vestur-Þýzkalandi. Hafi þeir deilt í þóknun samkvæmt þessum reglum með u. þ. b. 4 vegna mismunar á launum verkfræðinga hér á landi og erlendis. Þóknun fyrir viðbótarmatsgerðina frá 11. desember 1969 kváðust þeir hins vegar hafa reiknað sér á grundvelli tímagerðarskrár Verkfræðingafélags Íslands, þar sem í því viðbótarmati hafi fremur verið um hagfræðilegar bollaleggingar að ræða heldur en verkfræðilegt mat.

Lögmaður matsbeiðanda hefur mótmælt reikningsfjárhæðunum sem of háum, svo sem áður er að vikið. Sérstaklega hefur hann mótmælt hinni vestur-þýzku viðmiðun matsmannanna við ákvörðun matsþóknunar sér til handa. Benti lögmaðurinn á það, að aðalmatsgerðin frá 30. október 1969 hafi ekki komið að því haldi, sem vera skyldi, þar sem hún hafi að verulegu leyti verið byggð á röngum forsendum. Þá taldi lögmaður matsbeiðanda, að viðbótarmatið frá 11. desember 1969 hefði verið innifalið í dóm-

kvaðningunni frá 27. júní 1969 og falli þess vegna undir úrskurðarvald dómara um þóknun.

Málið var tekið til úrskurðar um matsþóknun 7. þ. m.

Hafi matsbeiðandi talið, að matsmenn reistu mat sitt á röngum forsendum, bar honum að snúa sér til matsdómara og fá úrskurð hans í því efni, sbr. 143. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði. Þetta gerði matsbeiðandi eigi og getur því ekki nú haldið uppi slíkri málsástæðu sem röksemd til lækkunar á þóknun til matsmanna fyrir matsstarfann.

Í gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands eru eigi til sérstök ákvæði um þóknun til verkfræðinga fyrir matsstörf. Verður að fallast á það með matsbeiðanda, að við ákvörðun matsþóknunar í þessu máli verði eigi byggt á vestur-þýzkum reglum um þessi efni.

Við ákvörðun þóknunar þessarar þykir rétt að hafa eftirfarandi atriði í huga:

Í fyrsta lagi tíma þann, sem hinir sérfróðu matsmenn hafa ætlað á verkið, enda er sú áætlun sennileg og hefur eigi sætt sérstökum andmælum.

Í öðru lagi ber að hafa í huga, að hér var um óvenju umfangsmikið og vandasamt mat að ræða og algerlega sérstætt hér á landi.

Í þriðja lagi er höfð hliðsjón af verðmæti því, sem matið tók til.

Þegar ofangreind atriði eru höfð í huga, telst hæfileg þóknun til hvors matsmanns vera kr. 150.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Matsmennirnir, Bjarni Kristjánsson vélaverkfræðingur og dr. Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur, skulu hljóta kr. 150.000.00 í matsþóknun hvor í máli þessu.

Miðvikudaginn 27. janúar 1971.

Nr. 190/1969. **Svavar Guðmundsson og**
Guðmundur E. Guðmundsson
(Aagnar Gústafsson hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands
(Magnús Fr. Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. október 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefjast þeir sýknu og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Hinn 25. apríl 1969 kærðu áfrýjendur til sakadóms Reykjavíkur yfir því, að nöfn þeirra hefðu verið fölsuð á víxil þann, sem málið er af risið. Við dómsrannsókn viðurkenndi samþykkjandi víxilsins, Magnús Guðmundsson, að hann hefði ritað nöfn áfrýjenda á víxilinn án vilja þeirra og vitundar. Var hann með dómi sakadóms Reykjavíkur 16. desember 1970 dæmdur til refsingar fyrir þann verknað. Af þessum sökum hefur stefndi fallið frá kröfu um, að áfrýjendur verði dæmdir til greiðslu víxilsins.

Áfrýjandi Svavar sótti þing í héraði fyrir báða áfrýjendur, en hreyfði þar engum andmælum við kröfum stefnda. Ber því að dæma áfrýjendur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Svavar Guðmundsson og Guðmundur E. Guðmundsson, greiði stefnda, Búnaðarbanka Íslands, kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. janúar 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. janúar s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. desember 1968 af Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, gegn Magnúsi Guðmundssyni, Suðurlandsbraut 106 A, Reykjavík, persónulega og sem einkaeiganda Benzín- og hjólbarðaþjónustunnar, Vitatorgi, Reykjavík, Svavari Guðmundssyni, Kleppsvegi 40, Reykjavík, og Guðmundi E. Guðmundssyni, Álftamýri 26, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð kr. 150.000.00, útgefins 1. nóvember 1967 af stefnda Svavari og samþykkts af Magnúsi Guðmundssyni til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands hér í bæ við sýningu, en á víxli þessum, sem var afsagður vegna greiðslufalls 5. nóvember 1968, eru stefndu Svavar og Guðmundur ábekingar.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 150.000.00, með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 5. nóvember 1968 til greiðsludags, kr. 180.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi Svavar hefur sjálfur sótt þing fyrir alla stefndu, en þingsókn féll niður af hans hálfu, án þess að varnir kæmu fram. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með löglegri heimild, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Víxillinn er samþykktur af stefnda Magnúsi, svo sem áður er rakið, en í meginmáli víxilsins er Benzín- og hjólbarðaþjónustan sögð eiga að greiða víxilinn. Stefndi Magnús er hins vegar einkaeigandi Benzín- og hjólbarðaþjónustunnar. Þykir því ástæðulaust að dæma Benzín- og hjólbarðaþjónustuna sérstaklega.

Það athugast, að vaxtakrafan er gölluð að því leyti, að krafizt er vaxta frá „sýningu", án þess að sýningardagurinn sé tilteknn.

Málskostnaður ákveðst kr. 18.000.00.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Guðmundsson, Svavar Guðmundsson og Guðmundur E. Guðmundsson, greiði in solidum stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, kr. 150.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 5. nóvember 1968 til greiðsludags, kr. 180.00 í afsagnarkostnað og kr. 18.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1971.

Nr. 245/1969. **M** (Logi Guðbrandsson hrl.)
gegn
K (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál. Fyllingareiður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að honum verði dæmdur synjunareiður í málinu. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms fór enn fram blóðflokkarannsókn. Var aðiljum málsins og barninu, A, tekið blóð og úrtakið sent til Retsmedicinsk Institut í Kaupmannahöfn „til ákvörðunar á Gm og Gc kerfunum". Niðurstöður þessarar rannsóknar voru, að ekki var unnt að útiloka áfrýjanda frá faðerninu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir

mánuðir frá birtingu dóms þessa, og um málskostnað fer, svo sem síðar greinir.

Ef stefndi vinnur eiðinn, er staðfest málskostnaðarákvæði héraðsdóms og áfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Ef stefnda verður eiðfall, greiði hún áfrýjanda kr. 14.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnda í héraði greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hennar, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til eiðvinningar er tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa. Ef stefndi, K, vinnur eiðinn, skal áfrýjandi, M, greiða málskostnað í héraði, kr. 10.150.00, er renni til ríkissjóðs, og greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Nú verður stefnda eiðfall, og skal hún þá greiða áfrýjanda kr. 14.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnda í héraði greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hennar þar, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1969.

Ár 1969, miðvikudaginn 2. apríl, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 10/1969: K gegn M, sem tekið var til dóms 21. f. m.

Sóknaraðili í máli þessu, K, sem er ógift, til heimilis að ... hér í borg, fædd hinn 26. október 1950, ól hinn 16. febrúar 1968 meybarn, sem í skírninni hlaut nafnið A. Föður að barni þessu hefur hún lýst M, ... hér í borg, fæddan 19. marz 1946, en hann

hefur ekki viljað við faðerni barnsins kannast, og hefur sóknaraðili því höfðað mál þetta gegn honum. Hefur hún krafizt þess fyrir dómi, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk til sín og tryggingariðgjald sitt fyrir árið 1968, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara gerir sóknaraðili kröfu um fyllingareið. Þá krefst hún málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili, M, hefur ekki viljað gangast við barni sóknaraðilja og krafizt sýknu af kröfum hennar. Til vara gerir varnaraðili kröfu um synjunareið. Varnaraðili kveðst ekki krefjast málskostnaðar, en við flutning málsins hefur talsmaður hans gert kröfu til málsvarnarlauna.

Sóknaraðili hefur skýrt frá því, að hún hafi verið með G, ..., og B, ..., laugardaginn fyrir hvítasunnu, eða hinn 13. maí 1967. Neyttu þær allar áfengis, en eigi kveðst sóknaraðili hafa verið mikið með áfengisáhrifum. Um kvöldið voru þær staddar niðri í Lækjargötu. Kveður sóknaraðili þá systur sína D, ..., hafa komið til þeirra og viljað fá sig heim með sér, þegar hún sá, í hvernig ástandi hún var. Í því bar að varnaraðilja, M, á Volkswagen bifreið. Með honum í bifreiðinni var E, til heimilis að ... á Seltjarnarnesi. Sóknaraðili þekkti E, en eigi varnaraðilja. Fóru hún og kunningjakonur hennar upp í bifreiðina til þeirra, og var farið að einhverju húsi í borginni, en síðan heim til E. Þar voru fyrir F, ..., og H, ... Sóknaraðili kveðst ekki hafa neytt áfengis að ... á Seltjarnarnesi og muna vel eftir öllu, er þar gerðist. Þær G og B fóru fljótlega á brott, en sóknaraðili varð eftir. Sóknaraðili kveðst einhvern tíma næturinnar hafa farið með varnaraðilja inn í herbergi eitt í húsinu og lagzt þar með honum upp í dívan. Voru ljós slökkt í herberginu, en dyrum ekki læst. Nokkru eftir að þau voru komin inn í herbergið, kom H að þeim, þar sem þau lágu á dívaninum, en fór strax á brott. Sóknaraðili kveðst hafa haft samfarir við varnaraðilja um nóttina. Hafi verið um fullkomnar samfarir að ræða og engar tilraunir gerðar af þeirra hálfu til að hindra getnað. Kveður sóknaraðili barn sitt getið við samfarir þessar. Sóknaraðili kveðst hafa sofnað og ekki vaknað fyrr en klukkan 0900—0930 um morguninn. Var þá varnaraðili farinn á brott. Sóknaraðili hafði tal af E, og hringdi hann fyrir hana á bifreið. Sóknaraðili kveðst hafa haft síðast á klæðum, áður en hún varð ófrísk, um mánaðamótin apríl—maí, en hún hefur alltaf haft reglulegar tíðir. Sóknaraðili staðhæfir, að hún

hafi ekki haft samfarir við neinn annan karlmann en varnaraðilja á getnaðartíma barnsins, en sóknaraðilja var tjáð, hver getnaðartíminn gæti verið. Sóknaraðili kveðst hafa fyrst reynt að ná til varnaraðilja, er komið var fram í september, til að láta hann vita, hvernig komið væri, en í október tókst henni fyrst að ná í hann og tilkynna honum um þetta. Varnaraðili hefur aldrei viljað gangast við barni sóknaraðilja og ekkert viljað við hana ræða. Eins og áður greinir, kveðst sóknaraðili hafa þekkt E. Höfðu þau hitzt hjá kunningjakonu sóknaraðilja. Síðan kveðst sóknaraðili hafa komið heim til hans, og loks kom hann heim til sóknaraðilja og fékk þar lánaðar hljómplötur.

Varnaraðili hefur skýrt frá því, að hann minnist þess að hafa verið í hófi að ... á Seltjarnarnesi kvöld eitt í byrjun apríl árið 1967. Var sóknaraðili í hófi þessu og fleira fólk. Varnaraðili kannaðist ekki við allt fólkið, en þar voru m. a. I og J, H svo og E, sonur húsráðanda. Haft var áfengi um hönd í hófi þessu. Varnaraðili kveður geta verið, að hann hafi kysst sóknaraðilja, svo að aðrir sæju, en hann kveðst engin kynferðismök hafa haft við hana. Varnaraðili man ekki, hvenær hann fór burtu úr hófinu, og ekki getur hann sagt um það, hvenær sóknaraðili fór. Varnaraðili kveður sóknaraðilja fyrst hafa tilkynnt sér, að hún væri ófrísk af hans völdum, seinast í september framangreint ár. Varnaraðilja var kynntur framburður sóknaraðilja um kynni þeirra. Varnaraðili minnist þess ekki, er sóknaraðili heldur fram, að hún hafi komið með honum á bifreið að ... á Seltjarnarnesi í umrætt sinn. Varnaraðili kveður hófið hafa verið í byrjun apríl árið 1967, en ekki laugardaginn fyrir hvítasunnu, eða hinn 13. maí, eins og sóknaraðili heldur fram. Varnaraðili neitar því að hafa farið inn í herbergi með sóknaraðilja og haft við hana samfarir, eins og hún heldur fram.

Vitnið G hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt niðri í Lækjargötu laugardaginn 13. maí framangreint ár ásamt sóknaraðilja, K, og B. Komu þá til þeirra á bifreið varnaraðili, M, og E. Buðu þeir þeim upp í bifreiðina, og var haldið heim til E að ... á Seltjarnarnesi. Vitnið og B höfðu þar skamma viðdvöl, 15—20 mínútur, og héldu á brott, en sóknaraðili, K, varð eftir. Vitnið kveðst aldrei hafa orðið vart við það, að varnaraðili, M, og sóknaraðili væru saman á framangreindum stað.

Vitnið B hefur skýrt frá því, að það hafi verið með sóknaraðilja, K, og G laugardag einn vorið 1967. Vitnið kveðst ekki geta komið fyrir sig, hvaða dag þetta hafi verið. Að kvöldi dags þessa voru

þær staddar niðri í Lækjargötu. Höfðu þær allar neytt áfengis, og á meðan þær voru staddar þarna, kom systir sóknaraðilja, K, til þeirra og vildi fá sóknaraðilja heim með sér. Á það vildi sóknaraðili ekki fallast. Í þessu bar að Volkswagen bifreið, og voru í henni tveir piltar, sem sóknaraðili og G þekktu, en vitnið ekki. Fóru þær allar upp í bifreiðina til þeirra, og var ekið að húsi einu úti á Seltjarnarnesi, en þar átti annar piltanna, sem var í bifreiðinni, heima. Vitnið kveður þær G hafa dvalizt í húsi þessu um stundarfjórðung, en farið að því búnu á brott. Þær vildu fá sóknaraðilja, K, með sér, en þá kom til þeirra einhver piltur og bað sóknaraðilja að verða eftir. Féllst hún á það, og fóru vitnið og G á brott. Vitnið veit ekki nafn á pilti þessum né nein deili á honum. Man það ekki, hvort hann var í Volkswagen bifreiðinni, sem þær fóru í út á Seltjarnarnes. Vitnið kveður sóknaraðilja aldrei hafa minnzt við sig síðar á dvöl sína á framangreindum stað. Vitnið þekkti ekki neitt af fólki því, sem var í framangreindu húsi á Seltjarnarnesi, nema sóknaraðilja og G.

Vitnið F hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt að ... á Seltjarnarnesi laugardagskvöld eitt í apríl eða maí á síðastliðnu ári ásamt H. Nokkru eftir að þeir H komu þangað, kom sonur húsráðanda, E, á bifreið, og voru með honum varnaraðili, M, G, systir vitnisins, B og sóknaraðili, K. Áfengi var haft um hönd á framangreindum stað um kvöldið og nóttina. Þær B og G fóru fljótlega, en sóknaraðili, K, varð eftir. Vitnið varð vart við það, að hún og varnaraðili, M, voru saman þarna. Vitnið kveðst hafa heyrt, að sóknaraðili og varnaraðili hafi legið saman á dívan í einu herbergi í íbúðinni, en getur ekki sagt um fyrir víst, hver sagði því þetta. Vitnið kveður þá H hafa farið á brott seint um nóttina, en hvenær man það ekki. Var þá sóknaraðili ekki farinn á brott, að vitnið telur.

Við síðari yfirheyrslu var vitni þetta beðið að gefa nánari skýringu á því, hvað það eigi við með orðunum: „Vitnið varð vart við, að hún (þ. e. sóknaraðili) og varnaraðili voru saman þarna". Í þessu sambandi skýrði vitnið frá því, að það myndi ekki greinilega um það, hvort varnaraðili og sóknaraðili hafi verið saman í samkvæminu, en þau hafi verið þar bæði.

Vitnið H hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt að ... á Seltjarnarnesi, heima hjá E kvöld eitt vorið 1967. Vitnið man ekki, hvaða dag þetta var, en kveður vel geta verið, að það hafi verið einhvern tíma í maí. Vitnið var búið að dveljast þarna nokkuð langa stund, er E og varnaraðili, M, komu á bif-

reið. Voru með þeim þrjár stúlkur, og var ein þeirra G, en hinar þekkti vitnið ekki. Vitnið kveður hafa verið margt fleira fólk þarna og veit ekki um, hve stúlkur þessar dvöldust þarna lengi. Haft var áfengi um hönd um kvöldið og um nóttina. Vitnið minnist þess að hafa einhvern tíma um nóttina opnað dyr á herbergi í húsinu. Var þar fólk fyrir, og var sagt eitthvað við vitnið, en hver talaði, kveðst það ekki vita. Vitnið sá ekki, hvaða fólk þetta var, enda voru gluggatjöldin dregin fyrir og dimmt í herberginu. Hvarf vitnið frá við svo búið. Vitnið minnist þess að hafa átt tal við varnaraðilja, M, síðla nætur á umræddum stað. Vitnið kveðst ekki vita, hvort stúlkur þær, er að framan greinir, voru þá farnar.

Vitnið E kveðst hafa heyrt minnzt á mál þetta, nokkru áður en það var yfirheyrt, en það hafði verið erlendis. Vitnið hefur hugsað um það, en ekki getað munað neitt um það. Vitnið kveðst þekkja varnaraðilja, en sóknaraðilja kvaðst það ekki kannast við í fyrstu. Var það ekki, fyrr en vitnið sá hana í dómi, sem það taldi sig kannast við hana. Vitnið kannast við G, en B þekkir það ekki. Vitnið minnist þess ekki að hafa verið í bifreið með varnaraðilja í apríl eða maí 1967 og að fyrrgreindar stúlkur og sóknaraðili hafi komið upp í bifreiðina til þeirra í Lækjargötu. Eigi minnist vitnið þess, að aðiljar máls þessa né stúlkur þær, er að framan greinir, hafi verið í samkvæmi heima hjá því á framangreindum tíma. Vitninu var kynnt það, sem fram hefur komið um þetta í málinu, en vitnið heldur fast við, að það muni ekkert um þetta. Vitnið kveður geta verið, að varnaraðili hafi einhvern tíma komið heim til sín, en hann hefur ekki verið þar í samkvæmi, að vitnið man eftir. Vitnið kveður H vera vin sinn og hafa oft komið heim til sín. Vitnið man ekki eftir því, að sóknaraðili hafi komið heim til þess. Það minnist þess að hafa hitt hana heima hjá G, en eigi í önnur skipti.

Blóðflokkarannsóknir, sem tvisvar hafa farið fram á aðiljum máls þessa og barninu, samræmast því, að varnaraðili geti verið faðir þess, en niðurstöður þeirra urðu sem hér segir:

	ABO	MNSs	Rh						Kell	Fy	P_1	Hp
			C	D	E	c	e	C^w	K	k	a	b	
Sóknaraðili	0	Mss	+	+	÷	÷	+	÷	÷	+	÷	2-2
Barnið	0	MNss	+	+	÷	+	+	÷	÷	÷	+	2-1
Varnaraðili	0	Nss	+	+	÷	+	+	÷	÷	+	+	1-1

Barn sóknaraðilja var við fæðingu 4.150 gr. að þyngd og 52 cm að lengd.

Leitað var umsagnar borgarlæknis í Reykjavík um hugsanlegan getnaðartíma barnsins. Segir svo í álitsgerð hans, dags. 10. desember s.l.:

„Af vottorði ljósmóður, dags. 28/2 s.l., má ráða, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist. Meðalmeðgöngutími fullburða barna er talinn vera 271 dagur með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestar líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 10. maí til 1. júní 1967.

Sé höfð hliðsjón af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, getur það samkvæmt dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 24. marz til 22. júní 1967. Samkvæmt sömu töflum eru 867‰ líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 21. apríl til 25. maí sama ár".

Eins og nú hefur verið rakið, hefur varnaraðili neitað að hafa haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barns hennar. Hafa því ekki fengizt lögfullar sannanir fyrir samförum þeirra á þessu tímabili, svo að málsúrslit verða að velta á eiði, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936.

Með hliðsjón af framburðum vitna, sem leidd hafa verið í máli þsesu, svo og þegar virtur er framburður varnaraðilja sjálfs, en blóðflokkarannsókn samrýmist því, að hann geti verið faðir barnsins, verður að telja málstað sóknaraðilja líklegri, og ber því í samræmi við nefnda lagagrein að láta málsúrslit velta á fyllingareiði hennar, þannig að vinni hún eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá 24. marz til 22. júní 1967, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, en eigi aðra karlmenn, skuli hann teljast faðir meybarns þess, sem hún ól hinn 16. febrúar 1968 og skírt var A, enda greiði hann þá meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs svo og fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1968, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Ef sóknaraðili vinnur eiðinn, skal varnaraðili greiða útlagðan málskostnað til ríkissjóðs, kr. 10.450.00, og er þar innifalin þóknun til talsmanns sóknaraðilja, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Verði sóknaraðilja eiðfall, á varnaraðili að vera sýkn af kröfum hennar í málinu, en málskostnaður skal niður falla.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, K, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa á lögmæltu varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá 24. marz til 22. júní 1967, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, M, en eigi aðra karlmenn, skal hann teljast faðir meybarns þess, er sóknaraðili ól hinn 16. febrúar 1968 og skírt var A, og greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1968, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Þá greiði varnaraðili málskostnað, kr. 10.450.00, er renni til ríkissjóðs, og er þar innifalin þóknun til talsmanns sóknaraðilja, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum hennar og falli málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1971.

Nr. 50/1970. **Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu f. h. sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu**
(Ragnar Steinbergsson hrl.)
og Sigtryggur Stefánsson
(Sigurður Hafstein hdl.)
gegn
Björgvin Runólfssyni og gagnsök
(Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Fébótaábyrgð í opinberri sýslan.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1970. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Til

vara gerir hann þær dómkröfur, að kröfur gagnáfrýjanda verði stórlega lækkaðar, en jafnframt verði viðurkennt, að ábyrgð sýslunefndarinnar nái aðeins til ¼ hluta af dæmdum fjárhæðum. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Aðaláfrýjandi Sigtryggur Stefánsson áfrýjaði málinu með stefnu 16. marz 1970. Krefst hann sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. marz 1970. Dómkröfur hans eru þær, að aðaláfrýjendum verði óskipt dæmt að greiða kr. 263.690.00 með 7% ársvöxtum frá 20. apríl 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að era óraskaður.

Aðaláfrýjendur, sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu f. h. sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu og Sigtryggur Stefánsson, greiði gagnáfrýjanda, Björgvin Runólfssyni, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 22. desember 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. desember s.l., hefur Björgvin Runólfsson, Dvergasteini, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu, höfðað gegn Sigtryggi Stefánssyni byggingarfulltrúa, Hafnarstræti 107, Akureyri, og sýslumanni Eyjafjarðarsýslu f. h. sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, s. st., með stefnu, útgefinni 30. október 1968. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 248.000.00 og matskostnaðar og kostnaðar við fyrri kröfugerð, kr. 15.690.00, eða samtals kr. 263.690.00, en auk þess krefst stefnandi 7% ársvaxta

af þeirri upphæð frá 20. apríl 1968 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt reikningi eða mati dómara.

Stefndi Sigtryggur Stefánsson gerir kröfu til þess hér fyrir dóminum, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar að mati dómsins og málskostnaður felldur niður.

Stefndi sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur í fyrsta lagi krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði, uppkveðnum 4. júlí s.l. Við munnlegan málflutning um efnisatriði málsins gerði svo málflutningsmaður sýslunefndarinnar þá aðalkröfu, að sýslunefndin verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og henni dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans. Til vara gerir stefndi sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu þá kröfu, að ábyrgð hennar nái aðeins til ¼ — fjórða hluta — af dæmdum kröfum. Þá er einnig gerð krafa til málskostnaðar úr hendi stefnanda í því tilviki.

Mál þetta er risið vegna skemmda og galla, sem komið hafa fram á íbúðarhúsi stefnanda á eignarjörð hans, Dvergasteini í Glæsibæjarhreppi. Telur stefnandi, að stefndi Sigtryggur Stefánsson byggingatæknifræðingur, sem er byggingarfulltrúi Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslna í samræmi við lög nr. 108/1945, sbr. lög nr. 26/1948 og byggingasamþykkt fyrir Eyjafjarðarsýslu nr. 189/1950, beri ábyrgð á tjóni því, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir, en einnig telur stefnandi, að sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu beri ábyrgð á tjóni, sem starfsmaður hennar hafi valdið með aðgerðum sínum eða aðgerðaleysi.

Stefnandi kveður í skjölum málsins málavexti vera þá, að hann hafi árið 1966 hafizt handa um byggingu íbúðarhúss að Dvergasteini. Hafi hann fengið teikningu að húsinu hjá Teiknistofu landbúnaðarins í Reykjavík að tilvísun stefnda Sigtryggs. Hafi stefndi Sigtryggur komið að Dvergasteini og kannað fyrirhugað hússtæði og ákveðið nánari staðsetningu hússins. Hafi hann kannað jarðvegsdýpt í hússtæðinu með járnfleini og síðan ráðlagt stefnanda að byggja húsið á svokölluðum „flotgrunni", þ. e. að grafa rásir í jarðveginn um 1.2 m á dýpt og steypa síðan undirstöður í þær á óhreyfðan jarðveg. Þarna sé jörð mýrlend og alldjúpt niður á fast undirlag. Þá hafi stefndi Sigtryggur fallizt á að láta stefnanda í té teikningar af undirstöðu og gólfplötu hússins, og kveðst stefnandi hafa greitt honum kr. 1.000.00 fyrir teikningar þessar. Hafizt hafi verið handa um íbúðarbygginguna

að Dvergasteini 24. júní 1966. Hafi þá verið grafið fyrir undirstöðum. Síðan hafi verið gengið frá undirstöðunum hinn 19. júlí s. á. samkvæmt uppdrætti stefnda Sigtryggs, dags. í júlí 1966, og hafi hann sagt fyrir um verkið.

Síðan hafi verkinu verið haldið áfram, veggir steyptir og hafi húsið verið gert fokhelt fyrir 25. nóvember 1966. Meðan á því hafi staðið, hafi byggingarfulltrúi, stefndi Sigtryggur, haft eftirlit með framkvæmd verksins. Í janúarmánuði 1967, er stefnandi tók að slá mótatimbri frá veggjum inni í húsinu, kveðst hann hafa orðið þess var, að austurveggur hússins hafði sigið nokkuð, eða um ca 1 þumlung. Hann kveðst þegar hafa átt tal um þetta við stefnda Sigtrygg, en dráttur hafi orðið á, að hann kæmi til að athuga þetta atriði. Stefnandi kveðst hafa haldið áfram vinnu við bygginguna með klæðningu á veggi innanhúss, einangrun á gólfplötu og steypu ofan á það. Einnig hafi verið lögð miðstöðvarhitun og leiðslur. Seint í ágúst hafi meiri halli komið fram á húsinu vegna sigs á veggjum og hafi það orðið bæði á veggjum og gólfi.

Stefnandi kveðst hafa talið nauðsynlegt, að gerðar væru ráðstafanir til styrktar húsgrunninum til að ráða bót á framkomnum skemmdum svo og til að meta kostnað við aðgerðir og hugsanlegt tjón, er hann kynni að verða fyrir. Hafi hann fengið dómkvadda þá Harald Sveinbjörnsson verkfræðing og Sigurð Hannesson múrarameistara til að framkvæma mat á þessum atriðum.

Með matsgerð 29. október 1967 skiluðu matsmenn greinargerð, þar sem þess var getið, hvaða ráðstafana væri þörf til að styrkja húsið og koma í veg fyrir frekara sig á því. Var kostnaður við þær framkvæmdir áætlaðar kr. 90.000.00. Matsmenn mátu ekki kostnað við að bæta úr halla á gólfi, veggjum, gluggum og klæðningu innan á útveggjum, þar sem það yrði mjög kostnaðarsamt, en þeir töldu þetta þó vera galla á húsinu, sem þeir treystu sér ekki til að meta til peningaverðs.

Stefnandi kveðst hafa krafið um greiðslu matsupphæðarinnar ásamt kostnaði við kröfu- og matsgerð og vaxta með bréfi í nóvember 1967, en stefndu hafi ekki viljað á það fallast.

Eftir að matið hafi farið fram, hafi komið í ljós meiri skemmdir á húsinu af sigi á því. Hafi við þetta aukizt kostnaður af viðgerð frá því, sem metið hafi verið, og kostnaður hafi stórhækkað vegna almennrar verðhækkunar, sem orðið hafi um haustið 1967.

Hinn 4. apríl 1968 bað stefnandi því um, að matsdómari legði fyrir hina dómkvöddu menn að taka upp matsgerðina að nýju

og meta til viðbótar skemmdir, sem ekki hafi verið komnar fram, er matið var gert, og við þær aðgerðir, sem nauðsynlegar séu til að gera við skemmdirnar, með hliðsjón af verðlagshækkunum, sem orðið hefðu síðan matið fór fram. Matsmenn skiluðu síðan matsgerð að nýju hinn 20. apríl 1968. Lýstu þeir þar ítarlega ástandi hússins og greindu frá því, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til úrbóta. Niðurstaða þeirra var, að heildarkostnaður við nauðsynlegar aðgerðir sé kr. 248.000.00.

Stefndi Sigtryggur segir í greinargerð sinni, að hann hafi hinn 20. júní 1966 komið að bænum Dvergasteini í Glæsibæjarhreppi að ósk stefnanda til þess að staðsetja þar íbúðarhús. Hafi hann, eins og venja sé, ákveðið staðsetningu hússins í samráði við eiganda. Að Dvergasteini sé jörð mýrlend, þ. e. mómýri og langt niður á fastan jarðveg. Hafi undirstöðum verið hagað í samræmi við það. Kveðst stefndi Sigtryggur hafa veitt leiðbeiningar um, hvernig grafið skyldi fyrir undirstöðum, og hafi hann lagt svo fyrir, að dýpt rása skyldi alls staðar vera hin sama, eða 1.2 m miðað við þáverandi jarðhæð. Í framhaldi af þessu kveðst hann hafa látið stefnanda í té teikningu af undirstöðu og gólfplötu hússins og hafi stefnandi greitt sér fyrir kr. 1.000.00, eða sem svaraði útlögðum kostnaði stefnda við verkið.

Hinn 28. júní 1966 kveðst stefndi Sigtryggur hafa farið aftur að Dvergasteini til að huga að rásum samkvæmt beiðni stefnanda. Við þá athugun hafi komið í ljós, að ekki hafi rásir verið grafnar í samræmi við leiðbeiningar og fyrirmæli, þar sem rás undir útvegg að austan hafi verið mun dýpri en aðrar rásir. Kveðst hann hafa áætlað dýpt hennar á þriðja metra. Hann kveðst hafa gert stefnanda grein fyrir þessu og bent honum á að steypa undirstöður í rásir svo komnar og hafi hann lagt ríka áherzlu á, að steypt yrði á óhreyfðan jarðveg. Síðan kveðst hann ekki hafa haft frekari afskipti af framkvæmdum stefnanda, fyrr en hann hafi hringt í sig og beðið sig að koma á staðinn vegna þess, að húsið hafi verið farið að hallast. Hafi húsið þá verið fokhelt. Við athugun á húsinu hafi svo komið í ljós, að það hafði sigið lítillega til austurs, einkum norðausturhorn þess. Kveðst stefndi Sigtryggur þá hafa talið rétt að fylgjast með framgangi málsins í nokkra daga og athuga, hvort sigið stöðvaðist. Er hann hafi komið á staðinn nokkru síðar, hafi verið ljóst, að sig hússins hélt áfram. Kveðst hann þá hafa tekið eftir því, að grunnplötur að austan hafi verið mjög ofarlega miðað við jarðhæð og alls ekki í samræmi við dýpt rása, sem áður var getið. Kveðst

hann hafa haft orð á þessu við stefnanda. Hafi sér verið þá orðið ljóst, að fyllt hafi verið ofan í rásir eftir athugun sína á þeim, þvert ofan í leiðbeiningar og fyrirmæli. Kveðst hann nú hafa gert stefnanda grein fyrir því, hvernig stöðva bæri frekara sig hússins, og hafi meginatriðin í þeim fyrirmælum verið í samræmi við tillögur hinna dómkvöddu matsmanna frá því í október 1967.

Undir rekstri málsins hafa komið fyrir dóminn þeir stefnandi og stefndi Sigtryggur og vitnin Geir Ágústsson, Gunnþór Kristjánsson og Sigurður Runólfsson. Þá hafa matsmenn þeir, er framkvæmdu framangreindar matsgerðir, þeir Haraldur Sveinbjörnsson verkfræðingur og Sigurður Hannesson múrarameistari, komið fyrir dóminn. Einnig hafa komið fyrir dóminn tveir menn, er dómurinn útnefndi til þess að kanna, ef auðið væri, hvort undirstöður hússins væru steyptar á óhreyfðan jarðveg, þeir Birgir Ágústsson verkfræðingur og Gunnar Óskarsson múrarameistari.

Af framburði stefnanda og stefnda Sigtryggs svo og framburðum vitnanna Geirs, Gunnþórs og Sigurðar má ráða, að stefnandi hafi sjálfur byggt hús sitt og ekki notið til þess aðstoðar byggingafróðra manna að öðru leyti en því, að bróðir hans, Sigurður, sem er húsasmíðameistari, veitti honum leiðbeiningar um nokkur atriði. Stefnandi fékk ekki byggingarleyfi fyrir byggingunni, og var ekki eftir því gengið af byggingarfulltrúa, enda virðist svo sem ákvæðum byggingarsamþykktar fyrir Eyjafjarðarsýslu nr. 189/1950, sem sett er í samræmi við lög nr. 108/1945, sbr. og lög nr. 26/1948, lítt hafa verið framfylgt. Hefur m. a. komið í ljós við munnlegan flutning málsins, að byggingarnefnd er ekki til í Glæsibæjarhreppi.

Stefndi Sigtryggur hefur samkvæmt dagbók sinni komið að Dvergasteini 8. júní, 20. júní, 28. júní og 22. nóvember 1966, en auk þess kveðst hann hafa komið eitt skipti á laugardagseftirmiðdegi og tekið út lárétta punkta í sambandi við uppslátt hæðarinnar. Stefnandi hefur haldið því fram, að stefndi Sigtryggur hafi auk þess komið og litið á járnalögn fyrir undirstöður hússins, en þessu atriði hefur Sigtryggur neitað og ekki náðst samræmi í framburðum aðilja um það.

Aðiljar eru sammála um það, að Sigtryggur hafi skoðað rásirnar, áður en steypt var í þær, hann hafi litið á uppslátt og mælt lárétta punkta og loks hafi hann tekið út húsið fokhelt. Einnig virðast þeir stefnandi og stefndi Sigtryggur hafa rætzt við í sambandi við gerð þaksins á húsinu.

Grunnrásir hafa verið grafnar, áður en fyrir lá af þeim sérteikning. Stefndi Sigtryggur rissaði inn á teikningu frá Teiknistofu landbúnaðarins í mælikarða 1:100 legu undirstöðuveggja innan útveggja, og gróf stefnandi eftir því rissi. Eftir að Sigtryggur hafði litið á rásir, sendi hann stefnanda sérteikningu af undirstöðuveggjum og járnalögn í þá, en sú teikning var í ósamræmi við þegar grafnar rásir og í ósamræmi við það lauslega riss, sem Sigtryggur hafði áður fengið stefnanda. Þegar stefnandi vakti athygli Sigtryggs á þessu, kvaðst hann hafa verið búinn að gleyma fyrri fyrirmælum sínum, en þversnið undirstöðuveggja á sérteikningu gæti eins gilt við rásir samkvæmt þeim fyrirmælum. Síðar gerði Sigtryggur sérteikningu af járnalagningu í grunnplötu, og var hún í samræmi við upphaflegt riss hans.

Vitnið Geir Ágústsson segir, að grunnrásir hafi verið 1.5—2.5 metra á dýpt og hafi þær verið dýpstar að vestan. Í rásirnar hafi verið lagt þunnt malarlag og steypujárnsbinding, en síðan steypt í þær án mótauppsláttar. Stefnandi segir, að langt sé frá því, að munur á dýpt rásanna hafi náð 1 metra, en dýpt sökkla hafi ef til vill verið 1½ metri að vestan, en minni að austan vegna jarðvegshallans.

Vitnið Geir Ágústsson hefur borið það, að rásir undir norðvesturhorni hússins hafi verið komnar niður á fast, og vitnið Gunnþór Kristjánsson hefur einnig borið það. Stefnandi hefur borið á móti þessu, og stefndi Sigtryggur kveðst eigi hafa veitt þessu eftirtekt, er hann tók út rásirnar.

Vitnin Birgir Ágústsson og Gunnar Óskarsson, sem útnefndir voru af dóminum til að kanna, hvort grunnrásir hússins væru steyptar á óhreyfðan jarðveg, töldu, að svo hafi verið að mestu leyti, og vitnið Sigurður Hannesson múrarameistari telur, að 50—70 cm séu frá neðsta lagi steypu við norðvesturhorn niður á fast. Hvort fyrst hafi verið grafið niður á fast á þessum stað og síðan fyllt upp aftur, kveðst vitnið eigi geta sagt til um. Hins vegar hafi verið grynnst niður á fast á þessum stað. Vitnið Haraldur Sveinbjörnsson verkfræðingur hefur lagt fram mælingar, sem sýna, að húsið hefur einnig sigið nokkuð við norðvesturhorn, og telur það ólíklegt, að hornið hafi sigið minna en 5 mm, ef viðmiðunarpunktar hafa ekki breytzt.

Vitnin Birgir Ágústsson og Gunnar Óskarsson haf vakið eftirtekt á því, að veggsökkull hússins sé ekki nákvæmlega rétt staðsettur á grunnplötu, þannig að hann lendir á ytri helming hennar. Er það álit vitnisins Birgis, að þetta kunni að hafa þau áhrif, að

átak komi eigi rétt á grunnflöt, en þó sé ekki gott að segja til um, hvort þetta hafi einhver áhrif í máli þessu. Álagsdreyfing grunnplötu á jarðveginn geti raskazt. Vitnið Geir Ágústsson hefur staðfest þetta atriði. Vitnið Geir hefur einnig skýrt frá því, að þegar malarlag var sett neðst í rásirnar, áður en steypt var í þær, hafi drulla og vatn runnið til í rásunum, en skurður hafi verið grafinn suðaustur úr grunninum, sem því vatni hafi verið hleypt í, og hafi sá skurður verið aðeins dýpri en rásin. Skurðurinn hafi legið út í gamlan framræsluskurð, er þarna lá nálægt. Vitnið segir, að skurður þessi hafi verið ca. 15 metra langur og hafi verið mjög mikið vatnsrennsli í skurðinum. Vitnið segist ekki muna, hver hafi gefið fyrirmæli um gerð skurðarins, en að hann hafi verið nauðsynlegur, ella hefði grunnurinn fyllzt af vatni. Vitnið Gunnþór Kristjánsson hefur staðfest þetta og sömuleiðis stefnandi, sem segir, að þegar rásirnar hafi fyllzt af vatni, hafi framræsluskurðurinn verið grafinn úr þeim. Hefur byggingarfulltrúi aldrei minnzt á það, hvort slíkt mætti eða mætti ekki. Stefnandi kveðst ekki hafa ráðfært sig við neinn byggingafróðan mann um gröft framræsluskurðarins úr rásunum.

Þá er einnig upplýst í málinu, að í ágúst 1967 var grafið fyrir frárennslislögn frá undirstöðuvegg að austan, og segir stefnandi, að vel megi vera, að sig hússins hafi aukizt við það.

Stefnandi og stefndi Sigtryggur eru sammála um það hér fyrir dóminum, að Sigtryggur hafi gefið stefnanda þær ráðleggingar í ágúst 1967, að tvær súlur yrðu settar undir austurvegg hússins til að stöðva sigið. Stefnandi var vantrúaður á, að það dygði, og sagði þá Sigtryggur við hann skömmu seinna, að þetta mundi duga, en ef stefnandi væri ánægðari með það, þá mættu þær vera fjórar.

Eigi var hafizt handa um endurbætur fyrr en 9. september 1968, en þá var farið eftir ráðleggingum dómkvöddu matsmannanna, sem fyrr greinir, frá því í október 1967. Var gólf brotið upp á sex stöðum inni í húsinu og þar grafið fyrir undirstöðum niður á fast jarðlag. Utanhúss var steypt undir undirstöðuveggi hússins á 16 stöðum niður á þétt jarðlag.

Þær endurbætur, sem síðari matsgerðin frá 20. apríl 1968 fjallar um að auki, hafa enn eigi verið framkvæmdar. Dómurinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður.

Stefndi Sigtryggur Stefánsson hefur lýst því fyrir dóminum, að hann ráðlagði stefnanda að hafa flotgrunn undir húsi sínu eftir að hafa kannað hússtæðið. Hann kveðst hafa skýrt stefn-

anda frá því, hvernig gera skyldi flotgrunninn, en ekki rætt nánar um eðli slíkrar grunngerðar, þar eð hann taldi það felast í nafninu.

Vitnið Haraldur Sveinbjörnsson verkfræðingur hefur lýst þeirri skoðun sinni fyrir dóminum, að ekki sé varlegt að byggja hús á flotgrunnum, þar sem undirstöðujarðvegur sé lífrænn. Ef hins vegar væri um leirjarðveg að ræða, gegni öðru máli, en nauðsynlegt sé þó jafnan að taka sýnishorn af undirstöðujarðvegi til rannsóknar.

Vitnið Birgir Ágústsson verkfræðingur hefur sagt fyrir dóminum, að flotgrunnar séu notaðir, þegar mjög djúpt sé á fast, en það segir, að mjög erfitt sé að fá gerðar hér á landi rannsóknir á burðarþoli undirstöðujarðvegs. Segir vitnið, að þess vegna sé reynt að komast hjá flotgrunnum vegna óvissunnar, en oft á tíðum séu þeir ódýrasta og jafnvel eina úrræðið.

Vitnið Sigurður Hannesson múrarameistari segir í vitnisburði sínum, að í hans starfi hafi flotgrunnar verið sjaldgæfir, en þeir séu notaðir, ef mjög djúpt sé niður á fast jarðlag, en þá séu þeir ódýrari. Segir vitnið, að gæta verði varúðar við þurrkun jarðvegs nálægt flotgrunnum.

Þegar framangreint er virt svo og aðstæður allar, er það álit hinna sérfróðu meðdómenda, að mjög hæpið hafi verið að ráðleggja flotgrunn undir húsið, eins og á stóð. Bæði hafi undirstöðujarðvegur verið lífrænn og misþykkur niður á fast. Það er álit hinna sérfróðu dómenda, að sig hússins hafi orðið vegna breytinga á grunnvatnsstöðu undir því og hafi þar valdið mestu skurðgröftur stefnanda frá húsinu. Þá telja hinir sérfróðu meðdómendur, að við gerð undirstöðuveggja hafi eigi nægilegrar nákvæmni verið gætt. Hinir sérfróðu meðdómendur telja einnig, að aðgerðir þær, sem stefndi Sigtryggur ráðlagði stefnanda til að bæta úr sigi hússins, hafi reynzt ófullnægjandi.

Stefndi Sigtryggur er, eins og áður segir, byggingarfulltrúi Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslna. Honum bar við starf sitt sérstaklega að gæta ákvæða laga nr. 108/1945, sbr. og lög nr. 26/1948, og í þessu tilviki bar honum að framfylgja ákvæðum byggingarsamþykktar Eyjafjarðarsýslu nr. 189/1950. Samkvæmt 11. gr. fyrstnefndra laga og 18. gr. byggingarsamþykktarinnar er hlutverk byggingarfulltrúans m. a. að fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Í byggingarsamþykktinni segir, að starfssvið byggingarfulltrúa skuli nánar tekið

fram í erindisbréfi, en við munnlegan málflutning í máli þessu var upplýst, að það hefur enn eigi verið sett.

Það er álit dómsins, að stefndi Sigtryggur hafi sem leiðbeinandi sýslunnar um húsbyggingar gefið ráðleggingar um flotgrunn undir íbúðarhúsið að Dvergasteini. Þær ráðleggingar hafi, eins og á stóð, verið afar hæpnar og hefði þurft sérstaka aðgæzlu við gerð undirstöðuveggja og einnig þurft að forðast sérhverja breytingu á grunnvatnsstöðu í húsgrunninum, ef ekki átti að koma fram sig á húsinu. Stefndi Sigtryggur hafi ekki gætt þess að brýna þessi atriði fyrir stefnanda, sem hann vissi, að ekki var byggingafróður. Dómurinn telur, að þótt framkvæmd byggingareftirlits hafi verið ámælisvert af hálfu byggingarfulltrúa, hrepps- og sýslufélags, þá skapi það eitt út af fyrir sig ekki bótarétt fyrir stefnanda, en hins vegar hafi stefnda Sigtryggi borið að sýna meiri aðgát við eftirlit með smíði hússins, eins og á stóð, en honum voru vel kunnar allar aðstæður, og hann hafði tekið að sér verkfræðilega útreikninga á undirstöðum og gólfplötu gegn sérstakri greiðslu. Beri því stefndi Sigtryggur bótaábyrgð gagnvart stefnanda í máli þessu.

Stefndi Sigtryggur hafði afskipti af húsbyggingunni að Dvergasteini sem starfsmaður stefnda sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, eins og áður er rakið. Sýslunefndin hefur eigi sett honum erindisbréf, og er það álit dómsins, að hún hafi eigi getað sýnt fram á, að stefndi Sigtryggur hafi farið út fyrir verksvið sitt í sambandi við verkfræðistörfin að Dvergasteini. Beri því sýslunefndin samkvæmt almennum reglum bótaábyrgð in solidum með stefnda Sigtryggi gagnvart stefnanda.

Það er upplýst í máli þessu, að stefndi Sigtryggur er byggingarfulltrúi fyrir Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur og einnig sérstakur trúnaðarmaður Búnaðarbankans. Fyrirkomulag á greiðslum til byggingarfulltrúans, bæði hvað snertir laun og annan kostnað við starf hans, er það, að sýslusjóður Eyjafjarðarsýslu greiðir byggingarfulltrúanum án tillits til þess, hvar hann hefur starfað í hvert skipti, en síðan endurkrefur sýslusjóðurinn Þingeyjarsýslu um ¼ hluta kostnaðarins og Búnaðarbankann um ½ hluta hans. Eins og málatilbúnaði er háttað í máli þessu, verður eigi fjallað um varakröfu sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu varðandi takmörkun bótaábyrgðar hennar við ¼ af dæmdum upphæðum.

Stefnandi annaðist sjálfur smíði húss síns án aðstoðar húsasmíðameistara. Var honum þetta heimilt að lögum. Hins vegar verður að telja hann einnig bera ábyrgð á þeim mistökum við

gerð hússins að Dvergasteini, sem ætla mætti, að byggingafróðir menn hefðu varazt.

Þegar öll málsatvik eru virt, þykir dóminum rétt, að stefnandi beri sjálfur tjón sitt að ⅓ hluta, en stefndi Sigtryggur og stefndi sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu in solidum bæti stefnanda tjón hans að ⅔ hlutum.

Stefnandi gerir svohljóðandi grein fyrir kröfuupphæð sinni:

Stefnandi fékk dómkvadda hinn 25. október 1967 tvo hæfa og óvilhalla matsmenn, og í matsgerð, dags. 29. október s. á., mátu þeir hverra ráðstafana væri þörf til að styrkja húsið og koma í veg fyrir frekara sig á því. Áætluðu þeir kostnaðinn nema kr. 90.000.00, en tóku ekki með í þeim kostnaði kostnað við að bæta úr halla á gólfi, veggjum, gluggum og klæðningu innan á útveggjum, þar sem það yrði mjög kostnaðarsamt, en þeir töldu þetta vera galla á húsinu, sem þeir treystu sér ekki til að meta til peningaverðs. Eftir að matið fór fram, komu í ljós meiri skemmdir á húsinu vegna sigs á því. Segir stefnandi, að við þetta hafi kostnaður af viðgerð á húsinu aukizt og einnig hafi orðið hækkun á almennu verðlagi haustið 1967.

Hinn 4. apríl 1968 bað stefnandi því um, að matsdómari legði fyrir hina dómkvöddu menn að taka upp matsgerðina að nýju og meta til viðbótar skemmdir, sem ekki voru komnar fram, er matið var gert, og kostnað við þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að gera við skemmdirnar, með hliðsjón af verðlagshækkunum, sem orðið hafa, síðan matið fór fram.

Matsmenn skiluðu matsgerðinni 20. apríl 1968. Matsgerðin lýsir ítarlega ástandi hússins og greinir, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til úrbóta. Er kostnaðaráætlun þar í 5 heildarliðum, sem hver um sig hefur sundurliðun á kostnaði við þau verk, sem þeim lið fylgja.

Heildarliðirnir eru þessir:

1. Undirstöður innanhúss	kostnaður kr.		53.000.00
2. Undirstöður utanhúss	—	—	41.000.00
3. Rétting innveggja og gólfs og múrhúðun útveggja	—	—	67.000.00
4. Vaxtakostnaður og hitun	—	—	39.000.00
		Kr.	200.000.00
Yfirumsjón um 7.5%	—		15.000.00
		Kr.	215.000.00

5. Rétting útveggja og glugga ..... kr. 31.000.00
Yfirumsjón um 7% ..... — 2.000.00

Kr. 248.000.00

Kostnaður við dómkvaðningu og matsgerðir o. fl. 1967 og 1968 ..... — 15.690.00

Alls kr. 263.690.00

Stefndu hafa mótmælt kröfum stefnanda sem of háum.

Eins og áður segir, hefur stefnandi þegar látið framkvæma aðgerðir þær, sem mælt var fyrir um í matsgerð frá 29. október 1967 og samsvara 1. og 2. tölulið í kostnaðaráætlun í síðari matsgerðinni frá 20. apríl 1968. Hefur hann lagt fram í málinu kostnaðarreikninga yfir það verk, en kostnaður reyndist nema kr. 84.973.24, þar af vinna stefnanda sjálfs, ósundurliðuð, kr. 12.000.00 og þóknun til hans fyrir möl, kr. 3.000.00.

Rétt þykir að taka liði 1 og 2 í kröfugerð stefnanda til greina með ..... kr. 80.000.00
Lið 3 telur dómurinn, að taka beri til greina um — 60.000.00
Liður 4 telur dómurinn, að sé hæfilega metinn .. — 13.000.00
og liður 5 ..... — 30.000.00

eða samtals kr. 183.000.00

Yfirumsjón er innifalin í þessum upphæðum.

Stefndu hafa sérstaklega mótmælt kröfu stefnanda vegna kostnaðar við dómkvaðningar og matsgerðir. Verður tekið tillit til þess liðar við ákvörðun málskostnaðar. Vextir verða dæmdir frá birtingardegi stefnu.

Samkvæmt framanskráðu verður stefndu, Sigtryggi Stefánssyni og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, gert að greiða in soldim til stefnanda kr. 122.000.00 með 7% vöxtum frá 2. nóvember 1968 til greiðsludags ásamt málskostnaði, sem ákveðst hæfilega ákvarðaður kr. 32.000.00.

Björn Friðfinnsson bæjarstjóri, skipaður setudómari í máli þessu, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Guðlaugssyni verkfræðingi og Einari Fr. Jóhannessyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Sigtryggur Stefánsson og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Björgvin Runólfssyni, kr. 122.000.00 með 7% ársvöxtum frá 2. nóvember 1968 til greiðsludags svo og kr. 32.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. febrúar 1971.

Nr. 166/1970. **Elísabet Gunnlaugsdóttir**
gegn
Eymundi Torfasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Elísabet Gunnlaugsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. febrúar 1971.

Nr. 172/1969. **Guðmundur Óskarsson**
(Hákon Árnason hdl.)
gegn
Bæjarstjóranum í Hafnarfirði
f. h. bæjarsjóðs og gagnsök
(Þorfinnur Egilsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, og samdómendurnir Steingrímur Pálsson og Oddur Benediktsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 26. september 1969, birtri 15. október 1969, og gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 286.257.92 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 76.957.00 frá 1. janúar 1967 til 1. október 1967 og af kr. 286.257.92 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. október 1969 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðiljar fullsömdu eigi um launakjör aðaláfrýjanda frá ársbyrjun 1966. Af gögnum málsins, og þá einkum bréfi gagnáfrýjanda frá 18. apríl 1966, má ráða, að gagnáfrýjanda hafi mátt vera ljóst, að aðaláfrýjandi áskildi sér rétt til hærri launa en hann veitti viðtöku. Hefur aðaláfrýjandi því eigi fyrirgert rétti til nokkurrar launauppbótar. Ber að dæma honum nokkurt ofanálag á laun þau og aukalaun, sem hann hefur þegið fyrir tímabil það, sem í málinu greinir. Eins og samskiptum aðilja er háttað, telst launabótin hæfilega metin kr. 80.000.00. Er rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða

honum þessa fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 2. apríl 1968 og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 38.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Guðmundi Óskarssyni, kr. 80.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. apríl 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 38.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, samþykkti bæjarráð Hafnarfjarðar 15. október 1964 að ráða aðaláfrýjanda til starfa sem bæjarverkfræðing frá 15. nóvember 1964 til jafnlengdar næsta ár. Um laun aðaláfrýjanda skyldi fara samkvæmt gerðardómi um laun verkfræðinga, er gildi tók 19. ágúst 1963. Bæjarráð fól bæjarstjóra að gera samninga við aðaláfrýjanda um laun hans og starfskjör. Með þeim samdist svo, að aðaláfrýjandi skyldi taka yfirverkfræðingslaun, svo sem þau voru ákveðin í III. kafla fyrrgreinds gerðardóms, en sá kafli fjallar um laun verkfræðinga hjá einkaaðiljum. Tók aðaláfrýjandi síðan laun samkvæmt samkomulagi þessu.

Hinn 16. desember 1965 samþykkti bæjarráð Hafnarfjarðar að leggja til við bæjarstjórn, að aðaláfrýjandi yrði fastráðinn sem bæjarverkfræðingur frá 15. nóvember 1965 að telja.

Fyrrgreindur gerðardómur féll úr gildi samkvæmt ákvæð-

um sínum í árslok 1965. Ekki voru þá þegar gerðir nýir kjarasamningar við verkfræðinga.

Hinn 6. janúar 1966 var aðaláfrýjanda tilkynnt, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefði samþykkt að veita honum stöðu bæjarverkfræðings frá 15. nóvember 1965 að telja. Um launakjör aðaláfrýjanda var ekki fjallað. Með bréfi 16. janúar 1966 tilkynnti gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda, að ákveðið hefði verið að greiða honum mánaðarleg aukalaun fyrir yfirvinnu, sem næmi 25 klukkustundum á mánuði. Þá yrði honum greitt fyrir setu á fundum bæjarráðs sama gjald og bæjarráðsmenn fengu. Aðaláfrýjandi tók áfram laun í samræmi við ákvæði nefnds gerðardóms og gerði þar ekki athugasemdir um. Í aprílmánuði 1966 mun aðaláfrýjandi hafa óskað þess af bæjarstjóranum í Hafnarfirði, að hann ákvæði launin skriflega, og ritaði bæjarstjórinn aðaláfrýjanda bréf 18. apríl 1966. Í bréfi þessu segir, að aðaláfrýjandi skuli taka laun hjá gagnáfrýjanda „í samræmi við laun þau, sem Stéttarfélag verkfræðinga kann að semja um á hverjum tíma um laun yfirverkfræðinga, með hliðsjón af III. taxta gerðardóms, dags. 19. ágúst 1963, skv. l. nr. 64/1963 eða ákveðið kann að verða með gerðardómi um laun yfirverkfræðinga".

Hinn 16. maí 1966 gerðu Stéttarfélag verkfræðinga og Félag verkfræðilegra ráðunauta með sér kjarasamning. Samningur þessi, sem skyldi gilda frá 1. maí 1966 til 1. maí 1967, fjallar ekki um laun né föst hlunnindi, og var gert ráð fyrir, að um þessi atriði og nokkur fleiri verði samið í ráðningarsamningum við einstaka verkfræðinga. Ekki er fram komið, að aðaláfrýjandi hafi gert athugasemd um launakjör sín þrátt fyrir samning þennan.

Hinn 28. desember 1966 gerði Stéttarfélag verkfræðinga hliðstæðan kjarasamning við Reykjavíkurborg, og skyldi sá samningur gilda frá 1. janúar 1967 til 31. marz 1968.

Stéttarfélag verkfræðinga ritaði gagnáfrýjanda bréf 8. marz 1967. Þar segir svo: „Félagsmenn Stéttarfélags verkfræðinga eru starfandi hjá Hafnarfjarðarbæ, en engir kjarasamningar milli bæjarins og félagsins hafa verið í gildi að undanförnu. Vér leyfum oss því hér með að senda yður

hjálagt afrit af kjarasamningi, sem Stéttarfélag verkfræðinga gerði við Reykjavíkurborg nú um áramótin, og bjóðum Hafnarfjarðarbæ jafnframt að gera við oss sams konar samning um kjör verkfræðinga í þjónustu bæjarins". Ekki verður séð, að gagnáfrýjandi hafi svarað bréfi þessu.

Síðari hluta júnímánaðar 1967 virðast hafa farið fram umræður um launamál milli aðilja. Hinn 20. júní 1967 ritaði aðaláfrýjandi ásamt þremur öðrum verkfræðingum gagnáfrýjanda bréf, þar sem settar eru fram ákveðnar launakröfur og að öðru leyti miðað við, að um kjör önnur skyldi fara eftir samningi Stéttarfélags verkfræðinga og Reykjavíkurborgar frá 28. desember 1966. Ekki verður séð, að bréfi þessu hafi verið svarað.

Aðaláfrýjandi hætti störfum hjá gagnáfrýjanda 30. september 1967.

Hinn 10. október 1967 ritaði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda bréf, þar sem hann taldi til skuldar hjá gagnáfrýjanda vangreidd laun, bæði fyrir dagvinnu og yfirvinnu frá árunum 1966 og 1967. Var krafa hans, að því er varðaði árið 1966, byggð á meðaltali launa almennra verkfræðinga hjá einkafyrirtækjum, en að því er varðaði árið 1967, á kjarasamningi þeim við Reykjavíkurborg, sem að framan er getið.

Ágreiningslaust er, að yfirlýsing sú, er bæjarstjóri Hafnarfjarðar gaf aðaláfrýjanda að beiðni hans 18. apríl 1966, hafi aðeins verið skrifleg staðfesting á því, hverra launakjara hann nyti, en henni hafi eigi verið ætlað að breyta kjörum hans. Bæði áður og eftir að nefnd yfirlýsing var gefin og allt til loka starfstíma aðaláfrýjanda hjá gagnáfrýjanda tók aðaláfrýjandi laun samkvæmt ákvæðum nefnds gerðardóms án þess að hreyfa athugasemdum eða skýra frá þeim skilningi sínum á yfirlýsingunni, er hann nú reisir málssókn sína á. Verður því að leggja til grundvallar, að aðaláfrýjandi hafi sætt sig við að taka laun samkvæmt gerðardómnum frá 19. ágúst 1963, þar til gengið hefði nýr gerðardómur um laun yfirverkfræðinga eða Stéttarfélag verkfræðinga hefði gert nýjan heildarkjarasamning, er kvæði á um laun þeirra.

Í kjarasamningi Stéttarfélags verkfræðinga og Félags verkfræðilegra ráðunauta frá 16. maí 1966 er ekki kveðið á um laun einstakra verkfræðinga, og virðist ráð fyrir því gert, að þeir semji sjálfir um þau við vinnuveitendur sína.

Samkvæmt þessu báru aðaláfrýjanda laun samkvæmt ákvæðum III. kafla gerðardómsins frá 19. ágúst 1963 að viðbættum almennum hækkunum og verðlagsbótum. Þar sem eigi er vefengt, að aðaláfrýjanda hafi verið greidd þau laun, ber að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum hans, að því er varðar föst laun og greiðslur fyrir yfirvinnu.

II.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, fékk aðaláfrýjandi frá upphafi starfa síns greitt fyrir störf í byggingarnefnd og skipulagsnefnd og frá ársbyrjun 1966 fyrir setu á fundum bæjarráðs. Greiðsla fyrir störf þessi var slíkur þáttur í launakjörum aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi gat eigi einhliða og gegn mótmælum aðaláfrýjanda fellt niður greiðslur þessar, nema með því að segja upp starfssamningi aðilja. Ber aðaláfrýjanda því greiðsla fyrir störf sín í nefndum þessum á árinu 1967, sem óumdeilt er, að rétt sé að reikna kr. 30.875.00. Aðaláfrýjandi hafði hins vegar eigi fengið greitt fyrir störf í heilbrigðisnefnd á árunum 1964, 1965 og 1966 og ekki um slíkar greiðslur samið, og á hann því ekki kröfu til greiðslu fyrir þau störf á árinu 1967.

III.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að aðaláfrýjandi eigi rétt til greiðslu fyrir vanreiknað orlof, kr. 16.585.20, og reikningsskilamismun, kr. 333.72.

IV.

Samkvæmt framangreindu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda kr. 47.793.72 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1967 til greiðsludags. Þá ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Guðmundi Óskarssyni, kr. 47.793.92 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1967 til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 14. júlí 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. júní s.l., hefur Guðmundur Óskarsson verkfræðingur, Digranesvegi 24, Kópavogi, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 2. apríl 1968, og framhaldsstefnu, birtri 8. þ. m., á hendur bæjarstjóranum í Hafnarfirði fyrir hönd bæjarsjóðs.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 286.257.92 með 1% vöxtum á mánuði og fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 76.957.00 frá 1. janúar 1967 til 1. október 1967, en af kr. 286.257.92 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda dæmt að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn niður falla.

Málavextir.

Stefnandi starfaði hjá stefnda sem bæjarverkfræðingur frá 15. nóvember 1964 til septemberloka 1966.

Hafði hann 6 ára starfsaldur sem verkfræðingur, er hann réðst til bæjarins.

Á bæjarráðsfundi hinn 15. október 1964 var bókað:

„Með hliðsjón af því, að bæjarverkfræðingur Jón Bergsson lætur af störfum þ. 1. nóv. n. k., samþykkir bæjarráð að leggja til við bæjarstjórn, að Guðmundur Óskarsson byggingaverkfræðingur verði ráðinn til þess að gegna starfinu frá og með 15. nóv. n. k. til jafnlengdar næsta ár og verði laun hans í samræmi við kjaradóm um laun verkfræðinga frá 19. ágúst 1963. Er bæjarstjóra falið að ganga frá samningum við hann".

Og hinn 16. desember 1965 var bókað:

„Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn, að Guðmundur Óskarsson, sem gegnt hefur störfum bæjarverkfræðings,

verði fastráðinn í starfið og gildi ráðning hans frá 15. nóvember s.l. að telja".

Meðan gerðardómur (í samþ. bæjarráðs rangnefndur kjaradómur) frá 19. ágúst 1963 var í gildi, þ. e. til ársloka 1965, tók stefnandi laun samkvæmt III. kafla hans, og voru grunnlaun hans því kr. 17.840.00 á mánuði, en III. kafli gerðardómsins fjallar um laun þeirra verkfræðinga, sem ekki eru fastráðnir hjá Reykjavíkurborg eða öðrum bæjar- eða sveitarfélögum, þar sem þeir njóta hliðstæðra lífeyrissjóðsréttinda og annarrar aðstöðu sem fastir starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Gerðardómur þessi var skipaður samkvæmt lögum nr. 64/1963 um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

Í árslok 1965 lauk gildistíma umrædds gerðardóms, án þess að nýr hliðstæður gerðardómur tæki gildi eða nýr heildarsamningur fyrir fastráðna verkfræðinga.

Stefnandi hélt þó áfram að taka laun á grundvelli gerðardómsins frá 19. ágúst 1963 að viðbættri vísitöluhækkun, unz hann lét af störfum hjá stefnda í septemberlok 1967.

Hinn 16. janúar 1966 ritaði bæjarstjórinn í Hafnarfirði stefnanda svofellt bréf:

„Það staðfestist hér með, að samkvæmt ákvörðun bæjarráðs munuð þér taka mánaðarleg aukalaun fyrir yfirvinnu hjá bæjarsjóði Hafnarfjarðar, sem nemur 25 tímum reiknuðum á eftirvinnutaxta, eins og hann miðast við föst laun á hverjum tíma.

Þá hefur orðið að samkomulagi, að þér hljótið sömu þóknun og bæjarráðsmenn fyrir setu á fundum bæjarráðs og gildi það frá og með 1. þ. m. að telja".

Og hinn 18. apríl 1966 ritar bæjarstjórinn stefnanda annað bréf, svohljóðandi:

„Í framhaldi af bréfi, dags. 16. jan. 1966, staðfestist hér með, að þér munuð taka laun hjá bæjarsjóði Hafnarfjarðar í samræmi við laun þau, sem Stéttarfélag verkfræðinga kann að semja um á hverjum tíma um laun yfirverkfræðinga með hliðsjón af III. taxta gerðardóms, dags. 19. ágúst 1963, skv. l. nr. 64/1963 eða ákveðið kann að verða með gerðardómi um laun yfirverkfræðinga".

Þessi tvö bréf segir stefnandi, að séu það eina, sem hann hafi fengið skriflegt frá vinnuveitanda sínum um launakjör sín, en um það hafi verið talað, að þegar umræddur gerðardómur gengi úr gildi, skyldi hann fá sömu laun og verkfræðingar hjá einkafyrirtækjum, ef eigi gengi í gildi annar gerðardómur um launa-

kjör verkfræðinga, hliðstæður gerðardómi frá 19. ágúst 1963.

Í aðiljayfirheyrzlu sagði stefnandi um bréfið frá 18. apríl 1966, að sér hefði fundizt rétt að fá yfirlýsingu bæjarstjórans um það, hver kjör sín væru.

Hann kvaðst ekki hafa litið svo á, að umrætt bréf hefði breytt kjörum sínum frá því, sem áður var, heldur aðeins verið staðfesting á því.

Þáverandi bæjarstjóri hefur fyrir dóminum borið, „að sér hafi upphaflega verið falið að semja við bæjarverkfræðinginn. Hafi sá samningur verið á þá leið, að verkfræðingnum yrðu greidd laun, eins og yfirverkfræðingar fengju í þjónustu einkaaðila, þ. e. skv. III. kafla gerðardóms frá 19. ágúst 1963. Hins vegar hafi ekki sérstaklega verið miðað við gildistíma gerðardómsins".

Bæjarstjórinn bar enn fremur, að „ .. þótt gerðardómur um launakjör verkfræðinga frá 19. ág. 1963 hafi fallið úr gildi um áramót 1965—1966, hafi verkfræðingarnir hjá bænum haldið áfram að taka laun samkvæmt honum, en hins vegar verið við það miðað, að ef nýr gerðardómur gengi í gildi, færu þeir að taka laun samkvæmt honum".

Tilefni bréfsins frá 18. apríl 1966 kvað bæjarstjórinn hafa verið ósk stefnanda um að fá staðfestingu á því, sem samið hafði verið um við hann í upphafi. Bréfinu hafi ekki verið ætlað að breyta launakjörum stefnanda.

Bæjarstjórinn kannaðist ekki við, að stefnandi hefði farið fram á neinar breytingar á kjörum sínum, hvað snertir föst mánaðarlaun, við sig á árinu 1966.

Hins vegar hafi stefnandi vakið athygli bæjarstjórans á því, að gerðardómurinn frá 1963 væri fallinn úr gildi.

Hinn 1. janúar 1966 tók gildi kjaradómur um laun starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar.

Var bæjarverkfræðingi raðað þar í launaflokk.

Bæjarstjórinn bar, að aldrei hefði verið við það miðað eða til þess ætlazt, að stefnandi tæki laun eftir þeim dómi.

Framburðir þriggja bæjarráðsmanna voru á líkan veg. Hvorugur aðilja byggir kröfugerð sína á þeim dómi. Kemur hann því ekki frekar til álita í máli þessu.

Af hálfu stefnanda er á því byggt í máli þessu, að fram til ársloka 1965 hafi stefnandi átt að fá laun samkvæmt III. taxta gerðardóms frá 19. ágúst 1963, hvað hann og fékk, síðan hafi átt að fara eftir því, sem annar gerðardómur kynni að ákveða eða stéttarfélag verkfræðinga kynni að semja um eða eins og

kjör gerðust hjá sambærilegum verkfræðingum á tímanum á eftir.

Stefnandi heldur því fram, að í samningum aðilja hafi falizt skuldbinding stefnda um að greiða stefnanda eigi lægri laun en yfirverkfræðingi hjá einkafyrirtæki, eftir að gerðardómur frá 1963 um laun verkfræðinga féll úr gildi. Miðar hann kröfugerð sína við meðaltalslaun slíkra verkfræðinga, eins og þau reyndust verða samkvæmt launakönnunum, er framkvæmdar voru eftir á.

Í samræmi við þennan skilning ritar stefnandi stefnda bréf, eftir að hann lét af störfum, þar sem stefnandi segir m. a.:

„Með vísun til samnings við Hafnarfjarðarbæ, sbr. bréf bæjarstjóra, dags. 18. apríl 1966, skuldbatt bæjarsjóður Hafnarfjarðar sig til að greiða mér eigi lægri laun en yfirverkfræðingi hjá einkafyrirtækjum, eftir að gerðardómur um laun verkfræðinga féll úr gildi.

Gerðardómurinn féll úr gildi 31. des. 1965, og kemur fram í meðfylgjandi skýrslu frá Hagstofu Íslands, dags. 16. maí 1967, að meðaltal daglauna almennra verkfræðinga í mínum aldursflokki árið 1966 hjá einkafyrirtækjum var kr. 266.060.00, og hafa laun yfirverkfræðinga því numið 1,3 · 266.060.00, eða kr. 345.848.00. Fyrir árið 1966 fékk ég greiddar kr. 284.282.00 í daglaun, og er þarna mismunur, sem nemur kr. 61.566.00".

Í framhaldsstefnu kemur fram hliðstæð viðmiðunartala fyrir árið 1967, sem er samkvæmt launakönnun kr. 369.187.00.

Með 30% álagi verða mánaðarlaun kr. 39.995.00, eða fyrir níu mánuði kr. 359.955.00.

Stefnandi fékk greiddar kr. 219.510.00 fyrir umrætt tímabil, og nemur mismunur þessara fjárhæða kr. 140.445.00.

Í tilvitnuðu kröfubréfi segir stefnandi enn fremur:

„Með vísun til samnings við Hafnarfjarðarbæ, sbr. bréf bæjarstjóra, dags. 16. jan. 1966, skuldbatt bæjarsjóður Hafnarfjarðar sig til að greiða mér 25 stundir á mánuði fyrir yfirvinnu.

Miðað við ofangreint áttu þessar greiðslur að vera hærri fyrir árið 1966, sem nemur kr. 61.566.00 · 1/12 · 1/100 · 25 · 12, eða kr. 15.391.00, og fyrir árið 1967, sem nemur kr. 70.389.00 · 1/9 · 1/100 · 25 · 9, eða kr. 17.597.00".

Endanleg sundurliðun kröfugerðar stefnanda er þessi:

Fyrir árið 1966:

Vangoldin daglaun	kr.	61.566.00
Vangoldin yfirvinna	—	15.391.00
	kr.	76.957.00

Fyrir árið 1967:	
Vangoldin daglaun	kr. 140.445.00
Vangoldin yfirvinna	— 17.597.00
	Kr. 158.042.00
Eftirstöðvar orlofs	— 16.585.20
Þóknun fyrir setu á nefndarfundum	— 16.940.00
Þóknun fyrir setu á fundum bæjarráðs	— 17.400.00
Mismunur við uppgjör	— 333.72
Fæst þá stefnufjárhæðin, samtals	kr. 286.257.92

Því er ómótmælt haldið fram af stefnanda, að hann hafi framvísað reikningum fyrir fjórum síðustu liðum sundurliðunarinnar, áður en hann lét af starfi. Bréfið frá 10. október 1967 hafi hins vegar verið fyrsta sundurliðaða skriflega kröfugerðin til stefnda fyrir kaupmismun, en hann hafi vakið máls á því við bæjarstjóra fyrst á árinu 1966, að gerðardómurinn væri fallinn úr gildi, og bréfið frá 18. apríl verið afleiðing af þeim viðræðum. Kvaðst stefnandi hafa talið, að það bréf væri viðurkenning á því, að hann væri ekki á þeim launum, sem hann teldi rétt, og það skipti því ekki máli, hvenær sundurliðaðar skriflegar kröfur væru settar fram. Viðmiðun hafi heldur ekki verið fyrir hendi fyrir árið 1966, fyrr en niðurstöður launakönnunar Hagstofunnar fyrir árið 1966 lágu fyrir, en launakönnunin er dagsett 16. maí 1967. Hafi stefnanda því eigi verið unnt að bera fram sundurliðaðar og rökstuddar launakröfur, fyrr en hann gerði. Endanleg viðmiðun fyrir árið 1967 hafi ekki legið fyrir fyrr en undir mitt ár 1968 og því sé framhaldsstefnt fyrir hluta af kaupmismun 1967.

Bæjarstjóraskipti urðu um bæjarstjórnarkosningarnar 1966, og telur stefnandi sig hafa rætt málið á sama grundvelli við hinn nýja bæjarstjóra og bent honum á, að hann teldi sig ekki hafa rétt laun. Hafi hinn nýji bæjarstjóri lofað að ræða þetta við bæjarráð, en ekkert muni hafa verið gert í málinu.

Í greinargerð stefnda er sýknukrafa af hans hálfu, hvað við kemur kaupmismun, rökstudd svo:

„Stefnandi hélt þó áfram að taka laun á grundvelli gerðardómsins frá 19. ágúst 1963, að viðbættri vísitölu, unz hann lét af störfum hjá stefnda, þar sem laun hans þannig reiknuð voru

nokkru hærri en laun í 26. flokki kjaradómsins, og ekki þótti rétt að lækka hann í launum frá því, sem verið hafði.

Hinn 18. apríl 1966 ritaði þáverandi bæjarstjóri stefnanda bréf og staðfesti, að hann myndi taka laun hjá bæjarsjóði í samræmi við þau laun, er stéttarfélag verkfræðinga kynni að semja um á hverjum tíma um laun yfirverkfræðinga með hliðsjón af III. taxta gerðardóms frá 19. 8. 1963 eða ákveðið kynni að verða með gerðardómi um laun yfirverkfræðinga.

Nú hafa hinsvegar engir slíkir heildarsamningar verið gerðir fyrir fastráðna verkfræðinga né heldur hefir nýr gerðardómur um launakjör verkfræðinga verið kveðinn upp, þannig að ekki er um neinn kjarasamning eða gerðardóm að ræða, er komið hafi í stað gerðardómsins frá 19/8 1963. ...

Samkvæmt framansögðu telur umbj. m., að í verki hafi stofnazt samningur um, að stefnandi tæki laun með framangreindum hætti frá 1. janúar 1966 og hafi stefnandi að fullu fengið greidd þau laun, sem honum bar fyrir umrætt tímabil, en af því leiðir, að ekki er heldur um neina vangoldna yfirvinnu að ræða".

Um kröfu stefnanda vegna vangoldinna mánaðarlauna og yfirvinnu.

Stefnandi tók samkvæmt samningi aðilja laun eftir III. taxta gerðardóms frá 19. ágúst 1963 að viðbættri vísitöluuppbót, þar til gerðardómurinn féll úr gildi um áramótin 1965—1966.

Gerðardómurinn féll úr gildi um nefnd áramót, án þess að aðiljar gerðu með sér nýjan samning, svo að sannað sé, og stefnandi hélt því áfram að taka laun eftir fyrri samningi.

Aðiljar sömdu svo með sér samkvæmt bréfi bæjarstjóra frá 18. apríl 1966, að laun stefnanda skyldu breytast, ef ákveðin atvik, sem þar eru talin, gerðust, þ. e. annað tveggja, að stéttarfélag verkfræðinga gerði nýja samninga um laun yfirverkfræðinga eða gerðardómur gengi um launakjör þeirra.

Hvorugt þessara atvika gerðist.

Báru því stefnanda áfram laun í samræmi við gerðardóminn frá 1963.

Þau laun hefur hann fengið að viðbættum vísitöluhækkunum og 7% grunnkaupshækkun, er opinberir starfsmenn fengu frá 1. janúar 1966.

Ber því að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Um eftirstöðvar orlofs.

Fjárhæð þessa kröfuliðar er kr. 16.585.20 og sundurliðast þannig:

Unnir orlofsdagar sumarið 1966, 7 dagar á kr. 975.60 .. .. kr. 6.829.20
Unnir orlofsdagar sumarið 1967, 10 dagar á kr. 975.60 .. .. — 9.756.00

Samtals kr. 16.585.20

Stefnandi gaf þá skýringu á þessum kröfulið við aðiljayfirheyrslu, að yfir sumarið, þegar útivinna sé í fullum gangi, sé oft erfitt fyrir bæjarverkfræðing að komast í sumarfrí. Hafi hann því orðið að taka sumarfríið sundurslitið, fáa daga í einu, og niðurstaðan hafi orðið sú, að eftir hafi orðið þessir óteknu orlofsdagar.

Stefnandi sagði, að sumarið 1967 hefði bæjarstjóri beðið sig fyrir alla muni að hefja aftur vinnu, þegar hann var búinn að vera 11 daga í sumarfríi, enda hafi legið mikið fyrir.

Það er viðurkennt af bæjarstjóranum, að honum hafi verið kunnugt um, að stefnandi tók sumarfríið sundurslitið. Einnig að bæjarverkfræðingurinn hafði mjög frjálsar hendur um það, hvenær hann tók sína sumarleyfisdaga, og fór við ákvörðun á því eftir því, hvernig á stóð með verkefni.

Verkfræðingurinn tilkynnti bæjarstjóranum um, hvenær hann fór í sumarleyfi, en annaðist sjálfur talningu á fjölda daganna.

Bæjarstjórinn hefur haldið fram, að sér hafi ekki verið kunnugt um annað en stefnandi hafi tekið alla sína orlofsdaga umrædd ár, og enn fremur hefur hann mótmælt því, að hann hafi kallað stefnanda til starfa eftir 11 daga sumarfrí sumarið 1967.

Kröfuliðnum hefur ekki verið mótmælt reikningslega.

Þar sem upplýst er, að stefnandi var athugasemdalaust látinn um að ákveða, hvort og hvenær hann tæki sína orlofsdaga, og var einnig látinn einn um að hafa tölu á þeim, þykir rétt að taka þennan kröfulið til greina.

Um þóknun fyrir setu á fundum bæjarráðs og annarra nefnda.

Stefnandi krefst þóknunar að fjárhæð kr. 17.400.00 fyrir setu á fundum bæjarráðs, er hann sundurliðar þannig:

Vegna setu á fundum bæjarráðs árið 1967, 9 mán. á kr. 2.200.00 .. .. kr. 19.800.00
÷ ofgreitt frá fyrra ári vegna bæjarráðsfunda .. — 2.400.00

Samtals kr. 17.400.00

Enn fremur krefst stefnandi þóknunar fyrir setu á fundum eftirtalinna nefnda á árinu 1967:

Byggingarnefnd, 12 fundir á kr. 385.00	kr.	4.620.00
Skipulagsnefnd, 23 fundir á kr. 385.00	—	8.855.00
Heilbrigðisnefnd, 9 fundir á kr. 385.00	—	3.465.00
	Samtals kr.	16.940.00

Samanlagt nema þessir liðir kr. 34.340.00.

Áður er vitnað til bréfs þáverandi bæjarstjóra til stefnanda, dags. 16. janúar 1966, þar sem segir, að orðið hafi að samkomulagi, að stefnandi hlyti sömu þóknun og bæjarráðsmenn fyrir setu á fundum bæjarráðs frá 1. janúar 1966 að telja.

Bæjarstjórinn, er bréfið ritaði, hefur fyrir dóminum borið, að með orðinu „samkomulag" í tilvitnuðu bréfi sé átt við samkomulag, er orðið hafi milli bæjarstjórnarinnar og stefnanda á fundi, þar sem málið var rætt og stefnandi var sjálfur mættur.

Bæjarstjórinn bar einnig, að stefnandi hefði farið fram á greiðslur vegna bæjarráðsfunda, „vegna þess að hann hafi verið óánægður með að hafa ekki hærri laun en hinir verkfræðingarnir".

Þá er og upplýst, að stefnandi fékk frá upphafi og til ársloka 1966 greitt fyrir störf sín í byggingarnefnd og skipulagsnefnd, en heilbrigðisnefnd var ólaunuð þar til frá ársbyrjun 1967.

Í enga þessara nefnda var stefnandi kjörinn, heldur sat fundi þeirra samkvæmt stöðu sinni.

Hinn 17. janúar 1967 var í bæjarstjórn gerð svofelld samþykkt:

„Bæjarstjórn samþykkir, að fastráðnir forsvarsmenn bæjarstofnana fái eigi greitt sérstaklega fyrir setu á stjórnarfundum eða nefndarfundum, sem heyra til starfi þeirra eða þeir eru kvaddir til fundar til upplýsinga eða ráðuneytis. Sama gildir og um aðra fastráðna starfsmenn, enda falli þá slík störf á fastákveðinn starfstíma þeirra. Að öðrum kosti fái þeir sömu þóknun sem aðrir stjórnar- eða nefndarmenn.

Þetta nær þó eigi til þess, er fastráðinn starfsmaður er af bæjarstjórn kjörinn til stjórnar- eða nefndarstarfa".

Stefnandi bar fyrir dóminum, að hann hefði fengið bréf um þessa samþykkt, skömmu eftir að hún var gerð.

Hefði hann þá haft samband við Kristin bæjarstjóra og sagt honum, að hann teldi ekki stætt á svona ákvörðun, sem tekin

hefði verið einhliða og gegn mótmælum þess aðilja, sem verið var að rýra kjörin hjá. Hefði hann strax ákveðið að gera reikning fyrir nefndarstörfunum um næstu áramót eins og hin árin.

Stefnandi tók við yfirheyrsluna fram, að í kröfugerð sinni krefjist hann aðeins þóknunar fyrir þá fundi, sem hann sat.

Hann tók einnig fram, að hann hefði mætt mjög vel á umræddum fundum.

Byggingarnefnd hefði alltaf verið með fundi sína fyrir hádegi, skipulagsnefndarfundir hafi ýmist verið haldnir á morgnana eða í eftirmiðdag og þá oft staðið fram til kl. 1900, fundir heilbrigðisnefndar hafi verið haldnir kl. 1600—1800 að deginum.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfuliðum. Stefnanda hafi verið tilkynnt um ákvörðun bæjarstjórnar hinn 17. janúar 1967. Fundirnir hafi að mestu eða öllu leyti farið fram í reglulegum vinnutíma stefnanda. Hann hafi heldur ekki mætt reglulega á fundum né setið út þá fundi, sem hann mætti á.

Rétturinn telur, að líta verði á umræddar greiðslur sem hluta af umsömdum launakjörum stefnanda.

Samþykkt bæjarstjórnar frá 17. janúar 1967 beri að virða sem uppsögn á samningi aðilja um þessi atriði.

Stefndi telst hafa átt þriggja mánaða uppsagnarfrest í samræmi við gerðardóminn frá 19. ágúst 1963.

Ber því samkvæmt þessu að dæma honum þóknun fyrir setu á bæjarráðsfundum og á fundum byggingarnefndar og skipulagsnefndar út aprílmánuð 1967.

Því tildæmast undir þessum lið kr. 12.388.88.

Um mismun við uppgjör.

Fjárhæð þessa kröfuliðar er kr. 333.72.

Hann er þannig fundinn, að samkvæmt uppgjöri stefnda átti stefnandi inni kr. 36.333.72, er hann lét af störfum.

Stefndi greiddi síðan Gjaldheimtunni í Rekjavík kr. 36.000.00 fyrir stefnanda.

Mismunur þessara fjárhæða er kr. 333.72.

Kröfuliður þessi telst nægilega rökstuddur, enda ekki mótmælt sérstaklega af stefnda.

Verður hann því tekinn til greina að fullu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn hluta málskostnaðar.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Hafnarfjarðar, greiði stefnanda, Guðmundi Óskarssyni, kr. 29.307.80 ásamt 8% vöxtum frá 1. október 1967 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 1. febrúar 1971.

Nr. 191/1969. **Preben Skovsted**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Karli Einarssyni og
Kristens Sigurðssyni
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. október 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum kr. 6.820.00 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Er stefndu keyptu fyllingarefni það, sem í málinu greinir, skýrði áfrýjandi stefnda Karli frá því, að efnið væri ekki nýtt og að hræra þyrfti það upp fyrir notkun, að undanskildum 14 kg, er áfrýjandi hrærði upp sem sýnishorn. Fengu stefndu efnið af þessum ástæðum fyrir lægra verð en ella. Stefndu endurseldu byggingarfélaginu Breiðholti h/f allt efnið, og að því er virðist á svipuðu verði og almennt var á nýju efni. Er til kom, notaði Breiðholt h/f aðeins 10—14 kg af efninu, en afganginn tók áfrýjandi í skiptum fyrir

annað efni algerlega gallalaust. Hefur Guðjón Högni Pálsson, birgðavörður Breiðholts h/f, lýst atvikum að því svo, að hann hafi sagt áfrýjanda frá því, „að efnið væri gallað og sennilega gætu þeir ekki notað það". Hafi áfrýjandi þá boðizt til að taka hið gallaða efni og bæta Breiðholti h/f það. Sjálfur hefur áfrýjandi skýrt svo frá, að Breiðholt h/f hafi getað notað þau 14 kg af efninu, sem hann var búinn að hræra upp, en „auk þess hafi þeir reynt að nota eitthvað meira, en það hafi ekki tekizt, þar sem þeir hafi þá ekki vitað, að þurft hafi að hræra upp það, sem verið hafi í hinum dósunum".

Ekki hefur verið leitt nægilega í ljós, að fyllingarefnið frá áfrýjanda hafi verið ónothæft, ef fylgt var leiðbeiningum hans um notkun þess. Ekki er heldur sannað, að efni þetta hafi að öðru leyti verið lakara að gæðum en stefndu máttu vænta af verði þess og frásögn áfrýjanda, og engu skiluðu þeir honum af efni því, sem þeir telja sig hafa bætt Breiðholti h/f með öðru nýju. Verður, eins og atvikum er háttað, að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda hina kröfðu fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Stefndu, Karl Einarsson og Kristens Sigurðsson, greiði áfrýjanda, Preben Skovsted, kr. 6.820.00 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. þ. m., hefur Preben Skovsted stórkaupmaður, Barmahlíð 56, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. og 19. júní 1968, á hendur Karli Einarssyni kaupmanni, Álfhólsvegi 8, Kópavogi, og Kristens Sigurðssyni, Vesturbraut 9, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að

fjárhæð kr. 6.820.00 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. maí 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær, að stefnukrafan verði lækkuð um kr. 3.220.00, vextir felldir niður og stefndu verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að vorið 1968 keyptu stefndu 62 kg af fyllingarefni hjá stefnanda. Efni þetta er af gerðinni Boxer Plast H 25 og kostar kr. 110.00 hvert kg, eða samtals kr. 6.820.00. Reikningur um kaup þessi er dagsettur 24. apríl 1968 og stílaður á Verzlunina Álfhól við Álfhólsveg í Kópavogi, en stefndu eru sameigendur þeirrar verzlunar og reka hana með ótakmarkaðri ábyrgð. Efni þetta var í þremur 14 kg dunkum og tveimur 10 kg. Þar sem efni þetta hafði staðið nokkurn tíma hjá stefnanda, kveður hann hafa verið komið botnfall í dunkana og því þurft að hræra efnið upp, áður en það yrði notað til fyllingar. Kveðst stefnandi sjálfur hafa verið búinn að hræra upp 14 kíló af efninu, en afgangurinn verið óupphrærður. Stefnandi segist hafa sagt stefnda Karli Einarssyni, að hræra þyrfti upp efnið. Jafnframt getur stefnandi þess, að stefndu hafi fengið efnið af þessum sökum á lægra verði heldur en ef um hefði verið að ræða efni, sem tilbúið væri strax til notkunar. Hafi hann selt efnið á kr. 110.00 kg, en efni tilbúið til notkunar hafi þá kostað kr. 164.00 kg.

Stefndu seldu byggingarfélaginu Breiðholti h/f síðan efni þetta. Hefur stefnandi borið, að Karl Einarsson hafi tjáð sér, þegar hann keypti efni þetta hjá stefnanda, að hann væri búinn að tala við fyrirsvarsmenn Breiðholts h/f og sagt þeim, hvers konar efni þetta væri. Hafi þeir samt sem áður gjarnan viljað kaupa efnið vegna verðsins, þótt þyrfti að hræra það upp, enda hefðu þeir til þess vélar.

Þegar til kom gat byggingarfélagið Breiðholt h/f ekki notað nema lítinn hluta af efni þessu, 10—14 kg, að því er vitnið Guðjón Högni Pálsson, birgðavörður hjá Breiðholti h/f, hefur borið hér fyrir réttinum. Kvað hann þetta hafa stafað af því, að örður hafi verið í efninu, og því eigi verið unnt að nota það nema til fyllingar í dýpstu holur, en síðan hafi þurft að fylla endanlega yfir holurnar með ógölluðu efni.

Leiddi þetta til þess, að stefnandi bætti byggingarfélaginu Breiðholti h/f hið gallaða efni með því móti að afhenda því 40 kg

dunk af ógölluðu Boxer Plast efni af gerðinni H 85, en taka aftur hið gallaða efni, sem eigi var unnt að nota, um það bil 50 kg.

Áður en þetta gerðist, hafði stefndi Karl Einarsson afhent Breiðholti h/f 14 kg af ógölluðu fyllingarefni af gerðinni Boxer Plast H 85. Kvað Karl þetta hafa verið fyllingarefni, sem hann hafi áður verið búinn að kaupa hjá stefnanda. Karl Einarsson kvaðst hafa látið efni þetta af hendi við Breiðholt h/f samkvæmt beiðni Guðjóns Högna Pálssonar, birgðavarðar Breiðholts h/f. Hafi nefndur Guðjón boðið sér greiðslu fyrir efni þetta, en stefndi Karl Einarsson kvaðst hafa sagt, að það væri óþarfi, þar sem þetta efni kæmi upp í gallaða efnið. Það er ágreiningslaust í málinu, að stefndi Karl Einarsson hafi afhent byggingarfélaginu Breiðholti h/f þetta magn af fyllingarefni án þess að taka greiðslu fyrir.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndi Karl Einarsson hafi vitað, að efni það, sem hér um ræðir, hafi verið gallað. Allt að einu hafi hann keypt það, enda fengið það á afsláttarverði, svo sem að framan greinir. Honum hafi ekki borið nein skylda til að bæta byggingarfélaginu Breiðholti h/f með þeim 14 kg, er hann gerði, enda hafi fyrirsvarsmaður Breiðholts h/f boðizt til þess að greiða stefnda Karli Einarssyni fyrir efni þetta, en hann hafnað því boði. Beri stefndu því að greiða stefnanda reikningsfjárhæðina, enda geti þeir ef til vill enn fengið greitt fyrir þau 14 kg af fyllingarefni, sem byggingarfélaginu Breiðholti h/f hafi verið afhent án greiðslu.

Stefndu byggja dómkröfur sínar á því, að efni það, sem um er deilt í máli þessu, hafi verið það gallað, að einungis hafi verið unnt að nota óverulegan hluta þess. Hafi þeim því borið að bæta viðsemjanda sínum hið gallaða efni. Það hafi þeir gert að nokkru leyti með því að láta byggingarfélagið Breiðholt h/f hafa 14 kg af fyllingarefni í eins kg umbúðum. Hver kílódós kosti kr. 230.00, og 14 kílódósir kosti því samtals kr. 3.220.00. Þá fjárhæð beri því að draga frá stefnukröfunni. Jafnframt benda stefndu á, að þeir hafi verið reiðubúnir að greiða stefnanda kröfu hans, ef hann dræg þessi 14 kg frá, og þá til samkomulags á sama verði og stefnandi reikni þeim, þ. e. kr. 110.00 fyrir hvert kg. Málssókn þessi sé því algerlega að ófyrirsynju, en stefndu reikni nú, úr því að til málaferla hafi komið, með raunverulegu verði á hinum 14 kg, þ. e. kr. 230.00 fyrir hvert kg.

Stefndu bar sem viðsemjendum byggingarfélagsins Breiðholts h/f að bæta því hið ónothæfa fyllingarefni. Það gerðu þeir að

nokkru leyti með því að afhenda án endurgjalds nefndum viðsemjanda sínum 14 kg af Boxer Plast H 85, áður en stefnandi bætti sjálfur fyrirtæki þessu hið ónothæfa efni. Verður lækkunarkrafa stefndu því tekin til greina. Samkvæmt þessu eru stefndu dæmdir til að greiða stefnanda kr. 3.600.00 ásamt vöxtum, er ákveðast 7% ársvextir frá 1. maí 1968 til greiðsludags.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Karl Einarsson og Kristens Sigurðsson, greiði stefnanda, Preben Skovsted, kr. 3.600.00 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1968 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1971.

Nr. 26/1970. **Hraðfrystihús Patreksfjarðar h/f**
(Kristinn Einarsson hrl.)
gegn
Hraðfrystistöð Vestmannaeyja
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. janúar s. á. Krefst hann þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda kr. 122.000.00 með 8% ársvöxtum frá 20. marz 1969 til greiðsludags, en stefnda verði gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða

kr. 122.000.00 með 8% ársvöxtum frá 6. marz 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Taka ber til greina kröfu stefnda um upphafstíma vaxta, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 39/1922. Verður því áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda kr. 122.000.00 með 8% ársvöxtum frá 6. marz 1968 til greiðsludags. Áfrýjandi hafði ekki uppi varnir í héraði. Ber því að dæma hann til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hraðfrystihús Patreksfjarðar h/f, greiði stefnda, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, kr. 122.000.00 með 8% ársvöxtum frá 6. marz 1968 til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 23. júní 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Einari Sigurðssyni forstjóra f. h. Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 11. apríl 1969, birtri 19. s. m., á hendur Boga Þórðarsyni framkvæmdastjóra, Aðalstræti 116, Patreksfirði, f. h. Hraðfrystihúss Patreksfjarðar h/f, Aðalstræti 63, Patreksfirði, til greiðslu skuldar samkvæmt úttektarreikningi að fjárhæð kr. 167.750.00 ásamt með 8% ársvöxtum frá 6. marz 1968 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnukrafan er andvirði 30.500 kg af frystri loðnu, sem stefnandi sendi stefnda með m/s Herjólfi frá Vestmannaeyjum hinn 6. marz 1968. Stefnandi reiknar verðið kr. 5.50 hvert kg, og kemur þá út stefnukrafan, kr. 167.750.00.

Stefndi lét mæta við þingfestingu 8. maí s.l. og fékk 3ja vikna frest til greinargerðar, eða til 29. maí s.l. Þann dag fékk hann

framhaldsfrest í sama skyni í 2 vikur, eða til 12. þ. m. Þann dag beiddi hann enn um framhaldsfrest til greinargerðar, og var honum synjað af stefnanda um frekari frest í málinu. Gekk atriðið undir úrskurð, og með úrskurði, uppkveðnum 19. þ. m., var frestbeiðninni synjað. Lögðu þá báðir aðiljar málið undir dóm.

Stefnandi hefur lagt fram reikning yfir hina umstefndu skuld, og eru kröfur hans í málinu í samræmi við reikninginn. Engir gallar virðast vera á málatilbúnaði stefnanda, er varða eigi frávísun ex officio, og þar sem stefndi lét mæta og hélt ekki uppi neinum andmælum, þykir bera að taka kröfur stefnanda að öllu leyti til greina.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 19.800.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Bogi Þórðarson f. h. Hraðfrystihúss Patreksfjarðar, greiði stefnanda, Einari Sigurðssyni f. h. Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, kr. 167.750.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 6. marz 1968 til greiðsludags og kr. 19.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1971.

Nr. 244/1970. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Friðrik Ágúst Hjörleifssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með

talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Friðrik Ágúst Hjörleifsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 5. október 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 14. september s.l., á hendur Friðrik Ágúst Hjörleifssyni verkamanni, Grænuhlíð 7, Vestmannaeyjum:

I. Fyrir að aka sunnudagsmorguninn 26. apríl 1970 undir áhrifum áfengis bifreiðinni V 736 frá Grænuhlíð 7 sem leið liggur niður á Nausthamarsbryggju og þaðan að verkamannaskýlinu á Básaskersbryggju, þar sem lögreglan hindraði frekari akstur ákærða.

Í ákæruskjali er þetta talið varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

II. Fyrir að aka laugardaginn 18. júlí 1970, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni V 736 frá heimili sínu við Grænuhlíð og suður Helgafellsbraut, þar sem lögreglan stöðvaði akstur hans.

Í ákæruskjali er þetta talið varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Í ákæruskjali er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, Friðrik Ágúst Hjörleifsson, er fæddur 16. nóvember 1930 í Vestmannaeyjum, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1948 28/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir óspektir.
1951 14/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir óspektir og ölvun.

1951 27/11 í Vestmannaeyjum: Dómur: 800 kr. sekt, 800 kr. skaðabætur, fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga og lögreglusamþykkt Vestmannaeyja.

1952 27/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 150 kr. sekt fyrir óspektir og ölvun.

1953 8/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir sama.

1959 6/5 í Vestmannaeyjum: Dómur: 12 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 2/11 1958, fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.

1962 26/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1962 13/11 í Vestmannaeyjum: Kærður fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga. Refsikrafa afturkölluð, enda greiði kærði Birni Karlssyni kr. 6.000.00 í skaðabætur.

1968 30/3 í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir brot á 231. gr. hegningarlaga.

1970 2/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 25.000.00 kr. sekt fyrir brot gegn 38. gr. laga nr. 68/1956, 3. gr. laga nr. 58/1954, 12. gr. laga nr. 69/1928.

Málavextir eru þessir.

Hinn 26. apríl 1970, kl. 1120, barst lögreglunni í Vestmannaeyjum boð um, að ákærði væri að aka bifreiðinni V 736 undir áhrifum áfengis á Nausthamarsbryggju í Vestmannaeyjum. Lögreglumenn fóru að leita bifreiðarinnar og fundu hana við verkamannaskýlið á Básaskersbryggju. Bifreiðin var þá mannlaus, en vél hennar í gangi. Ákærði sat inni í verkamannaskýlinu og var áberandi ölvaður, og var hann fluttur í lögreglustöðina, þar sem Einar Guttormsson læknir tók blóðsýnishorn úr honum kl. 1207 þennan sama dag. Lögregluvarðstjóri tók skýrslu af ákærða kl. 1130 s. d., og kom þar fram, að ákærði hafði ekið bifreiðinni V 736 frá heimili sínu sem leið liggur niður á Nausthamarsbryggju og þaðan á Básaskersbryggju, þar sem hann stöðvaði bifreiðina og fór inn í verkamannaskýlið. Jafnframt viðurkenndi ákærði fyrir varðstjóra, að hann hefði drukkið blöndu af áfengi (Vodka) þennan morgun kl. 1100, og er ákærði kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja hinn 11. júní s.l., kvaðst hann hafa fundið lítið eitt til áfengisáhrifa við aksturinn.

Í áðurgreindu réttarhaldi hinn 11. júní s.l. var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða. Hinn 18. júlí stöðvaði lögreglan í Vestmannaeyjum bifreiðina V 736 á Ásavegi hér í bæ, en ákærði var þá við stjórn hennar. Fyrir sakadómi Vestmannaeyja hinn 23.

júlí s.l. viðurkenndi ákærði að hafa verið sér þess meðvitandi, að hann hefði verið sviptur ökuréttindum.

Blóðsýnishorn það, er tekið var úr ákærða hinn 26. apríl s.l., var sent til alkóhólákvörðunar, og fundust í því „reducerandi" efni samsvarandi 1.40‰ af alkóhóli.

Af framanrituðu þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um brot þau, er í ákæruskjali greinir, og því unnið til refsingar samkvæmt þeim lagaákvæðum, er í ákæruskjali eru rétt tilgreind, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Ákærði er samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 sviptur ökuleyfi í 14 mánuði miðað við 11. júní 1970, enda falli bráðabirgðaökuleyfissvipting, er ákærði hlaut að sæta þann dag, jafnframt úr gildi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Ágúst Hjörleifsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 14 mánuði miðað við 11. júní 1970.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. febrúar 1971.

Nr. 204/1970. **Jón Jónsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Birni Pálssyni
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Eignarréttur. Hefð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1970. Hann hefur hinn 24. nóvember s. á. fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti. Krefst hann þess, að synjað verði um viðurkenningu á eignarrétti stefnda á hryssu þeirri, sem málið fjallar um. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði úr hendi stefnda og svo fyrir Hæstarétti, svo sem málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsefni og málsgögnum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt gögnum málsins verður við það að miða, að markið á hryssunni sé ekki mark stefnda, en stefndi hefur ekki óskað yfirskoðunar á markaskoðun dómkvaddra manna, sem lýst er í héraðsdómi. Vegna þessa og samkvæmt gögnum málsins að öðru leyti verður ekki fallizt á aðalmálsástæðu stefnda fyrir viðurkenningu á eignarrétti hans að hryssunni. Hins vegar verður að telja, að stefndi hafi haft eignarhald á hryssunni hefðartíma fullan, 10 ár, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905, og voru þau umráð eigi með þeim hætti hugrænt, að varnað gæti því, að eignarréttur ynnist fyrir hefð. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með tilvísun til

forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 26. september 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 29. f. m., hefur Björn Pálsson bóndi, Ytri-Löngumýri, Svínavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, höfðað fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu með stefnu, útgefinni hinn 16. nóvember 1969, á hendur Jóni Jónssyni, Öxl, Sveinsstaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Málavextir eru þessir:

Í stóðrétt í Auðkúluhreppi haustið 1967 var brúnskjótt hryssa dregin stefnda, eftir að markaskoðun hafði farið fram á henni. Stefnandi, sem verið hafði í stóðréttinni, en hafði farið þaðan, áður en drætti var lokið, taldi við nánari athugun, að sig vantaði eina af hryssum sínum, sem verið hefði í stóðinu. Stefndi hafði óskað eftir því, að frekari markaskoðun færi fram, og af því tilefni farið þess á leit við oddvita Sveinsstaðahrepps, að hann tilnefndi markalýsendur. Markaskoðun þessa framkvæmdu þeir Pálmi Zophóníasson bóndi, Bjarnastöðum, og Magnús Sigurðsson bóndi, Litlu-Giljá. Um skoðun þessa gáfu þeir síðan svofellda yfirlýsingu, dags. hinn 17. október 1967.

„Lýsing á hrossum, sem komu úr Kúlurétt 1/10 og eru geymd á Litlu-Giljá.

1. Brúnskjótt hryssa, gömul.
   Mark: Heilt hægra.
   Blaðstíft framan, vaglskora aftan vinstra.
2. Ljósaskjóttur. Blesóttur foli 3—4 vetra.

Mark: Heilt hægra eyra.
Líkast fjaðrir tvær framan vinstra".

Í dagblaðinu Tímanum, sem út kom hinn 5. nóvember 1967, hafði stefndi birt svofellda tilkynningu, sem dagsett var hinn 29. október:

„Í stóðrétt Svínvetninga, Auðkúlurétt, 1. okt. s.l. var mér undirrituðum dregin brúnskjótt hryssa með mínu marki, sem er blaðstýft fr. vaglskora aftan á vinstra eyra. Aldur gæti verið 18—20 ár. Hryssu með þessum lit og þessu marki hefir mig vantað s.l. 16 ár og því augljóst, að umrædd hryssa geti verið mín eign.

Þrátt fyrir það vil ég ekki láta hjá líða, þar sem ávallt er nokkuð um sammerkingar, að skýra frá atburði þessum í víðlesnu blaði, svo að þeim, er kynni að vanta hryssu á þessum aldri, með ofanskráðum lit og marki, gefist kostur á að skoða hrossið og færa líkur að eignarrétti, ef svo félli.

Öxl, Austur-Húnavatnssýslu".

Stefnandi fékk nú tvo af nágrönnum sínum, Pál Pétursson, bónda á Höllustöðum, og Halldór Eyþórsson, bónda á Syðri-Löngumýri, til að skoða mark á hryssu þeirri, sem dregin hafði verið stefnda. Fengu þeir með sér til fararinnar Kristján Sigfússon, bónda á Húnsstöðum, sem var annar réttarstjórinn í Auðkúlurétt. Að skoðun lokinni gáfu þeir svofellda yfirlýsingu:

„Við undirritaðir höfum skoðað brúnskjótta hryssu, sem kom fyrir í Auðkúlurétt 1. okt. 1967. Eftir að einn af töfludráttarmönnum hafði skoðað hana lauslega, var ákveðið að bjóða Jóni í Öxl í Sveinsstaðahreppi merina.

Hryssu þessa þekkjum við, og hefur hún verið á Ytri-Löngumýri, frá því við fyrst munum eftir henni. Þess má geta, að hryssa þessi var einu sinni skilin eftir hjá Hanskafelli á Auðkúluheiði í fyrri göngum, og kom hún þá hölt á framfæti framan úr Seyðisárdrögum.

Við skoðuðum markið á hryssunni vandlega, og lýstum við því þannig: Markleysa aftan hægra. Blaðstíft framan og líkast fjöður aftan vinstra.

Þess má geta, að ef fingri er strokið niður hægra eyra aftanvert, verður maður var við missmíði á eyranu. Um undirben á vinstra eyra gegnir því máli, að glögglega finnst fyrir broddi fremst í undirbeninu neðanvert. Við höfum aldrei séð vaglskoru á hrossi með þessu lagi, en hinsvegar skemmdar fjaðrir.

Álit okkar er það, að Björn Pálsson eigi hryssu þessa.

Höllustöðum, 12/11 1967.
Páll Pétursson, Höllustöðum.
Halldór Eyþórsson, S.-Löngumýri.

Er samþykkur ofanritaðri markalýsingu, en hef ekki aðstöðu til að þekkja hryssuna.

Kristján Sigfússon, Húnsstöðum.
(réttarstjóri)".

Yfirlýsingu þessa afhenti stefnandi sýslumanninum í Húnavatnssýslu ásamt svofelldri yfirlýsingu þeirra Halldórs Eyþórssonar og Eyþórs Guðmundssonar:

„Við undirritaðir, sem verið höfum nágrannar Björns Pálssonar í full tuttugu ár, og hross okkar hafa gengið saman, lýsum hér með yfir að gefnu tilefni, að Björn Pálsson á og hefur átt skjótta hryssu, svo lengi sem við munum, sem dregin var Jóni í Öxl í Auðkúlurétt haustið 1967. Hryssa þessi hefur undanteknингarlítið haldið sig í heimahögum, nema þegar hún hefur verið á afrétt".

Fór stefnandi þess jafnframt á leit við sýslumanninn hinn 27. nóvember 1967, að sér yrði með fógetavaldi afhent hryssan eða að hún yrði afhent sveitarstjórn Svínavatnshrepps með þeim fyrirmælum, að lögleg markaskoðun færi fram.

Við meðferð fógetaréttarmálsins skipaði fógetinn fjóra menn, Sverri Markússon dýralækni, Egil Gunnlaugsson dýralækni, Einar Guðlaugsson verkstjóra og Jón Stefánsson kjötmatsmann, til að skipa markadóm ásamt sér. Að undangenginni skoðun á marki hryssunnar urðu markadómsmennirnir sammála um, að á hægra eyra sé ekki hægt að finna ummerki eftir mark og hafi biti verið markaður á hægra eyra, þá hafi brjóskið ekki verið sært, þ. e. að hægra eyra sé óskert. Þá komust markadómsmennirnir að þeirri niðurstöðu, að glögg blaðstýfing sé að framan vinstra, en aftan vinstra sé vaglskora nú og beri markið þess ekki merki, að fjöður hafi kalið eða skemmzt af mývargi, þ. e. sárið virðist hreint. Hins þegar töldu markadómsmennirnir, að ekki sé hægt að fullyrða, hvort fjöður hafi kalið eða ekki, þ. e. hvort fjöður hafi verið mörkuð, en skemmzt, en eins og markið sé nú, þá sé það vaglskora. Við síðari meðferð málsins kvaddi fógeti þá Brynjólf Sæmundsson búnaðarráðunaut, Árna Daníelsson bónda og Stein Steinsson dýralækni til að framkvæma skoðun á hryssunni og gefa lýsingu á henni. Er skoðunargerð skoðunarmanna þessara svohljóðandi:

„Við undirritaðir, sem höfum verið dómkvaddir til að skoða og gefa lýsingu á hryssu þeirri, sem um er deilt í fógetaréttarmálinu Björn Pálsson gegn Jóni Jónssyni, en hryssa þessi er nú geymd að Haga í Sveinsstaðahreppi í Austur-Húnavatnssýslu, höfum framkvæmt skoðun á hryssunni og komizt að eftirgreindum niðurstöðum:

Útlit:

Hryssan er brúnskjótt, sokkótt á öllum fótum og hófar svartir og hvítir. Fax er hvítt fram fyrir miðju. Hnakkfar hvítt utan brúnn blettur aftan við herðakamb. Aftur úr hnakkfarinu er hvítur rani aftur á hægra mjaðmarhorn, en beygir þaðan yfir á lend vinstra megin. Aðrir líkamshlutar hryssunnar eru brúnir.

Mark:

Eyru voru klippt og rökuð, þar sem vafi lék á marki.

Hægra eyra er alheilt. Á vinstra eyra er markið blaðstýft framan, vaglskora aftan. Vaglskoran er frekar grunn, en ör er í framlengingu af þverskurði, ca. 0.5 cm.

Aldur:

Tennur voru skoðaðar. Stjarna í öllum framtönnum er orðin hringlaga og tennur mjög framstæðar. Slitflötur tannanna er orðinn jafnarma, þ. e. styttra bil er frá hlið til hliðar en framan frá og aftur. Bendir það til þess, að hryssan sé 17—20 vetra gömul".

Hinn 24. september 1968 ritaði stefndi stefnanda bréf og krafði hann um bætur fyrir arðmissi af hryssu þeirri, sem um er deilt. Í bréfi þessu segir m. a. svo: „Hefir þessi skjótta hryssa verið í yðar vörzlu 15 ár samkvæmt yðar vitnisburði og fleiri mætra manna og ég því engan arð af henni fengið allan þann tíma".

Niðurstaða fógetaréttarmálsins varð sú, að innsetningarkrafan náði ekki fram að ganga. Var sú niðurstaða staðfest með dómi Hæstaréttar hinn 14. nóvember 1969. Stefnandi höfðaði síðan mál þetta til viðurkenningar á eignarrétti sínum að greindri hryssu.

Í máli þessu gerir stefnandi þær dómkröfur, að viðurkenndur verði eignarréttur sinn að brúnsjóttri hryssu, sem dregin var stefnda, Jóni Jónssyni, Öxl, Sveinsstaðahreppi, í Auðkúlustóðrétt haustið 1967 og verið hefur á hans vegum síðan. Einnig krefst stefnandi hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að synjað verði um viðurkenningu á eignarrétti stefnanda að hinni brúnskjóttu

hryssu, en viðurkenndur verði eignarréttur stefnda að henni. Þá er þess og krafizt, að stefnda verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að í stóðrétt í Svínavatnshreppi haustið 1967 hafi hann að venju gengið úr allar folaldshryssur sínar og þau geldhross, sem hann hafi náð úr. Eftir hafi verið þrjár hryssur geldar, þar af ein, sem alltaf hafi stokkið á menn. Kveðst hann hafa litið svo á, að það skipti engu, þótt þær væru eftir, þar til inn væri rekið, þar sem þær væru fololdslausar. Stefnandi kveðst nú hafa þurft að fara með syni sínum til Blönduóss og hafi hann því farið úr réttinni kl. 10—11 árdegis. Er hann kom aftur um hádegi, kveður hann töfludrætti hafa verið lokið. Hann kveður veður hafa verið slæmt og því hafi drætti verið flaustrað af. Stefnandi kveðst hafa spurzt fyrir um, hvað gert hefði verið við hross hans, og kveður sér hafa verið sagt, að þau hefðu verið látin í hans dilk. Hann kveðst ekki hafa athugað það frekar og kveðst hafa sleppt hrossunum út, því hryssurnar hafi verið búnar að vera fulllengi inni. Stefnandi kveðst um áratugi hafa stallað hross sín í tagl, svo að auðveldara sé að þekkja þau úti. Nokkru síðar kveðst stefnandi hafa hitt stefnda á Blönduósi, og kveður hann þá hafa sagt sér, að sér hefði verið dregin og eignuð skjótt hryssa, með stall í tagli, í Auðkúlurétt. Kveður stefnandi stefnda hafa sagt sér, að fyrir 15 árum hafi sig vantaði skjótt tryppi, þriggja ára gamalt, sem rekið hefði verið á Sauðadal. Það haust hefði fundizt skjótt tryppi dautt sunnan við Sauðadal og hefði hann álitið það vera sitt tryppi. Stefnandi kveðst hafa sagt stefnda, að hann væri búinn að heimta sínar skjóttu hryssur, enda hefði hann séð þær allar í réttinni. Við nánari athugun kveðst stefnandi hafa farið að hugsa út í það, hvort skjótta hryssan, sem hann skildi eftir í náthaganum, hefði misdregizt. Kveðst hann því hafa farið að athuga, hvort hún væri með hrossum sínum, en þar hafi hún ekki verið. Stefnandi kveður nágranna sinn, Halldór Eyþórsson, sem sé frekar glöggur á hross, hafa verið fenginn til að sjá hryssuna og tjá sig um það, hvort hún hefði verið hjá sér, þ. e. stefnanda. Stefnandi kveðst síðan hafa spurt Halldór að því, hvort hryssa sú, sem dregin var stefnda, væri ein af sínum skjóttu hryssum, og hafi Halldór kveðið svo vera. Stefnandi kveðst nú hafa hringt til hreppstjóra Sveinsstaðahrepps og sagt honum, að hann, þ. e. stefnandi, ætti hryssuna og að hún væri undan skjóttri hryssu, sem verið hefði í fyrsta hrossastofni sínum.

Hryssan hefði gengið með móður sinni fyrstu árin og væri einna auðþekkjanlegust af sínum hrossum. Hryssan hefði fyrir nokkrum árum verið skilin eftir í fyrri göngum norðan við Kúlufell og hefði hún verið hölt á fæti. Kveðst stefnandi hafa beðið hreppstjórann um að segja stefnda þetta. Einnig kveðst stefnandi hafa beðið nábúa sína, þá Pál Pétursson á Höllustöðum og Halldór Eyþórsson á Syðri-Löngumýri, að fara og skoða markið á hryssunni. Kveður stefnandi þá vera glögga á hross og nær einu mennina, sem þekki eitthvað af sínum hrossum. Stefnandi kveður þá hafa fengið Kristján bónda á Húnsstöðum, annan réttarstjórann úr Auðkúlurétt, með sér til fararinnar. Kveðst stefnandi svo hafa afhent sýslumanninum yfirlýsingu þessara manna um skoðun sína. Stefnandi kveður það algengt, að hross misdragist í stóðrétt, og þetta sama haust hafi fimm hross misdregizt, en það hafi verið leiðrétt að undanteknu tilviki því, sem hér er fjallað um.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að fyrir 15 árum, þ. e. 1958, hafi hann ekki heimt af fjalli skjótt mertryppi, þriggja vetra gamalt. Næsta vetur kveður hann sér svo hafa borizt fregn um, að fundizt hefði dautt brúnskjótt tryppi, sem talið var, að farið hefði ofan í frammi á Hálsum frammi af Sauðadal, en á honum hefði tryppið gengið. Stefndi kveður aldur ekki hafa verið tilgreindan og marki ekki lýst. Stefndi kveðst sjálfur ekki hafa séð skrokkinn af tryppinu, en kveður talið hafa verið, að ekki væri unnt að greina mark. Ekki kveðst stefndi muna, hver skýrt hafi sér frá fundi tryppisins. Stefndi kveðst ekki hafa haldið því fram, að hann ætti tryppið, en kveður sér hafa dottið í hug, að þetta kynni að vera eitt af sínum tryppum, þar sem eitt þeirra hefði ekki komið fram. Stefndi kveður skjótta hryssu hafa komið fram í Auðkúlurétt haustið 1967 og hafi markalýsingamenn þeir, sem í réttinni störfuðu, talið mark sitt, þ. e. stefnda, á hryssunni og afhent hana mönnum þeim, sem hirtu hross úr Sveinsstaðahreppi. Er hryssan kom ofan í Sveinsstaðahrepp, kveðst stefndi hafa snúið sér til oddvitans, Baldurs Magnússonar, og beðið hann um að skipa markalýsingarmenn til að skoða markið á hryssunni, þar eð svo langt væri um liðið, frá því hann hafði séð hana, að hann treystist ekki til að þekkja hana, svo öruggt væri. Kveðst stefndi ekki hafa viljað telja hryssuna sína eign, nema það væri ótvírætt. Til að taka af öll tvímæli um sammerkingar eða námerkingar í nágrannahéruðunum hafi hann svo auglýst í dagblaðinu Tímanum lit, mark og líklegan aldur hryssunnar og hafi

enginn gefið sig fram eftir þeirri auglýsingu. Stefndi kvaðst hafa haft það í huga, er hann bað oddvitann að skipa markaskoðunarmenn, að það hafi oft komið fyrir, að hross væru misdregin, þannig að síðar hafi komið í ljós, að meira mark hafi verið á hrossunum en talið hafi verið við drátt. Stefndi kveðst aldrei hafa selt skjótt hross og aldrei lánað markamönnum sér óvandabundnum. Stefndi kveður það oft hafa komið fyrir, að hann hafi misst hross, en kveðst ekki muna, hvort hann hafi misst hross bæði 1951 og 1952.

Vitnið Halldór Eyþórsson, bóndi á Syðri-Löngumýri, hefur staðfest yfirlýsingu þá, sem rakin er hér að framan. Kveðst Halldór hafa verið nágranni stefnanda í full tuttugu ár og kveður hross þeirra hafa gengið saman. Kveðst hann þekkja mark stefnanda. Hann kveður stefnanda hafa átt skjótta hryssu, svo lengi sem hann muni, og hafi hryssa þessi verið dregin stefnda í Auðkúlurétt haustið 1967. Halldór kveðst hafa verið farinn úr réttinni, er hryssan var dregin, og kveður hann stefnanda hafa verið farinn á undan sér. Halldór kveður hryssuna undantekningarlítið hafa haldið sig í heimahögum, nema þegar hún hafi verið á afrétt. Halldór kveðst sjálfur hafa verið í göngum, er hryssan var skilin eftir við Hanskafell. Halldór kveður drætti í Auðkúlurétt hagað þannig, að er hross komi af heiðinni, séu þau fyrst rekin í nátthaga og taki menn þar úr þau hross, er þeir telji sig þekkja. Síðari hluta næsta dags sé svo réttað, eftir að menn hafi tekið úr þau hross, sem þeir telji sig þekkja. Síðan sé farið að töfludraga þau hross, sem þá séu eftir. Stefnandi kveður umrædda hryssu hafa verið búna að ganga með hrossum stefnanda til fleiri ára, þegar hún var dregin stefnda í Auðkúlurétt, og hafi ábyggilega verið búin að gera það í yfir 10 ár.

Vitnið Pálmi Sigurðsson kveðst hafa unnið við byggingarvinnu hjá stefnanda haustið 1949 og aftur haustið 1950. Kveðst hann þá og er hann var vetrarmaður hjá stefnanda, veturinn 1952—1953, hafa verið kunnugur hrossum stefnanda. Þennan vetur kveður hann stefnanda hafa átt tvö folöld, sem hann muni eftir, og hafi annað þeirra verið brúnskjótt merfolald undan jarpskjóttri meri. Hafi stefnandi þá aðeins átt eitt skjótt folald. Kveðst Pálmi muna tiltölulega vel eftir þessum mæðgum sökum sérstakra atvika. Hann kveðst muna eftir því, að Áslaug, dóttir stefnanda, hafi talað um, að setja ætti skjótta folaldið á. Ekki kveðst Pálmi hafa umgengizt hross stefnanda eftir þetta.

Áslaug Elsa Björnsdóttir, dóttir stefnanda, hefur lýst því yfir,

að veturinn, sem Stalin dó, hafi faðir sinn átt tvö folöld og hafi annað þeirra verið skjótt merfolald. Kveðst Áslaug hafa þekkt þessa meri, frá því hún var folald, því hún hafi oft haldið sig heima við ásamt móður sinni. Áslaug kveðst hafa verið sjö ára þennan vetur og því fylgzt vel með folöldunum, sérstaklega því skjótta, sem verið hafi miklu fallegra, og hafi þau Pálmi Sigurðsson oft verið að tala um, hvað það væri fallegt. Áslaug kveður það vera hryssu þá, sem misdregin hafi verið stefnda haustið 1967.

Guðmundur B. Þorsteinsson, oddviti Sveinsstaðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu, hefur lýst yfir, að sér vitanlega hafi stefnandi aldrei fengið hross af Sauðadal eða úr Beinkeldurétt, og kveður það heyra til undantekninga, að hross, sem rekin séu á Sauðadal, komi fyrir í Auðkúlurétt. Kveður Guðmundur sér kunnugt um, að nágrannar stefnanda, þeir Eyþór og Halldór á Syðri-Löngumýri, séu glöggir á hross og þekki hross stefnanda betur en aðrir. Kveður hann það hafa oftar en einu sinni komið fyrir, að stefnandi hafi fengið ómörkuð tryppi í réttum, ef þeir hafi borið, að hann ætti þau.

Vitnið Pálmi Zophóníasson hefur staðfest markalýsingu sína frá 17. október 1967. Hann kveðst lengi hafa verið markaskoðunarmaður í Undirfellsrétt, líklega frá því eitthvað eftir 1930. Hann kveður það alltaf geta komið fyrir, að það detti ofan af fjöður, svo að líkist því, að vaglskorið sé. Ekki kveðst Pálmi hafa orðið var við ör það, sem getið er í markalýsingu skoðunarmannanna Steins Steinssonar, Árna Daníelssonar og Brynjólfs Sæmundssonar, enda hafi þeir Magnús ekki rakað eyrun, en það sé yfirleitt ekki gert við fyrstu skoðun. Kveðst Pálmi reikna með því, að hann hefði gert úr vaglskora, ef hann hefði fundið ör langt inn í eyra. Pálmi kveður hryssuna hafa verið gamla, en kveðst að öðru leyti ekki geta sagt um aldur hennar.

Vitnið Magnús Sigurðsson, bóndi á Litlu-Giljá, hefur staðfest markalýsingu sína frá 17. október 1967. Hann kveður það koma fyrir á hverju hausti, að hross, sem rekin séu á Sauðadal, komi fram í Auðkúlurétt, og öfugt, að hross úr Svínavatnshreppi komi fyrir í Beinakeldurétt, en breytilegt sé, hversu mörg hross sé um að ræða.

Vitnið Þórir Magnússon, bóndi á Syðri-Brekku, sem er skammt frá Öxl, kveðst muna eftir því, að stefndi hafi átt brúnskjótt mertryppi tveggja til þriggja vetra, er hann man síðast eftir því, sem hann telur hafa verið um 1950.

Vitnið Leifur Sveinbjörnsson, bóndi á Hnausum í Sveinsstaðahreppi, kveður lönd Hnausa og Axlar liggja saman. Hann kveður stefnda hafa átt brúnskjótta hryssu, tveggja til þriggja vetra um 1950, en kveður stefnda hafa tapað hryssunni á þessu tímabili. Kveðst hann telja, að hryssan hafi ekki heimzt af fjalli, en kveðst ekki vita um orsakir þess. Kveðst Leifur muna eftir marki hryssunnar og hafi það verið blaðstíft framan og vaglskorið aftan vinstra, heilt hægra. Kveðst hann hafa séð markið á hryssunni, þegar hún var tryppi, en kveðst ekki hafa skoðað það sérstaklega, svo hann muni. Ekk kveður Leifur sér kunnugt um, að stefndi hafi misst hross tvö ár í röð.

Krafa stefnanda er aðallega byggð á því, að fyrir liggi fullnægjandi sannanir fyrir því, að hann hafi verið og sé eigandi hryssu þeirrar, sem deilt er um í málinu. M. a. sé sannað, að hann hafi haft hana í sínum vörzlum á árunum 1952—1967, og því beri stefnda að færa sönnur að betri rétti sínum. Það hafi stefnda ekki tekizt. Er því haldið fram, að ljóst sá, að stefndi geti ekki verið eigandi hryssunnar, þar sem fram hafi komið hjá honum, að hann hafi misst skjótta tryppið sitt, er það fór ofan í. Þá er því og haldið fram, að mark stefnanda sé eða hafi verið á hryssunni, þótt undirmörk kunni að hafa aflagazt eða gróið saman. Er því mótmælt af hálfu stefnanda, að ákvæði 45. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 19/1961 gildi, að því er varðar hross eða hrossmörk. Er því haldið fram, að búfjármark hafi ekki úrslitaþýðingu um eignarrétt, heldur hafi það sönnunarþýðingu. Þá er því haldið fram, að hryssan geti ekki verið sú sama, sem stefndi taldi sig hafa misst árið 1951. Til þess bendi það, að hryssan hafi kastað vorið 1969. Verði eigi litið svo á, að fram sé komin fullkomin sönnun fyrir eignarrétti stefnanda, þá er því haldið fram til vara, að hann hafi unnið eignarhefð á hryssunni, enda séu öll skilyrði hefðar fyrir hendi.

Krafa stefnda er á því byggð, að mark hans sé greinilegt á hryssunni, og samkvæmt fjallskilareglugerð nr. 19/1961 fyrir Austur-Húnavatnssýslu helgi mark kind eða hross markeiganda skepnuna, 45. gr., 1. sbr. 7. gr. Slíkt leiði og af eðli máls til þess eins, að eigi þurfi aðrar sönnur fyrir því, hver sé eigandi greinilega markaðs búfjár, og þurfi fullar sönnur til að koma, svo að frá þessu verði brugðið. Er því mótmælt, að stefnandi hafi fært að því fullkomnar sönnur, að hann sé eigandi greindrar hryssu. Þá er því mótmælt, að stefnandi hafi unnið hefð á hryssunni,

þótt svo kunni að verða litið á, að hún hafi gengið með hans stóði í meira en 10 ár. Er því haldið fram, að ósannað sé, að hann hafi haft 10 ára óslitið eignarhald á henni, enda verði umráð þess, sem byggir á hefð, að vera slík, að þau útiloki yfirráð eigandans sjálfs, þ. e. að eignin þurfi að vera í vörzlum eða á persónulegu valdi hefðandans óslitið allan hefðartímann. Þessu sé ekki til að dreifa hér, enda séu vörzlurnar allt of lausar og óglöggar og jafnvel engar, a. m. k. á meðan hrossið er á afrétt. Er því samkvæmt þessu haldið fram, að lagaskilyrði hefðar hafi ekki verið fullnægt. Af hálfu stefnda er því eigi haldið fram, að stefnandi hafi náð umráðum yfir hryssunni með glæp eða óráðvandlegu atferli. Hins vegar er því haldið fram, að með því að halda hryssunni, sem sé með glöggu marki stefnda, í vörzlum sínum um árabil og hirða arð af henni, eins og fram hafi komið hjá stefnanda og nágrönnum hans, án þess að ganga úr skugga um, að hrossið væri hans eign, með því að skoða eyrnamarkið, geti stefnandi ekki unnið hefð á hryssunni samkvæmt rýmkandi lögskýringu á lögum nr. 46/1905, 2. gr., 2. mgr. i. f.

Ágreiningslaust er, að hryssa sú, sem deilt er um í máli þessu, hafi eigi verið í vörzlum stefnda frá því á árinu 1951, unz hún var dregin honum í stóðrétt haustið 1967. Samkvæmt þessu og öðru því, sem fram er komið í málinu, verður að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi haft eignarhald á hryssunni í hefðartíma fullan. Er eigi leitt í ljós, að umráð stefnanda hafi verið með þeim hætti, að skilyrði hefðar hafi ekki verið fyrir hendi. Þykja ákvæði fjallskilareglugerðar fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 19/1961 eigi hagga þeirri niðurstöðu. Ber því samkvæmt framansögðu að viðurkenna eignarrétt stefnanda að umræddri hryssu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson kvað upp dóm þennan sem setudómari ásamt samdómendunum dr. Gauki Jörundssyni prófessor og Kristni Jónssyni tilraunastjóra.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefnanda, Björns Pálssonar, að hryssu þeirri, sem í málinu greinir.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 8. febrúar 1971.

Nr. 139/1970. **Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar h/f og gagnsök (Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátrygging. Endurgreiðsla. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júlí 1970. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1.953.888.00 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1965 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gagnáfrýjaði máli þessu með stefnu 14. ágúst 1970. Krefst hann sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki aflað sér áfrýjunarleyfis, og ekki gagnáfrýjaði hann málinu á þeim þriggja vikna fresti, sem um ræðir í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Verður því að vísa gagnsökinni frá Hæstarétti og taka kröfur stefnda þannig til greina, að hann krefjist staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er nægilega lýst í héraðsdómi.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að upptök eldsvoðans í m/b Kára, VE 47, megi rekja til rafsuðu starfsmanna stefnda í bátnum og að þeir hafi sýnt af sér gáleysi við störf sín í umrætt sinn, en sérstakrar aðgæzlu var þörf, eins og aðstæður voru. Vélstjóri bátsins, sem þarna var, virðist hins vegar hafa látið undir höfuð leggjast að benda starfsmönnum stefnda á það, að veruleg eldhætta væri þarna í vélarúmi bátsins. Þá var svo búið um slökkvitæki, er þarna var, að það varð eigi notað í skyndingu. Verður að telja slíkt óverjandi. Þessi atriði verða að valda því, að eigandi

bátsins, Hraðfrystistöðin í Vestmannaeyjum, beri að hluta sjálfur ábyrgð á tjóni sínu. Samkvæmt þessu bar stefndi að hluta fébótaábyrgð á tjóni því, er bátseigandinn, Hraðfrystistöðin í Vestmannaeyjum, varð fyrir í eldsvoða þeim, sem um er fjallað í málinu.

Áfrýjandi, sem hafði vátryggt m/b Kára, VE 47, bætti eiganda hans tjónið á bátnum að $^{9}/_{10}$ hlutum, þ. e. með kr. 1.860.300.00. Þá bætti áfrýjandi tjón skipverja á fatnaði og munum með kr. 78.588.00 og galt kr. 15.000.00 fyrir mat á brunatjóninu. Öðlaðist áfrýjandi þar með rétt bátseiganda á hendur þeim, er skaðabótaskyldu báru vegna brunans, í þeim mæli sem hann bætti tjónið, sbr. upphaf 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954. Þar sem fébótaábyrgð stefnda byggist á gáleysi starfsmanna hans, þykir eftir atvikum rétt að beita niðurlagsákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 um lækkun skaðabótaábyrgðar.

Fjárhæð kröfu áfrýjanda, að því er tjón á bátnum varðar, er byggð á mati dómkvaddra manna. Stefndi hefur mótmælt mati þessu sem of háu. Stefndi, sem gætti hagsmuna sinna við framkvæmd matsins, hefur eigi hnekkt mati þessu, og verður það því lagt til grundvallar. Að öðru leyti hafa kröfur áfrýjanda eigi sætt tölulegum andmælum. Með hliðsjón af þessu og með tilvísun til þess, sem áður greindi um hlut bátseiganda í tjóninu og lækkun skaðabótaábyrgðar áfrýjanda, telst hæfilegt, að stefndi bæti áfrýjanda tjón hans með kr. 450.000.00 auk 7% ársvaxta frá 1. október 1965 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 90.000.00.

Dómsorð:

Gagnsök í máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Stefndi, Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar h/f, greiði áfrýjanda, Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, kr. 450.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1965 til

greiðsludags og kr. 90.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. apríl 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. apríl 1970, hefur stjórn Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja f. h. félagsins höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 27. október 1965 á hendur Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar í Reykjavík til greiðslu á kr. 1.953.888.00 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1965 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins. Til vara hefur stefndi krafizt þess, að stefnukröfur verði lækkaðar og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að hinn 26. júní 1965 voru starfsmenn stefnda að vinna um borð í m/s Kára, VE 47, eign Hraðfrystistöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Meðal annarra verka rafsuðu þeir fastan reimstrekkjara á vélarundirstöðu í vélarúmi. Er þeir voru að starfi við það verk, kviknaði skyndilega í skipinu undir vélarúminu. Mönnunum tókst ekki að slökkva eldinn, og urðu þeir að flýja vélarúmið vegna elds og reyks. Miklar brunaskemmdir urðu á bátnum, og hinn 1. júlí 1965 voru dómkvaddir matsmenn til að meta það tjón. Í matsgerð hinna dómkvöddu manna, dags. 15. júlí 1965, var tjónið metið á kr. 2.067.000.00. Báturinn var í tryggingu hjá stefnanda, sem greiddi bátseiganda tjónfjárhæðina samkvæmt matinu að frádregnum 10%, eða kr. 1.860.300.00. Gerir stefnandi því kröfu á hendur stefnda um endurgreiðslu á þessari fjárhæð svo og kr. 78.588.00 fyrir fatatjón skipverja og kr. 45.000.00 fyrir matsgerð, eða samtals kr. 1.953.888.00, þar sem hann telur, að starfsmenn stefnanda eigi sök á brunanum.

Stefán Hreinn Arnþórsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi sem starfsmaður stefnda unnið við að festa strekkjarann með rafsuðu ásamt starfsfélaga sínum, Bjarna Thoroddsen. Muni það hafa verið vélstjórinn á bátnum, sem hafi pantað strekkjarann hjá vélaverkstæðinu og sagt til um, hvar hann ætti að vera. Kvaðst hann telja sig vera vanan slíkri vinnu, sem hér um ræðir, enda hafi hann byrjað við slíka vinnu, er hann hóf nám í vélvirkjun hinn 1. október 1963. Hann kvað strekkjarann hafa verið staðsettan á bita undir vélinni, sem stóð aftur

undan vélinni. Búið hafi verið að opna kjalsogið, er þeir hófu starfið, og muni vélstjóri bátsins hafa gert það. Þeir félagarnir hafi síðan verið rétt byrjaðir á rafsuðunni, er þeir veittu því athygli, að kviknað var í kjalsoginu, og taldi hann, að vart hafi liðið meira en 40 sekúndur, þar til eldurinn var orðinn svo mikill, að þeim var ekki vært lengur niðri í vélarúminu. Hann kvað ekkert annað óbyrgt ljós hafa verið í vélarúminu en rafsuðu. Hann kvað það hafa verið sín fyrstu viðbrögð að ná til eldsins með hendinni, en hafi ekki náð nógu langt ofan í kjalsogið til þess. Hann hafi þá reynt að ná í slökkvitæki, sem verið hafi á vegg í vélarúminu, en það hafi verið bundið við vegginn með trolltvinna og því hafi hann ekki getað náð því. Hann kvað þeim starfsmönnunum hafa verið ljóst, að neistaflug færi niður í kjalsogið, en þar hafi verið svo skuggsýnt, að þeir hafi ekki séð, hvort þar væri sjór eða hvort kjalsogið væri olíumettað. Hann segist hafa séð sjó í kjalsoginu framan við vélina og hafa reiknað með, að sjór væri aftan við hana líka. Hann kvað venjulega vera haft handhægt slökkvitæki tiltækt af öryggisástæðum, þegar svona verk séu unnin, eða vatn í fötu, þar sem alltaf megi búast við, að eitthvað komi fyrir, þegar unnið sé með rafsuðu nálægt kjalsogi. Í þetta sinn hafi þeir treyst á slökkvitækið, sem var í vélarúminu. Stefán kvaðst ekki minnast þess, að vélstjóri bátsins hafi varað þá við framkvæmd verksins. Ekki kvaðst hann heldur minnast þess, að vélstjórinn hafi haft á móti strekkjaranum, né heldur, að hann hafi bannað þeim að festa hann. Kvaðst hann þess fullviss, að þeir hafi ekkert hreyft sig með strekkjarann, eftir að þeir voru einu sinni komnir með hann niður í vélarúmið, en hann kvaðst hafa farið fram með vélinni til að ná í lykla, sem þar voru á borði.

Bjarni Thoroddsen hefur skýrt svo frá, að hann hafi unnið við að rafsjóða strekkjarann ásamt Stefáni Hreini. Lýsti hann upptökum eldsins á nákvæmlega sama hátt og Stefán hér að framan. Hann kvað það engum vafa undirorpið, að kviknað hafi í út frá rafsuðunni, enn ekkert annað óbyrgt ljós hafi verið í vélarúminu. Hafi Stefán fyrst ætlað að reyna að slökkva eldinn með hendinni, þ. e. a. s. að slá eldinn með leðurvettlingum, sem þeir bera, en það sé algeng aðferð, þegar smáeldur kvikni út frá rafsuðu. Síðan hafi Stefán reynt að ná niður slökkvitækinu, sem þarna var, en þegar honum tókst það ekki, hafi hann hlaupið fram í vélarúmið til að ná þar í meitil til að höggva á böndin, sem héldu því, en á meðan hafi Bjarni reynt að losa tækið. Hann

kvað þá hafa verið búna að sjá slökkvitækið þarna á staðnum og hafi þeir treyst á það. Þeim hafi ekki komið til hugar, að það væri bundið jafnfast og það var. Hann kvaðst ekki treysta sér til að segja um það, hvort tekizt hefði að slökkva eldinn, þótt slökkvitækið hefði verið laust. Þegar Stefán hafi komið aftur með meitilinn, hafi verið kominn svo mikill eldur og reykur í vélarúmið, að þeim hafi ekki verið vært. Hann kvaðst ekki hafa greint sökum dimmu, hvort kjalsogið væri olíumengað. Bjarni kannaðist ekki við það, að vélstjórinn hefði varað þá starfsmennina við að rafsjóða niðri í vélarúminu, og heldur ekki hafi vélstjórinn minnzt á það við þá félaga, að hann vildi ekki fá reimstrekkjarann, vegna þess að hann væri of þungur. Hann kvað þá félaga ekki hafa farið upp aftur með strekkjarann, eftir að þeir fóru í upphafi með hann niður í vélarúmið.

Harry Sampsted hefur skýrt svo frá, að hann hafi haft með höndum verkstjórn fyrir stefnda um borð í bátnum í umrætt sinn. Hafi aðalstarf þeirra verið að gera við spil bátsins og hafi hann verið með fjóra starfsmenn með sér. Er þeir fóru til þessa verks, hafi þeir haft með sér reimstrekkjarann, sem smíðaður hafði verið á vélaverkstæðinu fyrir bátinn. Hafi vélstjórinn beðið sig að láta sjóða fastan reimstrekkjarann, en Harry kvaðst hafa viljað komast undan því, en vélstjórinn hafi lagt hart að honum, að verkið yrði framkvæmt. Kveðst hann hafa færzt undan þessu verki vegna erfiðrar aðstöðu við það og einnig vegna þess, að hann hafi átt í erfiðleikum með að fá menn sína til að vinna lengur, þar sem vinnan hafi verið framkvæmd að kvöldi laugardags. Kvaðst hann hafa haft á orði við vélstjórann, hvort hann gæti ekki látið vinna það verk í Vestmannaeyjum. Hafi vélstjórinn talið öll tormerki á því. Hafi hann því beðið vélstjórann að ákveða staðsetningu reimstrekkjarans og falið þeim Stefáni og Bjarna að framkvæma verkið. Kvað hann Stefán vera vélvirkjanema og muni líklega hafa verið búinn að vera tvö til þrjú ár í því námi, þegar óhappið varð, en Bjarni hafi verið aðstoðarmaður hans, en ekki haft iðnréttindi. Kvað hann báða þessa menn vera vana við meðferð á rafsuðu og prýðilega færa starfsmenn. Sjálfur kvaðst Harry ekki hafa farið niður í vélarúmið, en verið að vinnu í lestinni þar fyrir framan og hafi verið opið þar á milli. Hafi hann ekki vitað fyrr en kallað var, að eldur væri laus í bátnum, og hafi hann þá hlaupið upp á bryggjuna og kvatt slökkviliðið til. Hann kvað vélstjóra bátsins aldrei hafa orðað það við sig, að honum líkaði ekki strekkjarinn, og sér vitan-

lega hafi þeir Stefán og Bjarni aldrei komið með strekkjarann aftur upp og kvaðst álíta, að svo geti ekki verið, þar sem þá mundu þeir hafa ráðfært sig við hann. Hann kvað það vera venju, að þegar unnið sé að rafsuðu í vélarúmi, eins og þarna var gert, þá hafi starfsmennirnir hjá sér vatn í fötu eða slökkvitæki, og hafi þeir venjulega með sér tæki af verkstæðinu, ef slíkt sé ekki til á staðnum. Í hér umræddu tilviki hafi slökkvitæki verið í vélarúmi bátsins rétt fyrir aftan menn þá, sem verkið unnu.

Hörður Jóhannsson, vélstjóri á bátnum, hefur skýrt svo frá, að hann hafi pantað umræddan strekkjara hjá stefnda og hafi honum verið komið niður í skipið undir sinni stjórn. Niðri í skipinu hafi hann athugað strekkjarann og komizt þá að raun um, að hann væri of þungur í snúningi og því ónothæfur. Kvaðst hann hafa viljað hætta við verkið og sagt við vélvirkjana, að sér fyndist strekkjarinn of þungur. Hafi vélvirkjarnir þá látið orð falla á þá leið, að þeir skyldu athug þetta, og fært strekkjarann eitthvað til á skipinu. Hann kvaðst ekki fyrirfram hafa hugsað neitt sérstaklega út í það, hvort strekkjarinn mundi verða rafsoðinn fastur eða boltaður. Er hann hafi orðið var við, að rafsjóða átti strekkjarann, þá hafi hann sagt við vélvirkjana, „ætlið þið að fara að rafsjóða hér niðri, allt löðrandi í olíu, og vitið þið, hvaða afleiðingar það getur haft", eða eitthvað því um líkt.

Sagði hann vélvirkjana ekki hafa tekið sig alvarlega, en slegið því fram í glensi, að þá mundi kvikna í skipinu. Eftir orðræður sínar við vélvirkjana hafi þeir farið aftur upp með strekkjarann, og kvaðst hann hafa talið, að þeir væru hættir við að festa hann. Kvaðst hann síðan hafa farið upp úr vélarúminu og fram í lúkar, þar sem hann hafi verið staddur, er kviknaði í skipinu. Hann kvað sér hafa verið það fullkunnugt, að hættulegt væri að rafsjóða niðri í vélarúminu, eins og þar var ástatt, en hann hafi séð, að allt var löðrandi í olíu niðri í kjalsoginu. Af þeim sökum hafi hann bannað vélvirkjunum að festa strekkjarann. Hann kvað slökkvitækið hafa verið bundið við vegginn í vélarúminu, þegar hann kom um borð í skipið, og hafi aldrei verið hreyft við því þann rúma mánuð, sem hann hafi verið á því. Ekki hafi vélvirkjarnir óskað eftir því, að hann væri viðstaddur, meðan strekkjarinn væri festur, og hafi það ekkert komið til tals millum þeirra.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á því, að eldsupptök

í skipinu verði einvörðungu rakin til handvammar starfsmanna stefnda. Þeir hafi tekið að sér framkvæmd verksins við að rafsjóða strekkjarann í vélarúminu, sem hafi verið orsök að upptökum eldsins í skipinu. Verkstjóri frá stefnda hafi verið á staðnum og hafi honum borið að varast eldhættu af rafsuðunni með ráðum, sem krefjast verður við slík störf. Vélstjóri skipsins hafi enga verkstjórn haft með höndum um framkvæmd verksins. Hafi hann og varað starfsmenn stefnda um framkvæmd þess vegna eldhættu, en þeir ekki farið eftir aðvörunum hans. Verkið hafi því að öllu leyti verið unnið að ákvörðun og fyrirlagi starfsmanna stefnda. Upptök eldsins og síðari bruni í skipinu hafi orsakazt af stórkostlegri vangæzlu starfsmanna stefnda á framkvæmd verksins, en á þeirri vangæzlu starfsmanna sinna beri stefndi ábyrgð samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins.

Stefnanda var skylt gagnvart eigendum skipsins að greiða honum bætur vegna tjóns af eldsvoðanum, en hann öðlaðist jafnframt endurheimturétt á hendur stefnda, sem ábyrgð ber á tjóninu, er af eldsvoðanum varð, samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að um óhappatilvik hafi verið að ræða, og því beri hann ekki fébótaábyrgð á tjóni því, sem af eldsvoðanum leiddi. Vinnubrögðum starfsmanna stefnda hafi í engu verið áfátt né meðferð rafsuðutækja af þeirra hálfu verið óvarleg. Vinnubrögð þeirra hafi í öllu verið venjuleg og eðlileg. Undirbúningi verksins af hálfu starfsmannanna hafi í engu verið áfátt. Þeir hafi haft við höndina slökkvitæki tilheyrandi skipinu. Hins vegar hafi þeir ekki varazt það, að það var svo tryggilega bundið, að það var algerlega ónothæft til sinnar notkunar. Vélstjóri skipsins hafi beðið um, að verkið væri unnið þrátt fyrir það, að verkstjóri stefnda hafi mælzt undan því að framkvæma það. Vélstjóri skipsins hafi vitað, að slökkvitækið var fast bundið, en hann getið þess í engu við starfsmennina. Alltaf megi búast við því, að neistar falli, á meðan verið sé að rafsjóða, en það fylgi slíkri vinnu. Sá, sem láti vinna fyrir sig með rafsuðu, hljóti að vita af slíku og hljóti hann að taka á sig áhættu af því. Vélstjóri skipsins hafi opnað gólf vélarúmsins og séð, að þar hafi allt verið löðrandi í olíu í kjalsoginu. Honum hafi því borið að upplýsa starfsmennina um það, hvernig umhorfs þar var. Hljóti því hann að bera ábyrgð vegna ófullnægjandi upplýsinga á því, hvernig umhorfs var.

Varakrafa stefnda byggist á því, að við viðgerð á skipinu hafi

nýir munir komið í stað eldri hluta, jafnframt sem hann vísar til 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20 frá 1954 um lækkun eða niðurfall skaðabótaábyrgðar stefnda.

Af gögnum þeim, sem fyrir liggja í málinu og hér að framan hafa verið rakin, telur dómurinn, að enginn vafi leiki á því, að upptök eldsins í bátnum eigi rætur að rekja til rafsuðu strekkjarans í vélarúminu.

Það kemur fram í framburðum þeirra Stefáns Hreins, Harrys Sampsteds og Harðar Jóhannssonar, að mikillar gát er þörf gegn eldhættu, þá er verið er að vinna með rafsuðu í vélarúmi báta, svo sem hér átti sér stað, og sérstakar ráðstafanir þurfi að hafa við gegn þeirri hættu. Er þetta og einróma álit hinna sérfróðu meðdómenda.

Verkstjóri stefnda á staðnum kynnti sér ekki aðstæður við festingu strekkjarans, en fól undirmönnum sínum framkvæmd þess, hvorugum lærðum vélvirkja, en þó með nokkra reynslu við slík störf. Starfsmennirnir hófu framkvæmd verksins, áður en þeir tryggðu það, að við hendina væri tiltækur búnaður til að koma í veg fyrir eldsvoða, en það verður að telja, að þeim hafi borið í hér umræddu tilviki.

Dómurinn lítur því svo á, að starfsmenn stefnda hafi við framkvæmd verksins sýnt af sér mikið gáleysi við framkvæmd þess og orðið með því valdir að eldsvoðanum í skipinu. Stefndi beri ábyrgð á skaðaverki starfsmannanna, en til álita kemur, hvort lækka eða fella skuli niður skaðabótaskyldu hans samkvæmt 25. gr. laga nr. 20 frá 1954 um vátryggingarsamninga um þann hluta tjónsins, sem vátryggður var af stefnanda. Með tilliti til almennra varnarsjónarmiða þykir varhugavert að fella niður skaðabótaábyrgð hans, en hins vegar telur dómurinn rétt, að ábyrgð hans verði lækkuð. Eftir öllum atvikum þykir hæfilegt að lækka ábyrgðina í kr. 200.000.00, og verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 35.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Péturssyni vélstjóra og Gísla Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar, greiði stefnanda, Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, kr. 200.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1965 til greiðsludags svo og kr. 35.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. febrúar 1971.

Nr. 10/1971. **Saksóknari ríkisins**
gegn
Yfirsakadómaranum í Reykjavík.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Lagt fyrir yfirsakadómarann í Reykjavík að heyja dómsrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt 3. tl. 171. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. janúar 1971. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og sakadómi Reykjavíkur dæmt skylt að heyja dómsrannsókn um ætlaða óleyfilega stöðu bifreiðarinnar R 17711 við stöðumæli í Austurstræti í Reykjavík hinn 29. maí 1969.

Skjöl málsins bárust Hæstarétti frá yfirsakadómara 28. janúar 1971, en greinargerð saksóknara ríkisins 3. þ. m.

Ástæður þær, sem raktar eru í hinum kærða úrskurði, valda eigi því, að synja beri um dómsrannsókn, sbr. 74. gr. laga nr. 82/1961. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dómsorð:

Lagt er fyrir yfirsakadómarann í Reykjavík að heyja framangreinda dómsrannsókn.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. janúar 1971.

Ár 1971, föstudaginn 22. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins að Borgartúni 7, af Þórði Björnssyni yfirsakadómara kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þessir:

I.

Samkvæmt skýrslu lögregluþjóns nr. 152, dags. 29. maí 1969, sá hann, hvar bifreiðin R 17711 stóð þann dag kl. 1640 við stöðumæli nr. 296 í Austurstræti hér í borg, og var rautt merki á skífu mælisins.

Gjald fyrir afnot af stöðumælareit þessum var þá kr. 2.00 fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur, sbr. auglýsingu nr. 28 8. febrúar 1966, 1. lið (Stjórnartíðindi 1966, B deild, bls. 75).

Samkvæmt starfsvenjum hefur lögregluþjónninn sett á bifreiðina lítinn miða, útgefinn í nafni lögreglunnar í Reykjavík og undirritaðan af honum með einkennistölu sinni, nr. 152, þar sem ökumanni bifreiðarinnar var tilkynnt um þessa stöðu bifreiðarinnar og að hann hefði ekki fylgt reglum um stöðumæla. Á miðanum er vísað til bakhliðar hans, þar sem prentað er meðal annars:

„Skv. heimild í reglugerð um stöðumæla, 6. gr., er yður gerður kostur á að ljúka framangreindu máli með greiðslu 50 kr. aukaleigugjalds í stöðumælasjóð. Ef þér fallizt á þá málsmeðferð, ber yður að undirrita tilkynningu þessa og greiða gjaldið í skrifstofu lögreglustjórans innan viku. Sé um ítrekað brot að ræða af yðar hendi, er heimilt að beita sektum, er nemi hærri upphæð en að framan greinir. Fallist þér ekki á málsmeðferð þessa, mun kæra send sakadómara með venjulegum hætti".

Greiðsla augaleigugjaldsins barst eigi.

Lögreglustjóri ritaði þá skráðum eiganda bifreiðarinnar, Rafni Sigmundssyni, Stigahlíð 14 hér í borg, bréf, dags. 4. júlí 1969, og segir í því meðal annars:

„Samkvæmt skýrslu, sem mér hefir borizt, hefir framangreind bifreið yðar staðið ólöglega við stöðumæli nr. 296 við Austurstræti 29. maí 1969, kl. 16.40.

Samkvæmt tilkynningu, sem fest var á bifreiðina, var ökumanni hennar gefinn kostur á að ljúka máli út af brotinu með greiðslu aukaleigugjalds innan viku. Því boði hefir eigi verið sinnt.

Ökumanni bifreiðarinnar er hér með gefinn kostur á að ljúka máli þessu án dómsmeðferðar með greiðslu sektar, kr. 200.00, til ríkissjóðs, og þarf þá sektargreiðslan að hafa borizt skrifstofu minni, Pósthússtræti 3, Reykjavík, fyrir 18. júlí 1969 ásamt bréfi þessu, undirrituðu af ökumanni.

Ef ökumaðurinn vill eigi una þessum málalokum, er þess óskað, að ástæður séu tilgreindar skriflega. Málið verður sent sakadómi með venjulegum hætti, ef greiðsla berst ekki innan tiltekins frests".

Með bréfi lögreglustjóra, dags. 18. nóvember s.l., var málið ásamt mörgum öðrum afritum af stöðumælamiðum og sektarboðum sent til sakadóms Reykjavíkur, og segir í niðurlagi bréfsins: „Hlutaðeigendur hafa allir verið boðaðir, sbr. stimplun þar um á afritum, en boðunum hefur ekki verið sinnt".

Á afriti fyrrgreinds sektarboðs frá 4. júlí 1969 er stimpill um boðun 22. júlí 1970.

Með bréfi, dags. 24. nóvember s.l., sendi dómurinn málið saksóknara til ákvörðunar, og með bréfi hans, dags. 30. s. m., krafðist hann þess, „að mál þetta verði tekið til rannsóknar, svo sem framkomin kæra veitir efni til, og því lokið, ef þess er kostur, með þeim hætti, sem dómara er heimilt skv. 1. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966".

Sakadómurinn hefur talið rétt, að úrskurður gengi um þessa kröfu saksóknara, og með bréfi, dags. 7. desember s.l., gaf dómurinn honum kost á að skýra mál sitt frekar, áður en úrskurður gengi.

Í svarbréfi saksóknara, dags. 10. sama mánaðar, segir meðal annars:

„Með því að í máli þessu er um að ræða kæru um refsiverða háttsemi á hendur ökumanni nefndrar bifreiðar umrætt sinn, sem eigi hefur sinnt kvaðningu lögreglustjóra, sem beint var til skráðs eiganda bifreiðarinnar, er af ákæruvaldsins hálfu með vísan til 1. og 2. mgr. 73. gr. og 74. gr. nefndra laga nr. 82/1961 ítrekuð framangreind krafa um rannsókn málsins, sem ætla má, að leiði til þess, að unnt verði fyrir dómara að ljúka málinu með þeim hætti, sem heimilaður er í nefndri 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, en kæruefnið lýtur að ætluðu broti á 3. mgr. 65. gr., sbr. 1. mgr. og 6. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. reglur um stöðumæla í Reykjavík nr. 185/1966".

Með bréfi, dags. 10. s. m., til lögreglustjóra óskaði dómurinn eftir því, að hann gæfi dóminum upplýsingar um nokkur tiltekin atriði og meðal annars um sendingu sektarboða og hátt boðana af hálfu lögreglunnar.

Í svarbréfi lögreglustjóra, dags. 7. þ. m., sem barst dóminum 11. þ. m., segir meðal annars svo:

„Frumrit sektarboða er ávallt póstlagt og sent í almennu bréfi.

Sektarboð er ávallt fyrst sent til þess aðila, sem skráður er eigandi samkvæmt bifreiðaskrá. Nokkuð kveður að tilkynningavanrækslu varðandi eigandaskipti að skráðum ökutækjum. Þegar slík vanrækslа upplýsist, er sektarboð endurútsent í samræmi við leiðréttingu. „Hlutaðeigandi“ á því alltaf að merkja raunverulegan eiganda bifreiðar.

Boðun hefur verið þannig háttað, að fyrst hefur hlutaðeiganda verið send skrifleg kvaðning í almennum pósti. Hafi þeirri kvaðningu ekki verið sinnt, hefur verið haft símasamband við hlutaðeiganda.

Frá miðjum okt. s.l. hefur verið horfið frá skriflegri kvaðningu sem aðalreglu, en eingöngu til hennar gripið, ef ekki tekst að ná til viðkomanda í síma.

Athugasemdalaus stimplun um boðun á afrit sektarboðs þýðir, að náðst hefur símasamband við hlutaðeiganda persónulega.

Dagsetning á boðunarstimpli merkir þann dag, sem hlutaðeiganda hefur verið gert að mæta“.

Með nefndu bréfi lögreglustjóra fylgdi sýnishorn skriflegrar kvaðningar í því formi, sem tíðkað hefur verið frá ársbyrjun 1969, og er efni hennar þannig:

„Hér með eruð þér kvaddir til að mæta á lögreglustöðinni, Hverfisgötu 115, Snorrabrautarmegin ..... (dagur og klukkustund tiltekin) ..... til viðtals við ..... (mannsnafn).

Athugið: Mjög áríðandi að mæta eða tilkynna forföll.
Sýnið kvaðningu, er þér mætið“.

II.

Kemur þá til athugunar krafa saksóknara um, að mál þetta verði tekið til rannsóknar.

1. Telja verður, að brot gegn ákvæðum laga og reglna um stöðu bifreiða við stöðumæla fyrnist á tveimur árum, sbr. 81. gr., 1. tl., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er því sakar-

efni það, sem hér er kært, enn ófyrnt að lögum. Sakadómur Reykjavíkur hefur þó í framkvæmd beitt ákvæðum þessum frjálslega, ef sakarefni hefur verið mjög smávægilegt, fyrning þess verið mjög farin að nálgast og ekki öruggt, hver sökunautur hefur verið.

2. Hin ætlaða óleyfilega bifreiðarstaða er talin hafa átt sér stað 29. maí 1969, en er ekki kærð til dómsins fyrr en 18. nóvember 1970, eða tæplega einu og hálfu ári síðar. Á þessum tíma hefur tvennt verið gert: Hinn 4. júlí 1969 var sent sektarboð í almennu póstbréfi heim til skráðs eiganda bifreiðarinnar. Þá virðist mega ráða af fyrrnefndu bréfi lögreglustjóra frá 7. þ. m., að eigandi bifreiðarinnar hafi verið tvívegis boðaður til lögreglunnar, fyrst með skriflegri kvaðningu í almennu póstbréfi og síðan í símtali og þá verið kvaddur til að mæta á lögreglustöð 22. júlí 1970. Það er þó eigi vitað, hvort póstbréfin tvö hafi komizt í hendur bifreiðareigandans, og engar upplýsingar liggja fyrir um orðaskipti þeirra manna, sem áttu símtal saman, eða hverjir þeir hafi verið.

Annað hefur ekki verið gert á þessum tíma til að reyna að hafa uppi á ökumanni bifreiðarinnar í þetta skipti, og er ekki vitað, hver hann hefur verið, en með hverjum mánuði, sem liðið hefur, hafa minnkað líkurnar fyrir því, að takast mætti að finna hann.

3. Í 1. gr. laga nr. 29/1966, sbr. 2. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, segir, að lögreglustjóri geti bréflega innan mánaðar, frá því að honum barst kæra, gefið sökunaut kost á að ljúka málinu innan ákveðins tíma með greiðslu sektar, en synji sökunautur þessum málalokum eða sinni þeim ekki, vísar lögreglustjóri málinu til dómara. Ákvæði þetta sýnir, að kærumál þau, sem mega sæta þessari afgreiðslu, ber að reka með eðlilegum hraða og að vísa ber þeim þegar til dómara, ef sökunautur synjar sektarboði lögreglustjóra eða sinnir ekki þeim málalokum.

Misbrestur hefur orðið í þessu efni á meðferð kæru þeirrar, sem hér er fyrir dómi. Dómurinn getur þó eigi færzt undan því að hefjast handa um rannsókn af þeirri ástæðu einni, að dregizt hefur úr hömlu að leggja hana fyrir dóminn, og þar með dregið úr möguleikum þess, að unnt sé að sanna sakaratriði.

4. Nú er svo komið, vegna þess hve langt er liðið síðan hið kærða brot á að hafa átt sér stað, að ekki er réttmætt að ætlast til þess, að eigandi bifreiðarinnar geti sagt um, hvort hann hafi verið ökumaður hennar í umrætt skipti eða hver hafi þá verið

ökumaðurinn. Einnig er varhugavert að telja fullvíst, að stöðumælamiði hafi verið á bifreiðinni, þegar ökumaðurinn hefur komið aftur að henni, eða að hann hafi fengið með öðrum hætti vitneskju um framkomna kæru. Þegar af þessum ástæðum væri rannsókn, sem hafizt yrði handa um nú, óeðlileg miðað við smæð sakarefnis.

5. Mikilvægi þess, að gerður sé reki að ætluðu stöðumælabroti, má eigi verða til þess, að eigandi eða ökumaður bifreiðar gæti haft réttmæta ástæðu til að ætla, að hann fengi ekki að njóta að fullu ákvæða réttarfarslaga sökunaut í hag, en seinustu áratugi hefur aukizt mjög réttur sakborinna manna, sbr. lög nr. 27/1951, nú lög nr. 82/1961, og auglýsingu nr. 11/1954. Hætta gæti verið á því, að réttur sökunautar í þessu efni yrði eigi nægilega virtur, ef nú loks yrði hafizt handa um rannsókn margnefnds sakarefnis, meðal annars á þann veg að torvelda möguleika hans á því að færa fram varnir, sem hann ella kynni að hafa getað haft uppi, ef rannsókn málsins hefði hafizt miklu fyrr.

6. Þegar virt er það, sem rakið er hér að framan, telur dómurinn sér ekki fært að verða við kröfu saksóknara um að taka til rannsóknar ætlaða óleyfilega stöðu bifreiðarinnar R 17711 við stöðumæli í Austurstræti hér í borg 29. maí 1969 og synjar kröfu hans um þá rannsókn.

Ályktarorð:

Sakadómur Reykjavíkur synjar kröfu saksóknara ríkisins um að taka til rannsóknar ætlaða óleyfilega stöðu bifreiðarinnar R 17711 við stöðumæli í Austurstræti í Reykjavík 29. maí 1969.

Mánudaginn 15. febrúar 1971.

Nr. 130/1970. **Jón Ingibersson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Útvegsbanka Íslands og
(Grétar Haraldsson hdl.)
Þrotabúi Friðriks Jörgensens til réttargæzlu
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Umsýsla. Gjaldþrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1970 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 117.938.38 með 7% ársvöxtum frá 3. febrúar 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Af hendi réttargæzlustefnda hefur verið sótt dómþing. Hann gerir engar kröfur.

Áfrýjandi var einn seljenda skreiðarfarms þess, sem Friðrik Jörgensen seldi umsýslusölu og sendur var út með m/s Rangá hinn 2. desember 1966. Friðrik Jörgensen og seljendur, umsýsluveitendur hans, miðuðu við það, að andvirði skreiðarinnar rynni, að undanskilinni umsýsluþóknun Friðriks og kostnaði, um hlaupareikning nr. 4895 í Útvegsbanka Íslands til seljenda skreiðarinnar, en eigi inn í einkasjóð Friðriks Jörgensens. Friðrik Jörgensen tókst að vísu að ávísa nokkrum hluta af andvirði farmsins öðrum en seljendum hans. En eftir standa af skreiðarandvirðinu á téðum hlaupareikningi kr. 745.926.15. Eins og skiptum Friðriks Jörgensens og seljenda skreiðarinnar var háttað, telst fé þetta ekki eiga að renna inn í þrotabú Friðriks Jörgensens, sem úrskurðaður var gjaldþrota hinn 14. apríl 1967. Að réttum tölum

ber áfrýjanda kr. 117.938.38 af nefndri fjárhæð. Ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 117.938.38 ásamt 2% ársvöxtum frá 3. febrúar 1967 til stefnudags, 17. nóvember 1969, og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 50.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Útvegsbanki Íslands, greiði áfrýjanda, Jóni Ingiberssyni, kr. 117.938.38 ásamt 2% ársvöxtum frá 3. febrúar 1967 til 17. nóvember 1969 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 50.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi krafðist þess upphaflega á skiptafundi í þrotabúi Friðriks Jörgensens, að sér yrði greitt utan skuldaraðar úr þrotabúinu fé það á hlaupareikningi nr. 4895 hjá stefnda, er hann krefur sér til handa í máli þessu. Skiptaráðandi synjaði þeirri kröfu með úrskurði 12. febrúar 1969, en með dómi Hæstaréttar 10. nóvember 1969 var sá úrskurður ómerktur, þar sem samkvæmt gögnum, sem lægju fyrir í málinu, hefði áfrýjandi átt að búa málið á hendur stefnda í máli þessu svo og á hendur þrotabúi Friðriks Jörgensens til réttargæzlu og hagsmuna og málið hefði því borið undir hinn reglulega héraðsdómara, en ekki skiptaráðanda.

Stefndi hefur lýst því yfir, að hann vilji ekki í máli þessu bera fyrir sig aðrar ástæður til stuðnings kröfum sínum en aðildarskort.

Réttargæzlustefndi hefur látið sækja þing og lýst því, að

hann telji sig eiganda innstæðunnar á hlaupareikningi nr. 4895, en hann hefur engar kröfur gert í málinu.

Málatilbúnaður áfrýjanda er í samræmi við fyrrgreindan dóm Hæstaréttar. Stefndi verður ekki, eins og hér stendur á, sýknaður vegna þess, að hann sé ekki réttur málsaðili. Ekki er tölulegur ágreiningur um kröfu áfrýjanda né að hlaupareikningsvextir hafi verið 2% á ári á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Samkvæmt þessu er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. apríl 1970.

1.0.

1.1. Mál þetta er þingfest með samkomulagi aðilja 20. nóvember 1969. Munnlegur málflutningur fór fram í máli þessu 16. marz 1970, og var málið dómtekið á þeim degi. Málið var endurflutt 17. apríl s.l. og dómtekið að nýju þann sama dag.

Stefnandi málsins er Jón Ingibersson, Ytri-Njarðvík.

Stefndi er Útvegsbanki Íslands, Reykjavík. Réttargæzlustefndi er þrotabú Friðriks Jörgensens, en skipti á því búi fara fram í skiptarétti Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 117.938.38 með 7% ársvöxtum frá 3. febrúar 1967 til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu.

Í efnishlið málsins hefur stefndi krafizt algerrar sýknu svo og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Dómkröfur hafa ekki verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og sjálfur hefur hann engar kröfur gert í málinu.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

1.2. Svo sem nánar verður rakið í 3.1., reisir stefnandi dómkröfur sínar á því, að hann sé eigandi að fjárhæð, sem nemi stefnukröfunni, en þessi fjárhæð sé nú á hlaupareikningi þrotabús Friðriks Jörgensens nr. 4895 við Útvegsbanka Íslands.

Áður en bæjarþingsmál það, sem hér er til meðferðar, var þingfest, gerði stefnandi þær dómkröfur á hendur þrotabúi Friðriks Jörgensens fyrir skiptarétti Reykjavíkur, að honum yrðu greiddar úr þrotabúi utan skuldaraðar kr. 117.938.38 ásamt vöxtum.

Með úrskurði skiptaréttarins, uppkveðnum 12. febrúar 1969, var kröfum stefnanda hrundið. Stefnandi áfrýjaði þeim úrskurði

til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 10. nóvember 1969, var sá úrskurður ómerktur.

Í fyrrnefndum dómi Hæstaréttar segir svo m. a.: „Fé það, sem áfrýjandi gerir kröfu til í máli þessu, er hluti þess fjár, sem stendur inni á nefndum hlaupareikningi í Útvegsbanka Íslands. Banki þessi kvaðst fara með vörzlu fjárins á sjálfs sín vegum og sér sjálfum til ávinnings og hagræðis, en eigi fyrir hönd þrotabúsins. Áfrýjandi hefði því að réttu átt að búa mál þetta á hendur Útvegsbanka Íslands og svo á hendur þrotabúi Friðriks Jörgensens til réttargæzlu og hagsmuna. Slíkt mál ber undir hinn almenna héraðsdómara, en ekki skiptaráðanda, sbr. 35. gr. og 90. gr. laga nr. 3/1878. Þar sem tilbúnaður málsins er þannig í ólagi og það er dæmt af óbærum dómara, verður að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð".

Stefnandi kveðst því í samræmi við nefndan dóm Hæstaréttar hafa nú höfðað mál þetta hér fyrir bæjarþinginu.

Stefndi, Útvegsbanki Íslands, gerði upphaflega þær dómkröfur, að máli þessu yrði vísað frá bæjarþinginu. Studdi hann mál sitt þeim rökum, að fjárhæð sú, sem stæði inni á hlaupareikningi nr. 4895, væri eign þrotabús Friðriks Jörgensens, enda þótt Útvegsbankinn færi með geymslu fjárins í umboði þrotabúsins.

Við hinn munnlega flutnings málsins hinn 16. marz s.l. féll stefndi frá kröfu sinni um frávísun málsins og tók til efnisvarna.

2.0.

2.1. Friðrik Jörgensen rak um skeið útflutningsverzlun með sjávarafurðir og tók þá m. a. vörur frá sækjanda til sölumeðferðar. Enginn sérstakur samningur var þeirra á milli um þessi viðskipti, en báðir aðiljar telja þó, að hér hafi verið um umboðssölu að ræða. Útflutningsskjöl um vöruna, þ. á m. farmskírteini, vörureikningur og tryggingarskírteini, voru ávallt gerð í nafni Friðriks Jörgensens eða fyrirtækis hans, en á umbúðum vörunnar voru jafnan auðkenni, sem gáfu framleiðandann til kynna.

Flutningi á fiski í skip var hagað með þeim hætti, að stefnandi fékk skrá um það frá Friðrik Jörgensen, hvaða vörur og hve mikið magn ætti að flytja út með skipinu. Stefnandi annaðist sjálfur flutning farmsins til skips. Var hver bílfarmur færður í svonefnda útskipunarbók, og kvittaði stýrimaður skipsins í bókina fyrir móttöku vörunnar.

Afurðir þær, sem hér um ræðir, fóru á Afríkumarkað. Hinn

erlendi kaupandi var fyrirtækið Khushal (London) Ltd. Friðrik Jörgensen kvaðst sjálfur hafa komið fram gagnvart hinum erlendu kaupendum sem seljandi, en þó með þeim hætti, að hinir erlendu kaupendur hafi fylgzt mjög vel með framleiðslumerki.

Hinn erlendi kaupandi fékk í sinn hlut 2% umboðslaun af útfluttri skreið, en fyrirtæki Friðriks sjálfs tók auk þess yfirleitt 2% í umboðslaun af framleiðanda.

Andvirði seldrar vöru greiddu hinir erlendu kaupendur til Friðriks Jörgensens. Andvirði afurða frá mismunandi aðiljum var oft greitt í einu lagi, enda virðist vörum margra framleiðenda hafa verið blandað saman í vörusendingum til útlanda, ef henta þótti.

Friðrik Jörgensen var í viðskiptum við Útvegsbanka Íslands. Andvirði varnings, sem fluttur hafði verið úr landi, barst á sérstakan hlaupareikning Friðriks Jörgensens hjá Útvegsbankanum, nr. 4895, og var sá reikningur nefndur „bundinn reikningur". Um það bil 15% af þeirri fjárhæð, sem barst á hinn „bundna hlaupareikning", voru færð inn á sérstakan reikning Friðriks Jörgensens honum til frjálsrar ráðstöfunar.

2.2. Stefnandi máls þessa var í viðskiptum við Landsbanka Íslands. Hinn 12. maí 1964 gerðu Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands með sér svofellt samkomulag: „Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafa gert með sér svofellt samkomulag um greiðsluhætti veðsettra útflutningsafurða (sjávar- og landbúnaðarafurða) og um meðferð andvirðis afurðanna. Eru eðlileg lánaskipti framleiðenda út á afurðirnar háð þeim skilyrðum, að útflytjendur afurðanna fylgi þeim reglum, sem felast í samkomulagi þessu.

Um greiðsluhætti veðsettra útflutningsafurða.

Afurðir, sem bankarnir hafa veð í skv. tryggingabréfum eða afurðalánasamningum og seldar eru erlendum aðiljum og fluttar úr landi, skulu seldar gegn bankaábyrgð eða gegn innheimtu fyrir milligöngu Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands. Telji útflytjandi óhjákvæmilegt að selja afurðirnar með öðru greiðslufyrirkomulagi, hvort heldur sem er með gjaldfresti, í umboðssölu eða gegn innheimtu hjá erlendum banka, þá skal hann leita sérstakrar heimildar hjá þeim banka, sem afurðirnar eru veðsettar.

Um meðferð andvirðis afurðanna.

Þegar greiðsla fyrir veðsettar afurðir berst bönkum, skal andvirði þeirra, að frádregnum áætluðum útflutningskostnaði, greitt

í sérstakan reikning útflytjanda. Innstæðu reiknings þessa má aðeins ráðstafa til greiðslu á skilaverði afurðanna, samkvæmt sölureikningi eða annarri slíkri skilagrein útflytjanda með tékkum stíluðum á banka þann, sem afurðirnar eru veðsettar, enda færir bankinn til tekna á viðskiptareikningi veðsala það, sem umfram verður áhvílandi skuldum við bankann. Mismunur á áætluðum og raunverulegum útflutningskostnaði verður jafnaður, þegar hann kemur í ljós".

Skjöl málsins veita vísbendingu um það, að Friðrik Jörgensen hafi undirgengizt að hlíta framangreindum ákvæðum, er hann opnaði hinn „bundna hlaupareikning" í Útvegsbankanum. Að öðru leyti virðast ekki hafa verið sérstakir samningar milli Friðriks Jörgensens og Útvegsbankans um hlaupareikning þennan.

Ekki var greitt af þessum „bundna hlaupareikningi", nema gegn ávísunum, útgefnum af Friðrik Jörgensen, yfirstimpluðum með árituninni „til banka vegna afurða". Þegar framleiðendur innleystu tékka þá, sem Friðrik Jörgensen ávísaði þeim af hinum „bundna hlaupareikningi", í viðskiptabanka sínum, þá fylgdi tékkum ávallt skilagrein útflytjanda í samræmi við framanritað, og með þeim hætti tryggði bankinn sér greiðslur á þeim veðlánum, sem hvíldu á hinum útfluttu afurðum hverju sinni.

Að öðru leyti verður ekki séð, að bankarnir hafi haft mikið sjálfstætt eftirlit með ráðstöfunum Friðriks Jörgensens á fé því, sem fært var inn á hlaupareikninginn. Til dæmis hélt stefndi greiðslum þeim, sem bárust, hvorki sérgreindum eftir framleiðendum né gerði hann sjálfstæðar athuganir á skilagreinum þeim, sem tékkunum fylgdu, þegar framleiðendum var greitt. Yfirleitt lágu ekki upplýsingar fyrir um það hjá bankanum, hverjir væru eigendur þess varnings, sem greiðsla kom fyrir inn á reikninginn hverju sinni.

Það eftirlit, sem fór fram, virðist hafa verið framkvæmt til að gæta hagsmuna bankanna sem veðhafa. Er raunar svo að sjá, að það hafi orðið til þess, að grunur um misferli komst upp.

Í nóvembermánuði 1966 urðu starfsmenn Útvegsbankans þess varir, að gjaldeyrisskil Friðriks Jörgensens vegna útflutnings gengu ekki sem skyldi. Hinn 23. nóvember 1966 hlutaðist Útvegsbankinn til um, að sérstakur endurskoðandi færi yfir bókhald Friðriks Jörgensens. Skýrslur um þá endurskoðun, sem bárust 9. og 14. desember s. á., leiddu til þess, að Friðrik Jörgensen var kærður til sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1966. Hinn 28. janúar 1967 var Útvegsbankanum tilkynnt, að saka-

dómur Reykjavíkur hefði lagt hald á bókhald Friðriks Jörgensens. Að svo komnu máli tilkynnti Útvegsbankinn Friðrik Jörgensen, að ekki yrðu innleystir tékkar á hinn „bundna hlaupareikning", nema jafnframt væri sýnt fram á, að þeir væru ráðstöfun á andvirði afurða, sem þegar hefði verið greitt inn á reikninginn og eigi ráðstafað.

Samkvæmt þessum fyrirvara voru innleystir fjórir tékkar, þrír útgefnir 6. febrúar 1967, en einn útgefinn 8. marz 1967.

Eftir að reikningnum hafði verið lokað samkvæmt framansögðu, bárust einnig inn á hann greiðslur erlendis frá, að því er virðist allt fram til 22. marz 1967.

Innstæða á hlaupareikningi nr. 4895 hinn 27. maí 1969 var rúmlega 1.6 milljón króna.

2.3. Hinn 2. desember 1966 var skipað út í m/s Rangá skreiðarsendingu frá Friðrik Jörgensen að verðmæti kr. 2.094.444.10. Í sendingu þessari voru vörur frá Miðnesi h/f, Jóni Sæmundssyni, Heiðari Þorsteinssyni, Útvör h/f, Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar, Fiskiðjunni h/f og Faxafiski h/f og stefnanda máls þessa. Greiðslur fyrir þessa sendingu bárust Útvegsbanka Íslands, og voru þar lagðar inn á hlaupareikning nr. 4895. Voru þær sem hér segir:

7. desember 1966	kr.	605.695.50
19. janúar 1967	—	742.882.45
3. febrúar 1967	—	745.926.15
	Samtals kr.	2.094.444.10

Eftir að hlaupareikningi nr. 4895 hafði verið lokað, gaf Friðrik Jörgensen út ávísanir á hlaupareikninginn fyrir miklu hærri upphæð heldur en innstæðan á honum nam. Meðal annars gaf Friðrik út ávísanir til framangreindra skreiðarframleiðenda fyrir fjárhæð, sem nam öllu andvirðinu.

Útvegsbankinn neitaði að innleysa þessar ávísanir.

Svo sem áður greinir, var reikningi Friðriks Jörgensens hjá Útvegsbankanum lokað 28. janúar 1967, en síðasta greiðslan fyrir farminn úr m/s Rangá barst inn á hlaupareikninginn 3. febrúar 1967 (þ. e. kr. 745.926.15). Krafa stefnanda er nú við það miðuð, að hin umdeilda fjárhæð, þ. e. kr. 745.926.15, sé sameign hans og hinna sjö annarra útvegsmanna, sem áttu skreiðina í m/s Rangá umrætt sinn, og sé því stefnda skylt að greiða þeim þessa fjárhæð í réttu hlutfalli við eignarrétt þeirra í farminum. Hlutur

stefnanda hafi numið 15.811%, eða kr. 117.938.38 af þeim kr. 745.926.15, sem hafi borizt inn á reikninginn, eftir að honum hafði verið lokað.

Í málinu er ekki um það deilt, að nefndar kr. 745.926.15 sé síðasta greiðsla fyrir farm þann í m/s Rangá, sem ofangreindir sjö aðiljar hafi átt. Þá er og óumdeild heimild stefnanda til höfðunar máls þessa og hlutdeild hans í umræddri farmsendingu.

2.4. Stefndi hefur að tilhlutan dómsins látið taka saman skýrslu um eðli hins „bundna hlaupareiknings" nr. 4895 við Útvegsbanka Íslands, Reykjavík.

Skýrsla þessi er svohljóðandi:

„I. Greiðslur inn á hlaupareikning þennan bárust þannig frá útlöndum:

1. Frá bönkum með tilkynningu (símskeyti og/eða bréf).
2. Friðrik Jörgensen sendi Útvegsbankanum erlenda tékka með beiðni um, að þeir yrðu keyptir og andvirðið lagt inn á hlaupareikninginn.
3. Gegn innheimtu og ábyrgðum.

II. Greiðslutilkynningum frá erl. bönkum fylgdu ekki aðrar skýringar en þær, að stundum var tilgreint „invoice no." og í sumum tilfellum var tilgreint, fyrir hvern hinn erl. banki væri að greiða.

Tékkum þeim, sem F. J. sendi Útvegsbankanum með beiðni um, að þeir yrðu keyptir og lagðir inn á hlaupareikninginn, fylgdu yfirleitt aðeins skýringar almenns eðlis, s. s. „fyrir afurðir", „upp í saltfisk", „upp í skreið" o. s. frv. Útvegsbankinn hafði því engar öruggar upplýsingar um það, hvaða greiðslur væru fyrir afurðir. Hins vegar var yfirleitt litið svo á, að greiðslur erl. frá væru fyrir afurðir. Ekki hafa fundizt neinar greiðslur erl. frá, sem starfsmenn bankans hafa vissu fyrir, að séu ekki fyrir afurðir. Þegar greiðslur bárust erl. frá skv. lið I 3 hér að framan, hafði bankinn vitneskju um það, að um afurðir væri að ræða.

III. Ekki verður séð, að greiðslur hafi borizt frá innlendum aðilum, aðrar en þær, sem getið er um undir I.

IV. Með bréfi, dags. 21. október 1966, sendi Friðrik Jörgensen Útvegsbankanum tékka að upphæð £ 46.000.0.0. Andvirði þessa tékka var fært til tekna á hlr. 4895 þann 27. október með kr. 5.514.480.00.

Með bréfi, dags. 27. október 1966, sendi Friðrik Útvegsbankanum tékka að upphæð £ 30.000.0.0. Andvirði hans, kr. 3.596.400.00, var fært til tekna þann 2. nóvember á hlr. 4895.

Ekki er nú mögulegt að sjá, hver var útgefandi þessara tékka, en þeir voru báðir stílaðir á Yorkhire Bank Ltd., sjá meðfylgjandi ljósrit.

V. Bankinn krafðist ekki skilagreinar frá Friðrik Jörgensen um ráðstöfun hans á þeim 15%, sem hann fékk til frjálsrar ráðstöfunar.

VI. Vextir, sem færðir voru til tekna á hlr. 4895, voru Friðrik Jörgensen til frjálsrar ráðstöfunar. Athugasemdir þessar eru byggðar á upplýsingum starfsmanna bréfritunar- og sjávarútvegslánadeildar bankans, ýmist gefnar eftir minni þessara starfsmanna eða eftir athugun á fylgiskjölum frá árinu 1966".

Friðrik Jörgensen hefur gefið skýrslu hér fyrir dóminum þann 17. apríl s.l. Eftir því sem hann mundi bezt, komu allar greiðslur fyrir afurðir, sem hann hafði í umboðssölu, inn á hlaupareikning nr. 4895 í Útvegsbankanum og án tillits til þess, hvort afurðirnar höfðu verið veðsettar eða ekki. Í vissum tilvikum kvað hann þó hafa verið undantekningar frá þessari reglu, t. d. er varðaði söltuð hrogn, óveðsett, og hafi andvirði fyrir slíkar afurðir stundum farið inn á frjálsan hlaupareikning.

Vitni þetta kvaðst í sumum tilvikum hafa verið eigandi hinna útfluttu afurða. Andvirði fyrir slíkar afurðir hafi komið inn á hlaupareikning nr. 4895 við Útvegsbankann í þeim tilvikum, þegar afurðir þessar voru veðsettar. Hafi það sjálft ráðstafað því, að uppfylltum venjulegum skilyrðum.

Vitnið sagði, að samkvæmt þessu hefðu einungis farið peningar fyrir afurðir inn á hlaupareikning nr. 4895 við Útvegsbankann. Umboðslaun, endurgreiddur kostnaður o. fl. hefði hins vegar verið lagt inn á hlaupareikning til frjálsrar ráðstöfunar.

Varðandi greiðslu fyrirtækisins Chemical and Feeds Ltd. á £ 76.000 sagði vitnið, að þar hefði verið um að ræða fyrirframgreiðslu fyrir væntanlegar afurðir. Af öðrum skjölum málsins sést, að afurðir þessar hafa þó aldrei verið sendar til nefnds fyrirtækis og að fyrirtæki þetta hefur lýst kröfu í þrotabú Friðriks Jörgensens fyrir nokkru hærri fjárhæð en að framan greinir.

Varðandi greiðslu frá Chemical and Feeds Ltd. sagði vitnið, að fyrri greiðslur frá framangreindu fyrirtæki hefðu ekki í öllum tilvikum verið hreinar greiðslur fyrir vörusendingar eða fyriframgreiðslur fyrir vörusendingar, heldur andvirði vörusendinga að frádregnum skaðabótum út af fyrri sendingum.

3.0.

3.1. Dómkröfur stefnanda eru á því reistar, að stefnandi hafi verið ásamt sjö öðrum framleiðendum eigandi að skreiðinni og að þessi eignarréttur hafi haldizt áfram og færzt yfir á andvirðið, eftir að skreiðin var send til Khushals Ltd. Friðrik Jörgensen hafi eingöngu verið söluumboðsmaður framleiðenda, enda hafi hann fengið 2% umboðslaun fyrir störf sín og farmurinn aldrei farið á hans nafn í skipsskjölum. Andvirðið hafi heldur aldrei farið í gegnum hans hendur, heldur hafi það verið sent beint frá banka kaupandans í London til Útvegsbankans, sem hafi síðan lagt það inn á sérstakan reikning, svonefndan „bundinn afurðalánareikning". Um þennan reikning hafi gilt sérstakar reglur, sem takmörkuðu rétt Friðriks Jörgensens til þess að gefa út ávísun á reikninginn. Þannig hafi hann aðeins mátt greiða af reikningnum með ávísunum stíluðum á banka og aðeins til greiðslu á andvirði afurða, enda hafi allar greiðslur fyrir útfluttar og veðsettar afurðir átt að ganga inn á reikninginn.

Stefnandi bendir á, að þrátt fyrir það, að Friðrik Jörgensen hafi brotið stórlega gegn skyldum sínum um meðferð þessa reiknings og eytt á ólögmætan hátt þeim tveim greiðslum fyrir farminn úr Rangá, sem hafi borizt inn á reikninginn þann 7. desember 1966 og 19. janúar 1967, þá telji hann, að réttur framleiðenda til að fá greiðsluna, sem hafi borizt inn á reikninginn þann 3. febrúar 1967, sé óskertur, enda telur stefnandi samkvæmt framansögðu sig eiga hlutbundinn rétt yfir fé þessu.

Stefnandi kveður kröfu sína um 7% ársvexti á því reista, að eftir að stefndi hafi lokað hlaupareikningnum, þá sé hann ekki lengur reikningur með 2% ársvöxtum, heldur sparisjóðsreikningur, sem beri 7% ársvexti. Til vara krefst þó stefnandi 2% ársvaxta.

3.2. Stefndi hefur gert þá grein fyrir kröfum sínum, að bú Friðriks Jörgensens hafi verið tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota hinn 14. apríl 1967, og sé skiptum enn eigi lokið. Kveðst stefndi hafa átt kröfur á Friðrik Jörgensen og lýst þeim í búið, en enn sé ekki ljóst, hvort þessar kröfur á hendur búinu sæti andmælum.

Á meðan svo sé, kveðst stefndi geyma fé það, sem nú sé inni á áðurgreindum hlaupareikningi nr. 4895 við Útvegsbanka Íslands, í umboði þrotabús Friðriks Jörgensens og með samþykki þess.

Stefndi telur sér að vísu heimilt, að vissum skilyrðum fullnægðum, að skuldajafna kröfum sínum á hendur þrotabúinu við

hlaupareikningsinnstæðuna, en telur það þó ekki því til fyrirstöðu, að geymslu sé hagað með þeim hætti, sem að framan er lýst.

Í samræmi við framanritað telur stefndi, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa, heldur hefði stefnandi átt að beina kröfum sínum á hendur þrotabúi Friðriks Jörgensens. Af þessum sökum krefst stefndi sýknu vegna aðildarskorts.

Að gefnu tilefni frá dóminum hefur stefndi lýst því yfir, að hann vilji eigi bera fyrir sig aðrar málsástæður heldur en þær, sem að framan er lýst.

3.3. Sjónarmið réttargæzlustefnda er það sama og stefnda að því leyti, að réttargæzlustefndi telur sig vera eiganda fjárins, og að stefndi fari með geymslu þess í umboði þrotabús Friðriks Jörgensens. Segir í greinargerð réttargæzlustefnda, að skiptaráðandi hafi að vísu enn eigi krafizt þess að fá féð afhent, þar sem féð sé hvergi betur geymt en í viðkomandi banka. Að vísu hafi Útvegsbankinn lýst kröfu í þrotabú Friðriks Jörgensens til skiptaréttarins, en ekki sett fram formlega kröfu til skuldajafnaðar við innstæðu þá, sem á fyrrgreindum hlaupareikningi standi, en það sé skiptaréttarins, og hans eins, að taka afstöðu til þess, hvort um skuldajöfnuð kunni að vera að tefla.

Í hinum munnlega málflutningi sýndi réttargæzlustefndi fram á það sjónarmið sitt, að andvirði þeirrar vöru, sem Friðrik Jörgensen hafði selt sem umboðsmaður sóknaraðilja, hafi aldrei verið sérgreint, hvorki í vörzlum hans né á hinum „bundna" reikningi í Útvegsbankanum, enda hafi komið greinilega í ljós, að á reikning þennan hafi verið greiddar ýmsar fjárhæðir, sem ekki geti talizt geymslufé fyrir einstaka aðilja, og að innstæða á reikningnum hafi tíðum ekki nægt til að greiða andvirði þeirra afurða, sem lagt hafi verið inn á hann.

4.0.

4.1. Af gögnum varnaraðilja og málflutningi hans kemur ótvírætt fram, að hann hyggst, að vissum skilyrðum fullnægðum, skuldajafna vissum kröfum sínum við fjárhæð þá, sem nú stendur inni á hlaupareikningi nr. 4895 við Útvegsbanka Íslands.

Yfirlýsing stefnda þess efnis, að hann fari með vörzlur fjár þess, sem nú stendur inni á ofangreindum hlaupareikningi, í umboði þrotabúsins, verður að skilja með þeim fyrirvara, sem felst í framangreindu.

Vörzlur stefnda á fjárhæð þeirri, sem stendur á hlaupareikn-

ingnum, eru því með þeim hætti, að málssókn þessari er réttilega beint að honum.

Af því leiðir, að krafa stefnda um sýknu vegna aðildarskorts verður eigi tekin til greina.

4.2. Stefndi hefur eigi viljað bera fyrir sig aðra málsástæðu til sýknu en að um aðildarskort hafi verið að ræða. Engu að síður er ekki unnt að taka stefnukröfuna til greina, nema hún hafi næga lagastoð. Því verður að taka málsástæður þær til meðferðar, sem stefnandi byggir kröfur sínar á.

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, skyldi andvirði þeirra sjávarafurða, sem Friðrik Jörgensen seldi eða sá um sölu á, lagt inn á umræddan hlaupareikning nr. 4895, og fóru ekki aðrar greiðslur inn á þann reikning. Frá því hafa þó komið fram þessar undantekningar:

a. Í sumum tilvikum t. d., en þá fór andvirðið inn á frjálsan hlaupareikning, t. d. andvirði saltaðra hrogna, sem ekki hvíldu veðbönd á.

b. Andvirði óveðsettra afurða, sem Friðrik Jörgensen átti sjálfur.

c. Fyrirframgreiðsla afurða að fjárhæð £ 76.000 frá Chemical and Feeds Ltd, en afurðir voru ekki sendar upp í nefnda greiðslu.

d. Frá greiðslum þeim, sem bárust inn á hlaupareikninginn, virðast stundum hafa verið greiddar skaðabætur, sem Friðrik Jörgensen taldi sig bera ábyrgð á.

e. Frá greiðslum þeim, sem bárust inn á hinn „bundna" reikning, voru dregin umboðslaun til Friðriks Jörgensens, endurgreiddur kostnaður o. fl., alls um 15%. Voru þær fjárhæðir, sem bárust inn á hinn „bundna" reikning, færðar á sérstakan reikning Friðriks Jörgensens honum til frjálsrar ráðstöfunar. Kostnaður þessi var ekki gerður upp eftir á, eins og þó var áskilið í samkomulagi því um greiðsluhætti veðsettra útflutningsafurða, sem rakið var í 2.2.

Það er því ljóst af því, að inn á hinn „bundna hlaupareikning" hafa bæði borizt greiðslur fyrir afurðir, sem Friðrik Jörgensen hafði í umboðssölu, og einnig fyrir veðsettar afurðir, sem Friðrik Jörgensen átti sjálfur.

Bú Friðriks Jörgensens var tekið til gjaldþrotaskipta 14. apríl 1967. Greiðsla sú, sem stefnandi gerir hlutfallslega kröfu til (ásamt 7 öðrum framleiðendum) barst inn á hinn „bundna hlaupareikning" 3. febrúar 1967.

Ef viðurkenndur væri réttur stefnanda til að fá greiðslu af umræddum hlaupareikningi á stefnufjárhæðinni, leiddi það til

lakari réttarstöðu aðilja, sem telja til skuldar á hendur þrotabúi Friðriks Jörgensens, m. a. þeirra, sem áttu sams konar eða sambærileg viðskipti við Friðrik Jörgensen og stefnandi.

Ekki verður séð, að Friðrik Jörgensen hafi verið skylt samkvæmt samningum sínum við stefnanda eða á annan hátt að halda söluandvirði afurða aðgreindu. Var greiðslum inn á umræddan hlaupareikning og þannig háttað, að eigi bárust aðeins inn á reikninginn söluandvirði sjávarafurða, sem Friðrik Jörgensen hafði í umboðssölu, heldur einnig greiðsla fyrir afurðir, sem hann átti sjálfur, og í einu tilvik a. m. k. fyrirframgreiðslur kaupanda vegna afurða, sem Friðrik ætlaði að útvega. Fékk Friðrik Jörgensen, að uppfylltum venjulegum skilyrðum, greitt fé af reikningi þessum til eigin ráðstöfunar. Af þessum sökum og að öðru leyti með tilliti til framangreindra hlaupareikningsviðskipta verður ekki fallizt á, að söluandvirði sjávarafurða, sem Friðrik hafði í umboðssölu, hafi getað talizt sérgreint á umræddum hlaupareikningi eða í viðskiptaveltu Friðriks yfirleitt.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, verður ekki talið, að stefnandi geti gert kröfu til að fá greiðslu af umræddum hlaupareikningi utan skuldaraðar og óháð gjaldþrotaskiptum á búi Friðriks Jörgensens. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Stefán M. Stefánsson, settur borgardómari, og meðdómendurnir Gaukur Jörundsson prófessor og Bjarni Jónsson hagfræðingur.

Dómsorð:

Stefndi, Útvegsbanki Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Ingiberssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 15. febrúar 1971.

N. 134/1968. **Jón Ingibersson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Útvegsbanka Íslands
(Axel Kristjánsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1968 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 199.009.44 ásamt 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 19. janúar 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjanda hefur ekki tekizt að leiða sönnur að því, að stefndi hafi undirgengizt þær skyldur við hann, að leiða eigi til skaðabótagreiðslna úr hendi stefnda til áfrýjanda. Ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1968.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. apríl s.l., hefur höfðað Jón Ingibersson, Keflavík, með stefnu, þingfestri 16. nóvember 1967, gegn Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 316.947.82 auk 1% vaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 19. janúar 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi, sem sótt hefur þing í málinu óstefndur, hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Sáttir hafa verið reyndar með aðiljum, en án árangurs.

II.

Í stefnu og greinargerð hefur stefnandi lýst málavöxtum þannig, að stefnandi hafi falið Friðrik Jörgensen, Reykjavík, að annast sölu á 315 pökkum af skreið til Nígeríu og hafi vörunni verið afskipað í m/s Rangá þann 2. desember 1966.

Þegar skipið hafi verið að leggja af stað frá Keflavík, hafi stefnandi fengið vísbendingu um það, að varhugavert væri að senda vöruna á vegum Friðriks Jörgensens, vegna þess að hann væri kominn í alvarleg fjármálavandræði. Hafi stefnandi þá talið rétt að taka vöruna úr skipinu, þegar það kæmi til Vestmannaeyja.

Á vegum stefnanda hafi starfsmaður Landsbankans, Árni Jónsson, átt tal við Gunnlaug Björnsson, fulltrúa í sjávarútvegslánadeild Útvegsbankans, og spurt hann, hvort ekki væri rétt að stöðva skipið og fjarlægja farminn úr því. Hafi nefndur Gunnlaugur talið, að það væri ekki nauðsynlegt, og hafi jafnframt lofað að gæta þess fjár, sem inn kæmi fyrir vöruna, og að greiða það ekki Friðrik Jörgensen.

Stefnandi hafi treyst loforði Gunnlaugs og hafi látið hjá líða að taka vöruna úr m/s Rangá.

Eftir að varan hafi verið seld og greidd af kaupendum, hafi bankinn greitt andvirði vörunnar beint til Friðriks án þess að skeyta um hagsmuni stefnanda, og þrátt fyrir það, að bankanum væri kunnugt um ýmiss konar misferli Friðriks og vanskil.

Stefnandi málsins, Jón Ingibersson, hefur gefið aðiljaskýrslu hér fyrir dóminum þann 21. febrúar og 11. marz s.l.

Aðiljaskýrsla hans er á þá leið, að Árni Jónsson hafi hringt í sig í því skyni að stöðva útskipunina á skreiðinni í m/s Rangá umrætt sinn. Sagði stefnandi, að þegar Árni Jónsson hafi hringt, hafi þegar verið búið að skipa út farminum í m/s Rangá, svo að ekki hafi orðið úr því, að útskipunin hafi verið stöðvuð.

Í framhaldi af þessu hafi stefnandi og bróðir hans farið í Landsbankann að beiðni Árna, daginn eftir að umrætt símtal hafi átt sér stað. Hafi þá Árni talið möguleika á að stöðva eða kyrrsetja skipið í Vestmannaeyjum. Sagði stefnandi, að þar og þá hafi Árni átt símtal við áðurnefndan Gunnlaug og eftir því

sem Árni hafi tjáð þeim um samtal þetta, þá hafi Árni ekki talið ástæðu til þess að stöðva farm þennan, þar sem andvirði hans mundi skila sér. Sagði stefnandi, að þeir báðir, þ. e. stefnandi sjálfur og bróðir hans, hafi verið inni hjá Árna, meðan samtal þetta hafi átt sér stað.

Stefnandi kvaðst hafa fengið ávísun á andvirði skreiðarfarms þess, sem í máli þessu greinir, í marz 1967 og hafi stefnandi afhent þá ávísun Landsbankanum, en hún reynzt innstæðulaus. Sagði stefnandi, að þegar hann hafi afhent ávísunina Landsbankanum, þá hafi sér skilizt strax á Árna, að ekkert væri inni fyrir ávísun þessari, og hafi Árni tekið mál þetta í sínar hendur fyrir stefnanda, enda hafi hann talið það sterkara að hafa ávísunina undir höndum.

Stefnandi sagði, að enginn skriflegur samningur hafi verið gerður við Friðrik Jörgensen út af útflutningsumboði hans. Sagði stefnandi, að sér hefði verið túlkað það, að ekki væri unnt að taka fé út af hlaupareikningnum, með því að hann væri „bundinn", og taldi stefnandi, að hér væri tryggilega búið um hnúta. Að öðru leyti sagði stefnandi, að enginn sérstakur samningur hafi legið fyrir nema þá helzt það, að Friðrik hafi lofað að selja vöruna hæsta verði á hverjum tíma.

Sagði stefnandi, að venjan hafi verið sú, að hann hafi fengið tilkynningu frá Landsbankanum um, að andvirði afurðanna væri komið inn á reikning hans hjá Landsbankanum.

Í sambandi við ávísun þá, sem mál þetta fjallar um, hafi Friðrik Jörgensen tjáð stefnanda, að nú væri honum lokaðar allar leiðir til þess að komast að skjölum sínum. Væri bókhald hans undir rannsókn og því sæi hann ekki aðra leið til þess að greiða fyrir skreiðina en með ávísun til stefnanda, stílaða á Útvegsbankann.

Þá hefur komið fyrir dóminn þann 21. febrúar 1968 Óskar Ingibersson, bróðir stefnanda og eigandi útgerðarstöðvarinnar ásamt honum. Lýsti hann málavöxtum í öllum aðalatriðum á sama hátt og stefnandi málsins, Jón Ingibersson.

Stefndi hefur í greinargerð lýst því, að Gunnlaugur Björnsson hafi aldrei lofað að gæta þess fjár, sem inn kæmi fyrir farminn, og að gæta þess að greiða Friðrik Jörgensen það ekki út af reikningi hans né hafi hann á nokkurn annan hátt hindrað kyrrsetningu á skreiðarfarmi í m/s Rangá þann 2. desember 1967.

Þá er svo skýrt frá í greinargerðinni, að Friðrik Jörgensen hafi haft sérstakan hlaupareikning hjá stefnda, „afurðalánareikning",

sem andvirði seldra afurða hafi verið lagt inn á, og síðan hafi Friðrik Jörgensen greitt viðskiptabanka stefnanda andvirði hinna seldu afurða með tékka á þennan hlaupareikning. Tékkar þessir hafi verið sérstaklega merktir með orðunum „til banka vegna afurðalána" og hafi stefndi ekki greitt aðra tékka út af reikningi þessum en þá, sem stílaðir hafi verið á banka. Samkvæmt þessari áritun hafi banki sá, sem tékki hafi verið stílaður á, aðeins mátt ráðstafa andvirði tékkans til greiðslu á afurðum.

III.

Hér á eftir verður málavöxtum nokkru nánar lýst. Byggist málavaxtalýsing þessi á framburðum vitnanna Árna Jónssonar, fulltrúa í afurðalánadeild Landsbankans, Gunnlaugs Björnssonar, fulltrúa í sjávarafurðadeild Útvegsbankans, Árna Sigurjónssonar, deildarstjóra í Landsbanka Íslands, og Friðriks Jörgensens, en einnig verður stuðzt við önnur gögn málsins.

Vitnið Árni Jónsson skýrði svo frá, að afurðir þær, sem mál þetta fjallar um, hafi verið veðsettar Landsbankanum.

Kvaðst vitnið hafa fengið fyrirmæli um það frá einum af bankastjórum Landsbankans að koma í veg fyrir, að afurðir, sem væru veðsettar Landsbankanum, væru sendar út á vegum Friðriks Jörgensens. Sagði vitnið, að tilefnið til þessara aðgerða hafi verið það, að bankinn hafi orðið var við það, að greiðslur til framleiðenda hafi dregizt, þrátt fyrir það að greiðslur þessar hafi borizt erlendis frá.

Sagði vitnið, að þessi dráttur hafi orðið til þess, að Friðrik Jörgensen hafi verið aðvaraður.

Vitnið lýsti því, að þegar þetta hafi skeð, hafi verið búið að lesta afurðir í m/s Rangá, eða að minnsta kosti verið að lesta afurðir. Samkvæmt tilmælum stefnanda máls þessa og Óskars bróður hans kvaðst vitnið hafa átt símtal þann 3. desember 1966 við Gunnlaug Björnsson um það, hvort unnt væri að gera eitthvað til þess að stöðva skipið. Gunnlaugur hafi hins vegar tjáð vitninu, að hann teldi ekki þörf á neinum sérstökum aðgerðum út af farmi þeim, sem mál þetta fjallar um. Og sagði vitnið, að Gunnlaugur hefði byggt þessa skoðun sína á niðurstöðum sérstakra athugana, sem Útvegsbankinn hefði látið fara fram.

Vitnið kvaðst hafa álitið þetta svar fullnægjandi og hafi því ákveðið fyrir hönd Landsbankans að gera ekkert frekar í málinu. Vitnið kvaðst þá hafa óskað eftir því við nefndan Gunnlaug,

að Útvegsbankinn tæki að sér að gæta hagsmuna Landsbankans, og taldi vitnið, að nefndur Gunnlaugur hefði játað þessu.

Vitnið var sérstaklega spurt um það, hvort hér hafi verið um loforð að ræða af hálfu nefnds Gunnlaugs, og kvaðst vitnið ekki treysta sér til að fullyrða það. Þá sagði vitnið, að þegar þetta samtal hafi farið fram, hafi bæði stefnandi málsins og bróðir hans Óskar verið staddir hjá sér og því hlustað á, þegar vitnið hafi talað við nefndan Gunnlaug í síma.

Að því er þetta atriði varðar, hefur Gunnlaugur Björnsson skýrt svo frá, að hann muni eftir símtali þessu við Árna Jónsson. Hafi hann fyrst og fremst litið á þetta samtal sem spjall milli „kollega". Ástæðan til þessa samtals hafi verið sú, að Útvegsbankinn hafi verið búinn að tilkynna Landsbankanum um það, að ekki væri allt með felldu í viðskiptum Friðriks Jörgensens, og í samtalinu hafi Árni verið með vangaveltur um það, hvort ekki væri rétt að taka farminn úr skipinu. Vitnið kvaðst ekkert hafa gefið út á það, hvorki til né frá. Hins vegar kvaðst vitnið hafa sagt Árna, að ekki væri allt með felldu í viðskiptum Friðriks Jörgensens, og jafnframt tjáð honum, að vitnið hefði aðvarað Friðrik Jörgensen og að Friðrik Jörgensen hefði lofað að bæta ráð sitt.

Kvaðst vitnið engu hafa lofað Árna í þessu sambandi, enda hafi það ekkert vald haft til þess að gefa slík loforð og enga aðstöðu til þess að fylgjast með því, á hvern hátt Friðrik Jörgensen ráðstafaði fé því, sem inn kæmi á hinn sérstaka „bundna reikning". Sagði vitnið, að sér hafi komið það algerlega á óvart, þegar það hafi frétt síðar, að Árni hefði hermt upp á sig loforð í þessu sambandi.

Á hinn bóginn kvaðst vitnið persónulega hafa talið það líklegt, að á þessum tíma stæði Friðrik Jörgensen í skilum við hina smærri framleiðendur.

Vitnin Árni Jónsson og Gunnlaugur Björnsson voru samprófuð um símtal þetta, en frekara samræmi náðist ekki.

Vitnið Gunnlaugur skýrði nánar svo frá, að greiðslur þær, sem komi erlendis frá fyrir útfluttar afurðir, væru lagðar inn á sérstakan reikning útflytjandans hjá Útvegsbankanum. Reikningur þessi hafi verið nefndur „bundinn reikningur", þar sem ekki hafi verið greitt út af reikningi þessum nema með sérstökum ávísunum, sem hafi verið yfirstimplaður „til banka vegna afurða". Þessir reikningar hafi verið upp teknir á árinu 1964 til þess að aðskilja afurðareikninga frá annars konar almennum viðskipta-

reikningum, til þess að síður væri hætta á, að afurðaandvirðið blandaðist saman við annað rekstrarfé útflytjenda. Síðan hafi það verið sett algerlega á vald útflytjenda að ráðstafa andvirðinu til sinna viðskiptavina, en þó einungis til greiðslu afurða.

Nánar hefur vitnið lýst þessu fyrirkomulagi svo, að þegar Friðrik Jörgensen hafi opnað hlaupareikninginn í Útvegsbankanum, hafi hann undirgengizt að hlíta þeim ákvæðum bankans að hafa hlaupareikninginn „bundinn" með þeim hætti, sem að ofan er lýst.

Að öðru leyti hafi ekki verið neinir sérstakir samningar milli bankans og Friðriks Jörgensens í sambandi við hlaupareikning þennan.

Mikill fjöldi ávísana hafi borizt frá öðrum bönkum á hlaupareikning þennan og hafi þá ávísanir þessar verið ábaktar af þeim bönkum. Hafi Útvegsbankinn leyst slíkar ávísanir til sín, enda hafi þá Útvegsbankinn talið þeim reglum fullnægt, sem hann hafði sett.

Sagði vitnið, að skilagrein hafi fylgt frá Friðrik Jörgensen með ávísuninni til viðskiptabanka framleiðanda. Slík skilagrein hafi hins vegar ekki fylgt tékkanum, þegar Útvegsbankinn hafi leyst tékkann til sín með framsali frá öðrum banka. Sagði vitnið, að eftir því sem það bezt vissi, þá fylgdi að jafnaði greiðslum erlendis frá beiðni um, að tiltekin upphæð væri færð útflytjanda til tekna. Komi þessi beiðni til deildar þeirrar í bankanum, sem fari með gjaldeyrismál. Bankinn geti ekki séð, fyrir hvaða afurðir sú greiðsla komi né hverjir framleiðendur eigi þær greiðslur, nema í undantekningartilfellum. Það sé einungis útflytjandinn, í þessu falli Friðrik Jörgensen, sem geti vitað þetta.

Stefndi hafi því ekki getað fylgzt með því lið fyrir lið, hvernig viðskipti Friðriks Jörgensens við viðskiptamenn hans stæðu. Hins vegar hafi bankinn lánað sumum framleiðendum peninga út á afurðir og hafi þá bankinn fylgzt með útskipun hér. Hafi óeðlilega langur tími liðið frá útskipun og þar til greiðsla hafi borizt inn á reikning framleiðanda hjá bankanum, þá hafi bankinn kvartað eða gert fyrirspurn til útflytjanda þar að lútandi.

Sagði vitnið, að með þessum hætti hafi bankinn orðið var við það, að óeðlilega langur tími hafi liðið, þar til greiðsla hafi borizt til eins framleiðandans, sem hafi verið viðskiptamaður Friðriks Jörgensens, og sé sú greiðsla raunar ekki komin enn.

Vitnið sagði, að þessa vitneskju hefði hann fengið um miðjan

nóvember 1966 og hafi það verið upphaf þess, að misferli Friðriks Jörgensens hafi komizt upp.

Vitnið tók þá fram í þessu sambandi, að sér vitanlega hefðu framleiðendur ekki kvartað út af því, að greiðslur hefðu borizt seint fyrir útfluttar afurðir, og sagði vitnið, að framleiðendur hefðu frekar sótzt eftir viðskiptum við Friðrik Jörgensen.

Þá skýrði vitnið frá því, að þegar greiðslur hefðu borizt erlendis frá, hefðu þær borizt í heild sinni inn á hinn „bundna hlaupareikning". Ca. 15% af þessari fjárhæð hafi verið áætluð af bankanum sem kostnaður útflytjanda og hafi þessi fjárhæð, þ. e. 15%, verið færð inn á sérstakan reikning Friðriks Jörgensens honum til frjálsrar ráðstöfunar. Sagði vitnið, að Útvegsbankinn hefði ekki krafizt skilagreinar í því tilefni, nema útflytjandinn óskaði þess sjálfur. Á hinn bóginn upplýsti vitnið, að eftir að hann hafði fengið grun um misferli Friðriks Jörgensens í lok nóvembermánaðar 1966, hafi hann stöðvað greiðslur á hinn frjálsa reikning.

Þá lýsti vitnið því, að þegar fiskframleiðendur hafi verið viðskiptamenn Útvegsbankans, þá hafi greiðslur til þeirra farið fram með sama hætti og ella, þ. e. að Friðrik Jörgensen hafi ávísað af hinum bundna reikningi til sjávarútvegslánadeildar bankans eða útibúa hans.

Þá segir í vitnaskýrslunni, að af hálfu bankans hafi ekki verið gerður reki að því að fá að sjá útflutningsskýrslur og upplýsingar í þeim um farminn og önnur atriði. Bankinn hafi ekki haft neitt bókhald fyrir útflytjendur og hafi ekki fylgzt með útflutningi þeirra jafnóðum, heldur hafi þeim verið algerlega treyst að þessu leyti.

Í sumum tilfellum hafi þá útflytjandinn afhent bankanum farmskjölin og á þeim útflutningsskjölum hafi þá sézt, um hvaða farm hafi verið að tefla og með hvaða skipi farmurinn hafi farið, en ekki hafi sézt af skjölum þessum, hver hafi verið framleiðandi vörunnar, og hafi bankinn ekki gert sérstakan reka að því að finna út, hver væri framleiðandinn. Útflytjendur hafi heldur tregðazt við að láta farmskjölin fara í gegnum bankann bæði vegna þess, að útflytjendur hafi borið við afgreiðslutöf og kostnaðarauka.

Vitnið lýsti því, að hinn 23. nóvember 1966 hafi sérstakur endurskoðandi verið fenginn til þess að fara yfir bókhald Friðriks Jörgensens og hafi aðalskýrslur frá endurskoðanda þessum borizt bankanum 9. desember og 14. desember s. á. og í framhaldi af

þeim skýrslum hafi síðan bankinn kært meint misferli Friðriks Jörgensens til sakadóms Reykjavíkur þann 22. desember 1966. Af öðrum gögnum málsins sést, að þann 28. janúar 1967 hafi Útvegsbankanum verið tilkynnt, að sakadómur Reykjavíkur hefði lagt hald á bókhald Friðriks Jörgensens. Hafi þá bankinn tilkynnt Friðrik Jörgensen, að ekki yrðu innleystir tékkar á ofangreindan hlaupareikning, nema jafnframt væri sýnt fram á, að þeir væru ráðstöfun á andvirði afurða, sem þegar hefði verið greitt inn á reikninginn og eigi ráðstafað.

Þá sagði vitnið, að Friðrik Jörgensen hefði tekið sig til undir lokin og ávísað á hinn „bundna reikning" fyrir miklu hærri fjárhæð heldur en þar hafi verið til og þar á meðal hafi verið ávísun fyrir afurðir þær, sem í máli þessu greinir. Þeirri ávísun hafi Landsbankinn tekið á móti ásamt fleirum, en þó ekki tekið gilda sem greiðslu, enda muni þá Landsbankanum hafa verið kunnugt um það, að ekki væri til fyrir ávísun þessari. Sagði vitnið, að síðan hefði sér verið afhent ávísun þessi, ef vera kynni, að eitthvað bærist inn á hinn „bundna reikning" Friðriks Jörgensens.

Vitnið kveður, að Útvegsbankinn hafi í lok janúar tilkynnt Friðrik Jörgensen, að tékkar af hlaupareikningnum yrðu ekki innleystir, nema jafnframt væri sýnt fram á, að þeir væru ráðstöfun á andvirði afurða, sem þegar hefði verið greitt inn á reikninginn og eigi ráðstafað, og hafi þessi tilkynning staðið í sambandi við hald sakadóms Reykjavíkur á bókhaldi Friðriks Jörgensens.

Vitnið skýrði svo frá, að þegar sá grunur hafi komizt á kreik, að fjármál Friðriks Jörgensens væru í ólagi, hafi oft verið hringt í vitnið af ýmsum framleiðendum, og sagðist vitnið ekki geta munað nöfn einstakra manna í þessu sambandi. Hins vegar hafi það tjáð þessum mönnum það, að vitnið hafi átt tal við Friðrik og aðvarað hann og að Friðrik hefði lofað að standa í skilum. Kvaðst vitnið ekki hafa gefið neinar yfirlýsingar fram yfir þetta, þar á meðal hafi það ekki tilkynnt stefnanda máls þessa sérstaklega um það, að ekki væri allt með felldu í fjármálum Friðriks. Á hinn bóginn hafi Útvegsbankinn tilkynnt Landsbankanum um grun þennan, en Útvegsbankinn hafi talið það hlutverk Landsbankans að tilkynna síðan viðskiptamönnum þeirra um þetta.

Af vitnaskýrslum má ráða, að sami háttur hefur verið hafður á hjá Landsbankanum um „bundinn hlaupareikning" og greiðslu tékka á reikning þennan. Þó er svo að sjá, að Landsbankinn hafi að minnsta kosti í flestum tilfellum eigi afhent útflytjanda til

frjálsrar ráðstöfunar ca. 15% til greiðslu kostnaðar vegna útflutningsumboðslauna o. fl., fyrr en skilagrein barst.

Oftlega hafi þetta verið í Landsbankanum með þeim hætti, að útflytjandi hafi sent bankanum tvo tékka samtímis, annars vegar tékka til greiðslu afurða til framleiðanda, en hins vegar tékka til greiðslu ýmiss kostnaðar, farmgjalda og fleira, en það fé hafi útflytjandi fengið til eigin ráðstöfunar. Hafi þá skilagrein eða skýringar fylgt báðum tékkum þessum.

Vitnið Friðrik Jörgensen hefur skýrt frá því, að það hafi verið útflytjandi fyrir stefnanda máls þessa. Ekki hafi verið gerður neinn sérstakur skriflegur samningur við stefnanda um umboð vitnisins til þess að flytja út skreið.

Gagnvart hinum erlendu kaupendum sagðist vitnið hafa komið fram sem seljandi, en þó því umboði hafi verið hagað með þeim hætti, hafi kaupendur fylgzt mjög vel með framleiðslumerki.

Vitnið hefur lýst umboði sínu til að taka á móti greiðslum þannig, að allar greiðslur erlendis frá hafi komið á tvo hlaupareikninga í Útvegsbankanum.

Á annan hlaukareikninginn hafi komið 10—15% af fjárhæðinni og hafi sá hlaupareikningur verið frjáls og fjárhæðir á honum átt að standa straum af fraktgreiðslum, útflutningsgjöldum, umboðslaunum og fleiru.

Bókhaldari sinn hafi gefið bankanum skilagrein yfir greiðslur, sem komið hafi erlendis frá, og beðið síðan bankann að færa 10—15% af þeirri fjárhfð yfir á hinn „frjálsa reikning" og hafi það þá verið gert. Um „bundna reikninginn" sagði vitnið, að ávísanir þær hafi verið yfirstimplaðar „til banka vegna afurðalána" og hafi skilagrein fylgt með þeim ávísunum frá vitninu, þegar þær ávísanir hafi verið seldar í viðkomandi banka.

Ekki kvaðst vitnið treysta sér til þess að segja um það að svo stöddu, hvernig á því standi, að greiðslur vanti nú á hinn „bundna hlaupareikning".

Vitnið sagði, að áður en skreið sé seld erlendis, sé hún metin af ríkismatinu og sé merki eiganda vörunnar ávallt á pökkunum, þyngd og gæðamat.

Einnig sé þá á pökkunum merki kaupandans. Síðan gefi útflytjandinn vörunni sérstakt útflutningsnúmer og sé það útflutningsnúmer á öllum útflutningsskjölunum. Þegar greiðsla komi svo erlendis frá, þá sé það oftast svo, að útflutningsnúmer fylgi með greiðslunni.

Þá lýsti vitnið því, að um miðjan janúar 1967 hefði Gunn-

laugur Björnsson hringt í sig og beðið sig um að stíla allar ávísanir hér eftir á Útvegsbankann. Sé það skýringin á því, hvers vegna ávísunin í máli þessu sé stíluð á Útvegsbankann.

Hins vegar minnti vitnið, að það hefði verið í febrúar 1967, sem það hafi fengið bréf frá Útvegsbankanum, þar sem viðskiptum hafði verið sagt upp við vitnið í sambandi við sölumál, en ekki hafi verið minnzt á hlaupareikningana einu orði sérstaklega.

Í málinu hefur verið lögð fram útskrift af hlaupareikningi Friðriks Jörgensens nr. 4895 hjá sjávarútvegslánadeild Útvegsbanka Íslands. Í athugasemdum deildarinnar við þann hlaupareikning segir meðal annars á þá leið, að við athugun á útskriftinni komi í ljós, að þann 28. janúar 1967 hafi verið innstæða á reikningnum kr. 184.168.82. Þann 3. febrúar 1967 hafi verið greiddar inn á reikninginn kr. 240.100.00 af Friðrik Jörgensen og hafi sú greiðsla verið talin vera hluti af andvirði afurða (freðsíldarflaka) frá Fiskiðjunni h/f, Vestmannaeyjum, sem útskipað hafi verið 2. nóvember 1966 með Normandie. Enginn tékki hafi borizt til greiðslu á þessum afurðum, en hins vegar hafi Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður krafið bankann bréflega um fé þetta.

Þann 3. febrúar 1967 hafi verið greiddar inn á reikninginn kr. 745.926.15 og hafi sú greiðsla komið frá Hambros Bank Ltd. og reynzt vera lokagreiðsla vegna skreiðarfarms, sem útskipað hafi verið með Rangá þann 2. desember 1966. Segir í athugasemdunum, að nú sjáist, að áður hafi verið greiddar inn á reikninginn frá Hambros Bank Ltd. vegna sama farms 7. desember 1966 kr. 605.695.50 og janúar 1967 kr. 742.822.45. Á móti þessari innborgun, þ. e. innborguninni 3. febrúar 1967, kr. 745.926.15, hafi Friðrik Jörgensen gefið út sex tékka, samtals að fjárhæð kr. 1.687.066.96, alla stílaða á Útvegsbanka Íslands, en hafi afhent þá eigendum afurðanna sjálfum. Þessir tékkar séu: 1. Tékki, útgefinn 7. marz 1967, að fjárhæð kr. 233.114.88, eigandi Miðnes h/f, Sandgerði, eftirstöðvar af skreið. 2. Tékki, útgefinn 15. marz 1967, að fjárhæð kr. 316.947.82, eigandi Jón Ingibersson, Ytri-Njarðvík. 3. Tékki, útgefinn 17. marz 1967, að fjárhæð kr. 142.637.32, eigandi Hreiðar Þorsteinsson, Garði, fyrir skreið. 4. Tékki, útgefinn 17. marz 1967, að fjárhæð kr. 265.829.61, eigandi Útvör h/f, Keflavík, fyrir skreið. 5. Tékki, útgefinn 20. marz 1967, að fjárhæð kr. 259.276.20, eigandi Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar, fyrir skreið. 6. Tékki, útgefinn 20. marz 1967, að

fjárhæð kr. 469.261.13, eigandi Jón Sæmundsson, Keflavík, fyrir skreið.

Enginn af þessum tékkum hafi verið greiddur, meðal annars vegna þess að bankinn hafi ekki talið það á sínu valdi, hverjir skyldu ganga fyrir, þegar svo standi á.

Þá segir enn í athugasemdunum, að þann 4. febrúar 1967 hafi verið greiddar kr. 159.408.00 inn á reikninginn frá Dresdner Bank AG, Bremerhaven. Fjárhæð þessi hafi reynzt vera heildargreiðsla á ufsaflökum, sem skipað hafi verið út með Selá þann 17. janúar 1967. Eigendum þessara afurða hafi verið greitt með þrem tékkum, stíluðum á Útvegsbankann, útgefnum 6. febrúar 1967, samtals að fjárhæð kr. 136.152.00.

Þessir þrír tékkar hafi verið innleystir 6. febrúar og andvirði þeirra ráðstafað inn á reikninga eigenda þeirra, enda hafi verið fullnægt þeim skilyrðum, að sýnt væri fram á, að þeir væru ráðstöfun á andvirði afurða, sem þegar hefði verið greitt inn á reikninginn og eigi ráðstafað.

Þann 21. febrúar 1967 hafi verið greiddar inn á reikninginn kr. 229.451.65 af Landsbanka Íslands f. h. Westminster Bank Ltd. Hafi þessi greiðsla reynzt vera hluti af andvirði loðnumjöls, sem skipað hafi verið út með Hermann Sif þann 26. maí 1967 frá Fiskimjölsverksmiðjunni h/f, Vestmannaeyjum. Enginn tékki hafi borizt frá Friðrik Jörgensen til greiðslu á þessum afurðum, en hins vegar hafi Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður gert bréflega kröfu til þess, að bankinn greiddi þessa fjárhæð til Fiskimjölsverksmiðjunnar h/f út af reikningnum. Ekki hafi þó verið talið hægt að verða við þeirri kröfu.

Þann 18. marz 1967 hafi verið innleystur tékki, sem Friðrik Jörgensen hafi gefið út 20. janúar 1967 til Sparisjóðs Norðfjarðar, að fjárhæð kr. 100.580.00. Við framvísun þessa tékka þann 7. febrúar 1967 hafi honum verið vísað frá, en með hliðsjón af því, að hann hafi verið gefinn út þann 20. janúar, þ. e. áður en reikningnum hafi verið lokað, þá hafi eigi verið talið stætt á frávísun tékkans.

Þann 22. marz 1967 hafi verið greiddar kr. 226.808.45 inn á reikninginn frá Hambros Bank Ltd. Þessi greiðsla hafi reynzt vera fyrir skreið, sem skipað hafi verið út með Selá 17. janúar 1967. Enginn tékki hafi borizt frá Friðrik Jörgensen á þetta fé.

Þann 27. desember 1967 hafi verið færðar til tekna á reikningnum kr. 41.653.51, sem séu vextir fyrir árið 1967.

IV.

Stefnandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á loforði. Segir stefnandi, að hann hafi verið búinn að fá vísbendingu um, að varhugavert mundi vera að senda vöruna á vegum Friðriks Jörgensens með m/s Rangá þann 2. desember 1966, og hafi því talið rétt að taka vöruna úr skipinu, þegar það kæmi til Vestmannaeyja. Á vegum stefnanda hafi svo starfsmaður Landsbankans talað við Gunnlaug Björnsson, fulltrúa í sjávarútvegslánadeild Útvegsbankans, og spurt hann, hvort ekki væri rétt að stöðva skipið og fjarlægja farminn úr því. Fulltrúinn hafi hins vegar ekki talið það nauðsynlegt og lofað að gæta þess fjár, sem inn kæmi fyrir vöruna, og að greiða það ekki Friðrik Jörgensen. Stefnandi hafi treyst loforði Gunnlaugs og því látið hjá líða að taka vöruna úr m/s Rangá. Eftir að varan hafi verið seld og greidd af kaupendum, hafi bankinn greitt andvirði vörunnar beint til Friðriks Jörgensens án þess að skeyta um hagsmuni stefnanda og hafi þó bankanum verið kunnugt um ýmiss konar misferli Friðriks og vanskil og hafi raunar þegar verið búinn að kæra hann fyrir sakadómi, þegar bankinn greiddi honum hluta af andvirði vörunnar. Telur því stefnandi, að stefndi eigi sök á því, að Friðrik var greitt andvirði skreiðarinnar þrátt fyrir loforð í gagnstæða átt. Bankinn hafi þannig beinlínis orðið þess valdandi, að stefnandi hafi tapað andvirði vörunnar.

Í öðru lagi er málssóknin reist á því, að enda þótt ekki verði talið sannað, að stefndi hafi lofað að gæta fjár stefnanda, þá hafi bankanum allt að einu borið skylda til þess að gæta fjárins, þar sem bankanum hafi verið kunnugt um fjárhagsvandræði Friðriks.

Stefnandi heldur því fram, að Útvegsbankanum hafi þegar í nóvember verið orðið kunnugt um stórfellt misferli Friðriks Jörgensens gagnvart bönkum og öðrum viðskiptamönnum sínum, enda hafi bankinn kært Friðrik fyrir sakadómi Reykjavíkur þann 23. desember 1966. Þrátt fyrir þetta hafi bakinn greitt Friðrik verulegan hluta af andvirði farmsins, eftir að kæran hafði verið send.

Þá hefur stefnandi enn fremur bent á, að stefndi hafi einnig brugðizt skyldum sínum gagnvart Landsbankanum, þar sem stefnda hafi verið kunnugt um, að varan hafði verið veðsett í Landsbankanum.

Í hinum munnlega málflutningi hefur lögmaður stefnanda loks reist málssókn sína á skyldu stefnda sem greiðslubanka samkvæmt tékkalögum.

Stefnandi sé eigandi tékkans að fjárhæð kr. 316.947.82 og eigi henmtingu á að fá hann greiddan, meðan sé inni fyrir honum á hlaupareikningnum. Hafi bankinn enga heimild til þess að neita um greiðslu hans. Alla vega eigi stefnandi að fá greiddan einhvern hluta af tékkanum, því að sannað sé, að stefnandi eigi hluta að fjárhæð þeirri, sem nú sé inni á hlaupareikningnum.

Stefndi hefur mótmælt því, að hann eða einstakir starfsmenn hans hafi á nokkurn hátt komið í veg fyrir, að útskipun á skreiðinni þann 2. desember 1967 yrði stöðvuð, og hefur því sérstaklega verið mótmælt, að starfsmaður stefnda, Gunnlaugur, hafi gefið nokkurt loforð um að gæta andvirðis skreiðarinnar, þegar hún yrði greidd.

Grunsemdir stefnda um misferli Friðriks Jörgensens gagnvart bönkum og viðskiptamönnum hans geti engu breytt um bótaábyrgð stefnda. Þessar grunsemdir hafi ekki veitt stefnda neinn lagalegan rétt til þess að neita að greiða út andvirði tékka á afurðalánareikningi Friðriks Jörgensens, meðan einhver innstæða hafi verið fyrir hendi á þessum reikningi.

Þegar í ljós hafi komið, að grunsemdir stefnda um misferli Friðriks Jörgensens hafi virzt á rökum reistar, hafi stefndi sent yfirsakadómaranum í Reykjavík skýrslu um málið. Jafnskjótt og stefnda hafi verið tilkynnt, að bókhald Friðriks Jörgensens hefði verið tekið í vörzlu sakadóms Reykjavíkur, hafi stefndi hætt að greiða tékka, sem Friðrik Jörgensen hafi gefið út á þennan reikning.

Segir stefndi, að af þessu ætti að vera augljóst, að stefndi hafi hvorki með aðgerðum sínum né aðgerðarleysi bakað sér neina bótaskyldu gagnvart stefnanda.

Þá hefur stefndi mótmælt því, að honum hafi borið skylda til þess að innleysa tékkann. Hefur stefndi í því sambandi bent á, að tékkinn sé stílaður á Útvegsbanka Íslands, og þegar af þeirri ástæðu hafi því bankanum ekki borið skylda til þess að innleysa hann.

Því hefur áður verið lýst, að þær greiðslur, er bárust erlendis frá fyrir afurðir, sem Friðrik Jörgensen annaðist sölu á, voru lagðar inn á sérstakan „bundinn hlaupareikning" hjá stefnda. Var réttur Friðriks Jörgensens til að ávísa á hlaupareikninginn nokkrum takmörkunum háður, svo sem áður segir. Ekki verður annað séð en að bankarnir hafi sjálfir átt frumkvæði að því að taka upp nefndan hlaupareikning, og að því er virðist í eigin þágu. Að öðru leyti virðast bankarnir, þar á meðal stefndi í máli

þessu, mjög lítið sjálfstætt eftirlit hafa haft með ráðstöfunum Friðriks Jörgensens á fé því, sem fært var á reikninginn. T. d. hélt stefndi greiðslum þeim, sem bárust, hvorki sérgreindum eftir framleiðendum né gerði hann sjálfstæðar athuganir á skilagreinum þeim, sem tékkunum fylgdu, þegar framleiðendum var greitt. Að því leyti sem slíkt eftirlit hefur þó farið fram, virðist það hafa verið framkvæmt til að gæta hagsmuna bankanna sem veðhafa. Er raunar svo að sjá, að það hafi orðið til þess, að grunur um misferli komst upp.

Ósannað er, að starfsmaður stefnda, Gunnlaugur Björnsson, hafi lofað að gæta þess fjár, er bærist bankanum fyrir vöru þá, sem í málinu greinir. Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, verður heldur ekki séð, að með öðrum hætti hafi verið komið svo fram af hálfu stefnda, að stefnanda hafi verið rétt að telja, að stefndi ábyrgðist, að til hans rynni það fé, sem í málinu greinir.

Áður hefur verið frá því skýrt, að starfsmenn stefnda fengu grun um misferli af hálfu Friðriks Jörgensens í lok nóvember 1966 og að stefndi kærði Friðrik fyrir meint misferli 22. eða 23. desember 1966 að fenginni skýrslu endurskoðanda um bókhald Friðriks hinn 9. og 14. desember 1966. Sú kæra leiddi til þess, að hald var lagt á bókhald Friðriks, og hætti stefndi þá að mestu leyti að greiða ávísanir á umræddan hlaupareikning Friðriks. Verður ekki fallizt á, að stefndi hafi á nokkurn hátt með athöfnum eða athafnaleysi stuðlað að vanefndum Friðriks við stefnanda, svo að skaðabótaskyldu geti varðað. Ber að hafa í huga, að stefnandi, sem mátti vera fullkunnugt um framangreinda tilhögun á greiðslum til Friðriks Jörgensens erlendis frá, gerði ekki viðhlítandi ráðstafanir, þá er tilefni gafst, til að tryggja rétt sinn, svo sem með samningum við kaupendur vörunnar, Friðrik Jörgensen sjálfan, viðskiptabanka sinn eða aðra aðilja.

Eigi hefur við rök að styðjast sú málsástæða stefnanda, að stefndi sé samkvæmt tékkalögum skyldur til að greiða stefnanda tékka þann, sem lagður er fram í málinu, þar sem tékkinn hefur ekki verið áritaður af stefnda, sbr. 25. gr. laga nr. 94/1933 um tékka, og stefndi hvorki samkvæmt því skyldur gagnvart stefnanda til greiðslu tékkans né eftir öðrum heimildum. Eigi leiðir heldur meðferð stefnda á nefndum tékka til neinnar bótaskyldu stefnda gagnvart stefnanda.

Eigi verður í máli þessu dæmt um, hver eigi það fé, sem er

á umræddum hlaupareikningi stefnda, enda er málssókn stefnanda ekki á þeim málsástæðum reist, að úr því þurfi að skera. Kemur það heim við það, að bú Friðriks Jörgensens var tekið til gjaldþrotaskipta í skiptarétti Reykjavíkur þann 14. apríl 1967 og að stefnandi hefur lýst stefnukröfunni í máli þessu í búið.

Samkvæmt ofangreindu verða úrslit máls þessa þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda kr. 22.000.00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, ásamt meðdómendunum Bjarna Braga Jónssyni hagfræðingi og Gauki Jörundssyni lektor.

Dómsorð:

Stefndi, Útvegsbanki Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Ingiberssonar.

Stefnandi, Jón Ingibersson, greiði stefnda, Útvegsbanka Íslands, kr. 22.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. febrúar 1971.

Nr. 67/1970. **Matthías Gestsson**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Ljósmyndarafélagi Íslands
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun. Mistök í dómsýslu.

Dómur Hæstaréttar.

Ásmundur S. Jóhannsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. marz 1970. Hann gerir þær dómkröfur aðallega,

að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur svo og öll meðferð málsins í héraði og því verði vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og að felld verði úr gildi lögbannsgerð sú, er í málinu greinir. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega, að ómerkingar- og frávísunarkröfu áfrýjanda verði hrundið og héraðsdómurinn staðfestur, en til vara, að einungis verði ómerktur hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eftir þingfestingu þess 3. nóvember 1969. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 16. janúar 1967 ritaði Ásmundur S. Jóhannsson, héraðsdómslögmaður á Akureyri, sem einnig var aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, áfrýjanda bréf, þar sem segir meðal annars:

„Að beiðni Ljósmyndarafélags Íslands leyfi ég mér að senda yður bréf þetta og um leið að túlka fyrir yður, hvað félagið með vísan til viðeigandi laga og reglugerða telur vera ljósmyndaiðn ... Félagið vill að lokum taka fram, að þar sem það hefur rökstuddan grun um það, að þér stundið ljósmyndatökur og vinnið að myndagerð gegn gjaldi, þá muni það fyrir hönd ljósmyndara hér á Akureyri, sem iðnréttindi hafa, gæta þeirra hagsmuna og framfylgja þeirra rétti samkvæmt lögum og reglugerðum um iðnfræðslu með því að hefta slíka starfsemi, sem það telur ólöglega. Eftir atvikum með verkbönnum eða beiðni til yfirvalda um rannsókn á starfseminni. Erindi þessu hef ég verið beðinn að koma á framfæri".

Er mál þetta var þingfest á bæjarþingi Akureyrar, stýrði Ásmundur S. Jóhannsson þinghaldi sem aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri. Hann stýrði einnig öllum síðari þinghöldum og kvað upp héraðsdóminn. Hann leiðbeindi áfrýjanda, sem eigi er löglærður, en flutti mál sitt sjálfur í héraði, um málflutning samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936.

Í máli þessu greinir aðilja á um það, hvort áfrýjanda hafi verið óheimilt vegna vöntunar iðnréttinda sem ljósmyndari að leysa af hendi verkefni það, er um getur í lögbannsgerð fógetadóms Suður-Múlasýslu 24. október 1969, sem krafizt

er, að staðfest verði. Þegar litið er til framangreindra afskipta héraðsdómarans sem lögmanns af ágreiningi málsaðilja um iðnréttindi áfrýjanda, áður en mál þetta var höfðað, verður að telja, að honum hafi borið að víkja dómarasæti þegar eftir þingfestingu málsins, sbr. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja héraðsdóminn og meðferð málsins í héraði frá þingfestingu þess 3. nóvember 1969. Víta ber héraðsdómarann fyrir mistök í dómsýslu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 16.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði frá þingfestingu þess 3. nóvember 1969 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Stefndi, Ljósmyndarafélag Íslands, greiði áfrýjanda, Matthíasi Gestssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 16.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 3. febrúar 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. f. m., hefur Ljósmyndarafélag Íslands, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar gegn Matthíasi Gestssyni, Holtagötu 5, Akureyri, með stefnu, útgefinni utan réttar 30. október 1969 og birtri sama dag. Gerir stefnandi þær kröfur, að stefnda verði dæmt óheimilt að taka að sér og framkvæma ljósmyndatöku, framköllun eða „kopieringu" vegna skólaspjalds handa Eiðaskóla svo og önnur verk, sem falla undir iðngrein ljósmyndara. Í öðru lagi krefst stefnandi þess, að staðfest verði lögbann sýslumannsins í Suður-Múlasýslu föstudaginn 24. október s.l. við nefndum framkvæmdum. Að lokum krefst stefnandi þess, að stefnda verði gert að greiða allan málskostnað bæði í þessu máli og lögbannsmálinu.

Af hálfu stefnda hefur verið krafizt sýknu af kröfum stefnanda, niðurfellingu lögbannsins, sem á var lagt 24. október s.l., og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins, og var síðastnefnd krafa sett fram við munnlegan flutning málsins.

Málavextir eru sem hér segir: Hinn 23. október 1969 beiðist J. P. Vilberg Guðnason, ljósmyndari á Eskifirði, þess f. h. Ljósmyndarafélags Íslands, að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu leggi lögbann við því, að stefndi taki að sér að gera skólaspjald fyrir Eiðaskóla skólaárið 1969—1970, og taldi gerðarbeiðandi, að stefndi mundi hefja vinnu við það verk samdægurs. Beiðnin var rökstudd með því, að stefndi væri réttindalaus sem ljósmyndari og mál hefði verið höfðað gegn honum fyrir brot á iðnlöggjöfinni. Lögbannið var síðan lagt á daginn eftir.

Stefnandi kveður stefnda hafa hvað eftir annað gengið á rétt félagsmanna Ljósmyndarafélags Íslands og jafnvel boðið niður verk í þeirra iðngrein. Stefndi hafi um tíma verið skráður nemandi hjá Jónasi Hallgrímssyni ljósmyndara, Akureyri, en þeim samningi mun hafa verið slitið af iðnfulltrúa Akureyrar. Vegna nefndra samningsslita hafa komið fyrir dóm iðnfulltrúinn, nefndur Jónas og ljósmyndararnir Sigurður Stefánsson og Eðvarð Sigurgeirsson, báðir á Akureyri, og verða framburðir þeirra raktir:

Jónas Hallgrímsson kvað rétt vera, að þeir hafi gert með sér námssamning, vitnið og stefndi, 18. desember 1967 um, að stefndi yrði lærlingur hjá vitninu í ljósmyndaraiðn. Sagði vitnið þeim samningi upp 27. janúar 1969, þannig að hann leitaði til Guðmundar Gunnarssonar iðnfulltrúa og tilkynnti honum, að hann vildi segja samningnum upp, og bar það fyrir sig, að stefndi hefði tekið að sér upp á eigin spýtur töku ljósmynda og gerð skólaspjalds fyrir Eiðaskóla 1968—1969, en þeir höfðu sameiginlega gert tilboð í þá framkvæmd. Stefndi fór austur til myndatökunnar í samráði við vitnið og kom til baka með verkefnin, en þegar til úrvinnslu kom, fékk vitnið hvergi nærri að koma. Auk þessa fór stefndi í ljósmyndaferðalög til Dalvíkur og Ólafsfjarðar og tók þar myndir upp á eigin spýtur í nafni sameiginlegs firma þeirra, Myndvers s/f, og tók arð af því. Framangreindar ástæður tók iðnfulltrúi til greina sem uppsagnarástæðu og afhenti vitnið fulltrúanum sitt eintak námssamningsins. Síðar krafðist vitnið þess fyrir sakadómi Akureyrar, að firma þeirra, Myndveri s/f, yrði lokað. Eftir að fyrrnefnt lögbann var sett, kom stefndi á fund vitnisins og bað það að framkvæma með sér töku mynda fyrir skólaspjald að Eiðum, en vitnið neitaði því.

Guðmundur Gunnarsson iðnfulltrúi kvað sér hafa verið kunnugt um það, að Jónas Hallgrímsson og stefndi hefðu gert með sér iðnnámssamning 18. desember 1967 í ljósmyndun, og að sá samningur hefði hlotið staðfestu. Síðla árs 1968 komu ljósmynd-

arar á Akureyri, Eðvarð Sigurgeirsson og Sigurður Stefánsson, til vitnis og kvörtuðu um það, að stefndi ræki ljósmyndastofu á eindæmi og kæmi meistarinn þar hvergi nærri. Þetta staðfesti meistarinn í viðtali við vitnið og óskaði eftir því, að iðnnámssamningnum yrði slitið. Í framhaldi af því sleit vitnið samningnum samkvæmt heimild í lögum þar um, þar sem það taldi sýnt, að meistarinn hefði engin afskipti haft af nemanum og ekki unnið með honum, og enn fremur, að neminn hefði ekki sótt tilskilinn skóla í Reykjavík, sem iðn þessari tilheyrir.

Iðnfulltrúinn sleit síðan samningnum á þann hátt, að hann færði slitin inn á eyðu í samningnum, sem slit á að færa inn á, bæði inn á eintak meistara og eintak það, sem hann hafði undir höndum, en það eintak sendi hann síðan stefnda ásamt bréfi. Iðnfulltrúinn tilkynnti stefnda um þá ákvörðun sína að slíta námssamningnum, m. a. ef stefndi sækti eigi nefnt ljósmyndaranámskeið. Stefndi viðurkenndi þá fyrir iðnfulltrúanum, að Jónas Hallgrímsson ynni ekki á ljósmyndastofu þeirra í Skipagötu, og jafnframt það, að nefndur Jónas gæti ekkert kennt sér.

Vitnið Sigurður Stefánsson, sem áður greinir, hringdi í skólastjóra Eiðaskóla út af töku ljósmynda fyrir skólaspjald skólaárið 1969—1970, en hann hafði gert tilboð í þetta verk skriflega, og fékk hann upplýst, að tilboði hans yrði ekki tekið, þar sem aftur á móti tilboði Myndvers yrði tekið. Framangreint tilkynnti vitnið Ljósmyndarafélagi Íslands.

Vitnið Eðvarð Sigurgeirsson ljósmyndari kvað sér kunnugt um, að stefndi og Jónas Hallgrímsson hefðu haft með sér iðnnámssamning, sem síðar hefði slitnað upp úr. Vitnið gerði eigi tilboð í gerð nefnds skólaspjalds og hefur engin afskipti haft af máli þessu.

Lagt hefur verið fram í málinu endurrit dóms sakadóms Akureyrar í málinu nr. 57/1969: Ákæruvaldið gegn Matthíasi Gestssyni, sem upp var kveðinn 31. október 1969. Í þeim dómi var stefndi sekur fundinn fyrir brot á 2. mgr. 27. gr. laga nr. 18/1929 fyrir að hafa stundað sjálfstætt í atvinnuskyni ljósmyndatöku og ljósmyndagerð án iðnréttinda tímabilið frá 27. janúar 1969 til þess, að því er virðist, útgáfudags ákæruskjals 28. júlí 1969.

Stefndi mótmælti því, að öll vinna og vinnubrögð í ljósmyndun falli undir iðngreinina ljósmyndun, hvort sem er myndataka, framköllun, „kopiering“ eða annað. Þetta styður hann þeim rökum, að bæði hér á landi og erlendis séu fyrirtæki, sem taki

að sér framköllun og „kopieringu“ o. fl. og sé ekki krafizt iðnréttinda til slíkrar starfsemi. Myndatökur séu stundaðar af almenningi án iðnréttinda, og telur hann sér frjálst að stunda þá atvinnu hér á landi.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefndi frávísunar málsins frá þessum dómi, þar sem það ætti undir félagsdóm, sbr. 44. og 47. gr. laga nr. 80/1938. Ekki verður á þetta fallizt, þar sem hér er aðeins til úrlausnar staðfesting á lögbannsgerðinni og aðrar lögfylgjur, en ekki fjallað um skil þess, hvort tiltekin starfsemi falli undir I. og II. kafla laga um iðju og iðnað.

Það þykir í ljós leitt af framangreindu, að stefndi hafi í greint sinn verið án virks iðnnámssamnings og án iðnréttinda og ætlað þannig að taka að sér á eigin spýtur gerð nefnds skólaspjalds, en það varðar við ákvæði laga um iðju og iðnað, 2. mgr. 27. gr.

Úrslit málsins verða því þau, að staðfesta ber lögbannið frá 24. október 1969.

Stefndi hefur krafizt þess í málinu, að námssamningur hans og Jónasar Hallgrímssonar verði metinn gildur, væntanlega að samningsslitin verði metin ógild. Jafnframt heldur hann því fram í málinu, að hann hafi leitað til fyrri meistara síns, Jónasar, og óskað eftir framhaldi námssamningsins, en því hefur Jónas neitað. Dómurinn er ekki bær að fjalla um réttarstöðu stefnda og Jónasar vegna hinna meintu einhliða námsslita, þar sem það heyrir undir gerðardóm samkvæmt lögum um iðnfræðslu.

Stefndi flutti mál sitt sjálfur, og gætti dómarinn leiðbeiningarskyldu sinnar samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndi hefur lagt fram í málinu vottorð Elíasar Hannessonar, dagsett 31. marz 1969, eða áður en mál þetta er höfðað.

Stefnandi hefur krafizt ómerkingar á eftirgreindum ummælum í skjali þessu: „en sú aðferð hinna fagkunnu í stéttinni á Akureyri, að fá meistara Matthíasar til að svíkja hann á samning, mun vart kosta meira en eina kollu af sterkum drykk. Þessi ágæti meistari Akureyringa í faginu er þjóðkunnur fyrir drykkju“, og enn fremur: „Og ennfremur tel ég þær ofsóknir, sem Matthías er beittur í hvívetna í höfuðborg norðurlands, Akureyri, í fyllsta máta ranglátar og eingöngu af illkvittni sprottnar, vegna þess að hann skilar betri vinnu en þeir, sem prófin þykjast hafa. Og á meðan Ljósmyndarafélag Íslands, eins og þeir kalla sig, löggilda, lögleiða og lögvernda útlenzka brútala drullusokka, sem ekki hafa réttindi í einu eða neinu, nema ef

það væri það, sem jafnvel gæti talizt kriminelt, tel ég þá ekki geta ofsótt og lögsótt Matthías".

Nefndur Elías hefur ekki staðfest vottorð þetta og gefið skýrslu fyrir dómi, enda er ljóst, að það er ekki samið til notkunar í þessu máli.

Af framangreindum ástæðum eru ekki efni til að ómerkja nefnd ummæli.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00 fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Lögbann, framkvæmt 24. október 1969 við gerð skólaspjalds fyrir Eiðaskóla af Matthíasi Gestssyni, staðfestist.

Stefndi greiði stefnanda kr. 5.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. febrúar 1971.

Nr. 86/1970. **Lárus Ó. Þorvaldsson**
(Gunnar Jónsson hrl.)
gegn
Skipadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga (Skúli J. Pálmason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1970. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 15.999.71 með 7% ársvöxtum frá 5. október 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann, að viðurkenndur verði

sjóveðréttur í m/s Arnarfelli til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lárus Ó. Þorvaldsson, greiði stefnda, skipadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 18. marz 1970.

Stefnandi í málinu er Lárus Ó. Þorvaldsson vélstjóri, Álfheimum 66, Reykjavík, en stefndi skipadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Reykjavík.

Málið er þingfest 24. nóvember 1967.

Í stefnu krefur stefnandi stefnda um greiðslu á kr. 20.022.89, en við munnlegan málflutning lækkaði hann þá kröfu í kr. 19.715.60, ásamt 7% ársvöxtum frá 5. október 1966 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Enn fremur krefst stefnandi, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Arnarfelli fyrir dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var í mörg ár vélstjóri á skipum stefnda, en lét af þeim störfum þann 5. október 1966. Á því ári var hann lögskráður I. vélstjóri á m/s Litlafelli og m/s Arnarfelli, skipum stefnda, í samtals 268 daga. Hins vegar var stefnandi í þjónustu stefnda á því ári í alls 278 daga, þar af í frii dagana 12. janúar—21. janúar.

Stefnandi telur stefnda skulda sér kaup fyrir unna frídaga á árinu 1966, en stefndi telur, að stefnanda sé fullgreitt fyrir þessa vinnu.

Heildarsættir hafa verið reyndar í málinu, en án árangurs.

Munnlegur málflutningur fór fram þann 9. marz s.l.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar og rökstuðning í stefnu:

„a) Stefnandi telur sig eiga rétt á samkvæmt A lið 4. gr. kaup- og kjarasamnings milli Vélstjórafélags Íslands annarsvegar og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Vinnuveitendasambands Íslands o. fl. árlegu sumarfríi 31 dag.

b) Hann kveður sig sem yfirvélstjóra eiga rétt á samkvæmt 3. mgr. 15. gr. sama samnings að minnsta kosti 6 daga fríi vegna helgi- og hátíðisdaga.

c) Hann kveður sig eiga rétt á sem yfirvélstjóra samkvæmt 3. mgr. 15. gr. sama samnings 25 daga fríi á ári vegna unninna sunnudaga og helgidaga.

d) Þá kveður hann sig sem yfirvélstjóra eiga rétt á samkvæmt 0 lið 4. gr. samningsins 23 daga fríi á ári með 60% álagi vegna styttingar vinnuvikunnar.

Með vísan til ofangreindra ákvæða kaup- og kjarasamnings telur stefnandi, að yfirvélstjóra beri að minnsta kosti 85 daga frí á ári, og sé tvímælalaust, að frí þetta miðist við almanaksár, þannig að af 365 dögum í árinu sé honum aðeins skylt að vinna 280 daga til að halda fullum árslaunum og fullum launum fyrir frídaga o. fl. samkvæmt framangreindu. Stefnandi telur, að reikna beri samkvæmt nefndum samningi framangreinda frídaga o. fl. hlutfallslega miðað við grunntöluna 280, og samkvæmt því telur hann sig eiga rétt á frídögum o. fl. sem hér segir:

a) Samkvæmt a lið hér að framan beri honum því, miðað við 268 skráningardaga, 29.7 dagar í sumarfrí.

b) Samkvæmt b lið hér að framan beri honum vegna helgi- og hátíðisdaga, miðað við sama skráningardagafjölda, 5.77 dagar.

c) Samkvæmt c lið hér að framan, miðað við sama skráningardagafjölda og áður greinir, beri honum 23.09 dagar vegna unninna sunnudaga og helgidaga.

d) Samkvæmt d lið hér að framan beri sér, miðað við sama skráningardagafjölda og áður greinir, 22 dagar með 60% álagi vegna styttingar vinnuvikunnar.

Samkvæmt þessu telur stefnandi, að hann eigi rétt á að fá greiddar á árinu 1967 vegna sumarfrís o. fl. samkvæmt framangreindu samtals 81.37 daga og þar af 22 dag greidda með 60% álagi.

Stefnandi kveður stefnda hafa greitt fyrir árið 1967 samtals 57.34 frídaga og þar af séu 14.68 dagar greiddir með 60% álagi.

Kveður því stefnandi, að stefndi eigi honum ógreidda 24.03 frídaga o. fl. og þar af beri að greiða 7.32 frídaga með 60% álagi.

Stefnandi kveður mánaðarkaup sitt á m/s Arnarfelli 1967 samkvæmt reikningnum hafa numið kr. 21.156.83, þannig að laun pr. dag nemi því kr. 705.23. Stefndi skuldi honum því vangreidda frídaga 16.78 á kr. 705.23, eða samtals kr. 11.763.24, og vangreidda frídaga o. fl. með 60% álagi 7.32 á kr. 1.128.37 pr. dag, eða kr. 8.259.65, eða samtals kr. 20.022.89".

Við munnlegan málflutning lagði lögmaður stefnanda fram reikningsyfirlit með endurskoðuðum útreikningi á kaupkröfu stefnanda og lækkaði stofnfjárhæð stefnukröfu í samræmi við það, en sundurliðunin er þannig:

„Mánaðarlaun.

Grunnlaun	kr.	13.739.40
Aldursuppb.	—	3.104.20
Mótortillegg	—	673.74
v/laugard.	—	380.00
	Kr.	17.897.34
Vísitölub. 13.42%	—	2.401.82
Landg.fé	—	460.00
Mán.laun	kr.	20.759.16

Laun pr. dag kr. 691.97.

An: Vangreiddir frídagar 16.76 á 691.97 pr. dag .. kr. 11.611.26

An: Vangreiddir frídagar með 60% álagi, 7.32 dagar á kr. 1.107.15 pr. dag .. — 8.104.34

Ofangreind laun eru reiknuð samkvæmt gildandi kauptaxta í október 1966".

Svo sem áður segir, byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnanda hafi þegar verið greitt fyrir ofannefnda vinnu. Krafa stefnanda sé sprottin af röngum skilningi hans á nefndum kjarasamningi, sem lagður hafi verið til grundvallar við uppgjör á launum til stefnanda, svo sem launaútreikningur á dskj. nr. 6 beri með sér. Í því uppgjöri hafi útreikningur á frídagaréttindum verið miðaður við 365 daga á ári, þannig að ýmist hafi hlutfallstalan 268/365 eða 278/365 verið lögð til grundvallar, eftir

því um hvaða réttindi stefnanda hafi verið fjallað. Stefnandi haldi hins vegar fram þeirri fjarstæðu, að miða skuli útreikning frídagaréttinda á ári við hlutfallstöluna 268/280. Töluna 280 finni stefnandi hins vegar með því að draga samningsákveðna frídaga (85 daga) frá dagafjölda ársins. Ótvírætt sé aftur á móti, að umkrafin réttindi séu í áðurnefndum kjarasamningi miðuð við almanaksár, þar eð annað sé eigi tekið fram. Merking orðsins ár (á ári) í almennu máli sé svo fastlega bundin við 365 daga, að taka þurfi skýrt fram um frávik þar frá, og vitnaði lögmaður stefnda við munnlegan málflutning m. a. í 3. gr. laga nr. 8 frá 1957 þessu til frekari stuðings.

Ofannefndur skilningur á umræddum ákvæðum í nefndum kjarasamningi leiði til þeirrar niðurstöðu, að stefnanda beri „orlof", svo sem hér segi:

Orlof, sbr. 4. gr. a) lið, 31x278/365 .. .. =	23.61
Frí vegna sunnudaga, sbr. 3. mgr. 15. gr., 25x278/365 .. =	19.05
Frí vegna styttingar vinnuvikunnar með 60% álagi, sbr. 0 lið 4. gr., 20x278/365 .. .. =	15.23
Samtals	57.89

Þar af 15.23 með 60% álagi.

Að því er frídaga vegna unninna helgidaga varði, sbr. 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 15. gr. áðurnefnds kjarasamnings, eigi hins vegar að miða við þann dagafjölda, sem viðkomandi vélstjóri sé skráður í skiprúm, þar eð frí samkvæmt þessum greinum hafi átt að vera uppbót á þá helgidaga, sem viðkomandi sé bundinn við störf í þágu skipsins, þ. e. a. s. í 268 daga í hér umræddu tilviki.

Af hálfu stefnda er því og haldið fram, að m/s Arnarfell hafi komið alloft í höfn á því tímabili, er stefnandi miði kröfugerð sína við, og að skipið hafi haft viðstöðu í nokkra daga í hvert sinn. Áætlar stefndi, að stefnandi hafi tekið frí samtals þrjá daga upp í frídagaréttindi þessi. Byggist áætlunin á því, að yfirvélstjórar hafi enga vaktskyldu, og séu því alltaf í fríi, er skip þeirra séu í höfn. Í samræmi við þetta hafi stefnanda, sbr. dskj. nr. 6, verið reiknuð 1.42 daga laun samkvæmt þessum kröfulið. Við munnlegan málflutning sættist lögmaður stefnanda á, að lagt verði til grundvallar, að stefnandi hefði tekið frí í umrædda þrjá daga, og féllst á, að kröfuliðir í stefnu lækkuðu um 3 daga, og samþykkti kröfu stefnda í greinargerð að því leyti. Er þessi kröfuliður því ágreiningslaus með þeirri sátt.

Stefndi segir, að samtals hafi stefnanda verið reiknað frí í 59.31 dag. Gert hafi verið upp við stefnanda á ofangreindum grundvelli, bæði þegar hann hafi lokið störfum endanlega hjá stefnda svo og ávallt áður án nokkurra athugasemda af hans hálfu. Af því, sem rakið hefur verið, megi ljóst vera, að kröfugerð stefnanda fái ekki staðizt.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að misræmis gæti í kröfugerð stefnanda, miðað við áðurnefndan kjarasamning. Í 0 lið 4. gr. umrædds samnings sé vélstjórum veittur réttur til 20 daga viðbótarfrís á ári vegna styttingar vinnuvikunnar hjá öðrum stéttum. Stefnandi geri hins vegar kröfu til þess, að þessir dagar séu taldir 23 á ári. Þessu mótmælir stefndi og vísar í samninginn um það.

Þá sé og að öðru leyti misræmi í kröfugerð stefnanda, þar sem hann segi, að stefndi hafi greitt sér fyrir árið 1966 samtals 57.34 frídaga og þar af 14.68 daga með 60% álagi. Samkvæmt dskj. nr. 6 hafi stefnanda verið reiknað kaup í 59.31 dag fyrir þessa vinnu, þar af 15.23 með 60% álagi.

Loks reikni stefnandi sér kr. 705.23 í dagkaup, en samkvæmt dskj. nr. 6 beri honum einungis dagkaup, sem svo sé fundið:

$$\frac{756.63x11 + 640.23x48 + 651.17x92 + 676.63x92 + 687.57x35}{278} =$$

666.46 kr.

Útreikningar af hálfu stefnda á þessari vinnu stefnanda á dskj. nr. 6 eru svohljóðandi:

„Sumarleyfi 31 d. + 25 d. v/sunnudaga = 56 pr. 365 d.

Skip:	Tímabil		Réttur	á	kr.
Litlafell	1/1—11/1,	11 d.	1.69	756/63	1.278.70
Arnarfell	12/1—28/2,	43 d.	7.36	640/23	4.712.09
—	1/3—31/5,	92 d.	14.12	651/17	9.194.52
—	1/6—31/8,	92 d.	14.12	676/63	9.547.24
—	1/9—5/10,	35 d.	5.37	687/57	3.692.25
		278 d.	42.66		
Fæðispen.	278/365 á	31 d.	23.61	80/—	1.888.80
					Kr. 30.313.60

6 dagar pr. ár v/hátíð, helgi & tyllidaga — ½ d. pr. skráðan mán.

Litlafell	1/1—11/1, 11 d.	0.18	756/63	kr. 136.19
Arnarfell	22/1—28/2, 38 d.	0.66	640/23	— 422.55
—	1/3—31/5, 92 d.	1.50—150 v/áætluð úttekin frí		
—	1/6—31/8, 92 d.	1.50—150 v/do		
—	1/9—5/10, 35 d.	0.50	687/57	— 398.79
	268 d.			Kr. 957.53

Vinnutímastyttingarfrídagar — 20 pr. 365 dagar.

Litlafell	1/1—11/1, 11 d.	0.60	756/63	kr. 453.98
Arnarfell	12/1—28/2, 43 d.	2.63	640/23	— 1.683.80
—	1/3—31/5, 92 d.	5.04	651/17	— 3.281.90
—	1/6—31/8, 92 d.	5.04	676/63	— 3.410.22
—	1/9—5/10, 35 d.	1.92	687/57	— 1.320.13
	278 d.	15.23		Kr. 10.150.03
			+ 60%	— 6.090.02
				Kr. 16.240.05

Fært skv. launanótu	Skv. ofanrituðu yfirliti
28.431.57	30.313.60
3.412.80	957.53
15.676.55	16.240.05
Kr. 47.520.92	Kr. 47.511.18
Ofgreitt	9.74
Kr. 47.520.92	Kr. 47.520.92“.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm, en framburður hans hefur ekki sjálfstæða þýðingu í málinu.

Stefnandi vann um rúmlega 10 mánaða skeið hjá stefnda á árinu 1966 án þess að taka samningsbundið orlof.

Ágreiningslaust er, að stefnanda beri kaup fyrir unna frídaga í hlutfalli við tímalengd, er hann var í starfi hjá stefnda nefnt ár, og gerir stefnandi aðeins kröfu til þess, að miðað sé við lögskráningardaga, þ. e. samtals 268 daga.

Ágreiningsefni þau, sem eftir standa og til úrlausnar koma, eru hins vegar, hvernig reikna skuli síðastnefnt hlutfall, hvort stefnandi eigi rétt á 20 eða 23 daga orlofi samkvæmt 0 lið 4. gr. margnefnds samnings og hlutfallslegrar launagreiðslu í samræmi við þá unnu orlofsdaga og hvernig skuli reikna út dagkaup stefnanda.

Við munnlegan málflutning var af hálfu stefnanda lagt fram samkomulag frá 22. nóvember 1967, sem stefndi og Vélstjórafélag Íslands eru m. a. aðiljar að, og er það viðurkennt af aðiljum þessa máls. Segir í samkomulagi þessu m. a., að kjarasamningar nefndra aðilja skuli framlengjast til 31. júlí 1968 með þeim breytingum, sem í samkomulagi geti, auk þeirra atriða, sem gerðardómur hafi úrskurðað þann 30. október 1967. Það, sem skiptir hér máli, er eftirfarandi úr samkomulaginu „... 0-liður 4. gr. kjarasamnings vélstjóra ... skulu skildir og framkvæmdir þannig, að 20 frídagarnir, sem þar eru greindir, jafngildi 23 almanaksdögum, og greiðast þeir af þessum 23 dögum, sem ekki eru teknir með 1/30 mánaðarkaups að viðbættu 60% álagi". Af hálfu stefnanda er sérstaklega í þetta ákvæði vitnað til stuðnings réttmæti kröfu hans í þessum lið, en af hálfu stefnda er því haldið fram, að ofannefnt ákvæði eigi ekki við um deiluefni þessa máls, þar sem ákvæði þetta sé ekki afturvirkt. Í samræmi við fortakslaust orðalag kjarasamningsins, sbr. 0 lið 4. gr., ber að leggja til grundvallar, að greiðslur fyrir þá frídaga, sem þar er um að tefla, beri að miða við 20 daga á ári. Getur ofangreint samkomulag frá 22. nóvember 1967 ekki haggað þeirri niðurstöðu, þar sem það verður ekki talið virka aftur fyrir sig.

Svo sem fyrr greinir, er ágreiningur aðilja að öðru leyti aðeins um tilhögun á reikningsuppgjöri stefnda við stefnanda vegna starfa stefnanda í þjónustu stefnda á árinu 1966. Hefur stefndi samkvæmt því gert að fullu upp við stefnanda fram að áramótum 1965/1966. Stefnandi lét af störfum 5. október 1966 og hafði þá verið 278 daga í þjónustu stefnda það ár, ef ekki eru dregnir frá þeir dagar, sem stefnandi var eigi lögskráður í skiprúmi, þ. e. frá 11. til 22. janúar 1966. Með hliðsjón af ákvæðum 4. og 15. gr. kjarasamnings þess, er gildir um skipti málsaðilja, þykir mega fallast á, að uppgjör á umsömdum frídögum og endurgjaldi fyrir þá skuli miða við hvert ár, sem vélstjóri hefur verið í þjónustu útgerðarmanns. Ef uppgjör tekur til skemmri tíma, á þessi réttur vélstjóra að skerðast að sama skapi.

Samkvæmt ofangreindu ber að fallast á reikningsuppgjör

stefnda við stefnanda, sem einnig verður að teljast rétt að öðru leyti, en útreikningur dagkaups er þar miðaður við kaupgjald og vísitölu, eins og var á hverjum tíma, er unnið var. Smávægilegar reikningsskekkjur í reikningsuppgjörinu skipta engu í málinu, eins og það liggur hér fyrir.

Af ofangreindu leiðir, að stefndi er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, sem dæmdur verður til að greiða stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Björn Þ. Guðmundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt samdómsmönnunum Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda, og Gauki Jörundssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, skipadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga, skal sýkn vera af kröfum stefnanda, Lárusar Ó. Þorvaldssonar.

Stefnandi greiði stefnda kr. 6.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. febrúar 1971.

Nr. 137/1970. **Páll Skúli Halldórsson**
Guðrún Guðmundsdóttir
Ágústa Pálsdóttir og
Haraldur Örn Pálsson
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Arnold Henckell
Maríu Henckell og
Hildi Henckell
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Málskot. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. júní s. á. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði úrskurður skiptadóms Reykjavíkur „verði staðfestur með þeirri breytingu", að stefndu verði dæmt að greiða óskipt málskostnað í héraði, kr. 15.000.00. Þá krefjast þeir og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega frávísunar málsins frá Hæstarétti, en til vara staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar. Krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr höndum áfrýjenda.

Fyrir skiptadómi urðu aðiljar ásáttir um niðurstöðu hins efnislega sakarefnis, en eigi um málskostnað. Varðar úrskurður skiptadóms því einungis það atriði. Var ákvæði 3. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1962 eftir grunnrökum sínum því eigi til fyrirstöðu, að málskostnaðaratriðið væri borið undir Hæstarétt með kæru samkvæmt 2. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962, en lagaheimild brast til áfrýjunar þess. Ber því að

vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Páll Skúli Halldórsson, Guðrún Guðmundsdóttir, Ágústa Pálsdóttir og Haraldur Örn Pálsson, greiði stefndu, Arnold Henckell, Maríu Henckell og Hildi Henckell, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 18. marz 1970.

Mál þetta var tekið til úrskurðar um málskostnaðarkröfur sóknar- og varnaraðilja hinn 2. nóvember s.l. Tildrög þess eru sem hér greinir:

Með bréfi, dags. 13. nóvember s.l., sneri lögmaður sóknaraðilja, Páls Skúla Halldórssonar, Guðrúnar Guðmundsdóttur, Ágústu Pálsdóttur og Haralds Arnar Pálssonar, allra til heimilis að Barmahlíð 12 hér í borg, sér til skiptaréttarins með beiðni um, að bú hlutafélagsins Halldórsson & Henckell hér í borg yrði tekið til skipta vegna félagsslita. Fyrst var þingað í málinu 23. desember s.l., og lagði umboðsmaður sóknaraðilja fram greinargerð ásamt aðiljaskýrslu og ýmsum öðrum fylgiskjölum. Í greinargerð sinni endurtók hann kröfu um skipti á búi h/f Halldórsson & Henckell og krafðist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi varnaraðilja að óskiptri ábyrgð þeirra.

Umboðsmaður varnaraðilja, Arnolds Henckells, Maríu Henckells og Hildar Henckells, allra til heimilis að Hraunteigi 20 hér í borg, fékk frest í málinu til 15. janúar og áskildi sér allra rétt til mótmæla í sambandi við hina umbeðnu skiptagerð. Hinn 15. janúar fékk hann frestinn framlengdan til 21. s. m., en í þinghaldi þann dag mótmælti umboðsmaður sóknaraðilja beiðni hans um viku framhaldsfrest til greinargerðar. Var ágreiningurinn tekinn til úrskurðar. Úrskurður féll 28. janúar, og var frestbeiðninni synjað. Næst var þingað í málinu 2. febrúar. Kom þá fram greinargerð af hálfu varnaraðilja. Gerði hann þar að kröfu sinni, að bú hlutafélagsins Halldórsson & Henckell yrði tekið til opin-

berra skipta, en að sóknaraðiljum yrði gert að greiða umbjóðendum hans málskostnað að skaðlausu að óskiptri ábyrgð þeirra.

Málsaðiljar eiga samanlagt allt hlutafé í h/f Halldórsson & Henckell. Þar eð það voru nú sameiginlegar kröfur þeirra allra, að bú félagsins yrði tekið til opinberrar skiptameðferðar til félagsslita, féll dómsmál þetta af sjálfsdáðum niður, að því er efnisatriði þess varðar, en málsaðiljar héldu hver um sig fast við málskostnaðarkröfur sínar.

H/f Halldórsson & Henckell var stofnað 11. október 1963 að frumkvæði málsaðiljanna Páls Skúla Halldórssonar og Arnolds Henckells. Þeir virðast frá upphafi hafa verið mestir ráðamenn félagsins, enda báðir í stjórn þess og fastir starfsmenn við rekstur fyrirtækisins, sem var innflutningsverzlun og önnur stórsala.

Á árinu 1968 kom til ágreinings um ýmis atriði, er vörðuðu rekstur fyrirtækisins, og endaði með því, að starfsemi þess var hætt í lok ársins. Var eignum félagsins þá að einhverju leyti skipt, en nokkrar hreitur voru þó eftir af eignum fyrirtækisins, sem þurfti að annast, svo sem vöruleifar og óinnheimtar kröfur. Virðist Arnold Henckell hafa séð um þetta að mestu.

Ekki var hafizt handa um formleg slit hlutafélagsins, þótt ákveðið væri að hætta starfsemi þess. Ágreiningur hélt áfram að gera vart við sig um þá starfsemi, sem enn var í gangi. Kom til mikilla árekstra á stjórnarfundi í félaginu 12. september s.l., og leystist sá fundur upp. Stjórnendur höfðu þó á þeim fundi komið sér saman um að boða til aðalfundar í félaginu 22. sama mánaðar. Sá fundur varð ekki ályktunarfær sökum ónógrar fundarsóknar. Á sömu lund fór aðalfundur, sem boðað var til 9. október. Í báðum tilvikum virðist enginn hafa mætt af hálfu stefndu í máli þessu á fundunum. Loks var boðað til aðalfundar 23. október s.l. Á þeim fundi mættu hluthafar eða umboðsmenn þeirra fyrir alla hlutafjáreign í félaginu. Fundarstjóri sleit þeim fundi, áður en eiginleg fundarstörf hófust, á þeirri forsendu, að ekki hefði verið löglega til hans boðað. Hinn 13. nóvember s.l. sneri svo umboðsmaður sóknaraðilja sér til skiptaréttarins með beiðni um að taka bú félagsins til opinberra skipta, svo sem áður greinir, og er saga málsins upp frá því rakin hér að framan.

Af skjölum málsins verður það ráðið, að samkomulag í h/f Halldórsson & Henckell var orðið með þeim hætti, að ekki tókst að ræða það málefnislega á hluthafafundum. Verður því að telja, að ástæða hafi verið til þess, að sóknaraðiljar leituðu til skiptaréttarins með beiðni um skipti á búi félagsins til félagsslita.

Þetta er raunar viðurkennt af hálfu varnaraðilja, sem einnig hafa gert kröfu sóknaraðilja um þetta atriði að sinni kröfu. Verður ekki talið, að sóknaraðiljar hafi fellt á sig málskostnað, þótt þeir legðu skiptabeiðni sína fyrir í upphafi sem mál til dómsúrskurðar, enda var afstaða varnaraðilja til skiptakröfunnar þá óljós.

Varnaraðiljar hafa tvívegis fengið frest í málinu til þess að koma fram með greinargerð. Þeir hafa einnig látið ganga úrskurð um þriðju frestbeiðni sína í sama skyni. Að því loknu gengu þeir inn á dómkröfur sóknaraðilja að efni til. Þessi afstaða hefur að vísu orðið til nokkurs trafala í sambandi við meðferð skiptamálsins, en ekki þykir þó ástæða til að gera varnaraðiljum að greiða málskostnað til sóknaraðilja af þeim sökum.

Fellur því málskostnaður niður.

Unnsteinn Beck borgarfógeti kvað upp úrskurð þenna. Uppsaga hans hefur dregizt nokkuð vegna mikilla embættisanna dómarans.

Því úrskurðast:

Kröfur málsaðilja um málskostnað eru ekki teknar til greina, og fellur því málskostnaður niður.

Mánudaginn 1. marz 1971.

Nr. 205/1970. **Valgeir Vilhelmsson**
gegn
Sigurgeiri Sigurjónssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Valgeir Vilhelmsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Sigurgeiri Sigurjónssyni, sem

sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. marz 1971.

Nr. 1/1971. **Erlingur Jóhannesson**
gegn
Stefáni Sigurðssyni f. h.
Aðalsteins Ásgeirssonar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Erlingur Jóhannesson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. marz 1971.

Nr. 177/1969. **Byggingafélagið Dofri h/f**
(Ragnar Steinbergsson hrl.)
gegn
Andreu Pálmadóttur og gagnsök
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteignakaup. Samningar. Byggingarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. október 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. september s. á. Hefur aðaláfrýjandi uppi þessar kröfur:

Aðalkrafa: Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 323.096.00 auk 9% ársvaxta af kr. 361.833.00 frá 2. ágúst 1966 til 17. janúar 1967 og af kr. 323.096.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Varakrafa: Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 289.813.00 auk 9% ársvaxta af kr. 328.550.00 frá 2. ágúst 1966 til 17. janúar 1967 og af kr. 289.813.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Önnur varakrafa: Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 209.813.00 auk 9% ársvaxta af kr. 248.550.00 frá 2. ágúst 1966 til 17. janúar 1967 og af kr. 209.813.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Þriðja varakrafa: Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 159.317.00 auk 9% ársvaxta af kr. 198.054.00 frá 2. ágúst 1966 til 17. janúar 1967 og af kr. 159.317.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Í öllum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 17. desember 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Gagnáfrýjandi krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 4.696.00 með 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1967 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er nægilega lýst í héraðsdómi.

Framkvæmdastjóri aðaláfrýjanda, Haukur Haraldsson, hefur lýst fyrir dómi, að aðaláfrýjandi hafi greitt alla reikninga vegna byggingarinnar og kostnaðarreikningar hafi ekki verið sýndir kaupendum, meðan á byggingu húsanna stóð, og þeir hafi engu um það ráðið, hvernig framkvæmdum var hagað. Með skírskotun til þessa og raka héraðsdóms má fallast á þá úrlausn hans, að samning aðilja um íbúðarkaupin verði að skýra svo, að aðaláfrýjandi hafi skuldbundið sig til að selja gagnáfrýjanda íbúð þá, sem um er fjallað í málinu, fyrir kr. 800.000.00 að viðbættum þeim kauphækk-

unum, sem urðu á byggingartímanum og síðar verður vikið að.

Samkvæmt gögnum málsins hófst vinna við byggingu keðjuhúsa þeirra, sem um er rætt í málinu, snemma í júlímánuði 1965. Aðaláfrýjandi auglýsti íbúðir til sölu í blaði, sem út kom 28. ágúst 1965. Gagnáfrýjandi ræddi skömmu síðar um íbúðarkaup við framkvæmdastjóra aðaláfrýjanda. Hinn 5. október 1965 greiddi gagnáfrýjandi kr. 100.000.00 upp í kaupverðið. Skriflegur kaupsamningur var hins vegar ekki gerður með aðiljum fyrr en 5. nóvember 1965. Í hinum skriflega samningi segir svo um greiðslu kaupverðsins: „Við samningsgerð kr. 100.000.00". Þegar þessa er gætt og þess, að gagnáfrýjandi greiddi umræddar kr. 100.000.00 hinn 5. október 1965, þykir mega við það miða, að bindandi samningur hafi komizt á milli aðilja eigi síðar en þann dag. Samkvæmt því og ákvæðum kaupsamningsins ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda þær kauphækkanir, sem urðu á byggingartíma hússins frá þeim tíma að telja. Um afhendingartíma íbúðarinnar segir svo í hinum skriflega kaupsamningi: „Seljandi lofar að hraða framkvæmd verksins eftir föngum, og er áætlað, að íbúðin verði afhent að vori 1966". Ósannað er, að aðaláfrýjandi hafi afhent gagnáfrýjanda íbúðina fyrr en um mánaðamótin ágúst og september 1966. Ákvæði um afhendingartíma, sem að framan voru rakin, eru óljós, þar sem afhendingardagur er ekki ákveðinn. Eftir atvikum þykir byggingartími til ágústloka 1966 ekki óeðlilegur, og ekki er fram komið, að gagnáfrýjandi hafi gert athugasemdir við þann tíma. Verður við hann að miða í málinu.

Hinn 4. júní 1970 fékk aðaláfrýjandi dómkvadda þá Guðmund Guðlaugsson verkfræðing og Rúnar H. Sigmundsson viðskiptafræðing til að gera álitsgerð um hækkanir á launum iðnlærðra og óiðnlærðra starfsmanna við byggingu hússanna á byggingartíma þeirra. Í viðbótarálitsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dagsett er 7. október 1970, segir svo: „Heildarhækkun á tímabilinu frá 1. okt. 1965 til 1. sept. 1966 verður sem hér greinir:

Verkamenn, verkstjórar o. fl.	kr.	54.795.00
Trésmiðir	—	179.616.00
Múrarar	—	8.861.00
Pípulagningamenn	—	5.388.00
Rafvirkjar	—	10.499.00
Málarar	—	8.360.00
	Kr.	267.519.00

Hluti frú Andreu Pálmadóttur yrði því ⅙ hluti af greindri fjárhæð, eða kr. 44.586.50, en með tilliti til íbúðar hr. Eggerts Eggertssonar telja matsmenn hlut frú Andreu hæfilega metinn í þessu tilfelli kr. 45.000.00".

Þessu mati hinna dómkvöddu manna hefur ekki verið hnekkt, og þykir því mega leggja það til grundvallar í máli þessu. Ber gagnáfrýjanda því að greiða aðaláfrýjanda alls kr. 45.000.00 af þessum sökum.

Aðaláfrýjandi lét gera nokkrar breytingar á gerð hússins, eftir að kaupsamningur var gerður. Krefur hann gagnáfrýjanda um greiðslu af því efni að fjárhæð kr. 45.150.00. Hinn 12. júní 1970 fékk aðaláfrýjandi dómkvadda þá Svein Tryggvason og Jakob R. Bjarnason til að meta til verðs breytingar þessar. Í matsgerð þeirra, sem dagsett er 16. nóvember 1970, segir svo m. a.:

„1. Verðmismunur á fulllökkuðum harðviðarkörmum og karmlistum annars vegar og furukörmum, tilbúnum undir málningu	kr.	12.675.00
2. Kostnaður við innréttingu á geymslu (innveggir)	—	6.800.00
3. Kostnaður við stétt við aðalinngang . .	—	1.300.00
4. Verðmismunur á termostatofnkrönum og venjulegum ofnkrönum	—	5.000.00
5. Verðmæti loftnetslagnar og stangar . . .	—	2.500.00
Samtals	kr.	28.275.00".

Um 1. Gagnáfrýjandi hefur lýst því, að breyting sú, sem hér um ræðir, hafi verið gerð að hans ósk. Ber honum því að greiða aukakostnað vegna þessa, og þykir rétt að leggja hér til grundvallar mat hinna dómkvöddu manna og taka þennan lið til greina með kr. 12.675.00.

Um 2.—5. Með skírskotun til raka héraðsdóms verður gagnáfrýjanda eigi dæmt að greiða þessa kröfuliði.

Samkvæmt framangreindu ber gagnáfrýjanda því að greiða aðaláfrýjanda kr. 12.675.00 vegna þessa þáttar málsins.

Svo sem rakið hefur verið, var kaupverð íbúðar gagnáfrýjanda ákveðið í upphafi kr. 800.000.00. Af því fé hefur gagnáfrýjandi þegar greitt kr. 795.304.00 og skuldar af þeim sökum kr. 4.696.00, sem honum ber að greiða aðaláfrýjanda. Gagnáfrýjandi hefur haldið því fram, að aðaláfrýjandi hafi eigi lagt gólfdúk á nokkur herbergi íbúðarinnar og þannig sparað sér nokkurt fé, sem dragast eigi frá íbúðarverðinu. Gagnáfrýjandi hefur eigi leitt nægar sönnur að þessu atriði, og verður því eigi unnt að taka þessa kröfu til greina.

Samkvæmt framangreindu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 62.371.00 (45.000.00 + 12.675.00 + 4.696.00).

Þegar gagnáfrýjandi tók við íbúð sinni 1. september 1966, hafði hann greitt kr. 756.567.00 upp í verð hennar. Skuld hans vegna íbúðarkaupanna nam því þann dag kr. 101.108.00. Hinn 17. janúar 1967 greiddi hann hins vegar kr. 38.737.00 upp í skuldina. Samkvæmt þessu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda 7% ársvexti af kr. 101.108.00 frá 1. september 1966 til 17. janúar 1967 og af kr. 62.371.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 27.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Andrea Pálmadóttir, greiði aðaláfrýjanda, Byggingafélaginu Dofra h/f, kr. 62.371.00 auk 7%

ársvaxta af kr. 101.108.00 frá 1. september 1966 til 17. janúar 1967 og af kr. 62.371.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 27.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 4. marz 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 13. f. m., var höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með réttarstefnu, útgefinni hinn 14. apríl 1967. Stefnir Sverrir Ragnars forstjóri, Akureyri, f. h. Dofra h/f, byggingafélags, Akureyri, frú Andreu Pálmadóttur, Lönguhlíð 3 B, Akureyri, til greiðslu eftirstöðva af byggingarkostnaði húseignarinnar Lönguhlíð 3 B hér í bæ.

Stefnandi hefur gert þessar dómkröfur:

Aðallega: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 323.096.00 með 9% ársvöxtum af kr. 361.833.00 frá 2. ágúst 1966 til 17. janúar 1967 og af kr. 323.096.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara: Að stefndi greiði kr. 289.813.00 með 9% ársvöxtum af kr. 328.550.00 frá 2. ágúst 1966 til 17. janúar 1967 og af kr. 289.813.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautavara: Að stefndi greiði kr. 209.813.00 með 9% ársvöxtum af kr. 248.550.00 frá 2. ágúst 1966 til 17. janúar 1967 og af kr. 209.813.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefnanda þá ýtrustu varakröfu, að stefnda yrði gert að greiða stefnanda kr. 159.317.00 ásamt 9% ársvöxtum af kr. 198.054.00 frá 2. ágúst 1966 til 17. janúar 1967 og af kr. 159.317.00 frá þeim degi til greiðsludags eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins.

Þá krafðist stefnandi málskostnaðar samkvæmt reikningi.

Af hálfu stefnda voru þessar dómkröfur gerðar:

Aðallega: Að málinu yrði vísað frá dómi vegna vanreifunar af hálfu stefnanda.

Til vara: Að stefndi yrði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda.

Til þrautavara: Að stefndi yrði aðeins dæmdur til að sæta hugsanlegri hækkun á verði íbúðar sinnar að Lönguhlíð 3 B samkvæmt niðurstöðu og álitsgerð dómkvaddra manna, að því er

varðar auknar launagreiðslur vegna hækkunar á gildandi kauptöxtum verkamanna og iðnverkamanna, er kunna að hafa orðið og mættu hafa áhrif á endanlegt kaupverð „á tímabilinu", þ. e. frá 5. nóvember 1965 til aprílloka 1966, sbr. dskj. nr. 2.

Loks krafðist stefndi málskostnaðar samkvæmt reikningi.

Eftir að lögmenn aðilja lýstu gagnasöfnun lokið á dómþingi hinn 20. desember 1968, var frávísunarkrafa stefnda tekin til meðferðar og henni hrundið með úrskurði, uppkveðnum hinn 17. f. m.

Í úrskurðinum segir:

„Með skírskotun til málsástæðna þeirra, sem stefndi hefur fært fram frávísunarkröfu sinni til stuðnings, þykir ljóst, að sú krafa er reist á efnisatriðum málsins, sem ekki verða leidd í ljós, fyrr en flutningi þess að efni til er lokið.

Þegar einnig er litið til kröfugerðar stefnanda, gagna þeirra, sem hann hefur lagt fram til stuðnings kröfum sínum, og yfirlýsinga aðilja fyrir dóminum, þykja eigi efni til þess að vísa málinu í heild frá dómi á þessu stigi".

Sáttatilraunir hafa ekki borið árangur.

Tildrög málsins.

Sumarið 1965 var af hálfu Byggingafélagsins Dofra h/f ákveðið að hefja byggingu keðjuhúss á lóðinni nr. 3 við Lönguhlíð hér í bæ.

Í máli þessu hefur verið lagt fram endurrit úr gerðabók Dofra h/f, sbr. dskj. nr. 18, sem snertir nefnt keðjuhús. Þar sem þar má að nokkru rekja tildrög að byggingu keðjuhússins og máls þessa, þykir rétt að reifa bókanir þessar, eftir því sem tilefni er til.

Á fundi stjórnar Dofra h/f þriðjudaginn 16 febrúar 1965 skýrði framkvæmdastjórinn frá því, að hann hefði sótt um lóðir undir raðhús við Lönguhlíð nr. 1—3. Fundarmenn höfðu áhuga fyrir því, að ráðizt yrði í byggingu íbúða til sölu, ef fjárhagsástæður leyfðu.

Á fundi þriðjudaginn 23. marz 1965 skýrði formaður stjórnar frá því, að félagið hefði sótt um lóð fyrir keðjuhús við Lönguhlíð og fengið.

Þegar var ákveðið, að í keðjuhúsi þessu skyldu verða 6 íbúðir.

Í maí árið 1965 gerði Haukur Haraldsson, framkvæmdastjóri Dofra h/f, áætlun um kostnað við byggingu keðjuhússins.

Áætlaði hann verð hverrar íbúðar eða húss kr. 800.000.00 og

gerði þá ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði kr. 91.000.00 á hverja íbúð.

Á fundi stjórnar Dofra h/f föstudaginn 11. júní 1965 var enn rætt um byggingu keðjuhússins. Lagði framkvæmdastjórinn fram tillöguuppdrátt að keðjuhúsi við Lönguhlíð 3 og taldi, að kostnaður yrði ca. kr. 900.00 pr. m^3 fokhelt, en fullklárað ca. kr. 2.000.00 pr. m^3. Stjórnin var sammála um að fela framkvæmdastjóra að fullgera uppdrætti af keðjuhúsinu og hefja framkvæmdir um sumarið.

Næst var það, að í vikublaðinu Degi á Akureyri, dags. 28. ágúst 1965, birtist eftirfarandi auglýsing, sbr. dskj. nr. 17.

„Keðjuhús. Til sölu eru mjög góðar íbúðir í keðjuhúsi, sem er í byggingu. Upplýsingar á teiknistofu vorri mánudag og þriðjudag næstkomandi, kl. 16—19.

Byggingafélagið Dofri h.f. Sími 11910".

Af þessu tilefni sneri stefndi sér til framkvæmdastjóra byggingafélagsins, Hauks Haraldssonar. Var fljótlega að ráði með þeim, að fastsett skyldi íbúð í keðjuhúsinu fyrir stefnda.

Þann 5. nóvember 1965 var síðan undirritaður svohljóðandi samningur aðiljanna (sbr. dskj. nr. 2):

„Við undirritaðir, Byggingafélagið DOFRI h.f. og Andrea Pálmadóttir, sem seljandi og sem kaupandi gerum með okkur svofelldan

KAUPSAMNING

Seljandi skuldbindur sig til að selja kaupanda, sem er jafn skuldbundinn til að kaupa íbúð nr. 2 í keðjuhúsi, sem er í smíðum á lóð HR 3 við Lönguhlíð, Akureyri. Leigulóðarréttindi eru sameiginleg og óskipt. Formlegur lóðarleigusamningur hefir ekki verið gerður ennþá. Íbúðin verður seld í því ásigkomulagi, sem nú skal greint:

Húsið verður fullfrágengið að utan og lóð grófsléttuð. Íbúðin sjálf selst tilbúin undir málningu. Tvöfalt sambrætt gler í gluggum. Sameiginlegt hitakerfi er fyrir sex íbúðir, en með sér vatnsmagnsmæli og thermostati fyrir íbúðina. Gólf dúkalögð með filtlinoleumdúk, nema hvað gólf í þvottaherbergi, geymslu og bílskúr verða máluð. Handlaug, skál og baðker í baðherbergi. Skolvaskur í þvottahúsi. Eldhúsinnrétting fullfrágengin til notkunar. Innihurðir spónlagðar og skrársettar, en karmar frágengnir undir málningu. Raflögn fullfrágengin.

Leitast verður við að gera innréttingu íbúðarinnar á hagkvæman og vandaðan hátt.

Annað en að framan greinir í samningi þessum fylgir ekki með í kaupunum.

Áætlað kostnaðarverð er ca. kr. 800.000.00, og greiðir kaupandi það þannig:

Við samningsgerð .. .. kr. 100.000.00
Þegar húsið er fokhelt .. .. kr. 170.000.00
Eftirstöðvar við afhendingu .. .. .. kr.

Seljandi mun sjá um útvegun á húsnæðismálastjórnarláni.

Eftir að kaupandi hefur tekið við íbúðinni, ber honum að greiða skatta og önnur sameiginleg gjöld af keðjuhúsinu svo og viðhald húss og lóðar í hlutfalli við eign sína, eða ⅙ hluta.

Kaupandi tekur að sér að ganga frá lóð, eins og teikningar seljanda segja til um. Dragist framkvæmdir þessar um of, er seljanda heimilt að láta framkvæma verkið á kostnað kaupanda.

Seljandi lofar að hraða framkvæmd verksins eftir föngum, og er áætlað, að íbúðin verði afhent að vori 1966. Ef kauphækkanir verða á tímabilinu, hækkar áætlað kostnaðarverð í samræmi við það. Seljandi greiðir enga vexti af útborguðum peningum frá kaupanda. Kaupandi greiðir kostnað við stimplun og þinglýsingu afsals.

Til staðfestu eru nöfn samningsaðila undirrituð í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta".

Stjórn Dofra h/f kom saman á fundi þriðjudaginn 30. nóvember 1965, og er þetta skráð í gerðabók þann dag:

„Framkvæmdir við keðjuhúsin við Lönhlíð hófust seint í ágúst. Eru komnir í þá byggingu 70 vinnudagar. Verið er að gera húsið fokhelt, og áætlað er, að því ljúki í næstu viku. Kaupendur greiða kr. 100.000.00, þegar kaupsamningar eru gerðir, kr. 170.000.00 þegar íbúð er fokheld, kr. 280.000.00 (húsnæðismálastjórnarlán), sem von er til, að verði greitt í apríl 1966, og kr. 250.000.00, sem er áætluð lokagreiðsla við afhendingu íbúðanna. Framkvæmdastjórinn áætlar, að kostnaður við hverja íbúð fokhelda verði ca. kr. 420.000.00".

Á fundi stjórnar Dofra h/f fimmtudaginn 12. maí 1966 er þetta bókað:

„Áætlað er, að keðjuhúsin verði fullbúin til afhendingar um næstu mánaðamót og verð þeirra ca. kr. 900.000.00 hver íbúð".

Næst ber keðjuhúsið við Lönguhlíð 3 á góma á fundi stjórnar Dofra h/f miðvikudaginn 21. september 1966, og er þetta ritað í gerðabók:

„Formaður greindi frá uppgjöri byggingarkostnaðar á Löngu-

hlíðarhúsunum. Reyndist kostnaður þeirra vera sem næst kr. 1.050.000.00 hver íbúð. Brunamat er kr. 1.236.000.00 hver íbúð. Kaupendur íbúðanna eiga eftir að greiða 1.400.000.00. Formanni og framkvæmdastjóra er falið að ræða við kaupendurna, skýra þeim frá verði íbúðanna og ræða um lokagreiðslur íbúðanna".

Á fundi sínum fimmtudaginn 3. nóvember 1966 er stjórn Dofra h/f sammála um að gera kaupendum Lönguhlíðarhúsanna eftirfarandi tilboð:

„Félagið gefur kr. 50.000.00 afslátt af hverri íbúð og eftirstöðvar skuldarinnar greiðast fyrir 20. desember n. k.

Félagið gefur kr. 40.000.00 afslátt af hverri íbúð og lánar kr. 100.000.00 til fimm ára með þriðja veðrétti íbúðanna eða tryggðum víxlum, og eftirstöðvar skuldarinnar greiðast fyrir 20. desember n. k.".

Í greinargerð lögmanns stefnanda segir, að stefndi og þrír aðrir af sex íbúðareigendum í Lönguhlíð 3 hafi talið, að íbúðunum hafi verið lofað fyrir ákveðið verð.

Jafnframt segir, að einn íbúðareigandi sé utan þessara samtaka, en stefnandi hafi tekið aftur við íbúð eins kaupanda, sem taldi sig ekki ráða við hækkunina.

Stjórn Dofra h/f kom loks saman á fundi mánudaginn 14. nóvember 1966, og gerðist þetta:

„Formaður las bréf frá lögfræðingi fjögurra kaupenda Lönguhlíðarhúsanna, Þorvaldi Þórarinssyni, þar sem hafnað er tilboðum Dofra h.f., sbr. bókun 3. nóvember s.l. Mættur var á fundinum Ragnar Steinbergsson, lögfræðingur. Nokkrar umræður urðu um mál þetta. Stjórnin er sammála um að höfða mál á hendur einum af kaupendum Lönguhlíðarhúsanna og fela Ragnari Steinbergssyni málareksturinn".

Bréf lögmanns stefnanda til Bjarna Jónssonar, eiginmanns stefnda, þar sem framangreind tilboð eru gefin, svo og bréf lögmanns stefnda, þar sem þeim er hafnað, hafa verið lögð fram í málinu, sbr. dskj. nr. 27 og 28.

Mál þetta er síðan höfðað með réttarstefnu, útgefinni 14. apríl 1967.

Segir í stefnu, að íbúðirnar í keðjuhúsinu við Lönguhlíð 3 hafi orðið mun dýrari en til hafi verið ætlazt vegna gífurlegra hækkana, einkum á kaupi, en einnig á efni. Þá segir, að geymslurými í íbúð stefnda hafi verið stækkað, en auk þess framkvæmdar ýmsar aðrar breytingar í íbúð hennar, sem ekki hafi verið ráð

fyrir gert í kaupsamningi aðiljanna. Hafi breytingar þessar leitt til þess, að íbúð stefnda varð dýrari en ella. Stefnandi telur endanlegt verð íbúðar stefnda hafa numið kr. 1.118.400.00, en kveður stefnda þegar hafa greitt kr. 795.304.00.

Við þingfestingu málsins hinn 17. apríl 1967 var af hálfu stefnanda lögð fram skrá (sbr. dskj. nr. 7) yfir vinnulaun, sem stefnandi telur sig hafa innt af hendi og varið til smíði keðjuhússins við Lönguhlíð 3. Þá var einnig lagt fram bréf kjararannsóknarnefndar með samningsbundnum kauptöxtum í Reykjavík tímabilið 1. júlí 1965 til 31. október 1966 (dskj. nr. 5).

Vinnulaunaskrá á dskj. nr. 7 gerðu Ingólfur Jónsson, stjórnarnefndarmaður stefnanda, og Haukur Haraldsson, þáverandi framkvæmdastjóri stefnanda, og er hún dags. 20. janúar 1967. Jafnframt reiknuðu þeir út og áætluðu áhrif kauphækkana á byggingartímabilinu á vinnulaunakostnað. Niðurstöður sínar hafa þeir dregið saman og nefna „Álitsgerð um hækkun byggingarkostnaðar á Lönguhlíð 3 vegna kauphækkana, á meðan á byggingu stóð". (Dskj. nr. 8).

Samkvæmt vinnulaunaskrá á dskj. nr. 7 námu launagreiðslur við byggingu keðjuhússins samtals kr. 3.766.897.00. Samkvæmt álitsgerð áðurgreindra fyrirsvarsmanna stefnanda, sbr. dskj. nr. 8, námu auknar launagreiðslur vegna kauphækkana samtals kr. 959.800.00 við smíði keðjuhússins, eða kr. 159.967.00 á hverja íbúð eða hús.

Á sama dómþingi var lögð fram „Álitsgerð um aukaliði, sem eigi er getið í samningi", samin og undirrituð af Hauki Haraldssyni og Ingólfi Jónssyni (dskj. nr. 4). Er álitsgerð þessi í 5 liðum, og samkvæmt henni hefur kostnaður við smíði íbúðar stefnda aukizt um kr. 45.150.00 vegna breytinga á íbúðinni.

Frammi liggur yfirlit yfir greiðslur stefnda til stefnanda, sbr. dskj. nr. 3, og nema greiðslur hennar til stefnanda kr. 795.304.00. Samkvæmt yfirliti þessu og ljósriti kvittunar, sem einnig hefur verið lagt fram, sbr. dskj. nr. 34, innti stefndi fyrstu greiðslu sína af hendi til stefnanda þann 5. október 1965, þá kr. 100.000.00. Við munnlegan málflutning hélt lögmaður stefnda því fram, að röng dagsetning væri á þessari fyrstu kvittun eða greiðslu stefnda. Varð að samkomulagi, að lögmenn aðilja upplýstu þetta atriði. Lögmaður stefnda hefur síðar lýst yfir því, að greiðsludagsetning þessi muni rétt.

Frammi liggur einnig greiðsluyfirlit Hólmars Kristmundssonar, sbr. dskj. nr. 9, en hann er einn hinna fjögurra íbúðareigenda í

keðjuhúsinu, sem hafnað hefur kröfum stefnanda. Samkvæmt yfirliti þessu nema greiðslur Hólmars til stefnanda kr. 893.234.00.

Á dómþingi hinn 20. desember 1968 var lögð fram af hálfu stefnanda „Áætlun um hækkun keyptrar vinnu hjá Dofra h.f. við byggingu Lönguhlíðar 3", gerð af endurskoðunardeild K. E. A., sbr. dskj. nr. 29.

Í bréfi forstöðumanns endurskoðunardeildar K. E. A. til lögmanns stefnanda eru þessar skýringar gefnar við áætlun þessari (dskj. nr. 30):

„Samkvæmt beiðni yðar hefi ég látið reikna út raunverulegar kauphækkanir á vinnu verkamanna og verkstjóra og vinnu trésmiða, sem eru til samans u. þ. b. ⅔ af allri keyptri vinnu við byggingu Lönguhlíðar 3.

Miðað var við vinnutaxta Byggingameistarafélags Akureyrar á tímabilinu frá 1/3 1965 til 1/9 1966. En samkvæmt vinnutaxta 1/3—1/9 1965 tjáir byggingameistari Ingólfur Jónsson mér, að bygging og smíði Lönguhlíðar 3 hafi verið verðlögð.

Vinnustundafjöldi og kaupgjald hvers taxta yfir allt tímabilið var dregið saman í þrjá liði, dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu, ef sú skipting var fyrir hendi.

Væri vinnutaxtaeining gjaldstofn fyrir vissu álagi, var henni deilt upp í heildarupphæð launakröfu og þannig fenginn áætlaður vinnustundafjöldi. (Akkorð, uppmæling).

Fundinn var mismunur á fjárhæð vinnulauna og þeirrar fjárhæðar, sem fram kemur við það, að taxtakaup 1. marz 1965 er margfaldað með samsvarandi tímafjölda.

Fundinn hundraðshluti þess mismunar, sem er á milli raunverulegs kaupgjalds og þess kaupgjalds, sem greitt hefði verið, ef vinnulaun hefðu verið greidd eftir þeim taxta, sem mér var tjáð, að verðlagt hefði verið eftir.

Heildarkaupgjald margfaldað með þeim hundraðshluta og þannig áætluð sú upphæð, sem endurkræf mætti teljast.

Áætluð sú rýrnun, sem orðið hefði á vinnutímalengd.

Samkvæmt ofanskráðu kemur fram, að mismunur á keyptri og verðlagðri vinnu megi áætla 685.000.00 kr.".

Þá þykir rétt að taka hér upp niðurstöðu útreikninga og áætlunar á dskj. nr. 29:

„Skrá yfir vinnulaun við Lönguhlíð 3 frá 1/3 1965 til 1/9 1966.

Verkamenn og verkstjórar	1.088.263.55
Smiðir	1.482.728.43

Múrarar	205.412.07
Pípulagningamenn	149.266.10
Rafvirkjar	224.043.17
Málarar (fsk. 89, 90 vantar fsk.)	50.079.33
Tæknivinna, sjá fsk. 52	6.500.00
Akstur	134.054.51
Vélavinna, járnsmíði o. fl.	87.702.27
Strengjasteypan 834.423.60 / 2	417.211.80
	3.845.261.23

Samkvæmt meðfylgjandi fsk. fæst eftirfarandi áætlun á hækkun vinnulauna frá 1/3 1965 til 1/9 1966:

	Vinna skv. fsk.	Vinna skv. taxta 1/3–1/6 1965
Verkamenn og verkstjórar	1.088.263.55	911.074.67
Smiðir	1.482.728.43	1.269.454.23
	2.570.991.98	2.180.528.90

$\frac{2.570 \text{ þús.}}{2.180 \text{ þús.}}$ eru 117.88%.

Hækkun vinnulauna verkamanna, verkstjóra og smiða er því að meðaltali 17.88%.

Niðurstaða er því, að hækkun á alla vinnu sökum hækkunar á kaupeiningu megi áætla, að liggi mjög nærri því að vera 17.88% af 3.262 millj. kr., eða alls kr. 583.246.00.

Hækkun sú, sem orðið hefur á þessu tímabili sökum aukinnar vinnutímalengdar án aukinna afkasta, er ekki tekin með í framanritaðri áætlun. En sannanlegt er, að sökum uppmælinga, sem fólu í sér kauphækkanir, og afkastarýrari vinnukrafta sökum geysilegrar eftirspurnar á vinnumarkaðinum, þá hefur orðið hækkun á vinnu, sem mjög erfitt er að áætla.

Á ákvæðisvinnu, sem byggingameistari Ingólfur Jónsson bauð út, telur hann, að tapazt hafi 10—20 þús. kr. En þessi ákvæðisvinna er alls tæpar 50 þús. kr. Það hlýtur því að vera lágmark, að bæta megi alls 3% við framangreinda áætlun á hækkun vinnulauna, sem rekja megi til hækkunar á vinnutímalengd. Mundi þá hækkunin liggja um 21% af allri vinnu, eða um það bil 685 þús. kr. Mætti því telja, að lágmarksáætlun mismunar á keyptri vinnu og verðlagðri vinnu lægi um kr. 685 þús.“.

Samtals hafa verið lögð fram af hálfu aðilja 43 þingmerkt skjöl.

Hér hefur verið getið helztu skjala, sem stefnandi byggir kröfur sínar á. Annarra verður getið síðar í dóminum, eftir því sem tilefni þykir til.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína í málinu á því, að hann hafi byggt hús eða íbúð stefnda fyrir hennar reikning. Heldur hann því fram, að upphæð sú, sem tilfærð er í samningi aðiljanna, kr. 800.000.00 (dskj. nr. 2), hafi aðeins verið áætlunarverð, miðað við óbreytt verðlag og kaup, í því skyni gert að reyna að gefa einhverja hugmynd um væntanlegt verð, en án allra skuldbindinga.

Staðhæfingu sinni til stuðnings bendir stefnandi á hið óákveðna verðákvæði samningsins. Stefnandi bendir einnig á, að greiðslur Hólmars Kristmundssonar (sbr. dskj. nr. 9) nemi kr. 893.234.00 og hafi hann innt greiðslur þessar af hendi án nokkurs fyrirvara. Heldur stefnandi því fram, að greiðslur stefnda hafi numið sömu fjárhæð og greiðslur Hólmars, ef húsnæðismálastjórn hefði ekki við úthlutun til stefnda skorið lánið niður um kr. 100.000.00 á þeim forsendum, að hún hefði svo góðan aðgang að lífeyrissjóði.

Stefnandi staðhæfir, að endanlegt verð íbúðar stefnda hafi verið kr. 1.118.400.00 og þar sem hún hafi þegar greitt kr. 795.304.00, eigi hún enn ógreiddar eftirstöðvar að upphæð kr. 323.096.00, sem nemur aðalkröfu stefnanda.

Varakrafa stefnanda er við það miðuð, að dómurinn fallist ekki á, að íbúð stefnda hafi verið byggð samkvæmt reikningi fyrir stefnda, óbundið af áætlunarverðinu.

Telur stefnandi sér rétt með skírskotun til skammstöfunarinnar ca. í samningi aðiljanna að hækka áætlað verð um 10%, eða í kr. 880.000.00, sbr. 66. gr. laga nr. 39/1927.

Þá staðhæfir stefnandi, að gerðar hafi verið allmargar breytingar á húsi eða íbúð stefnda að ósk hennar og beri henni að greiða þann kostnaðarauka, sem breytingar þessar höfðu í för með sér, enda sé í samningi þeirra tæmandi talið það, sem fylgja skyldi íbúðinni. Kostnaðarauka vegna breytinga frá samningi aðiljanna telur stefnandi nema kr. 45.150.00, sbr. dskj. nr. 4.

Loks telur stefnandi ótvírætt, að stefnda beri að greiða sér hækkun áætlaðs kostnaðarverðs, sem stafar af kauphækkunum á tímabilinu, sbr. dskj. nr. 2. Telur stefnandi tímabil þetta

hefjast við upphaf byggingarframkvæmda og að því ljúki jafnt og framkvæmdum.

Telur stefnandi kauphækkanir nema kr. 159.967.00 af verði íbúðar stefnda, sbr. dskj. nr. 7 og 8.

Þrautavarakrafa stefnanda er reist á sömu málsástæðum og varakrafa og kröfugerð hin sama að því undanskildu, að miðað er við, að dómurinn fallist ekki á, að honum sé rétt að hækka áætlað kostnaðarverð, kr. 800.000.00, um 10%, sbr. skammstöfunina ca.

Ýtrasta varakrafa stefnanda er einnig á því reist, að stefnanda beri greiðsla vegna kauphækkana og breytinga frá kaupsamningi aðiljanna. Reisir hann kauphækkunarkröfu sína á dskj. nr. 29 og telur kauphækkanir samkvæmt því nema kr. 114.667.00 af verði íbúðar stefnda. Síðari lið þessarar kröfu sinnar byggir stefnandi enn á dskj. nr. 4, og nemur hann kr. 45.150.00.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að þegar í upphafi hafi verið samið um, að stefndi keypti margnefnda íbúð á föstu verði, þ. e. kr. 800.000.00, með þeim fyrirvara, að verð hennar hækkaði í samræmi við kauphækkanir á samningstímabilinu, sem stefndi telur frá 5. nóvember 1965 til sumarmála 1966. Hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að miða bæri lok tímabilsins annað hvort við 1. maí eða 14. maí 1966.

Stefndi heldur því fram, að stefnanda hafi ekki tekizt að sanna, að kauphækkanir hafi haft áhrif á verð íbúðar hennar. Í öllu falli hafi honum ekki tekizt að sanna, hversu miklu þær nemi. Bent er á, að reikningar stefnanda (sbr. dskj. nr. 7, 8 og 29) á auknum launagreiðslum vegna kauphækkana eigi við keðjuhúsið í heild, en ekki við íbúð stefnda sérstaklega.

Þá hefur dskj. nr. 4 verið mótmælt sem röngu og tölulega ósönnuðu. Undir rekstri málsins hefur liðum 2—5 í dskj. nr. 4 verið mótmælt af hálfu stefnda, enda hafi stefnandi ekki gefið henni kost á að taka afstöðu til þeirra breytinga, áður en þær voru framkvæmdar.

Jafnframt hefur skýringu stefnanda á skammstöfuninni ca. í samningi aðiljanna verið hafnað af hálfu stefnda.

Samkvæmt framangreindu telur stefndi stefnanda ekki hafa sýnt fram á, að hann eigi kröfur á hendur henni vegna skipta þeirra, og beri því að sýkna hana af öllum kröfum stefnanda.

Fyrirsvarsmenn stefnanda hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur. Þá hefur stefndi komið fyrir dóm og staðfest aðilja-

skýrslu sína, dags. 24. nóvember 1967, en einnig gefið þar fyllri skýrslu.

Haukur Haraldsson, framkvæmdastjóri stefnanda, skýrði frá því, að framkvæmdir við smíði margnefnds keðjuhúss hefðu hafizt í byrjun júlímánaðar 1965. Sagði hann, að íbúðirnar hefðu verið auglýstar til sölu í ágúst 1965 og hefði stefndi verið fyrstur til að koma að máli við hann sem væntanlegur kaupandi og hefði hún fastsett íbúðina nokkrum dögum síðar. Þá skýrði hann frá því, að íbúð stefnda hefði orðið fokheld í lok desembermánaðar 1965. Íbúðin hefði aldrei verið afhent stefnda formlega, en hún hefði fengið leyfi til þess að mála íbúðina í maí 1966 og hún flutt í hana um 2 mánuðum síðar, að hann minnti.

Þá sagði framkvæmdastjórinn, að þegar í upphafi samningsviðræðna hafi stefnda verið greint frá því, að verðið á íbúðinni mundi verða um kr. 800.000.00 að viðbættum kauphækkunum á byggingartímabilinu, og það staðfest með samningnum 5. nóvember (dskj. nr. 2). Síðar sagði framkvæmdastjórinn, að hann hefði talið stefnanda vera að byggja íbúðirnar fyrir reikning kaupenda og átt að fá greitt kostnaðarverð frá þeim að fullu, þegar afhending færi fram.

Framkvæmdastjórinn skýrði einnig frá því, að kostnaðarreikningur hefði verið sameiginlegur fyrir allar íbúðirnar í keðjuhúsinu og kostnaði síðan skipt á íbúðirnar nokkuð jafnt, en þó með svolitlum frávikum vegna frágangs. Tók hann fram, að keðjuhúsið væri 6 sambyggð hús og sami veggurinn því fyrir fleiri en eina íbúð. Keðjuhúsið hafi verið byggt sem ein heild, ýtuvinna hafi verið sameiginleg svo og efniskaup. Fleira hafi verið sameiginlegt, t. d. upphitun, og því hafi þótt eðlilegt að hafa einn reikning fyrir íbúðirnar.

Þá kom fram í skýrslu framkvæmdastjórans, að hann hefði gert uppkast að samningsforminu á dskj. nr. 2, borið það undir Sverri Ragnars, stjórnarformann stefnanda, og síðan látið prenta það.

Ingólfur Jónsson, stjórnarnefndarmaður stefnanda, sagði, að alltaf hefði verið ráð fyrir því gert innan stjórnar félagsins, að íbúðirnar yrðu byggðar fyrir reikning væntanlegra eigenda.

Sverrir Ragnars stjórnarformaður sagði, að það mundi hafa verið af vangá, að ekki var rætt um efnishækkanir í samningnum á dskj. nr. 2 eins og kauphækkanir.

Stefndi kvaðst hafa talið sig kaupa íbúðina í tilteknu ástandi

og fyrir tiltekið verð og tók fram, að hvorki hefði verið talað um né samið um, að hún yrði byggð fyrir hennar reikning.

Hún kveðst hafa farið að mála íbúðina vorið 1966, enda hefði Haukur Haraldsson ráðið henni að gera það, áður en gengið væri frá tréverki. Hún kvaðst hins vegar ekki hafa flutt í íbúðina fyrr en um mánaðamótin ágúst og september.

Framburðir verða frekar raktir við athugun og úrlausn á kröfum, eftir því sem ástæða þykir til.

Eftir dómtöku málsins hefur dómurinn aflað vottorðs byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar um byggingarstig Lönguhlíðar 3 og samninga stefnanda við aðra íbúðareigendur í Lönguhlíð 3 en stefnda. Þá hefur dómurinn haft til athugunar og hliðsjónar bókhaldsfylgiskjöl stefnanda, þau er dskj. nr. 29 er byggt á. Loks hefur dómurinn farið á vettvang og skoðað oftnefnt keðjuhús.

Kröfur stefnanda og ágreining aðiljanna má í höfuðatriðum rekja til mismunandi skýringa á samningi þeirra um íbúð stefnda að Lönguhlíð 3 B. Telur dómurinn, að leggja verði hinn prentaða samning á dskj. nr. 2 til grundvallar skiptum aðiljanna, enda ekkert fram komið, sem sýni ótvírætt, að um annað hafi verið samið. Einnig telur dómurinn, að við skýringu hinna óljósu ákvæða samningsins verði að hafa í huga, að hann er saminn af fyrirsvarsmönnum stefnanda.

Verður nú aðalkrafa stefnanda fyrst athuguð.

Aðalkrafa stefnanda sýnist annars vegar á því reist, að samningur aðiljanna skoðist verksamningur, og hins vegar á því, að tilgreint kostnaðarverð hafi ekki verið bindandi fyrir hann.

Af orðalagi samningsins, sem rakinn er hér að framan, þykir ótvírætt, að aðiljar máls þessa hafi gert með sér kaupsamning um húseignina Lönguhlíð 3 B, enda samningurinn í meginmáli sínu nefndur kaupsamningur.

Í kaupsamningnum segir: „Áætlað kostnaðarverð er ca. kr. 800.000.00, og greiðir kaupandi það þannig ...“, og síðar: „Ef kauphækkanir verða á tímabilinu, hækkar áætlað kostnaðarverð í samræmi við það“.

Dómurinn telur, að með samanburði á þessum ákvæðum samningsins verði að líta svo á, að stefnandi hafi skuldbundið sig til að selja stefnda umrædda húseign fyrir hið áætlaða verð með þeim fyrirvara, sem í hinu síðar tilvísaða ákvæði greinir.

Greiðslur Hólmars Kristmundssonar þykja engu breyta hér um.

Þegar af þessari ástæðu kemur aðalkrafa stefnanda ekki til álita við úrlausn þessa máls.

Varakröfu stefnanda má sundurliða þannig:

I.	10% hækkun grundvallarverðs, sbr. skammstöfunina ca.	kr. 80.000.00
II.	Breytingar frá kaupsamningi, dskj. nr. 4	— 45.150.00
III.	Kauphækkanir, sbr. dskj. nr. 7 og 8	— 159.967.00
IV.	Mismunur grundvallarverðs og greiðslu stefnda	— 4.696.00
		Alls kr. 289.813.00

Um I. Dómurinn telur engin efni til þess að beita magnákvæðum 66. gr. lausafjárkaupalaga nr. 39/1922 um verðákvæði kaupsamnings um fasteignir. Kemur þessi málsástæða stefnanda því ekki til álita.

Þá telur dómurinn, að með samanburði á ákvæðum kaupsamningsins, sem rakin voru við athugun á aðalkröfu stefnanda, verði að líta svo á, að skammstöfunin ca. í kaupsamningi aðiljanna sé einungis áréttíng á því, að tilgreint verð sé áætlað og geti breytzt vegna kauphækkana.

Verður þessi kröfuliður stefnanda því ekki tekinn til greina.

Um II. Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína undir þessum lið þannig (dskj. nr. 4):

1.	Mismunur á harðviðar- og máluðum körmum. Seinkun á framkvæmdum vegna óhagstæðrar og meiri vinnu við harviðarkarma en ella, sem nemur 21 vinnudegi	kr. 14.200.00
2.	Stækkun á sameign vegna geymslu í kjallara	— 19.750.00
3.	Stétt við inngang	— 2.100.00
4.	Termostatofnkranar í öllum herbergjum	— 6.000.00
5.	Loftnetslögn og stöng	— 3.100.00
		Alls kr. 45.150.00

Haukur Haraldsson, framkvæmdastjóri stefnanda, hefur fyrir dómi skýrt frá því, að hér sé um að ræða breytingar, sem gerðar hafi verið í íbúð stefnda samkvæmt munnlegri beiðni hennar eða samkomulagi við hana. Sagði hann, að 1. liður væri gerður samkvæmt beiðni stefnda, 2. liður gerður með samþykki stefnda og liðir 3—5 gerðir í samráði við kaupendur. Sagði hann jafnframt, að í byrjun hefði ekki verið ákveðið, hve stór kjallarinn yrði. Hafi verið gert ráð fyrir kjallara fyrir kyndingu eingöngu, en

kaupendum hafi þótt geymslurúm lítið og því hafi verið ráðizt í að stækka kjallara.

Hafi kaupendur verið látnir vita um þessa stækkun, en ekki talað um, að nein aukagreiðsla yrði heimt hennar vegna, enda hafi hann talið, að verið væri að byggja eftir reikningi.

Stefndi hefur í aðiljaskýrslu og fyrir dómi viðurkennt, að um 1. lið hafi verið samið, en þó ekki um upphæð. Hins vegar hélt hún því fram, að ekkert hefði verið minnzt á aðra liði.

Við munnlegan málflutning lögðu lögmenn aðilja fram hvor sína teikningu af íbúð í margnefndu keðjuhúsi, sbr. dskj. nr. 42 og 43. Er á teikningum þessum sýndur kjallarinn, sem er undir syðstu íbúð hússins. Samkvæmt þessum teikningum hefur verið gert ráð fyrir, að kjallari, þ. e. kyndiklefi, yrði undir helmingi gólffletatar nefndrar íbúðar.

Dómurinn hefur við vettvangsskoðun gengið úr skugga um, að sex geymslur hafi verið afþiljaðar í kjallaranum, en hins vegar varð ekki séð, að kjallarinn hefði verið stækkaður þeirra vegna. Telur dómurinn sýnt, að sameign stefnda í kjallara hafi ekki verið stækkuð, heldur hafi geymslur verið afhólfaðar þar fyrir hverja hinna sex íbúða. Er kröfugerð stefnanda byggð á misskilningi að þessu leyti.

Um. 1. lið. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Stefnandi hefur engin skjöl lagt fram til stuðnings kröfuupphæð.

Eftir vettvangsskoðun og með hliðsjón af hústekningu þykir dóminum endurgjald stefnda til stefnanda vegna þessa liðar hæfilega ákveðið kr. 8.000.00.

Um liði 2—5. Dómurinn telur, að húsbyggjanda, sem selt hefur húsnæði á ákveðnu verði í ákveðnum búningi til afhendingar að smíði lokinni, beri að leita samþykkis kaupanda á fyrirhuguðum breytingum á hinu selda og gera honum jafnframt grein fyrir því, að breytingarnar kunni að leiða til hækkunar söluverðs, vilji hann heimta kostnaðarauka vegna slíkra breytinga úr hendi kaupanda.

Gegn eindregnum mótmælum stefnda þykir ósannað, að stefnandi hafi á þennan hátt gefið stefnda kost á að tjá sig um framkvæmdir undir þessum liðum, áður en þær hófust, sbr. það, sem áður segir um lið 2.

Verða kröfuliðir þessir því eigi teknir til greina.

Um III. Ágreiningur er um það milli aðilja málsins, við hvaða

tímabil eigi að miða, er reiknuð er út hækkun á söluverði íbúðar stefnda vegna kauphækkana. Hins vegar er óumdeilt, að stefnandi eigi samkvæmt samningi aðiljanna rétt til greiðslu þeirra vegna.

Telur stefnandi, að miða beri við byggingartímabil keðjuhússins, en samkvæmt framlögðum gögnum hófust framkvæmdir í júlí 1965 og lauk í október 1966.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að miða beri við tímabilið frá 5. nóvember 1965, er samningurinn var undirritaður, að vori 1966, þegar stefnda skyldi afhent íbúðin.

Stefnandi hefur bent á, að ljóst sé af gögnum málsins, að þótt samningur aðilja hafi fyrst verið undirritaður hinn 5. nóvember 1965, hafi samningar með þeim tekizt mun fyrr, eða þegar um mánaðamót ágúst/september 1965.

Dómurinn telur, að eðli máls samkvæmt beri að miða upphaf umdeilds tímabils við undirskrift samnings aðiljanna, þ. e. 5. nóvember 1965, enda hefur stefnandi, sem hafði veg og vanda af gerð samnings aðiljanna, ekki sýnt fram á eða sannað, að hann hafi þá áskilið sér greiðslu vegna kauphækkana, sem þegar voru komnar til framkvæmda.

Þykir ekki skipta máli, _ótt fallast megi á það með stefnanda, að bindandi samningur hafi áður tekizt með aðiljum um kaupin.

Dómurinn telur, að samkvæmt gögnum málsins sé ljóst, að dráttur hafi orðið á afhendingu íbúðarinnar til stefnda. Þrátt fyrir hið óljósa ákvæði samnings aðiljanna um afhendingartíma íbúðarinnar þykir verða að líta svo á, að stefnanda hafi borið að afhenda stefnda hana fullbúna fyrir 1. júní 1966, en þann dag verða almennar kauphækkanir. Kauphækkanir, sem urðu eftir greint tímamark, koma því eigi til álita, en umdeilda hækkun ber að reikna á launagreiðslur, inntar af hendi eftir nefnt tímamark, miðað við kauplag hinn 31. maí 1966.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, hversu miklu nemi kaupgreiðslur, sem varið hafi verið til smíði íbúðar hennar, og því verði auknar launagreiðslur vegna kauphækkana ekki fundnar.

Af hálfu stefnanda hefur því verið lýst yfir, að allur kostnaður við byggingu keðjuhússins hafi verið færður á sameiginlegan reikning, enda sé það í samræmi við eðli máls, þar sem íbúðir keðjuhússins hafi verið reistar sem ein heild.

Eins og áður hefur verið getið, hefur dómurinn eftir dómtöku málsins aflað samninga stefnanda við aðra íbúðareigendur í

keðjuhúsinu. Af hinum sex samningum eru fjórir undirritaðir hinn 5. október 1965, en tveir hinn 5. nóvember 1965.

Fimm samninganna eru að öðru leyti samhljóða, en einn er að verulegu leyti frábrugðinn hinum. Þá er einnig upplýst í málinu, að frágangur íbúðanna er mismunandi.

Þegar þetta er virt, þykir dóminum, að stefnanda hafi borið að halda greinargerð um kostnað við hverja hinna sex íbúða með hliðsjón af kauphækkanaákvæði kaupsamninganna.

Hins vegar þykir ljóst, að á tímabili því, sem áður var tilgreint, hafi kauphækkanir orðið, sem leitt hafi til aukinna launagreiðslna við smíði íbúðar stefnda, og þykir vanræksla stefnanda ekki þess eðlis, að hún firri hann öllum rétti til þeirra.

Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af gögnum málsins svo og kauptöxtum verkamanna og iðnverkamanna á Akureyri tímabilið 5. nóvember 1965 til 1. júní 1966 telur dómurinn, að auknar launagreiðslur vegna kauphækkana á tímabilinu, sem stefnandi heimtir úr henda stefnda, nemi kr. 11.200.00.

Um IV. Óumdeilt er, að stefndi hefur þegar greitt stefnanda kr. 795.304.00 vegna skipta þeirra og á því enn ógreiddar kr. 4.696.00 af hinu upphaflega söluverði.

Aðrar kröfur stefnanda felast í varakröfu hans og koma því eigi til álita.

Stefnandi hefur ekki rökstutt vaxtakröfu sína sérstaklega og stefndi ekki mótmælt henni.

Þykir verða að miða við það, að stefnda hafi verið afhent íbúðin hinn 1. september 1966, en þann dag tilkynnti hún yfirvöldum Akureyrarbæjar flutning sinn í Lönguhlíð 3 B, enda hefur stefnanda ekki tekizt að sanna, að íbúðin hafi verið afhent henni fyrr.

Síðustu greiðslu sína, kr. 38.737.00, innti stefndi af hendi til stefnanda hinn 17. janúar 1967.

Niðurstaða málsins samkvæmt framangreindu er sú, að stefndi er dæmdur til að greiða stefnanda kr. 23.896.00 (8.000.00 + 11.200.00 + 4.969.00) með 7% ársvöxtum af kr. 62.633.00 frá 1. september 1966 til 17. janúar 1967 og af kr. 23.896.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kváðu upp Bogi Nílsson, fulltrúi bæjarfógeta, og meðdómsmennirnir Árni Árnason forstjóri og Pétur Pálmason verkfræðingur.

Dómsorð:

Stefndi, Andrea Pálmadóttir, greiði stefnanda, Byggingafélaginu Dofra h/f, kr. 23.896.00 með 7% ársvöxtum af kr. 62.633.00 frá 1. september 1966 til 17. janúar 1967 og af kr. 23.896.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. marz 1971.

Nr. 14/1971. **Félag íslenzkra iðnrekenda**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 19. janúar 1971, er hingað barst 10. febrúar 1971, hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 14. desember 1970 í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Samkvæmt j lið 4. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt skal greiða söluskatt þann, er þar getur, við tollmeðferð vöru. Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laga nr. 7/1963 um tollskrá o. fl., og síðar 1. mgr. 34. gr. laga nr. 63/1968 og laga nr. 3/1969 um sama efni, sker fjármálaráðherra úr því, hvort tiltekin vara sé gjaldskyld eða gjaldfrjáls eftir þeim lögum. Með skírskotun til þessa og þar sem meðferð 13. gr. laga nr. 10/1960 á

ekki við um söluskatt þann, sem um er deilt í málinu, ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 7.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Varnaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði sóknaraðilja, Félagi íslenzkra iðnrekenda, kr. 7.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. desember 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 3. þ. m., hefur Félag íslenzkra iðnrekenda í Reykjavík höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. apríl 1970, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði honum kr. 29.773.00 auk 7% ársvaxta frá 1. janúar 1970 til greiðsludags og að viðurkennt sé með dómi réttarins, að Plastprent h/f sé eigi skylt að greiða söluskatt af innfluttum prentlitum til framleiðslu sinnar.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi greiði málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Leitazt hefur verið við að ná sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málsaðiljar eru sammála um að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu og leggja málið beint fyrir bæjarþingið.

Málavextir eru þessir:

Á tímabilinu frá 22. marz 1967 til 17. nóvember 1969 var fyrirtækinu Plastprenti h/f, Reykjavík, gert að greiða samtals kr. 29.773.00 í söluskatt af prentlitum í tollafgreiðslu þeirra til

fyrirtækisins. Fyrirtæki þetta framleiðir umbúðir og notar þessa prentliti til áprentunar á nefnda framleiðslu sína.

Hinn 30. marz 1968 ritaði Plastprent h/f fjármálaráðuneytinu bréf, þar sem þess var farið á leit við ráðuneytið, að það hlutaðist til um, að fyrirtækið yrði undanþegið greiðslu nefnds söluskatts, og að því yrði endurgreiddur sá söluskattur, sem það hefði þegar greitt af prentlitum. Þessari beiðni svaraði fjármálaráðuneytið með bréfi, dags. 30. október 1968, svohljóðandi: „Vegna fyrirspurnar yðar til ráðuneytisins er yður hér með tjáð, að með bréfi, dags. 5. apríl 1967, fór Félag íslenzkra prentsmiðjueigenda þess á leit við ráðuneytið, að prentsverta og prentlitir yrði undanþegið söluskatti. Með bréfi, dags. 4. janúar s.l., var þeirri beiðni synjað.

Úrskurður ráðuneytisins er m. a. byggður á því, að tollyfirvöld hafa lagt þann skilning í lögin, að hér sé um söluskattskyld efnivörukaup að ræða, og löng hefð er komin á þá framkvæmd að leggja söluskatt á sölu fyrirtækja á prentlitum".

Hinn 4. febrúar 1969 ritaði Félag íslenzkra iðnrekenda fjármálaráðuneytinu bréf, svohljóðandi: „Oss hefur borizt erindi frá Plastprenti h.f., þar sem óskað er aðstoðar félagsins við að fá felldan niður söluskatt á innfluttum prentlitum. Erindi Plastprents h.f. fylgdi afrit af bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 30. október 1968, þar sem segir, að ráðuneytið synji slíkri beiðni. Er úrskurður ráðuneytisins m. a. byggður á því, að tollyfirvöld hafi lagt þann skilning í lögin, að hér sé um söluskattskyld efni og vörukaup að ræða og löng hefð komin á þá framkvæmd að leggja á söluskatt.

Vér höfum leitað sérfræðilegs álits á þessu máli, bæði að því er varðar hina lögfræðilegu hlið þess og hina framleiðslutæknilegu. Leyfum vér oss að senda ráðuneytinu ljósrit af þeim álitum. Þar sem vér teljum þau varpa nýju ljósi á málið, og hér er um hreina efnivöru til framleiðslu að ræða, væntum vér þess, að ráðuneytið sjái sér fært að breyta þeirri afstöðu til þessa máls".

Hið tæknilega álit, sem vitnað er til í nefndu bréfi, er vottorð frá Iðnaðarmálastofnun Íslands, dags. 12. desember 1968, og hljóðar svo:

„Fyrir þá, sem það varðar, staðfestist eftirfarandi:

Iðnaður (manufacturing) er skilgreindur sem vélræn (mekanisk) eða efnafræðileg (kemisk) umbreyting ólífrænna eða lífrænna gæða í nýjar afurðir, hvort sem verkið er unnið í vélum, knúð-

um orku, eða í höndunum og hvort sem það er unnið á vinnustöðum eða heimilum.

Iðnaðarstörf fyrirtækisins Plastprents h.f. eru í megin atriðum fólgin í tveimur umbreytingarferlum (prosessum), mótun umbúða og prentun þeirra. Efnivörur fyrir fyrri ferilinn, mótun umbúða, eru plastþynnur, sellófan og álþynnur, en efnivörur fyrir prentunarferillinn eru prentunarlitir, og falla báðir umbreytingarferlarnir undir ofangreinda skilgreiningu á iðnaði".

Ekki er ástæða til hér að vitna til hins lögfræðilega álits, enda koma meginsjónarmið þess í rökstuðningi stefnanda hér á eftir.

Framangreindu bréfi Félags íslenzkra iðnrekenda frá 4. febrúar 1969 svaraði fjármálaráðuneytið með bréfi, dags. 5. marz 1969, svohljóðandi:

„Með bréfi, dags. 4. f. m., skýrið þér ráðuneytinu frá því, að yður hafi borizt erindi frá Plastprenti h.f., þar sem óskað sé aðstoðar félagsins við að fá felldan niður söluskatt á innfluttum prentlitum. Eins og fram kemur í bréfi yðar, hefir ráðuneytið áður synjað erindi Plastsprents um þetta efni, sbr. bréf ráðuneytisins til fyrirtækisins, dags. 13. júní 1968. Ráðuneytið sér ekki ástæðu til að breyta þeim úrskurði þrátt fyrir tilmæli yðar í þá átt".

Plastprent h/f hefur framselt stefnanda, Félagi íslenzkra iðnrekenda, endurkröfu sína á hendur ríkissjóði fyrir söluskatti að fjárhæð kr. 29.773.00.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt gildandi lögum um söluskatt eigi söluskattur aðeins að greiðast einu sinni af hverri vöru. Þó sé sú undantekning gerð í 3. gr., 3. mgr., laga nr. 10/1960 um söluskatt, að þetta taki ekki til hjálparefna eða óvaranlegra rekstrarefna. Söluskattskylda af seldri vöru eða vinnu almennt sé bundin við síðasta stig viðskipta, þ. e. sölu til neytenda.

Í greinargerð með frumvarpi að lögum þessum, sbr. Alþingistíðindi 1959, A, 3. h., bls. 526, segi, að af ákvæði laganna leiði, að ekki komi söluskattur af innlendri vörusölu til endurseljenda, og enn fremur, að ekki sé lagður skattur á efnivöru, þ. e. hráefni eða hálfunna vöru, sem notuð sé til aðvinnslu eða úrvinnslu og verði þáttur eða hluti í nýrri framleiðslu eða vöru. Þó sé það skilyrði, að hér sé um efnisþátt vöru að ræða.

Samkvæmt skilgreiningu Iðnaðarmálastofnunar Íslands sé ljóst,

að skoða beri prentunarliti sem efnisþátt í prentunarferli iðnaðarstarfsemi Plastprents h/f og þess vegna sé efnivara þessi ekki söluskattskyld samkvæmt lögum.

Þrátt fyrir þessi skýlausu ákvæði hafi stefndi krafizt og tekið söluskatt vegna innfluttra prentunarlita til Plastprents h/f, er sé aðili í Félagi íslenzkra iðnrekenda, stefnanda máls þessa, enda þótt stefnandi og Plastprent h/f hafi mótmælt þessu.

Af hálfu stefnanda er því sérstaklega mótmælt, sem kemur fram í varnarskjölum stefnda, að löng hefð sé komin á þá framkvæmd að leggja söluskatt á sölu fyrirtækja á prentlitum. Þessu til áréttingar vitnar stefnandi í bréf frá Félagi íslenzkra prentsmiðjueigenda, dags. 5. apríl 1967, til fjármálaráðuneytisins, en í 1. tl. þess bréfs sé það ljóst, að þegar það er ritað, er hér um nýorðna breytingu í skattalagaframkvæmd að ræða.

Samkvæmt þessu virðist stefnanda það augljóst, að það sé á móti anda laganna um söluskatt og bókstaf þeirra einnig, að tekinn sé söluskattur af prentunarlitum, sem Plastprent h/f noti til framleiðslu sinnar. Það hafi lengi verið stefnumál samtaka íslenzks iðnaðar og viðurkennt af löggjafanum, að eigi beri að taka söluskatt nema einu sinni af hverri vörutegund. Þetta sé beinlínis sagt í lögunum um söluskatt. Framkvæmdin við innheimtu söluskatts á nefndum efnivörum til Plastprents h/f sé því hvort tveggja beint brot á gildandi lagaákvæðum og andstætt þeim meginreglum, sem viðurkenndar hafi verið, að eigi að gilda um þessi málefni. Af þessum sökum hafi Félag íslenzkra iðnrekenda ákveðið að leggja mál þetta fyrir dómstólana, enda hafi ítrekaðar samkomulagsumleitanir við fjármálaráðuneytið reynzt árangurslausar.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að prentlitir þeir, sem Plastprent h/f hafi verið gert að greiða söluskatt af, séu hjálparefni, sem félagið noti til framleiðslu sinnar. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt beri ávallt að innheimta söluskatt af hjálparefnum. Þess vegna hafi fjármálaráðuneytið úrskurðað, að Plastprenti h/f beri að greiða söluskatt af þessum efnum. Vitnar stefndi til frekari áréttingar í kennslubók í almennri rekstrarhagfræði eftir dr. Gylfa Þ. Gíslason, sem út var gefin árið 1945, bls. 9. Þar segir m. a. svo: „Efni eða hlutir, sem notaðir eru til framleiðslu afurða án þess þó að vera aðalefni hennar, eru nefnd hjálparefni, svo sem málning, sem borin er á borð, naglar, skrúfur o. s. frv.“. Telur stefndi, að prentlitir

séu greinilega hliðstætt efni, t. d. málningu, og sé því hjálparefni í iðnaði eins og hún.

Við munnlegan flutning málsins hafði lögmaður stefnda enn fremur uppi eftirfarandi málsástæður:

Í fyrsta lagi hélt stefndi því fram, að stefnandi þessa máls væri ekki réttur aðili þess, þar sem framsal Plastprents h/f til stefnanda væri ekki fullnægjandi.

Í öðru lagi hélt stefndi því fram, að stefnandi hefði fyrirgert rétti sínum til þess að bera mál þetta undir dómstóla, þar sem hann hefði ekki kært álagningu skatts þessa til skattayfirvalda samkvæmt 13. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt. Geti hann því ekki nú borið málið undir dómstóla, þar sem honum hafi borið áður að kæra málið til réttra skattayfirvalda.

Í þriðja lagi heldur stefndi því fram sýknukröfu sinni til áréttingar, að stefndi hafi fyrirgert rétti sínum til endurheimtu söluskatts þess, sem hér er um að tefla, með því að greiða hann án fyrirvara.

Lögmaður stefnanda mótmælti öllum þessum málsástæðum sem of seint fram komnum, þar sem lögmaður stefnda hefði eigi haft þær uppi fyrr en við munnlegan flutning málsins. Gegn andmælum lögmanns stefnanda koma þessar málsástæður ekki til álita, nema að því leyti sem réttinum ber að gæta þeirra ex officio.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 10 frá 22. marz 1960 um söluskatt geta þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á söluskatti, kært þá ákvörðun til þeirra innan 10 daga, frá því að skattur var ákveðinn. Úrskurðum þeirra má skjóta til ríkisskattanefndar innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra eða skattanefndar.

Eftir 14. gr. sömu laga skal bera ágreining um skattskyldu og skatthæð undir dómstóla innan 6 mánaða, frá því að ríkisskattanefnd úrskurðaði.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, mun fyrst skattur þessi hafa verið innheimtur hjá Plastprenti h/f 22. marz 1967. Sú ákvörðun var ekki kærð til skattayfirvalda í samræmi við 13. gr. nefndra laga, og þar sem kæru- og málshöfðunarfrestir samkvæmt téðum lagagreinum eru nú liðnir, þykir eigi verða hjá því komizt að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan

ásamt meðdómendunum Árna Vilhjálmssyni prófessor og Óskari Maríussyni efnaverkfræðingi.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.
Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 8. marz 1971.

Nr. 27/1971. **Sigríður Hjörleifsdóttir**
gegn
Dánarbúi Lúðvíks Sigurjónssonar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Skipti. Varnarþing. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 3. febrúar 1971, sem barst Hæstarétti 24. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 21. janúar 1971. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir skiptaráðanda að kveða upp efnisdóm í málinu.

Varnaraðili hefur tekið undir dómkröfur sóknaraðilja. Er það vilji málsaðilja, að skipti á dánarbúinu fari í heild fram fyrir skiptarétti Reykjavíkur.

Samkvæmt skýlausum ákvæðum tilskipunar frá 21. júní 1793 skulu skipti á dánarbúum „þera undir skiptaráðanda, þar er sá, er skiptin eru eftir, átti sjálfur varnarþing, er skiptin hófust". Lögjöfnun frá 81. gr. laga nr. 85/1936 um þetta efni er því eigi heimil. Samkvæmt vottorði þjóðskrár Hagstofu Íslands, dags. 9. desember 1970, átti arfleifandi, Lúðvík Sigurjónsson, lögheimili í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu, er hann lézt hinn 16. apríl 1970. Ber þessi þáttur skiptanna og skiptin í heild því undir skiptadóm Norð-

ur-Múlasýslu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 21. janúar 1971.

Hinn 15. apríl s.l. andaðist hér í borg Lúðvík Sigurjónsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri á Bakkafirði. Uppskrift á eignum dánarbús hans fór fram hjá hreppstjóra Skeggjastaðahrepps, Norður-Múlasýslu, hinn 27. ágúst s.l. Einnig fór fram uppskrift hér fyrir skiptaréttinum dagana 28. og 31. ágúst og 9. og 15. september s.l.

Við uppskriftina 28. ágúst s.l. lýstu erfingjar búsins, sem eru tvö börn Lúðvíks heitins, því yfir, að þau tækju ábyrgð á öllum lögmætum skuldum búsins. Fer því um skipti á búi þessu eftir 4. kafla skiptalaga nr. 3/1878.

Við uppskriftina 31. ágúst s.l. kom fram krafa í búið af hálfu sambýliskonu Lúðvíks heitins, sóknaraðilja máls þessa, Sigríðar Hjörleifsdóttur, Laugarnesvegi 64, Reykjavík. Gerði hún kröfu um að fá greiddan útlagðan útfararkostnað og krafðist að auki ráðskonulauna fyrir 272 mánuði. Nam krafa þessi kr. 432.555.00, þar af kr. 408.000.00 fyrir ráðskonukaup.

Erfingjar búsins mótmæltu þegar kaupkröfunni, en umboðsmaður sóknaraðilja áskildi sér rétt til að hækka kröfu umbjóðanda síns að fengnum útreikningum tryggingafræðings. Var í þinghaldi 15. ágúst ákveðið, að rekið yrði sérstakt skiptaréttarmál um kaupkröfu sóknaraðilja.

Í þinghaldi 29. október s.l. komu lögmenn aðilja sér saman um að reka mál þetta hér fyrir skiptaréttinum. Í sama þinghaldi var lögð fram greinargerð af hálfu sóknaraðilja ásamt útreikningi tryggingafræðings, og var krafa sóknaraðilja hækkuð í kr. 849.344.00 og auk þess krafizt 1% dráttarvaxta á mánuði frá 15. september 1970 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Einnig var þess krafizt, að krafan nyti forgangsréttar í búinu.

Lögmaður varnaraðilja fékk nokkra fresti til greinargerðar og gagnaöflunar, en í þinghaldi hinn 14. þ. m. óskuðu lögmenn beggja málsaðilja að leggja sérstaklega undir úrskurð skiptaráðanda, áður en málinu yrði lengra haldið, hvort skiptaréttur Reykjavíkur væri réttur vettvangur fyrir mál þetta, þ. e. hvort

aðiljum sé heimilt að semja um varnarþing í máli þessu samkvæmt 81. gr. laga nr. 85/1936.

Atriði þetta var tekið til úrskurðar sama dag.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 3/1878 sker skiptaráðandi úr því, hvort kröfur gegn dánarbúi skuli teknar til greina eða ekki. Grein þessi á beint við um bú, sem skipt er eftir 3. kafla skiptalaganna, en telja verður, að hún eigi einnig við um þau bú, sem skipt er samkvæmt 4. kafla skiptalaganna, sbr. 55. gr. þeirra laga. Er því ljóst, að skiptaráðandi er bær að úrskurða um kröfu sóknaraðilja í máli þessu á hendur búinu.

Um það, hver sé réttur skiptaráðandi til að fara með bú, eru reglur í tilskipun frá 21. júní 1793. Samkvæmt þeim bera skipti á dánar- eða þrotabúum undir skiptaráðanda þar, er sá, sem skiptin eru eftir, átti varnarþing, er skiptin hófust. Fyrir liggur í máli þessu vottorð frá þjóðskrá Hagstofu Íslands, en samkvæmt því átti Lúðvík heitinn lögheimili í kaupfélagshúsinu, Skeggjastaðahreppi, Norður-Múlasýslu, er hann lézt. Bera því skipti í dánarbúi hans undir skiptaráðanda Norður-Múlasýslu.

Þar eð 81. gr. laga nr. 85/1936 tekur ekki til málsmeðferðar fyrir skiptarétti, sbr. 223. gr. sömu laga, verður að telja aðiljum óheimilt að leggja skiptin í heild eða einstök úrskurðaratriði í sambandi við skiptin undir annan skiptaráðanda en þann, sem lögum samkvæmt ber að fara með skiptin. Má hér einnig hafa til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í XIX. bindi, bls. 132.

Samkvæmt framansögðu er skiptaráðandi í Reykjavík ekki bær til að fara með skipti á búi þessu eða kveða upp úrskurði í sambandi við skiptin, og ber því að vísa máli þessu frá skiptarétti Reykjavíkur. Aðiljar hafa ekki krafizt málskostnaðar í sambandi við úrskurð þennan, og fellur hann því niður.

Jónas Gústavsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Máli þessu er vísað frá skiptarétti Reykjavíkur.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 10. marz 1971.

Nr. 93/1970. **Gústav Sigjónsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Jóhanni G. Filippussyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 26. júní 1969. Þingsókn féll niður af hendi áfrýjanda 6. apríl 1970, og gekk útivistardómur í málinu þann dag. Samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjaði áfrýjandi málinu af nýju með stefnu 29. apríl 1970. Áfrýjandi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst áfrýjandi þess, að fellt verði úr gildi fjárnám, er stefndi lét gera í eignum áfrýjanda 21. apríl 1970 til tryggingar dómsskuld samkvæmt hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð sinni í héraði sundurliðaði stefndi kröfur sínar á hendur áfrýjanda þannig:

1. Löghaldskostnaður	kr.	3.785.00
2. Ferð að Kálfá	—	2.500.00
3. Víxill pr. 25. ágúst 1966	—	6.000.00
4. Greitt Tómasi Árnasyni	—	34.885.00
5. Til fógeta	—	2.700.00
6. Tvö mót	—	1.000.00
	Kr.	50.870.00

Héraðsdómarinn tók til greina kröfuliði 1 og 2, en eigi aðra kröfuliði. Hins vegar dæmdi hann áfrýjanda til að greiða samtals kr. 21.000.00 sem vexti og kostnað við innheimtu skuldabréfs þess, sem í málinu greinir, og kr. 10.800.00, er hann telur vaxtamun á víxlum og skuldabréfi. Þar sem dómarinn hefur þannig farið út fyrir kröfur aðilja, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936, eru slíkir gallar á hinum áfrýjaða dómi, að ómerkja ber hann og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber einnig að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 22. apríl 1967.

Ár 1969, þriðjudaginn 22. apríl, var í aukadómþingi Árnessýslu, sem haldið var í skrifstofu embættisins á Selfossi af sýslumanni Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 38/1968, sem dómtekið var hinn 17. þ. m.

Mál þetta er höfðað af stefnandanum, Jóhanni Gunnari Filippussyni, Gnoðarvogi 14, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 2. nóvember 1968, á hendur Gústav Sigjónssyni, Skólavöllum 8, Selfossi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 50.150.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð þannig: af kr. 3.765.00 frá 25. júní 1965 til 25. júlí s. á., af kr. 6.265.00 frá þeim degi til 17. október 1967 og af stefnufjárhæðinni, kr. 50.150.00, frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Í munnlegum flutningi málsins leiðrétti umboðsmaður stefnanda samlagningarskekkju á dómsskjali nr. 1 til hækkunar um kr. 700.00, og var leiðréttingin samþykkt af umboðsmanni stefnda. Verður þá stefnukrafan kr. 50.850.00.

Stefndi gerir þær dómkröfur í málinu, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins hefur umboðsmaður stefnda gert þá varakröfu í málinu, að stefndi verði aðeins dæmdur til að greiða stefnanda kr. 19.442.63 með 9% ársvöxtum frá 25. apríl 1966 til greiðsludags og málskostnað að mati dómara.

Tildrög málsins voru þau, að hinn 25. janúar 1965 seldi stefndi stefnanda bifreiðina X 1806, sem er Bedford vörubifreið, smíðaár 1961. Salan fór fram á Bílasölu Matthíasar í Höfðatúni 2, Reykjavík, sbr. dómsskjal nr. 11, og er í afsali tekið fram, að umsamið kaupverð sé að fullu greitt og að á bifreiðinni hvíli engar veðskuldir né eignabönd.

Samkvæmt samkomulagi aðilja skyldi verð bifreiðarinnar vera kr. 220.000.00 og útborgun kr. 70.000.00, en eftirstöðvarnar greiðast með víxlum, kr. 24.000.00 pr. 25. apríl 1965, 25. júlí 1965, 25. október 1965, 25. janúar 1966, 25. apríl 1966 og 25. júlí 1966, og víxli, kr. 6.000.00 pr. 25. ágúst 1966. Víxlarnir voru samþykktir af stefnanda.

Er afsal fór fram umræddan dag, 25. janúar 1965, greiddi stefnandi stefnda í peningum kr. 70.000.00 og afhenti stefnda víxlana sem greiðslu. Veðbókarvottorð fyrir bifreiðina lá ekki fyrir við söluna, en stefnandi telur, að stefndi hafi lofað að senda veðbókarvottorð, er lægi fyrir eftir einn eða tvo daga.

Stefndi segir svo frá í sakadómi Árnessýslu 29. nóvember 1966: „Er kaupin fóru fram, hvíldu á bifreiðinni tvö veð, 120 þúsund kr. skuld á 1. veðr. við handhafa skuldabréfs og 40 þúsund kr. skuld á 2. veðr. við Tryggingastofnun ríkisins. Veðbókarvottorð lá ekki frammi við söluna, en mættur kveðst hafa sagt kaupanda frá þeim skuldum, sem á bifreiðinni hvíldu. Handhafi 120 þús. kr. skuldabréfsins var Gísli Björnsson, lögregluþjónn, þá búsettur í Hafnarfirði. Samþykkti Gísli að taka við víxlum frá Jóhanni sem greiðslu á skuldabréfinu, og var Jóhanni kunnugt um það. Mættur segir: „Er kaupin voru gerð, ók Gísli með mig niður á sérleyfisstöð Steindórs. Þar afhenti ég honum víxla að upphæð samtals kr. 120.000.00, er Jóhann hafði samþykkt. Hafði Gísli orð á, að ekki væru sömu gjalddagar á víxlunum og væru í skuldabréfinu. Taldi hann, að það kynni að vera óþægilegt fyrir sig, en sagði svo, að það þyrfti þó ekki að vera. Tók hann síðan við víxlunum og lofaði að sjá um, að skuldabréfinu yrði aflýst. Skuldina við Tryggingastofnun ríkisins lofaði ég að flytja á annan bíl,

strax og ég hefði fengið hann, og var þeirri skuld aflýst hinn 25. febr. 1965. Þar eð gera mátti ráð fyrir, að aðeins væri um dagaspursmál að ræða, þar til bifreiðin yrði veðbandalaus, taldi bílasalinn ekki ástæðu til að breyta afsalseyðublaðinu og taka fram, að á bifreiðinni hvíldu áðurgreind veð. Taldi ég óhætt að láta bílasalann ráða, með því að kaupanda var kunnugt um veðböndin og því ekki farið á bak við hann á neinn hátt".“

Stefndi kveðst ekki hafa tekið við skuldabréfinu né fengið neina kvittun, er hann afhenti Gísla áðurgreinda víxla, kveðst hafa treyst honum fullkomlega.

Umrætt skuldabréf (dómsskjal 3) er dags. 28. júlí 1964, útgefið af stefnda með 1. veðrétti í bifreiðinni X 1806. Greiðsludagar: kr. 30.000.00 pr. 15. febrúar 1965, kr. 30.000.00 pr. 15. apríl 1965, kr. 30.000.00 pr. 15. júní 1965 og kr. 30.000.00 pr. 15. ágúst 1965.

Stefnandi kveðst ekkert hafa vitað um, að áhvílandi veðskuldir væru á bifreiðinni, og aldrei hafi verið á þær minnzt við sölusamninga um bifreiðina. Stefnandi segir m. a. í aðiljaskýrslu sinni (dómsskj. 13): „Það næsta, sem skeður, er það, að þegar ég kom á bílasöluna til þess að sækja veðbókarvottorðið, var þar staddur fyrir eigandi bílsins, Gísli Björnsson, sem ég þá sá í fyrsta skipti, og sagði hann mér, að á bílnum hvíldi veðskuldabréf að fjárhæð kr. 120.000.00, sem væri í vanskilum. Jafnframt sagði hann mér, að Gústav hefði lofað sér að ganga ekki frá þessari sölu nema að sér viðstöddum, en hefði svo afhent sér víxla, samþykkta af mér, er Gústav var að stíga upp í áætlunarbíl austur, en við athugun víxlanna hafi svo komið í ljós, að umsamdar greiðslur til sín myndu dragast langt á annað ár, en slíkt kæmi ekki til greina“.

Vitnið Gísli Björnsson segir svo í skýrslu sinni, dómsskjali 9: „Varðandi skuldabréfið fór Gústav fram á, að því yrði aflýst, en ég veitti viðtöku víxlum að sömu upphæð, samþykktum af hinum nýja kaupanda. Ég svaraði því til, að ekki kæmi til mála að svo stöddu, að ég tæki við víxlum þessum sem greiðslu, en féllst hins vegar á að taka þá til athugunar, þ. e. nöfn samþykkjanda, ábyrgðarmanns, gjalddaga og slíkt. Ég leit lauslega á víxlana og benti Gústav á, að gjalddagar væru aðrir en á skuldabréfinu. Hann viðurkenndi það, en kvað hugsanlegt, að því mætti breyta með ráði samþykkjanda. Hann kvaðst engan tíma hafa til að ræða málið nánar að svo stöddu, þar sem hann þyrfti nauðsynlega að ná í áætlunarbifreið, sem var að leggja af stað að Selfossi. Eftir að Gústav var farinn, tók ég víxlana til nánari

athugunar, og kom þá í ljós, að gjalddagar þeirra voru á tímabilinu 25/7 1965 til 25/8 1966, þ. e. a. s. bifreiðin yrði að fullu greidd rúmlega ári síðar en upphaflega var samið um. Eftir að svona var komið, sneri ég mér til Baldvins Jónssonar, hrl., sem tók að sér að gæta míns réttar í þessu máli".

Hér skýrir vitnið Gísli ekki rétt frá um gjalddaga umræddra víxla, því samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, voru gjalddagar þeirra 25. apríl 1965, 25. júlí 1965, 25. október 1965, 25. janúar 1966 og 25. apríl 1966.

Vitnið Gísli segir enn fremur: „Mér er kunnugt um, að Gústav hafi haldið því fram, að ég hafi tekið við víxlunum sem greiðslu og lofað að aflýsa skuldabréfinu. Þetta er alrangt, en er ég tók við víxlunum, hafði ég það í huga, jafnframt því sem áður er getið, að hugsanlegt væri, að Gústav seldi víxlana og myndi þá hinn nýi kaupandi bifreiðarinnar verða fyrir tjóni, sem að líkindum yrði seint bætt".

Matthías V. Gunnlaugsson bílasali segir í vottorði sínu, dómsskjali 14, „að við sölu bifreiðarinnar X 1806, Bedford 1961, í janúar 1965 kom aldrei til tals, að á bílnum væri áhvílandi veðskuldabréf, enda greiddi kaupandi, Jóhann G. Filippusson, seljanda, Gústav Sigjónssyni, umsamið kaupverð, kr. 220.000.00, að fullu með peningum og víxlum við afhendingu bílsins, en seljandi kvað hreint veðbókarvottorð aðeins ókomið að austan".

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að telja sannað, að stefndi hafi ekki látið stefnanda í té upplýsingar um, að veðskuldir hvíldu á bifreiðinni X 1806, er sala fór fram á henni hinn 25. janúar 1965, og að stefnandi hafi ekki vitað um, að veðskuldir hvíldu á henni.

Samkvæmt afsali var bifreiðin X 1806 talin veðbanda- og kvaðalaus, og bar því stefndi ábyrgð á því, að veðinu yrði aflýst.

Svo virðist sem stefndi hafi ætlað að treysta á, að hann gæti selt víxla, kr. 120.000.00, samþykkta af kaupanda, til eiganda veðskuldabréfsins, Gísla Björnssonar, og hefur stefndi haldið því fram, að sú sala hafi farið fram, en Gísli Björnsson neitar því og telur, að þetta hafi verið til athugunar, en hann hafi ekki fallizt á kaupin, vegna þess að gjalddagar víxlanna hafi ekki verið í samræmi við gjalddaga afborgana af veðskuldabréfinu.

Í stað þess að skila stefnda víxlum, sem honum bar að gera, ef ekki var um kaup á þeim að ræða, afhendir hann þá lögmanni til meðferðar, að því er virðist í fyrstu sem einhvers konar tryggingu.

Þess ber að geta, að er afhending víxlanna til Gísla fer fram, er skuldabréfið ekki gjaldfallið, og átti Gísli því enga kröfu á hendur stefnda, enda hafði hann fulla tryggingu í bifreiðinni X 1806.

Ekki er í ljós leitt, hvenær lögmaður Gísla afhenti stefnda síðan umrædda víxla, en stefndi kveðst hafa farið með þá beint til lögmanns stefnanda, sem hafi veitt þeim viðtöku, en hann hafði þá tekið við málinu f. h. stefnanda. Virðist síðan hafa verið ætlunin, að lögmenn aðilja semdu um uppgjör á viðskiptum aðilja, en af því varð ekki.

Stefnandi greiddi síðan lögmanni Gísla skuldina samkvæmt skuldabréfinu hinn 7. júlí 1965, kr. 120.000.00 ásamt kostnaði, kr. 10.000.00, samtals kr. 130.000.00. Jafnframt greiddi stefnandi lögmanni sínum kr. 10.000.00 upp í kostnað sinn.

Það er óumdeilt, að stefnandi fékk umrædda víxla, kr. 120.000.00, í hendur, og var einn þeirra gjaldfallinn, er stefnandi greiddi skuldabréfið, og annar gjaldféll skömmu síðar.

Með viðtöku víxlanna verður að telja viðurkennt, að einhvers konar samkomulag hafi átt að eiga sér stað um viðskipti aðilja, enda hefur stefnandi ekki gert riftunarkröfu.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfur sínar þannig:

1.	Löghaldskostnaður	kr. 3.765.00
2.	Ferð að Kálfá	— 2.500.00
3.	Víxill	— 6.000.00
4.	Greitt Tómasi Árnasyni	— 34.885.00
5.	Til fógeta	— 2.700.00
6.	Tvö mót	— 1.000.00
		Kr. 50.870.00

Um liði 1. og 2. Stefndi telur, að þeir séu réttmætir, ef hér er um að ræða innheimtuaðgerðir vegna vanefnda þeirra, sem stefnda henti, er Gísli neitaði að taka víxlana sem greiðslu. Verður sú krafa því tekin til greina.

Um lið 3. Hér er um að ræða víxil að upphæð kr. 6.000.00 pr. 25. ágúst 1966.

Um lið 4. Hér er um víxil að ræða, kr. 24.000.00 pr. 25. júlí 1966 ásamt kostnaði. Umboðsmaður stefnda hefur mótmælt þessum kröfulið sem röngum. Segir hann, að stefnandi hafi átt að

greiða víxil samkvæmt lið 3 og enn fremur samkvæmt lið 4. Þegar stefndi keypti bifreið stefnanda, samþykkti stefnandi sex víxla að upphæð kr. 24.000.00 hvern og einn víxil að upphæð kr. 6.000.00, eða samtals kr. 150.000.00. Af þessum víxlum afhenti stefndi stefnanda, þ. e. umboðsmanni hans, 5 fyrstu víxlana, hvern að upphæð kr. 24.000.00, samtals kr. 120.000.00, jafnháa skuldabréfinu, sem Gísli Björnsson átti. Tvo síðustu víxlana, kr. 24.000.00 pr. 25. júlí 1966 og kr. 6.000.00 pr. 25. ágúst 1966, telur stefndi, að stefnandi hafi átt að greiða, og var hann búinn að selja þá, áður en hann vissi um, að Gísli vildi ekki kaupa víxlana.

Af þessu telur stefndi, að kostnaður, sem stefnandi hefur orðið að greiða vegna innheimtu á þeim víxlum, sem stefnda óviðkomandi.

Stefnandi telur, að stefndi hafi lofað afslætti á kaupverðinu, kr. 10.000.00.

Stefndi kveðst aldrei hafa lofað að slá af kaupverði bifreiðarinnar. Það eina, sem hann hafi orðað í þá átt um það, að hann hafi boðið stefnanda að greiða 24.000.00 króna víxil, er Óskar Sigurðsson keypti og stefnandi hafði samþykkt.

Kveðst stefndi hafa boðið það gegn því, að málið væri þar með úr sögunni, en Jóhann hefði neitað boðinu.

Dómarinn féllst á, að víxilkrafa á stefnanda vegna víxla pr. 25. júlí og 25. ágúst 1966 sé ekki í beinu sambandi við ofangreind viðskipti aðilja og geti stefnandi því eigi krafizt greiðslu á víxlunum né kostnaði við þá úr hendi stefnda.

Stefnda ber hins vegar að greiða kostnað þann, er stefnandi varð fyrir við innheimtu skuldabréfsins, en hann nemur samkvæmt framlögðum skjölum kr. 10.000.00 ásamt 1.000.00 í vexti auk greiðslu til lögmanns stefnanda, kr. 10.000.00, sem upplýst er, að hann hefur greitt.

Stefnda ber og að greiða vaxtamun þann, er varð af víxlunum og skuldabréfinu. Vextir af víxlum verða:

1% á mánuði af kr. 24.000.00 frá 25/1 1965 til 25/4 1965	kr.	720.00
1% á mánuði af kr. 24.000.00 frá 25/1 1965 til 25/7 1965	—	1.440.00
1% á mánuði af kr. 24.000.00 frá 25/1 1965 til 25/10 1965	—	2.160.00
1% á mánuði af kr. 24.000.00 frá 25/1 1965 til 25/1		

1966 .. .. kr. 2.880.00
og 1% á mánuði af kr. 24.000.00 frá 25/4 1965 til
25/4 1966 .. .. — 3.600.00

Kr. 10.800.00

Samkvæmt ofanskráðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnandanum kr. 38.265.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 3.765.00 frá 20. júní 1965 til 25. júlí 1965, af kr. 6.265.00 frá þeim degi til 27. júlí 1965, af kr. 27.265.00 frá þeim degi til 25. apríl 1966 og af kr. 38.265.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Varðandi málskostnað er þess að gæta, að lögmaður stefnanda hefur fengið greiddar kr. 10.000.00 í sambandi við innheimtu á umræddu skuldabréfi, og telst málskostnaður í máli þessu því hæfilega ákveðinn kr. 11.300.00.

Dómsorð:

Stefndi, Gústav Sigjónsson, greiði stefnandanum, Jóhanni Gunnari Filippussyni, kr. 38.265.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 3.765.00 frá 25. júní 1965 til 25. júlí 1965, af kr. 6.265.00 frá þeim degi til 27. júlí 1965, af kr. 27.265.00 frá þeim degi til 25. apríl 1966 og af kr. 38.265.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.300.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Árnessýslu 21. apríl 1970.

Ár 1970, þriðjudaginn 21. apríl, var fógetaréttur Árnessýslu háður í skrifstofu embættisins á Selfossi með undirrituðum vottum af fulltrúa sýslumanns, Jakob J. Havsteen. Fyrir tekið: Málið nr. F. 30/1970: Jóhann G. Filippusson gegn Gústav Sigjónssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 til 3 gerðarbeiðni, endurrit úr dómabók Árnessýslu með viðfestu birtingarvottorði og endurrit hæstaréttardóms.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir Högni Jónsson héraðsdómslögmaður, Reykjavík, og krefst fjárnáms fyrir skuld samkvæmt dómi, að fjárhæð kr. 38.265.00 með 1% mánaðarvöxtum af kr. 3.765.00 frá 25. júní 1965 til 25. júlí 1965, af kr. 6.265.00 frá þeim degi til 27. júlí 1965, af kr. 27.205.00 frá þeim degi til 25. apríl 1966 og af kr. 38.265.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 3.000.00

í ómaksbætur samkvæmt dómi Hæstaréttar ásamt endurrits- og birtingarkostnaði, kr. 315.00, og málskostnaði, kr. 11.300.00, auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi innheimtuaðgerðir, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda og að geymdum betra rétti þriðja manns.

Af hálfu gerðarþola mætir hann sjálfur, og gætir fógeti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður. Áminntur um sannsögli kveðst gerðarþoli ekki geta greitt. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu gerðarþola lýsti fógeti yfir fjárnámi til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda í eftirtöldum eignum gerðarþola:

Dómur í málinu nr. 40/1969 í Árnessýslu: Gústav Sigjónsson gegn Frosskraft s. e. f.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti brýndi þýðingu gerðarinnar fyrir gerðarþola og ábyrgð hans í því sambandi.

Fimmtudaginn 11. marz 1971.

Nr. 90/1970. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sveinbirni Gíslasyni
(Björn Sveinbjörnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýknað af ákæru um morð. Þjófnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Eftir uppsögu hans hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna. Skammbyssur þær og skotfæri, sem um er fjallað í málinu, voru send til rannsóknar hjá The Metropolitan Police Forensic Science Laboratory í London. Rannsókn framkvæmdi John

McCafferty, yfirmaður í tilraunadeild stofnunarinnar, og segir svo í skýrslu hans, sem þýdd er af löggiltum skjalaþýðanda:

„Hinn 6. maí 1970 tók ég persónulega við eftirfarandi dómsgögnum úr hendi hr. Hallvarðs Einvarðssonar frá Íslandi, en þau voru öll í innsigluðum „perspex"-öskjum:

Dómsgagn LX S&W SKAMMBYSSU, SEM FANNST Í BIFREIÐINNI R 15612.
— LXII SKOTI, SEM FANNST Í HÖFÐI.
SKOTHYLKI, SEM FANNST Í BIFREIÐ.
7 SKOTHYLKJUM ÚR „MAGAZINE" (hlaðhylki) SKAMMBYSSU NR. 2184.
TVEIMUR SKOTUM, SEM FUNDUST Í PENINGAKASSA.
— LXIII MAUSER SKAMMBYSSU NR. 210236.

Einnig tók ég við 15 ónotuðum .35 S&W skotum.

Hefi ég athugað þessi gögn.

Smith & Wesson skammbyssan var sjálfhlaðandi skammbyssa með .35 þuml. hlaupvídd, sem er nú úrelt vopn. Var hún í góðu ástandi og vel nothæf, og skaut ég skotum úr henni í tilraunaskyni. Komst ég að raun um, að hún verkaði rétt, og þurfti 7 enskra punda þrýsting á gikkinn til að hleypa sérhverju skoti af. Á byssunni voru tvö virk öryggi, og ekki var hætta á, að hlypi af henni af slysni, jafnvel þótt harkalega væri farið með hana.

Skotinu úr höfðinu (LXII) var skotið úr .35 Smith & Wesson skammbyssuskotfæri. Hlutar raufarfaranna höfðu verið afmáðir af skemmdum, eftir að hleypt hafði verið af, en nóg var eftir til að sýna með samanburði við tilraunaskot mín, að skotinu hafði verið hleypt af úr S&W skammbyssunni LX.

Skothylkið (LXII) var af sams konar afhleyptu skoti, og bar það einnig merki þess, að því hefði verið skotið úr skammbyssu þessari.

Skotin sjö (LXII) voru ónotuð skotfæri fyrir .35 S&W skammbyssu sams konar og afhleypta skothylkið og skotið

höfðu komið úr. Á fimm þessara skota sáust lítil eða dauf skotpinnamerki á hvellhettunum. Voru þau of ógreinileg, til að hægt væri að sanna, að þau væru eftir ákveðinn skotpinna. En þó komst ég að raun um, að þegar skotum var hleypt af eða þau sett gegnum S&W skammbyssuna, voru stundum gerð sams konar merki eftir skotpinnann, þegar hann stóð gegnum gat sitt, og kólfurinn var dreginn til baka til að kasta notuðu skotfærunum. Önnur fingerð merki voru á hylkjum ónotuðu skotanna (LXII), sem voru sams konar tegundar og merkin, er S&W skammbyssan gerði, en ekki var hægt að sanna, að um sömu merki væri að ræða.

Ónotuðu skotin tvö (9 mm (P) og .35 S&W) sýndu ekkert athyglisvert.

7.63 mm Mauser herskammbyssan nr. 210236 (LXIII) var í nothæfu lagi og hægt að skjóta úr henni. Um 1 þumlungur af oddenda skotpinnans var brotinn af, en á staðnum og á slagoddinum var flatt mar. Vegna þess voru merkin, sem gerð voru, öðruvísi en merkin á óafhleyptu skotunum (LXII). Hin merkin, sem gerð voru á skotfærum, er sett voru gegnum Mauser skammbyssuna, voru einnig annarrar tegundar en hin daufu merkin á skotum þessum.

Mögulegt kynni að vera að skjóta .35 S&W skotfærum með Mauser skammbyssunni, en vegna minni hylkja mundi árangurinn óviss, og væntanlegar afleiðingar mundu verða, að skotin festust í hlaupi skammbyssunnar.

Skaut ég réttu skotunum úr henni".

Með bréfi saksóknara ríkisins 18. desember 1970 var óskað umsagnar Læknaráðs á álitsgerð Þórðar Möllers yfirlæknis um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða, og féllst Læknaráð á niðurstöður yfirlæknisins.

II.

Sannað er, að skoti því, er varð Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana, var hleypt af úr skammbyssu þeirri, er ákærði stal frá Jóhannesi heitnum Jósefssyni og fannst í bifreið ákærða, R 15612, hinn 6. marz 1969, en með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykja ekki framkomnar alveg fullnægjandi sannanir fyrir því, að ákærði hafi orðið Gunnari

Sigurði að bana eða átt þátt í þeim verknaði með saknæmum hætti. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að þessu leyti.

III.

Samkvæmt játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum, stal hann á árinu 1965 skammbyssu af gerðinni Smith & Wesson cal. 35 á heimili Jóhannesar Jósefssonar. Eftir upplýsingum frá sendiráði Íslands í Bandaríkjum Norður-Ameríku var verð skammbyssu af þessari gerð, sem nánast er safngripur, á árunum 1965 til 1967 frá 75 til 115 dalir. Er ljóst, að verðmæti byssunnar var meira en kr. 3.000.00, og varðar þetta brot ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og koma því ákvæði 2. mgr. 256. gr. hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 69/1964, ekki til álita. Þjófnaðarbrot ákærða tæmir sök, að því er varðar vörzlur hans á skammbyssunni, og verður honum því ekki sérstaklega refsað fyrir bot gegn 1. mgr. 3. gr., sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. lög nr. 69/1936.

IV.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 45 daga.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 8. marz 1969 til 13. febrúar 1970, og hefur hann því þegar afplánað refsingu þessa í gæzluvarðhaldsvist sinni.

Rétt þykir, að ákærði greiði 1/20 hluta alls sakarkostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun réttargæzlumanns hans og verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 240.000.00, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, sem ákveðast kr. 240.000.00, en að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Gíslason, sæti fangelsi 45 daga, en refsivist þessi er þegar afplánuð í gæzluvarðhaldsvist hans.

Ákærði greiði 1/20 hluta alls kostnaðar sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun réttargæzlumanns hans og verjanda í héraði og fyrir Hæsta-

rétti, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 240.000.00, og saksóknarlaun til ríkissjóðs í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 240.000.00, en að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 18. janúar 1968, milli kl. 0500 og 0600 að morgni, að því er ætla verður, var Gunnar Sigurður Tryggvason bifreiðarstjóri ráðinn af dögum í bifreið sinni, R 461, á Laugalæk í Reykjavík. Verknaðurinn var framinn með skammbyssu og kúlu af tegundinni og stærðinni Smith & Wesson cal. 35. Með skýrslu sérfræðings í alríkislögreglunni í Bandaríkjunum og skýrslu brezkrar sérfræðistofnunar, The Metropolitan Police Forensic Science Laboratory, verður að telja sannað, að vígið hafi verið framið með skammbyssu, sem Jóhannes Jósefsson, fyrrum hóteleigandi, átti og horfið hafði sumarið 1965 úr ólæstum kassa í húsi hans, Tjarnarstíg 8, Seltjarnarnesi.

Rækilegar eftirgrennslanir voru á sínum tíma, sérstaklega eftir víg Gunnars Sigurðar Tryggvasonar, gerðar eftir byssu Jóhannesar.

Gera verður ráð fyrir, að maður, grunaður um víg, en saklaus af því, leitist við eftir fremsta megni að aðstoða við að leiða hið sanna í ljós.

Ákærði hafði verið í þjónustu Jóhannesar Jósefssonar áratugum saman og fram til ársins 1960. Það var því eðlilegt, að eftirgrennslunarmenn leituðu vitneskju hjá honum. Tveir lögreglumenn höfðu, hvor í sínu lagi, tal af honum um byssuna, áður en hún fannst, en hann varðist allra frétta.

Svo sem rækilega er rakið í hinum áfrýjaða dómi, fannst síðan byssan í bifreiðinni R 15612, sem ákærði ók frá Bæjarleiðum. Var hún þá fullhlaðin sjö skotum.

Gerðist þetta 6. marz 1969.

Í mörgum og rækilegum prófum, sem fram fóru á tímabilinu frá 7. marz til 28. júní 1969, staðhæfði ákærði, að byssan hefði þá fyrst komizt í hans hendur, er hann hafi fundið hana fullhlaðna undir framsæti bifreiðarinnar R 15612 rétt eftir miðjan janúar 1969.

En við dómpróf 28. júní 1969 sneri ákærði við blaðinu. Hann skýrði, er hér var komið, svo frá, að hann hefði hnuplað byssunni sumarið 1965 úr húsi Jóhannesar Jósefssonar, Tjarnarstíg 8. Kveðst hann síðan hafa geymt byssuna óhlaðna, unz hann hafi á árinu 1966, fyrir 1. september, farið með byssuna skotlausa niður á Bifreiðastöð Steindórs, en þaðan ók hann þá leigubifreiðinni R 1402. Hafi tilætlunin verið að sýna byssuna samstarfsmanni, sem áhuga hafði á byssum. Úr því hafi eigi orðið, en um kvöldið, að afloknu dagsverki, hafi hann gleymt byssunni í mælaborðshólfi nefndrar bifreiðar, þar sem hann skildi við hana í bifreiðageymslu stöðvarinnar. Daginn eftir hafi byssan verið horfin úr bifreiðinni. Hafi hann síðan ekki haft hugmynd um verustað byssunnar, unz hann hafi fundið hana upp úr miðjum janúar 1969 í bifreiðinni R 15612, sem hann ók frá Bæjarleiðum. Þessi síðbúni framburður ákærða um hvarf byssunnar og endurfund hennar er svo fjarstæður og ósennilegur, að trúnaður verður eigi á hann lagður.

Ákærði hefur fullyrt, að hann hafi aldrei hlaðið byssuna, en endurfundið hana fullhlaðna. Hins vegar játaði hann við dómprófin 28. júní 1969, að hann hafi á árunum 1953—1955 hnuplað hálfum öðrum pakka af skammbyssuskotum úr skúffu í sumarbústað Jóhannesar Jósefssonar við Hítará. Við húsleit á heimili ákærða hinn 7. marz 1969 fundust tvö skot, og er annað þeirra Smith & Wesson cal. 35. Var það af sömu tegund og stærð og skot það, sem varð Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana, og svo þau sjö skot, sem skammbyssan var hlaðin með, þá er hún fannst í bifreiðinni R 15612. Hér er og þess að geta, að ákærði hafði orðið sér úti um og hafði á lyklakippu sinni útidyralykil að húsi Jóhannesar Jósefssonar, Tjarnarstíg 8, en hinn 14. og hinn 15. febrúar 1968 fundu lögreglumenn í kjallara og þvottahúsi nefnds húss 142

skot af tegundinni Smith & Wesson cal. 35. Hefur hann þannig haft færi á að afla sér skotfanga í byssuna.

Skotin Smith & Wesson cal. 35 voru framleidd á árunum 1913—1940. Fram á árið 1925 var stafurinn U á hvellhettu þeirra. Stafurinn U var á skothylkinu, sem fannst í bifreið Gunnars Sigurðar Tryggvasonar, R 461. Hann var einnig á Smith & Wesson cal. 35 skotinu, sem fannst heima hjá ákærða, og svo á skotunum sjö, sem skammbyssan var hlaðin með, þá er hún fannst í bifreiðinni R 15612.

Vætti vitna sker ekki úr í máli þessu.

Þá er lögreglumenn spurðu ákærða upphaflega um byssu þá, sem vígið var framið með, þóttist hann ekkert um hana vita. Rúmu ári eftir vígið fannst hún fullhlaðin sjö skotum í vörzlum hans. Hann fullyrti mánuðum saman við próf, að hann hefði þá fyrst haft byssuna undir höndum, er henni hefði án vitundar hans verið komið fyrir í leigubifreiðinni R 15612 rétt eftir miðjan janúar 1969. Loks viðurkenndi ákærði 28. júní 1969, að hann hefði hnuplað byssunni 1965, en sagði jafnframt fjarstæðukennda sögu um hvarf byssunnar óhlaðinnar úr bifreiðinni R 1402 á árinu 1966 og endurfund hennar fullhlaðinnar í bifreiðinni R 15612 upp úr miðjum janúar 1969. Allur framburður ákærða í sínum ýmsu myndum bendir til þess, að hann hafi eigi misst byssuna að óvilja sínum, frá því að hann hnuplaði henni og þar til hún fannst í vörzlum hans, fullhlaðin sjö skotum, sem ætla má, að tekin hafi verið frá Jóhannesi Jósefssyni. Líkurnar gegn ákærða eru því svo sterkar, að fullnægt er sönnunarskilyrðum 108. og 109. gr. laga nr. 82/1961.

Með skírskotun til þess, sem sagt var, og málavaxta þeirra, sem raktir eru í sératkvæði Þórðar Björnssonar yfirsakadómara, verður að telja, að ákærði hafi átt hlut að vígi Gunnars Sigurðar Tryggvasonar. Ber því að refsa honum eftir 211. gr. laga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til, hvernig málið er í pottinn búið.

Fallast má á ákvæði meiri hluta dómenda um refsingu á hendur ákærða fyrir töku og hald skammbyssu þeirrar, sem í málinu greinir.

Refsing ákærða ákveðst fangelsi 5 ár.

Ekki er ástæða til að láta gæzluvarðhaldsvist koma til frádráttar refsingu.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað fyrir sakadómi og Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 240.000.00, og málsvarnar- og réttargæzlulaun skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 240.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Gíslason, sæti fangelsi 5 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð fyrir sakadómi og Hæstarétti, kr. 240.000.00, og málsvarnar- og réttargæzlulaun skipaðs verjanda síns fyrir sakadómi og Hæstarétti, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 240.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1970.

Ár 1970, föstudaginn 13. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í gömlu bæjarþingsstofunni í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg hér í borg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 91/1970: Ákæruvaldið gegn Sveinbirni Gíslasyn, sem tekið var til dóms 20. f. m.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 22. september f. á., er höfðað opinbert mál á hendur Sveinbirni Gíslasyni leigubifreiðarstjóra, til heimilis að Sækambi á Seltjarnarnesi, en nú gæzlufanga í hegningarhúsinu hér í borg, fæddum 17. desember 1926 í Reykjavík, „fyrir manndráp með því að hafa árla morguns fimmtudaginn 18. janúar 1968 ráðið Gunnari Sigurði Tryggvasyni leigubifreiðarstjóra, Kambsvegi 8, Reykjavík, bana með skammbyssuskoti í bifreið Gunnars Sigurðar, R 461 L, á Laugalæk í Reykjavík skammt frá mótum Laugalækjar og Sundlaugavegar eða á annan hátt átt þátt í framkvæmd þessa brots með skammbyssu þeirri, sem verknaðurinn var framinn með, en byssan hafði þá um nokkurt skeið verið í vörzlum ákærða. Kom skotið í höfuð Gunnars Sigurðar, hægra megin í hnakkann.

Telst ákærði með fyrrgreindu atferli hafa gerzt brotlegur við

211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða við nefnt lagaákvæði, sbr. 22. gr. sömu laga.

Jafnframt er ákærða og gefið að sök að hafa fyrri hluta árs 1965 stolið fyrrgreindri skammbyssu (Smith & Wesson Automatic Pistol, caliber 35, Serial Number 2184) úr eigu Jóhannesar heitins Jósefssonar á þáverandi heimili Jóhannesar að Tjarnarstíg 8 á Seltjarnarnesi (Svalbarða).

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og handhöfn ákærða á byssunni einnig við 1. mgr. 3. gr., sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 69/1936.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Samkvæmt fæðingarvottorði ákærða, útgefnu af Hagstofu Íslands fyrir hönd þjóðskrárinnar, er fullt nafn ákærða Sveinbjörn Snædal Gíslason, en hann kveður, að seinna fornafn sitt sé Sædal.

Ákærði hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Á árunum 1951—1962 fékk hann tvisvar áminningu og í 10 skipti sektir, kr. 50.00—kr. 250.00 í hvert skipti, fyrir brot gegn bifreiða- og umferðarlögum svo og gegn lögreglusamþykkt.

Hinn 3. apríl 1968 gekkst hann undir sektargreiðslu að fjárhæð kr. 500.00 fyrir brot gegn 261. gr. almennra hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

I. kafli.

A.

Kl. 0715 að morgni fimmtudagsins 18. janúar 1968 hringdi Jóhann Jón Þorvaldsson húsgagnasmiður, Laugarnesvegi 94 hér í borg, á lögreglustöðina hér í borginni og tilkynnti, að leigubifreiðin R 461 stæði á Laugalæk, og virtist eitthvað athugavert við ökumann hennar. Lögreglumennirnir Héðinn Skúlason, Hilmir Ásgrímsson og Þór Gunnlaugsson fóru þegar á vettvang í bifreið, sem Hilmir stýrði, og kveðst hann hafa ekið um Skúlagötu, Borgartún og Sundlaugaveg. Þeim ber saman um, að ekki hafi liðið meira en 5—7 eða aðeins fáeinar mínútur, frá því að hringt var á lögreglustöðina, þar til þeir voru komnir á staðinn. Þar voru fyrir fyrrgreindur Jóhann Jón og sonur hans, Magnús Helgi. Lögreglumennirnir sáu, hvar bifreiðin R 461 stóð kyrr austan megin á Laugalæk, nokkuð fyrir norðan Sundlaugaveg, og sneri hún í suður. Var framhlutinn nær gangstéttarbrún en

afturhlutinn. Vél bifreiðarinnar var í gangi svo og gjaldmælir, og kveikt var á stöðuljósum hennar. Undir stýrinu sat maður, sem reyndist vera Gunnar Sigurður Tryggvason leigubifreiðarstjóri, Kambsvegi 8 hér í borg. Hann hallaði höfðinu aftur á sætisbakið, líkt og hann svæfi, og hafði blóð runnið úr andliti hans niður á jakka og bringu. Héðinn Skúlason kveður, að vinstri afturhurð bifreiðarinnar hafi verið lögð að hurðarstaf og því ekki alveg lokuð. Hann kveðst hafa lyft höfði Gunnars Sigurðar örlítið fram og þá séð, að aftan á höfði hans var sár, sem líktist skotsári, og einnig hafi verið að sjá sem reyklitað hafi verið í kringum sárið eins og eftir púður, en á gólfi við framsæti bifreiðarinnar hægra megin hafi verið notuð patróna. Lögreglumennirnir höfðu þegar samband við lögreglustöðina um talstöð bifreiðar sinnar og báðu um, að sjúkrabifreið kæmi á vettvang svo og rannsóknarlögreglumenn. Sjúkrabifreið kom mjög fljótlega, og var Gunnar Sigurður fluttur í henni á slysavarðstofuna, en þar upplýstu læknar, að hann væri þegar dáinn. Rétt á eftir komu á vettvang og í þessari röð rannsóknarlögreglumennirnir Ragnar Vignir aðalvarðstjóri, Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður og Ingólfur Þorsteinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn.

Segir í skýrslu Ingólfs Þorsteinssonar, sem staðfest er fyrir dómi, meðal annars á þessa leið:

„Er ég kom þarna á vettvang, var stormur og hellirigning, en gatan flóandi í vatni og nokkur hluti hennar þakinn glerhálum ís, og þannig var allt nágrenni þarna utan við götuna.

Ragnar Vignir, aðalvarðstjóri tæknideildar rannsóknarlögreglunnar, taldi, eins og á stóð, algerlega ógerlegt að framkvæma fullkomnar athuganir á bifreiðinni þarna á staðnum, og að tillögu hans lét ég flytja hana í bifreiðaverkstæði lögreglunnar við Síðumúla, þar sem starfsmenn tæknideildar svo athuguðu hana, er mesta vatnið hafði þornað af henni. Á staðnum var því ekki hreyft við neinu í bifreiðinni, en þar sáum við strax á gólfi bifreiðarinnar framan við hægra framsæti skothylki, sem leit út fyrir að vera úr skammbyssu af stærðinni cal. 32. Á götunni í grennd við bifreiðina og á auðu svæði þar í grennd var strax gerð nákvæm leit, strax þegar birti af degi, og veðrið hafði slotað nokkuð, en ekkert fannst þar markvert, sem hugsanlega gæti gefið neinar upplýsingar varðandi atburðinn".

Fyrir dómi hefur Ingólfur tekið fram, að skothylkið, sem fannst í bifreiðinni og leit út fyrir að vera cal. 32, hafi reynzt vera cal. 35.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var veður í Reykjavík (flugvellinum) á þessum tíma þannig:

Dags.	Tími	Vindátt Veðurhæð	Mest veðurhæð milli athugana	Veður	Skyggni km.	Hiti C°
17/1	17	A 5	6	Snjókoma	1	÷1.8
—	20	ASA 7	7	—	2	0.5
—	23	SA 6	7	Rigning	8	3.3
18/1	02	SA 5	6	Úrkoma í grennd	15	3.9
—	06	SA 5	6	Rigning	10	4.0
—	08	ASA 7	7	Rigning	5	2.6

Ingólfur Þorsteinsson athugaði einnig lík Gunnars Sigurðar á slysavarðstofunni, og segir í fyrrgreindri skýrslu hans um þá athugun meðal annars svo:

„Við athugun kom strax í ljós, að skotsár var aftan á hnakka hins látna, og var það nokkuð neðarlega á hnakkanum og hægra megin. Úr sárinu vall bæði blóð og einhvers konar vilsa, sem læknirinn taldi vera frá heilanum. Vinstra auga hins látna var nokkuð farið að blána, og virtist þetta benda til, að kúla mundi vera í námunda við það, en engin merki sáust um, að kúlan hefði neins staðar komið út. Nokkuð blóð hafði runnið úr sárinu á hnakkanum, og voru blóðtaumar niður eftir jakkakraga og boðang hægra megin, en nokkuð af blóði hafði einnig runnið út af jakkakraganum niður á peysu, sem var innanundir jakkanum, og hafði frá því komið nokkuð blóðklístur innan á fóður jakkans undir hægri boðang. Önnur merki frá umræddum skotáverka sáust ekki, og ekki fundust við fljótlega athugun aðrir áverkar.

Hinn látni var klæddur þokkalegum jakkafötum og peysu. Jakkinn var flakandi frá honum, en í vösum fatanna fann ég eftirtalda muni: Í bakvasa á buxum var svart leðurveski og í því 1.500.00 krónur í peningum og tékkhefti og einnig ökustírteini hins látna, sem sýndi, að maðurinn var Gunnar Sigurður Tryggvason, Kambsvegi 8, f. 17/11 1925. Í jakkavösum voru nafnskírteini og sjúkrasamlagsskírteini hins látna, og voru þau það eina, sem var í innri brjóstvösum jakkans, í hægri brjóstvasa. Þá voru í vösum jakkans lyklaveski með þremur smekklásiyklum, vindlakveikjari, vasahnífur, kúlupenni, greiðubrot og 12 krónur í krónu- og tveggjakrónupeningum. Á vinstri úlnlið hins látna var armbandsúr. Fötin fóru öll eðlilega og benti ekki til, að látni hefði lent í neinum átökum".

Síðar kom fram, að auk 1.500 krónanna og tékkheftisins voru

í veski Gunnars Sigurðar á bak við heftið tveir danskir 10 krónu seðlar og einn íslenzkur 100 krónu seðill, sem var rifinn í sundur og límdur saman.

Ragnar Vignir kveður, að þegar hann hafi komið á vettvang á Laugalæk, hafi verið búið að flytja Gunnar Sigurð á brott þaðan, en bifreiðin R 461 var þar í gangi með biðljósum. Vinstri framendi hennar var 1.60 metra og vinstri afturendi 2 metra frá nyrðri gangstéttarbrún. Fjarlægðin frá vinstri afturenda bifreiðarinnar að þriðja ljósastaur á Laugalæk frá Sundlaugavegi var 2.20 metrar.

Þeir Ragnar Vignir og Sævar Þorbjörn Jóhannesson, lögreglumaður í tæknideild rannsóknarlögreglunnar, rannsökuðu bifreiðina R 461 síðar um morguninn í verkstæðinu við Síðumúla, og segir í skýrslu þeirra, sem staðfest er fyrir dómi, meðal annars á þessa leið:

„Kl. 10.10 fórum við undirritaðir til þess að rannsaka bifreiðina nánar. Var hún þá nokkuð farin að þorna. Voru fyrst teknar af henni ljósmyndir að utan og innan.

Blóð sást í framsæti bifreiðarinnar ökumannsmegin (vinstra megin). Var blóð ofarlega á baki þess og um miðju baksins. Blóðtaumar lágu niður eftir sætinu hægra megin og niður eftir armpúða, sem aðskilur framsætin og lá niðri. Blóð hafði dropið á gólf bifreiðarinnar milli framsæta hennar, og einnig var nokkurt blóð á gólfábreiðu aftan við sæti ökumanns.

Á gólfi bifreiðarinnar framan við hægra framsæti lá tæmt skothylki, og var áletrun á botni þess: *REM-UMC. 35. S & W.* og á hvellhettu þess stafurinn *U,* sem var þó horfinn að verulegu leyti vegna ákomu sprengipinna byssu þeirrar, sem því hefur verið skotið úr. Skothylkið tókum við með okkur til nánari athugunar.

Í hægra framsæti lá bók á grúfu. Var það skáldsagan „Tiger by the Tail" í vasabroti, ensk, og var opin á bls. 36—37. Á gólfi bifreiðarinnar aftanverðu fast við framsætisbakið hægra megin *lá lítið ofið merki, rétthyrnt 17×19 mm, grunnur þess svartur og í hann ofin með gullituðum þræði talan 8½, utan um hana krans með kórónu að ofan og slaufu að neðan, yzt rétthyrndur rammi.* Merkið var tekið með til nánari athugunar.

Í öskubakka í vinstri afturhurð var aska, brunnin eldspýta og þrír vindlingastubbar, einn 4.7 sm langur, af gerðinni *Camel,* annar 2.9 sm langur, gerð *John Silver,* og sá þriðji 3.0 sm langur, og sást ekki merki á honum.

Í öskubakka í hægri afturhurð var aska og einn vindlingastubbur 3.5 sm langur af gerðinni *Marlboro.*

Í öskubakka, sem er fyrir miðju mælaborði bifreiðarinnar, var aska, 9 brunnar eldspýtur, band af Agio vindli og þrír vindlingastubbar, einn 1.4 sm langur af gerðinni *Camel,* en hinir merkislausir, 2.2 sm og 3.0 sm langir. Innihald öskubakkanna var sett í öskjur og merkt. Á gólfi aftur í bifr. voru 2 brunnar eldspýtur hægra megin.

Leitað var að fingraförum inni í bifreiðinni, þar sem því var við komið, en bifreiðin er mikið leðurklædd að innan og áferð leðursins óslétt, og við prófun reyndist ekki unnt að framkalla fingraför á því.

Hluti úr fingurfari fannst á gluggapósti vinstri afturhurðar næst dyrastafnum og *annar hluti úr fingurfari fannst á brún loks að hanzkahólfi í mælaborði bifreiðarinnar.* Förum þessum var lyft af fleti sínum og þau tekin til nánari athugunar.

Kl. 11.55 var gert hlé á rannsókn bifreiðarinnar, þar sem hún var ekki orðin alveg þurr, en aftur hafizt handa við að rannsaka hana kl. 01.00 (sic).

Var nú leitað að fingraförum utan á bifreiðinni, en engin nothæf fingraför fundust, og má rekja það til hins lemjandi slagveðurs, sem bifreiðin var búin að standa úti í. Í farangursgeymslu bifreiðarinnar var ekkert óeðlilegt að sjá, þar var lítil taska með hitabrúsa og leifum af nesti tilheyrandi bifreiðarstj. Um kl. 16.00 var lokið rannsókn á bifreiðinni, og um kl. 18.00 var hún afhent aðstandendum bifreiðarstjórans.

Föstudaginn 19. janúar 1968, kl. 09.20, tóku svo Ragnar Vignir og Guðmundur Erlendsson rannsóknarlögreglum. fingraför af líki hins látna bifreiðarstjóra, Gunnari Tryggvasyni, Kambsvegi 8, f. 17. 6. 1925. Var það gert í líkhúsi Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg.

Eftir að hafa borið fingrafarahlutana, sem fundust í bifreiðinni R 461 L, saman við fingraförin af líki Gunnars Tryggvasonar, teljum við (ekki 12 einkenni í hvorugu farinu, sem fannst í bifreiðinni), *að fingurfarshlutinn, sem fannst á gluggapósti vinstri afturhurðar, sé af löngutöng vinstri handar Gunnars og farið af brún á hanzkahólfi sé af þumalfingri hægri handar Gunnars*".

Guðmundur Erlendsson, lögreglumaður í tæknideild rannsóknarlögreglunnar, Drangagötu 1, Hafnarfirði, hefur staðfest framangreinda frásögn um töku fingrafara af líki Gunnars Sigurðar.

Sævar Þorbjörn Jóhannesson kannaði nánar fyrrgreint 17×19 mm merki, og segir í skýrslu hans um það atriði meðal annars svo:

„Fór undirritaður föstudaginn 19. jan. 1968 með merkið í verzlunina P & Ó, Laugavegi 95, og hafði samband við Garðar Siggeirsson verzlunarstjóra, sem tjáði mér, að merkið væri af hanzka, og enn fremur, að hanzkategund þessi væri flutt inn í landið af P & Ó og væru hvergi seldir nema í verzluninni P & Ó, herradeild, Austurstræti 14 og Laugavegi 95.

Hanzkar þessir eru til í brúnum og svörtum lit, og fylgir eitt merki hverju pari, sem sýnir stærðarnúmer hanzkanna. Er það límt á hægri hanzka innanverðan, handarbaksmegin. Hanzkarnir eru randsaumaðir.

Laugardaginn 20. janúar 1968 fór undirritaður ásamt Jóni E. Halldórssyni varðstjóra að Kambsvegi 8 og höfðum samband við Tryggva Jóhannesson, föður Gunnars heitins. Tryggvi tjáði okkur, að Gunnar hefði ekki átt neina hanzka af fyrrnefndri gerð, og sýndi hann okkur notaða hanzka af Gunnari, sem reyndust vera af annarri gerð og mikið stærra númer".

Krufning fór fram á líki Gunnars Sigurðar, og framkvæmdi Þórarinn Sveinsson læknir verkið.

Í skýrslu læknisins segir meðal annars svo:

„Líkið er af 180 cm háum karlmanni, afskaplega feitum. Það kemur í öllum fötum, en án yfirhafnar. Lögreglan mun hafa skoðað líkið og tæmt vasa og athugað það nánar. Mikið blóð hefur runnið úr hnakka líksins, en þar eru merki eftir skotsár. Líkið er fært úr fötum og skóm og sést þá, að mjög mikill pannus er á líkinu, en engin áverkamerki verða greind önnur en það, sem áður er getið. ...

Við athugun á hnakka sést skotsár, sem er í línu, sem draga má frá eyrnagangi beggja vegna þvert yfir hálsinn að aftan og lendir þá í hársverðinum allra neðst. Um 1 mm púður-hringur virðist vera í kringum innskotsop, og mælist það í húð um 0.6 cm í þv.m. Sár þetta er exiderað sérstaklega og sett í glas. Önnur áverkamerki voru ekki greinileg. Sárið er aðeins hægra megin miðlínu.

Heilabúið opnað: Þegar heilahimnum var flett af, kom í ljós yfir v. heilahveli allmikið blóðhlaup, er rann þó af, þegar heilahimnunum var flett af. Heilinn tekinn út. Hann vigtaði 1520 gr. Merki eftir skotáverka sást þá: Það lá í gegnum neðanverðan litla heilann og fram í gegnum pons og síðan neðanvert við heilann,

hafði farið í gegnum carotis interna og fram í kúpubotn yfir v. auga, og þar lá kúla fast við beinið. Blæðingar höfðu orðið nokkrar neðan á heilanum einnig, en aðrir áverkar voru ekki merkjanlegir á heilanum, en væntanlega munu ljósmyndir nánar geta greint frá stefnu skotsársins, bæði í heila og kúpubotni. Forðast var að snerta kúluna nema með mjúku átaki, og mældist þessi kúla 1.2 cm á lengd. Framan á henni virtist vera hlíf úr einhverju þéttu efni, er mældist 0.6 mm á lengd. Þvermál kúlunnar mældist með þessum grófu tækjum, er til voru, 0.8 cm í þv.m. Við athugun á beini sést, þar sem innskotið hefur verið, að kvarnazt hefur nokkuð úr innra borði kúpunnar, og mældist innskotsopið þar vera 1 cm í þv.m. Þar sem kúlan hefur lent í kúpubotni yfir v. auga, hefur hann brotnað á þríhyrningslöguðu svæði með basis fram á við, mælist um 2 cm í þv.m., en hæðin inn á við er um 3.5 cm. Nokkurt blóðvætl var þarna yfir þessu svæði, og var fyrrnefnd kúla þar í því.

Ályktun: Af líkskoðun og krufningunni er ljóst, að maður þessi hefur hlotið skotsár hægra megin í hnakkann. Kúlan hefur gengið fram í gegnum litla heilann h. megin og í gegnum heilabrúna (pons) og staðnæmzt í kúpubotni yfir vinstra auga. Einnig í leiðinni hefur kúlan tætt stóra slagæð í sundur (carotis interne sin). Maðurinn hefur látizt samstundis af þessum áverka".

Njörður Snæhólm, aðalvarðstjóri í rannsóknarlögreglunni, rannsakaði skothylkið, sem fannst í bifreiðinni R 461, svo og kúluna, sem var í höfði Gunnars Sigurðar. Segir í skýrslu Njarðar, sem dagsett er 22. janúar 1968 og staðfest fyrir dómi, meðal annars á þessa leið:

„Á gólfinu framan við framsæti bílsins, sem Gunnar Tryggvason var myrtur í, fannst skothylki, og þar sem Gunnar var skotinn aftan við hægra eyra, bendir þetta til þess, að morðbyssan sé „automatic" og kasti tómu hylkjunum út til hægri.

Skothylkið er „Rimless, centerfire", 17 m/m á lengd með glansandi hvellhettu, merktri U í miðju. 4 m/m frá openda hylkisins er „cannelure", doppuð.

Á botni hylkisins er stimplað „REM-UMC 35 S&W", sem þýðir Center-fire, Remington, Union Metallic Co, cal. 35.

Rúnnað far er í miðja hvellhettu eftir sprengipinna byssunnar og smá far rétt hjá því. Á botni hylkisins út á brún er um þríhyrningslagað far eftir útkastarann. Farið er um 3 + 2 m/m. Undir brúninni beint á móti er annað far eftir útdragarann, um 3 m/m á lengd. Bæði förin eru sérstaklega góð, og lítur því út

fyrir, að byssan, sem notuð hefur verið, sé óslitin. Einnig lítur út fyrir, að útdragarinn sé staðsettur hægra megin í byssunni og útkastarinn vinstra megin.

Kúlan, sem tekin var úr höfði látna, er nokkuð hnoðuð eftir höggið og skemmd að aftan. Þetta er sinkfóðruð blýkúla, og fóðringin nær ekki nema aftur að þeim hluta, sem var inni í skothylkinu. Á fóðraða hlutanum eru engin för eftir rifflur hlaupsins. Hins vegar sjást tvær rifflur á hluta af ófóðraða endanum, og þær eru til hægri, sem þýðir það, að hlaup byssunnar er með hægri snúnum rifflum, þ. e. „lands and grooves".

Þarna hefur því verið um að ræða skotið S&W, cal. 35. Skot þessi voru framleidd á tímabilinu 1913 til 1940 í Ameríku, en árið 1925 var hætt að nota hvellhettu með stafnum U, svo skot þetta á því að vera framleitt fyrir 1926.

Það hefur aðeins ein tegund af byssum verið framleidd fyrir þessa sérstöku stærð af skotum, og það er S&W „pistol", og aðeins 8.350 stykki voru framleidd, og framleiðslu á þeim var hætt árið 1921. Samt er talið, að möguleiki sé á að skjóta þessum skotum úr einstaka „pistol", cal. 32, því kúlan í S&W 35 er í rauninni cal. 32, en skothylkið sjálft cal. 35. Einnig á að vera hægt að nota þessi skot í 8 m/m riffla.

S&W, cal. 35, „pistol" er með 3.5 þumlunga hlaupi og öll lengdin 6.5 þumlungar. Magasínið tekur 7 skot og er sett upp í skeftið. Framsigtið er hálfmánalagað, óhreyfanlegt, og aftursigti einnig óhreyfanlegt. Framan á skeftinu neðan við gikkhlífina er hálfmánalagað stykki, sem er öryggið. Hlaup byssunnar er með hægri rifflum, einn snúningur á 12 þumlunga. 6 „grooves". Groove vídd 095. Land vídd 0725 þuml.".

Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður kveðst hafa verið kominn til vinnu sinnar í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar kl. 0800 þennan morgun. Laust eftir kl. 0800 var hringt þangað frá lögreglustöðinni og hann beðinn um að koma að leigubifreið við Laugalæk. Hann fór rakleitt þangað, og voru þá nokkrir götulögreglumenn þar fyrir. Hann hafði orð á því, eftir að hann hafði verið þarna stutta stund, að gjaldmælir bifreiðarinnar væri enn í gangi, og fór hann ásamt Héðni Skúlasyni lögreglumanni að athuga mælinn. Gísli kveðst muna það greinilega, að hann stóð þá á kr. 87.000. Hann stöðvaði mælinn á þeirri fjárhæð og tók tímann um leið. Var klukkan þá 0823.

Héðinn Skúlason segir í skýrslu sinni um málið, að kl. 0750 hafi gjaldmælir bifreiðarinnar sýnt kr. 87.00. Fyrir dómi kveðst

hann hafa ritað skýrsluna, þegar öll atvik voru nýskeð og í fersku minni hans og því rituð eftir beztu vitund hans. Hann telur þó ólíklegt, að hann hafi stöðvað gjaldmælinn upp á eindæmi, og vefengir hann ekki, að Gísli Guðmundsson hafi gert það, eftir að hann kom á vettvang. Héðinn getur ekki sagt um, hvað klukkan hefur verið, þegar Gísli hefur stöðvað mælinn.

Kl. 1030 að morgni sama dags og Gunnar Sigurður fannst látinn fór Njörður Snæhólm heim til föður hans, Tryggva Jóhannessonar, að Kambsvegi 8 hér í borg, og skýrði honum frá atburðinum. Tryggvi skýrði Nirði frá því, að yfirleitt hefði Gunnar Sigurður verið með tvö veski og hefðu sennilega verið um kr. 4.000.00 til kr. 5.000.00 í öðru þeirra, því að hann hefði geymt peninga í öðru, en skipt peningum úr hinu. Þeir leituðu að seðlaveski í herbergi Gunnars Sigurðar og í fötum hans, sem voru í því, en fundu ekki. Tryggvi sagði Nirði, að Gunnar Sigurður hefði farið til vinnu rétt fyrir eða um miðnætti, og kvaðst Tryggvi einmitt hafa verið að bíða eftir því, að hann kæmi heim upp úr kl. 0700 um morguninn.

Ingólfur Þorsteinsson kveður einnig, að Tryggvi Jóhannesson hafi skýrt honum frá því, að það hefði verið venja Gunnars Sigurðar að vera með tvö seðlaveski við bifreiðarakstur og þá ekki með minna en um kr. 4.000.00 í skiptipeningum. Í framhaldi af þessu leitaði Ingólfur upplýsinga hjá nokkrum bifreiðarstjórum á bifreiðastöðinni Hreyfli, sem skýrðu honum frá því, að það væri yfirleitt venja þeirra að hafa á sér ekki minna en kr. 4.000.00 til kr. 5.000.00 í skiptipeningum, þegar þeir hæfu akstur.

Hinn 20. janúar tók rannsóknarlögreglan skýrslu af Tryggva Jóhannessyni, og staðfesti hann hana með undirskrift sinni. Þar segir hann, að Gunnar Sigurður hafi verið venjulega með tvö peningaveski við bifreiðarakstur. Þau hafi verið lík að stærð, svört að lit og með gylltum köntum. Í öðru þeirra hafi hann geymt bæði peninga og ávísanabók. Stundum hafi hann skilið hitt veskið eftir heima hjá sér, þegar hann var við akstur, og notað þá aðeins veskið, sem ávísanaheftið var í. Hann muni ávallt hafa geymt veskið, sem hann notaði við akstur, í brjóstvasa innan á jakka sínum. Tryggvi telur fullkomlega öruggt, að Gunnar Sigurður hafi verið með bæði peningaveskin á sér, þegar hann hlaut sinn bana, og vanti því veski það, sem hann notaði við aksturinn. Það sé öruggt, að veski þetta sé ekki heima í íbúð þeirra feðga að Kambsvegi 8, og því hljóti hann að hafa verið með það í umrætt skipti. Hann hafi ekki skilið eftir peninga heima. Tryggvi segir,

að rétt áður en Gunnar Sigurður fannst látinn, hafi hann greitt stöðvargjald til Hreyfils og eftir það hafi Gunnar Sigurður sagt honum, að hann væri með kr. 5.000.00 í skiptipeningum. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra Hreyfils greiddi Gunnar Sigurður stöðvargjald sitt fyrir janúarmánuð að upphæð kr. 1.666.00 hinn 15. janúar 1968.

Hinn 22. janúar gerðu þeir Ingólfur Þorsteinsson og Njörður Snæhólm leit í herbergi Gunnars Sigurðar á Kambsvegi 8, og var meðal annars leitað í fötum, skápum, hirzlum og skjölum. Segir um leitina í skýrslu Njarðar, sem staðfest er fyrir dómi, meðal annars svo:

„Við fundum ekkert, er benti til þess, að Gunnar hefði átt í lánaviðskiptum, að nokkur hefði átt hjá honum eða hann hjá öðrum. Reikninga og bókhald viðkomandi bílnum og útgerð hans fundum við hins vegar. Einnig skjöl frá opinberum aðilum, t. d. frá Reykjavíkurborg og skattstjóra. Sendibréf fundum við ekki nema frá systur Gunnars, sem er í Ameríku, og svo jólakort. Ekkert, sem benti til þess, að hann hefði átt í útistöðum við nokkurn mann eða nokkur við hann".

B.

Nokkur vitni sáu til Gunnars Sigurðar Tryggvasonar eða bifreiðar hans aðfaranótt 18. janúar 1968, og verða nú raktir framburðir þeirra.

Jóhann Jón Þorvaldsson, sem hringdi á lögreglustöðina út af bifreiðinni R 461, eins og fyrr segir, hefur borið það, að hann hafi snemma að morgni hvern virkan dag í janúar 1968 ekið syni sínum, Magnúsi Helga, þá læknanema, heiman að frá sér að Austurbrún 2 til vinnu suður í Borgarspítala. Jóhann Jón heldur, að morguninn 18. janúar hafi hann lagt af stað heiman að frá sér að Laugarnesvegi 94 kl. rúmlega 0700 í bifreið sinni. Hann ók eins og venjulega austur og suður Laugalæk. Nokkuð miðja vegu milli Bugðulækjar og Sundlaugavegar sá hann, hvar bifreiðin R 461 stóð vinstra megin á Laugalæk með „park"-ljósum. Vinstra framhjól hennar nam næstum við gangstéttarbrún, en afturhlutinn sneri nokkuð út á veginn. Þegar hann ók fram hjá bifreiðinni, sá hann í sjónhendingu, þó að skyggni væri slæmt, að maður sat undir stýri bifreiðarinnar, og hallaðist höfuð hans aftur á bak. Hann ók áfram og beygði til vinstri austur Sundlaugaveg og flaug þá í hug, að eitthvað kynni að hafa komið fyrir bifreiðarstjórann. Hann ók þó áfram upp Brúnaveg og að

Austurbrún 2, þar sem Magnús Helgi kom strax út í bifreiðina. Þeir óku síðan frá Austurbrún 2 niður Brúnaveg og vestur Sundlaugaveg. Jóhann Jón sagði þá Magnúsi Helga frá bifreiðinni á Laugalæk, og ákváðu þeir að athuga málið nánar, ef hún væri þar ennþá. Reyndist svo vera, og kveður Jóhann Jón, að hún hafi verið á götunni eins og áður. Magnús Helgi fór út og bankaði í hægri framrúðu bifreiðarinnar, en maðurinn, sem sat undir stýri hennar, hreyfði sig ekki. Hann opnaði þá framhurð bifreiðarinnar og leit inn í hana. Sá hann þá, að nokkurt blóð hafði runnið úr hægra munnviki mannsins og niður á bringuna. Taldi hann, að maðurinn væri látinn, og þegar hann þreifaði á púlsi hans, fann hann, að maðurinn var farinn að kólna. Magnús Helgi segir, að vél og miðstöð bifreiðarinnar hafi verið í gangi, og var nokkuð heitt í henni, en rúður hennar voru lokaðar. Hann hreyfði ekki við neinu í bifreiðinni og lokaði hægri framhurð hennar og hélt síðan aftur út í bifreið Jóhanns Jóns og sagði honum, að maðurinn mundi vera látinn. Þeir feðgar héldu nú strax í bifreið sinni heim til Jóhanns Jóns að Laugarnesvegi 94, og hringdi hann á lögreglustöðina og tilkynnti atburðinn. Þeir óku svo rakleitt aftur á Laugalæk að bifreiðinni R 461, og rétt á eftir komu þrír lögreglumenn á vettvang. Þeir feðgar tóku eftir því, að vinstri afturhurð bifreiðarinnar var lokuð í ytri læsingu. Magnús Helgi kveðst hafa litið á armbandsúr sitt, þegar þeir komu að R 461 í fyrra skiptið, og var klukkan þá 0710.

Ívar Andersen verkstjóri, Laugalæk 26 hér í borg, skýrir frá því, að snemma þennan morgun hafi hann ekið frá heimili sínu suður Laugalæk um Sundlaugaveg, Borgartún, Skúlagötu og að verkstæði Rafveitunnar við Barónsstíg. Heldur hann, að klukkan hafi verið um 0645, þegar hann lagði af stað heiman að frá sér. Þegar hann ók suður Laugalæk, tók hann eftir fólksbifreið, sem stóð austanmegin á götunni og var með stöðuljósum. Bifreiðin var svolítið skásett á veginum, og var vinstra framhjól hennar nær gangstéttinni en vinstra afturhjól. Í sæti bifreiðarstjóra var maður, en Ívar veitti honum enga sérstaka athygli, og hann sá ekki annan mann í bifreiðinni. Hann sá ekkert athugavert við bifreiðina og engan mann í grennd við hana. Hann nam ekki staðar. Um klukkustund síðar ók hann aftur um Laugalæk heim til sín og sá þá, hvar lögreglubifreið var komin að fyrrgreindri bifreið.

Magnús Andrésson vélstjóri, Norðurbrún 4 hér í borg, kveðst hafa farið til vinnu sinnar í Afurðasölu S. Í. S. á Kirkjusandi

hér í borginni þennan morgun eins og venjulega laust fyrir kl. 0630, og ók hann í bifreið sinni sem leið liggur að heiman frá sér um Sundlaugaveg og Laugalæk að Afurðasölunni. Hann minnist þess, að leigubifreið stóð þá kyrr að austanverðu á Laugalæk milli Sundlaugavegar og Bugðulækjar, og sneri hún í suður. Maður sat undir stýri bifreiðarinnar og leit út fyrir, að hann svæfi eða dottaði. Það vakti þó engan sérstakan grun hjá honum, og nam hann ekki staðar, heldur hélt áfram ferð sinni. Hann sá ekki annan mann í bifreiðinni, og hann veitti því ekki athygli, hvort einhver hurð hennar væri opin, en segir, að áreiðanlega hafi hvorug hurðin, sem sneri að götunni, verið opin. Hann man ekki, hvort stöðuljós eða önnur ljós voru kveikt á bifreiðinni, og hann getur ekki sagt um númer hennar.

Gísli Álfgeirsson, bifreiðarstjóri hjá Bæjarleiðum, til heimilis á Hjallabrekku 12, Kópavogi, kveðst hafa farið frá heimili sínu til vinnu um eða rúmlega kl. 0600 þennan morgun. Á Eskitorgi tók hann upp í bifreið sína farþega, sem veifaði í hann, og fór aksturinn því ekki um talstöð Bæjarleiða. Hann ók farþeganum að fyrirtækinu Júpiter & Marz á mótum Laugarnesvegar og Laugalækjar. Hann ók síðan suður Laugalæk, og heldur hann, að klukkan hafi þá verið 0615 til kl. 0620. Hann minnist þess, að nokkru fyrir norðan Sundlaugaveg sá hann, hvar bifreiðin R 461 stóð kyrr með stöðuljósum, vinstra megin á götunni. Bifreiðin var örlítið skásett, þannig að vinstri framhluti hennar var nær gangstéttinni en vinstri afturhluti. Hann gat ekki betur séð en að bifreiðarstjórinn sæti undir stýri hennar og hallaði höfðinu örlítið aftur á bak. Hann tók ekki eftir því, að annar maður væri í bifreiðinni, og varð heldur ekki var við, að annur maður væri hjá henni eða í grennd við hana. Bifreiðin vakti engan sérstakan grun hans, og hann nam ekki staðar hjá henni, heldur ók áfram að stöð Bæjarleiða við Langholtsveg.

Sigurpáll Ófeigsson, vélagæzlumaður í Áburðarverksmiðjunni, Rauðalæk 2 hér í borg, skýrir frá því, að hann hafi verið á vakt í verksmiðjunni þessa nótt, og lauk vaktinni kl. 0530. Fór hann síðan með vaktarfélögum sínum í fólksbifreið inn í Reykjavík. Hann fór úr bifreiðinni á mótum Sundlaugavegar og Laugalækjar. Hann man ekki með vissu, hvaða leið bifreiðinni var ekið þennan morgun. Annað hvort hefur henni verið ekið um Suðurlandsbraut, Álfheima, Langholtsveg, Laugarásveg og vestur Sundlaugaveg eða um Miklubraut, Grensásveg, Suðurlandsbraut, Álfheima, Langholtsveg, Laugarásveg og vestur Sundlaugaveg. Í

fyrra tilvikinu hefur bifreiðin stoppað einu sinni í Álfheimum og einu sinni eða tvisvar á Langholtsvegi til að hleypa út farþega, en í seinna tilvikinu hefur bifreiðin stoppað einu sinni á Miklubraut, einu sinni á Grensásvegi, einu sinni í Álfheimum, einu sinni á Langholtsvegi og einu sinni á Laugarásvegi til að hleypa út farþega. Hann gekk síðan norður og vestur Laugalæk og sá, hvar bifreiðin R 461 stóð kyrr austanmegin vegarins milli Sundlaugavegar og Bugðulækjar. Bifreiðin sneri í suður, en hann man ekki sérstaklega, hvort hún var skökk á veginum. Hún var í gangi, og kveikt var á „park"-ljósum hennar. Hann tók ekki eftir því, að hurðir hennar væru opnar. Hann sá það greinilega, að Gunnar Sigurður Tryggvason, sem hann þekkti í sjón, sat vinstra megin í framsæti bifreiðarinnar og hallaði höfðinu aftur, en hreyfði sig ekkert. Hann sá Gunnar Sigurð svo greinilega, að hann kveður, að vera megi, að ljós hafi verið inni í bifreiðinni, en getur þó ekkert fullyrt um það. Honum sýndist annar maður vera í aftursæti bifreiðarinnar nærri því fyrir aftan Gunnar Sigurð, og virtist honum maðurinn vera álútur í sætinu. Hann getur ekki gefið lýsingu á manni þessum og getur ekki sagt um, hvort það var karl eða kona. Hann kveðst ekki geta kveðið sterkara að orði en svo, að honum sýndist annar maður vera í aftursæti bifreiðarinnar, og getur því ekki staðhæft, að svo hafi verið. Hann nam ekki staðar við bifreiðina og gekk austanmegin fram hjá henni. Honum flaug í hug, að Gunnar Sigurður væri að aka ölvuðum manni og hefði af einhverjum ástæðum numið staðar þarna. Hann gekk rakleitt heim til sín að Rauðalæk 2 og kom þangað alveg rétt fyrir kl. 0600. Tveimur til þremur mínútum eftir að hann var kominn heim til sín, fór hann snöggvast út á lóðina og sá þá, að bifreið Gunnars Sigurðar var enn þarna kyrr á veginum. Hann sá engan mann hjá bifreiðinni eða á ferli þar í grennd.

Gunnar Sigurður ók bifreiðinni R 461 frá Bifreiðastöðinni Hreyfli hér í borg. Samkvæmt upplýsingum frá stöðinni voru tvær síðustu ferðirnir, sem hann var sendur í um talstöð greinda nótt, þessar: Milli kl. 2400 og 0100 að Skólagerði 28 í Kópavogi og sennilega um kl. 0400 að Skálholtsstíg 7.

Willy Lauge Christensen kjötiðnaðarmaður, Miklubraut 76 hér í borg, skýrir frá því, að nótt þessa hafi hann verið staddur hjá kunningja sínum, Paul Eskesen, að Framnesvegi 34 hér í borg. Máske um kl. 0130 um nóttina hringdi kunningi þeirra, Jörgen Sölvason Karlsson, til Eskesen og kvaðst hann vera staddur ásamt

konu sinni heima hjá Magnúsi Jósefssyni að Skólagerði 28 í Kópavogi. Var þeim þremur boðið að koma á Framnesveg 34, og lofaði Christensen því að greiða ökugjald bifreiðarinnar, sem þau fengju til að komast þangað. Hann beið svo eftir bifreiðinni á útitröppunum, og þegar hana bar að, stigu þau þrjú út úr henni og héldu inn í húsið, en hann gekk að bifreiðinni og greiddi bifreiðarstjóranum ökugjaldið, kr. 110.00, í einum hundrað krónu seðli og einum tíu króna seðli. Hann fór svo strax inn í húsið. Hann tók ekkert eftir bifreiðinni og stjórnanda hennar, og rétti hann honum peningana í gegnum opinn glugga við sæti hans. Hann getur ekkert sagt um, hvað bifreiðarstjórinn gerði við peningaseðlana, og sá ekkert veski og tekur fram, að um leið og bifreiðarstjórinn hafði fengið seðlana í hendur, sneri hann við inn í húsið.

Guðbjörn Eggert Guðjónsson kaupmaður, Miðtúni 70 hér í borg, skýrir frá því, að um kl. 0030 til kl. 0100 greinda nótt hafi hann heimsótt þýzka stúlku, sem bjó á Skálholtsstíg 7 hér í borg. Hann var nokkuð ölvaður og var með átekna ákavítisflösku. Drakk hann nokkuð af áfenginu. Einhvern tíma milli kl. 0300 og 0400 um nóttina hringdi fyrrgreind stúlka fyrir hann á leigubifreið, og þegar hún kom, ók hann í henni heim til sín að Miðtúni 70. Hann kannaðist við bifreiðarstjórann, og var það Gunnar Sigurður Tryggvason. Þeir töluðust við um algenga hluti. Hann virtist hress og kátur, og sá Guðbjörn Eggert ekkert óeðlilegt við hann. Þegar komið var í Miðtún, spurði Guðbjörn Eggert hann að því, hvert ökugjaldið væri, og minnir hann, að það hafi verið kr. 60.00 til kr. 70.00. Gunnar Sigurður gat þess, að hann skuldaði honum kr. 20.00 frá fyrri ökuferð, og ætlaði að fara að leita að miða í mælaborði bifreiðarinnar til að athuga það mál betur, en Guðbjörn Eggert kvað það vera óþarfa og afhenti honum eitt hundrað króna seðil. Hann kvaddi hann svo og fór út úr bifreiðinni og inn til sín, og sá hann, hvar Gunnar Sigurður ók bifreiðinni áfram vestur Miðtún. Hann tók ekki eftir því, hvað Gunnar Sigurður gerði við eitt hundrað króna seðilinn, og hann sá hann ekki taka upp veski og tekur fram í því sambandi, að Gunnar Sigurður gaf honum ekki til baka af seðlinum. Hann segir, að bifreiðin hafi komið mjög fljótlega að Skálholtsstíg 7, eftir að stúlkan hringdi á bifreið, og liðu aðeins örfáar mínútur, frá því að hún kom á staðinn þar til hann fór út í hana, og síðan var ekið rakleitt að Miðtúni 70, þar sem hann fór strax úr bifreiðinni, eftir að hann hafði greitt ökugjaldið.

Hin þýzka stúlka, sem minnzt er á í framburði Guðbjörns Eggerts Guðjónssonar, var Gretchen Heide, þá verzlunarstúlka, til heimilis á Skálholtsstíg 7. Hún flutti héðan af landi brott til Bandaríkjanna, áður en hún yrði kvödd fyrir dóm til vitnisburðar, en til er skýrsla, sem rannsóknarlögreglan tók af henni 23. janúar 1968. Þar staðfestir hún, að Guðbjörn Eggert hafi komið til hennar, og að því er hún telur klukkan eitthvað að ganga eitt um nóttina. Hann hafi verið sjáanlega undir áhrifum áfengis og verið með nærri fulla flösku af áfengi og drukkið eitthvað úr henni. Um eða eftir kl. 0300 um nóttina kveðst hún hafa hringt á Bifreiðastöðina Hreyfil og eftir stutta stund hafi leigubifreið komið. Hún hafi séð, að bifreiðarstjórinn var einn í bifreiðinni og hafi hann verið mjög áberandi holdugur. Hún hafi svo séð út um glugga, að Guðbjörn Eggert gekk rakleiðis að bifreiðinni og settist í aftursæti hennar, og síðan var henni ekið upp Skálholtsstíg.

Selma Marteinsdóttir, eiginkona Guðbjörns Eggerts Guðjónssonar, kveðst muna það vel, að klukkan sló fjögur, eftir að hann kom heim í Miðtún 70 þessa nótt, og álítur hún, að hann hafi þá verið kominn mjög nálægt 15 mínútum áður. Hann sofnaði síðan, og vakti hún hann um kl. 0820 næsta morgun.

Fjórir bifreiðarstjórar á Bifreiðastöðinni Hreyfli sáu Gunnar Sigurð Tryggvason umræddа nótt inni í afgreiðslu stöðvarinnar við Kalkofnsveg, og verða nú raktir framburðir þeirra.

Magnús Sigurðsson, Sólheimum 44 hér í borg, kveðst hafa komið inn í afgreiðsluna um kl. 0300 um nóttina og rétt á eftir hafi Gunnar Sigurður komið þangað inn. Hann hafi verið með kaffibrúsa og boðið honum að drekka af kaffinu með sér. Magnús kveðst hafa þegið það og hafi þeir setzt niður á meðan og rætt saman í máske 10—20 mínútur. Hann minnist þess, að Gunnar Sigurður hafði orð á því, að hann hefði verið frekar heppinn. Hefði hann fengið greidda, og að því er Magnús hélt, þá um nóttina einhverja skuld, sem hann hefði ekki reiknað með að fá greidda, en hann hefði ekki útskýrt það frekar, hvaða eða hvers konar skuld það hefði verið, nema að það hefði verið skuld vegna bifreiðaraksturs. Magnúsi fannst vera heldur létt yfir Gunnari Sigurði, en hann hafi þó verið mjög rólegur eins og jafnan endranær. Magnús kveðst síðan hafa farið í leiguakstur og ekki vitað, hvað varð um Gunnar Sigurð.

Árni Björn Jónsson, Fellsmúla 18 hér í borg, kveðst hafa komið inn í afgreiðsluna um nóttina og hafi þá nokkrir bifreiðarstjórar

verið þar fyrir. Litlu síðar hafi Gunnar Sigurður komið þangað. Bifreiðarstjórunum hafi svo fækkað svo, að eftir hafi orðið um stund tveir og einhver þriðji bifreiðarstjóri, sem hann man ekki nafn á. Þeir þrír hafi spilað á spil stutta stund. Árni Björn kveður, að ekkert óvenjulegt eða óeðlilegt hafi verið við Gunnar Sigurð í þetta skipti, heldur hafi hann verið kátur og fjörugur eins og venjulega. Samtal þeirra hafi aðallega verið um spilin. Árni Björn kveðst síðan hafa farið í leiguakstur á undan Gunnari Sigurði, og getur hann ekki sagt um, hvað klukkan var þá, en segir, að það hafi verið seinni hluta nætur.

Jón Hilmar Þórarinsson, Nýlendugötu 15 A hér í borg, kveðst hafa verið staddur í afgreiðslunni um nóttina ásamt fleiri bifreiðarstjórum, sem hann man nú ekki, hverjir voru, og hafi Gunnar Sigurður þá komið þangað. Þeir hafi svo farið að spila á spil ásamt einhverjum fleiri. Jón Hilmar kveðst ekki hafa orðið var við neitt óeðlilegt eða óvenjulegt við Gunnar Sigurð í þetta skipti eða það, sem hann sagði. Hann kveðst síðan hafa farið í leiguakstur, og heldur hann, að klukkan hafi þá verið um 0300. Hann ætlar, að hann hafi dvalið í afgreiðslunni í um hálfa klukkustund í þetta skipti.

Guðmundur Valur Guðmundsson, Búlandi 6 hér í borg, kveðst hafa verið staddur í afgreiðslunni um eða eftir kl. 0300 um nóttina og spilað þar í um tvo til þrjá stundarfjórðunga við þrjá menn, þá Árna Björn Jónsson, Arnþór Þórðarson og Gunnar Sigurð. Við spilamennskuna hafi ekki verið talað um annað en hana, og kveðst Guðmundur Valur ekki hafa talað við Gunnar Sigurð um önnur efni við þetta tækifæri. Hann kveðst ekki hafa orðið var við neitt óvenjulegt eða óeðlilegt í fari Gunnars Sigurðar í þetta skipti og hafi hann verið rólegur eins og endranær. Hann kveðst síðan hafa farið í ökuferð og heldur, að klukkan hafi þá verið nálægt 0330. Hann hafi ekið farþeganum frá afgreiðslunni að húsi einu við Skipasund, en þaðan hafi hann ekið niður í borgina um Laugaveg og þar á milli Snorrabrautar og Barónsstígs hafi maður veifað til hans. Hann hafi tekið manninn upp í bifreiðina og ekið honum inn í Teigahverfi, en þaðan hafi hann ekið norður Hrísateig og ætlað að nema staðar við símastaur Hreyfils norðan Sundlaugavegar á mótum þess vegar og Hrísateigs. Tvær bifreiðar hafi þá verið við staurinn og snúið báðar í vestur og önnur verið fyrir aftan hina. Aftari bifreiðin hafi verið Mercedes Benz, bifreið Gunnars Sigurðar, R 461, en fremri bifreiðin hafi verið, að því er hann minnir, Chevrolet bif-

reið Ólafs Helgasonar, R 1803. Hann heldur, að hvor bifreiðarstjóri hafi setið undir stýri sinnar bifreiðar. Hann hafi því hætt við að stoppa við staurinn og ekið áfram vestur Sundlaugaveg og heim til sín þá á Laugaveg 141 og hætt akstri. Hann heldur, að klukkan hafi verið milli 0400 og 0430, þegar hann ók fram hjá bifreiðunum tveimur við staurinn.

Tveir bifreiðarstjórar aðrir á Hreyfli sáu bifreiðina R 461 við greindan bifreiðastaur þessa nótt, og verða nú raktir framburðir þeirra:

Kristján Serge Kristjónsson bifreiðarstjóri, Melabraut 43, Seltjarnarnesi, minnist þess, að laust fyrir kl. 0400 um nóttina ók hann bifreið sinni frá stöð Hreyfils við Hlemmtorg inn á Hraunteig. Hann leit á úr sitt, þegar hann lagði af stað, og var þá klukkan tæplega 0400. Hann ók inn Borgartún og Sundlaugaveg og sá þá, hvar bifreiðin R 461 stóð við bifreiðastaur Hreyfils fyrir norðan Sundlaugaveg milli Hrísateigs og Gullteigs og sneri í vestur eða norðvestur, eins og bifreiðar gera við staurinn. Hann þekkti ökumann bifreiðarinnar R 461 og sá, að Gunnar Sigurður sat einn í bifreiðinni undir stýri hennar. Ljós var kveikt í henni. Enginn annar maður var í henni eða hjá henni, og önnur bifreið var ekki við staurinn. Hann ók áfram að Hraunteigi 16, tók þar farþega og ók síðan til baka vestur Sundlaugaveg, en sá þá, að bifreiðin R 461 var ekki lengur við fyrrgreindan staur. Hann hélt áfram ferð sinni vestur Borgartún og hætti akstri um kl. 0500. Hann heldur, að klukkan hafi verið um 0400, þegar hann sá bifreiðina R 461 við staurinn, og að klukkan hafi verið um 0405, þegar hann ók framhjá staurnum í annað sinn.

Ólafur Helgi Helgason bifreiðarstjóri, Fellsmúla 14 hér í borg, kveður, að kl. 0340 þessa nótt hafi hann verið í leigubifreið sinni við bifreiðastaur Hreyfils við Sundlaugaveg milli Hrísateigs og Gullteigs, og horfði hann á klukku bifreiðarinnar. Nokkru síðar var hringt frá miðstöð Hreyfils og hann beðinn um að fara að Langholtsvegi 114 A. Fór hann þangað, dokaði þar við og ók síðan með farþega þaðan inn í borgina. Hann ók norður Laugarásveg og vestur Sundlaugarveg og fram hjá fyrrgreindum bifreiðastaur. Mun klukkan hafa verið um 0400, þegar hann ók fram hjá staurnum. Hann ók síðan á Rauðarárstíg, þar sem aðeins var numið staðar, og þaðan ók hann á Skólavörðustíg, þar sem stanzað var í örfáar mínútur. Þaðan ók hann með farþega um Suðurlandsbraut austur í Árbæjarhverfi, þar sem hann stanzaði í um 4 mínútur, um leið og farþeginn fór úr bifreiðinni. Hann ók svo

aftur inn í borgina um Suðurlandsbraut, Langholtsveg, Laugarásveg, Sundlaugaveg og Borgartún. Hann leit á klukkuna í bifreiðinni, þegar hann ók um Sundlaugaveg, og var hún þá 0442. Klukka þessi var aðeins of fljót, og heldur hann, að rétt klukka hafi verið 0440, þegar hann ók fram hjá bifreiðastaurnum í annað sinn. Vitnið ók svo áfram vestur að kaffivagninum á Grandagarði, og var þá búið að opna hann, en það er venjulega gert rétt fyrir kl. 0500. Ólafur Helgi kveðst hafa þekkt bæði bifreiðina R 461 og ökumann hennar, Gunnar Sigurð. Hann segir, að bifreiðin hafi áreiðanlega verið í annað skiptið og, að því er hann minnir, í seinna skiptið við fyrrgreindan bifreiðastaur, þegar hann ók fram hjá honum um nóttina.

C.

Rannsókn málsins varð þegar mjög umfangsmikil og margþætt. Sér í lagi beindist hún þó að skothylkinu, sem fannst á vettvangi, og að skotinu, sem var í höfði Gunnars Sigurðar. Vitað var, að skothylki af cal. 35 var mjög sjaldgæft hér á landi. Í því sambandi rifjaðist upp fyrir Lárusi Fjeldsted Salómonssyni, lögreglumanni í Seltjarnarneshreppi, eftirgreint atvik:

Haustið 1965, að því er hann minnir, skýrði Jóhannes Jósefsson, fyrrum hótelstjóri, Tjarnarstíg 8, Seltjarnarnesi, honum frá því, að skammbyssa hefði horfið frá honum þar úr húsinu og hefði hann saknað hennar, eftir að hann og kona hans komu frá útlöndum þá um sumarið. Byssan hefði verið cal. 35 og hefði hún horfið úr kassa, sem í var önnur byssa af cal. 22, en báðar byssurnar hefðu verið af Colt gerð. Jóhannes hafði orð á því, að til lítils væri að slægjast eftir byssu þessari, því að engin skot fengjust í hana og væri hætt að framleiða þau og byssuna hefði verið hætt að framleiða eftir árið 1920. Hann kvaðst hafa fengið byssukassann og byssurnar í honum í Bandaríkjunum í kringum árið 1920.

Lárus Fjeldsted kveðst hafa þekkt Jóhannes Jósefsson í mörg ár og séð oft heima hjá honum fyrrnefndan byssukassa og hafi tveir hlaðstokkar fylgt byssunni, sem var cal. 22. Kassinn hafi verið geymdur á skrifborði undir hillu, sem á því stóð, og hafi hann náð dálítið út undan hillunni. Hann kveðst aldrei hafa séð skot í kassanum eða við hann. Báðar byssurnar hafi verið óhlaðnar, enda hafi Jóhannes verið mjög vanur að fara með byssur og gengið ríkt eftir réttri meðferð þeirra. Hann minnist þess, að Jóhannes sagði honum, að mörg ár væru liðin, síðan hann hefði

skotið úr byssunni, sem hann saknaði, og að því er hann minnir, ekki síðan á Gleráreyrum við Akureyri árið 1937. Lárus kveðst hafa gert ýmislegt til að reyna að hafa upp á byssunni, en það bar ekki árangur.

Lárus Fjeldsted tilkynnti nú rannsóknarlögreglunni í Reykjavík með skýrslu, dags. 30. janúar 1968, að Jóhannes Jósefsson hefði átt byssu af cal. 35 og hefði hann saknað hennar á árinu 1965. Á þessum tíma var Jóhannes á sjúkrahúsi, en Lárus Fjeldsted hitti hann að máli, eftir að hann var kominn heim til sín, og mun það hafa verið 14. febrúar 1968. Hann kveðst þá hafa spurt Jóhannes að því, hvort ekki gæti verið, að hann hefði í fórum sínum skot, sem „pössuðu í" nefnda byssu. Jóhannes hafi þá sagt, að niðri í kjallara hússins væri veiðitaska, sem hann hefði komið með heim frá Bandaríkjunum fyrir árið 1930, og gætu þar verið einhver skot í byssuna. Lárus Fjeldsted kveðst svo hafa fengið leyfi hjá konu Jóhannesar til að athuga veiðitöskuna í kjallaranum. Hann hafi fundið töskuna þar ofan á kassa í geymslu eða þvottahúsi, en þaðan er innangengt út í bílskúr við húsið. Í töskunni hafi verið ýmis skot og þar á meðal 12 skot af cal. 35.

Lárus Fjeldsted kveðst hafa skýrt rannsóknarlögreglunni frá þessu, og næsta dag fór hann ásamt Nirði Snæhólm heim til Jóhannesar, og töluðu þeir við hann. Jóhannes sagði þeim, að hann hefði komið með byssukassann til Íslands árið 1927 og haft þá með sér nokkuð af skotum í cal. 35 byssuna, en slík skot hefðu ekki verið til hér, og kvaðst hann álíta, að þetta væri eina byssan af þessari tegund, sem til væri hér á landi. Njörður sýndi honum nokkrar myndir af skammbyssum og meðal annars af S&W, cal. 32 og S&W, cal. 35, sem eru svipaðar í útliti. Jóhannes benti þá á myndina af síðarnefndu byssunni og kvaðst vera viss um, að það væri mynd af byssu eins og þeirri, sem hann saknaði. Hann kvaðst ekki vita, hvort hann ætti nokkuð til af skotum í þá byssu, en ef svo væri, væru þau einhvers staðar í kjallara hússins. Þeir Njörður og Lárus Fjeldsted leituðu síðan með leyfi Jóhannesar að skotum í kjallaranum og meðal annars í þvottahúsinu. Þar fundu þeir auk fyrrgreindra 12 skota af cal. 35, sem voru í veiðitösku, um 130 önnur skot af þeirri stærð í kössum. Segir Njörður í skýrslu, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, um þennan fund á þessa leið:

„Í þvottahúsinu er stór skápur á S.A. vegg, með hillum í. Á efstu hillunni var smá veiðitaska úr taui, gömul og merkt U.S.A.

Í þessari tösku var nokkuð af gömlum haglaskotum, eldgömlum riffilskotum og nokkur stykki af S&W, cal. 35, skotum, REM-UMC, með U á hvellhettunni, en hvellhettan var eirlituð og með tvö spor í nikkelfóðrinu á kúlunni.

Í efstu hillu var einn lítill pappakassi og einn vindlakassi. Í kössum þessum voru margar tegundir af skotum og þar á meðal talsvert af skotum þeim, sem lýst er hér að ofan, og einnig nokkuð af nákvæmlega sams konar skotum og skoti því, sem morðið var framið með. Þetta voru um 130 skot í allt. Fleiri skot af þessari tegund fundum við ekki".

Rannsókn málsins hlaut eftir þetta að beinast mjög að því að hafa upp á byssu Jóhannesar Jósefssonar, sem hann hafði saknað árið 1965, en ár og dagur leið, án þess að nokkuð yrði upplýst um það efni.

Svo gerðist það föstudaginn 7. marz 1969, að rannsóknarlögreglunni í Reykjavík var afhent byssa, sem reyndist vera sú, sem hér um ræðir.

Verður nú í II. kafla rakinn sá þáttur málsins.

II. kafli.

A.

Hallgrímur Aðalbjörnsson, Freyjugötu 25 hér í borg, hafði afgreiðsluleyfi („stöðvarpláss") á leigubifreiðastöðinni Bæjarleiðum hér í borg frá 1. október 1963 til 1. maí 1969, og fékk hann menn til að aka bifreið sinni, R 15612, frá stöðinni. Þetta er Chevrolet Chevy bifreið af árgerð 1965. Ákærði, Sveinbjörn Gíslason, ók bifreiðinni frá stöðinni frá því í maí 1967 og fram í marz 1969. Hinn 23. nóvember 1967 seldi Hallgrímur ákærða bifreiðina. Söluverðið var kr. 275.000.00, og greiddi ákærði út í hönd kr. 100.000.00, en gaf út skuldabréf fyrir afganginum, tryggt með veði í húseign sinni, Sækambi á Seltjarnarnesi, og skyldi bréfið vera að fullu greitt í janúar 1969. Bifreiðin var ekki yfirfærð á nafn ákærða í bifreiðaskrá, því að Hallgrímur hafði stöðvarleyfið á Bæjarleiðum, en ákærði ekki. Ákærði gat ekki staðið í skilum með greiðslu afborgana af skuldabréfinu, og í janúar 1969 voru enn ógreiddar af því kr. 79.500.00.

Aðfaranótt sunnudagsins 2. febrúar 1969 ók ákærði þeim Hallgrími og konu hans, Lofteyju Káradóttur, ásamt fleira fólki frá samkomuhúsinu Sigtúni hér í borg heim til þeirra hjóna. Loftey tók þá eftir því, að sæti bifreiðarinnar, sem var R 15612, voru

óhrein og áklæðið rifið. Líklega næsta þriðjudag þar á eftir kveður Loftey, að ákærði hafi ekið henni aftur í bifreiðinni og hafi hún þá farið að tala um nauðsyn þess, að hann innti af hendi umsamdar afborganir af skuldabréfinu og gengi frá skattframtali vegna bifreiðarinnar. Hann hafi lofað að koma heim til þeirra hjóna þá um kvöldið, en ekki gert það. Ákærði kemur ekki fyrir sig atviki þessu. Seinni hluta sama mánaðar talaði Loftey í viðurvist eiginmanns síns við ákærða um, að hann greiddi umsamdar afborganir af skuldabréfinu og gengi frá fyrrnefndri skattskýrslu. Ákærði kvaðst vera að ganga frá hvoru tveggja, en gerði hvorugt.

Hallgrímur Ágústsson kveður, að fimmtudaginn 6. marz 1969 hafi Loftey beðið hann um að hringja í tryggingarfélagið Ábyrgð h/f og vita, hvort trygging bifreiðarinnar R 15612 væri í lagi. Hann hafi gert það og hafi stúlka, sem hann talaði við, sagt, að bifreiðin væri ekki lengur í tryggingu. Þetta hafi hann sagt konu sinni. Hringdi hún þá til Jóhanns Emils Björnssonar, forstjóra tryggingarfélagsins, til að fullvissa sig um þetta.

Jóhann Emil Björnsson forstjóri, Þykkvabæ 15 hér í borg, kveður, að leigubifreiðin R 15612 hafi verið ábyrgðar- og húftryggð hjá Ábyrgð h/f síðan 7. febrúar 1967 og seinni hluta þess árs hafi Loftey Káradóttir tilkynnt, að ákærði væri orðinn ökumaður bifreiðarinnar og mundi hann sjá um greiðslu iðgjalda af tryggingu hennar. Ákærði hafi svo greitt iðgjald þetta fyrir tímabilið 1. nóvember 1967 til 1. maí 1968. Næsta tryggingartímabil hafi verið til 1. maí 1969 og iðgjaldið numið kr. 10.000.00, sem hafi átt að greiðast í fjórum jöfnum greiðslum á fjórum gjalddögum, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember 1968 svo og 1. febrúar 1969. Ákærði hafi greitt fyrsta fjórðunginn 21. maí 1968, en lent í vanskilum með greiðslu hinna fjórðunganna. Hann hafi margsinnis verið krafinn um greiðslu þeirra, en hann borið fyrir sig fjárhagsörðugleika. Hinn 25. janúar 1969 hafi honum verið veittur lokafrestur til greiðslu á fjórðungunum þremur til 10. febrúar 1969, en þá hafi honum verið veittur frestur enn til mánaðamóta febrúar—marz 1969. Jóhann Emil sagði Lofteyju, þegar hún hringdi til hans í fyrrgreint skipti, að ¾ hlutar ársiðgjaldsins, kr. 7.575.00, væru ógreiddir og í vanskilum.

Um hádegi fyrrgreindan fimmtudag 6. marz hringdi Loftey til ákærða og sagði honum að koma heim til þeirra hjóna. Var hún þá ákveðin í því að taka bifreiðina af honum, en sagði honum þó ekki frá því í símtalinu. Hann kom í bifreiðinni til þeirra um kl. 1430 sama dag. Hann kom inn í íbúð þeirra hjóna og lagði

lykla bifreiðarinnar á borð í stofu. Loftey spurði hann að því, hvort hann leyfði sér að aka bifreiðinni í leiguakstri ótryggðri. Hann svaraði, að hún væri ekki ótryggð og hefði hann samið um tryggingu hennar. Loftey sagðist þá hafa talað við forstjóra tryggingarfélagsins og hefði hann sagt annað. Ákærði kvaðst þá vilja skreppa til félagsins. Hún sagði honum nú, að hún tæki lykla bifreiðarinnar af honum og greip hún þá, þar sem þeir voru á borðinu. Ákærði fór svo í burtu. Hallgrímur, eiginmaður Lofteyjar, var viðstaddur þetta samtal þeirra.

Eftir að ákærði var farinn, fóru þau hjónin út í bifreiðina og fengu Snæbjörn Magnússon leigubifreiðarstjóra, Hólmgarði 46 hér í borg, til að aka bifreiðinni og prófa hana. Hann ók þeim hjónum í bifreiðinni upp í Rofabæ, og hafði hann strax orð á því, að hún væri næstum því hemlalaus. Loftey fór úr bifreiðinni í Rofabæ, en bað Snæbjörn áður um að koma bifreiðinni á verkstæði, og einnig bað hún hann og Hallgrím um að setja í plastpoka, sem hún rétti þeim, allt dót, sem ákærði ætti í bifreiðinni. Þeir Snæbjörn og Hallgrímur héldu síðan í bifreiðinni að bifreiðaverkstæði í Blesugróf. Þar fóru þeir að taka til í bifreiðinni og safna saman dóti, sem þeir töldu, að tilheyrði ákærða. Hólfið í mælaborði bifreiðarinnar var læst, en á lyklakippu hennar var lykill, sem gekk að því. Snæbjörn opnaði hólfið með lyklinum. Hann segir, að hólfið hafi verið fullt og hafi borið mest á nótum og blöðum, en einnig hafi verið neðar í því verkfæri, sem tilheyrðu bifreiðinni. Hann hafi fundið, að einn hlutur, sem var í snjáðum poka neðst í hólfinu, var nokkuð þungur, og þegar hann athugaði hlutinn nánar, sá hann, að þetta var skammbyssa. Hallgrímur segir, að þegar hólfið var opnað, hafi sézt fremst í því lítil skammbyssa og hafi bréf eða umslag, sem var snjáð og rifið, verið utan um hana. Einhver pappírsblöð hafi einnig verið í hólfinu, en þau hafi ekki hulið byssuna. Þeir höfðu ekkert vit á byssum og athuguðu hana ekki. Hallgrímur vildi ekki geyma hana og varð úr, að Snæbjörn tók við henni og ætlaði hann að afhenda hana föður sínum, Magnúsi Helgasyni leigubifreiðarstjóra, Hólmgarði 46 hér í borg, sem þekkti til skotvopna. Snæbjörn ók svo Hallgrími heim í bifreiðinni, en fór síðan að leita að Magnúsi og fann hann í bifreið sinni á bifreiðastæði B. S. R. við Háaleitisbraut. Hann afhenti honum byssuna í pokanum, sem hún hafði verið í. Magnús opnaði byssuna og tók úr henni magasínið svo og skot úr hlaupinu. Byssan var fullhlaðin með 7 skotum. Magnús geymdi síðan byssuna og skotin heima hjá sér um kvöldið

og nóttina. Sama kvöld eða um miðnætti ók Snæbjörn Lofteyju úr Rofabæ heim til hennar í bifreiðinni R 15612 og skýrði henni frá fundi byssunnar í hólfinu í mælaborði hennar.

Ákærði fór frá þeim hjónum Hallgrími og Lofteyju í skrifstofu Ábyrgðar h/f og hitti Jóhann Emil forstjóra þar. Ákærði skýrði honum frá því, að Loftey hefði nú lykla bifreiðarinnar R 15612 undir höndum og að hún vildi láta hann hætta að aka henni. Ákærða var mjög umhugað um að fá að aka bifreiðinn áfram og bað hann Jóhann Emil um að fá að samþykkja víxil með gjalddaga 15. apríl 1969 fyrir þeirri iðgjaldaupphæð, sem í vanskilum var, eða kr. 7.575.00. Jóhann Emil kvaðst mundu fallast á það, ef ákærði fengi ábyrgðarmann á víxilinn. Ákærði nefndi þá nafn mágs síns, Guðlaugs Aðalsteinssonar, til heimilis í Vogum. Ákærði afhenti Jóhanni Emil svo víxil, sem hann hafði skrifað nafn sitt á sem samþykkjandi og kvaðst mundu koma daginn eftir með annað víxilblað, sem fyrrgreindur maður hefði skrifað á sem útgefandi. Ákærði kom þó eigi aftur. Nokkru síðar um daginn hringdi Loftey til Jóhanns Emils út af tryggingu bifreiðarinnar, og skýrði hann henni þá frá því, að ákærði hefði þá stuttu áður um daginn talað við hann og afhent honum víxil til tryggingar greiðslu iðgjalda þeirra, sem í vanskilum voru.

Um hádegisbil næsta dag, föstudaginn 7. marz, hringdi ákærði til Lofteyjar og skýrði henni frá því, að nú væri trygging bifreiðarinnar í lagi, og spurði jafnframt um það, hvort hann fengi ekki bifreiðina. Hún svaraði honum þá því til, að þau væru nú skilin að skiptum, hann hefði ekki staðið við skuldbindingar sínar og gæti hann sótt dótið sitt, sem hefði verið í bifreiðinni. Ákærði sagði þá: „Mér þykir þú segja fréttirnar“ eða eitthvað á þá leið.

Litlu eftir hádegi sama dag kom ákærði svo heim til þeirra hjóna, Hallgríms og Lofteyjar, og voru þau þá bæði heima. Þykir rétt að rekja framburð hvers einstaks þeirra um, hvað þá gerðist.

Framburður Lofteyjar er þessi:

Ákærði kvaðst líta björtum augum á það, sem fram undan væri. Hann væri að selja húsið sitt og gæti hann staðið við fjárskuldbindingar sínar. Hún kvaðst vera orðin þreytt á viðskiptunum við hann. Hann kvaðst mundu fá útborgaðar greiðslur af söluverði hússins eftir um það bil mánuð og spurði hana að því, hvort hann mætti ekki tala við hana þá. Hún kvaðst engu vilja lofa um áframhaldandi akstur hans á bifreiðinni, og vildi hún sjá efndir fyrst af hans hálfu. Þau hjónin ætluðu að fara í jarðar-

för fyrir kl. 1500, og þurftu þau að hafa hraðann á til að komast í hana í tæka tíð. Hún stóð upp og vísaði ákærða á tvo poka úti á gangi, plastpoka og bréfpoka, sem í var dót hans, sem hafði verið í bifreiðinni. Hann opnaði pokana, skoðaði innihald þeirra vandlega og sagði síðan: „Það var þarna byssuræfill frammi í bílnum“ eða á þá leið og hélt áfram að leita í pokanum. Hún spurði hann þá að því, hvað hann hefði verið að gera með hlaðna byssu í bifreiðinni og hvar hann hefði fengið hana. Jafnframt spurði hún hann að því, hvort hann kallaði hlaðna byssu ræfil. Hann sagði þá, að byssan hefði verið skilin eftir í bifreiðinni hjá sér í febrúar, og tók hún það fyrir febrúar 1969. Hún spurði hann að því, hvort hann vissi ekki, að svona verkfæri væru eftirlýst og að það hefði verið skylda hans að fara með hana á lögreglustöðina. Hann sagðist þá hafa verið að bíða eftir því, hvort einhver kæmi ekki til hans og spyrði um byssuna. Hann spurði hana að því oftar en einu sinni, hvort hún vildi ekki afhenda honum byssuna, en hún neitaði því jafnoft og hann spurði og sagði honum, að byssan væri ekki í húsinu og yrði hún afhent lögreglunni, sem væri réttur aðili til að taka við byssunni. Með það fór ákærði.

Framburður Hallgríms er þessi:

Loftey og ákærði tóku tal saman, en hann fylgdist ekki með einstökum orðaskiptum þeirra, en þau hjónin höfðu nauman tíma, því að þau voru búin að ákveða að vera við jarðarför kl. 1500 um daginn. Hann minnist þess, að Loftey sagði við ákærða, að hann gæti tekið dótið sitt, sem hefði verið í bifreiðinni, og væri það í tveimur pokum úti á gangi. Ákærði opnaði pokana og athugaði í þá. Hann spurði að því, hvort þarna væri ekki grænn bakki, en hann kom ekki fram í dótinu. Svo spurði ákærði að því, hvort byssa hefði ekki verið líka í bifreiðinni, og talaði hann um byssuna í þeim tón, að um einhvern ómerkilegan hlut væri að ræða. Bað hann um að fá byssuna í hendurnar. Loftey spurði hann að því, hvar hann hefði fengið byssuna, og svaraði hann því, að hún hefði verið skilin eftir í bifreiðinni í febrúarmánuði. Hún spurði hann að því, hvort hann vissi ekki, hvert slíkir hlutir sem byssur ættu að ganga. Hann sagðist þá hafa haft byssuna hjá sér í bifreiðinni til að sjá, hvort einhver kæmi ekki til hans og færi að spyrja hann um byssuna. Loftey sagði honum, að hann fengi ekki byssuna og væri hún ekki í húsinu. Yrði byssan afhent til lögreglunnar.

Ákærði hefur gert eftirfarandi athugasemdir við greindan

framburð þeirra hjóna: Hann kveðst ekki hafa sagt: „Það var þarna byssuræfill frammi í bílnum“ eða á þá leið, heldur sagt: „Það var byssa í hólfinu“. Það sé einnig rangt, að Loftey hafi spurt hann að því, hvort hann kallaði hlaðna byssu ræfil, og kveðst hann ekki hafa kallað byssuna því nafni eða talað um hana í þeim tón, að um einhvern ómerkilegan hlut væri að ræða. Hann kveðst hafa sagt Lofteyju, að byssan hefði verið skilin eftir í bifreiðinni, en ekki nefnt mánuðinn febrúar eða annað tímamark í því sambandi. Hann kveður, að það sé rétt, að hann hafi spurt hana að því, hvort hún vildi ekki afhenda honum byssuna, og bætir því við, að hann hafi sagt, að þar sem byssan hefði fundizt í bifreiðinni hjá honum, væri það skemmtilegra, að hann skilaði henni til lögreglunnar, en ekki hún. Loftey man ekki eftir þessari viðbót hjá ákærða.

Frekara samræmi milli framburða þeirra hjóna og ákærða hefur ekki náðst þrátt fyrir samprófun þeirra.

Eftir þessa heimsókn ákærða hringdi Loftey til Magnúsar Helgasonar, sem hún þekkir, og skýrði honum frá því, að bifreiðarstjórinn á bifreið þeirra hjóna væri að biðja um byssuræfil, sem hefði verið í hanzkahólfi bifreiðarinnar. Magnús sagði henni þá, að hún skyldi hringja til rannsóknarlögreglunnar og segja henni, að hann væri með byssu, sem hann ætlaði að skila til hennar.

Um kl. 1515 sama dag hringdi ákærði á lögreglustöðina í Seltjarnarneshreppi til Lárusar Fjeldsteds Salómonssonar og óskaði eftir því, að hann kæmi heim til hans að Sækambi. Fór Lárus Fjeldsted samstundis til hans. Ákærði skýrði honum frá því, að hann væri í vanda staddur vegna heimsku sinnar, sem byggðist á því, að í janúar síðastliðnum hefði hann verið að taka til í bifreið sinni, R 15612, og hefði hann þá fundið skammbyssu undir framsætinu. Hann hefði tekið byssuna upp í klút og látið hana í læst hólf í bifreiðinni og hefði hann engan grun um, hver hefði getað troðið byssunni undir sætið. Hann kvaðst ekki hafa farið með hana til lögreglunnar vegna þess, að hann hafi búizt við, að eigandinn mundi spyrja hann um hana, og með því hafi hann ætlað að vera klókur og komast að því, hver væri eigandi hennar. Enginn hefði gefið sig fram og hefði hann svo gleymt því að koma byssunni til lögreglunnar. Ákærði sagði honum enn fremur, að í gær hefðu fyrri eigendur bifreiðarinnar tekið hana af honum, því að hann hefði skuldað þeim um kr. 75.000.00, og þá hefðu þeir fundið byssuna. Hún væri nú hjá þeim eða Lofteyju

Káradóttur. Lárus Fjeldsted spurði ákærða um tegund og stærð byssunnar, og svaraði hann því til, að hann vissi það ekki. Eftir þetta samtal hringdi Lárus Fjeldsted til Lofteyjar, og var hún þá komin ásamt eiginmanni sínum heim úr jarðarförinni. Svaraði hún í símann. Lárus Fjeldsted spurði hana að því, hvort hún hefði einhvern hlut, sem ákærði ætti, og síðan spurði hann um byssu. Hún sagði, að byssan, sem hefði fundizt í bifreiðinni, væri geymd hjá góðum og öruggum manni. Lárus Fjeldsted óskaði eftir því að fá að sjá byssuna, en Loftey gat ekki náð til mannsins, sem geymdi hana.

Loftey hringdi nú til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík og talaði við Njörð Snæhólm. Kveður hann, að klukkan hafi þá verið 1625. Hún bað hann um að koma heim til þeirra hjóna á Freyjugötu 25 vegna byssu, sem fundizt hefði í bifreið þeirra. Hann fór þegar þangað og talaði við Lofteyju. Jafnframt var náð til Magnúsar Helgasonar um talstöð í leigubifreið hans og hann beðinn um að koma á Freyjugötu 25. Hann fór þangað og hafði með sér skammbyssuna í bréfpokanum og skotin sjö. Njörður var þar fyrir, og afhenti Magnús honum bæði byssuna í bréfpokanum og skotin.

Njörður fór með byssuna og skotin í skrifstofur rannsóknarlögreglunnar, og eftir að hann hafði talað við yfirlögregluþjóninn, hringdi hann í Lárus Fjeldsted og bað hann um að handtaka ákærða og færa hann til rannsóknarlögreglunnar. Var þá klukkan um 1805.

Lárus Fjeldsted kveðst hafa komið heim til ákærða um kl. 1830, og var hann þá heima. Hann talaði einslega við hann inni í stofu og tilkynnti honum, að rannsóknarlögreglan í Reykjavík vildi tala við hann um byssuna. Ákærði spurði þá: „Verð ég settur inn?“, og svaraði þá Lárus Fjeldsted: „Það veit ég ekki“. Ákærði bað um að fá að kveðja heimilisfólk sitt, og var honum leyft það, og fór hann fram í eldhús í því skyni. Lárus Fjeldsted fór síðan með ákærða út í lögreglubifreið sína og ók honum í skrifstofur rannsóknarlögreglunnar í Borgartúni 7, en á eftir fylgdu 3 menn úr hinni almennu lögreglu í Reykjavík í annarri bifreið, sem Lárus Fjeldsted hafði fengið til öryggis. Ákærði sat við hlið Lárusar Fjeldsteds í fyrrnefndu bifreiðinni, og voru ekki aðrir í henni. Þegar þeir höfðu ekið nokkra stund, sagði ákærði við Lárus Fjeldsted: „Er nokkur vörn til fyrir mig í þessu, Lárus minn?“, og hann svaraði: „Það er engin vörn til nema sannleikurinn“. Ákærði sagði þá: „Guð hjálpi mér“, og bætti við:

„Trúir þú þessu, Lárus minn?“ Hann kveðst ekki hafa viljað vera grófur eða harður við ákærða og svaraði honum þannig, að þetta mál væri hræðilegt. Ákærði endurtók þá orðin: „Guð hjálpi mér“. Lárus Fjeldsted segir, að eftir þetta hafi ákærði fallið svolítið niður í sætið og orðið hljóður. Varð samtal þeirra ekki lengra. Þeim ber báðum saman um, að Lárus Fjeldsted hafi ekkert í þessu samtali þeirra minnzt á morðið á Gunnari Sigurði Tryggvasyn eða að skammbyssan væri morðvopnið. Lárus Fjeldsted kveður, að þegar komið var að Borgartúni 7, hafi ákærði setið kyrr í sæti sínu, þar til hann opnaði bifreiðarhurðina fyrir honum, og síðan hafi hann fylgt ákærða eftir upp í skrifstofur rannsóknarlögreglunnar, án þess að hægt væri að sjá, að ákærði hefði nokkuð á móti því. Leifur Jónsson rannsóknarlögreglumaður yfirheyrði ákærða frá kl. 1858 til kl. 1947, en að því loknu var hann færður í hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Næsta dag var hann úrskurðaður í gæzluvarðhald af Sverri Einarssyni, fulltrúa yfirsakadómara.

B.

Rannsóknarlögreglan hélt áfram rannsókn málsins næstu daga og yfirheyrði bæði ákærða nánar um málsatvik og ýmsa aðra, sem talið var, að upplýsingar gætu gefið. Ákærði staðhæfði, að hann hefði ekki orðið valdur að bana Gunnars Sigurðar Tryggvasonar eða átt nokkurn hlut þar að. Hann kvaðst hafa fundið byssuna í bifreiðinni R 15612 í janúar 1969 og látið hana á stað þann, sem hún fannst.

Hinn 21. marz hófst dómsrannsókn í málinu, og hélt hann þá fast við þennan framburð sinn. Verður nú rakinn framburður ákærða *um* fund hans á byssunni og geymslu hennar, *um* starf hans hjá Jóhannesi Jósefssyni og ýmis önnur samskipti þeirra svo og *um* byssueign hans.

Ákærði skýrir svo frá, að eftir hádegi og áður en komið var myrkur laust eftir helgi eða á mánudegi eða þriðjudegi rétt eftir miðjan janúar 1969 hafi hann verið að hreinsa bifreiðina R 15612 með ryksugu heima hjá sér að Sækambi. Bifreiðin var við tröppur hússins, til þess að snúran á ryksugunni næði til bifreiðarinnar og inn í hana. Hann tók eins og endranær motturnar á framgólfi og afturgólfi bifreiðarinnar út úr henni og setti þær á vegg, sem aðskilur lóð hans frá næstu húslóð. Hann hafði allar dyr bifreiðarinnar opnar, og síðan fór hann með ryksuguna eða slöngu hennar aftur í bifreiðina og hreinsaði gólfið þar. Stúturinn á slöngu ryk-

sugunnar rakst þá í eitthvað undir framsætinu hægra megin, en bifreiðin er með vinstri handar stýri. Hann fór með höndina aðeins undir sætið og fann þá, að byssa var undir því. Hún var ekki skorðuð af og lá þarna á hliðinni framan og neðan við bakið á við bunguna eða hrygginn, sem er fyrir framan og neðan við bakið á framsætinu, en ákærði getur ekki sagt um, hvernig hún sneri. Stilling framsætanna var eins og venjulega eins framarlega og hægt var. Ekkert annað en byssan var undir sætinu, en tuskur eða tvist geymir ákærði undir sæti bifreiðarstjóra að framanverðu. Það var ekkert utan um byssuna, og hún var svolítið rykug. Hann heldur, að liðin hafi verið um ein vika, síðan hann hafði hreinsað bifreiðina með ryksugu síðast, og varð hann þá ekki var við byssuna, og telur hann mjög líklegt, að hann hefði fundið hana, ef hún hefði verið þá í bifreiðinni á þessum sama stað. Hann sá, að öryggi var á byssunni, því að á því stóð stafurinn S (fyrir Safety), en hann hreyfði ekki við því. Hann athugaði strax, hvort byssan væri hlaðin. Hann tók magasínið úr til að athuga það og ýtti á efsta skotið í því, og þegar það gekk ekki niður, vissi hann, að það var fullt. Hann athugaði ekki, hvort skot var í hlaupi byssunnar, heldur ekki hver stærð hennar var. Honum brá ónotalega við, þegar hann komst að raun um, að byssan var fullhlaðin. Nánar aðspurður um það mál kveðst honum hafa dottið í hug, hvort einhver hefði ætlað að nota byssuna á hann, en hann vissi ekki til þess, að hann ætti nokkurn óvildarmann. Einnig hvarflaði að honum, að þetta væri byssa, sem Jóhannes Jósefsson hefði átt, en þá byssu hafði hann séð. Fannst honum, að byssan í bifreiðinni væri lík byssu Jóhannesar, en hann minnti þó, að hún væri með einum gikk, en fyrrnefnda byssan virtist vera með tveimur. Enn fremur datt honum í hug, þegar hann fann byssuna, að verið gæti, að þetta væri byssan, sem Gunnar Sigurður Tryggvason var myrtur með, en Njörður Snæhólm rannsóknarlögreglumaður hafði sagt honum, að miklar líkur væru á því, að byssa Jóhannesar Jósefssonar hefði verið notuð til að bana Gunnari Sigurði með. Ákærði minnist þess, að Njörður talaði við hann, líklega í tvö skipti, skömmu eftir dauða Gunnars Sigurðar og skýrði honum frá því, að álitið væri, að stærð byssunnar, sem Gunnar Sigurður var myrtur með, væri annað hvort cal. 35 eða 38, og nefndi Njörður aðra töluna svo og að mjög miklar líkur væru fyrir því, að byssa þessi væri sú hin sama og tekin hefði verið frá Jóhannesi Jósefssyni eða þá byssa af sömu gerð. Ákærði fór síðan inn til sín í því skyni að

ná í bréf til að setja utan um byssuna. Hann hafði hana ekki með sér inn, heldur setti hana í hólfið í mælaborði bifreiðarinnar, en læsti því ekki og ekki heldur bifreiðinni sjálfri á meðan. Hann fann bréfpoka inni hjá sér og fór með hann út og setti byssuna í hann. Hann vafði síðan utan um pokann afþurrkunarklút, sem hann hafði í bifreiðinni, og að því loknu setti hann byssuna í þannig umbúðum inn í hólfið í mælaborði bifreiðarinnar. Hann heldur, að hann hafi handleikið og virt fyrir sér byssuna í um 5—7 mínútur, áður en hann lét hana í pokann og klútinn utan um hann. Hann lét byssuna neðst í hólfið og setti aðra hluti í því ofan á hana, og voru það aðallega blöð og nótublokkir, en einnig voru þar tvö lítil skrúfjárn. Síðan læsti hann hólfinu. Aðspurður um, hvers vegna hann afhlóð ekki byssuna, svarar hann: „Ég hugsaði ekkert út í það". Eftir þetta opnaði hann hólfið í nokkur skipti til að ná í skrúfjárn, en gætti þess að gera það ekki, þegar aðrir sáu til, vegna byssunnar, sem var í hólfinu. Hann opnaði hólfið aldrei, svo að aðrir sáu til, eftir að byssan var komin þangað.

Ákærði fór strax að hugsa um það, eftir að hann fann byssuna í bifreiðinni, hver hefði getað sett hana þar, en honum datt ekki í hug neinn sérstakur. Hann reyndi að rifja upp, hverjir höfðu verið farþegar hans þá rétt áður, en mundi ekki eftir neinum sérstökum manni, sem hann taldi líklegan til að hafa komið byssunni fyrir í bifreiðinni. Hann hafði verið í akstri allan morguninn dag þann, sem hann fann byssuna, og einnig næstu daga á undan, og man hann ekki eftir neinum einstökum farþega, sem hann ók á þessum tíma, en það var fjöldi fólks. Honum datt í hug, að einhver hefði af ásettu ráði verið að koma honum í vandræði með því að koma fyrir byssunni í bifreiðinni, en jafnframt hvarflaði að honum, að ef til vill hefði átt að nota byssuna á hann. Honum datt þó ekki í hug neinn ákveðinn maður í þessu sambandi. Aðspurður um, hvers vegna hann tilkynnti ekki lögreglunni um byssuna, þar sem honum datt í hug, að einhver hefði viljað koma honum í vandræði með því að skilja hana eftir í bifreiðinni eða nota hana á hann, svarar ákærði því til, að hann tilkynnti ekki lögreglunni um byssuna af einhverri vitleysu, og ætlaði hann að athuga það sjálfur, hver hefði látið byssuna þarna, og bjóst hann jafnvel við því, að maðurinn mundi koma til hans og spyrja um hana. Ætlun hans var að komast að því, hver sá maður var, sem gæti verið svona illviljaður í hans garð, en hann ætlaði þó ekki að afhenda honum byssuna.

Nokkru eftir að ákærði fann byssuna, kom honum í hug, að það gæti litið illa út, ef hann skilaði henni ekki til lögreglunnar eða léti hana vita af henni. Varð þetta til þess, að hann reyndi nokkrum sinnum að ná í Lárus Fjeldsted Salómonsson símleiðis, en það tókst ekki. Hann hringdi í öll skiptin kl. 1300—1400 frá heimili sínu. Í fyrsta skipti hringdi hann, nokkrum dögum eftir að hann fann byssuna, bæði á vinnustað hans á Seltjarnarnesi og heim til hans í Kópavogi, en enginn svaraði. Hann hringdi aftur einum til tveimur dögum síðar á báða staðina, en einnig þá svaraði enginn. Einum til tveimur dögum síðar hringdi hann enn á sama tíma á báða staðina, og svaraði þá enginn í síma Lárusar Fjeldsteds í hreppsskrifstofunni, en á tali var heima hjá honum í tæpa klukkustund. Eftir þetta hringdi ákærði ekki til hans. Aðspurður um, hvers vegna hann eftir allar þessar árangurslausu tilraunir til að ná í Lárus Fjeldsted hringdi ekki á lögreglustöðina eða í rannsóknarlögregluna í Reykjavík, þar sem hann hefði auðveldlega getað fengið samband strax, svarar ákærði orðrétt: „Af einhverjum ástæðum gerði ég það ekki". Það hvarflaði þó að honum að snúa sér til rannsóknarlögreglunnar, þar sem honum var kunnugt um, að hún var að leita að öllum byssum, sem Gunnar Sigurður hefði getað verið myrtur með. Hann gerði sér einnig að vissu leyti grein fyrir því, í hvaða hættu hann var, ef byssan, sem hann hafði fundið í bifreiðinni, var sú hin sama og Gunnar Sigurður var myrtur með. Þrátt fyrir þetta afhenti hann ekki byssuna til lögreglunnar eða lét hana vita um hana. Hann hummaði það fram af sér, eins og hann kemst að orði, og bætir við: „Þetta var einhver trassaskapur". Hann sagði heldur engum frá fundi eða tilveru byssunnar. Svo liðu dagar og vikur, án þess að nokkur maður kæmi til hans og spyrði um byssuna, og er frá leið, hætti hann að hugsa frekar um byssuna, og meira að segja gleymdi hann henni úr huga sér.

Ákærði segir, að bifreiðin R 15612 hafi að næturlagi staðið undir beru lofti á lóðinni við hús hans Sækamb, og var hún þá ávallt læst. Á daginn var hún einnig læst, þegar hann yfirgaf hana, nema þegar hún var á stæði fyrir utan Bæjarleiðir svo og þegar hann skrapp inn í hús sitt til að fá sér kaffi. Á daginn geymdi hann bifreiðarlyklana ávallt á sér og hafði þá annað hvort í buxnavasa eða í vasa á peysu eða treyju, sem hann er mjög oft í. Þegar hann kom heim til sín að loknum akstri og fór úr treyjunni eða peysunni, lét hann lyklana vera kyrra þar í vasa, og venjulega lagði hann flíkina þá á símaborð í forstofu, en setti

hana þó stundum í fatahengi þar. Ef lyklarnir voru í buxnavasa hans, lét hann þá vera þar kyrra, þegar hann fór úr buxunum, og geymdi hann þær þá á stól við rúm sitt. Heimilisfólk hans, eiginkona og börn hans fjögur, vissu, hvar hann geymdi bifreiðarlyklana, þegar hann var ekki í akstri, og hafði hvert þeirra aðstöðu til að ná þeim, þegar hann hafði lagt fötin frá sér.

Eftir að ákærði lét byssuna í mælaborðshólf bifreiðarinnar, ók enginn annar en hann henni nema Helgi sonur hans. Hann fékk bifreiðina þó ekki að láni heilan dag eða næturlangt, heldur í tvö til þrjú skipti að kvöldlagi milli kl. 1900 og 2000. Mun Helgi þá hafa farið í henni að Freyjugötu 1 til unnustu sinnar og til að kaupa benzín á bifreiðina á benzínstöð við Nesveg. Helgi fékk þá alla lyklakippu bifreiðarinnar, en það voru þrír lyklar, einn að kveikjlás og hurðum, annar að mælaborðshólfi og skotti og þriðji að benzínloki bifreiðarinnar. Ákærði hafði ekki orð á því við Helga, að hann skyldi ekki eða mætti ekki opna mælaborðshólfið, en hann hafði löngu áður sagt honum að eiga ekki við eða snerta hluti í hólfinu. Helgi minntist heldur aldrei á það við ákærða, að hann hefði opnað mælaborðshólf bifreiðarinnar eða að hann hefði orðið var við byssu í henni. Ákærði fór tvívegis með bifreiðina til smáviðgerðar á verkstæði, eftir að byssan var komin í mælaborðshólfið, en í bæði skiptin beið hann á staðnum, meðan viðgerðin fór fram, og afhenti hann ekki viðgerðarmönnunum bifreiðarlyklana.

Ákærði skýrir frá starfi sínu hjá Jóhannesi Jósefssyni og ýmsum samskiptum þeirra þannig:

Ákærði byrjaði að vinna á Hótel Borg 10 ára gamall árið 1936. Fyrst í stað var hann vikadrengur („piccolo"), en einnig var hann í skóla á vetrum. Árið 1943 varð hann húsvörður á hótelinu og árið 1946 einnig einkabifreiðarstjóri Jóhannesar á sumrin. Þessu starfi gegndi hann, þar til Jóhannes seldi hótelið árið 1960. Sem einkabifreiðarstjóri var hann daglegur gestur á heimili Jóhannesar og fór með honum í ferðalög bæði til laxveiða og fuglaveiða. Eftir að hann hætti að vinna hjá Jóhannesi, kom hann sjaldan á heimili hans, en þó kom það fyrir, einkum fyrst í stað, þegar Jóhannes hringdi í hann og bað hann um að gera eitthvert viðvik. Jóhannes átti sumarbústað eða veiðihús við Hítará í Mýrasýslu, og dvaldist hann þar sumarlangt, eða frá því í maí og fram í september. Ákærði dvaldist þar þá einnig, en annars bjó hann heima hjá móður sinni, þar til hann kvæntist.

Jóhannes átti tvær skammbyssur, og voru þær í kassa, sem

var lokaður með tveimur smellum, en ekki var hægt að læsa honum með lykli. Byssurnar voru misstórar, og var hin stærri að umfangi cal. 22, en ákærði vissi ekki cal. stærð hinnar minni. Hann komst að cal. stærð stærri byssunnar, þegar þeir Jóhannes voru að taka til byssurnar og í skúffu hjá þeim, sem nokkur skot voru í, en þá hafði Jóhannes orð á því, að skotin mundu vera ónýt og ætti að fleygja þeim. Ákærði spurði hann þá að því, í hvaða byssu skotin „pössuðu", og benti hann þá á stærri byssuna í kassanum. Ákærði hreinsaði aldrei byssurnar, enda voru þær aldrei notaðar, svo að hann vissi til. Jóhannes átti einnig 5—6 haglabyssur, og hreinsaði ákærði þær eftir veiðiferðir. Jóhannes hafði ávallt byssur sínar hjá sér á þeim stað, er hann bjó hverju sinni. Í sumarbústaðnum við Hítará geymdi hann haglabyssurnar í glerskáp í stofu þar, og var skápurinn ólæstur, en lokaður með rennihurðum. Skammbyssurnar geymdi hann í kassanum, sem hann hafði á eikarhillu, sem var hringinn í kringum stofuna í bústaðnum, og yfirleitt á sama stað undir norðvestur glugga. Á heimili sínu að Hótel Borg geymdi hann haglabyssurnar í tveimur glerskápum í skrifstofu sinni í herbergi nr. 101 á fyrstu hæð hótelsins, og var hægt að loka skápunum með lykli, en hann var ávallt hafður í skránni. Kassann með skammbyssunum tveimur í hafði hann á hillu á milli fyrrgreindra tveggja glerskápa í skrifstofunni. Á Tjarnarstíg 8 á Seltjarnarnesi geymdi hann haglabyssurnar í skrifstofu sinni, en ákærði man ekki hvar, en kassann með skammbyssunum í geymdi hann á skattholi þar. Ákærði kveðst ekki hafa handleikið skammbyssurnar, en sjálfsagt tekið kassann upp og haldið eitthvað á honum, þegar Jóhannes flutti búferlum, og þá máske snert eitthvað á byssunum. Það kom fyrir að Jóhannes sýndi gestum sínum skammbyssurnar í kassanum að gefnu tilefni frá þeim. Ákærði man ekki sérstaklega eftir því, hvað Jóhannes kann að hafa sagt honum eða öðrum í áheyrn hans, hvernig hann eignaðist byssurnar eða hvort hann hefði keypt þær eða fengið þær að gjöf. Hann minnir þó, að Jóhannes hafi haft orð á því, að þær væru sjaldgæfar og að hann hefði látið búa til kassann, en hann minnist þess ekki, að hann léti orð falla um, að þær, önnur eða báðar, væru það sjaldgæfar, að aðrir ættu ekki slíka gripi hér á landi.

Jóhannes geymdi skot í byssurnar þannig: Í bústaðnum við Hítará var á hornhillu í svonefndum veiðiskála kassi frekar en pakki, sem var stærri en eldspýtustokkur, en aðeins minni en 20 stykkja vindlingapakki, og vantaði lokið á hann. Kassinn var

fullur af skammbyssuskotum, og voru þau bæði af cal. 22 og stærri skot, en ákærði getur ekki sagt um, hve mikið var af hvorri tegund og hve mörg þau voru. Hann þekkti skotin, sem voru cal. 22, og hafði Jóhannes einhverju sinni orð á því, að þau væru slegin, en ákærði hugsaði ekkert um merkingu þess orðs. Ákærði prófaði aldrei, hvort skot þessi „pössuðu í" skammbyssurnar, og hann minnist þess ekki að hafa handleikið þau. Hann minnist þess heldur ekki, að Jóhannes hefði orð á því, að ekki væri gott að fá skot í skammbyssurnar, aðra eða báðar. Í bústaðnum voru einnig skot í haglabyssurnar í skúffum undir skápnum, sem þær voru í, og var hægt að loka skúffunum með lykli, sem stóð í skránni. Þegar Jóhannes flutti úr bústaðnum við Hítará heim til sín til Reykjavíkur og síðar út á Seltjarnarnes, lét hann skammbyssuskotin vera kyrr í bústaðnum, en hafði með sér skotin í haglabyssurnar. Á Hótel Borg geymdi hann öll skot sín í skáp á fyrstu hæð hússins fast við lyftuna. Skápurinn var hafður læstur, og hafði Jóhannes einn lykil að honum. Ákærði veit ekki, hvar Jóhannes geymdi lykilinn, en gengur út frá því, að hann hafi haft hann á lyklakippu sinni. Hann vissi ekki til þess, að Jóhannes geymdi skot í skammbyssur sínar, aðra eða báðar, á Hótel Borg. Hann getur ekki sagt um, hvar Jóhannes geymdi haglabyssuskotin á Tjarnarstíg 8, og hann vissi ekki til þess, að þar væru skot, sem „pössuðu í" skammbyssur Jóhannesar, aðra eða báðar.

Jóhannes kenndi ákærða að skjóta úr haglabyssu, og fóru þeir oft suður að Seltjörn til að skjóta þar úr byssum Jóhannesar, en ákærði skaut aldrei úr haglabyssu í bústaðnum við Hítará eða þar í grennd, því að þar voru ekki fuglaveiðar, heldur aðeins laxveiði. Jóhannes brýndi fyrir honum að fara gætilega með skotvopn. Hann lánaði ákærða aldrei byssu, nema þegar þeir voru saman, að undanteknu þó einu tilviki, en þá varð ekkert úr því, að hann notaði hana.

Ákærði skýrir frá byssueign sinni þannig:

Á árunum 1943 frekar en 1944 til 1946 festi hann kaup á nýjum riffli, cal. 22 og 16 skota, og voru þau sett í rör undir hlaupinu. Hann notaði riffilinn mjög lítið, en það kom þó fyrir, að hann skaut í mark úr honum og notaði hann á fuglaveiðum. Hann seldi riffilinn mági sínum, Marinó Aðalsteinssyni.

Um árið 1950, að því er ákærða minnir, keypti hann skammbyssu af Leo Schmidt meindýraeyði, og var enginn tilgangur hjá ákærða með kaupunum. Atvik að þeim voru þau, að eitt sinn

hitti hann Schmidt í verzlun einni á Nesvegi, og var hann þá með skammbyssu, sem hann sýndi ákærða, og bauð hann honum hana til kaups að fyrra bragði. Ákærði tók boðinu og keypti hana á kr. 400.00 til kr. 500.00, að því er hann minnir. Þetta var þýzk byssa frá fyrri heimsstyrjöld af tegundinni Mauser, að því er hann heldur, og máske cal. 38. Byssan var með magasíni, sem gekk upp í skaftið, og voru engar skrúfur í henni. Var það nokkurs konar gestaþraut að taka hana í sundur og setja hana saman aftur. Gerði hann það einu sinni eða tvisvar. Byssan var óvirk, og vantaði í hana pinnan. Ákærði man ekki, hve margra skota hún var. Henni fylgdu engin skot, en þó nokkuð löngu síðar lét Schmidt hann fá líklega 4 eða 5 skot. Ákærði setti þó aldrei skot í byssuna, og hann skaut aldrei úr henni. Hann geymdi hana í skúffu í skrifborði í herbergi hjá sér, og var skúffan stundum læst, en stundum ólæst. Skotin geymdi hann í ólæstum verkfærakassa, og eftir að hann flutti að Sækambi, var hann á annari hæð hússins fyrir framan stigann, þegar upp var komið. Einhvern tíma á árunum 1963—1966 seldi ákærði Þóri Magnússyni skammbyssuna, en þá voru þeir báðir leigubifreiðarstjórar á Bifreiðastöð Steindórs. Þórir skýrði honum frá því, að hann safnaði byssum, og sagði ákærði honum þá frá Mauser byssunni. Varð úr, að ákærði lét hann fá hana og afhenti hana á bifreiðastöðinni. Kaupverðið var ekki endanlega ákveðið, en talað var um kr. 1.000.00 til kr. 2.000.00. Þórir vildi láta ákærða fá aðra skammbyssu fyrir Mauser byssuna, en ákærði hafði ekki áhuga á því, og kveður hann, að kaupverðið sé enn ógreitt. Þórir fékk ekki skot með byssunni, og fann ákærði þau ekki, um það leyti sem Þórir fékk hana. Ákærði segir, að eftir að Gunnar Sigurður hafði fundizt látinn af völdum skotsárs, hafi verið skorað á alla þá, sem hefðu skammbyssur undir höndum, að afhenda þær til lögreglunnar og hafi hann þá sagt Nirði Snæhólm frá Mauser byssunni. Njörður hafi þá spurt hann um stærð byssunnar og hvort hann ætti skot í hana. Ákærði kvaðst ekki vita um stærð hennar, en einhvers staðar ætti hann skot í hana í fórum sínum, og í framhaldi af því leitaði hann að þeim og fann þau í verkfærakassanum og afhenti hann þau Nirði.

Ákærði kveðst ekki hafa átt eða haft undir höndum aðra skammbyssu en Mauser byssuna, þar til hann fann byssuna í bifreiðinni R 15612.

Ákærði kveðst ekki hafa vitað, að minni skammbyssa Jóhannesar hafði horfið frá honum, fyrr en eftir morðið á Gunnari

Sigurði, en þá skýrði Njörður Snæhólm honum frá því, að byssunni hefði verið stolið frá Jóhannesi, og skömmu síðar skýrði Lárus Fjeldsted honum einnig frá hinu sama.

Að lokum þykir rétt að geta hér þess framburðar ákærða, að hann hafi ekki átt eða notað hanzka, hvort heldur við göngu eða akstur bifreiðar, en hann hafi haft í leigubifreið sinni vinnuvettlinga, sem hann hafi notað, þegar hann þurfti að setja keðjur á hjól bifreiðarinnar eða gera við hana.

Hinn 28. júní f. á. breytti ákærði framburði sínum í nokkrum greinum, eins og rakið verður í IV. kafla hér á eftir, en fyrir þann tíma var veigamikill þáttur rannsóknar málsins fólginn í því að staðreyna, hvert væri sannleiksgildi fyrrgreinds framburðar hans. Verður þessi rannsóknarþáttur nú rakinn í þeim greinum, sem máli þykir skipta.

C.

Brynhildur Sigurðardóttir, nú til heimilis að Strönd við Nesveg, Seltjarnarnesi, giftist Jóhannesi Jósefssyni 24. október 1961, en hann andaðist 5. október 1968. Hún kveður, að þau hjónin hafi alla hjúskapartíð sína búið á Tjarnarstíg 8 á Seltjarnarnesi, en verið á sumrin frá maí til september í bústað Jóhannesar við Hítará, en hana minnir, að hann hafi verið seldur á árunum 1963—1965. Hún segir, að hann hafi átt margar byssur og meðal annars tvær skammbyssur, og voru þær geymdar í kassa, sem var kræktur aftur, en ólæstur. Kvaðst hann hafa komið með hann hingað til lands frá Ameríku, þegar hann flutti þaðan. Hún segir, að á meðan Jóhannes átti bústaðinn við Hítará, var byssukassinn geymdur á hillu undir glugga í stofunni þar, og var kassinn hafður þar árið um kring, þ. e. einnig á veturna, þegar enginn var í bústaðnum. Eftir að bústaðurinn hafði verið seldur, geymdi Jóhannes kassann í opinni hillu ofan á skrifborði í skrifstofu sinni á fyrstu hæð á Tjarnarstíg 8. Var byssukassinn með byssunum í hafður eins og sýningargripur, og kom það fyrir, að Jóhannes sýndi gestum sínum kassann og byssurnar. Þær voru misstórar, en hann talaði aldrei sérstaklega um minni byssuna. Brynhildur kveðst ekki hafa vitað til þess, að skoti væri nokkru sinni hleypt úr skammbyssunum eða að til væru skot í þær. Hún segir þó, að tveir kassar og taska hafi verið í hillu í þvottahúsinu á Tjarnarstíg 8, og voru geymd þar einhver skot, en hún vissi ekki tölu þeirra eða í hvaða byssur þau „pössuðu". Innangengt var milli þvottahússins og bílskúrs, og var hurðin þar á milli læst með

smekklási frá þvottahúsinu. Hún segir, að þau hjónin hafi farið til Danmerkur í júní 1965 og komið aftur hingað til lands 5. ágúst sama ár. Stuttu eftir heimkomu þeirra kom Sigurjón Ragnarsson veitingamaður heim til þeirra á Tjarnarstíg 8. Sigurjón greip byssukassann, sem hann hafði séð áður, opnaði hann og sagði þá: „Hvað eruð þið búin að gera við minni byssuna?“ Kom þá í ljós, að þá byssu vantaði í kassann, sem var á sínum stað í hillunni. Þeim hjónum kom þetta mjög á óvart, en Jóhannes talaði aldrei um það, að hann grunaði einhvern einstakan mann um að vera valdan að hvarfi byssunnar. Brynhildur kveðst kannast við ákærða, og eftir að Jóhannes hafði selt Hótel Borg, kom hann einstaka sinnum á Tjarnarstíg 8, en aldrei eftir að Jóhannes veiktist nokkru eftir komu þeirra hjóna frá útlöndum sumarið 1965. Jóhannes talaði aldrei um það við hana eða í áheyrn hennar, að ákærði væri að taka eitthvað frá honum í heimildarleysi eða að hann hefði hann grunaðan um að gera það.

Sigurjón Ragnarsson veitingamaður, Blikanesi 13, Seltjarnarnesi, kveðst hafa þekkt Jóhannes Jósefsson í mörg ár og komið oft heim til hans á Tjarnarstíg 8. Hann minnist þess, að við vesturvegg í herbergi Jóhannesar þar var byssukassi undir skáp ofan á skrifborði, og opnaði Sigurjón kassann í nokkur skipti, en hann var kræktur aftur. Í kassanum var byssusett, tvær misstórar skammbyssur með einhverjum fylgihlutum. Jóhannes sagði honum, að kassinn væri minjagripur. Sigurjón kveðst ekki hafa vitað til þess, að Jóhannes eða annar maður hleypti nokkru sinni skoti úr byssunum, annarri eða báðum, eða að hann ætti skot í þær, og hann sá aldrei skot hjá kassanum, en í skáp í kjallara hússins sá hann einhver skot, sem hann hélt, að væru eingöngu haglaskot. Sigurjón segir, að varla meira en einum mánuði eftir að Jóhannes og kona hans komu frá útlöndum sumarið 1965, heimsótti hann þau hjónin. Byssukassinn var þá á venjulegum stað, og opnaði hann kassann og sá þá, að minni byssan var þar ekki. Hjónunum kom það mjög á óvart. Jóhannes nefndi aldrei við hann, að hann grunaði einhvern tiltekinn mann um að vera valdan að hvarfi byssunnar. Sigurjón kveður, að Jóhannes hafi aldrei minnzt á ákærða við hann nema í sambandi við lóð undir húsi því, sem ákærði bjó í.

Brynhildur Sigurðardóttir hefur sýnt rannsóknardómara málsins og lögreglumönnum fyrrgreindan byssukassa, og var stærri byssan þá í honum ásamt nokkrum fylgihlutum. Greipt sæti er í kassanum fyrir tvær byssur. Byssan, sem fannst í bifreiðinni

R 15612, var látin í hið auða byssusæti, og féll hún nákvæmlega í sætið. Telur Brynhildur, að enginn vafi sé á því, að þetta sé minni byssan, sem var í kassanum.

Lárus Fjeldsted Salómonsson og ákærði hafa þekkzt í mörg ár, og ber þeim saman um, að þeir hafi hitzt í tvö skipti árið 1969, áður en ákærði var handtekinn. Í fyrra skiptið hittust þeir nokkru fyrir 10. febrúar. Kveður ákærði, að þeir hafi þá báðir verið í bifreið og mætzt á Nesvegi, hann verið á leið inn í Reykjavík, en Lárus Fjeldsted verið á leið út á Seltjarnarnes. Hinn síðarnefndi kveður það rétt vera og hafi klukkan verið um eða laust eftir 1400 um daginn. Þeir stöðvuðu bifreiðar sínar, og kom ákærði inn í bifreið Lárusar Fjeldsteds. Fóru þeir að tala um byssu Jóhannesar, sem horfið hafði frá honum, en þeir höfðu gjarnan talað um það mál, þegar þeir hittust. Lárus Fjeldsted minnist þess, að hann sagði við ákærða: „Ekki kemur byssan hans Jóa (þ. e. Jóhannesar) ennþá í leitirnar" eða eitthvað á þá leið, og svaraði ákærði þá: „Hún kemur bráðum í leitirnar" eða „Ætli hún komi ekki bráðum í leitirnar?" eða önnur slík orð, þar sem ákærði tók jákvætt undir spurningu hans. Tekur Lárus Fjeldsted fram, að þessi orð ákærða hafi verið honum nú sérstaklega minnisstæð, af því að ákærði hafði aldrei fyrr tekið svona undir orð hans um byssuna. Ákærði rengir ekki og dregur ekki í efa, að þessi orðaskipti hafi átt sér stað á milli þeirra í þetta skipti, en tekur fram, að ekki þurfi að liggja neitt á bak við þetta svar hans. Ákærði kveðst í þetta skipti hafa verið á bifreiðinni R 15612 og hafi skammbyssan, sem hann hafði fundið í bifreiðinni, verið þá í geymsluhólfinu í mælaborði hennar. Hann hafi stöðvað Lárus Fjeldsted í því skyni að segja honum frá byssunni, en brostið kjark til þess, þegar þeir fóru að tala saman. Í seinna skiptið hittust þeir 10. febrúar heima hjá ákærða vegna 1.000 króna seðils, sem talið var, að horfið hefði þar frá tengdaföður hans. Lárus Fjeldsted talaði þá við ákærða, konu hans og dóttur, og þar eð hvarf peninganna virtist vera fjölskyldumál, óskaði hann eftir því, að fjölskyldan leysti málið sín í milli. Við þetta tækifæri minntist ákærði ekkert á byssuna, sem var í bifreiðinni R 15612, við Lárus Fjeldsted, og kveðst ákærði ekki hafa munað eftir henni í þetta skipti. Lárus Fjeldsted kveður, að lögreglan í Seltjarnarneshreppi hafi húsnæði og sérstakan síma í gamla Mýrarhúsaskólanum, en í því húsi er einnig skrifstofa sveitarstjórnar. Hann hafi einnig síma heima hjá sér í Kópavogi. Hann kveður, að daglegur vinnutími hans á Seltjarnarnesi sé frá kl.

1400 til kl. 2200, en milli kl. 1300 og 1400 sé hann annað hvort heima hjá sér eða á leiðinni vestur í gamla skólahúsið til vinnu. Laust fyrir kl. 1400 sé aksturstími leiðarinnar um 11—12 mínútur, en þó fari það að sjálfsögðu eftir umferð hverju sinni.

Það er einnig upplýst, að Njörður Snæhólm og ákærði hittust 7. febrúar 1969. Þann dag fór Njörður á Laugaveg 126 hér í borg í tilefni af því, að maður hafði fundizt látinn í herbergi sínu á efstu hæð hússins. Herbergið var inn af íbúð Helgu Sigurbjörnsdóttur, sem maðurinn leigði hjá, en Helga er móðir ákærða. Ákærði kom á staðinn, á meðan Njörður var þar. Þeir heilsuðust og töluðust aðeins lítillega við út af andláti mannsins. Ákærði minntist ekki á það við Njörð, að hann þyrfti að tala við hann einslega, og bar heldur ekki fram neina ósk um slíkt. Njörður gizkar á, að þeir hafi verið samtímis þarna á staðnum í um 10 mínútur, en ákærði segir, að það hafi verið nokkra stund. Aðspurður um, hvers vegna hann skýrði Niröi ekki frá byssunni, sem var í bifreiðinni R 15612, við þetta tækifæri, svarar ákærði: „Nú veit ég ekki, af hverju ég gerði það ekki. Það hefur verið einhver klaufaskapur".

Þórir Magnússon bifreiðarstjóri, Meðalholti 14 hér í borg, ók leigubifreið hjá Bifreiðastöð Steindórs frá því í október 1960 þar til í byrjun september 1966. Hann kveðst vera meðlimur í Skotfélagi Reykjavíkur og hafa rætt nokkrum sinnum við félaga sína á stöðinni um skotvopn og oftar en einu sinni við ákærða. Hann minnist þess, að á árinu 1966 og sennilega þá um vorið skýrði ákærði honum frá því á bifreiðastöðinni, að hann ætti tvær skammbyssur. Önnur væri þannig, að hægt væri að breyta henni í vélbyssu, en hin væri öðruvísi og miklu skemmtilegri, og minnir hann, að ákærði segði, að hún væri þannig, að hleðslan gengi upp í skaftið. Ákærði sagði honum, að erfitt væri að fá skot í byssurnar. Þórir kveðst hafa beðið hann um að selja sér þær og hafi ákærði fallizt á að láta hann fá þá, sem hægt væri að breyta í vélbyssu, en hina vildi hann ekki selja. Ákærði kom síðan á bifreiðastöðina með þá byssu og afhenti Þóri hana ásamt einu skoti. Þetta var þýzk byssa af Mauser tegund, 7.63 millimetrar að stærð, og gekk magasínið í henni upp fyrir framan gikkinn. Pinninn í henni var skemmdur. Á skotinu, sem Þórir fékk með byssunni, stóð, að það væri 9 millimetrar að stærð, og virtist honum, að það væri of stórt í byssuna, sem ákærði sagði, að væri 9 millimetrar. Þórir kveðst nokkrum dögum síðar hafa

sýnt Jóni Sen, sem bjó þá í sama húsi og hann á Miklubraut 40, bæði byssuna og skotið, og var Jón þá sammála honum um, að skotið „passaði" ekki í hana. Um mánaðamótin maí og júní 1969 afhenti Þórir svo yfirlögregluþjóni í almennu lögreglunni í Reykjavík byssuna og Leifi Jónssyni rannsóknarlögreglumanni skotið, sem fylgdi henni, fáeinum dögum eftir að Leifur yfirheyrði hann í máli þessu, en það var 11. marz 1969. Þórir sá aldrei hina byssuna, sem ákærði kvaðst eiga. Ákærði sagði honum ekki frá því, hvar hann hefði fengið þá byssu eða með hverju móti eða hvenær, og hann skýrði honum heldur ekki frá því, hvar hann geymdi hana eða hvort hann ætti skot í hana, en Þóri minnir, að ákærði segði honum, að hann hefði skotið úr byssunni. Veit Þórir ekkert frekar um byssu þessa.

Við samprófun ákærða og Þóris Magnússonar, sem fram fór 18. apríl 1969, kveður ákærði, að það sé rangt, að hann hafi sagt honum, að hann ætti tvær skammbyssur og að hann hafi látið hann fá skot með Mauser byssunni. Hann telur einnig útilokað, að hann hafi sagt Þóri, að byssan væri 9 millimetrar, því að það hafi hann ekki vitað. Ákærði segir, að það geti verið rétt, að magasínið í byssunni hafi gengið upp fyrir framan gikkinn og að pinninn í henni hafi verið skemmdur, en þessi atriði muni hann ekki glöggt.

Ágúst Bent Bjarnason, Ferjubakka 2 hér í borg, hefur í mörg undanfarin ár verið bifreiðarstjóri hjá Bifreiðastöð Steindórs, og kveður hann, að fyrir um þremur árum hafi þeir Þórir Magnússon, Ólafur Skagvíg, ákærði og hann unnið þar saman (framburður 29. maí 1969). Hann kveður, að þeir Þórir og Ólafur hafi haft mikin áhuga á skotvopnum og safnað þeim og talað mikið um þau, og komst hann ekki hjá því að heyra á tal þeirra inni í bifreiðastöðinni um það efni. Ágúst Bent segir, að honum hafi verið kunnugt um, að ákærði seldi Þóri Mauser skammbyssu, sem unnt hafi verið að breyta í hríðskotabyssu, en þó hafi hann aldrei séð byssuna. Hann hafi heyrt Þóri leggja nokkrum sinnum mjög ríkt að ákærða að láta hann fá aðra byssu, sem ákærði hefði undir höndum, og hafi hann heyrt á Þóri, að hér væri um einhverja forláta byssu að ræða, en í hverju það var fólgið, vissi hann (Ágúst Bent) ekki. Þórir hafi ekki fengið byssuna hjá ákærða, þó að hann gengi ríkt eftir því að fá hana. Ágúst Bent kveðst aldrei hafa séð byssu þessa. Hann segir, að ákærði hafi aldrei sagt berum orðum í áheyrn hans, að hann ætti eða hefði

þessa forláta byssu undir höndum, en hann taldi, að ákærði hlyti að hafa byssuna, vegna þess hve Þórir margbað hann um að láta hann fá hana.

Við samprófun ákærða og Ágústs Bents Bjarnasonar 2. júní 1969 kveður ákærði, að Þórir hafi aldrei beðið hann um að láta hann fá nema eina byssu, þ. e. Mauser byssuna, og hafi aldrei verið talað um aðra byssu. Ágúst Bent minnir sérstaklega, að hann hafi heyrt Þóri leggja nokkrum sinnum mjög ríkt að ákærða að láta hann fá aðra byssu en Mauser byssuna, og hafi hann heyrt á Þóri, að hér væri um einhverja forláta byssu að ræða.

Ólafur Herbert Skagvík bifreiðarstjóri, Álfhólsvegi 107, Kópavogi, kveðst hafa ekið bifreið hjá Bifreiðastöð Steindórs á árunum 1965—1967. Hann hefur haft áhuga á skotvopnum, og ræddi hann stundum við starfsfélaga sína um það mál. Hafði hann hug á því að eignast byssur og hafði orð á því við félaga sína, og að minnsta kosti við ákærða. Hann vissi ekki, hvort ákærði átti eða segðist eiga byssu, og hann sá hann aldrei með slíkan grip.

Leo Bernhard Frederik Schmidt meindýraeyðir, Gnoðarvogi 36 hér í borg, kveðst hafa komið hingað til lands í nóvember 1945 og haft þá með sér þýzka Mauser skammbyssu, sem hann hafði eignazt í Danmörku. Þetta var 9 millimetra byssa, og voru engar skrúfur í henni, en hann man ekki, hvort hún var með magasíni. Hann skaut aldrei skoti úr byssunni, og hann átti engin skot í hana, og hékk hún á vegg heima hjá honum sem minjagripur. Hann heldur, að það hafi verið á árunum 1949 eða 1950, sem hann seldi byssuna ákærða, sem hann kannaðist við. Hann minnir, að atvik að því, að hann seldi byssuna, hafi verið þau, að ákærði hafi komið heim til hans og séð hana á veggnum. Bauð hann ákærða að fyrra bragði byssuna til kaups, af því að hann skorti fé, og seldi honum hana á kr. 300.00, en ákærði hefur þó aðeins greitt kr. 200.00 af upphæðinni. Hann fullyrðir, að engin skot hafi fylgt byssunni, þegar hann seldi ákærða hana. Við samprófun hefur ákærði ekkert sérstakt haft við þennan framburð Schmidts að athuga nema það, að hann kveður, að þeir hafi fyrst rætt um byssuna í verzluninni Straumnesi og Schmidt afhent honum byssuna svo á heimili sínu svo og síðar látið hann fá 4—5 skot, sem áttu að „passa í“ hana. Schmidt man ekki sérstaklega eftir því, að þeir hafi rætt saman um byssuna í greindri verzlun, en þó kunni það að hafa verið. Þá man hann ekki eftir því, að hann léti ákærða fá 4—5 eða aðra tölu skota, sem áttu að „passa í“ byssuna.

Jón Sen tónlistarmaður, Miklubraut 40 hér í borg, hefur átt heima í því húsi síðan 1946, og í kjallara hússins bjó Þórir Magnússon í um hálft annað ár, en flutti þaðan fyrir þó nokkru. Jón kveðst lengi hafa haft áhuga á skotvopnum og hafi margir leitað upplýsinga hjá honum um byssur og skot í þær. Hann minnir, að Þórir hafi einhvern tíma, á meðan hann bjó í kjallaranum, komið til hans og sýnt honum byssu og skot, en hann man ekki, í hvaða skyni eða hvers konar byssa það var. Hann man ekki sérstaklega nánar frá atviki því, sem Þórir greinir frá, en segir, að þar geti vel verið rétt frá skýrt. Jón kveðst þekkja Mauser skammbyssur og segir, að algengasta stærð þeirra sé 7.62 millimetrar, og „passi" því 9 millimetra skot í þær.

Rannsóknarlögreglan framkvæmdi húsleit heima hjá ákærða að Sækambi, eftir að hann hafði verið handtekinn 7. marz 1969, og fannst þar þá læstur peningakassi á stigapalli á efri hæð. Ákærði afhenti lögreglunni lykil, sem hann kvað ganga að kassanum, en ekki var unnt að opna hann með þeim lykli, og var ákærða skýrt frá því. Kvað hann þá, að rétti lykillinn mundi vera í skrifborðsskúffu sonar hans, og afhenti hinn síðarnefndi lögreglunni lykil, sem hann taldi ganga að kassanum, en það reyndist ekki vera. Rannsóknarlögreglumönnum tókst þó daginn eftir að opna kassann með einum af hinum mörgu lyklum, sem þeir hafa í vörzlum sínum. Í kassanum reyndist vera auk margra smápeninga og ýmissa annarra smáhluta tvö skammbyssuskot. Kveður Njörður Snæhólm, að annað skotið hafi verið WRA, 9 mm, en hitt skotið REM-UMC, 35 cal., S&W, af sömu gerð og þau, sem voru í byssunni, sem fannst í bifreiðinni R 15612, og það, sem notað var á Gunnar Sigurð Tryggvason, svo og þau, sem fundust heima hjá Jóhannesi Jósefssyni.

Ákærði var yfirheyrður í dómi 31. marz og 1. apríl 1969 um peningakassann, og var framburður hans þá þessi: Hann keypti kassann, sem var notaður, fyrir um 20—25 árum á kr. 50.00 til kr. 60.00 á fornsölu hér í borginni, en hann man ekki hjá hvaða fornsala. Hann var búinn að kaupa kassann, þegar hann flutti að Sækambi í desember 1949. Kassinn var úr járni, og hægt var að læsa honum, og fylgdi honum einn lykill. Hann geymdi kassann ávallt á sama stað að Sækambi, eða á stigapalli framan við svefnherbergi sitt. Kassinn lokaðist af sjálfu sér, þegar lokið var lagt niður, og var hann því ávallt læstur. Í fyrstu geymdi ákærði lykilinn að kassanum með öðrum lyklum á lyklakippu sinni, en hin síðari ár í skúffu í skrifborði, sem Helgi sonur hans á og er í

herbergi Helga. Sú skúffa var læst, og hafði ákærði lykil að henni og geymdi á lyklakippu sinni. Eftir að hann hafði eignazt kassann, fór hann að geyma í honum peninga og nótur, en hann hefur nú um langt skeið sama og ekkert notað hann. Nánar tiltekið minnist hann þess ekki að hafa opnað kassann síðan á árunum 1961—1962, en þá setti hann í kassann einseyringa og þó aðallega tveggeyringa, sem hann var að safna og ætlaði að geyma. Skot áttu ekki að vera í kassanum. Aðspurður um fyrrgreind tvö skammbyssuskot, sem voru í honum, svarar ákærði því, að hann geti ekkert um það mál sagt, og muni hann ekki eftir skotunum. Þegar ákærða er bent á ólíkindi þess, að annar en hann sjálfur hafi sett skotin í kassann, segir hann, að ótrúlegt sé, að nokkur óviðkomandi maður hafi látið þau í hann, en að hann sé sannfærður um, að hann hafi ekki gert það. Aðspurður um, hver hann haldi þá að hafi sett skotin í kassann, svarar hann því, að hann geti ekki ímyndað sér nokkurn mann.

Ákærði bar á sér lyklaveski með 15 lyklum í, þegar hann var handtekinn 7. marz, og var það tekið af honum. Veskið er lagt saman og lokað með rennilás, en lyklafestingar eru í báðum hlutum. Athugun rannsóknarlögreglumanna 12. sama mánaðar leiddi í ljós, að einn lykillinn í veskinu gekk að læsingu á aðaldyrum húss Jóhannesar Jósefssonar að Tjarnarstíg 8, og var með lyklinum hægt greiðlega að opna læsinguna svo og að loka henni. Lykill þessi er smekkláslykill af gerðinni Zeiss, og þar fyrir neðan er skráð orðið Ikon, en númer hans er 593177. Leifur Jónsson kveður, að lykillinn hafi verið hinn sjötti frá vinstri séð, þegar lyklaveskið er opnað, og var hann á sama hanka og lykill, sem reyndist ganga að bankahólfi í Búnaðarbanka Íslands. Hinir lyklarnir 14 í lyklaveski ákærða gengu ekki að öðrum dyrum á Tjarnarstíg 8.

Ákærði var yfirheyrður í dómi 9. og 25. apríl 1969 um vörzlur sínar á lyklum að heimili Jóhannesar Jósefssonar, og var framburður hans þá þessi: Eftir að ákærði fór að fara í bústað Jóhannesar við Hítará, lét Jóhannes hann hafa smekkláslykil að útidyrum bústaðarins. Ákærði hafði svo lykilinn á lyklakippu sinni, þar til hann fór úr bústaðnum að hausti, en þá skilaði hann Jóhannesi lyklinum. Þegar ákærði fór svo í bústaðinn næsta vor, afhenti Jóhannes honum lykilinn aftur. Ákærði hafði aldrei lykla að skrifstofu- eða dvalarherbergi Jóhannesar á Hótel Borg, þ. e. hótelherbergjum nr. 101—102, en hann hafði sem húsvörður lykil að hurð milli forstofu og fatageymslu á neðstu hæð hótelsins

norðanmegin og einnig lykil að útidyrum hótelsins sunnanmegin hússins. Ákærði átti ekki að hafa undir höndum lykil að Tjarnarstíg 8, og hann vissi ekki til þess, að honum hefði verið fenginn slíkur lykill í hendur. Það kom fyrir, að hann þurfti að sækja hluti í það hús, en þá var hann aldrei sendur einn þeirra erinda, heldur fór Jóhannes eða Brynhildur kona hans þá alltaf með honum þangað. Ákærði segir, að strax eða stuttu eftir að Jóhannes hafði keypt Tjarnarstíg 8, skipti hann um útidyralæsingu þar. Ákærði ók honum í bifreið í verzlun á Skólavörðustíg 25, og fóru þeir báðir þangað inn. Jóhannes keypti þar skrá, og fylgdu henni tveir frekar en þrír lyklar. Jóhannes greiddi verð skrárinnar út í hönd, en ákærði man nú ekki, hve hátt það var. Hann ók svo Jóhannesi að Tjarnarstíg 8, og skipti ákærði strax um læsingar að útidyrum hússins og setti hina nýju skrá þar í stað þeirrar, sem fyrir var. Einnig afhenti hann Jóhannesi þegar í stað báða eða alla lyklana að hinni nýju skrá. Lásinn var þannig úr garði gerður, að það varð að læsa honum, til þess að unnt væri að taka lykilinn úr. Rétt eftir þetta ók ákærði Jóhannesi aftur að fyrrgreindri verzlun á Skólavörðustígð og lét Jóhannes búa til einn eða fleiri lykla að hinni nýju útidyraskrá, en ákærði man ekki, hve margir þeir voru. Hann minnist þess, að Jóhannes nefndi það við verzlunarmanninn, að það væri frekar ókostur við þessa skrá, að læsa yrði lásnum til að geta tekið lykilinn úr, og sagði verzlunarmaðurinn þá, að læsingin mundi vera þannig úr gerði gerð, til þess að börn tækju síður lykilinn úr skránni. Aðspurður um, hvað Jóhannes hafi gert við lyklana að útidyrunum, segir ákærði, að Jóhannes hafi haft einn lykil, kona hans annan, dóttir hennar máske hinn þriðja og vera megi, að stúlka, sem nú er látin, hafi haft fjórða lykilinn, á meðan hún hafði á leigu herbergi í kjallara hússins, þó að sérinngangur væri í hann. Bifreiðarskúr var áfastur við þvottahúsið í kjallara hússins Tjarnarstígs 8, og var innangengt þar á milli. Hurðin þar var þó ávallt læst innan frá þvottahúsinu, og minnir ákærða, að lykillinn hafi ávallt staðið þar í skránni. Ákærði hafði ekki lykil að þeirri hurð. Bifreiðarskúrinn var mjög lítið notaður meðfram af því, að loftræstingu vantaði í hann, og skemmdi sjávarseltuloft í honum bifreiðarlakk. Miðstöð var sett í skúrinn, og var hann einkum notaður, þegar vont veður var á veturna. Jóhannes geymdi ekki bifreið á Tjarnarstíg 8 fyrr en árið 1954. Bifreiðarskúrinn var læstur með smekkláslykli, sem var á sömu kippu og bifreiðarlyklarnir, þegar ákærði hafði þá undir höndum. Ákærði kveðst

enga skýringu geta gefið á því, hvernig á því stendur, að hann var með lykil, sem gekk að læsingu útidyrahurðar Tjarnarstígs 8 í lyklaveski sínu, og hann kveðst heldur ekki hafa vitað, að hann hafði lykil þennan undir höndum, og hann kveðst ekki minnast þess, að hann hafi nokkru sinni notað hann. Hann segir, að ekki komi til greina, að nokkur annar maður hafi getað komið lyklinum án hans vitundar í lyklaveski hans. Hann segir, að það, að lykillinn var í því, séu „einhver mistök, sem ég get ekki greint frá", eins og hann kemst að orði, og við nánari umhugsun kveðst hann ekki geta ímyndað sér, að hann hafi fengið lykilinn í annað skipti en þegar Jóhannes afhenti honum húslyklana að Sækambi, en þá þurfti Jóhannes að leita að lyklunum, sem gengu að því húsi, og var hann þá ekki alveg viss um, hvaða lyklar það væru.

Brynhildur Sigurðardóttir getur enga skýringu gefið á því, hvers vegna ákærði hafði í lyklaveski sínu lykil, sem gekk að útidyrum Tjarnarstígs 8. Henni vitanlega áttu ekki aðrir að hafa lykla að þeim dyrum en þau hjónin, Jóhannes og hún, og ákærði átti ekki að hafa lykil að læsingum í húsinu, og vissi hún heldur ekki til þess, að hann hefði slíkan lykil.

Eiginkona ákærða, Karólína Aðalsteinsdóttir, sonur þeirra Helgi og dóttir þeirra Ragna, öll til heimilis að Sækambi á Seltjarnarnesi, hafa borið vitni í málinu. Verða nú raktir framburðir þeirra út af framangreindum framburði ákærða:

Karólína Aðalsteinsdóttir kveðst aldrei hafa séð ákærða vera með byssu, hvorki riffil né skammbyssu, og vissi hún ekki til þess, að hann ætti eða hefði átt slíkan grip eða að hann hefði nokkru sinni haft hann í fórum sínum. Hún minnist þess heldur ekki, að ákærði hafi nokkru sinni talað um byssu við hana eða að hann hefði fundið byssu. Hún kveðst aldrei hafa orðið vör við, að hann hefði byssuskot í fórum sínum eða að byssuskot væri í íbúð þeirra hjóna. Hún heldur, að fyrrgreindur peningakassi hafi verið í fórum þeirra hjóna nálega alla hjúskapartíð þeirra síðan árið 1949 og hafi hann ávallt verið geymdur á stigapallinum á efri hæð Sækambs. Hún vissi ekki, hvort kassinn var læstur eða hvort lykill var til að honum. Hún sá ákærða aldrei opna kassann, og vissi hún heldur ekki til þess, að kassinn væri opnaður. Hún vissi heldur ekki, hvað var í honum, en minnist þess þó, að þegar Helgi sonur þeirra var smá drengur, var hann einhvern tíma að leika sér að einhverjum smápeningum, sem höfðu verið í kassanum. Hélt hún, að kassinn og það, sem kynni að vera í honum, væri ónýtt drasl, en hún hreyfði aldrei við

honum, nema ýtti honum eitthvað smávegis til, þegar hún var að þrífa til á stigapallinum, þar sem hann og fleira dót var. Hún kveðst ekki hafa vitað til þess, að ákærði hafi eða hefði haft lykil að Tjarnarstíg 8, og minnist þess ekki að hafa farið með honum þangað, nema þar væru fyrir einhverjir íbúar hússins. Hún segir, að það hafi komið fyrir, að hún hafi hjálpað ákærða við að þrífa bifreiðina R 15612, en hún hefur ekki gert það svo mánuðum skiptir og máske ekki síðan sumarið 1968. Hún minnist þess ekki að hafa opnað geymsluhólfið í mælaborði bifreiðarinnar. Hún segir, að Helgi sonur þeirra hjóna hafi mjög sjaldan ekið bifreiðinni, en það kom þó fyrir, að hann náði í benzín á hana fyrir ákærða. Hún man aðeins eftir einu tilviki, þegar Helgi fékk bifreiðina að láni í öðru skyni, og var það skyndiferð suður í Kópavog til að sækja þangað stúlku, að því er hana minnir. Hún man ekki, hvort það var á árinu 1969, og máske var það fyrir áramótin 1968—1969.

Helgi Sveinbjörnsson skýrir frá því, að fyrir mörgum árum átti ákærði riffil og seldi hann mági sínum, Marinó Aðalsteinssyni, en hann man ekki, hvaða ár það var. Hann veit ekki til þess, að ákærði hafi nokkru sinni átt aðra byssu en riffil þennan, og hann sá hann aldrei hafa aðra byssu undir höndum. Hann minnist þess að hafa séð skot heima, frá Sækambi, fyrr á árum, á meðan ákærði átti riffilinn. Voru það lítil skot, riffilskot, en stærri skot sá hann aldrei hjá ákærða eða á heimilinu, sbr. þó framburð Helga í III. kafla hér á eftir. Hann kveður, að ákærði hafi átt lengi lítinn peningakassa, sem var alltaf geymdur á stigapalli efri hæðar í Sækambi. Hann minnist þess ekki að hafa séð ákærða nokkru sinni opna kassann, og ákærði sagði honum aldrei, hvað væri í kassanum eða hvort nokkuð væri í honum, og spurði hann ákærða heldur aldrei um það. Hann opnaði heldur aldrei kassann og sá aldrei í hann, og var hann reyndar ekki viss um, hvort hann var læstur. Í skrifborði hans var þó stakur lykill, sem hann hélt, að gengi að kassanum, en hann prófaði það þó aldrei. Hann afhenti rannsóknarlögreglumönnum lykil þennan samkvæmt ósk þeirra, eftir að ákærði hafði verið handtekinn. Hann vissi ekki til þess, að ákærði væri með lykil að kassanum, en bætir því við, að hann hafi hlotið að hafa einhvern lykil að honum. Á sama stað, sem peningakassinn var, var og er verkfærakassi ákærða. Hann er úr járni og ólæstur, og kveðst Helgi hafa oft og iðulega farið í hann, en hann minnist þess ekki að hafa nokkurn tíma séð skot í honum. Helgi kveðst geyma skrif-

borð sitt í herbergi sínu í Sækambi, og hefur ákærði geymt í því eitthvert dót. Það er þó aðeins ómerkilegt drasl, bækur, bréfaklemmur og fleira því um líkt, og hann veit ekki til þess, að ákærði hafi geymt lykla þar. Hann fór nokkrum sinnum með ákærða heim til Jóhannesar Jósefssonar að Tjarnarstíg 8, en þó aldrei nema Jóhannes væri heima. Hann vissi ekki til þess, að ákærði hefði lykil að því húsi, og ákærði opnaði aldrei útidyr þess með lykli, þegar þeir komu þangað. Helgi kveðst mjög sjaldan hafa fengið bifreiðina R 15612 að láni hjá ákærða og aðeins til stuttra ferða inn í Reykjavík eða nágrenni. Í nokkur skipti náði hann í benzín á bifreiðina fyrir ákærða eða þvoði hana og dustaði þá máske af mottum í henni eða sópaði af þeim, en hann minnist þess ekki að hafa þrifið hana að innan með öðrum hætti. Á árinu 1969 fékk hann bifreiðina að láni í eitt eða tvö skipti, að því er hann minnir. Um eða í kringum miðjan febrúar sótti hann stúlku í bifreiðinni á Freyjugötu 1 og ók henni suður í Kópavog, en þaðan ók hann einn að Sækambi. Einhvern tíma sama vetur fékk Ragna systir hans að koma í bifreiðina, þegar hann var með hana. Óku þau í henni að húsinu Minni-Bakka, þar sem hann fór snöggvast inn til að hitta Sæþór Jónsson, kunningja sinn, en Ragna beið á meðan úti í bifreiðinni. Hann heldur, að hann hafi verið inni í húsinu í 5—10 mínútur, en svo héldu þau á brott í bifreiðinni. Hann segir, að ákærði hafi aldrei sagt honum, að hann mætti ekki opna geymsluhólfið í mælaborði bifreiðarinnar. Hann minnist þess heldur ekki að hafa nokkru sinni opnað hólf þetta og kveðst meira að segja ekki hafa vitað, hvort það var læst eða ólæst. Lyklar bifreiðarinnar voru þrír frekar en tveir og því mjög sennilegt, að annar eða einn þeirra hafi gengið að nefndu hólfi, þó að hann prófaði það aldrei. Hann segir, að ákærði hafi aldrei minnzt á það við hann, að hann hefði fundið byssu í bifreiðinni, og er hann öruggur um, að ákærði hafi ekki sagt öðrum á heimilinu, að hann hefði fundið byssu þar.

Ragna Sveinbjörnsdóttir kveðst ekki vita til þess, að ákærði eða Helgi bróðir hennar hafi átt eða haft undir höndum byssu, og hún hefur aldrei séð þá vera með skot eða kúlu í byssu eða séð slíka hluti á Sækambi. Hún segir, að fyrrgreindur peningakassi hafi verið á stigapalli efri hæðar hússins, frá því að hún man fyrst eftir sér. Hún hefur aldrei orðið vör við eða vitað til þess, að ákærði eða einhver annar opnaði kassann. Hún minnist þó eins atviks, þegar hún og Edda systir hennar voru í búðarleik

sem börn og máske aðeins 5—6 ára gamlar, að þær fundu þá lykil í skúffu í skrifborði, sem var í herbergi, sem Helgi bróðir þeirra hafði. Þær vissu, að peningakassinn var læstur, og af forvitni datt þeim í hug að athuga, hvort lykillinn „passaði" ekki að honum. Þær opnuðu kassann með lyklinum. Hún minnist þess, að í honum voru íslenzkir smápeningar í plastpoka, og man hún sérstaklega eftir eins og tveggja krónu peningum. Hún man nú ekki eftir öðru, sem var í kassanum, og t. d. ekki eftir skoti eða kúlu í honum. Þær læstu síðan kassanum og létu lykilinn á sama stað. Þetta er einasta skiptið, sem hún veit til þess, að kassinn var opnaður. Hún segir, að það hafi komið fyrir, að Helgi hafa þvegið bifreiðina R 15612 og náð í benzín á hana, en hún veit ekki til þess, að ákærði hafi lánað honum bifreiðina til eigin notkunar. Hún kveðst einu sinni hafa opnað geymsluhólfið í mælaborði bifreiðarinnar. Þannig var mál með vexti, að einhvern tíma í janúar 1969 sendi móðir hennar hana til að kaupa vörur í verzluninni Vegamótum á Nesvegi. Hana minnir, að hún hafi keypt vörurnar í gegnum lúgu, og hefur það þá verið seinni hluta á laugardegi. Helga bar þá að í bifreiðinni og bauð henni far, sem hún þáði. Hann ók síðan að húsinu Minni-Bakka og fór þangað til að tala við Sæþór vin sinn, sem þar býr, en hún beið á meðan úti í bifreiðinni. Það kom fyrir, að ákærði geymdi sælgæti í hólfinu í mælaborðinu, og opnaði hún hólfið, sem var læst, með lykli, sem var á bifreiðarlyklakippunni, en Helgi hafði skilið þá eftir í kveikjulásnum. Hún fann ekkert sælgæti í hólfinu, en hún minnist þess, að þar voru tímarit og afþurrkunarklútar. Hún segir, að útilokað sé, að byssa hafi verið þá í hólfinu, því að hún hefði hlotið að sjá hana, ef hún hefði verið þar. Hún læsti hólfinu og setti lyklana aftur í kveikjulásinn. Hún heldur, að Helgi hafi komið aftur eftir um 10 mínútur, og ók hann henni heim að Sækambi.

Sæþór Líndal Jónsson nemandi, Minni-Bakka við Nesveg hér í borg, kveðst hafa þekkt Helga Sveinbjörnsson frá barnsaldri, og hafa þeir oft komið heim til hvor annars. Hann kveðst ekki hafa séð Helga vera með byssu eða byssukúlur eða heyrt hann ræða um slíkt, og hann veit ekki um, hvort ákærði hefur átt slíka hluti. Hann minnist þess, að eitt sinn áreiðanlega eftir áramótin 1968 og 1969, og áður en Tækniskólinn tók til starfa að afloknu hléi, að því er hann minnir, um mánaðamótin janúar og febrúar 1969 kom Helgi heim til hans í bifreiðinni R 15612, sem ákærði ók þá frá bifreiðastöð, og var Ragna systir hans með honum.

Sæþór Líndal segir, að Helgi hafi talað við hann stutta stund í ganginum heima hjá honum, og sat Ragna á meðan í framsæti bifreiðarinnar. Hann man ekki, hvert erindi Helga var til hans í þetta skipti.

Jón Marinó Stefánsson, Skálagerði 17 hér í borg, sem hefur ekið bifreið hjá Bæjarleiðum síðan árið 1964, kveðst tvívegis hafa séð inn í hanzkahólf bifreiðarinnar R 15612 í janúar 1969. Í fyrra skipti var það einhvern fyrsta daginn í janúar og á laugardagskvöldi, að því er hann minnir. Hann var þá á ferð í bifreið sinni fram hjá Sækambi og sá þá, að bifreiðin R 15612 var þar fyrir utan og uppljómuð að innan. Ákærði og sonur hans voru að vinna við hana. Jón Marinó kveðst hafa farið til þeirra, og var ákærði þá að laga miðstöð bifreiðarinnar. Hanzkahólf hennar hafði verið tekið út, og lá dótið í því í framsætinu. Dót þetta var blaðarusl, verkfæri og eitthvað fleira, og er hann viss um, að þar var ekki skammbyssa. Hann sá aftur í hanzkahólf bifreiðarinnar síðari hluta janúar, að því er hann man bezt. Í það skipti ók ákærði honum og tveimur dætrum hans frá Skálagerði 17 niður að Gamla Bíói, þar sem þau keyptu aðgöngumiða að kvikmynd eftir Walt Disney, sem fjallaði um tvo hunda og sýnd var á barnasýningu þennan dag, sem var sunnudagur, og síðan var ekið áfram norður Ingólfsstræti og niður Sölvhólsgötu. Við mót hennar og Kalkofnsvegar stöðvaðist bifreiðin vegna benzínleysis. Ákærði opnaði þá hanzkahólf bifreiðarinnar og náði þar í eitthvert verkfæri. Hann opnaði svo kistulokið og tók þar fram brúsa með benzíni í og hellti á bifreiðina, en vél hennar fór ekki í gang vegna rafmagnsleysis. Jón Marinó kveðst hafa setið í framsætinu og segir, að hanzkahólfið hafi verið troðfullt af drasli, blöðum og ýmsum öðrum hlutum, en byssu sá hann ekki í því. Hann segir, að ákærði hafi ekki sýnt neina launung, þegar hann opnaði hólfið og fór með höndina inn í það. Ákærði náði svo í sendiferðabifreið, sem kom fljótlega og dró bifreið hans í gang. Ákærði ók honum og dætrum hans síðan vestur að Háskólabíói, þar sem eldri dóttirin keypti aðgöngumiða að kvikmynd, og sagði hún honum, að það hefði verið „safari"-mynd eða að hún hefði fjallað um veiðiferð. Ákærði ók þeim síðan að Kaplaskjólsvegi 63, þar sem þau fóru úr bifreiðinni.

Samkvæmt upplýsingum frá Gamla Bíói var kvikmyndin „Incredible Journey" eftir Walt Disney sýnd þar sunnudaginn 5. janúar 1969 kl. 1700, og samkvæmt upplýsingum frá Háskólabíói var kvikmyndin „Síðasta veiðiferðin" sýnd þar frá 4. janúar

til 9. janúar sama ár kl. 1700 og kl. 2100 svo og 12. sama mánaðar á barnasýningu kl. 1500.

Njörður Snæhólm kveður, að ákærði hafi afhent honum skot, nokkru eftir að Gunnar Sigurður fannst látinn 18. janúar 1968, og muni hann ekki betur en að þau hafi verið 9 millimetrar eða af sömu stærð og annað skotið, sem var í peningakassanum á heimili ákærða.

Samkvæmt upplýsingum Bjarka Elíassonar yfirlögregluþjóns skilaði Þórir Magnússon tveimur skammbyssum til lögreglustjórans í Reykjavík 18. júní 1968, og var önnur af tegundinni Mauser, en hin af óþekktri gerð, cal. 22.

III. kafli.

A.

Njörður Snæhólm lýsir skammbyssu þeirri, sem fannst í bifreiðinni R 15612 hinn 6. marz 1969, á þessa leið:

„Umrædd skammbyssa er Smith & Wesson, cal. 35, eða sama tegund og sú, sem notuð var til að myrða Gunnar Tryggvason á s.l. ári.

Í byssuna er grafið eftirfarandi:

„Smith & Wesson Springfield Mass. USA, PAT'D September 13. 1910. Dec. 13. 1910. Feb. 28. 1911. July 30. 1912. Sept. 24. 1912. Nr. 2184 S&W. Auto. CTG.".

Byssan er óhrein, hefur ekki verið hreinsuð eftir síðasta skot, og aðeins ryðmyndun aftan á yfirstykki. Ekki hægt að sjá, að hún hafi legið óvarin úti. „Mekanismi" í lagi.

Skotin eru sams konar og notuð voru í morðbyssuna. Hvellhetturnar í þremur skotanna eru heilar, þ. e. óskemmdar, en í þremur þeirra er eitt pinnafar í hvora, og í þá sjöundu eru tvö pinnaför. Þetta þýðir það, að reynt hefur verið að hleypa af byssunni, en hún hefur klikkað, þ. e. hvellhetturnar hafa ekki sprungið, og skotin eru því ekki í lagi.

Það skal tekið fram, að í hvellhettunni á morðskotinu var aukafar.

Magasin byssunnar tekur 7 skot".

Rannsóknardómari málsins ákvað að fá sérfræðinga hjá alríkislögreglunni (FBI) í Bandaríkjunum til að athuga, hvort skothylkinu, sem fannst í bifreiðinni R 15612 að morgni 18. janúar 1968, og kúlunni, sem var í líki Gunnars Sigurðar, hefði verið skotið úr fyrrgreindri skammbyssu. Njörður Snæhólm fór

vestur um haf til Washington í þessu skyni, og rannsakaði George A. Berley, yfirmaður byssu- og skotfærarannsóknastofu FBI, byssuna og skotfærin, sem Njörður hafði með sér vestur. Skýrsla alríkislögreglunnar um málið er dagsett 12. marz 1969, og þykir rétt að taka hana í heild upp í forsendur dómsins. Hún er í þýðingu Hilmars Foss, löggilts skjalaþýðanda í ensku, svohljóðandi:

„SKÝRSLA
FBI
LABORATORY
FEDERAL BUREAU OF INVESTIGATION
WASHINGTON, D. C. 20535

12. marz 1969.

Hr. yfirsakadómari Þórður Björnsson,
Borgartúni 7,
Reykjavík, Íslandi.

Ath.: Njörður Snæhólm,
rannsóknarlögreglumaður.

Athugun þessi hefur verið framkvæmd að því tilskyldu, að sönnunin sé í sambandi við opinbera rannsókn sakamáls og að skýrsla rannsóknarstofunnar verði eingöngu notuð í þágu hins opinbera, sem varði rannsóknina eða síðari sókn sakamáls. Ekki er hægt að veita heimild til að nota skýrslu rannsóknarstofunnar í sambandi við borgardómsmál.

sign. J. Edgar Hoover
John Edgar Hoover,
forstöðumaður.

Efni: Sveinbjörn Gíslason,
grunaður.
Gunnar Tryggvason, látinn:
morð.

PC-B5365 AR

Beiðandi athugunar: Móttakandi.
Tilvísun: Bréf móttekið 12. 3. '69.
Umbeðin athugun: Skotvopn.
Sýnishorn:

Afhent persónulega af Niröi Snæhólm rannsóknarlögreglumanni 12. 3. '69.

Q1 Kúla úr hinum látna.

Q2 Skothylki, sem fannst í bifreið.

Q3 Sjö skothylki með kúlu, sem fjarlægð voru í K1.
Q4 Tíu . 35 S & W Auto skothylki með kúlu úr heimili J. Jósefsson.
Q5 . 35 S & W Auto skothylki með kúlu úr heimili grunaðs.
K1 . 35 S & W Auto hlaupvídd Smith & Wesson sjálfvirk skammbyssa, verksmiðjunr. 2184 og klemma („clip").
1– Rannsóknarlögreglan,
Reykjavík, Íslandi.

Einnig lagt fram: 9 mm. skothylki með kúlu.
Tíu . 35 S & W Auto skothylki með kúlu í tilraunaskyni.

Niðurstöður athugunar:

Sýnishorn Q1 er líkt og hlaupvídd . 35 S & W Auto kúlu eins og þær, sem eru í skothylkjunum í sýnishornum Q3, Q4 og Q5. Kúlu þessari var skotið úr vopni með sex hryggjum og raufum, hægri snúning eins og einkenni hlaupraufa, er fundust á kúlum, sem skotið er úr sýnishorni K1, og getur henni þess vegna hafa verið skotið úr því vopni. En vegna yfirborðsskemmda á sýnishorni Q1 eru smásjármörkin, sem eftir eru á yfirborðinu, ónóg til að þekkja megi.

Sýnishorn Q2 var borið saman í smásjá við tilraunaskothylki, sem skotið var í sýnishorni K1. Niðurstaða samanburðarins var sú, að séð var, að sýnishorni Q2 hafði verið skotið úr sýnishorni K1.

Sýnishorn Q2 er . 35 S & W Auto skothylki framleitt hjá Remington. Það er eins og skothylkjahlutarnir úr sýnishornunum Q3—Q5 að báðum meðtöldum.

Sýnishorn Q3—Q5 eru öll sama stærð og gerð skotfæra og á öllum þeirra eru sömu stimpilmerki. Hins vegar fundust engin önnur smásjármörk á skothylkjum til að hægt sé að setja þau í frekara samband hvort við annað eða við sýnishorn K1.

Kúlan var dregin úr einu skothylkjanna í sýnishorni Q4.

Fjórum af tíu skothylkjum með kúlu, sem lögð voru fram til prófunar, var skotið úr sýnishorni K1. Tilraunasýnishornum þessum og hinum sex skothylkjum, sem send voru í tilraunaskyni, er haldið eftir í rannsóknarstofu FBI. Öðrum sönnunargögnum var skilað persónulega til Snæhólms rannsóknarlögreglumanns hinn 12. marz 1969.

Ég undirritaður, George A. Berley rannsóknarlögreglumaður, sver hér með, að viðfest skýrslu á þremur blaðsíðum er rétt og

fullkomið endurrit af greiningu rannsóknarstofu okkar á hlutunum, sem um getur í skýrslunni.

sign. George A. Berley
rannsóknarlögreglumaður.

Eiðfest hjá mér hinn 12. dag marzmánaðar 1969.
Útnefning mín rennur út 14. 8. '73.

sign. Loise D. Walter
Notarius Publicus í Columbiafylki".

Njörður Snæhólm kveður, að pinnaförin í hvellhettum fjögurra af þeim sjö skotum, sem voru í byssunni, sem fannst í bifreiðinni R 15612, hafi verið utarlega eða utan við miðju í hvellhettunum og ekki öll eins djúp að sjá. Hann segir, að þegar búið var að skjóta úr byssu þessari til prófunar, hafi komið í ljós, að förin eftir pinna hennar voru alveg í miðju og öðruvísi að sjá en förin í skotunum fjórum. Þau för eigi því ekki að vera úr byssu þessari og því hljóti að hafa verið reynt að skjóta þeim skotum úr annarri byssu. Hann kveðst hafa prófað skot þessi í eftirtaldar 8 skammbyssutegundir, cal. 7.65, sem sé hið sama og cal. 32:

Beretta, cal. 7.65
Sauer & Sohn Suhl, cal. 7.65
Colt, cal. 32
Mauser, cal. 32
Dreyse, cal. 7.65
Ortigies, cal. 7.65
Bayard, cal. 7.65 og
Browning Brevete, cal. 32.

Skotin hafi ekki „passað í" neina af þessum byssutegundum og hafi skothylkið verið aðeins of digurt til að ganga í patrónusætið.

Rannsóknarlögreglan og síðar sakadómurinn hefur fengið fyrrgreinda Mauser skammbyssu í hendur, og var Þórir Magnússon þá búinn að setja í hana pinnann, sem vantað hafði í hana. Njörður Snæhólm lýsir byssunni þannig:

„Byssa þessi er af Mauser gerð mod. 1899, cal. 30, eða 7.63. Nr. 210236, Waffenfabrik Mauser Oberdorf A. Necker. Þetta er mjög gömul pistol og hlaupið mjög mikið slitið að innan og virðist ekki hafa verið hreinsuð um langan tíma. Hún er gerð þannig, að hægt er að krækja hulstrinu aftan á skeftið og framlengja það, svo hægt sé að skjóta frá öxl. „Magasínið" er framan við gikkhlífina, í rammanum aftan við hlaupið, og tekur 10 skot.

Þegar búið er að skjóta fyrsta skoti, opnar byssan sig sjálf, þ. e. sleðinn fer aftur, tóma skothylkið kastast út, og síðan fer sleðinn fram, tekur með sér nýtt skot í hlaupið og læsist, en þá er tilbúið til að hleypa af aftur. Útdragarinn er á toppi og útkastarinn beint niður af honum. Byssan kastar því skothylkjunum beint upp og fram á við. Hlaupið er 14 cm á lengd og öll lengd byssunnar 28.5 cm. Framsikti er fast, en hægt að hækka aftursiktið upp í 1.000 metra. Öryggið er aftan við sleðann vinstra megin við hamarinn. Pinninn í byssunni er í tvennu lagi. Aftari hlutinn er sverari og er 9.6 cm langur, en fremri hlutinn 2.2 cm, og á honum er gormur. Framendi stutta pinnans er mjórri en aftari hlutinn og er 8 m/m langur. Þetta er sprengiendinn, og hann er aðeins boginn, sem gerir það að verkum, að hann á varla að geta hitt í miðju á hvellhettu í skothylki, nema því aðeins að skothylkið væri of lítið í patrónuhaldarann framan á sleðanum og legðist skakkt fyrir, en þegar hylkið passar ekki í patrónusætið, getur það færzt til hliðanna og því ennþá meiri líkur til, að pinnaförin verði utan við miðju á víxl, en S. W., cal. 35, er „centerfire" og á því að sprengjast í miðju.

Í hvellhettusæti skothylkisins er smástykki, sem kallað er „Anvil" og er strýtulagað. Strýtan kemur undir miðja hvellhettu, og pinninn á að slá hvellhettuna inn á strýtuna, en við það myndast neisti, sem kveikir í tundrinu, en blossinn fer síðan fram í púðrið í hylkinu og kveikir í því. Neistinn myndast ekki nema við mótstöðuna í hvellhettunni".

Leifur Jónsson orðaði það við Njörð Snæhólm, hvort möguleiki væri á því, að reynt hefði verið að skjóta dældóttu skotunum fjórum, sem voru í byssunni, sem fannst í bifreiðinni R 15612, svo og skothylkinu, sem var í bifreið Gunnars Sigurðar, úr fyrrnefndri Mauser byssu. Prófuðu þeir að skjóta S&W, cal. 35, skotum úr þeirri byssu, og segir Njörður frá þeirri prófun þannig:

„Ég tók fyrst púðrið úr tveimur skothylkjum og lét svo kúlurnar í aftur og prufaði skotin í byssunni. Hún sprengdi ekki hvellhetturnar. Pinnaförin voru aðeins utan við miðju. Ég lét þá heilt skot, „lifandi", í byssuna og hleypti af, en hún sprengdi það ekki heldur, og pinnafarið var aðeins utan við miðju. Eftir þessu að dæma get ég ekki betur séð en að sá möguleiki sé fyrir hendi, að pinnaförin í klikkuðu skotin, sem voru í S. W., cal. 35, geti verið eftir þessa byssu, þó ekkert sé hægt um það að fullyrða án vísindalegra athugana. Skotið S. W., cal. 35, er of mjótt

í patrónusæti byssunnar og hringlar því til, og byssan dregur það ekki út, en sjálf kúlan er aðeins of sver og kýldist föst, þegar búið var að hleypa af, svo ég varð að plokka skotið út, þó ósprungið væri. Réttu skotin í þessa byssu eru lengri en S. W., cal. 35, og þau eru með hálsi, en einnig „centerfire“.“

Leifur Jónsson hefur staðfest þessa frásögn Njarðar.

Ákærða var gerður kunnur framburður þeirra Njarðar og Leifs um, að þeir telji, að pinnaför séu í fjórum af þeim skotum, sem voru í byssunni, sem fannst í bifreiðinni R 15612, og einnig í hvellhettu skothylkisins, sem fannst í bifreiðinni R 461, svo og að þeir telji, að möguleikar séu á því, að för þessi séu eftir pinnan í Mauser byssunni, sem ákærði átti. Ákærði svaraði þá: „Ég veit þetta ekki. Mér er ókunnugt um þetta. Ég skaut aldrei úr Mauser byssunni og reyndi heldur aldrei að gera það“.

Njörður taldi, að ef til vill gætu erlendir sérfræðingar svarað eftirtöldum spurningum:

1. Er hægt að skjóta S&W, cal. 35, skotum úr Mauser byssunni?
2. Getur aukafarið í hvellhettunni í skothylki því, sem fannst í bifreið Gunnars Sigurðar, verið eftir pinnan í Mauser byssunni?
3. Geta förin í hvellhettunum í skothylkjunum fjórum, sem fundust í magasíni byssunnar, sem fannst í bifreiðinni R 15612, verið eftir pinnan í Mauser byssunni?

Fór Njörður til alríkislögreglunnar (FBI) í Washington í þessu skyni, og framkvæmdi fyrrigreindur George A. Berley og starfsmenn hans rannsóknina. Skýrsla lögreglunnar er dagsett 23. júní 1969 og hljóðar í þýðingu Hilmars Foss skjalaþýðanda svo:

„SKÝRSLA
FBI
LABORATORY
FEDERAL BUREAU OF INVESTIGATION
WASHINGTON, D. C. 20535.

23. júní 1969.

Hr. yfirsakadómari Þórður Björnsson,
Borgartúni 7, Reykjavík, Íslandi.

Ath.: Njörður Snæhólm,
rannsóknarlögreglumaður.

Athugun þessi hefur verið framkvæmd að því tilskyldu, að sönnunin sé í sambandi við opinbera rannsókn sakamála og að skýrsla rannsóknarstofunnar verði eingöngu notuð í þágu hins

opinbera, sem varði rannsóknina eða síðari sókn sakamáls. Ekki er hægt að veita heimild til að nota skýrslu rannsóknarstofunnar í sambandi við borgardómsmál.

sign. J. Edgar Hoover
John Edgar Hoover, forstöðumaður.

Efni: Sveinbjörn Gíslason,
grunaður.
Gunnar Tryggvason, látinn:
morð.

FBI File No. 95—152165
Lab. No. PC-B7536 AR.

Beiðandi athugunar: Umsækjandi.
Tilvísun: Bréf 20. júní 1969.
Umbeðin athugun: Skotvopn.
Sýnishorn: Afhent persónulega af Nirði Snæhólm, rannsóknarlögreglumanni, hinn 23. 6. 1969 K2 7.63 mm Mauser, gerð 96, sjálfvirk skammbyssa, framleiðslunr. 210236. Lagt inn á ný: Fjögur af sjö skothylkjum, sem upprunalega báru tilvitnun Q3 Q2 skothylki. Tíu skothylki í tilraunaskyni.

Niðurstöður athugunar:

Sýnishorn K2 var hlaðið tíu tilraunaskothylkjum og reynt að skjóta þeim. Aðeins eitt skot heppnaðist. En kúlan úr skothylki þessu festist í hlaupinu.

Litla dældin í hvellhettu skothylkisins Q2 er ekki með nægilegum smásjármerkingum, til að bera megi kennsl á pinnann, sem kann að hafa markað þær.

Skothylkin fjögur, sem lögð voru inn á ný, eru með pinnamörkum, sem kynnu að vera eftir pinna með hringlaga merkingum. Ekki fundust neinar slíkar hringlaga merkingar á mörkum eftir pinnann úr sýnishorni K2.

Sýnishorn K2 var tekið sundur og komizt að raun um, að pinninn í því var brotinn. Í núverandi ásigkomulagi pinna þessa er endi hans lítillega flattur, og, eins og fyrr segir, skilur hann ekki eftir hringlaga merkingar eins og þær, sem eru á skothylkjunum fjórum, er lögð hafa verið fram.

Skothylkjunum tíu, sem lögð voru fram í tilraunaskyni, er haldið eftir í rannsóknarstofu alríkislögreglunnar. Snæhólm varðstjóra var sjálfum skilað öðrum sönnunargögnum hinn 23. júní 1969.

Ég undirritaður, George A. Berley, rannsóknarlögreglumaður,

sver hér með, að viðfest skýrsla á tveimur blaðsíðum er rétt og fullkomið endurrit af greiningu rannsóknarstofu okkar á hlutunum, sem um getur í skýrslunni.

sign. George A. Berley,
rannsóknarlögreglumaður.

Eiðfest hjá mér hinn 23. dag júnímánaðar 1969.

Útnefning mín rennur út 14. 8. '73.

sign. Louise D. Walter,
Notarius Publicus í Columbiafylki".

Þeir Njörður Snæhólm og Leifur Jónsson prófuðu eftirtaldar tegundir riffilskota í Mauser byssuna:

Cal. 222.
— 222, Sako.
— 6.5.
— 30, Rem.
— 32, Kynoc.
— 32—35, Rem.
— 222, Norma Rem.
— 30, Winchester.
— 22, Hornet.
— 25, Harrington.
— 25—20, Rem. UMC.

Telja þeir, að enginn möguleiki sé á því að skjóta þessum skotum úr Mauser byssunni og ekki heldur minni eða stærri skotum.

Þeir prófuðu einnig eftirtaldar tegundir skammbyssuskota í Mauser byssuna:

Cal. 32, revolver.
— 38, WRA revolver.
— 380, revolver.
— 320, revolver.
— 380, A. P.
— 32, S. F. M.
— 7.65, S. C. M.
— 9 mm, B. A. E.
— 9 mm, Luger.
— 30, R. M.

Þeir telja, að þessi skot séu ýmist of stór eða of lítil, til þess að hægt sé að skjóta þeim úr Mauser byssunni nema þá með miklum aðgerðum. S&W, cal. 35, skotið sé það skot, sem komist næst því að ganga í byssuna, þó að það „passi" engan veginn.

B.

Prófanir þessar gerðu þeir Njörður og Leifur í tilefni af því, að dagana 5.—9. maí 1969 viðurkenndi áðurnefndur Helgi, sonur ákærða, og tveir kunningjar hans að hafa fyrir mörgum árum skotið úr fyrrgreindri Mauser byssu eða svipaðri byssu og hefði bæði hún og skotin verið fengin heima hjá Helga. Þessi þrjú vitni voru yfirheyrð í dómi dagana 30. maí til 10. júní 1969, og verða nú raktir framburðir þeirra:

Páll Friðriksson Dungal hljóðfæraleikari, Hraunbæ 182 hér í borg, 22 ára, kveðst hafa átt heima á Útsölum á Seltjarnarnesi þar til fyrir fjórum árum, og þekkti hann því Helga Sveinbjörnsson vel, sem bjó í næsta húsi, Sækambi. Þeir léku sér saman í mörg ár fram yfir fermingaraldur. Þegar hann var 10—15 ára gerðist það í tvö frekar en eitt skipti, að þeir skutu af skammbyssu saman. Atvik þessa voru þau, að því er hann man bezt, að eitt sinn, þegar þeir voru úti að leika sér, sýndi Helgi honum eitt til tvö skot. Þeir reyndu að sprengja þau og fá fram hvell, en það tókst ekki, og eyðilögðust skotin. Ræddu þeir þá um, hvort ekki væri hægt að fá hvell með því að slá steini á skotin. Fóru þeir svo að tala um byssu. Helgi sagði honum þá, að til væri byssa heima hjá honum. Fóru þeir heim til Helga og inn í húsið inn um aðaldyr þess. Páll segir, að kommóða eða skápur hafi verið við vesturvegg í minni stofunni, þ. e. suðurstofunni, og í efstu skúffunni voru skot í tveimur opnum pökkum. Hann man ekki, hvort skúffan var læst eða ólæst. Þetta var þó nokkurt magn skota, og tók Helgi og setti í vasa sinn máske eina til tvær hnefafylli af skotunum. Hann minnir, að það hafi svo verið daginn eftir, þegar Helgi fór inn í húsið Sækamb með því að skríða inn um glugga á þvottahúsinu og náði þar í byssu, en Páll kveðst ekki hafa vitað, hvar hún var í húsinu, því að hann beið fyrir utan á meðan. Hann segir, að þeir hafi náð í skotin og byssuna án vitundar annarra, og var enginn heima í Sækambi, þegar Helgi náði í byssuna. Páli fannst byssan vera mjög stór, og þegar þeir félagar voru komnir út á hauga, sagði Helgi honum, að þetta væri gömul hermannabyssa, og nefndi í því sambandi nafn Jóhannesar Jósefssonar. Hann man ekki sérstaklega eftir því, að Helgi segði honum, að faðir sinn ætti byssuna og skotin, en hann gekk út frá því sem alveg sjálfsögðu. Hann man ekki til þess, að Helgi talaði nokkuð um, hvar faðir hans hefði fengið skotin, eða að nokkuð væri minnzt á það mál. Hann getur ekki betur séð en að Mauser byssan, sem fyrr getur í málinu, sé þessi byssa, sem

Helgi náði í, eða eins byssa. Hann getur ekki sagt um stærð, útlit eða lögun skotanna, sem Helgi náði í, og hann getur ekki sagt um, hvort þau voru stærri en cal. 22, enda þekkir hann ekki ákveðnar stærðir skota. Honum voru sýnd í dómi fimm skot af stærðunum cal. 22, cal. 25, cal. 30, cal. 35 og cal. 45, og treysti hann sér þá ekki til að benda á eitt tiltekið skot, sem hann telur vera líkast skotum þeim, sem Helgi náði í. Úti á haugum hlóð Helgi byssuna, og skutu þeir þó nokkuð mörgum skotum úr henni. Það var ekki hægt að skjóta úr byssunni, og klikkuðu fáein skot, þegar hún var höfð lárétt, en skotin riðu af, þegar henni var beint upp á við eða niður á við, nema henni væri beint of mikið niður á við, því að þá kom heldur ekkert skot. Hann rengir þó ekki, að einhver skot hafi klikkað, hvernig sem byssunni var snúið. Páll kveðst hafa skotið 4—5 skotum úr henni, en Helgi hafi skotið helmingi fleiri skotum. Hann minnist þess ekki, að skot hafi orðið fast í byssunni, og hann er sannfærður um, að þeir félagar ráku ekki tein upp í hlaup hennar til að ná skoti úr því. Hann man ekki, hvort byssan kastaði skotunum úr sér, eftir að hleypt hafði verið af henni, en hann eins og rámar í, að þeir hafi þurft að plokka þau úr eða hvolfa þeim úr. Hann minnist þess ekki, hvað varð af skotunum, sem klikkuðu. Hann tók ekki við þeim, og hann veit ekki, hvort Helgi fleygði þeim eða hélt þeim til haga. Hann man heldur ekki, hvort Helgi fór heim með einhver af þeim skotum, sem þeir félagar höfðu með sér út á hauga. Hann á ekkert skot frá þessum tíma, en rámar þó í, að hann hafi haldið eftir einu ónotuðu skoti, en það er þá fyrir löngu horfið honum. Páll minnist þess, að þegar þeir Helgi voru með byssuna, hafði hinn fyrrnefndi orð á því, að hún væri ljót og stór, og sagði Helgi honum, að pabbi sinn ætti aðra minni byssu, sem væri miklu fínni, en Helgi kvaðst ekki geta sýnt honum hana, því að hún væri læst niðri í hirzlu, sem hann hefði ekki aðgang að. Skildist Páli, að þetta væri pínulítil byssa og máske eins og startbyssa, og fékk hann aldrei að sjá hana.

Guðmundur Rúnar Óskarsson vélstjóri, Reynimel 84 hér í borg, 23 ára, kveðst hafa átt heima að Sunnuhvoli á Seltjarnarnesi fram á árið 1968, og þekkti hann Helga Sveinbjörnsson á Sækambi vel, og léku þeir sér saman í mörg ár. Um það leyti sem Helgi fermdist, skutu þeir af skammbyssu saman í fáein skipti, og man hann eftir þremur skiptum. Atvik voru þau, að eitt sinn, þegar hann var staddur hjá Helga í herbergi hans, sagði Helgi honum, að þeir Páll Dungal, sem var kunningi þeirra, hefðu verið

að skjóta úr byssu saman. Helgi sagði, að byssan væri í skúffu í skrifborði þarna í herberginu, en hún væri læst og hefði hann ekki lykil að henni. Guðmundur Rúnar átti eins skrifborð og bar lykilinn að því á sér. Tókst þeim að opna skrifborðsskúffuna með lyklinum, og var skammbyssa í skúffunni. Þetta var stór og gömul byssa með stóru magasíni fyrir framan gikkinn, og þurfti að ýta hlaupinu aftur til að opna hana. Hann er sannfærður um, að Mauser byssan, sem fyrr getur í málinu, sé þessi byssa. Hann man ekki eftir því, að Helgi segði honum berum orðum, hver ætti byssuna, og hann spurði hann heldur ekki um það, en hann gekk út frá því, að faðir hans ætti hana. Helgi minntist ekkert á það, hvenær byssan hefði komið í skrifborðsskúffuna eða frá hverjum eða hvernig hún var fengin. Þeir félagar tóku svo byssuna í heimildarleysi og höfðu hana á brott með sér úr húsinu. Hann man ekki til þess, að Helgi tæki skot úr skrifborðsskúffunni, og hann varð ekki var við, að skot væru þar. Helgi var hins vegar með um 10—15 skot, að því er Guðmund Rúnar minnir, en hann vissi ekki, hvar hann hafði fengið þau, og spurði hann heldur ekki um það. Bjóst hann við því, að Helgi hefði fengið þau einhvers staðar heima hjá sér. Þeir félagar héldu síðan að skúr, sem var við Sunnuhvol, og prófuðu að skjóta úr byssunni og settu eitt skot í einu í hana. Þeim gekk fyrst í stað illa að skjóta úr henni, því að skotin vildu ekki springa. Voru þau of lítil, en þó var hægt að skjóta einstaka skoti með því að beina byssunni upp á við. Guðmundur Rúnar kveðst þá hafa tekið það til bragðs að vefja tinþræði utan um patrónuna, og sprakk þá skotið. Hann heldur, að 3—4 skot hafi sprungið, en 2—3 hafi ekki sprungið, þó að tinþræðir væru vafðir utan um patrónuna. Þeir félagar fleygðu ekki þeim skotum, sem sprungu ekki, heldur tók Helgi við þeim, en hann getur ekki sagt um, hve mörg þau voru. Hann minnir, að einhverjar patrónur hafi orðið fastar í byssunni og að þeir hafi orðið að plokka þær úr henni. Minnist hann þess, að í eitt skipti festist kúla í hlaupi byssunnar, og tóku þeir hana út með teini. Hann telur, að það hafi ekki verið riffilskot, sem þeir félagar notuðu í byssuna, heldur skammbyssuskot. Honum voru sýnd í dómi fimm skammbyssuskot af cal 22, cal. 25, cal. 30, cal. 35 og cal. 45 og spurður að því, hvort eitthvert af þessum skotum sé eins eða áþekkt skotum þeim, sem þeir Helgi settu í byssuna. Hann benti þá á kúluna af cal. 35 og telur hana vera líkasta að lögun og stærð þeirri, sem þeir notuðu í byssuna. Þeir létu hana aftur á

sama stað í skrifborðsskúffuna heima hjá Helga, eftir að þeir höfðu skotið úr henni. Stuttu síðar skutu þeir aftur skotum úr byssunni, og að minnsta kosti í tvö skipti, en líklega ekki oftar. Það, sem gerðist í þessi skipti, var svipað því, sem gerðist í fyrsta skiptið, en í annað skiptið skutu þeir úr byssunni úti á öskuhaugum. Í bæði skiptin náðu þeir í byssuna í skrifborðsskúffuna og skiluðu henni aftur á sama stað. Helgi var í bæði skiptin með skot af sömu stærð og í fyrsta skiptið, en Guðmundur Rúnar vissi ekki, hvar hann fékk þau, og spurði hann heldur ekki um það. Hann segir, að faðir Helga, ákærði, hafi komizt að því, að þeir voru með byssuna, og tók hann hana af þeim og benti þeim á, að hún gæti verið hættuleg, en hann heldur, að ákærði hafi ekki tekið skot af Helga við þetta tækifæri. Hann minnist þess, að þeir félagar héldu eftir nokkrum skotum, sem þeir eyðilögðu síðan með því að taka kúluna úr þeim, og höfðu flest þeirra klikkað í byssunni. Ætluðu þeir sér að búa til kínverja úr púðrinu úr skotunum, en púðrið í þeim var lítið, og minnist hann þess, að Helgi sagði honum, að hann ætti ekki meira af skotum. Hann heldur því, að þeir hafi eyðilagt með fyrrgreindum hætti öll skotin, sem klikkuðu í byssunni, og fullyrðir, að hann eigi nú engin skot frá þessum tíma. Guðmundur Rúnar kveðst aldrei hafa séð heima hjá Helga aðra skammbyssu en þá, sem hann hefur nefnt, og vissi hann ekki til þess, að þar væri til önnur slík byssa. Helgi minntist aldrei á aðra byssu við hann nema máske einhvern tíma á einhvern riffil, sem hann sá þó aldrei. Hann minnist þess, að einhvern tíma sá hann skothylki af riffilskotum í verkfærakassa, sem var í skoti á stigapalli á Sækambi, og var þar ýmislegt annað dót á pallinum.

Helgi Sveinbjörnsson kveðst minnast þess, að þegar hann var 12—13 ára, kom það fyrir, að hann skaut úr skammbyssu með tveimur leikfélögum sínum, þeim Páli Dungal og Guðmundi Rúnari Óskarssyni. Var það í eitt eða tvö skipti með hvorum þeirra sitt í hvoru lagi, en hann man ekki, með hvorum þeirra hann skaut fyrr, en það leið ekki langur tími þar á milli. Þeir félagar skutu úr byssunni úti á sorphaugum, og voru atvik lík í hvert skipti, en hann man ekki sérstaklega eftir atvikum, þegar þeir félagarnir skutu úr byssunni í fyrsta skipti. Þetta var gömul þýzk hermannabyssa, og átti ákærði hana. Hún var geymd í herbergi hans (Helga) og annað hvort í skrifborði hans eða kofforti þeirra feðga. Skrifborðið var læst, og minnir hann, að hann eða ákærði hafi ýmist geymt lykilinn. Hann segir, að Mauser byssan, sem

fyrr getur í málinu, sé þessi byssa eða alveg eins byssa. Hann tók hana án leyfis ákærða. Hann tók einnig skotin í hana heima hjá sér, en man nú ekkert um það, hvar þau voru geymd. Ákærði átti skotin, en Helgi kveðst ekki hafa haft hugmynd um, hvar hann hafði fengið þau, og máske hafi hann fengið þau hjá Jóhannesi Jósefssyni. Hann getur ekkert sagt um, hvers konar skot þetta voru eða hvort það voru riffilskot eða skammbyssuskot. Hann vissi ekki um stærð þeirra, en segir, að þau hafi verið löng. Honum voru sýnd í dómi fimm skammbyssuskot af cal. 22, cal. 25, cal. 30, cal. 35 og cal. 45 og spurður að því, hvort skotin, sem þeir félagar notuðu í byssuna, hafi verið lík einhverju þessara fimm skota. Hann sagði þá, að tvö skotin, sem eru cal. 22 og 25, kæmu þar alls ekki til álita, en um hin skotin þrjú gat hann ekkert sagt. Hann minnist þess, að patróna skotanna reyndist of mjó, en kúlan var fullstór, þannig að það kom fyrir, að hún festist í hlaupinu. Þeir félagar losuðu hana þá úr með járni. Hann minnist þess ekki, hvort skothylkið kastaðist úr byssunni, þegar skotið var úr henni, eða hvort hylkið var laust í hlaupinu eftir skotið og að þeir hafi þá hvolft hylkinu úr byssunni. Hann man ekki sérstaklega eftir því, hvort sum skotin klikkuðu í byssunni, en rámar í, að þeir hafi þurft að hafa hana í ákveðinni stellingu til að geta skotið úr henni, en nánar um það, man hann ekki. Hann man ekki, hve mörgum skotum þeir skutu úr byssunni hverju sinni eða hve mikið af skotum hann hafði með sér. Hann man heldur ekki, hvort þeir fóru með eitthvað af skotum heim aftur, en finnst það ólíklegt, að þeir hafi ekki skotið öllum skotunum, sem þeir voru með. Hann skilaði svo byssunni aftur á sama stað, eftir að þeir höfðu notað hana. Hann fullyrðir, að hann hafi aldrei sagt Páli, að ákærði ætti aðra skammbyssu en þá, sem þeir skutu úr, og vissi hann ekki um neina aðra skammbyssu heima hjá sér.

Við samprófun Helga og Páls Dungals kveðst Helgi ekkert muna nánar um málsatvik. Þannig muni hann ekki sérstaklega eftir því, hvernig það atvikaðist, að þeir fóru að skjóta úr byssunni, og geti frásögn Páls um það efni verið rétt. Hann man ekki, hvort hann náði í skotin í skúffu, en segir, að í minni eða suðurstofunni í Sækambi hafi verið við vesturvegg skápur með skúffum í, sem hann heldur, að hafi ekki verið læstar. Hann getur ekki sagt um, hvort Páll beið fyrir utan húsið, þegar hann náði í byssuna, eða hvernig hann eða þeir félagar fóru inn í húsið. Hann man ekki sérstaklega eftir því, að hann tæki fram við

Pál, að byssan væri gömul hermannabyssa og nefndi nafn Jóhannesar Jósefssonar í því sambandi. Hann getur ekki sagt um, hve mörgum skotum hvor þeirra skaut. Hann segir, að það kunni að vera rétt, að skot hafi ekki orðið fast í byssunni og að þeir hafi ekki þurft að reka tein upp í hlaup hennar til að ná skoti úr því. Hann man ekkert frekar um það, hvort einhver skot klikkuðu í byssunni. Þá heldur Helgi fast við það, að hann minntist ekkert á það við Pál, að faðir hans (ákærði) ætti aðra skammbyssu. Páll heldur fast við framburð sinn. Hann kveðst minnast þess greinilega, að Helgi sagði honum, að faðir sinn ætti aðra byssu, sem væri miklu fínni, en hún væri læst niðri í hirzlu, sem hann hefði ekki aðgang að, en bætir því við, að ef til vill hafi þetta verið ósatt hjá Helga og hann sagt þetta eingöngu til að gorta af því.

Við samprófun Helga og Guðmundar Rúnars kveðst Helgi ekki muna sérstaklega upphaf þess, að þeir fóru að skjóta úr skammbyssunni, en segir, að frásögn Guðmundar Rúnars um það geti verið rétt. Hann man ekki eftir því, að þeir prófuðu að skjóta úr byssunni í eða við skúr hjá Sunnuhvoli, en man, að þeir skutu úr henni á öskuhaugunum. Hann man ekki sérstaklega eftir því, að hann vefði tinþræði utan um skothylkið, vegna þess að skotin voru of lítil eða að einhver þeirra klikkuðu, en hann rámar í, að ein kúla hafi orðið föst í hlaupi byssunnar og að þeir hafi barið hana úr því með teini. Hann man eftir því, að ákærði tók byssuna af þeim, en um nánari atvik að því man hann ekki. Hann minnir, að ákærði hafi ekki tekið skot af þeim og að hann hafi ekki vitað um, að þeir voru með skot. Hann rámar í, að þeir félagar hafi haldið eftir nokkrum skotum og að þeir hafi tekið kúluna úr þeim í því skyni að búa til kínverja úr púðrinu. Hann man ekki, hve mikið púður þeir fengu úr kúlunum, og hann minnist þess ekki sérstaklega, að hann hafi haft orð á því við Guðmund Rúnar, að hann ætti ekki meira af skotum, en þó hafi það vel getað verið. Hann minnist þess ekki, að hann hafi geymt einhver skot í fórum sínum, sem hann hafi ekki eyðilagt með fyrrgreindum hætti.

Við samprófun ákærða og Guðmundar Rúnars man ákærði ekki eftir því að hafa komið að þeim Guðmundi Rúnari og Helga, þar sem þeir hafi verið með Mauser byssuna og að hann hafi þá tekið hana af þeim og bent þeim á, að hún gæti verið hættuleg. Guðmundur Rúnar heldur fast við framburð sinn um

þetta atriði, en kveðst halda, að ákærði hafi ekki vitað um, að þeir félagar höfðu verið að skjóta úr byssunni.

Þá skýrir Einar Heimir Pétursson bifreiðarstjóri, Nesvegi 9, Grundarfirði, frá því, að skömmu eftir að hann hóf akstur hjá Bifreiðastöð Steindórs fyrir fáeinum árum, hafi ákærði farið að vinna þar sem bifreiðarstjóri. Nokkru síðar hafi hann komið heim til ákærða á Seltjarnarnesi að næturlagi ásamt nokkrum öðrum bifreiðarstjórum og dvalið hjá honum í um hálfa klukkustund. Hann minnist þess, að á hillu í stofu þar voru nokkur tóm skothylki, og stóðu þau upp á endann. Þau voru nokkuð svipuð að stærð og áþekk skotum, sem notuð eru í kindabyssur, að einu undanteknu. Það var áberandi stærra en hin, og var það alllangt og að gildleika á við þumalfingur á karlmanni, og hélt hann, að það gæti ekki verið úr handbyssu. Einari Heimi hafa verið sýnd skotin fimm, sem þremur síðastnefndu vitnum voru sýnd, og enn fremur sýnt hið sjötta skot, cal. 38. Kveður hann, að stóra skotið heima hjá ákærða hafi verið langtum stærra en þessi sex skot. Hin skotin heima hjá honum hafi verið einna áþekkust tveimur skotum, sem hann bendir á, en það eru cal. 25 og cal. 35 skotin. Hann bendir enn fremur á tvö önnur skot og kveður þau ekki vera lík neinu skoti heima hjá ákærða, og eru það cal. 22 og cal. 45 skotin.

C.

Hinn 23. janúar 1968 könnuðu rannsóknarlögreglumennirnir Gísli Guðmundsson, Leifur Jónsson og Borgþór Þórhallsson, hve langan tíma tæki að láta fyrrgreindan gjaldmæli bifreiðarinnar R 461 sýna upphæðina kr. 87.00 með því að hafa bifreiðina kyrra. Var mælirinn settur í gang kl. 2010 og klukkan 2306,5 stóð hann á kr. 87.00. Gísli Guðmundsson kveður í skýrslu sinni, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, að athugun þessi leiði í ljós þann möguleika, að Gunnar Sigurður Tryggvason hafi tekið seinasta farþega sinn ekki fyrr en kl. 0526,5 um nóttina.

Að beiðni rannsóknarlögreglunnar kannaði Óskar Bernhard Jónsson, löggildingarmaður gjaldmæla, Hraunbraut 9, Kópavogi, ástand gjaldmælisins í bifreiðinni R 461, og í skýrslu hans, sem er dagsett 5. febrúar 1968 og staðfest er fyrir dómi, segir meðal annars svo:

„Mælirinn var þrem mínútum of lágur miðað við klst. Mælirinn sýndi kr. 31.80, en átti að sýna kr. 33.00 á klst. Innifalið er kr. 6 í startgjald.

Mælirinn sýnir kr. 0.30 á hvern slátt. Á klst. á hann að sýna 90 slætti, eða slátt á hverjar 40 sek.

Þessi útreikningur er miðaður við kyrrstöðu bifreiðar.

Við allan akstur eykst sláttafjöldinn eftir hraða og vegalengd, sem ekin er. Akstur í eina klst. getur kostað, miðað við utanbæjarakstur, kr. 180.00 á mæli. Miðað við þáverandi gjaldskrártöflu kostaði sá akstur kr. 951.00".

Að ósk sakadóms fór nú athugun fram á gjaldmæli bifreiðarinnar R 461 hinn 27. nóvember 1969, og framkvæmdu hana rannsóknarlögreglumennirnir Leifur Jónsson og Gísli Guðmundsson. Segir um þessa athugun í skýrslu Leifs, dagsettri nefndan dag, meðal annars svo:

„Bifreiðin bar þá (þ. e. 18. janúar 1968) skrásetningarnr. R 461, en nú R 414, og er eigandi hennar Vigfús Vigfússon, Þinghólsbraut 50, Kópavogi, sími 42394. Ekur hann frá Bifreiðastöðinni Hreyfli.

Samkvæmt upplýsingum Bergsteins Guðjónssonar, formanns bílstjórafélagsins Frama, svo og eiganda bifr. er þarna um að ræða sama gjaldmæli og var í bifreið hins myrta, þegar morðið var framið.

Kl. 17.05 í dag var gjaldmælirinn settur í gang og trektur upp og stilltur á taxta nr. 2, sem er sami taxti og hann var á, er hann var stöðvaður eftir morðið. Ekið var á eðlilegum hraða, vítt og breitt um borgina, og nákvæmlega kl. 1858 sló mælirinn yfir á töluna 87.00. Bifreiðinni hafði þá verið ekið 58 km.

Eigandi bifr. upplýsti, að Óskar B. Jónsson, löggildingarmaður gjaldmæla, hefði stillt mælinn í dag, og ætti hann því að sýna réttan taxta. Einnig upplýsti eigandinn, að hann væri nýbúinn að setja nýja hjólbarða undir bílinn, og væri því ekki alveg öruggt, að vegarlengdin, sem farin var, sé nákvæmlega rétt, gæti verið eitthvað meiri en mælirinn sýndi".

Leifur og Gísli hafa staðfest skýrslu þessa fyrir dómi, og hefur hinn fyrrnefndi tekið fram, að núverandi eigandi bifreiðarinnar, Vigfús Vigfússon, sem ekið hafi bifreiðinni í þetta skipti, hafi verið kunnugur aksturslagi Gunnars Sigurðar Tryggvasonar og reynt að haga akstrinum samkvæmt því.

D.

Hinn 11. marz 1969 athuguðu þeir Njörður Snæhólm og Leifur Jónsson, hvort staðizt gæti, að skammbyssa sú, sem fannst í bifreiðinni R 15612, hefði getað verið lengi undir framsæti bifreiðar-

innar án þess að hreyfast úr stað, svo að eftir henni yrði tekið af farþegum í aftursæti bifreiðarinnar. Segir um þessa athugun í skýrslu Njarðar, sem hann og Leifur hafa staðfest fyrir dómi, meðal annars á þessa leið:

„Afturgólf bílsins er teppalagt, og brún teppisins nær framundir miðjuna á framsætinu hægra megin, en Sveinbjörn segist hafa fundið byssuna liggjandi á teppinu fram undir brún.

Eins og komið er fram, er byssan „pistol" S&W 35. Út úr sleða byssunnar vinstra megin gengur eyra.

Byssan var lögð á vinstri hlið, þ. e. á eyrað, á teppið, því það gefur meiri mótstöðu á teppinu. Hún var lögð fram undir brún á teppinu, undir miðju framsæti hægra megin, og því beint fram af hægri hluta aftursætisins í R 15612. Bifreiðinni ók Snæbjörn Magnússon. Í framsæti við hlið ökumanns var Leifur Jónsson. Guðmundur T. Guðmundsson sat vinstra megin í aftursæti og undirritaður hægra megin í aftursæti.

Lagt var af stað kl. 1020 frá Borgartúni 7, ekið vestur fyrir og austur Sætún, upp á Borgartún, inn Sundlaugarveg, Dalbraut, Kleppsveg, Elliðavog á Suðurlandsbraut og norður hana inn á Grensásveg, Ármúla niður um Herskóla Camp, á Suðurlandsbraut og norður Kringlumýrarbraut á Borgartún og að nr. 7.

Alltaf var ekið á venjulegum innanbæjarhraða, stanzað og tekið af stað öðru hverju, en aldrei ekið ruddalega eða með rykkjum. Eftir 10 mínútna akstur var byssan komin það langt aftur undan sætinu, að ekki var nokkur leið að komast hjá því að sjá hana, þegar ég leit niður á gólfið, og sama gilti um Guðmund úr vinstra sætishlutanum. Eftir 20 mínútna akstur var byssan hætt að mjakast aftur.

Það var afturhluti rammastykkis og skeftis, sem sást. Leifur Jónsson fór nú í aftursætið hægra megin og bílstjórinn í það vinstra megin og sáu aðstæður.

Þá skal það tekið fram, að hafi byssan legið þarna og a. m. k. karlfarþegi komið í aftursæti hægra megin, eru mestar líkur fyrir, að hann hefði sparkað byssunni fram fyrir, er hann hefði stungið tánum inn undir sætið, eins og gert er, nema því aðeins að eitthvað hefði verið undir sætinu að framan, sem komið hefði í veg fyrir það.

Ég prufaði þetta eða gerði eins og vanalega, er ég setzt í aftursæti á bíl, og lenti strax á byssunni".

Leifur Jónsson tekur fram, að þegar athugun þessi var gerð, hafi framsæti bifreiðarinnar verið í þeirri stillingu, sem Snæ-

björn Magnússon hafði sett það í og hann notaði við akstur bifreiðarinnar. Kveðst Leifur síðar hafa komizt að því, að sú stilling var ekki fremsta stilling framsætisins, en þannig hafi ákærði haft sætið við akstur bifreiðarinnar.

Hinn 16. apríl 1969 könnuðu þeir Njörður Snæhólm, Ragnar Vignir og Leifur Jónsson nánar bifreiðina R 15612 og framkvæmdu mælingar og tóku ljósmyndir. Rannsóknardómari málsins var viðstaddur. Segir um verk þetta í skýrslu Leifs, sem hann svo og Njörður og Ragnar hafa staðfest fyrir dómi, meðal annars á þessa leið:

„Við höfum fengið bifreiðina lánaða, og var ekið af stað frá Borgartúni 7 kl. 17.20. Ég undirritaður ók bifreiðinni, en í framsæti við hlið mér sat Þórður Björnsson yfirsakadómari en í aftursæti bifreiðarinnar Njörður Snæhólm og Ragnar Vignir. Skammbyssan, sem fannst í bifreið Sveinbjörns, var nú sett undir framsæti hægra megin framan við brún teppis, en á milli teppis á gólfi aftur í bifreiðinni og á gólfi frammi í bifreiðinni er bil undir miðju sæti bílsins. Lá byssan þar á beru gólfinu.

Ók ég síðan bifreiðinni sem leið lá vestur Borgartún, Sætún, Laugarnesveg, Kleppsveg og niður að uppfyllingu við Sundahöfn. Á þessari leið færðist byssan til fram að brún teppis, sem er frammi í bifreiðinni, án þess að kastast fram í bílinn. Áður en lagt var af stað, hafði ég stillt framsæti bifreiðarinnar, eins framarlega og hægt var í sleðanum, eða í sömu stöðu og Sveinbjörn Gíslason hefur skýrt frá, að hann hafi haft sætið, er hann ók bílnum.

Framkvæmdar voru mælingar, og kom í ljós, að frá gólfi og upp að sætisbrún framsætis að aftan eru 10 cm. Frá sætisbrún að aftan og fram að brún teppisins, sem nær undir sætið, reyndist vera 25 cm. Millibil milli teppisbrúnar frammi í bílnum og teppisbrúnar aftur í bílnum undir framsæti eru 12½ cm“.

Þ.

Á árinu 1969 fékk rannsóknarlögreglan í tvö skipti í hendur skammbyssuskot af tegundinni S&W, cal. 35, og var stafurinn U í miðju á hvellhettum skothylkjanna. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um skot þessi:

Hinn 3. febrúar f. á. skýrði Lárus Fjeldsted Salómonsson Nirði Snæhólm frá því, að kaupmaðurinn í verzluninni Goðaborg, Freyjugötu 1 hér í borg, ætti tvo pakka af cal. 35 skammbyssuskotum. Þeir Njörður og Leifur Jónsson fóru í verzlunina og

afhenti þá kaupmaðurinn þar þeim tvo pakka fulla af skammbyssuskotum, S&W, cal. 35. Kveður Njörður, að skotin hafi verið af sömu tegund og skotið, sem hafi verið notað á Gunnar Sigurð Tryggvason. Pakkarnir séu auðsjáanlega eldgamlir, því að þeir séu upplitaðir og allir snjáðir og pappírinn nuddaður utan af þeim á köflum.

Christian Peter Willatzen kaupmaður, Hringbraut 41 hér í borg, kveðst hafa átt og rekið verzlunina Goðaborg síðan 1. janúar 1968, en þar séu seldar alls konar íþróttavörur svo og skotvopn og skotfæri. Seinni hluta sumars 1968 kveðst hann hafa verið að taka til í verzluninni vegna nýrrar innréttingar hennar og hafi hann þá fundið í skúffu einni tvo pakka með skotærum í af cal. 35, Smith & Wesson. Skúffan hafi verið í skáp, sem stóð á gólfi við vegg í verzluninni. Hann kveðst ekki muna, hvort pakkarnir voru sérstaklega pakkaðir inn, en í skúffunni voru ýmislegir varahlutir í byssur og máske einhver annar varningur. Hann segir, að annar pakkinn hafi verið fullur, en hinn máske ekki alveg fullur. Hann kveðst hafa séð strax við athugun, að skotin voru cal. 35, og þá vitað, að það voru ekki algeng skot. Hann minnist þess ekki, að nokkur maður hafi spurt um skot af þeirri stærð, eftir að hann hóf rekstur verzlunarinnar. Hann kveður, að þetta séu einu cal. 35 skotin, sem verið hafi í verzluninni. Hann kveðst síðan hafa pakkað sérstaklega inn báðum skotfærapökkunum og látið í sömu skúffu og þar hafi skotin verið óhreyfð, þar til hann sýndi Lárusi Fjeldsted þau í verzluninni. Nokkrum dögum síðar komu tveir rannsóknarlögreglumenn í verzlunina, og afhenti hann þeim þá skotfærapakkana.

Karl Hinrik Olsen verzlunarmaður, Meistaravöllum 25 hér í borg, kveðst hafa verið verzlunarstjóri í Goðaborg í um 8—9 ár og látið af því starfi um mánaðamót maí og júní 1967, en eigandi verzlunarinnar allan þennan tíma hafi verið Nils Jörgensen, sem nú sé búsettur erlendis. Karli Hinrik hafa verið sýndir fyrrgreindir tveir skotfærapakkar og skotin í þeim, og kveðst hann hvorugt hafa séð áður. Hann kveðst ekki hafa vitað til þess, að þessi skot og pakkar hafi verið í verzluninni Goðaborg, þegar hann vann þar. Hann segir, að á meðan hann var þar verzlunarstjóri, hafi skot af cal. 35 aldrei verið seld eða verið til sölu þar, og hann minnist þess heldur ekki, að nokkur maður hafi spurt um slík skot þar. Hann tekur fram, að fyrir um 4—5 árum hafi Nils Jörgensen spurt hann að því, hvort til væru í verzluninni skot af cal. 35, og hafi hann þá svarað því neitandi, en

Nils kvaðst spyrja að þessu, vegna þess að einhver Ameríkumaður hefði verið að spyrja um þessa stærð skota.

Karl Hinrik kveðst kannast við ákærða í máli þessu, en hann minnist þess ekki, að hann hafi komið í verzlunina Goðaborg til að fá þar skot í byssu eða af öðru tilefni. Þá getur hann ekkert borið um, hvort ákærði hefur átt eða haft undir höndum byssu. Hann minnist þess heldur ekki, að Jóhannes Jósefsson hafi komið í verzlunina til að kaupa þar skotvopn eða skotfæri eða í öðru skyni.

Hinn 26. apríl f. á. hringdi Guðmundur Ragnar Brynjólfsson aðstoðarlögregluvarðstjóri, Barmahlíð 55 hér í borg, til Njarðar Snæhólms og skýrði honum frá því, að Bjarni sonur sinn, sem væri nú utan borgarinnar, hefði beðið hann um að hringja til hans og láta hann vita af því, að hann hefði allt í einu tekið eftir því, að hann ætti skot af cal. 35. Njörður fór heim til Guðmundar Ragnars, og afhenti hann Niröi skot þau, sem Bjarni hafði afhent honum. Kveður Njörður, að skotin hafi verið af þremur tegundum, eða sem hér segir:

„37 st. S. W., cal. 35, REM-UMC, nákvæmlega sams konar og morðskotið.

10 st. R. W. S., cal. 7,65.

1 st. S. W., cal. 38, revolver, Western".

Bjarni Þór Guðmundsson bifreiðasmiður, Eskihlíð 6 A hér í borg, skýrir frá því, að kringum árið 1959 hafi hann unnið í Bílasmiðjunni hér í borg og hafi þá einnig unnið þar maður að nafni Stefán Stefánsson. Einhverju sinni hafi Stefán sagt honum frá því, að hann hefði verið að skjóta úr byssu með öðrum manni eða mönnum, og hafi hann þá beðið Stefán um að sýna honum byssuna. Hann hafi sagt, að hann gæti ekki gert það, en hann gæti sýnt honum byssuskot, og nokkru síðar hafi hann sýnt honum kassa, sem í hafi verið slatti af skotum. Kassinn hafi ekki verið fullur og hafi skotin staðið upp á endann í honum. Stefán hafi látið hann fá skotin að beiðni hans og hafi hann farið með þau heim til sín á Barmahlíð 55. Hann kveðst ekki hafa athugað eða að minnsta kosti ekki muna, hver var stærð skotanna, og hann hafi ekki athugað, hvort þau væru öll af sömu stærð. Hann kveðst ekki hafa vitað, hvort Stefán ætti fleiri skot en þau, sem hann lét hann fá. Hann kveðst hafa geymt skotfærapakkann í trékassa í ólæstum skáp undir súð í herbergi því, sem hann svaf í, en hann getur ekki fullyrt, að kassinn hafi verið læstur. Árið 1961 hafi hann flutt í hús eitt við Dunhaga hér í

borg, og reiknar hann með því, að hann hafi þá haft skotfærapakkann með sér, en man það þó ekki með vissu. Máske einu ári síðar hafi hann flutt aftur á Barmahlíð 55, og reiknar hann með því, að skotfærapakkinn hafi þá verið geymdur þar á sama stað og áður, en þá hafi trékassinn verið læstur. Fyrir um 2—3 árum hafi hann flutt á Eskihlíð 6 A og þá hafi skotin verið geymd í læstum kassa ofan á skáp í geymslu í kjallara hússins, en konan, sem leigði honum herbergi í húsinu, hafi einnig haft afnot af geymslunni. Hann minnist þess ekki að hafa sýnt öðrum greind byssuskot eða sagt öðrum frá þeim, og hann kveðst engu þeirra hafa eytt eða látið frá sér fara. Álítur hann það vera alveg öruggt mál, að hann hafi geymt skotin það vel, að annar hafi ekki komizt í þau. Bjarni Þór kveðst hafa verið að taka til hjá sér nokkuð snemma á s.l. ári, eða í apríl f. á., og séð þá skotin. Hann hafi litið á enda þeirra og séð, að talan 35 var á nokkrum þeirra. Hann minntist þess þá, að skotið, sem varð bifreiðarstjóra að bana í janúar 1968 hefði verið talið vera cal. 35. Hafi hann þá afhent föður sínum, Guðmundi Ragnari Brynjólfssyni, skotin og beðið hann um að afhenda lögreglunni þau. Bjarni Þór kveðst ekki þekkja ákærða.

Stefá Stefánsson bílasmiður, Lyngbrekku 7, Kópavogi, kveðst hafa unnið í Bílasmiðjunni hér í borg í nokkur ár, eða frá 1957 eða 1958 til 1963, að því er hann minnir, og hafi Bjarni Þór Guðmundsson unnið þar um skeið samtímis honum. Stefán kveðst ekki muna eftir atviki því, sem Bjarni Þór talar um í fyrrgreindum framburði sínum, og kveðst hann aldrei hafa átt byssu eða haft áhuga á skotvopnum. Hann kveðst ekki hafa sagt Bjarna Þór frá því, að hann hefði verið að skjóta úr byssu með öðrum manni. Kveðst hann aldrei hafa hleypt skoti úr byssu að því frátöldu, að þegar hann var unglingur, skaut hann einhvern tíma úr riffli. Hann kveðst heldur ekki þekkja byssur eða skotfæri. Hann segist hafa búið hjá móður sinni í Miðstræti 3 hér í borg á árunum 1951—1959 og á þeim tíma hafi í 2—3 ár einnig búið þar maður að nafni Sigurður Sigurðsson, þá lögreglumaður. Kveður Stefán, að Sigurður hafi skilið eftir ýmislegt dót eða drasl í herbergi sínu, þegar hann flutti úr húsinu, og hafi hann hirt það. Stefán orðar það sem möguleika, að Sigurður hafi meðal annars skilið eftir pakka af skotum, og að hann (Stefán) hafi svo látið Bjarna Þór fá pakkann, en bætir því við, að hann muni ekki sérstaklega eftir að hafa gert það.

Frekara samræmi milli framburða Bjarna Þórs og Stefáns hefur ekki fengizt þrátt fyrir samprófun þeirra.

Sigurður Sigurðsson iðnverkamaður, Hringbraut 37 hér í borg, kveðst hafa leigt herbergi í Miðstræti 3 um nokkurra ára skeið fyrir árið 1960. Nafn konunnar, sem hann leigði hjá, hafi verið Adda Pálsdóttir, og átti hún son að nafni Stefán Stefánsson. Sigurður kveðst hafa verið lögreglumaður á þessum tíma, og kom það fyrir, að hann geymdi lögreglubyssu sína heima hjá sér og þá máske einnig skot í hana, sem voru cal. 22. Hann kveðst ekki hafa haft undir höndum önnur skotvopn eða skotfæri. Hann minnist þess ekki að hafa skilið eftir dót eða drasl í herbergi sínu, þegar hann flutti úr Miðstræti 3, og heldur hann, að hann hafi haft á brott með sér þaðan allt það, sem honum tilheyrði.

Frekara samræmi milli framburða Sigurðar og Stefáns hefur ekki náðst þrátt fyrir samprófun þeirra.

IV. kafli.

Seinni hluta laugardagsins 28. júní 1969 óskaði ákærði eftir viðtali við rannsóknardómara máls þessa, og kvaðst hann vilja leiðrétta framburð sinn í nokkrum tilteknum atriðum. Var sakadómsþing háð að kvöldi sama dags, og breytti ákærði þá fyrri framburði sínum, eins og nú verður greint frá:

Ákærði skýrir frá því, að einhvern tíma á árunum 1953—1955 tók hann hálfan annan pakka af skammbyssuskotum, sem Jóhannes Jósefsson átti og geymdi í skúffu í sumarbústaðnum við Hítará, og var ætlun hans að athuga, hvort skot þessi „pössuðu" ekki í Mauser byssuna, sem hann átti. Hann fór með skotin heim til sín að Sækambi og prófaði eitt þeirra í byssuna, en skotið reyndist vera allt of lítið í hana, svo að ekki kom til þess, að því væri hleypt af. Hann orðar það sem möguleika, að hann hafi látið skot þetta í peningakassann á stigapallinum uppi á lofti heima hjá sér og að það sé annað skotið, sem var í kassanum, þegar hann var opnaður í sambandi við rannsókn máls þessa. Pakkana, sem skotin voru í, lét hann í skúffu í skrifborði, sem var í herbergi Helga sonar hans eða á sama stað og hann geymdi Mauser byssuna. Þessa skúffu hafði ákærði til umráða sinna. Hún var læst, og bar hann lykilinn á lyklakippu sinni.

Á árinu 1965 og nánar tiltekið, töluvert áður en Jóhannes Jósefsson og kona hans fóru til útlanda þá um sumarið, hringdi Jóhannes til ákærða og bað hann um að koma heim til sín á

Tjarnarstíg 8 til að líta á sjónvarpstæki, sem þar væri bilað. Ákærði man ekki sérstaklega eftir því, hvort kona Jóhannesar var heima, þegar hann kom þangað, og lagaði hann stillingu tækisins, svo að það komst í lag. Í þetta skipti tók ákærði minni skammbyssu Jóhannesar úr fyrrgreindum byssukassa hans. Var hann á vejulegum stað á hillu í skattholi, sem stóð gegnt glugga og við vesturvegg stofunnar í íbúð Jóhannesar. Ákærði tók byssuna með leynd, og hafði hann hana á brott með sér heim til sín. Var tilgangur hans að selja hana og nota andvirðið til eigin þarfa, en hann ætlaði, að hann gæti selt hana fyrir um kr. 2.000.00. Byssuna setti hann svo í peningakassann, sem var á loftskörinni á heimili hans og fyrr um getur í málinu.

Ákærði gerði svo ekkert til þess að reyna að selja byssuna og bauð engum hana til kaups og lét heldur engan vita um hana. Hann komst síðan að því, að Þórir Magnússon hafði mikinn áhuga á skotvopnum og að hann safnaði þeim. Ákærði sagði honum frá Mauser byssunni, sem hann átti, og seldi honum hana, eins og hann hefur áður skýrt frá. Skömmu síðar sagði ákærði honum frá því, að hann gæti útvegað honum aðra skammbyssu, sem væri langtum minni en Mauser byssan. Þórir hafði áhuga á byssunni, og varð það til þess, að ákærði opnaði peningakassann heima hjá sér og náði í byssuna og hafði hana með sér niður á Bifreiðastöð Steindórs í því skyni að sýna Þóri byssuna, en hann kveðst þó ekki hafa verið búinn að lofa Þóri því að selja honum hana, aðeins lofað honum því að sýna honum hana. Ákærði tekur fram í þessu sambandi, að Þórir var ekki búinn að greiða honum verð Mauser byssunnar, sem reyndar er enn ógreitt. Þórir var ekki að vinna þennan dag á stöðinni.

Ákærði segir, að þegar hann hafði tekið byssuna úr peningakassanum, stakk hann henni í vasa sinn. Því næst fór hann í vinnuna um kl. 1230 sama dag og sótti Chevrolet bifreiðina R 1402, sem hann ók hjá Steindóri, í geymsluport stöðvarinnar við Sólvallagötu. Hann setti byssuna strax í geymsluhólfið í mælaborði bifreiðarinnar. Þar var byssan allan daginn, og var hólfið þá læst. Að loknum vinnudegi um kl. 0100 um nóttina skilaði hann bifreiðinni venju samkvæmt í fyrrgreint port bifreiðastöðvarinnar og skildi þá eftir lykla bifreiðarinnar í kveikjulásnum, eins og föst regla er hjá bifreiðastöðinni. Lyklar bifreiðarinnar voru þrír saman á kippu, og gekk einn að kveikjulásnum og hurðum, annar að hólfinu í mælaborðinu og hinn þriðji að kistulokinu. Hann man ekki, hver var næturvörður í portinu þessa

nótt. Hann segir, að það hafi stafað af gleymsku, að hann skildi byssuna eftir í geymsluhólfinu um nóttina. Næsta dag athugaði hann strax í geymsluhólf bifreiðarinnar, þegar hann kom til að ná í hana, en þá var byssan horfin.

Ákærði vissi hvorki né veit, hver muni hafa tekið byssuna úr hólfinu, og hann gat ekki spurzt fyrir um hana hjá starfsmönnum Steindórs vegna þess, hvernig hún var fengin. Honum kveðst þó hafa dottið í hug einn maður, án þess þó að hann vilji bera það á hann, að hann hafi tekið byssuna. Nánar tiltekið var þannig mál með vexti, að dag einn fyrir mörgum árum varð ákærði var við, að Mauser byssan var horfin úr skrifborðsskúffunni. Hann talaði við heimafólk sitt um málið, og var honum sagt, að ekki gæti verið öðrum til að dreifa, er valdur væri að hvarfi byssunnar, en Guðmundi Rúnari Óskarssyni, leikfélaga Helga sonar hans, því að hann væri sá eini, sem hefði komið í herbergið, þar sem byssan var geymd, en hann var þá heimagangur í Sækambi. Ákærði hringdi í Lárus Salómonsson, sem var þá lögreglumaður í Reykjavík, og skýrði honum frá hvarfi byssunnar og gruni sínum um, að Guðmundur Rúnar væri valdur að hvarfi hennar. Lárus sagði honum, að hann (ákærði) skyldi tala við Guðmund Rúnar um málið og spyrja hann að því, hvort hann hefði fengið byssuna að láni. Ákærði gerði þetta, og viðurkenndi Guðmundur Rúnar að vera með byssuna og kvaðst hafa fengið hana að láni. Hann skilaði henni síðan. Ákærði heldur, að Guðmundur Rúnar hafi ekki tekið skot með byssunni.

Ákærði segir, að þegar hann var búinn að skila bifreiðinni R 1402 í geymsluportið, hafi hann venjulega hringt í Helga son sinn og beðið hann um að sækja sig í Ford bifreiðinni G 288, sem ákærði átti. Það sé ekki útilokað, að Helgi hafi sótt hann um nóttina, sem ákærði skildi byssuna eftir í bifreiðinni, og ef svo hafi verið, sé mjög líklegt, að Guðmundur Rúnar hafi verið með honum, þar sem þeir voru mikið saman. Ákærði segir, að það hafi verið regla, að bifreiðarnar, sem skilað var í portið, hafi verið hreinsaðar að utan og innan, áður en gengið var frá þeim, og það verk önnuðust bifreiðarstjórarnir. Þegar Helgi kom og sótti ákærða samkvæmt framansögðu, hjálpaði hann ákærða yfirleitt við að hreinsa bifreiðina, og sama máli gegndi um Guðmund Rúnar, þegar hann kom með Helga. Ákærði bætir því við, að þegar Helgi og Guðmundur Rúnar komu báðir saman, kom það fyrir, að þeir hreinsuðu bifreiðina fyrir hann, og beið hann þá á meðan og hvíldi sig.

Ákærði kveðst síðan ekkert hafa vitað, hvar byssan var niður komin, fyrr en hann fann hana í bifreiðinni R 15612 laust eftir miðjan janúar 1969, eins og hann hefur áður skýrt frá. Hann vísar um geymslu byssunnar til fyrri framburðar síns í málinu og tekur sérstaklega fram, að hann hafi ekki tilkynnt um fund hennar af einskærum ótta við að verða bendlaður við bana Gunnars Sigurðar, sem hann kveðst vera algerlega saklaus af.

Ákærði kveðst nú hafa skýrt frá öllum þeim atriðum, sem hann hefur til leiðréttingar á fyrri framburði sínum í málinu. Hann tekur sérstaklega fram, að ekkert skot var í skammbyssunni, þegar hann tók hana á Tjarnarstíg 8, og að hann setti heldur aldrei skot í hana. Hann kveðst ekkert vita, hvað varð af skotunum, sem hann tók í sumarbústaðnum við Hítará og geymdi í skrifborðsskúffunni ásamt Mauser byssunni. Þau skot hurfu eða gufuðu upp, eins og ákærði kemst að orði, og máske fleygði hann þeim. Hann kveðst aldrei hafa farið inn í húsið Tjarnarstíg 8 með lyklinum, sem var í lyklaveski hans.

Verða nú raktir framburðir vitna, sem yfirheyrð hafa verið í tilefni af þessum breytta framburði ákærða:

Lárus Fjeldsted Salómonsson minnist þess, að fyrir mörgum árum, þegar hann var lögreglumaður hér í Reykjavík, skýrði ákærði honum frá því, að byssa, sem hann ætti, hefði horfið frá heimili hans og að hann grunaði ákveðinn ungling um að hafa tekið hana. Hann man ekki eftir því, að hann nafngreindi unglinginn. Hann kveður, að ákærði hafi beðið hann um að tala við unglinginn út af byssunni, og minnir hann, að ákærði segði honum, að unglingurinn væri heimilisvinur á Sækambi. Hann ráðlagði ákærða að tala sjálfur við unglinginn og spyrja hann að því, hvort hann hefði ekki fengið byssu, sem ákærði ætti, að láni. Þó nokkru síðar sagði ákærði honum, að unglingurinn hefði afhent honum byssuna, og minnir hann, að ákærði hafi í sama skipti skýrt honum frá því, að Helgi og greindur unglingur hefðu farið eitthvað með byssuna til að skjóta úr henni.

Í áðurgreindu porti Bifreiðastöðvar Steindórs við Sólvallagötu unnu eftirtaldir þrír menn við næturvörzlu, eins og hér segir: Stefán Valgeir Jónsson, Sólvallagötu 66 hér í borg, hefur verið vaktmaður þar síðan í júlí 1959, og á árunum 1965 til 1967 var vinnutími hans frá kl. 1900 að kvöldi til kl. 0300 að nóttu. Hann hefur átt frí eitt kvöld eða eina nótt í viku, og í mörg ár var það aðfaranótt miðvikudags, en síðan aðfaranótt föstudags. Guðmundur Bjarnason, Borgarholtsbraut 58, Kópavogi, hefur verið

næturvörður í portinu síðan í september 1965, og hefur vinnutími hans verið frá kl. 2330 að kvöldi til kl. 0730 að morgni. Hann hefur átt frí eina nótt í viku, og var það fyrst aðfaranótt miðvikudags, síðan aðfaranótt laugardags og nú um skeið hefur það verið aðfaranótt sunnudags. Ásgeir Halldórsson, Fitjakoti, Kjalarnesi, var vaktmaður í portinu við og við í afleysingum frá 1964 eða 1965 til 1967, og var vinnutími hans ýmist frá kl. 1900, 2100 eða 2300 að kvöldi til kl. 0700 að morgni. Hann átti frí eina nótt í viku, og minnir hann, að það hafi verið aðfaranótt laugardags.

Þessir þrír menn hafa borið vitni í málinu og skýra þannig frá:

Svæði Steindórsstöðvar við Sólvallagötu afmarkast af þeirri götu og Hringbraut. Þar eru tvö samliggjandi hús, þvottahús og verkstæði. Bifreiðarstjórar stöðvarinnar, sem lokað er kl. 0100 að nóttu, koma með bifreiðar sínar inn á svæðið, þegar þeir hætta akstri að kvöldi eða nóttu og þá oftast um eða eftir kl. 0100. Þegar bifreið kemur, setur vaktmaður fyrst benzín á hana og síðan ekur bifreiðarstjórinn henni í þvottahúsið, þvær hana og hreinsar bæði að utan og innan, eftir því sem nauðsyn krefur hverju sinni, svo að hún verði tilbúin til aksturs að morgni. Vaktmaður skráir í sérstaka bók númer bifreiðarinnar og komutíma hennar og les einnig af gjaldmæli hennar, ýmist áður eða eftir að bifreiðarstjórinn er farinn á brott. Að morgni eru upplýsingar um þetta efni sendar í skrifstofu stöðvarinnar í Hafnarstræti. Bifreiðarnar eru skildar eftir ólæstar, og eru lyklar þeirra hafðir í kveikjulás þeirra. Dyr verkstæðishússins eru ávallt hafðar lokaðar á næturnar, og dyr þvottahússins eru lokaðar með slagbrandi að innan. Næturvörðurinn dvelur á næturnar inni í lítilli kompu, sem er í einu horni þvottahússins, eða er í verkstæðinu.

Greindir þrír starfsmenn Steindórsstöðvar bera, að hún eigi bifreiðarnar með einkennistölunum R 1401 til R 1460, og þeir minnast þess, að ákærði ók um tíma Chevrolet bifreiðinni R 1402. Þeir segja allir, að ákærði hafi ekki öðrum bifreiðarstjórum fremur komið óreglulega til að skila bifreið sinni eða þrifið hana lakar en aðrir.

Stefán Valgeir Jónsson segir, að sonur ákærða hafi komið stundum í bifreið og sótt hann, þegar hann var búinn að ganga frá bifreið sinni í þvottahúsinu, og hjálpað honum gjarnan við að þrífa bifreiðina, ef ákærði hafði ekki lokið við það. Stefán minnist þess ekki sérstaklega, að annar piltur eða maður væri

í fylgd með syni ákærða, þegar hann kom og sótti hann, eða að ákærði hringdi í son sinn til að láta hann sækja sig, en sími er í þvottahúsinu. Hann segir, að ákærði hafi stundum farið á brott gangandi og stundum í fylgd með öðrum bifreiðarstjórum, sem tilbúnir voru á sama tíma og hann.

Guðmundur Bjarnason minnist þess, að ákærði gekk stundum úr stöðvarportinu heim til sín, og að því er hann heldur vestur í Skjólahverfi. Hann man ekki sérstaklega eftir því, að hann fengi að hringja í síma, sem er í þvottahúsinu, en segir þó, að það hafi getað verið. Hann minnist þess, að í nokkur skipti kom piltur í bifreið um eitt leytið til að sækja ákærða, og heldur hann, að það hafi verið sonur hans. Pilturinn hjálpaði þá ákærða gjarnan að þrífa bifreiðina. Hann man ekki sérstaklega eftir því, að í för með piltinum væri annar piltur eða maður, en kveður, að það hafi þó getað verið einhverju sinni.

Ásgeir Halldórsson segir, að sonur ákærða hafi komið nokkrum sinnum í bifreið og sótt hann, þegar hann var búinn að ganga frá bifreið sinni í þvottahúsinu. Þá kom það fyrir, ef ákærði hafði ekki lokið við að þrífa bifreiðina, að sonur hans hjálpaði honum við verkið. Hann minnist þess, að í fáein skipti var í fylgd með syni ákærða piltur, sem virtist aðeins eldri en hann (sonurinn). Hann minnist þess ekki, að piltur þessi hjálpaði nokkurn tíma til við að þrífa bifreið ákærða, og hann tekur fram í þessu sambandi, að óviðkomandi menn máttu ekki koma inn í þvottahúsið eða verkstæðið samkvæmt reglum, sem forráðamenn bifreiðastöðvarinnar höfðu sett. Hann minnist þess, að það kom fyrir, að ákærði hringdi úr þvottahúsinu í son sinn til að láta hann sækja sig. Þá kom það fyrir, að ákærði fór gangandi heim til sín vestur á Seltjarnarnes.

Fyrrgreindum þremur starfsmönnum Steindórsstöðvar ber öllum saman um, að ákærði hafi aldrei minnzt á byssu eða skot í byssu við þá eða í áheyrn þeirra.

Guðmundur Rúnar Óskarsson skýrir frá því, að nokkrum árum eftir að þeir Helgi voru að leika sér við að skjóta úr skammbyssunni, eins og hann hefur þegar borið, hafi hann verið staddur á Sækambi og rekizt þá á þessa sömu byssu, en hvar í húsinu, man hann ekki. Hann kveðst hafa tekið byssuna, en engin skot með henni, og haft hana á brott með sér, án þess að aðrir vissu, og hafi hann gert það í því skyni að prófa, hvort skot, sem hann hafði fundið þá stuttu áður í kassa á öskuhaugunum „pössuðu í“ hana. Skotin hafi verið of stór, þó að hann hafi getað lokað

byssunni með skotunum í, og kveðst hann ekki hafa þorað að hleypa af henni. Ákærði hafi svo komið heim til hans og viljað tala við hann, og heldur hann, að það hafi verið einum til tveimur dögum eftir að hann tók byssuna. Þeir hafi farið út í bifreið ákærða, sem ekið hafi honum að Sækambi. Á leiðinni þangað hafi ákærði spurt hann að því, hvort hann væri með byssu, sem ákærði ætti, og hafi hann þá sagzt vera með byssuna. Hann hafi svo sótt hana heim til sín og afhent ákærða hana. Guðmundur Rúnar kveðst hafa vitað, að ákærði ók um skeið bifreið frá Bifreiðastöð Steindórs og skilaði henni að loknum akstri á kvöldin inn á svæði stöðvarinnar við Sólvallagötu og Hringbraut. Hann kveðst hafa komið þangað nokkuð oft með Helga, syni ákærða, í bifreið, sem Helgi ók, til að sækja föður sinn. Þeir hafi gjarnan hjálpað ákærða við að þvo bifreið hans og hafi hann þá þrifið hana að innan, en þeir að utan. Máske hafi þeir einhvern tíma sópað gólf bifreiðarinnar. Guðmundur Rúnar telur útilokað, að hann hafi nokkru sinni opnað hanzkahólf bifreiðarinnar, og hann man ekki til þess, að ákærði eða Helgi gerðu það. Hann harðneitar því að hafa tekið byssu úr bifreiðinni, og hann kveðst aldrei hafa séð byssu í henni. Hann kveðst heldur ekki hafa séð ákærða eða Helga vera með byssu og þeir hafi heldur aldrei talað um byssu.

Við samprófun Guðmundar Rúnars og ákærða kveðst hinn fyrrnefndi ekkert sérstakt hafa að athuga við framburð ákærða um töku hans á Mauser byssunni, en hann harðneitar því að hafa tekið byssu úr bifreið þeirri, sem ákærði ók hjá Bifreiðastöð Steindórs. Jafnframt segir ákærði ekkert sérstakt í tilefni af þessum framburði Guðmundar Rúnars og kveðst alls ekki vilja bera það á hann, að hann hafi tekið byssuna úr Steindórsbifreiðinni.

Með tilliti til hins breytta framburðar ákærða í dóminum 28. júní f. á. var honum hinn 17. nóvember f. á. gerður kunnur á ný framburður Þóris Magnússonar, sem fyrr er rakinn. Ákærða minnir þá, að hann hafi sagt Þóri frá því, að hann ætti tvær skammbyssur, en ekki sagt það í eitt og hið sama skipti, heldur í sitt hvort skiptið, og kunni það að hafa verið um vorið 1966. Hann minnir fastlega, að hann hafi sagt Þóri fyrst frá Mauser byssunni og tekið þá máske fram, að hægt væri að breyta henni í vélbyssu. Þórir hafi viljað kaupa byssuna og hafi ákærði selt honum hana, eins og hann hefur áður skýrt frá. Hann minnir svo fastlega, að skömmu síðar hafi hann sagt Þóri, að hann gæti

útvegað honum aðra skammbyssu, sem væri langtum minni en Mauser byssan, en hann man ekki sérstaklega eftir því, að hann tæki fram við Þóri, að sú byssa væri miklu skemmtilegri en Mauser byssan eða að magasín hennar gengi upp í skaptið, en þó kunni hann að hafa sagt Þóri það. Hann telur líklegt, að hann hafi skýrt Þóri frá því, að erfitt væri að fá skot í byssuna, en man þó ekkert nánar um það. Þórir hafi einnig viljað fá síðarnefndu byssuna, en ákærði kveðst ekki hafa lofað honum því að selja honum hana. Hann hafi þó ákveðið að sýna Þóri hana og hafi hann farið með hana niður í Bifreiðastöð Steindórs í því skyni, en Þórir hafi þá ekki verið að vinna þann dag, eins og ákærði hefur skýrt frá áður. Hann heldur, að þeir Þórir hafi talað saman um það, að ákærði sýndi honum nefnda byssu, en tiltekinn dagur hafi ekki verið ákveðinn, er það skyldi gerast.

Í tilefni af þessum framburði ákærða tekur Þórir Magnússon fram, að hann minni, að ákærði hafi skýrt honum frá því í eitt og hið sama skipti, að hann ætti tvær skammbyssur. Annars hafi þeir talað nokkuð oft saman um skammbyssur á bifreiðastöðinni. Ákærði hafi ekki viljað selja honum minni skammbyssuna, en hann hafi þó ekki verið búinn að missa alla von um, að ákærði léti hann fá hana. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir því, að hann bæði ákærða um að sýna honum byssu þessa eða að ákærði segðist mundu sýna honum hana. Þá heldur Þórir fast við það, að ákærði hafi látið hann fá eitt skot ásamt Mauser byssunni, en hann man ekki, hvort það var í sama skiptið eða í annað skipti. Skotið hafi reynzt vera of stórt í byssuna.

Ákærði kveður, að það sé rétt hjá Þóri, að þeir hafi oft talað saman um skammbyssur á bifreiðastöðinni. Hins vegar muni hann ekki eftir því, að hann hafi látið Þóri fá skot með Mauser byssunni, hvort heldur um leið og hann afhenti honum hana eða í annað skipti, en bætir við, að ef hann hafi látið Þóri fá skot í byssuna, hafi það hlotið að vera eitt af þeim skotum, sem Leó Schmith lét hann fá með byssunni.

Ákærði segir, að eftir að Þórir hafði fengið Mauser byssuna og á meðan þeir unnu báðir saman á Bifreiðastöð Steindórs, hafi Þórir sagt honum, að pinninn í byssunni hefði verið brotinn og þyrfti hann að fá annan pinna í hana. Ákærði kveðst ekki hafa skotið úr byssunni og hafi hann ekki vitað um það fyrr, að pinninn í henni væri brotinn. Þórir kveðst ekki muna eftir því, hvort hann sagði ákærða, að pinninn væri brotinn.

Frekara samræmi hefur ekki fengizt milli framburða ákærða og Þóris Magnússonar.

Í sama dómþingi 17. nóvember f. á. kveðst ákærði ekki hafa á nokkurn hátt búið sérstaklega um byssuna í peningakassanum og heldur ekki, þegar hann fór með hana niður á Steindórsstöð.

V. kafli.

A.

Ákærði kveður, að vinnutími hans sem bifreiðarstjóra hjá Bæjarleiðum hafi ekki verið ákveðinn og hafi hann farið eftir því, hve mikið var að gera hverju sinni. Hann hafi yfirleitt hafið akstur snemma morguns eða um kl. 0700 til kl. 0730 og farið þá annað hvort á stöðina, sem er við Langholtsveg, eða að næsta símastaur stöðvarinnar og tilkynnt, að hann hefði hafið vinnu. Hann hafi síðan unnið við akstur fram til miðnættis. Venjulega hafi verið mest að gera á föstudögum og laugardögum og hafi hann þá verið við akstur fram til kl. 0400 til kl. 0500 að nóttu eða jafnvel alla nóttina og byrjað þá gjarnan akstur nokkuð seinna næsta morgun. Hann kveðst vera frekar svefnþungur og hafi kona hans vakið hann venjulega á morgnana um kl. 0630, en það hafi þó komið fyrir, að hún væri að vinna fram eftir nóttu hjá Ísbirninum h/f og þá hafi hann látið Bæjarsímann vekja sig á svipuðum tíma morguns. Áður en hann lagði af stað að heiman á morgnana, hafi hann oftast fengið sér kaffi, sem geymt hafi verið á hitabrúsa yfir nóttina, en þó hafi stundum komið fyrir, að kona hans hitaði kaffi fyrir hann á morgnana. Hann segir, að Ragna dóttir hans hafi unnið um tíma í Sælgætisgerðinni Nóa við Barónsstíg hér í borg, og rengir ekki, að það hafi verið frá því í ágúst 1967 fram í febrúar 1968. Hann hafi yfirleitt ekið henni í vinnuna, sem hófst kl. 0730, og hafi það í mesta lagi verið tvisvar sinnum, sem hann hafi ekki gert það, en í þau skipti hafi hún farið með strætisvagni. Hann segir, að hún hafi verið ófrísk á þessum tíma og því hafi hann lagt sig fram um að aka henni til vinnu og það hafi hann ávallt gert skammdegismánuðina, eða á tímabilinu nóvember til febrúar, og einnig yfirleitt alltaf úr vinnu, ef hann var ekki að aka með farþega. Hann segir, að akstursleiðin frá Sækambi að Nóa hafi ávallt verið hin sama og nánar tiltekið þessi: Nesvegur, Kaplaskjólsvegur, Hagamelur, Hofsvallagata, Hringbraut, Barónsstígur og hafi hann stöðvað bifreiðina þar við Nóa gegnt Hafnarbíói.

Hann hafi ekið leiðina á venjulegum innanbæjarhraða og hafði þá ávallt talstöðina í gangi til að vita, hvernig vinnan væri og hvar hún væri mest, en aldrei svarað aðalstöðinni, enda sé bifreiðarstjórum bannað að svara í talstöðina, ef þeir eru með farþega, og er þá ætlazt til, að bifreiðarstjórar, sem lausir eru, sinni kallinu. Hann kveðst ávallt hafa byrjað leiguakstur, eftir að hann hafði ekið Rögnu til vinnu. Hann minnist þess ekki að hafa farið í leiguakstur að morgni, áður en hann ók Rögnu til vinnunnar og án þess að hafa sofið heima hjá sér um nóttina. Hann orðar það, að hann hafi ekið þó nokkuð með útlendinga vegna tungumálakunnáttu sinnar og hefði einhver slíkur viðskiptavinur hans getað beðið hann um að aka með hann snemma að morgni frá hóteli sínu út á flugvöll. Hann man þó ekki eftir neinu ákveðnu slíku tilviki, þegar hann þurfti að aka Rögnu til vinnu í Nóa.

Ákærði kveðst hafa sofið heima hjá sér að Sækambi nóttina, sem Gunnar Sigurður hlaut bana sinn. Hann kveðst hafa komið heim til sín upp úr kl. 2400 þá nótt og tekur fram, að þá hafi lítið verið að gera við bifreiðarakstur. Hann kveðst ekki muna, hvenær hann fór í seinustu ökuferð sína þá um kvöldið, en hann minnist þess að hafa farið í ferð úr Réttarholti, þar sem Bæjarleiðir hafa bifreiðastaur, og ekið vestur í bæ og að því loknu hafi hann farið beint heim til sín.

Ákærði kveðst muna vel eftir bifreiðarakstri sínum dag þann, sem Gunnar Sigurður fannst látinn. Hann kveðst minnast þess, að þennan morgun hafi hann eins og venjulega ekið Rögnu til vinnu í Nóa. Hann hafi síðan ekið bifreið sinni inn Borgartún og verið staddur hjá Klúbbnum, þegar talstöð Bæjarleiða kallaði upp Dalbrautarsvæðið. Hann hafi svarað kallinu og tilkynnt, að hann væri staddur við Klúbbinn. Honum hafi þá verið sagt að fara í ákveðinn akstur þar í nágrenninu og ef til vill hafi honum verið sagt að fara að húsi við Bugðulæk, þar sem beðið hefði verið um bíl. Hann hafi farið í þessa ökuferð, en hann muni nú ekkert nánar um hana eða hvert hann ók farþeganum eða farþegunum eða hver hann eða þeir voru. Hann hafi síðan haldið áfram akstri og líklega um hádegisbilið hafi hann frétt um talstöð bifreiðarinnar um dauða Gunnars Sigurðar í leigubifreið sinni. Hann kveðst hafa hætt akstri frekar snemma að kvöldi þessa dags vegna beygs, sem komið hafi upp hjá leigubifreiðarstjórum vegna atburðar þessa.

Ítarleg rannsókn hefur fram farið í því skyni að sannreyna

framangreindan framburð ákærða, og verður nú rakið það, sem fram hefur komið um það efni:

Hinn 21. apríl 1949 kvæntist ákærði Karólínu Aðalsteinsdóttur, og hafa þau búið að Sækambi síðan á árinu 1951. Þau eiga fjögur börn, og eru þau þessi: Helgi, fæddur 29. desember 1947, Ragna, fædd 12. júlí 1951, Edda, fædd 6. apríl 1953, og Valur, fæddur 11. september 1961. Bæði eiginkona ákærða og eldri dóttir hans hafa fúslega borið vitni í dómi, og verður nú rakinn framburður þeirra um framangreindan þátt málsins:

Karólína Aðalsteinsdóttir kveðst hafa vaknað fyrst af fjölskyldunni á morgnana og vaknað við vekjaraklukku, sem hún gjarnan stillti á kl. 0630 til kl. 0645. Ragna hafi unnið frá ágúst 1967 fram í febrúar 1968 í Sælgætisgerðinni Nóa og átt að vera komin til vinnu þar kl. 0730. Ákærði hafi ávallt ekið henni í vinnuna, enda hafi hún verið á þessum tíma ófrísk og fætt barn 12. apríl 1968. Hún segir, að þegar hún var vöknuð á morgnana, hafi hún vakið ákærða, sem sé frekar svefnþungur, svo og Rögnu, en hún man ekki sérstaklega eftir því, að Bæjarsíminn væri notaður til að vekja fjölskylduna, nema þá að vekjaraklukkan hafi verið biluð. Ákærði og Ragna hafi fengið sér kaffi, áður en þau fóru af stað, og hafi kaffið verið stundum geymt á hitabrúsa yfir nóttina, en stundum hafi hún eða Ragna lagað það um morguninn. Karólína kveður, að um miðja viku, eða nánar tiltekið á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum, hafi ákærði yfirleitt ekki ekið bifreiðinni R 15612 lengur en til miðnættis, og alls ekki lengur en til kl. 0100 til 0200 að næturlagi, enda hafi hann þurft að vakna snemma að morgni til að aka Rögnu í vinnuna á þeim tíma, er hún vann í Nóa. Miðvikudagskvöld hafi verið og sé eitt lakasta kvöldið fyrir leigubifreiðarstjóra. Aðfaranætur laugardags, sunnudags og mánudags hafi ákærði ekið lengur fram eftir nóttu, því að þá hafi verið meira að gera. Hún kveðst ekki minnast þess, að ákærði hafi nokkru sinni verið að heiman næturlangt, og um helgar hafi hann ekki kom heim síðar en kl. 0400 til kl. 0500 að nóttu. Hún telur, að aðfaranótt 18. janúar 1968 hafi ákærði að venju komið heim milli kl. 0100 og 0200 um nóttina og að hún hafi vakið hann á venjulegum tíma um morguninn og hann síðan ekið Rögnu í vinnuna. Um hádegið hafi hún heyrt í Ríkisútvarpinu, að bifreiðarstjóri hefði fundizt látinn í leigubifreið sinni þá snemma um morguninn. Hafi henni þá verið hugsað til þess, að ágætt var, að ákærði skyldi hafa verið heima þessa nótt, því

að ekki hefði verið gott að vita, hver hefði getað orðið fyrir því, sem komið hafði fyrir bifreiðarstjórann. Hún kveðst minnast þess, að um hádegið hafi ákærði komið heim til hádegisverðar og hafi Aðalsteinn faðir hennar þá verið staddur þar. Hafi þau rætt almennt um andlát bifreiðarstjórans og hve atburðurinn væri sorglegur, en hún minnist ekki neinna sérstakra orða ákærða við það tækifæri og heldur ekki sérstakra orða hans síðar um dauða bifreiðarstjórans.

Ragna Sveinbjörnsdóttir kveðst hafa unnið í Sælgætisgerðinni Nóa frá ágúst 1967 til febrúar 1968. Vinna hafi hafizt þar kl. 0730 á morgnana og hafi stimpilklukka verið á staðnum. Hún segir, að á meðan hún vann í Nóa, hafi móðir hennar vakið hana á morgnana um kl. 0650 og einnig vakið ákærða, sem sofi mjög fast. Fyrstu mánuðina hafi hún farið í strætisvagni til vinnu, en ákærði hafi ávallt ekið henni á vinnustað, þegar fór að dimma á morgnana. Hún fullyrðir, að skammdegismánuðina desember, janúar og febrúar hafi ákærði ávallt ekið henni til vinnu á morgnana í bifreiðinni R 15612. Hún kveðst hafa verið ófrísk um þessar mundir og fætt barn 13. apríl 1968. Hún segir, að áður en hún og ákærði lögðu af stað frá Sækambi, hafi þau fengið sér kaffi og hafi ýmist hún eða móðir hennar hitað það, en stundum hafi kaffi verið sett á hitabrúsa kvöldið áður og geymt yfir nóttina. Hún kveðst yfirleitt hafa mætt til vinnu á réttum tíma og hafi hún og ákærði lagt af stað frá Sækambi um eða laust eftir kl. 0720. Ákærði hafi ávallt ekið sömu leiðina að Nóa, þ. e. um Nesveg, Hofsvallagötu, Hringbraut, Barónsstíg, og numið staðar neðst á þeim stíg gegnt Hafnarbíói. Þar hafi hún farið úr bifreiðinni, en ákærði kallað í stöðina, að hann væri tilbúinn til vinnu. Hún kveðst síðan hafa farið upp á fyrstu hæð í húsi Nóa, þar sem stimpilklukkan var, og stimplað sig komna. Síðan hafi hún farið upp á aðra hæð og skilið þar eftir yfirhöfn sína og að því loknu farið aftur niður á fyrstu hæð, þar sem vinnustaður hennar var. Hún kveðst hafa heyrt í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins, að leigubifreiðarstjóri hefði fundizt látinn af skotsári að morgni 18. janúar 1968, og hafi hún þá verið að borða hádegisverð á vinnustað sínum í Nóa. Hún staðhæfir, að þennan sama morgun hafi ákærði ekið henni til vinnu og hafi hún ekki orðið vör við neitt óvenjulegt eða sérkennilegt við hann. Hún kveðst telja útilokað, að hann hafi verið kominn á fætur á undan henni þennan morgun, því það hafi aldrei komið fyrir, á meðan hún vann í Nóa. Hún hafi ávallt verið komin á fætur á undan ákærða.

Henni vitanlega hafi það aldrei komið fyrir, að ákærði væri næturlangt í burtu af heimilinu. Hún minnist ekki neinna sérstakra orðaskipta ákærða eða móður sinnar út af andláti bifreiðarstjórans.

Helgi Sveinbjörnsson var skráður háseti á m/s Ásgeiri, RE 60, eign Ísbjarnarins h/f, frá 6. janúar til 3. febrúar 1968, og stundaði skipið þá síldveiðar í Norðursjó. Hinn 18. janúar var skipið statt í eða skammt frá Færeyjum. Kveðst Helgi hafa heyrt í fréttum íslenzka útvarpsins, að Gunnar Sigurður Tryggvason hefði verið myrtur, og hefði honum brugðið illa við fréttina, þar eð faðir hans vann við akstur bifreiðar. Annars hefur Helgi skorazt undan frekari vitnisburði en þegar hefur verið rakið hér að framan í dómi þessum.

Stefánía Aðalsteinsdóttir frú, Miklubraut 13 hér í borg, systir eiginkonu ákærða, kveður, að Aðalsteinn faðir þeirra, sem búsettur sé á Fáskrúðsfirði, hafi verið hér fyrir sunnan um jólin veturinn 1967—1968, en hún man ekki, hvenær hann kom eða fór. Hún segir, að hann hafi dvalizt á víxl hjá fjórum börnum sínum, þ. e. þeim systrum svo og bræðrum þeirra, Marinó í Hafnarfirði og Guðlaugi í Vogum, eina nótt eða fleiri í einu hjá hverju þeirra, en hún man ekki, hvar hann dvaldist á hverjum tíma þennan vetur. Hún kveðst ekki geta sagt um, hvort Aðalsteinn var staddur hér, þegar Gunnar Sigurður fannst látinn. Hún bætir því við, að hana minni, að Aðalsteinn hafi sagt, svo að hún heyrði til: „Svenni var heima alla þessa nótt“ eða eitthvað á þá leið og að hér hafi verið átt við nóttina, sem Gunnar Sigurður fannst látinn, en hún kveðst þó ekkert vilja fullyrða um, að hann hafi sagt þetta.

Aðalsteinn Stefánsson sjómaður, til heimilis á Fáskrúðsfirði, skýrir frá því, að það hafi verið venja hans, eftir að hann varð ekkjumaður fyrir um 8 árum, að koma hingað suður á vetri hverjum og dveljast hjá börnum sínum um tíma og oftast yfir jólin. Hann kveðst hafa komið hingað nokkru fyrir jól veturinn 1967—1968 og dvalizt hér fram í byrjun febrúar 1968. Hann hafi dvalizt lengst af hjá Karólínu dóttur sinni á Sækambi, en nótt og nótt eða viku og viku hjá hinum börnum sínum þremur. Á Sækambi hafi hann sofið einn í herbergi uppi á annarri hæð í húsinu, en á þeirri hæð hafi svefnherbergi þeirra Karólínu og ákærða einnig verið. Hann kveðst oftast nær hafa vaknað á Sækambi kl. að ganga átta á morgnana við það, að Karólína var að vekja Rögnu og ákærða, og hafi honum verið kunnugt

um, að ákærði ók Rögnu til vinnu á morgnana og að hún átti að vera komin á vinnustað kl. 0730. Hann hafi svo heyrt, þegar ákærði fór niður stigann, en síðan hafi hann lagzt aftur til svefns án þess að hafa opnað dyrnar að svefnherbergi sínu. Hann kveðst venjulega hafa verið kominn upp í herbergi sitt til að fara að sofa um kl. 2300 eða klukkan að ganga 2400. Það hafi komið fyrir, að hann hafi tekið þátt í spilum að Sækambi á kvöldin, en hann hafi þó verið kominn upp í herbergi sitt fyrir eða um miðnætti. Það hafi sjaldan, ef það hafi þá nokkru sinni komið fyrir, að ákærði tók þátt í spilamennsku að kvöldlagi. Hann segir, að ákærði hafi oft komið heim frá bifreiðarakstri fyrir miðnætti, en stundum hafi hann komið nokkru síðar, eða kl. 0100, 0200 eða kl. 0230, og hafi það einkum verið um helgar. Hann kveðst sofa laust, en mikill hávaði hafi gjarnan verið samfara komu ákærða heim vegna ískurs í útidyrahurð, sem hafi verið rétt fyrir neðan glugga á herbergi hans, þannig að hann hafi nær alltaf orðið var við komu ákærða. Hann kveðst ekki hafa orðið var við eða vita til þess, að ákærði kæmi ekki heim að Sækambi næturlangt í hitteðfyrra. Aðalsteinn kveðst hafa verið búinn að dveljast á Sækambi frá því fyrir jól, þegar frétt barst um, að leigubifreiðarstjóri hefði fundizt í bifreið sinni, látinn af völdum skotsárs, hér í borginni. Hann heldur, að hann hafi heyrt fyrst um atburð þennan í útvarpstæki á Sækambi um hádegi sama dag og atburðurinn var talinn hafa gerzt, og kveður hann, að bæði ákærði og Karólína hafi heyrt í útvarpsfréttinni um leið og hann. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir því, hvenær ákærði hefur komið heim að Sækambi kvöldið eða nóttina, áður en fréttin um lát bifreiðarstjórans var lesin í hádegisútvarpinu. Þá minnist hann ekki sérstaklega fimmtudagsmorgunsins 18. janúar 1968 og hvernig þá hefur verið varið för ákærða og Rögnu frá Sækambi. Í tilefni af fyrrgreindum framburði Stefaníu Aðalsteinsdóttur kveðst hann ekki minnast þess sérstaklega, að hann hafi látið orð falla um, að ákærði hefði verið heima alla aðfaranótt 18. janúar 1968. Aðalsteinn kveðst hafa dvalizt hér fyrir sunnan á s.l. vetri frá því fyrir jól og hafi hann verið á Sækambi, þegar ákærði var handtekinn. Lárus Salómonsson lögreglumaður hafi komið þangað til að tala við ákærða og þegar hinn síðarnefndi hafi farið að útidyrunum til að taka á móti Lárusi, hafi hann heyrt ákærða segja: „Ég ætla að biðja Lárus um að hjálpa mér". Stuttu síðar sama dag hafi Lárus komið aftur að Sækambi til að flytja ákærða til rannsóknarlög-

reglunnar, en hann kveðst ekki hafa vitað fyrr en síðar, hvert tilefnið var.

Samkvæmt upplýsingum Ríkisútvarpsins var lesin upp í útvarpinu um kl. 1230 í hádegisfréttum 18. janúar 1968 meðal annars svohljóðandi innlend frétt:

„Klukkan 7.15 í morgun var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að maður, sem virtist meðvitundarlaus, sæti í bílstjórasæti leigubifreiðar, sem stóð á Laugalæk á milli Sundlaugavegar og Bugðulækjar. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang og fundu manninn, en hann var bílstjórinn á leigubifreiðinni. Hann var með skotsár aftan á höfðinu. Maðurinn var þegar fluttur í sjúkrabifreið í slysavarðstofuna, en var látinn, þegar þangað kom.

Enn sem komið er hefur enginn verið handtekinn í sambandi við mál þetta. Frekari vitneskja er ekki fyrir hendi".

Í miðaftansfréttum Ríkisútvarpsins kl. 1700 sama dag var skýrt frá því, að umræddur maður hefði verið Gunnar Tryggvason, leigubifreiðarstjóri á Hreyfli í Reykjavík.

B.

Lögð hafa verið fram í málinu stimpilklukkuspjöld Rögnu Sveinbjörnsdóttur hjá Sælgætisgerðinni Nóa fyrir mánuðina desember 1967 svo og janúar og febrúar 1968. Stimplun spjaldanna er þannig:

Desember 1967.

1.		7.29				
2.						
3.						
4.	M	7.41	M	16.43		
5.	TU	7.34	TU	16.42		
6.	W	7.35	W	16.42		
7.	TH	7.38			TH	18.33
8.	FR	7.44			FR	17.44
9.						
10.						
11.	M	8.44			M	18.31
12.	TU	7.25			TU	18.30
13.	W	7.33			W	18.30
14.						
15.			FR	16.03		
16.						

17.						
18.	M	7.29			M	18.30
19.	TU	7.32			TU	18.31
20.	W	7.48			W	18.31
21.	TH	7.39			TH	18.31
22.	FR	7.35			FR	19.04
23.						
24.						
25.						
26.						
27.	W	7.10			W	16.44
28.			TH	12.57	TH	16.42
29.	FR	7.23			FR	16.01
30.						
31.						

Janúar 1968.

1.	TU	7.22			TU	16.44
2.			W	13.13	W	16.42
3.	TH	7.37			TH	16.43
4.	FR	7.28			FR	15.59
5.						
6.						
7.						
8.	M	7.36			M	16.42
9.	TU	7.30			TU	16.42
10.	W	7.36			W	16.42
11.	TH	7.40			TH	16.42
12.	FR	7.48			FR	16.04
13.						
14.						
15.	M	7.29			M	16.42
16.	TU	7.34			TU	16.42
17.	W	7.42			W	16.42
18.	TH	7.31			TH	16.42
19.	FR	7.34			FR	16.02
20.						
21.						
22.	M	7.30			M	16.42
23.	TU	7.31			TU	16.42
24.	W	7.32			W	16.42

25.	TH	7.33	TH	16.42
26.	FR	7.36	FR	16.03
27.				
28.				
29.	M	7.32	M	16.42
30.	TU	7.35	TU	16.42
31.	W	7.23		

Febrúar 1968.

1.	TH	7.33	TH	16.42
2.				
3.				
4.				
5.				
6.	TU	7.36	TU	16.42
7.	W	7.40	W	16.42
8.	TH	7.41	TH	16.42
9.	FR	7.30	FR	1603
10.				
11.				
12.	M	7.31	M	16.42
13.	TU	7.36	TU	16.42
14.	W	7.32	W	16.42
15.				
16.				

Óskar Sigurður Óskarsson, skrifstofustjóri hjá Nóa, Laugarnesvegi 64 hér í borg, kveður, að ekki sé unnið hjá því fyrirtæki á laugardögum og að reglulegur vinnutími mánudaga til föstudaga að þeim dögum meðtöldum sé frá kl. 0730 til kl. 1645, en þó sé hætt örlítið fyrr á föstudögum. Ragna Sveinbjörnsdóttir hafi unnið hjá fyrirtækinu frá ágúst 1967 til febrúar 1968 og ekki verið í ákveðnum vinnuflokki, heldur verið færð á milli deilda og unnið þá ýmiss konar verk.

Í tilefni af stimplun Rögnu til vinnu kl. 1313 miðvikudaginn 3. janúar segir hún, að hún muni hafa farið í skoðun til læknis að morgni þess dags.

Margar konur, sem unnu hjá Nóa á sama tíma og Ragna, hafa borið vitni í málinu, og verður nú rakinn framburður þeirra:

Halldóra Guðmundsdóttir, Laugavegi 56 hér í borg, kveður, að Ragna og hún hafi unnið mest allan tímann í sama vinnusal. Hún man ekki sérstaklega eftir því, hvort Ragna kom til vinnu

á morgnana gangandi eða í bifreið, og minnist þess ekki að hafa séð hana koma til vinnu og oft hafi hún verið komin á vinnustað á undan Rögnu. Hún tekur þó fram, að Ragna hafi einhverju sinni haft orð á því við hana, að faðir hennar hefði ekið henni í vinnu þá um morguninn, en hún minnist þess ekki, að hún hefði orð á því, að hann hefði gert það oftar. Hún minnist þess, að faðir Rögnu sótti hana stundum á vinnustað í lok vinnudags, einkum þegar veður var vont, og ók hann þá einnig heim Helgu móður sinni, sem vann einnig í Nóa. Halldóra minnist þess, að einn morgun heyrði hún á vinnustaðnum, að leigubifreiðarstjóri hefði verið myrtur þá um nóttina, og dregur hún ekki í efa, að það hafi verið að morgni 18. janúar 1968. Þennan morgun hafði hún verið að vinna með Helgu, móður ákærða. Hún minnist þess, að Helga var óttaslegin út af ákærða, þar sem þá var ekki vitað á vinnustaðnum, hvert var nafn hins myrta bifreiðarstjóra. Hún minnist þess, að Helga sagði við hana, að hún vildi fara í síma til að spyrjast fyrir um ákærða. Helga hafi svo farið í burtu, en Halldóra kveðst ekki hafa vitað, hvert hún ætlaði að hringja, og minnist hún þess ekki, að hún segði henni það. Nokkru síðar hafi Helga komið aftur til hennar og sagzt þá vera búin að hringja og hefði hún fengið það staðfest, að allt væri í lagi með ákærða. Halldóru minnir, að þetta hafi gerzt fyrir hádegi fyrrgreindan dag. Hún kveðst ekki muna sérstaklega eftir Rögnu þennan dag, en þær hafi þá unnið í sama vinnusal. Hún kveðst ekki muna, hvort Ragna var viðstödd fyrrgreind orðaskipti hennar og Helgu eða hvort Ragna var í vinnu þennan morgun eða dag.

Guðbjörg Gréta Bjarnadóttir, Hlégerði 33, Kópavogi, kveður, að þær Ragna hafi unnið allan tímann í sömu deild. Hún kveðst hafa séð Rögnu nokkrum sinnum koma til vinnu að morgni og hafi hún þá komið ýmist í leigubifreið eða gangandi. Karlmaður hafi ekið leigubifreiðinni og hafi hún talið víst, að það væri faðir Rögnu, enda hafi hún heyrt talað um það á vinnustaðnum, að faðir hennar æki henni stundum til vinnu. Hún segir, að þegar Ragna hafi komið gangandi, hafi hún gengið út frá því, að hún hefði farið í strætisvagni frá heimili sínu einhvers staðar vestur í bæ og farið úr vagninum skammt frá vinnustaðnum og gengið svo seinasta spölinn þangað. Hún heldur, að það hafi líklega verið oftar, sem hún hafi séð Rögnu koma til vinnu í bifreið en gangandi, en hún getur ekki sagt um, hvort hún hafi komið oftar í bifreið seinni hluta starfstímans heldur en fyrri hluta hans. Þá kveðst hún hafa vitað til þess, að faðir Rögnu

kom stundum til að sækja hana á vinnustað að loknum starfsdegi, og það kom fyrir, að hún sá Rögnu fara út í fólksbifreið eftir vinnu.

Kolbrún Jónsdóttir, Langagerði 34 hér í borg, kveðst hafa unnið í sömu deild og Ragna. Hún kveðst hafa séð nokkuð oft, að Ragna kom til vinnu í bifreið, sem faðir hennar ók, og heldur hún, að það hafi frekar verið seinni hluta starfstíma hennar, en þá var hún orðin ófrísk. Í þessum tilvikum kom hún í vinnuna um eða nálægt kl. 0730. Einnig hafi það komið fyrir, að hún hafi séð Rögnu koma gangandi á vinnustað, en hún getur ekki sagt um, hvort hún var þá nýkomin úr strætisvagni eða einhverju öðru ökutæki. Í þeim tilvikum hafi hún komið heldur fyrir kl. 0730, og þá heldur fyrr en ella. Hún segir, að það hafi komið fyrir, en þó sjaldan, að einhver starfsmanna gat um það án sérstaks tilefnis, að Ragna hefði komið í vinnuna í bifreið föður síns, en hún minnist þess ekki, að Ragna hefði orð á því sérstaklega, að faðir hennar hefði ekið henni í vinnuna.

Sigríður Helga Guðmundsdóttir, Hlíðargerði 22 hér í borg, kveður, að Ragna hafi unnið í sömu deild og hún. Hún kveðst hafa oft séð Rögnu koma til vinnu að morgni í leigubifreið, og sagði Ragna henni, að bifreiðarstjórinn væri faðir hennar. Hún tekur fram, að þetta hafi verið frekar seinni hluta tímabilsins, sem Ragna vann hjá Nóa, en þá var hún orðin ófrísk. Hún kveðst einu sinni hafa verið samferða Rögnu til vinnu að morgni í strætisvagni á Seltjarnarnesleið, en hún man ekki nánar um það, hvenær það hefur verið. Hún getur ekki sagt um, hvort Ragna kom oftar í strætisvagni til vinnu.

Guðbjörg Ingibjörg Jóhannesdóttir, Hólmgarði 23 hér í borg, kveðst hafa unnið í Nóa allan þann tíma, sem Ragna vann þar. Hún minnist þess ekki að hafa séð Rögnu koma til vinnu að morgni og tekur fram í því sambandi, að vegna áætlunarferða strætisvagna hafi hún ekki komið í vinnuna fyrr en um kl. 0740. Hún kveður, að Ragna og Helga, amma hennar, sem vann einnig í Nóa, hafi sagt henni, að fyrst eftir að Ragna fór að vinna þarna og áður en hún varð ófrísk, hefði hún komið með strætisvagni til vinnu á morgnana, en þegar komið var fram á veturinn og þegar líða tók á meðgöngutíma hennar, hefði faðir hennar ekið henni oft til vinnu og eins stundum sótt hana, þegar vinnu var lokið.

Guðrún Karlsdóttir, Hraunbæ 44 hér í borg, kveðst hafa unnið í Nóa allan tímann, sem Ragna vann þar. Hún kveðst aldrei hafa

séð Rögnu koma til vinnu að morgni og geti hún því ekkert sagt um það, hvort hún kom þá í bifreið eða gangandi. Þá minnist hún þess heldur ekki, að Ragna hefði nokkru sinni orð á því, að faðir hennar æki henni til vinnu eða að hún kæmi á vinnustað með strætisvagni eða gangandi. Hins vegar kveðst hún hafa haldið, að Ragna kæmi í vinnuna með strætisvagni, vegna þess að hún vissi, að hún bjó vestur í bæ.

Guðlaug Albertsdóttir, Seljavegi 4 hér í borg, kveður, að þær Ragna hafi unnið í sömu deild. Hún segir, að það hafi komið fyrir, en þó ekki oft, að hún sá Rögnu koma til vinnu að morgni í bifreið, sem faðir hennar ók, en hún getur ekki sagt um, hvort það var frekar fyrri en seinni hluta starfstíma hennar. Hún kveðst aldrei hafa séð Rögnu koma gangandi í vinnu.

C.

Þorkell Þorkelsson, stöðvarstjóri á Bæjarleiðum, til heimilis á Grettisgötu 31 hér í borg, hefur skýrt frá því, að í aðalafgreiðslu stöðvarinnar á Langholtsvegi sé haldin viðskiptabók og séu þar skráðar allar ferðir, sem bifreiðar stöðvarinnar fara samkvæmt beiðni frá aðalafgreiðslunni. Bifreiðarstjórar séu tilgreindir með númeri og hafi ákærði haft afgreiðslunúmerið 92 í bókinni. Þá sé tímasetning ekki tilgreind við hvern einstakan akstur, heldur aðeins við og við, eins og bókin beri með sér.

Þorkell hefur sýnt sakadómi viðskiptabók stöðvarinnar. Dagana 17 og 18. janúar 1968 eru ferðir ákærða (nr. 92) bókaðar þar, eins og hér segir:

Hinn 17. janúar kl. 7.30 að Karfavogi 36.
— — — — 7.50 að Hólmgarði 28.
— — — — 9.00 að Eskihlíð 10.
— — — — 12.30 að Langholtsvegi 32.
— — — — 14.50 að Skólavörðustíg 17 B.
— — — — 15.15 að Grettisgötu 54.
— — — — 17.20 að Rauðalæk 26.
— — — — 20.15 að Njörvasundi 17.
— 18. — — 7.35 að Kleppsvegi 72.
— — — — um 8.10 að F. Í. (þ. e. að afgreiðslu Flugfélags Íslands á Reykjavíkurflugvelli), Soffía.
— — — — um eða rétt eftir 8.40 að Réttarholtsvegi 37.
— — — — 13.30 að Kassagerðinni, austan.
— — — — 14.10 að Röntgendeild Landspítalans.
— — — — 22.35 að Skaftahlíð 10.

Þorkell kveðst ekki hafa verið á bifreiðastöðinni aðfaranótt 18. janúar 1968, heldur hafi kona að nafni Sigríður Þórisdóttir, sem nú sé látin, verið á vakt þar til kl. 0700 um morguninn, en þá muni hafa komið á vakt Hans Tómasson, enda sýni viðskiptabókin ólíkar rithendur á þeim tíma. Þorkell telur, að vafalaust hafi atvik verið þau um kl. 0735 þennan morgun, að hringt hafi verið á stöðina og beðið um, að bifreið yrði send að Kleppsvegi 72, og síðan hafi verið kallað frá stöðinni í staur Bæjarleiða austan Dalbrautar og norðan Sundlaugarvegar og ef það hafi ekki dugað, hafi verið kallað upp Dalbrautarsvæðið. Bifreiðarstjóri með afgreiðslunúmerið 92 hafi þá gefið sig fram við stöðina og hún þá beðið hann um að fara að Kleppsvegi 72. Um leið hafi tíminn verið tekinn og ferðin færð til bókar. Þorkell kveður, að mörk Dalbrautarsvæðis séu Sundahöfn, Kambsvegur, Múlavegur, Suðurlandsbraut, Laugavegur og Nóatún norður í sjó. Bifreiðin R 15612 hafi þá sennilegast verið á þessu svæði, en þó sé ekki útilokað, að hún hafi verið á öðru afgreiðslusvæði stöðvarinnar og þá verið send þaðan að Kleppsvegi 72. Hefði það einna helzt getað gerzt, ef erfitt hefur verið að fá bifreið á Dalbrautarsvæðinu.

Hans Jörgen Klingenberg Tómasson, afgreiðslumaður á Bæjarleiðum, til heimilis á Hrefnugötu 1 hér í borg, kveðst hafa komið á vakt í aðalstöðinni við Langholtsveg kl. 0700 fyrrgreindan morgun, og kveðst hann muna eftir því, að hann sendi ákærða í bifreiðarferð, en hann man ekki hvert eða á hvaða tíma morgunsins það var. Hann man heldur ekki eftir því, hvort hann kallaði ákærða upp í talstöð eða hvort hann talaði við hann á stöðinni. Hann man ekkert frekar um akstur ákærða þennan morgun. Hann segir, að sá háttur sé á hafður í afgreiðslu stöðvarinnar, að þegar beiðni um bifreið kemur þangað í síma, kalli afgreiðslumaðurinn um talstöð í Dalbrautarstaurinn, sem er fyrir norðan Sundlaugarveg og austan Dalbrautar, og ef enginn svarar þar, kalli hann upp Dalbrautarsvæðið og ef engin bifreið svarar þá, sem kemur stundum fyrir, sé leitað til bifreiða utan svæðisins.

Ákærði kveðst ekkert muna nánar eða frekar um leigubifreiðarakstur sinn að morgni 18. janúar 1968 en hann hefur þegar frá skýrt. Í tilefni af bókunum í viðskiptabók Bæjarleiða um fyrrgreindar þrjár ferðir hans þennan morgun segir ákærði, að oft hafi verið beðið um bifreið að Kleppsvegi 72, en hann muni þó ekki eftir neinum tilteknum einstaklingi, sem beðið hafi um bifreið þangað. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir því

að hafa ekið að Flugfélagi Íslands þennan morgun, en tekur fram, að ef beðið er um bifreið að afgreiðslu félagsins á Reykjavíkurflugvelli, sé gefið upp nafn þess, sem bifreiðina pantar, en hann muni ekki eftir kvenmanni að nafni Soffía. Þá kveðst hann ekki muna sérstaklega eftir því að hafa ekið að Réttarholtsvegi 37 nefndan morgun.

Þess er getið í I. kafla dóms þessa, að Gísli Álfgeirsson kveðst hafa séð bifreiðina R 461 á Laugalæk, að því er hann heldur um kl. 0615 til kl. 0620 greindan morgun, á leið sinni til aðalstöðvar Bæjarleiða við Langholtsveg. Hann kveðst hafa verið skamma stund á stöðinni og ekið svo með farþega, sem þar var staddur. Hann heldur, að stúlkan, sem var á vakt á stöðinni, muni ekki hafa séð, þegar hann ók með farþegann burt þaðan, og því sé ferð þessi ekki færð til bókar. Hann kveðst ekki muna, hvaða farþegi þetta var, en minnir, að hann hafi ekið honum í Laugarnes eða út á Suðurlandsbraut, en þar hafi farþeginn farið upp í langferðabifreið, sem Keflavíkurkaupstaður eigi og fór á þessum tíma snemma á morgnana frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar með fólk, sem vinnur þar. Því næst kveðst hann hafa ekið aftur að aðalstöðinni við Langholtsveg, og heldur hann, að klukkan hafi verið nálægt 0700, þegar hann kom þangað aftur. Rétt á eftir kveðst hann hafa séð ákærða koma inn á stöðina og talað eitthvað við hann almennt um daginn og veginn og ekki getað séð neitt athugavert eða óvenjulegt við hann. Hann minnir, að hann (Gísli) hafi svo ekið stúlkunni, sem hafði verið á vakt á stöðinni til kl. 0700, heim til sín á Hjallaveg. Hann segir, að hún hafi sent hann í ökuferð og fengið að sitja í bifreiðinni heim til sín á leiðinni. Að gefnu tilefni hefur Gísli ítrekað það, að hann minni endilega og telur sig vera öruggan um að hafa séð og talað við ákærða fyrrgreindan morgun, 18. janúar 1968. Hann tekur fram, að áður en hann fór burt af stöðinni með stúlkuna, hafi bifreiðarstjóri að nafni Gísli Guðmundsson verið kominn þangað. Minnir hann, að Gísli og ákærði hafi talað saman í þetta skipti og að þeir hafi rætt um bát, sem væri nýkominn eða væri í þann veginn að koma úr róðri. Hann kveðst síðan hafa heyrt í ákærða í talstöð bifreiðarinnar við og við um morguninn.

Í tilefni af framburði Gísla segir ákærði, að hann hafi örugglega ekki getað verið kominn á stöð Bæjarleiða við Langholtsveg fyrr en eftir kl. 0730. Hann segir, að hann hljóti að hafa komið á stöðina, en man þó ekkert nánar um það. Hann man ekki sérstaklega eftir því að hafa talað við Gísla þennan morgun.

Frekara samræmi hefur ekki náðst milli framburða Gísla Álfgeirssonar og ákærða þrátt fyrir samprófun þeirra.

Gísli Guðmundsson, Langholtsvegi 160 hér í borg, kveðst hafa ekið leigubifreið frá Bæjarleiðum veturinn 1967—1968 og hafið akstur venjulega um kl. 0730 eða rétt fyrir kl. 0800 að morgni. Hann kveðst hafa verið við akstur að morgni þess dags, þegar það spurðist, að bifreiðarstjóri hefði fundizt skotinn í bifreið sinni hér í borginni. Hann man ekki sérstaklega eftir því, hvort hann kom á aðalstöð Bæjarleiða við Langholtsveg þennan morgun eða hvort hann talaði þá við ákærða, en hann minnir, að hann haft heyrt í ákærða þennan morgun í talstöð bifreiðarinnar. Í tilefni af framburði Gísla Álfgeirssonar telur hann það vera mjög ótrúlegt, að hann hafi verið kominn á aðalstöðina við Langholtsveg um eða eftir kl. 0700 um morguninn, því að venjulega hafi hann, áður en hann hóf leigubifreiðarakstur, ekið tveimur börnum sínum, sem hafi átt að vera komin á barnaheimili við Suðurlandsbraut rétt fyrir kl. 0800, svo og konu sinni, sem hafi byrjað vinnu á Hrafnistu kl. 0800, og hafi hann venjulega ekki byrjað leiguakstur fyrr en kl. um 0730 eða laust fyrir kl. 0800. Þó segir hann, að ef hann hefði ekki þurft af einhverjum ástæðum að aka konu sinni með börnin á barnaheimilið, gæti verið, að hann hefði verið kominn á aðalstöðina fyrr en venjulega. Hann kveðst hafa verið um tíma skipverji á m/b Ásgeiri, RE 60, en þó ekki samtímis Helga, syni ákærða. Vitnið kveðst oft hafa rætt við ákærða um það, hvort bátur þessi væri kominn hingað til hafnar, því að hann ók skipverjum oft í bifreið sinni, þegar þeir voru í landi, en hvort hann hefur rætt við ákærða um bátinn margnefndan morgun, man hann ekki.

Ákærði segir, að Gísli Guðmundsson og hann hafi ræðzt oft við um m/b Ásgeir, RE 60, en Helgi sonur hans og Gísli hafi um skeið verið skipverjar á bátnum, þó eigi samtímis. Ákærði kveðst ekki minnast þess, að Gísli og hann hafi rætt saman á stöð Bæjarleiða að morgni 18. janúar 1968, og hann staðhæfir, að það hafi ekki getað verið fyrir kl. 0800 þann morgun.

Leifur Jónsson rannsóknarlögreglumaður hefur kannað, hvað segir um akstur Gísla Álfgeirssonar og Gísla Guðmundssonar í fyrrgreindri viðskiptabók Bæjarleiða að morgni 18. janúar 1968. Samkvæmt þeirri könnun er Gísli Álfgeirsson fyrst bókaður í ökuferð þennan morgun laust fyrir kl. 0700 og síðan kl. 0705, 0735, kl. 0750 og kl. 0810. Gísli Guðmundsson er ekki bókaður

í ökuferð frá miðnætti aðfaranótt 18. janúar 1968 til hádegis sama dag.

Rannsóknarlögreglumenn hafa farið í húsið nr. 72 við Kleppsveg og í afgreiðslu Flugfélags Íslands á Reykjavíkurflugvelli svo og í húsið nr. 37 við Réttarholtsveg hér í borg í því skyni að afla upplýsinga um akstur ákærða á þessa staði fyrrgreindan morgun, en eigi hafa komið fram í málinu frekari upplýsingar um það efni.

Rannsóknarlögreglumenn hafa einnig reynt að afla upplýsinga um farþega þann, sem Gísli Álfgeirsson kveðst hafa ekið með frá stöð Bæjarleiða við Langholtsveg í Laugarnes eða út á Suðurlandsbraut í veg fyrir langferðabifreið, sem hafi farið til Keflavíkurflugvallar. Fram hefur komið, að Finnur Skarphéðinn Njálsson, bifreiðarstjóri hjá Sérleyfisbifreiðum Keflavíkur, Ásabraut 9, Keflavík, hefur ekið greindan morgun starfsfólki varnarliðsins, hér búsettu, héðan úr borginni suður á Keflavíkurflugvöll. Hann kveðst hafa lagt af stað frá Keflavík um kl. 0530 og tekið farþega á mörgum stöðum hér í borginni. Hann hafi verið laust fyrir eða um kl. 0625 við mót Miklubrautar og Suðurlandsbrautar, nálægt kl. 0630 við Austurbrún 2, stuttu síðar við Dalbraut og um kl. 0700 á Miklubraut milli Miklatorgs og Háaleitisbrautar. Hann segir, að stundum hafi farþegar ekki verið mættir á réttum tíma, þar sem bifreiðin nam staðar, og hafi þeir þá tekið leigubifreið og ekið í veg fyrir bifreið hans og náð henni síðar. Það hefur ekki tekizt að upplýsa, hver verið hafi fyrrgreindur farþegi Gísla Álfgeirssonar þennan morgun.

Árni Haraldsson verzlunarmaður, Langholtsvegi 10 hér í borg, opnaði kaffistofu í Austurstræti 4 árið 1966, og kom ákærði þangað mjög oft, en kunningsskapur hafði verið á milli þeirra í mörg ár vegna vináttu Árna og Jóhannesar Jósefssoar. Árna minnir þó, að hann geti ekki fullyrt neitt um það, að ákærði hafi komið í kaffistofuna til hans milli kl. 1000 og kl. 1200 morguninn, sem Gunnar Sigurður fannst látinn. Þeir hafi ekkert talað um þann atburð, og kveðst Árni þá ekki hafa vitað um hann og ekki fengið vitneskju um hann fyrr en við lestur dagblaðsins Vísis eftir hádegi um daginn. Þá segir Árni, að skömmu síðar hafi hann og ákærði talað minnsta kosti í tvö skipti saman um morðið á Gunnari Sigurði, en hann man ekki sérstaklega eftir því, hvor þeirra hóf máls á því. Honum virtist ákærði vera jafnhissa og hann á því, að svona atburður gæti komið fyrir, og hann minnist þess ekki að hafa orðið var við nokkra breytingu

á honum, þegar þeir ræddu um málið. Hann man ekki sérstaklega eftir því, að þeir hafi talað um, hvort líkindi væru fyrir því, að morðið mundi upplýsast eða að ákærði léti nokkur orð falla um það atriði. Hann minist þess, að ákærði sagði honum, að hann hefði verið boðaður til rannsóknarlögreglunnar út af skammbyssu, sem horfið hefði frá Jóhannesi Jósefssyni, og að einnig hefðu verið boðaðir til hennar af sama tilefni menn, sem hefðu verið að gera við hús Jóhannesar við Tjarnarstíg á Seltjarnarnesi. Komið hafi þá til tals á milli hans og ákærða, að kúla sú, sem hafði orðið Gunnari Sigurði að bana, væri af sömu stærð (cal.) og byssan, sem horfið hafði frá Jóhannesi, en hann getur ekki fullyrt um, hvort ákærði sagði þetta að fyrra bragði við hann.

Ákærði kveðst ekki muna sérstaklega eftir því, hvort hann hefur komið í kaffistofuna til Árna Haraldssonar og þeir rætt saman um dauða Gunnars Sigurðar annað hvort sama daginn, sem sá áburður varð, eða síðar, en hann telur það vel trúlegt og ef svo hefur verið, geti hann ekki sagt um, hvor þeirra hefur byrjað að tala um það mál eða hvernig orðaskipti þeirra hafa verið. Hann kveður, að frásögn Árna um þetta efni sé mjög sennileg, en hann kveðst ekkert muna nánar um samtal eða samtöl þeirra um málið.

Sakadómurinn hefur fengið í hendur viðskiptabækur aðalstöðvar Bæjarleiða við Langholtsveg yfir tímabilið 1. desember 1967 til 14. febrúar 1968. Leifur Jónsson hefur samið skýrslu um akstur ákærða á þessu tímabili samkvæmt bókunum. Hann hefur yfirleitt tekið aðeins seinustu ökuferð ákærða að kvöldi eða nóttu og fyrstu ökuferð hans að morgni, en þó getið fleiri ökuferða í nokkrum tilvikum. Tímasetningar eru ekki tilgreindar í bókunum við hverja einstaka ökuferð, heldur með nokkru millibili, og kveðst Leifur þá hafa reynt að komast eins nálægt réttum tíma og mögulegt er með samanburði við aðrar tímasetningar í bókunum. Samkvæmt þessari skýrslu Leifs var akstur ákærða eftirtalda daga þannig:

Miðvikudagur 6. desember: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 1700, en fyrsta ferð hans þennan dag er kl. 0015 og næstu ferðir nálægt kl. 0700 og kl. 0800. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0735.

Miðvikudagur 13. desember: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 2200, en fyrstu ferðir hans þennan dag eru kl. 0730 og kl. 0845. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0733.

Föstudagur 22. desember: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 2250, en fyrstu ferðir hans þennan dag eru milli kl. 0610 og 0750, kl. laust fyrir 0750 og kl. laust eftir 0800. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0739.

Miðvikudagur 27. desember: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 1600. Fyrsta ferð hans þennan dag er kl. 0100 og því næst um nóttina og morguninn sem hér segir: Kl. milli 0115 og 0300 (tvær ferðir), kl. laust eftir 0300, kl. 0400, kl. 0430, kl. laust eftir 0430, kl. 0600, kl. laust fyrir 0700, kl. laust eftir 0700, kl. 0715, kl. 0800, kl. laust eftir 0800 og kl. 0840. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0716. („Ath.: þarna virðist hafa verið tvístimplað á spjaldið komutími, stimpluð ofan í aðra tölu, sem ekki er hægt að lesa").

Föstudagur 29. desember: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 2300. Fyrsta ferð hans þennan dag er kl. 0100 og síðan um nóttina og morguninn sem hér segir: Kl. 0200, kl. milli 0200 og 0300, kl. milli 0300 og 0400, kl. laust eftir 0715 og kl. milli 0715 og 0830 (þrjár ferðir). Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0723.

Þriðjudagur 2. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. laust eftir 2300. Fyrsta ferð hans þennan dag er kl. 2225 og síðan um nóttina og morguninn sem hér segir: Kl. 0340, kl. laust fyrir 0400, kl. 0500, kl. laust fyrir 0600 og kl. 0900. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0722.

Föstudagur 5. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 1500, en fyrstu ferðir hans þennan dag eru kl. laust eftir 0700 og síðan kl. 0800. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0728.

Mánudagur 8. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. milli 2000 og 2100, en fyrstu ferðir hans þennan dag eru kl. laust eftir 0700 (tvær ferðir) og þriðja ferðin milli kl. 0700 og kl. 1000. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0736.

Þriðjudagur 9. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 1500, en fyrsta og eina ferð hans þennan dag er kl. 1625. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0730.

Miðvikudagur 10. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 1625. Fyrsta ferð hans þennan dag er kl. laust eftir 0655 og síðan fjórar ferðir á sama tímabili þar á eftir og því næst kl. 0845. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0736.

Föstudagur 19. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. rétt eftir 2230. Fyrstu ferðir hans þennan dag eru kl. milli

0700 og kl. 0745 (tvær ferðir) og síðan kl. laust eftir 0745. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0734.

Þriðjudagur 23. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 1334. Fyrsta ferð hans þennan dag er kl. laust eftir 0700 og síðan kl. milli 0700 og 0815 og ein kl. laust fyrir 0815. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0731.

Miðvikudagur 24. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð hans kl. 1200, en þennan dag er engin ferð hjá honum bókuð. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0732.

Föstudagur 26. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 2330. Fyrsta ferð hans þennan dag er kl. 0100 og síðan sem hér segir: Kl. 0245, kl. laust eftir 0700, kl. laust fyrir 0800 og kl. 0830. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0736.

Miðvikudagur 31. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. milli 1030 og 1150, en fyrsta ferð hans þennan dag er kl. 2100. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0723.

Föstudagur 9. febrúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. laust eftir 2205, en fyrstu ferðir hans þennan dag eru kl. laust eftir 0658 og kl. 0750. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0730.

Mánudagur 12. febrúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 2210, en þennan dag er engin ferð hjá honum bókuð. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0731.

Miðvikudagur 14. febrúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 2337, en fyrstu ferðir hans þennan dag eru kl. um 0700 og kl. milli 0700 og 0830 (tvær ferðir). Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0732.

Hinn 17. júlí f. á. var ákærða gerð kunn framangreind skýrsla Leifs Jónssonar og vakin sérstök athygli hans á stimplun Rögnu til vinnu fyrrnefnda 18 daga og á akstri hans sömu daga. Framburður hans um það efni var þá þannig:

Um 6. desember: Hann segir, að í þessu tilviki gæti verið, að hann hefði lofað að aka einhverjum á þessum tíma og því hafi hann ekki ekið Rögnu til vinnu þennan morgun, en hann kveðst þó ekkert geta fullyrt um þetta.

Um 13. desember: Hann segir, að hér geti verið um tímaskekkju að ræða í bók Bæjarleiða.

Um 22. desember: Hann segir, að hér geti verið um tímaskekkju að ræða eða ritað hafi verið skakkt bifreiðarnúmer.

Um 27. desember: Hann kveðst ekki vefengja það, sem þar segir um ökuferðir hans, og hefur hann þá ekki ekið Rögnu til

vinnu þennan morgun, nema ein af hinum bókuðu ferðum hafi verið farin að Sækambi til að sækja Rögnu til að aka henni í vinnuna.

Um 29. desember: Hann segir, að hér hljóti að vera um einhverja tímaskekkju að ræða.

Um 2. janúar: Hann segir, að það hafi hlotið að vera mikið að gera þessa nótt. Möguleiki sé á því, að hann hafi sótt Rögnu að Sækambi og ekið henni í vinnuna, án þess að hann kæmi heim um nóttina.

Um 5. janúar: Hann segir, að það sé mjög ótrúlegt, að hann hafi farið í ökuferð, áður en hann hafi ekið Rögnu til vinnu.

Um 8. janúar: Hann segir, að hér sé trúlega um tímaskekkju að ræða.

Um 10. janúar: Hann segir, að verið geti, að hann hafi verið búinn að lofa einhverjum að fara í ökuferð með hann snemma þennan morgun og að sú ferð hafi verið farin, áður en hann ók Rögnu til vinnu. Þá segir hann, að möguleiki sé á því, að ritað hafi verið skakkt bifreiðarnúmer í bók Bæjarleiða.

Um 19. janúar: Hann segir, að hér muni vera um einhverja tímaskekkju í bók Bæjarleiða að ræða.

Um 23. janúar: Hann segir ekkert sérstakt út af bókunum þennan morgun.

Um 26. janúar: Hann segir, að það sé ótrúlegt og komi ekki til, að hann hafi hafið leiguakstur þennan morgun, áður en hann hefði ekið Rögnu til vinnu.

Um 9. febrúar: Hann segir, að möguleiki sé á því, að einhver hafi verið búinn að panta ökuferð hjá honum þetta snemma morguns, og hafi hann þá farið ferðina, áður en hann ók Rögnu til vinnu.

Um 14. febrúar: Hann óskar ekkert sérstakt að taka fram í tilefni af bókunum þennan morgun.

Um 9., 24. og 31. janúar svo og 12. febrúar: Hann segir, að verið geti, að hann hafi ekki ekið Rögnu til vinnu þessa morgna, en það geti einnig verið, að hann hafi gert það, og að því loknu farið með bifreiðina til viðgerðar þessa daga og því ekki verið við leigubifreiðarakstur. Ef hann hafi farið með bifreiðina á verkstæði, hefur hann farið annað hvort til Sigurðar Helgasonar að Súðarvogi 36 eða Jóhannesar í Blesugróf eða þá á rafmagnsverkstæði, sem er í Skúlatúni 4 eða 6.

Í tilefni af framangreindum framburði ákærða um akstur hans 27. desember 1967 kveður Leifur Jónsson, að samkvæmt við-

skiptabókum Bæjarleiða hafi ákærði farið þann morgun á eftirtalda staði: Laust fyrir kl. 0700 að Safamýri 71, laust eftir kl. 0700 að Holtsapóteki, laust eftir kl. 0715 að Hótel Sögu og kl. 0800 að Grænadal í Blesugróf. Engin ferð sé bókuð að heimili ákærða að Sækambi.

Þá hafa vitni borið um viðgerðir á bifreiðinni R 15612 í janúar og febrúar 1968, og er framburður þeirra sem hér greinir:

Sigurður Helgason bifvélavirki, Vallarbraut 6, Seltjarnarnesi, kveðst hafa rekið bifreiðaverkstæði að Súðarvogi 38 hér í borg síðan um miðjan febrúar 1968 og sé fyrsta færslan í bókhaldi hans vegna rekstrar verkstæðisins dagsett 19. febrúar það ár. Hann minnist þess ekki að hafa annazt bifreiðarviðgerð fyrir ákærða, áður en hann hóf rekstur verkstæðisins, en eftir það kveðst hann hafa í nokkur skipti gert við bifreið hans, R 15612. Hann segir, að kona sín og kona ákærða séu systkinadætur.

Árni Jóhannes Sveinsson bifvélavirki, Fellsmúla 10 hér í borg, kveðst hafa rekið bifreiðaverkstæði síðan í júní 1956 við húsið Eystri-Hól í Blesugróf hér í borginni og hafi R 15612 verið meðal þeirra bifreiða, sem hann hafi annazt viðgerðir á, bæði áður og eftir að ákærði fór að aka henni. Hann segir, að samkvæmt bókum verkstæðisins hafi bifreiðinni R 15612 á tímabilinu 20. desember 1967 til 12. febrúar 1968 verið komið þar til viðgerðar í eitt skipti og hafi það verið 6. febrúar.

Árni Sighvatsson rafvélavirki, Sólheimum 26 hér í borg, kveðst hafa rekið raftækjavinnustofuna Raf síðan árið 1957 eða 1958 og seinustu fjögur árin hafi hún verið í Skúlatúni 4 hér í borginni. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir bifreiðinni R 15612 eða ákærða. Hann segir, að samkvæmt bókum vinnustofunnar hafi bifreið þessi verið tvisvar til viðgerðar á tímabilinu frá september 1967 til ársloka 1968. Í fyrra skiptið hafi það verið 27. september 1967 og í seinna skipti 5. desember sama ár. Hann kveður, að önnur raftækjavinnustofa en Raf sé ekki við Skúlatún.

Hinn 5. september f. á. voru ákærða gerðir kunnir framburðir nefndra þriggja vitna, og hafði hann þá ekkert við þá að athuga. Jafnframt kvað hann, að ekki gæti verið um það að ræða, að hann hefði farið með bifreiðina R 15612 til viðgerðar dagana 9., 24. og 31. janúar svo og 12. febrúar 1968. Kvað hann nú, að til væri sá möguleiki, að hann hefði verið lasinn þessa fjóra daga eða einhvern þeirra, og því ekki ekið bifreiðinni. Enn fremur nefndi hann sem mögulega ástæðu fyrir því, að hann

hefði ekki ekið bifreiðinni einn af þessum fjórum dögum, að árshátíð Bæjarleiða hefði verið kvöldið áður. Hinn 15. september f. á. var ákærða gerður kunnur fyrrgreindur framburður Leifs Jónssonar um akstur hans að morgni 27. desember 1967. Ákærði kvaðst ekkert sérstakt hafa við framburðinn að athuga og eftir honum að dæma hafi hann ekki ekið Rögnu til vinnu þann morgun. Jafnframt kvaðst hann nú minna fastlega, að þorrablót Sjálfstæðisfélags Seltjarnarneshrepps hefði verið haldið 8. janúar 1968 í Garðahreppi, og hefði hann farið þangað ásamt konu sinni og öðrum hjónum og hefði hann þá ekki ekið leigubifreið sinni að morgni 9. sama mánaðar.

Samkvæmt upplýsingum frá Bæjarleiðum var árshátíð stöðvarinnar haldin 4. febrúar 1968, og samkvæmt upplýsingum frá Sjálfstæðisfélagi Seltirninga var þorrablót félagsins haldið í samkomuhúsinu að Garðaholti 2. marz sama ár. Þessar upplýsingar hafa verið gerðar ákærða kunnar, og kveður hann þá, að þær leiði í ljós, að hann hefur misminnt, hvenær greind árshátíð og þorrablót voru haldin.

Rannsóknarlögreglan hefur spurt þrjá bifreiðarstjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur um það, hvort þeir geti borið um, hvort Ragna Sveinbjörnsdóttir hafi ferðazt með strætisvagni að morgni. Helgi Sigurður Hallgrímsson, Akurgerði 56 hér í borg, kveðst hafa ekið út á Seltjarnarnes lengst af síðan árið 1953. Hann kannast við tvær dætur ákærða og man eftir því, að þegar önnur þeirra var ófrísk, ferðaðist hún með vagninum, en hann man ekki, á hvaða tíma dags það var. Hann gegndi starfi að morgni 18. janúar 1968, en man ekki, hvort dóttir ákærða fór með vagninum þann morgun. Stefán Kristjánsson, Miklubraut 66 hér í borg, kveðst hafa ekið út á Seltjarnarnes í tvö og hálft ár og þekkja börn ákærða í sjón, en getur ekki sagt um, á hvaða tímum þau hafa ferðazt með vagninum. Hann getur því ekki sagt um, hvort dóttir ákærða hafi verið með vagninum inn í borgina með fyrstu ferð að morgni dags. Jón Samúelsson, B götu 11, Blesugróf hér í borg, kveðst hafa ekið út á Seltjarnarnes í 22 ár og kannast við ákærða í sjón svo og son hans og yngri dóttur, en hann kemur ekki eldri dóttur hans fyrir sig. Hann getur því ekki sagt um, hvort hún hafi verið farþegi í vagninum að morgni dags á árinu 1968.

VI. kafli.

Samkvæmt upplýsingum frá H/f Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni vann Gunnar Sigurður Tryggvason hjá því fyrirtæki við

bifreiðarakstur frá 1. júlí 1945 til 6. júní 1947. Hinn 1. janúar 1948 hóf hann leigubifreiðarakstur hjá Samvinnufélaginu Hreyfli hér í borg og gegndi því starfi til dánardags. Seinasta bifreiðin, sem hann ók og átti, var Mercedes Benz bifreiðin R 461 af árgerð 1964, og var hún skrásett 8. apríl það ár.

Foreldrar hans voru Tryggvi Jóhannesson verkamaður og kona hans, Aðalheiður Sigurðardóttir, og eignuðust þau tvö börn önnur, Þuríði Jóhönnu, sem hefur verið búsett í Bandaríkjunum lengst af síðan á árinu 1952, fædd 15. maí 1921, svo og Sveinbjörn Mjófjörð rakara, nú til heimilis að Álfheimum 32 hér í borg, fæddan 24. apríl 1933. Með afsali, dags. 22. desember 1959, keyptu þeir Tryggvi og Gunnar Sigurður húsið nr. 8 við Kambsveg hér í borg, hinn fyrrnefndi að 5/8 hlutum og hinn síðarnefndi að 3/8 hlutum, og flutti Tryggvi ásamt konu sinni og sonum þangað. Aðalheiður andaðist 16. janúar 1966, og bjó Tryggvi þá með sonum sínum áfram í húsinu, og höfðu þeir hvorki ráðskonu né húshjálp, en matreiddu sjálfir. Í nóvember 1967 fór Sveinbjörn Mjófjörð að búa með konu að nafni Gunnvör Magnússon í hluta hússins, og höfðu þá húshald sér, en í húsinu voru tvö eldhús, annað á neðri hæð en hitt á efri hæð hússins. Þau Sveinbjörn Mjófjörð og Gunnvör eiga eitt barn saman.

Haustið 1968 fór Tryggvi vestur um haf til Þuríðar dóttur sinnar og andaðist þar 24. marz 1969. Hann var ekki yfirheyrður í dómi, en 20. janúar og 1. febrúar 1968 gaf hann rannsóknarlögreglunni skýrslu, og í I. kafla hér að framan er getið frásagnar hans um peningaveski og peninga þá, sem Gunnar Sigurður hafi borið á sér. Frásögn Tryggva hjá rannsóknarlögreglunni er annars þessi:

Hann kveður, að Gunnar Sigurður hafi tognað á liðamótum aftan á hnjánum, þegar hann var innan við fermingaraldur, við að hlaupa yfir skurð. Gunnar Sigurður hafi síðan verið bilaður í fótum og átt erfitt með gang og hreyfingar, einkum eftir að hann fitnaði, og hann hafi einnig orðið mjög þreyttur í fótunum, ef hann reyndi sérstaklega á þá. Hann hafi því ekki getað stundar bifreiðarakstur neitt á við aðra leigubifreiðarstjóra og því haft styttri vinnutíma en félagar hans almennt. Langtímum saman á kvöldin hafi hann setið með fæturna í saltvatni, áður en hann fór að vinna, og fundizt það vera heldur til bóta. Hann hafi ávallt stundað vinnu sína á nóttunni og byrjað venjulega akstur um eða eftir miðnætti og ekið til morguns, eftir því sem á stóð. Hann hafi verið vanafastur og reglusamur og vikið lítið

frá þeim venjum, sem hann hafði myndað sér og vanið sig við.

Tryggvi segir, að Gunnar Sigurður og hann hafi verið mjög samrýmdir og búið alltaf saman og haft í reyndinni sameiginlegan fjárhag, en hann sat í óskiptu búi eftir lát konu sinnar. Gunnar Sigurður hafi lagt til heimilisins að sínum hluta og fyllilega það, án þess að nokkur reikningur væri haldinn, og einnig séð um allar útréttingar fyrir heimilið og notað bifreið sína til heimilisþarfa, þegar þess þurfti með. Sparifé þeirra hafi verið lagt inn í tvær sparisjóðsbækur í Útvegsbanka Íslands og hafi önnur þeirra, sem var ávísanabók, verið á nafni Gunnars Sigurðar, en hann viti ekki, á hvors nafni hin bókin var, en það var almenn bók. Hann kveður, að Gunnar Sigurður hafi séð um greiðslur opinberra gjalda fyrir hann og þá tekið fé úr hinum sameiginlega sjóði þeirra. Tryggvi kveðst hafa selt húseign sína Efstasund 52, um leið og þeir Gunnar Sigurður keyptu Kambsveg 8, en hinn síðarnefndi hafi unnið hálfa milljón króna í happdrætti og varið meira en helmingi fjárhæðarinnar til húskaupanna og keypt sér einnig bifreið fyrir vinninginn. Samkvæmt upplýsingum Happdrættis Háskóla Íslands vann Gunnar Sigurður nefnda fjárhæð í því happdrætti í janúar 1958. Tryggvi kveðst því hafa verið vel kunnugur fjárhag Gunnars Sigurðar og hafi hann enga peninga átt umfram þá, sem voru í sparisjóðsbókum þeirra. Hann telur, að Gunnar Sigurður hafi aldrei lánað peninga nema þá bróður sínum, Sveinbirni Mjófjörð. Hann segist ekki geta látið sér detta í hug, að Gunnar Sigurður hafi átt nokkurn óvin eða óvildarmann, enda hafi hann verið prúðmenni og ekki gert á hluta nokkurs manns. Hann hafi verið heimakær og fáir komið í heimsókn til hans, og Tryggvi kveðst ekki hafa vitað til þess, að hann hefði verið við konu kenndur eða verið í kunningsskap við nokkra konu.

Sveinbjörn Mjófjörð Tryggvason kveður, að Gunnar Sigurður hafi ekið aðallega að næturlagi, því að honum hafi þótt það rólegra en að aka að degi til. Hann hafi átt erfitt um gang og muni hann máske af þeim ástæðum hafa fundið til minnimáttarkenndar eða orðið hlédrægur. Hann hafi ekki verið gefinn fyrir skemmtanir eða mannfagnað og unað bezt heima hjá sér í frítímum sínum. Hann hafi séð um matartilbúning fyrir sig og föður þeirra. Hann hafi neytt áfengis aðeins í örfá skipti á ári og ávallt mjög í hófi. Sveinbjörn Mjóferð kveðst ekki hafa vitað til þess, að hann væri nokkurn tíma við konu kenndur. Hann kveðst ekki geta skilið, að hann hafi átt nokkurn óvildarmann,

og hann hafi aldrei heyrt hann tala illa um nokkurn mann. Hann heldur, að Gunnar Sigurður hafi komizt sæmilega af fjárhagslega, enda hafi hann verið mjög reglusamur í fjármálum og nægjusamur í lífsháttum. Hann veit ekki til þess, að Gunnar Sigurður hafi lánað öðrum fé, og fullyrðir, að ef hann hafi lánað einhverjum fé, hafi það ekki verið til að hagnast á því. Hann kveðst oft hafa fengið smáupphæðir að láni hjá honum, eftir að hann varð fyrir atvinnuslysi, en hann hafi endurgreitt honum lánin án vaxta af slysabótum sínum. Hann kveðst ekki geta sagt um, hvort Gunnar Sigurður var vanur að hafa mikla peninga á sér við bifreiðarakstur, en telur það vera ólíklegt vegna þess, hve varkár hann var. Hann getur ekki sagt um, hvort Gunnar Sigurður hafi verið með tvö veski við bifreiðarakstur, en hann hafi að minnsta kosti verið með eitt veski og hafi hann geymt í fötum sínum og einnig á nóttunni, þegar hann gekk til náða. Hann kveðst hafa verið á Kambsvegi 8 nóttina, sem Gunnar Sigurður var skotinn til bana, og séð hann seinast, stuttu eftir að sjónvarpsdagskráin íslenzka var úti þá um kvöldið, en þá hafi Gunnar Sigurður farið út til vinnu. Hann sá þá ekkert óvenjulegt eða óeðlilegt við hann, og hann vissi ekki til þess, að hann ætti í einhverjum erfiðleikum á þessum tíma. Hann kveðst vita, hver ákærði er, en hann minnist þess ekki að hafa talað við hann, eftir að hann varð leigubifreiðarstjóri, og reyndar í enn lengri tíma. Hann veit ekki til þess, að Gunnar Sigurður og ákærði hafi þekkzt eða talazt við, og hann veit heldur ekki til þess, að ákærði kæmi nokkru sinni á Kambsveg 8 eða spyrði eftir Gunnari Sigurði. Hann veit heldur ekki til þess, að þeir hafi átt einhver viðskipti eða samskipti saman, og hann man ekki til þess að hafa heyrt Gunnar Sigurð minnast nokkru sinni á ákærða.

Gunnvör Magnússon hefur dvalizt í Danmörku síðan í júní 1969, og hefur hún eigi verið yfirheyrð í dómi, en 7. febrúar 1968 mætti hún hjá rannsóknarlögreglunni. Hún kveðst þá ekki hafa þekkt Gunnar Sigurð, fyrr en eftir að hún og Sveinbjörn Mjófjörð fóru að búa saman að Kambsvegi 8 um miðjan nóvember 1967, en eftir það hafi hún kynnzt honum lítillega. Hann hafi stöku sinnum komið inn á heimili þeirra Sveinbjörns Mjófjörðs og verið maður rólegur og talað frekar fátt. Hún hafi vitað lítið um, hvaða fólk hann þekkti eða umgekkst, og því síður vitað til þess, að nokkrum manni væri illa við hann. Hún kveðst ekki hafa séð hann, daginn áður en hann fannst látinn.

Þuríður Jóhanna Tryggvadóttir hefur einnig borið vitni í mál-

inu. Hún kveðst hafa komið hingað til lands mánuði eftir dauða Gunnars Sigurðar og dvalizt hér síðan í 8 mánuði, en þá hafi hún farið af landi burt ásamt föður sínum og hann dvalið á heimili hennar fyrir vestan haf, þar til hann andaðist. Hún kveður, að þau feðgin hafi rætt mikið um það, hver hefði verið ástæðan fyrir því, að Gunnar Sigurður var myrtur, og þau hafi í því skyni athugað skjöl hans og leitað að öllum mögulegum skýringum, en ekkert fundið, sem varpað gæti ljósi á málið. Þuríður Jóhanna kveðst hafa spurt föður sinn um það, hvort Gunnar Sigurður hefði verið með einhverri stúlku, og hefði hann sagt, að svo hefði ekki verið. Hann hafi þó sagt, að kona ein hefði verið að hringja í Gunnar Sigurð til að biðja hann um að kaupa vín fyrir hana og koma með það til hennar. Hún kveðst hafa séð nafn konunnar ritað í vasabók Gunnars Sigurðar, nokkru eftir að hún kom hingað til lands í febrúar 1968, en þegar hún hafi ætlað að líta síðar í bókina, hafi hún ekki fundið hana og hafi hún þá gengið út frá því, að faðir hennar hefði tekið hana til geymslu. Hann hafi þó ekki kannazt við það og talið, að bókin hefði verið tekin. Þuríður Jóhanna kveðst ekki muna nafn konunnar, en segir þó, að það hafi byrjað á bókstafnum G, og hún fullyrðir, að faðir hennar hafi sagt, að konan væri gift sjómanni, og að því er hana minnir loftskeytamanni. Hún heldur, að konan hafi ekki borið ættarnafn, og hefði hún munað nafnið frekar, ef svo hefði verið. Aðspurð kveðst hún ekki kannast við konu að nafni Guðlaug Skagfjörð, sbr. VII. kafla hér á eftir. Hún kveðst vera viss um, að náið samband hafi ekki verið á milli konunnar og Gunnars Sigurðar, og hafi faðir hennar sagt, að Gunnar Sigurður hefði verið leiður á kvabbi konunnar og sagt stundum, að hann skyldi segja, að hann væri ekki heima eða sofandi, þegar hún hringdi. Þuríður Jóhanna kveður, að faðir hennar hafi sagt, að hann þekkti húsið, sem konan ætti heima í, og hafi komið til tals, að hann sýndi henni, hvar það væri, en ekkert hafi orðið úr því. Hann hafi ekki vitað við hvaða götu húsið var, en ratað þangað, því að hann hafi farið með Gunnari Sigurði þangað heim, þegar hann fór með vín til konunnar. Þuríður Jóhanna kveðst nú ekki geta munað, í hvaða borgarhluta húsið var, þó að hún hafi hugsað mikið um það. Hún segir, að faðir hennar hafi sagt, að konan hefði komið í eitt skipti heim til þeirra, en hann hefði ekki lýst henni eða nefnt aldur hennar. Þuríður Jóhanna kveðst ekkert kannast við ákærða og veit ekki til þess, að faðir hennar eða bræður hafi þekkt hann.

Vinir Gunnars Sigurðar voru aðallega þrír, þeir Geir Róbert Jónsson verkamaður, Hjallavegi 9, Geir Kristjánsson verkstjóri, Bólstaðarhlíð 66, og Haukur Leifs Friðriksson bakari, Grensásvegi 26, allir hér í borg, og hafði hann þekkt þá frá fermingaraldri. Þeir bera allir, að Gunnar Sigurður hafi verið góður í umgengni, hlédrægur og hæglátur. Hann hafi talað vel um fólk og hafi þeir ekki vitað til þess, að hann ætti nokkurn óvildarmann. Hann hafi verið lítið gefinn fyrir að mæta á mannamótum og verið mest heima hjá sér í frítímum sínum. Hann hafi neytt aðeins lítillega áfengis og lifað reglusömu lífi. Þeim vitanlega hafi hann aldrei verið við konu kenndur. Þeir hafi ekki vitað til þess, að hann ætti í einhverjum fjárhagsörðugleikum eða að hann lánaði öðrum fé. Þeir segjast ekki vita, hvort hann var vanur að hafa háar peningaupphæðir á sér við bifreiðarakstur, en Geir Róbert kveður, að hann hafi einhverju sinni sagt honum, að hann væri með tvö peningaveski við akstur og hefði hann 5, 10 og 25 króna seðla í öðru þeirra, en stærri seðla í hinu. Veskin geymdi hann í brjóstvösum í jakka eða treyju sinni. Enn fremur hefði hann poka með skiptimynt í geymsluhólfi bifreiðarinnar. Enginn hinna þriggja veit til þess, að Gunnar Sigurður hafi þekkt ákærða, og þeir minnast þess ekki, að hann hafi nokkru sinni talað um hann.

Bifreiðarstjórarnir Magnús Sigurðsson, Árni Björn Jónsson, Jón Hilmar Þórarinsson og Guðmundur Valur Guðmundsson, sem getið er í I. kafla dómsins hér að framan, unnu árum saman og sumir mjög lengi með Gunnari Sigurði á Bifreiðastöðinni Hreyfli. Þeim ber öllum saman um, að hann hafi ekið leigubifreið sinni frekar að næturlagi en að degi til. Þeir segjast ekki vita til þess, að hann hafi átt vingott við eða umgengizt konur eða að hann hafi átt einhvern óvildarmann eða að hann hafi leigt út fé. Enginn þeirra veit til þess, að hann hafi þekkt ákærða. Árni Björn Jónsson kveður, að Gunnar Sigurður hafi verið með tvö peningaveski við akstur. Annað hafi hann geymt í jakkavasa, en hitt í bakvasa í fötum sínum, en hann man ekki hvorum megin. Í öðru veskinu hafi hann geymt stærri peningaupphæðir og nótur, en í hinu smærri upphæðir, en Árni Björn kveðst ekki geta sagt um, hvort veskið hann geymdi í jakkavasa eða bakvasa. Hann segir, að Gunnar Sigurður hafi oft skipt eitt þúsund króna seðli fyrir starfsfélaga sína og þá tekið upp annað veskið, en úr hvaða vasa, man hann ekki. Jón Hilmar Þórarinsson kveðst hafa séð Gunnar Sigurð stuttu fyrir andlát sitt skipta

eitt þúsund króna seðli og taka þá fram veski úr innanverðum jakkavasa sínum. Einnig hafi hann verið með annað minna veski í bakvasa á buxum sínum og hafi ávísanahefti verið í því. Jón Hilmar kveðst hafa heyrt hann segja, að veskið í jakkavasanum væri „keyrsluveskið", þ. e. veskið, sem hann notaði við bifreiðarakstur, en veskið í buxnavasanum notaði hann til persónulegra þarfa.

Útvegsbanki Íslands hefur upplýst, að tvær sparisjóðsbækur hafi verið á nafni Gunnars Sigurðar Tryggvasonar í bankanum, ávísanabók nr. 3139 og almenn bók nr. 30447. Yfirlit yfir færslur í bókunum hefur verið lagt fram í málinu. Yfirlit ávísanabókarinnar sýnir, að innstæða hennar var 15. marz 1966 kr. 15.000.00, og eftir það varð hún hæst 25. ágúst sama ár kr. 59.400.00. Í lok þess árs nam hún kr. 10.455.11 og í árslok 1967 kr. 34.157.11. Hinn 16. janúar 1968 voru út teknar kr. 3.000.00, og er það eina færslan á því ári, og nam því innstæða bókarinnar við andlát Gunnars Sigurðar kr. 31.157.11. Yfirlit almennu bókarinnar sýnir, að innstæða hennar nam 21. nóvember 1961 kr. 9.102.40, og eftir það varð hún hæst 23. október 1962 kr. 65.856.39. Í lok þess árs nam hún kr. 21.998.33, í árslok 1963 kr. 2.895.31, í árslok 1964 kr. 1.169.31, í árslok 1965 kr. 15.810.31, í árslok 1966 kr. 16.917.31 og í árslok 1967 kr. 25.347.31. Var það innstæða bókarinnar við andlát Gunnars Sigurðar.

Útvegsbankinn hefur upplýst, að Gunnar Sigurður hefur ekki, svo að séð verði, verið samþykkjandi á víxlum, sem bankinn hefur keypt, og heldur ekki falið bankanum innheimtur víxla eða skuldabréfa eða haft umráð yfir geymsluhólfi þar.

Eftirtaldir bankar og sparisjóðir: Landsbanki Íslands, Búnaðarbanki Íslands, Iðnaðarbanki Íslands h/f, Samvinnubanki Íslands h/f, Verzlunarbanki Íslands h/f, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Sparisjóður alþýðu, Sparisjóðurinn Pundið og Sparisjóður vélstjóra hafa gefið þær upplýsingar, að Gunnar Sigurður hafi ekki, svo að séð verði, falið stofnunum þessum innheimtu á víxlum eða skuldabréfum eða verið samþykkjandi á víxli eða víxlum, sem þær hafa keypt, eða haft umráð yfir geymsluhólfi þar eða haft einhver önnur viðskipti við stofnanirnar.

Samkvæmt skattframtölum Gunnars Sigurðar námu tekjur hans seinustu árin sem hér segir: Árið 1962 kr. 88.914.00 (?), árið 1963 kr. 86.070.00, árið 1964 kr. 123.666.00, árið 1965 kr. 128.986.00 og árið 1966 kr. 138.881.00. Samkvæmt skattframtali hans árið 1967 námu eignir hans í árslok 1966 samtals kr.

231.828.00, þar af ⅜ hluti Kambsvegar 8, kr. 45.750.00, bifreiðin R 461, kr. 132.600.00, og stofnsjóðsinnstæður o. fl., kr. 33.473.35, en skuldir hans námu kr. 25.126.85.

Eftirtalin tryggingafélög: Almennar Tryggingar h/f, Hagtrygging h/f, Líftryggingafélagið Andvaka, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f og Vátryggingaskrifstofa Sigfúsar Sighvatssonar h/f, sem hafa öll líftryggingadeild, hafa gefið þær upplýsingar, að Gunnar Sigurður hafi ekki verið líftryggður hjá þeim.

VII. kafli.

Fram hafa komið í málinu ýmsar upplýsingar um ákærða, bæði um fjármál hans og ýmsa aðra einkahagi. Verða þær nú raktar:

A.

Foreldrar hans eru þau Gísli Gíslason, fyrrverandi matsveinn, Ásvallagötu 55, og Helga Guðbjörg Sigurbjarnadóttir, Laugavegi 126 hér í borg. Þau voru ógift, og ólst ákærði upp hjá móður sinni. Eftir lok seinni heimsstyrjaldar giftist hún pípulagningameistara, sem ákærða minnir, að hafi andazt árið 1957. Fyrstu árin bjuggu þau ákærði og móðir hans í Þingholtsstræti 8, en síðan á Baldursgötu 29, en þegar hann var 10 eða 11 ára, fluttu þau á Njálsgötu 52 B og þaðan á Laugaveg 86, þar sem hann átti heima, þar til hann kvæntist Karólínu Aðalsteinsdóttur árið 1949. Fyrst í stað bjuggu þau hjónin að Austurkoti við Faxaskjól, en líklega árið 1950, frekar en árið 1949, að sögn ákærða, en árið 1951 að sögn konu hans, fluttu þau að Sækambi, en Jóhannes Jósefsson átti bæði húsin. Ákærði þurfti ekki að greiða húsaleigu, og voru afnot húsnæðisins hluti af starfskjörum hans. Með afsali, dags. 4. nóvember 1961, gaf Jóhannes ákærða húsið Sækamb ásamt tilheyrandi eignarlóð kvaðalaust, en fasteignamat eignarinnar var kr. 35.000.00. Ákærði segir, að eftir að hann hætti að vinna á Hótel Borg, hafi hann hafið vinnu í skrifstofu Pípuverksmiðjunnar h/f hér í borg, og heldur hann, að hann hafi unnið hjá því fyrirtæki árin 1960—1962 og máske eitthvað lengur. Eftir það hafi hann ekið leigubifreið hjá Bifreiðastöð Steindórs og muni það hafa verið á árunum 1963—1966. Síðan hafi hann unnið í frystihúsinu Ísbirninum á Seltjarnarnesi, eða þar til hann hóf leigubifreiðarakstur hjá Bæjarleiðum á árinu 1966 eða 1967. Hann kveðst eiga marga vini og kunningja, en engan einn öðrum fremur. Hann kveðst ekki hafa átt neinn sérstakan vin í hópi bifreiðarstjóra á Bifreiðastöð Steindórs eða

Bæjarleiðum, og kveðst hann hafa umgengizt starfsfélaga sína nokkuð jafnt. Þeir hafi verið kunningjar hans og hafi hann engan óvin átt í hópi þeirra. Hann kveðst ekki hafa skemmt sér með þeim í heimahúsum, en tvívegis farið á árshátíð starfsmanna Bifreiðastöðvar Steindórs og einnig tvívegis á árshátíð starfsmanna Bæjarleiða.

Ákærði kveðst hafa komizt vel af fjárhagslega, á meðan hann vann hjá Jóhannesi Jósefssyni og á Hótel Borg og verið skuldlaus, þegar hann hætti störfum þar. Upp frá því hafi hann farið að safna skuldum, þó að hann hafi haft venjulegar árstekjur þeirra leigubifreiðarstjóra, sem áttu ekki ökutækið sjálfir. Verða nú rakin nokkur viðskipti ákærða svo og skuldasöfnun:

Síðla árs 1961 keypti ákærði 5 manna fólksbifreið af gerðinni Ford Zodiac til einkaþarfa sinna. Bifreiðin hlaut skrásetningarmerkið G 288. Kaupverðið var kr. 120.000.00, og greiddi hann það þannig: 1) Með láni, sem hann fékk hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis til 10 ára, að fjárhæð kr. 40.000.00, tryggðu með 1. veðrétti í húsinu Sækambi samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 29. nóvember 1961, 2) með þremur skuldabréfum ákærða, útgefnum til handhafa, að fjárhæð kr. 20.000.00 hvert, og með kr. 1.500.00 afborgunum á mánuði, tryggðu með 2. veðrétti í Sækambi samkvæmt þremur veðskuldabréfum, dags. 27. nóvember 1961, svo og 3) með víxli, samþykktum af ákærða 18. nóvember 1961, til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 20.000.00, tryggðum með 3. veðrétti í Sækambi samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 27. nóvember 1961. Hann kveðst hafa selt bifreið þessa á árinu 1968 sem varahluti fyrir um kr. 6.000.00.

Með bréfi, dags. 28. febrúar 1962, fór ákærði þess á leit við Samvinnutryggingar, að þær veittu honum lán að fjárhæð kr. 20.000.00, sem tryggt væri hvort heldur í húsi hans Sækambi eða bifreið hans, G 288, og bað jafnframt um tryggingu á fyrrnefndum eignum svo og um heimilistryggingu. Ákærði fékk lánið í marz sama ár, og var það tryggt með 4. veðrétti í Sækambi. Lánið skyldi endurgreiðast með 8 jöfnum ársfjórðungsgreiðslum og í fyrsta skipti 1. júlí fyrrgreint ár.

Í maí 1963 fékk ákærði lán í Útvegsbanka Íslands að fjárhæð kr. 25.000.00, og kveðst hann hafa tekið það vegna fjármála sinna almennt. Hann samþykkti víxil þeirrar fjárhæðar fyrir láninu, útgefinn 25. maí 1963, með gjalddaga 25. nóvember sama ár, en útgefandi var eiginkona hans. Víxillinn var tryggður með 5. veðrétti í Sækambi samkvæmt tryggingarbréfi, dags. 25. maí

það ár. Víxillán þetta var síðan framlengt margsinnis með nýjum víjlum, og meðal annars hefur verið lagður fram í málinu framlengingarvíxill, útgefinn 19. nóvember 1966, með gjalddaga 19. desember sama ár, að fjárhæð kr. 17.000.00.

Í nóvember 1963 fékk ákærði lán í Búnaðarbanka Íslands að fjárhæð kr. 25.000.00, og kveðst hann hafa tekið það vegna almennra fjárhagserfiðleika sinna. Hann samþykkti víxil þeirrar fjárhæðar fyrir láninu, útgefinn 27. nóvember 1963, með gjalddaga 19. desember sama ár, en útgefandi víxilsins var kunningi hans, Kristinn Jóhann Björgvin Helgason verkamaður, Bauganesi 1 A hér í borg. Víxillán þetta var síðan framlengt margsinnis með nýjum víxlum, þar til það var að fullu greitt, og meðal annars hefur verið lagður fram í málinu framlengingarvíxill, útgefinn 2. september 1966, með gjalddaga 15. október sama ár, að fjárhæð kr. 1.000.00.

Seinni hluta árs 1964 hitti ákærði Margeir Jón Magnússon víxlara, Miðstræti 3 A hér í borg, að máli eftir auglýsingu í dagblaði og grennslaðist fyrir um það, hvort hann vildi veita honum lán. Varð úr, að Margeir Jón veitti honum peningalán. Ákærði samþykkti víxil til 6 mánaða, með gjalddaga 12. maí 1965, að fjárhæð kr. 112.500.00, tryggðan með 6. veðrétti í Sækambi samkvæmt tryggingarbréfi, dags. 12. nóvember 1964, en Margeir Jón samþykkti víxil, útgefinn af ákærða 13. nóvember 1964, með gjalddaga 13. nóvember 1984, að fjárhæð kr. 37.500.00, og greiddi ákærða í reiðufé kr. 75.000.00. Ákærði kveður þó, að frá útborguðu reiðufé hafi verið dregnar nokkur þúsund krónur, sem hafi þá verið vextir eða einhver annar kostnaður, en hann muni ekki nánar, hve há sú upphæð var. Margeir Jón kveður hins vegar, að ákærði hafi enga vexti greitt og hafi hann ekki átt að greiða þá, fyrr en víxillinn yrði framlengdur. Hefur Margeir Jón máli sínu til stuðnings lagt fram skriflega yfirlýsingu ákærða, dags. 13. nóvember 1964, þar sem ákærði viðurkennir að hafa móttekið af honum kr. 75.000.00 í peningum og kr. 37.500.00 í víxli, með gjalddaga 13. nóvember 1984, sem greiðslu á fyrrgreindum víxli að upphæð kr. 112.500.00. Ákærði kveðst hafa tekið lán þetta vegna þess, að hann hafi verið kominn í vanskil með greiðslu lána vegna bifreiðarinnar G 288 svo og opinberra gjalda vegna Sækambs.

Með tryggingarbréfi, dags. 19. júlí 1965, setti ákærði Sækamb að 6. veðrétti til tryggingar víxli, samþykktum af honum, með gjalddaga 17. janúar 1966, að fjárhæð kr. 35.000.00. Ákærði

kveður, að þetta hafi ekki verið nýtt lán, heldur vextir af fyrrgreindu láni að upphæð kr. 112.500.00, en hann muni ekki, fyrir hve langan tíma þeir voru. Margeir Jón kveður hins vegar, að þetta hafi verið nýtt lán, sem hann hafi veitt ákærða, og frá víxilfjárhæðinni hafi verið dregnir löglegir vextir fyrir lánstímabilið, sem hafi verið 6 mánuðir.

Ákærði kveður, að Margeir Jón hafi gengið mjög hart að honum með greiðslu greindra víxilskulda og hafi Hafþór Guðmundsson lögfræðingur verið í fyrirsvari fyrir hann. Hafþór hafi sagt honum, að hann hefði undir höndum fé, sem menn að nafni Ögmundur Helgason og Gunnlaugur Einarsson ættu, og hefði hann ráðstöfunarrétt fjárins. Hafi Hafþór boðizt til að lána ákærða fé þeirra til að greiða Margeiri Jóni og bjarga með því Sækambi frá uppboði í stuttan tíma. Ákærði kveðst hafa þegið þetta boð Hafþórs, og samþykkti hann tvo víxla, annan að fjárhæð kr. 103.580.00, en hinn að fjárhæð kr. 62.148.00, báða með gjalddaga 13. desember 1966 og tryggða með 3. veðrétti í Sækambi samkvæmt tveimur tryggingarbréfum, dags. 14. október sama ár. Ákærði kveðst ekki muna útborgaðar lánsfjárhæðir eða með hvaða kjörum hann fékk lán þessi, en Hafþór hafi ekki afhent honum reiðufé, en sagzt mundu greiða Margeiri Jóni skuld ákærða við hann. Margeir Jón kveðst hafa afhent Hafþóri víxlana tvo til innheimtu og fengið þá greidda haustið 1966, að því er hann heldur. Hafþór Guðmundsson héraðsdómslögmaður, Mávahlíð 48 hér í borg, kveður, að Margeir Jón Magnússon hafi afhent honum nefnda tvo víxla að fjárhæð kr. 112.500.00 og kr. 35.000.00 til að lýsa þeim við uppboð eignarinnar Sækambs, sem auglýst hafði verið. Uppboðinu hafi verið frestað og jafnframt hafi liðið nokkur tími, án þess að ákærði greiddi upphæðirnar. Hann hafi síðan lánað ákærða fé til þess, að hann gæti greitt skuldir sínar við Margeir Jón, og í því sambandi hafi ákærði samþykkt fyrrgreinda tvo víxla að fjárhæð kr. 103.580.00 og kr. 62.148.00. Upphæðir þessar hafi verið miðaðar við það, að ákærði gæti greitt upp skuldir sínar við Margeir Jón ásamt uppboðskostnaði, en einnig hafi verið innifalið í þeim 2% lántökugjald til hans (Hafþórs) svo og stimpilkostnaður víxlanna. Ákærði hafi svo greitt víxilfjárhæðirnar haustið 1967.

Í nóvember 1965 fékk ákærði lán í Búnaðarbanka Íslands að fjárhæð kr. 35.000.00, og kveðst hann hafa tekið það vegna almennra fjárhagserfiðleika sinna. Hann samþykkti víxil þeirrar fjárhæðar fyrir láninu, útgefinn 25. nóvember 1965, með gjald-

daga 25. febrúar 1966, en útgefandi víxilsins var mágur hans, Guðlaugur Aðalsteinsson frystihússtjóri, Nýjabæ í Vogum. Víxillán þetta var síðan framlengt margsinnis með nýjum víxlum, og meðal annars hefur verið lagður fram í málinu framlengingarvíxill, útgefinn 22. júlí 1968, með gjalddaga 22. ágúst sama ár, að fjárhæð kr. 1.000.00.

Í desember 1965 fékk ákærði lán í Landsbanka Íslands að fjárhæð kr. 30.000.00, og kveðst hann hafa tekið það vegna fjárhagsörðugleika sinna. Hann samþykkti víxil þeirrar fjárhæðar fyrir láninu, útgefinn 18. desember 1965, með gjalddaga 16. maí 1966, en útgefandi víxilsins var mágur hans, Guðlaugur Aðalsteinsson. Víxillán þetta var síðan framlengt margsinnis með nýjum víxlum, og meðal annars hefur verið lagður fram í málinu framlengingarvíxill, útgefinn 29. nóvember 1966, með gjalddaga 10. desember sama ár, að fjárhæð kr. 9.500.00.

Hinn 18. júlí 1966 fékk ákærði lán í Sparisjóði Hafnarfjarðar að fjárhæð kr. 50.000.00 vegna almennra fjárhagsörðugleika sinna. Hann samþykkti víxil þeirrar fjárhæðar til nokkurra mánaða fyrir láninu, en útgefandi víxilsins var Þórlaug Júlíusdóttir, eiginkona mágs ákærða, Marinós Aðalsteinssonar sjómanns, Álfaskeiði 86, Hafnarfirði. Víxillinn var síðan framlengdur mörgum sinnum til þriggja mánaða í senn með smá afborgunum í hvert skipti, og 19. september f. á. var hann að eftirstöðvum kr. 7.000.00.

Árið 1967 fékk ákærði lán fyrir milligöngu Þorleifs Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Fyrirgreiðsluskrifstofunnar hér í borg, að fjárhæð kr. 375.000.00, og var það tryggt með 3. veðrétti í Sækambi samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 1. nóvember það ár. Lánið skyldi endurgreiðast á fimm árum með jöfnum árlegum afborgunum og í fyrsta sinn 1. nóvember 1968. Ákærði kveður, að hér hafi ekki verið um okurlán að ræða. Lánið kveðst hann hafa tekið til greiðslu á fyrrgreindum lánum, sem Hafþór Guðmundsson hafði veitt honum, og eldri skuldum vegna bifreiðarinnar G 288 svo og vegna kaupa á bifreiðinni R 15612.

Árið 1967 fékk ákærði lán í Landsbanka Íslands, og samþykkti hann víxil fyrir því, en útgefandi hans var fyrrgreindur Sigurður Helgason, Vallarbraut 6, Seltjarnarnesi. Sigurður kveður, að víxillinn hafi verið til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 50.000.00, og hefur ákærði ekki vefengt það. Víxillinn var síðan framlengdur nokkrum sinnum með nýjum víxlum, og hefur einn þeirra verið lagður fram í málinu. Er hann útgefinn 23. október

1968, með gjalddaga 23. desember sama ár, að fjárhæð kr. 35.500.00. Sigurður kveður, að næsti framlengingarvíxill hafi verið að fjárhæð kr. 34.000.00 og hafi hann greitt hann upp, eftir að hann var kominn í vanskil. Ákærði hafi síðan greitt honum kr. 7.000.00 upp í fjárhæð þessa.

Í nóvember 1967 fengu ákærði og kona hans lán í Útvegsbanka Íslands að fjárhæð kr. 25.000.00, og kveður hann, að lánið hafi verið tekið vegna kaupa á bifreiðinni R 15612. Gerður var víxill þeirrar fjárhæðar fyrir láninu, útgefinn 20. nóvember 1967, með gjalddaga 20. janúar 1968, en vegna þess að ákærði átti fyrir í bankanum ógreidda víxilskuld, ritaði kona hans á víxilinn sem samþykkjandi og ákærði sem ábekingur, en útgefandi var nefndur Sigurður Helgason. Víxillán þetta var síðan framlengt margsinnis með nýjum víxlum, og meðal annars hefur verið lagður fram í málinu framlengingarvíxill, útgefinn 23. júní 1968, með gjalddaga 23. ágúst sama ár, að fjárhæð kr. 17.000.00. Sigurður kveður, að þetta lán hafi verið tekið stuttu eða nokkru eftir töku fyrrgreinds láns að fjárhæð kr. 50.000.00. Þá segir hann, að möguleiki sé á því, að nokkru fleiri og nýrri víxlar en nefndur 17 þúsund króna víxill hafi verið gefnir út til framlengingar á 25 þúsund króna víxlinum, en víxil þennan hafi hann ekki þurft að greiða. Hann segir, að ákærði hafi sagt honum, að báðir víxlarnir, sem hann ritaði á sem útgefandi, væru vegna kaupa hans á bifreiðinni R 15612.

Lagðir hafa verið fram í málinu þrír víxlar, útgefnir af ákærða og samþykktir af konu hans, en ábaktir af Guðlaugi Aðalsteinssyni, mági hans, einn útgefinn 15. febrúar 1968, með gjalddaga 15. marz sama ár, að fjárhæð kr. 8.000.00, annar útgefinn 15. marz sama ár, með gjalddaga 30. apríl sama ár, að fjárhæð kr. 5.500.00, og hinn þriðji útgefinn 30. apríl sama ár, með gjalddaga 31. maí sama ár, að fjárhæð kr. 3.000.00, allir til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands. Ákærði heldur, að víxlar þessir séu til framlengingar á víxli, sem hafi verið nokkru hærri en kr. 8.000.00 og gefinn út í sambandi við lán, sem þau hjónin fengu í greindum banka, líklega á árinu 1967, vegna almennra fjárhagsvandræða sinna.

Í ársbyrjun 1968 fengu ákærði og kona hans víxillán í Landsbanka Íslands, og var ákærði útgefandi víxilsins, en kona hans samþykkjandi. Lagður hefur verið fram í málinu slíkur víxill, útgefinn 30. janúar 1968, með gjalddaga 17. febrúar sama ár, að fjárhæð kr. 5.000.00, og heldur ákærði, að þetta sé frumvíxill

láns þessa. Víxillinn var síðan framlengdur nokkrum sinnum með nýjum víxlum og meðal annars með víxli, sem var útgefinn 18. maí og með gjalddaga 18. júní sama ár. Ákærði telur mjög líklegt, að lán þetta hafi kona hans tekið vegna heimilisþarfa, en í samráði við hann.

Árið 1968 fékk ákærði lán fyrir milligöngu Björns Óla Péturssonar framkvæmdastjóra, Lindarbraut 4, Seltjarnarnesi, að fjárhæð kr. 150.000.00, og var það tryggt með 4. veðrétti í Sækambi samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 24. apríl það ár. Lánið skyldi endurgreiðast á þremur árum með jöfnum árlegum afborgunum og í fyrsta sinn 25. apríl f. á. Ákærði kveður, að þetta hafi ekki verið okurlán og hafi hann tekið lánið vegna kaupanna á bifreiðinni R 15612.

Ákærði minnist þess ekki að hafa fengið fleiri eða frekari lán en að framan getur, og hann veit ekki til þess, að kona hans hafi nokkru sinni tekið lán ein og án samráðs við hann.

Síðan á árinu 1965 hefur iðulega verið gert fjárnám í húseign ákærða, Sækambi, og krafizt uppboðs á eigninni, eða eins og hér segir: Hinn 22. febrúar 1965 var fjárnám gert í eigninni fyrir viðgerðarkostnaði á bifreiðinni G 288, samtals að fjárhæð kr. 3.879.95, svo og fyrir skuld að upphæð kr. 26.200.00, sem ákærði heldur, að orðið hafi til vegna kaupa á þvottavél. Hinn 27. september 1967 var fjárnám gert í eigninni fyrir ógreiddum þinggjöldum 1966, kr. 5.837.00, og 16. október sama ár fyrir kr. 2.105.00, sem var skuld, til orðin vegna fatakaupa ákærða. Með bréfi, dags. 5. janúar 1968, beiddist Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis uppboðs á eigninni til lúkningar á 20 þúsund króna eftirstöðvum fyrrgreinds skuldabréfs að fjárhæð kr. 40.000.00, dags. 29. nóvember 1961. Uppboðsbeiðni þessi var afturkölluð í apríl sama ár, en með bréfi, dags. 19. desember sama ár, var fjárnám gert í eigninni fyrir ógreiddum þinggjöldum 1966 og 1967, samtals kr. 7.033.00. Hinn 30. september sama ár var fjárnám gert í eigninni fyrir kr. 1.500.00, sem ákærði heldur, að hafi verið tékkaskuld, og með bréfi, dags. 25. október sama ár, beiddist Landsbanki Íslands uppboðs á eigninni til lúkningar á skuld þessari. Hinn 3. sama mánaðar var fjárnám gert í eigninni fyrir kr. 4.085.00, en sú skuld var til orðin vegna kaupa ákærða á dekkjum undir bifreiðina R 15612, og með bréfi, dags. 23. sama mánaðar, beiddist Jón Ólafsson héraðsdómslögmaður uppboðs á eigninni til lúkningar á skuld þessari. Með bréfi, dags.

30. desember sama ár, beiddist Jón Grétar Sigurðsson héraðsdómslögmaður uppboðs á eigninni til lúkningar á fyrrgreindu skuldabréfi að fjárhæð kr. 375.000.00, dags. 1. nóvember 1967. Ákærða tókst lengi að fá frestað uppboði húseignarinnar með samningum við kröfuhafa og þá greiðslu skulda að einhverju leyti. Hinn 19 nóvember f. á. var eignin þó seld á nauðungaruppboði, og var boðið kr. 500.000.00. Uppboðsafsal var útgefið 3. desember f. á.

Hinn 14. nóvember 1964 opnaði ákærði tékkareikning nr. 8966 í Búnaðarbanka Íslands með innstæðu að upphæð kr. 75.000.00. Í lok þess árs nam innstæðan kr. 571.17, í árslok 1965 kr. 206.40, í árslok 1966 kr. 576.17, í árslok 1967 kr. 5.163.51, en 24. janúar 1968 var reikningnum lokað, eftir að ákærði hafði gefið út tékka, sem næg innstæða var eigi til fyrir. Hann gaf meðal annars út tékka, dagsettan 18. janúar 1968, til Seðlabanka Íslands að fjárhæð kr. 4.800.00. Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans greiddi ákærði þann dag tvo innstæðulausa tékka ásamt kostnaði, samtals kr. 7.886.00, en þeir höfðu verið gefnir út á fyrrnefndan reikning nr. 8966 og sendir bankanum síðan til innheimtu. Telur bankinn, að tékkinn að upphæð kr. 4.800.00 sé hluti af þeirri greiðslu, og er ákærði á sama máli.

Ákærði átti einnig fyrir mörgum árum tékkareikning í Verzlunarbanka Íslands h/f, en honum var lokað á árinu 1961. Enn fremur átti hann tékkareikning í útibúi Útvegsbanka Íslands við Laugaveg 105, þegar hann vann í Pípuverksmiðjunni h/f, en sá reikningur hefur ekki verið hreyfður síðan í marz 1963, og nam innstæða hans 6. ágúst f. á. kr. 24.14.

Samkvæmt skattframtölum ákærða síðan 1961 hafa tekjur hans svo og eignir og skuldir verið sem hér segir:

Ár:	Tekjur:	Eignir í árslok:	Skuldir:
1960	kr. 81.261.00		
1961	Ákærði telur ekki fram gjaldárið 1962.		
1962	kr. 91.419.00	kr. 85.000.00	kr. 97.000.00
1963	— 123.018.00	— 86.000.00	— 170.000.00
1964	— 237.263.00	— 148.200.00	— 242.000.00
1965	— 272.875.21	— 55.000.00	— 281.900.00
1966	— 342.066.68	— 55.000.00	— 269.228.00
1967	— 244.798.84	— 165.000.00	— 498.000.00

B.

a. Ákærði kveðst hafa árlega síðan 1963 sótt um atvinnuleyfi leigubifreiðarstjóra hér í borg, en ekki fengið það. Umsóknirnar hafi verið stílaðar til Bifreiðastjórafélagsins Frama.

Bergsteinn Guðjónsson, Bústaðavegi 77 hér í borg, sem hefur verið formaður Frama síðan 1951, kveður, að félagið sé stéttarfélag sjálfseignarbifreiðarstjóra í Reykjavík og nágrenni, sem aka allt að 8 farþega leigubifreiðum. Þeir, sem vilja sækja um atvinnuleyfi til aksturs leigubifreiðar til mannflutninga frá bifreiðastöð hér í borginni, senda umsóknir sínar til félagsins, og gildir hver umsókn til 1. október hins næsta á eftir dagsetningu hennar. Stjórn félagsins sendir umsóknirnar síðan þriggja manna úthlutunarnefnd ásamt tillögum sínum um þá, sem hún mælir með, að fái atvinnuleyfi. Bergsteinn kveðst hafa fundið í skjölum félagsins þrjár umsóknir frá ákærða, og hefur hann sýnt þær í dómi. Þær eru dagsettar 11. maí 1965, 15. nóvember 1967 og 25. október 1968. Hann kveður, að stjórn Frama hafi ekki lagt til við úthlutunarnefnd, að ákærði fengi atvinnuleyfi, og hafi aðrir umsækjendur staðið honum nær. Það fari eftir ýmsu, hver atvinnuleyfi fái, og ráði þar um meðal annars starfsaldur, fötlun, lömun, fjölskyldustærð og ýmislegt fleira. Bergsteinn segir, að umsækjendur um atvinnuleyfi reyni að hafa áhrif á stjórn Frama með viðtölum við hana. Ákærði hafi um tíma ekið bifreið í veikindaforföllum annars bifreiðarstjóra og þurft að fá leyfi til slíks aksturs framlengt mánaðarlega hjá honum og þá gjarnan rætt við hann um leið um möguleika á því að fá atvinnuleyfi, en ákærði hafi ekki sótt fastar á en ýmsir aðrir um að fá leyfi. Rannsóknarlögreglan hefur yfirheyrt nokkra stjórnarmenn Frama út af umsókn ákærða um að fá atvinnuleyfi.

Kristján Haukdal Þorgeirsson, Hraunbæ 80 hér í borg, var í stjórn félagsins árin 1965—1967. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir því, að ákærði ræddi við hann um atvinnuleyfi, en minnast þess, að það hafi verið rætt um það óformlega í samtölum stjórnarmanna, að ákærði væri barnmargur og mundi eiga í erfiðleikum, þannig að ef hann hefði möguleika á því að eignast bifreið, væri það vel athugandi að aðstoða hann með atvinnuleyfi. Hann kveðst ekki minnast þess að hafa heyrt talað um það meðal stjórnarmanna, að ákærði hefði sótt sérstaklega fast á um að fá atvinnuleyfi.

Jakob Björgvin Þorsteinsson, Giljalandi 20 hér í borg, var í stjórn Frama árin 1965 og 1966. Hann kveðst ekki muna sér-

staklega eftir því, hvort ákærði hafi sótt um atvinnuleyfi eða að rætt hafi verið sérstaklega um slíka umsókn frá honum í stjórn félagsins.

Einar Þórir Steindórsson, Álftamýri 56 hér í borg, var í stjórn Frama árið 1965. Hann kveðst hafa vitað um, að ákærði sótti um atvinnuleyfi, en hann hafi ekki haft nægilegan starfstíma til að fá það. Hann minnist þess ekki, að ákærði hafi rætt sérstaklega við hann um að fá leyfi, og hann kveðst ekki vita, hvort ákærði hafi sótt fast að fá það.

Narfi Hjartarson, Blönduhlíð 21 hér í borg, var í stjórn Frama árið 1966. Hann kveðst ekki minnast þess sérstaklega, að ákærði hafi rætt við hann um atvinnuleyfi, og hann kveðst ekki hafa vitað, hvort ákærði hafi sótt um slíkt leyfi.

Jón Hafliðason Vilhjálmsson, Ægissíðu 96 hér í borg, var í stjórn Frama árið 1966. Hann kveðst ekki minnast þess, að ákærði hafi sótt um atvinnuleyfi eða að samstjórnarmenn hans hafi minnzt á ákærða í sambandi við slíkt leyfi.

Þorvaldur Þorvaldsson, Langagerði 124 hér í borg, hefur verið í stjórn Frama síðan 1967. Hann kveðst hafa vitað um, að ákærði sótti um atvinnuleyfi, og hafi umsókn hans komið til umræðu eins og aðrar umsóknir, en honum hafi ekki verið veitt leyfi, þar eð hann hafi haft stuttan starfstíma sem bifreiðarstjóri og ekki haft neinar sérstakar ástæður. Hann kveður, að ákærði hafi aldrei talað við hann persónulega um atvinnuleyfi, og hann kveðst ekki hafa heyrt, að ákærði hafi gengið fast eftir því að fá leyfið.

Lárus Sigfússon, Sigluvogi 16 hér í borg, hefur verið í stjórn Frama síðan 1967. Hann kveðst hafa vitað um, að ákærði sótti um atvinnuleyfi, og hafi ákærði rætt um það mál við hann og Bergstein Guðjónsson. Hann kveðst ekki muna til þess, að ákærði hafi lagt meiri áherzlu á umsókn sína en aðrir umsækjendur.

Jón Þorbergur Jóhannesson, Nönnugötu 8 hér í borg, hefur verið í stjórn Frama síðan 1968. Hann kveðst ekki minnast þess, að ákærði hafi talað við hann um atvinnuleyfi, en tekur fram, að um viku áður en hann kom í stjórnina, hafi atvinnuleyfum verið úthlutað, en engum eftir það. Hann kveðst hafa vitað, að ákærði sótti um atvinnuleyfi, en honum hafi ekki verið kunnugt um, hvort hann lagði mikla áherzlu á að fá það.

b. Við fyrrgreinda húsleit á heimili ákærða 7. marz 1969 fannst meðal annars umsókn, dagsett 23. janúar 1969 og undir-

rituð af ákærða, þar sem hann sækir um innflytjendaleyfi til Ástralíu fyrir sig og Helga son sinn. Umsóknin er þannig, að útfyllt er þar til gert eyðublað á ensku.

Ákærði kveður, að á s.l. vetri hafi hann heyrt einhverja bifreiðarstjóra á Bæjarleiðum tala um að flytja búferlum til Ástralíu og einnig séð í dagblöðum, að hingað til lands væri kominn maður, sem veitti upplýsingar þeim, sem hefðu í hyggju að gerast innflytjendur til Ástralíu. Ákærði hafi fengið áhuga á því að grennslast fyrir um þetta mál og talað við mann þennan á Hótel Sögu. Hann hafi skýrt ákærða frá því, að atvinnumöguleikar væru slíkir í Ástralíu, að hann þyrfti ekki annað en að nefna það starf, sem hann vildi vinna þar, og fengi hann þá starfið. Maðurinn hafi afhent honum eyðublað fyrir innflytjendaumsókn og hann fyllt það síðan út, en aldrei skilað því. Sé þetta fyrrgreind umsókn, dagsett 23. janúar 1969. Ákærði segir, að ástæðan fyrir því, að hann hafi haft áhuga á að afla sér upplýsinga um kjör innflytjenda til Ástralíu, hafi verið sú, að þau hafi verið mjög gyllt, þannig að hann hafi getað búizt við því, að kjör hans yrðu betri þar en hér. Hann hafi þó aldrei skilað innflytjendaumsókn sinni og Helga sonar síns, vegna þess að kona hans og önnur börn þeirra hafi verið mótfallin því að flytjast til Ástralíu, enda hafi þau ekki kunnað enska tungu eins og hann. Hann segir, að það hafi aldrei komið til mála, að hann færi að flytja búferlum til Ástralíu, nema kona hans og börn færu með honum þangað.

c. Við húsleitina á heimili ákærða 7. marz 1969 fundust meðal annars skjöl, sem gáfu til kynna áhuga hans á dáleiðslu. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um það efni:

Ákærði kveðst í mörg ár hafa haft áhuga á dáleiðslu. Þessi áhugi hans hafi vaknað í sambandi við komu útlendings að nafni Valdosa hingað til lands, líklega í kringum árið 1945, en þá hafi hann sýnt dáleiðslu bæði í Gamla Bíói og á Hótel Borg. Hann kveðst hafa lesið mikið um dáleiðslu og aflað sér bóka um hana bæði hér á landi og erlendis frá. Hann kveðst hafa haft áhuga á dáleiðslu almennt, en ekki sérstaklega á sjálfsdáleiðslu. Hann hafi ekki verið í félagi með öðrum um þessi mál og ekki gert verklegar tilraunir til dáleiðslu. Hann hafi þó reynt að dáleiða sjálfan sig, en ekki tekizt það. Hann kveðst fyrir þó nokkuð löngu hafa séð auglýsingu á ensku í dagblaði hér um kennslu í dáleiðslu og að þeir, sem áhuga hefðu, skyldu senda svar til

afgreiðslu blaðsins. Hann hafi sinnt auglýsingunni og fengið svarbréf. Hann hafi ekki svarað því, en honum hafi tekizt að hafa upp á auglýsandanum, sem verið hafi maður að nafni Vilhjálmur Vilhjálmsson, og skýrt honum frá því, að hann hefði áhuga á dáleiðslu. Vilhjálmur hafi sagt, að áhugi fólks á því að læra dáleiðslu hefði verið minni en hann hefði búizt við og yrði hann að ná saman fleira fólki, áður en kennsla gæti hafizt, og einnig sagt, að því er ákærða minnir, að hann vantaði húsnæði fyrir starfsemina. Hafi Vilhjálmur sagzt mundu láta hann vita, þegar hann væri tilbúinn til að hefja kennsluna, en aldrei látið frá sér heyra og hafi þeir ekki hitzt aftur.

Vilhjálmur Hólmar Vilhjálmsson hljóðfæraleikari, Hraunbæ 162 hér í borg, skýrir frá því, að á árinu 1967 hafi hann sótt námskeið hjá Ethical Hypnosis Training Center Inc. í Chicago í Bandaríkjunum og lokið námskeiði þar í vísindalegri dáleiðslu. Er skírteini hans þar um dagsett 22. september 1967. Hann hafi síðan haldið heim til Íslands. Um eða laust eftir miðjan febrúar 1968 hafi hann birt auglýsingu á ensku í dagblaðinu Vísi og hafi hún efnislega verið á þá leið, að þeir, sem hefðu áhuga á dáleiðslu, skyldu tilkynna það bréflega til afgreiðslu blaðsins og tilgreina, hvers vegna þeir hefðu áhuga á því efni. Sjö aðiljar hafi svarað auglýsingunni og hafi ákærði verið einn þeirra. Vilhjálmur Hólmar kveður, að svarbréf ákærða sé nú glatað, en hann muni nokkuð eftir efni þess. Ákærði hafi skýrt þar frá því, að hann ætti mikið af bókum um dáleiðslu, en honum hefði aldrei tekizt sjálfsdáleiðsla. Hafi hann spurzt fyrir um það, hvort hann (Vilhjálmur Hólmar) gæti hjálpað honum í því efni. Hann kveðst hafa sent ákærða svarbréf einum til tveimur dögum síðar. Ákærði hafi ekki svarað þessu bréfi og hafi hann síðan ekkert heyrt frá honum þar til seinni hluta júní 1968, að ákærði hafi hitt hann að máli. Hafi ákærði sagzt hafa mikinn áhuga á dáleiðslu, og alveg sér í lagi á sjálfsdáleiðslu, og beðið hann um að koma heim til hans að Sækambi við tækifæri til að ræða við hann nánar um málið. Vilhjálmur Hólmar kveðst hafa sagzt mundu reyna að gera það, en það hafi þó aldrei orðið úr því, að hann færi heim til hans, og hafi hann ekki séð hann síðan. Hann tekur fram, að honum hafi fundizt undirtektir fólks undir dáleiðslu vera dræmar og því hafi hann hætt við öll dáleiðslumál, en hugmynd hans hafi verið að koma upp áhugamannaklúbbum um það efni.

Fyrrgreint svarbréf Vilhjálms Hólmars til ákærða fannst við áðurgreinda húsleit hjá honum. Bréfið er dagsett 21. febrúar 1968 og hljóðar svo:

„Til þess að leiðrétta allan misskilning í sambandi við auglýsingu mína í Vísi, er ég Íslendingur. Auglýsinguna hafði ég á ensku til þess að skera niður hugsanlegan fjölda bréfa og einnig vegna þess, að allar mínar kennslubækur eru á ensku.

Mér vitanlega er ég eini Íslendingurinn, sem útskrifazt hefur frá Ethical Hypnosis Training Center, og tilgangur minn er að ná saman takmörkuðum fjölda fólks, sem hefur áhuga fyrir þessu máttuga verkfæri hugans, sem á íslenzku hefur hlotið nafnið dáleiðsla.

Ætlun mín er að kenna þessum hóp að beita dáleiðslu bæði við sjálfa sig og aðra og einnig til þess að halda sjálfum mér í æfingu. Dáleiðsla þarf stöðugrar æfingar við, til þess að sá, sem hana notar, geti beitt henni til fullnustu. Hvað við kemur tímum og tilhögun á kennslu þessari, hefi ég enn ekki getað ákveðið neitt. Hentugt húsnæði hef ég ekki getað komizt yfir enn sem komið er. Þar sem þetta er byrjunar- og brautryðjandastarf, mun ég framkvæma þessa kennslu endurgjaldslaust, en allar bækur myndi viðkomandi verða að greiða.

Mér þætti vænt um að fá upplýsingar um aldur, stöðu og hvenær dagsins heppilegast yrði fyrir hvern og einn að sinna þessu áhugamáli sínu. Síðan mun ég samræma tímana samkvæmt því.

Síðast en ekki sízt þakka ég áhuga þinn fyrir þessu hingað til óþekkta fyrirbrigði hér á landi".

Ákærði hefur ekkert sérstakt haft að athuga við framburð Vilhjálms Hólmars og kveður, að tímaákvarðanir hans geti verið alveg réttar. Hann kveður þó, að það muni ekki vera rétt, að hann hafi í svarbréfi sínu til hans talað um sjálfsdáleiðslu, því að það hafi verið mjög stutt, en það sé rétt, að þegar hann hafi talað við hann, hafi hann (ákærði) sagzt hafa mjög mikinn áhuga á dáleiðslu, og alveg sér í lagi sjálfsdáleiðslu, og beðið hann um að koma heim til hans við tækifæri til að ræða við hann nánar um málið. Ákærði tekur fram, að með sjálfsdáleiðslu sé hægt að „slappa af" í um 10 mínútur og vakna aftur alveg óþreyttur.

Við áðurgreinda húsleit heima hjá ákærða fannst afrit af bréfi á ensku, þar sem segir meðal annars:

„Kindly send me your Amazing New Record, Teaching Self

HYPNOSIS, and if you have anything about Hypnosis other than the Record please let me know".

Enn fremur er ritað á skjal þetta meðal annars:

„Sent til Forum Records, studio KX 9, 333 N Michigan AVE., Chicago I, USA. 4/11 '67".

Ákærði hefur staðfest, að þetta sé afrit af bréfi, sem hann sendi þar greindu fyrirtæki 4. nóvember 1967. Hann kveðst ekki hafa fengið senda plötu þá, sem í bréfinu greinir. Hann kveðst ekki eiga neina hljómleikaplötu til dáleiðslu eða segulband og hafi hann aldrei átt slíka muni.

Ákærði samþykkti, að sakadómur fengi í vörzlur sínar bækur þær um dáleiðslu, sem hann hefði á heimili sínu. Hinn 7. ágúst f. á. fór Leifur Jónsson að Sækambi, og afhenti kona ákærða honum þá eftirtaldar bækur:

1. Powers, Melvin: Advanced Techniques of Hypnosis. London, 1956.
2. Bacon, Axel Wayne: Course in the Science of Hypnotism, Chicago, 1945.
3. Gindes, Bernard C.: New Consepts of Hypnosis. London, 1953.
4. Marcuse, F. L.: Hypnosis throughout the World. Springfield, U. S. A., 1964.
5. Chambers, Bradford: How to hypnotize. New York, 1959.
6. Dynamic Snap-Hypnosis. A Hypnomaster Course. U. S. A., 1956, 1959.
7. Self-Hypnosis. A. Hypnomaster Course. U. S. A., 1958—1959.

Ákærði kveðst hafa keypt allar þessar bækur nýjar og á mörgum árum. Hann heldur, að fyrstu bókina um dáleiðslu hafi hann keypt á árunum 1947 eða 1948 og hafi það verið bókin í 1. lið, sem hann hafi pantað beint frá útgefanda í Bandaríkjunum. Hann kveðst hafa keypt bækurnar í 2.—4. lið í Bókaverzlun Snæbjarnar Jónssonar, og hann minnir fastlega, að hann hafi einnig keypt bókina í 5. lið þar. Ritin í 6.—7. lið kveðst hann hafa pantað beint frá útgefanda í Bandaríkjunum.

d. Við húsleitina á heimili ákærða 7. marz f. á. fundust meðal annars margar kvikmyndaspólur. Rannsóknarlögreglumenn athuguðu spólur þessar og gerðu yfir þær skrá, sem er svohljóðandi:

„1.—8. Sirkusmyndir frá USSR í litum með tón.

9. Vores málari ————————————

10.—11. Ferðalag Íslendinga í USSR, með tón. S/h.

12. Teiknimynd frá U.S.A í lit með tón.

13. Mynd af Geysisgosi í litum, tónlaus.
14. Óátekin filma.
15. Mynd af ísl. hnefaleikamönnum, tónlaus.
16. Mynd frá Siglufirði. Ísl. S/H, tónlaus.
17. Af Sigurjóni á Álafossi, Keflavík.
18. Hnefaleikar. Ísl. S/H, tónlaus.
19. Hveragerði, Sundhöllin, (myndin öfug), lit, tónlaus.
20. Flugf. Catalína (myndin öfug), í lit, tónlaus.
21. Hver (myndin á hvolfi), í lit, tónlaus.
22. Richard Thors og fjölskylda, blómagarður, í lit, tónlaus.
23. Húsgr., sennilega Laugateigur, í lit, tónlaus.
24. Sund, G. Gíslason, Á.K.R., í lit (öfug), tónlaus.
25. Svanir á Tjörn, Tjarnarboðhlaup, í lit, tónlaus, slitin.
26. U. S. Defewser Amer. S/H, tal (slitin).
27. Litmynd frá Hamborg 1955 með tali.
28. 17. júní í Reykjavík, Sveinn Björnsson, S. J. S. o. fl.
29. Finsk. íþróttamenn, sundkonur í Hafnarf., í lit, tónlaus.
30. Mývatn, Námaskarð, í lit, tónlaus.
31. Sund (Ben Waage, Sigurjón Álafossi), Sundlaugar.
32. Skíðamynd (gölluð) í lit, tónlaus.
33. Akraneskirkja, handknattleikur, lit, tónlaus, slitin.
34. Landsleikur í handbolta, lit, tónlaus.
35. Kappreiðar, myndin erlend (öfug, tónlaus).
36. Vestfirðir, heyskapur, í lit, tónlaus (myndin öfug).
37. Stálsmiðja, S/H, tónlaus.
38. Dýragarður, selir, mörgæsir, í lit, tónlaus.
39. Laxadráp, í lit, tónlaus.
40. Landslagsmynd, tekin úr lofti, í lit, tónlaus (slitin).
41. Kaupmannahöfn, í lit, tónlaus (slitin).
42. Prentverk, í lit, tónlaus.
43. Sundkonur, í lit, tónlaus.
44. Fornmenjar, frá USSR 1953, í lit með tali.
45. Fornmenjar, frá USSR 1953, í lit með tali.
46. Berlín, Nató 1962, U.S.A., tal.
47. Þýzk fiml. mynd, S/H, tal.
48. Hnefaleikar, Halldór Björnsson og fl. S/H.
49. Grundarfjörður, Þingvellir, í lit, tónlaus.
50. Gamall maður með skektu, í lit.
51. Laxveiði, 2 menn, í lit.
52. Fugl, hreiður, grenitré, í lit.
53. Tekið úr lofti, Reykjavík, í lit.

54. Götuverzlun í London, í lit.
55. Grundarfjörður, Rafnseyri, í lit.
56. Landsleikur, Brim, í lit.
57. Millilandaflug með ísl. flugv., í lit.
58. Skíðamynd frá Austurríki, í lit, með tali.
59. Svört hvít filma frá spítala og fl., mjög gömul".

Ákærði kveðst hafa haft um margra ára skeið áhuga á kvikmyndum og sýningu þeirra í heimahúsum. Hann hafi þó aldrei tekið kvikmyndir sjálfur og aðeins átt eina sýningarvél kvikmynda, en selt hana árið 1968. Hann hafi fengið sýningarvélar lánaðar hjá Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna, áður en hann eignaðist vél þessa. Hann kveðst einnig oft hafa fengið kvikmyndir að láni hjá þessari stofnun svo og hjá þýzka sendiráðinu. Hann hafi átt sjálfur „eitthvað smávegis" af kvikmydum, sem hann hafi keypt hér í verzlunum. Hann gerir eftirfarandi grein fyrir þeim 59 kvikmyndaspólum, sem fundust heima hjá honum:

Myndirnar í 1.—11. og 44.—45. lið kveðst hann hafa fengið hjá þremur sjómönnum, þegar hann ók leigubifreið frá Steindóri, og hafi þeir greitt honum ökugjaldið héðan úr borginni til Grindavíkur og til baka aftur að hluta í reiðufé, en að hluta með þessum myndum, en þeir hafi sótt þær í hús eitt hér.

Myndina í 12. lið kveðst hann hafa keypt hjá nafngreindum manni fyrir mörgum árum.

Myndirnar í 13.—25., 28.—43. og í 48.—57. lið kveðst hann hafa hirt, þegar hafi átt að fleygja þeim á Hótel Borg. Hann segir, að eitt sinn hafi verið tekið til í svokallaðri teppageymslu á efsta lofti hótelsins, vegna þess að mölur hafði komizt í teppin. Þau og annað, sem var í geymslunni, hafi verið tekið þaðan út og hafi Jóhannes Jósefsson lagt svo fyrir, að farið skyldi með það allt vestur á öskuhauga og því fleygt þar. Í geymslunni hafi meðal annars verið fullur kassi af kvikmyndum, og kveðst ákærði hafa hirt kassann og innihald hans í stað þess að fleygja honum. Þetta hafi gerzt, mörgum árum áður en Jóhannes seldi hótelið.

Myndirnar í 26., 46. og 59. lið eru honum úr minni horfnar.

Myndirnar í 27., 47. og 58. lið kveðst hann hafa fengið að láni hjá þýzka sendiráðinu.

Brynhildur Sigurðardóttir kveðst ekki hafa vitað til þess, að Jóhannes Jósefsson ætti eða hefði átt kvikmyndavél, en hún hafi heyrt hann segja frá því, að hann hefði einhvern tíma átt íþróttakvikmyndir á spólum, sem hefðu horfið frá honum. Hann hafi ekkert frekar talað um það, hvaða myndir þetta hefðu verið eða

hvenær þær hefðu horfið frá honum. Brynhildur kveðst aldrei hafa séð kvikmyndir í fórum hans.

Samkvæmt upplýsingum frá sendiráði Vestur-Þýzkalands hér í borg fékk ákærði hinn 14. febrúar 1967 að láni hjá því kvikmyndirnar, sem getur í 27., 47. og 58. lið hér að framan, og hafa sendiráðinu verið afhentar þær myndir.

Kristján Ómar Kristjánsson, fyrrum framkvæmdastjóri Pípuverksmiðjunnar h/f, Kleppsvegi 42 hér í borg, kveður, að á meðan ákærði vann hjá fyrirtækinu, hafi horfið úr skrifstofuherbergi hans eða kaffistofu þar nokkrar kvikmyndir úr boxi og meðal annars rússneskar sirkusmyndir og mynd af ferðalagi Íslendinga í Moskvu. Hann minnir, að sirkusmyndirnar hafi verið eitthvað um 10 að tölu, en hann man ekki, hve margar myndirnar af ferðalagi Íslendinga voru. Hann segir, að það hafi ekki orðið upplýst, hver hafi tekið myndirnar, en hann hafi alltaf álitið, að sá, sem það gerði, hafi ekki brotizt inn í verksmiðjuna. Kristján Ómar hefur séð kvikmyndaspólurnar í 1.—11. lið hér að framan, og kveður hann, að þetta séu fyrrgreindar kvikmyndir, sem honum hurfu úr boxinu, og þekki hann áletranirnar á járnhulstrunum, sem spólurnar eru geymdar í.

Við samprófun ákærða og Kristjáns Ómars hefur ákærði haldið fast við fyrri framburð sinn um það, hvernig myndirnar í 1.—11. lið hér að framan hafi komizt í hendur hans. Hann bætir því við þann framburð sinn, að sjómennirnir þrír hafi ekki allir verið íslenzkir, heldur hafi einn þeirra verið færeyskur og hafi myndirnar verið sóttar heim til hans. Hann heldur, að Færeyingurinn heiti Kjartan Berg eða Kjartan Milson. Hann kveður, að eftir að Kristján Ómar saknaði kvikmyndanna, hafi hann farið með honum á staði, þar sem lánaðar voru út kvikmyndir, í því skyni að athuga, hvort þær hefðu verið seldar þar, svo og tilkynna um hvarf þeirra. Löngu síðar hafi sjómennirnir þrír afhent honum fyrrgreindar myndir og hafi hann þá ekki grunað, að þetta væru sömu myndirnar og Kristján Ómar hafði saknað, enda kveðst hann aldrei hafa séð þær. Kristján Ómar tekur fram út af þessum framburðum ákærða, að Færeyingur einn hafi um tíma unnið í Pípuverksmiðjunni h/f og hafi hann orðið uppvís að því að taka rafsuðuvél þar.

Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglunnar viðurkenndi Kjartan Milson Berg, fæddur 7. nóvember 1932 í Færeyjum, að hafa 2. október árið 1965 tekið og síðan selt rafsuðuvél úr Pípuverksmiðjunni h/f, þar sem hann hafði þá unnið í eina viku.

ð. Friðþjófur Karlsson, Miklubraut 56 hér í borg, kveðst hafa verið verkstjóri í Pípuverksmiðjunni h/f frá árinu 1956 og máske fram á árið 1961 og hafi ákærði unnið um skeið undir stjórn hans þar. Hann segist hafa búið um tíma á Laugavegi 126 í húsnæði, sem móðir ákærða hafi leigt honum. Hann kveðst hafa átt járnkross með hakakrossmerki á og fengið hann að gjöf kringum árið 1955 frá nafngreindum manni, sem stundað hafi nám í Þýzkalandi. Ákærði hafi séð krossinn hjá honum og fengið hann lánaðan, að því er hann heldur á árinu 1962. Hafi honum skilizt á ákærða, að hann ætlaði að lána leikfélagi krossinn. Ákærði hafi ekki skilað honum og þegar hann hafi innt ákærða eftir honum þó nokkuð löngu síðar, hafi hann ekki kannazt við að hafa fengið hann hjá honum. Friðþjófi hefur verið sýndur peningakassinn, sem fannst á heimili ákærða við húsleitina þar 7. marz f. á., svo og innihald kassans. Kveðst hann þá kannast við járnkrossinn, sem er í kassanum, og kveður, að þar sé kominn krossinn, sem hann hafi lánað ákærða.

Ákærði kveður, að það sé misminni hjá Friðþjófi, að hann hafi fengið járnkrossinn, sem er í peningakassanum, eða annan kross hjá honum, en hann minnist þess, að Friðþjófur sýndi honum einhvern tíma járnkross, þegar hann bjó á Laugavegi 126, og hafi sá kross verið svipaður krossinum í peningakassanum. Þann kross kveðst ákærði hafa fengið að gjöf nokkru eftir síðasta stríð. Gefandinn hafi verið pólskur Ameríkani, sem muni hafa verið staðsettur á Keflavíkurflugvelli, en dvalizt einhvern tíma á Hótel Borg. Fornafn hans hafi verið Nick og eftirnafn hans borið fram Rompatsakos. Hann hafi einnig gefið ákærða hring, sem hann hefur sýnt í dóminum.

Við samprófun ákærða og Friðþjófs hefur hinn síðarnefndi haldið fast við það, að hann hafi afhent ákærða járnkross, og sé það annað hvort krossinn, sem er í peningakassanum, eða þá alveg eins kross.

C.

Sigurður Sigurðsson, sem getið er í Đ lið í III. kafla hér að framan, vann á Hótel Borg frá árinu 1947 eða 1948, þar til þó nokkru eftir að Jóhannes Jósefsson seldi hótelið. Hann kveður, að ákærði hafi virzt hafa mikinn áhuga á kvenfólki og hafa gaman að því að taka utan um konurnar, sem unnu á hótelinu. Hann kveðst minnast þess, að stúlka ein, há vexti, rauðhærð og máske fyrrverandi flugfreyja, hafi spurt oft eftir ákærða á hótel-

inu. Ákærði hafi trúað honum fyrir því, að hann hefði átt vingott við stúlku þessa og að mjög væri gott að lifa með henni, eins og hann hafi komizt að orði.

Ákærði kveðst þekkja stúlku að nafni Guðlaug Kristjánsdóttir Skagfjörð og hafi hann kynnzt henni, þegar hún var flugfreyja, og hafi hún þá gjarnan komið á Hótel Borg. Upphaf kunningsskapar þeirra hafi verið það, að hann hafi beðið hana um að kaupa brúðu handa dætrum hans og hafi hún gert það. Eftir þetta hafi hún gifzt, fyrst erlendum hljómsveitarstjóra á Hótel Borg, síðan manni einum, sem unnið hafi um tíma í London, og þar næst hafi hún gifzt hinum þriðja manni og hafi þau búið í Nökkvavogi 25. Þau hafi einnig skilið og hafi hún þá gifzt í fjórða sinn einhverjum stýrimanni. Ákærði kveður, að þau Guðlaug hafi haldið kunningsskap sínum í mörg ár og hafi hann einkum heimsótt hana, þegar hún bjó með þriðja eiginmanni sínum í Nökkvavogi 25. Hann kveðst hafa stundum ekið henni í leigubifreið og lánað henni ökugjaldið, sem hún hafi þó ávallt greitt síðar. Seinustu árin hafi hún verið mjög óreglusöm, og orðar ákærði það svo, að hún sé forfallin kona vegna neyzlu áfengis og eiturlyfja. Hann segir, að hún sé ósannsögul og án þess að vita af því sjálf. Hann kveðst aldrei hafa haft holdleg mök við hana og kveðst ekki hafa viðhaft fyrrgreind orð, sem Sigurður Sigurðsson hefur eftir honum um það efni.

Carl Möller hljóðfæraleikari, Skúlagötu 54 hér í borg, skýrir frá því, að fyrir um 4—5 árum hafi hann kynnzt Guðlaugu Skagfjörð, sem þá hafi verið fráskilin, og fljótlega eftir það hafi hann flutt heim til hennar að Nökkvavogi 25 og búið með henni í um eitt ár. Þá hafi hann flutt frá henni og hún þá farið að búa með sjómanni að nafni Þórarinn Stefánsson, sem er nú eiginmaður hennar. Carl kveðst oft hafa heimsótt Guðlaugu, eftir að hann flutti frá henni og einnig eftir að hún giftist Þórarni, og hafi hún afhent honum lykil að íbúðinni í Nökkvavogi 25 til að auðvelda honum heimsóknir þangað. Seinustu mánuðina hafi Guðlaug búið að Álfheimum 30. Hann segir, að hún hafi verið mjög óreglusöm og neytt áfengis nær daglega og einnig hafi hann haft grun um, að hún neytti einhvers konar sterkari lyfja. Carl minnist þess, að laugardagskvöldið næsta á eftir að Gunnar Sigurður Tryggvason andaðist, var hann á dansleik hér í borginni og að honum loknum fór hann í Nökkvavog 25. Hann segir, að Guðlaug hafi ekki verið heima og hafi hann þá beðið eftir henni inni í íbúð hennar. Hún hafi svo komið nokkru seinna ein síns liðs og verið

eitthvað ölvuð og verið greinilega mjög hrædd. Hún kvaðst hafa verið í Klúbbnum og verið að aðstoða rannsóknarlögregluna við að hafa upp á morðingja bifreiðarstjórans og hefði hún átt að dansa við hina og þessa menn, sem lögreglan hefði bent henni á, til að vita, hvort þeir væru með byssu á sér. Carl kveðst hafa tekið þetta sem rugl hjá henni. Hún hafi sagt honum að slökkva öll ljós í íbúðinni og einnig hafi hún kíkt út um glugga íbúðarinnar og sagt honum, að maðurinn, sem hefði myrt bifreiðarstjórann, mundi koma heim til hennar í íbúðina, en hann (Carl) þyrfti ekkert að óttast, því að maðurinn mundi ekki gera honum neitt. Hann kveðst hafa spurt hana að því, hver það væri, sem hefði framið morðið, og hún þá sagt, að það væri frændi hennar, en engin nöfn nefnt, og kveðst Carl ekki hafa vitað, við hvern hún átti. Hann kveður, að hún hafi verið mjög hrædd í nær tvær klukkustundir, en þá hafi virzt sem ró færðist yfir hana og að hún yrði sannfærð um, að maðurinn, sem hefði myrt bifreiðarstjórann, kæmi ekki til hennar. Þá hafi hún fengizt til að fara að sofa. Carl kveðst hafa dvalið í íbúðinni hjá henni alla nóttina og hafi þá enginn komið í heimsókn til hennar. Næsta dag hafi hann farið að spyrja hana um það, sem hún hefði verið að segja um nóttina, en þá hafi hún neitað því að hafa sagt nokkuð og sagt, að hann hlyti að vera ruglaður. Hann kveðst hafa komið heim til hennar eftir hádegi og fyrir kvöldverðartíma fyrrgreindan laugardag til að fá lykla að íbúð hennar og hafi þá ekkert borið á hræðslu hjá henni og ekkert verið óvenjulegt við hana. Carl kveðst hafa komið nokkrum sinnum eftir þetta heim til Guðlaugar og þá hafi morðið borizt í tal, ýmist þannig að hann hafi vakið máls á því eða hún. Í þessum samtölum þeirra hafi verið eins og hún hafi ætlað að segja frá einhverju, en hætt svo við það, og hafi honum fundizt eins og hún byggi yfir einhverju, sem hún hefði hug á að tala um, en treysti sér ekki til þess, þegar til átti að taka. Hann getur ekki útskýrt þetta nánar, en segir, að hún hafi sagt viss orð, sem hann man nú ekki, hver voru. Hann tekur fram, að þegar hún hafi rætt um þessa hluti við hann, hafi hún oftast nær verið drukkin eða eitthvað annarleg og hafi hann ekki tekið mark á orðum hennar. Carl kveðst hafa fengið vitneskju um handtöku ákærða, lítið eitt áður en sagt var frá henni í blöðum og útvarpi, og farið sama dag heim til Guðlaugar í Álfheimum 30 og sagt henni frá því, að maður að nafni Sveinbjörn Gíslason hefði verið handtekinn í sambandi við þetta morð. Hún hafi þá orðið smáskrítin við. Hún

hafi verið við drykkju og fengið sér meira áfengi, eftir að hann hafði sagt henni þetta. Hún hafi sagt honum, að það gæti ekki verið, að ákærði hefði orðið valdur að bana bifreiðarstjórans, því að hann væri stálheiðarlegur maður og meira að segja hefði hann einu sinni sótt yngsta barn hennar alla leið til Ólafsfjarðar. Hún hafi beðið 11 ára dóttur sína um að hringja heim til ákærða og spyrja um, hvort hann væri heima, og þegar telpan kom aftur að vörmu spori, hafi hún sagt móður sinni, að ákærði hefði ekki verið heima og þar væri ekki vitað, hvenær hann kæmi. Hún hafi spurt telpuna að því, hver hefði komið í símann, og hún þá sagt, að það hefði verið einhver krakki. Carl kveðst hafa spurt Guðlaugu að því, hvernig hún þekkti ákærða, og minnir hann, að hún hafi þá sagt, að hún hefði kynnzt honum á Hótel Borg, um það leyti sem hún kynntist fyrsta eiginmanni sínum. Hafi hún sagt, að ákærði hefði hjálpað henni til að komast upp í hótelherbergi, sem fyrrgreindur maður hefði búið í, áður en þau giftust. Guðlaug hafi sagt dóttur sinni að segja henni frá því, hvernig þær hefðu þekkt ákærða. Telpan hafi þá sagt, að hann hefði ekið móður hennar og þeim krökkunum og gefið þeim gosdrykki og einnig hefði hann lánað móður þeirra peninga. Guðlaug hafi einnig sagt, að ákærði hefði komið oft heim til hennar í Nökkvavog 25, en ekki hafi verið talað um, hversu samband þeirra hefði verið náið.

Guðlaug Erla Skagfjörð frú, Stóragerði 26 hér í borg, skýrir frá því, að hún hafi verið gift fjórum sinnum, á árunum 1955—1957 manni að nafni Plasido Martin, sem hafi verið um skeið hljómsveitarstjóri á Hótel Borg, á árunum 1957—1959 manni að nafni Steindór Ingibergur Ólafsson, sem hafi verið um tíma starfsmaður Flugfélags Íslands í London, á árunum 1961 og líklega fram á árið 1967 manni að nafni Gústaf Þór Tryggvason og síðan í marz 1968 manni að nafni Þórarinn Stefánsson. Þá kveðst hún hafa búið með Carli Möller hljóðfæraleikara í Nökkvavogi 25 í tæpt ár á árinu 1967. Hún kveðst hafa kynnzt ákærða í febrúar 1955 á Hótel Borg og hafi það atvikazt þannig, að fyrrgreindur Plasido Martin hafi verið staddur í herbergi þar og hafi hún beðið ákærða um að hjálpa sér til að hitta hann í herberginu og ákærði hafi gert það. Hún kveðst hafa verið flugfreyja á árunum 1956 og 1957 og hafi hún þá eitt sinn keypt fyrir ákærða brúður handa dætrum hans. Kunningsskapur hennar og ákærða hafi síðan haldizt óslitið. Hann hafi oft komið heim til hennar og stundum hafi

hann ekið henni og börnum hennar í bifreið, sem hann hafi haft undir höndum. Hún kveðst aldrei hafa lánað honum peninga. Hún segir, að kunningsskapur þeirra hafi verið einlæg vinátta, en neitar því, að þau hafi haft holdleg mök saman. Hún kveðst hafa neytt áfengis í nokkuð ríkum mæli undanfarin ár, en hún neitar því að hafa nokkru sinni neytt einhverra sterkari lyfja. Hún kveðst hafa heyrt um dauða Gunnars Sigurðar Tryggvasonar í útvarpinu. Hún kveður, að um það leyti hafi Carl Möller komið oft heim til hennar í Nökkvavog 25, og telur hún fullvíst, að þau hafi rætt um bana bifreiðarstjórans, sem þá var mjög umtalað mál á meðal fólks. Hafi hún þá stundum verið undir áhrifum áfengis. Hún kveðst þó ekki muna eftir ákveðnum orðaskiptum þeirra um málið. Hún kveðst ekki hafa haft neina skoðun á málinu og enga sérstaka vitneskju til upplýsingar í því. Hún kveðst hafa fyrst heyrt það í útvarpinu eða lesið það í dagblaði, að ákærði hefði verið handtekinn í sambandi við dauða bifreiðarstjórans, og hún neitar því, að Carl Möller hafi fyrstur sagt henni frá handtökunni. Hún kveðst hafa talið það afar ólíklegt, að ákærði hefði orðið Gunnari Sigurði að bana eða verið viðriðinn þann verknað, og hafi hún sagt Carli það, þegar þau ræddu málið eftir handtöku ákærða. Hún kveðst ekki hafa trúað því, að ákærði hefði verið handtekinn vegna máls þessa, og hringt heim til hans í því skyni að komast að hinu rétta. Barn hafi komið í símann og sagt, að ákærði væri ekki heima. Carl hafi ekki verið staddur heima hjá henni, þegar hún hafi hringt heim til ákærða. Hún kveðst einnig hafa hringt til sakadóms eða rannsóknarlögreglunnar skömmu eftir þetta og verið þá undir áhrifum áfengis. Hafi hún talað við einhvern mann þar og sagt til nafns síns og sagt honum, að hún teldi, að ákærði væri saklaus. Hún kveðst ekki hafa þekkt Gunnar Sigurð og ekki vita til þess, að ákærði hafi þekkt hann eða muna til þess, að hann hafi nokkurn tíma minnzt á hann við hana eða að ákærði hafi talað við hana um dauða hans. Hún kveðst aldrei hafa heyrt ákærða tala um byssur og hafi henni verið ókunnugt um, að hann ætti byssu eða hefði slíkan hlut undir höndum. Hún kveður, að ákærði hafi ekki komið heim til hennar í Nökkvavog 25, um það leyti sem dauða Gunnars Sigurðar bar að höndum, en þó nokkrum sinnum eftir þann atburð, bæði í Nökkvavog 25 og í eitt skipti í Álfheima 30, en þangað flutti hún í október 1968. Hún kveðst ekki geta sagt nánar um, hve oft hann hafi komið heim til hennar á

þessum tíma. Hún segir, að í þessum heimsóknum hafi aldrei verið minnzt á dauða bifreiðarstjórans, og hún kveðst ekki hafa getað séð neina breytingu á ákærða eftir þann atburð.

Í tilefni af framburði Carls Möllers segir Guðlaug Erla, að það sé rétt, að hann hafi haft lykil að íbúðinni í Nökkvavogi 25, en að það sé rangt, að hún hafi neytt áfengis nær daglega og að hún hafi neytt einhverra sterkari lyfja en áfengis. Hún kveðst muna óljóst eftir því, að eitt sinn, þegar hún kom úr Klúbbnum heim til sín í Nökkvavog 25, hafi Carl verið staddur í íbúðinni. Hún hafi verið vel undir áhrifum áfengis og muni hún óljóst eftir hegðun sinni og orðaskiptum hennar og Carls í þetta skipti, en hún muni þó frekar eftir því, hvað hann sagði, að hún hefði sagt, og hvernig hún hefði hagað sér þá um nóttina. Hún segir, að ef það sé rétt, sem hann ber um orð hennar og hegðun í þetta skipti, hafi það verið hrein vitleysa eða bull hjá henni og hrein ímyndun. Hún tekur fram, að um kvöldið hafi hún hitt Hilmar Þorbjörnsson lögreglumann í Klúbbnum og hafi þau talazt við um daginn og veginn, en ekki minnzt á dauða bifreiðarstjórans. Hún kveðst hafa farið ein í Klúbbinn og farið heim þaðan í leigubifreið, sem hún náði í við bifreiðastæði Hreyfils á Sundlaugavegi. Hún kveðst engin deili hafa vitað á bifreiðarstjóranum og ekkert talað við hann utan hins óhjákvæmilega í sambandi við aksturinn. Sérstaklega aðspurð segir hún, að ákærði hafi áreiðanlega ekki ekið henni heim í þetta skipti. Hún segir, að Carl og hún hafði ræðzt síðar við um fyrrgreint mál, en út af framburði hans um það efni kveðst hún ekki vita, hvað það ætti að vera, sem hún hefði ætlað að segja honum frá, en hætt svo við það, eða yfir hverju hún hefði átt að byggja og haft hug á að tala um, en ekki treyst sér til að gera, þegar til átti að taka. Hún segir, að eftir að hún hafði frétt um handtöku ákærða, hafi hún og Carl talað saman um málið og hún látið þá í ljós við hann undrun sína á handtökunni og talið, að hann hefði ekki getað orðið valdur að bana bifreiðarstjórans eða verið við það mál riðinn. Hún segir, að það sé rétt, að Carl hafi verið staddur hjá henni í Álfheimum 30, þegar dóttir hennar hafi farið þaðan út til að hringja heim til ákærða, en Guðlaug Erla kveðst svo hafa í annað skipti og síðar hringt heim til ákærða og þá hafi Carl ekki verið í íbúðinni. Hún segir, að sími hafi ekki verið í Álfheimum 30.

Sverrir Einarsson dómfulltrúi minnist þess, að skömmu eftir að hann hafði úrskurðað ákærða í gæzluvarðhald, hringdi til hans stúlka, sem honum heyrðist vera þvoglumælt og einkennileg

í tali. Kvaðst hún vilja koma því á framfæri, að ákærði hefði ekki gert það, sem hann væri grunaður um að hafa framið. Sverrir kveðst hafa sagt henni, að hún skyldi koma þessu á framfæri við rannsóknarlögregluna, og síðan hafi hann sagt Leifi Jónssyni frá samtalinu. Leifur hafi getið sér þess til, að stúlkan hefði verið Guðlaug Skagfjörð.

Fyrrnefndur Hilmar Þorbjörnsson dvelur nú vestan hafs, og hefur hann eigi verið yfirheyrður.

Í fyrrgreindum peningakassa ákærða, sem fannst að Sækambi við húsleitina 7. marz f. á., var brotin og þvæld ljósmynd af stúlku, og á bakhlið myndarinnar var stimpill ljósmyndastofu Jóns K. Sæmundssonar hér í borg. Ljósmyndari þessi hefur gefið þær upplýsingar, að hann hafi tekið myndina í apríl 1955 og sé hún af Guðlaugu Skagfjörð, þá til heimilis í Barmahlíð 15 hér í borg.

Ákærða hefur verið sýnd þessi ljósmynd, og kveður hann, að hún sé af fyrrgreindri Guðlaugu Skagfjörð. Segir hann, að hún hafi gefið honum myndina fyrir mörgum árum og hafi myndin þá verið jafnbrotin og þvæld, eins og hún er nú.

Rannsóknarlögreglumennirnir Njörður Snæhólm, Leifur Jónsson og Gísli Guðmundsson hafa athugað dagbækur Bifreiðastöðvarinnar Hreyfils yfir allt árið 1967 og dagana frá 1. til 19. janúar 1968 í því skyni að kanna, hvort Gunnar Sigurður Tryggvason hefði á því tímabili verið bókaður í ökuferð heim til Guðlaugar Skagfjörð, en á þeim tíma var hún búsett fyrst í Nökkvavogi 25, en síðan í Álfheimum 30, eins og fyrr segir. Farið var yfir 156 dagbækur, en hver þeirra er 238 bls., og eru 12 ferðir bókaðar á hverri síðu. Var því farið yfir samtals 37.128 bls. og 445.536 ferðir. Í eitt skipti var Gunnar Sigurður bókaður í ferð að heimili Guðlaugar, og var það 2. janúar 1968 að Álfheimum 30. Það er ekkert nafn skráð við ferð þessa, og er því ekki unnt að sjá af bókuninni, hver hefur pantað bifreiðina. Húsið Álfheimar 30 er fjórar hæðir og tvær íbúðir á hverri hæð. Rannsóknarlögreglumennirnir hafa því talið það vera of fjarlægt að reyna að grennslast fyrir um það í húsinu, hver hafi pantað bifreiðina í þetta skipti, þar sem svo langt er um liðið (17. janúar 1970).

D.

Ákærði kveðst aldrei hafa átt viðskipti eða samskipti við Gunnar Sigurð Tryggvason eða hitt hann eða talað við hann, en þó þekkt hann í sjón. Hann kveðst ekki hafa séð hann oft, en

séð honum bregða fyrir nokkrum sinnum í leigubifreið sinni eða fyrir utan hana og það hafi komið fyrir, að hann hafi séð hann fara í Hafnarbíó kl. 1700, á meðan hann beið fyrir utan Nóa á Barónsstíg eftir Rögnu dóttur sinni að loknum vinnudegi hennar. Hann kveðst ekki hafa vitað um nafn Gunnars Sigurðar, fyrr en eftir að kunngert hafði verið opinberlega nafn þess manns, sem fannst látinn í leigubifreið sinni að morgni 18. janúar 1968, og hann heyrði lýsingu á þeim manni. Ákærði kveðst aldrei hafa komið í húsið nr. 8 við Kambsveg hér í borg. Hann kveðst aldrei hafa heyrt nokkurn minnast á Gunnar Sigurð í lifanda lífi.

Fyrrgreindur Kristján Ómar Kristjánsson kveðst ekki vita til þess, að ákærði hafi þekkt Gunnar Sigurð eða átt einhver samskipti við hann. Hann segir, að ákærði og hann hafi rætt nokkuð oft saman um dauða Gunnars Sigurðar og hafi hann ekki getað séð nokkra breytingu á ákærða, þegar þeir ræddu um þann atburð. Hann minnist þess, að ákærði lét orð falla um, að rannsóknarlögreglumennirnir væru þess ekki umkomnir að upplýsa málið og finna hinn seka, en tók jafnframt fram, að morðinginn þyrfti að finnast. Ákærði minnist þess, að þeir Kristján Ómar ræddu um morðið á Gunnari Sigurði, en hann man ekki einstök orðaskipti þeirra við þau tækifæri.

Fyrrgreindur Gísli Álfgeirsson minnist þess, að einhverju sinni eftir dauða Gunnars Sigurðar hafi hann verið ásamt ákærða og máske einhverjum fleiri í bifreið Jóhannesar Ingvarssonar á stæði við Réttarholtsveg og hafi þá talið borizt að nefndum dauðdaga. Ákærði hafi þá sagt: „Þeir finna hann aldrei“, og átt þá við hinn seka. Ákærði kveðst ekki muna eftir þessu atviki.

Umfangsmikil rannsókn lögreglu hefur farið fram í því skyni að upplýsa, hvort ákærði og Gunnar Sigurður hafi þekkzt eða haft einhver samskipti saman.

Fyrrgreindir þrír menn, Sigurður Helgason, Kristinn Jóhann Björgvin Helgason og Árni Haraldsson, svo og tveir vinir ákærða í mörg ár, þeir Meyvant Meyvantsson bifreiðarstjóri, Reynimel 92, og Sverrir Guðmundur Meyvantsson bifreiðarstjóri, Kvisthaga 6, báðir hér í borg, hafa allir borið, að þeir viti ekki til þess, að ákærði hafi þekkt Gunnar Sigurð.

Gunnar Gils Jónsson, Mávahlíð 13 hér í borg, kveðst hafa unnið hjá Agli Skallagrímssyni h/f bæði árin, sem Gunnar Sigurður vann þar. Fyrra árið hafi Gunnar Sigurður verið aðstoðarmaður hans við akstur á öli út um borgina, meðal annars á Hótel Borg, og hafi 2—3 aðrar bifreiðar verið notaðar til þessa starfs.

Gunnar Gils kveðst ekki muna eftir ákærða á þessum tíma og ekki vita til þess, að Gunnar Sigurður hafi þekkt hann. Valdimar Helgi Eiríksson bifreiðarstjóri, Kvisthaga 15 hér í borg, vann einnig um tíma hjá Agli Skallagrímssyni h/f. Hann kveður, að þeir Gunnar Sigurður hafi nokkrum sinnum ekið öli á Hótel Borg, og minnist hann þess ekki, að ákærði hafi nokkru sinni tekið á móti því eða að hafa séð hann í þau skipti.

Viðar Gestsson pípulagningameistari, Kleppsvegi 102 hér í borg, kveðst hafa þekkt ákærða, síðan þeir unnu saman á Hótel Borg á árunum um 1948—1949. Hann kveðst ekki vita til þess, að ákærði og Gunnar Sigurður hafi þekkzt, en ákærði hljóti þó að hafa þekkt hann í sjón. Því til styrktar segir hann, að mjög stuttu eftir að Gunnar Sigurður fannst látinn, hafi ákærði komið heim til hans og hafi þá nefndur dauðdagi borizt í tal á milli þeirra, en hann man ekki, hvor þeirra hóf máls á því efni, og hafi ákærði þá lýst Gunnari Sigurði sem feitum og fyrirferðarmiklum manni, eða með orðum sömu merkingar. Hann man ekki einstök orðaskipti hans og ákærða um þetta mál, og hann minnist þess ekki að hafa orðið var við einhverja breytingu á ákærða við þetta tækifæri eða síðar. Í tilefni af þessum framburði Viðars tekur ákærði fram, að hann hafi mjög oft drukkið kaffi heima hjá Viðari, eftir að hann fór að aka leigubifreið hjá Bæjarleiðum, og geti framburður Viðars verið alveg réttur, en hann muni ekki eftir einstökum orðaskiptum þeirra um þetta efni.

Rannsóknarlögreglan hefur yfirheyrt

a) 13 starfsmenn, karla og konur, sem unnu margvísleg störf á Hótel Borg samtímis ákærða,

b) 79 bifreiðarstjóra, afgreiðslumenn svo og framkvæmdastjóra Bifreiðastöðvar Steindórs, sem unnu þar samtímis ákærða, svo og

c) 136 bifreiðarstjóra, afgreiðslufólk svo og stöðvarstjóra Bæjarleiða, sem unnu þar samtímis ákærða, og veit enginn þeirra til þess, að ákærði hafi þekkt Gunnar Sigurð eða að þeir hafi átt einhver samskipti saman.

Búnaðarbanki Íslands hefur látið sakadómi í té ljósrit af þeim 83 tékkum, sem ákærði gaf út á fyrrgreindan reikning sinn nr. 8966 í þeim banka. Enginn af tékkum þessum er gefinn út til handa Gunnari Sigurði Tryggvasyni eða framseldur af honum. Útvegsbanki Íslands hefur látið sakadómi í té ljósrit af þeim 30 tékkum, sem Gunnar Sigurður gaf út á fyrrgreindan reikning sinn nr. 3139 í nefndum banka, og er seinasti tékkinn dagsettur 12. janúar 1968 og gefinn út til handhafa, að fjárhæð kr. 3.000.00.

Enginn af tékkum þessum er gefinn út til handa ákærða eða framseldur af honum.

Þ.

Að undangengnum úrskurði, uppkveðnum 28. júlí f. á., var Þórði Möller, yfirlækni á Kleppsspítalanum hér í borg, falið með bréfi, dags. 26. ágúst f. á., að rannsaka geðheilbrigði og sakhæfi ákærða.

Með bréfi, dags. 20. desember f. á., sendi yfirlæknirinn dóminum skýrslu, dags. sama dag, um rannsókn sína, og er niðurstaða yfirlæknisins þessi:

„Álit mitt er því: Sveinbjörn Gíslason, bifreiðarstjóri, er hvorki fáviti, geðveikur né heldur geðvilltur maður í venjulegri merkingu þess orðs, heldur meðalgefinn maður, yfirborðslegur og kærulaus, sennilega óþroskaður af ábyrgðartilfinningu og óreiðumaður, einkanlega í peningamálum. Hann er við núverandi aðstæður mjög varkár, gefur mjög takmarkaðar upplýsingar um sjálfan sig og er greinilega í varnarstöðu, sem álykta má bæði af því og eins ýmsum atriðum, sem koma fram í sálfræðiprófinu. Engar líkur verða leiddar af þessu að því, hvort hér sé um að ræða varnir gætins manns eða að sektarvitund sé undir niðri.

Ekkert bendir til þess, að Sveinbjörn sé annað en fyllilega sakhæfur í þessu máli, ef hann er við það riðinn á annað borð, á annan veg eða frekar en hann hefur þegar játað".

VIII. kafli.

Þórður Björnsson yfirsakadómari hafði með höndum dómsrannsókn í máli þessu. Eftir útgáfu ákæru 22. september 1969 hafa þrír dómarar farið með málið samkvæmt 3. ml. 5. gr. laga nr. 82/1961, Þórður Björnsson sem dómsformaður og sakadómararnir Gunnlaugur Briem og Halldór Þorbjörnsson.

Dómsformaður tók upphaflega saman atvikalýsingu dóms þessa, og eru dómendur allir sammála um hana, eins og hún er rakin í köflum I—VII hér að framan.

Dómararnir Gunnlaugur Briem og Halldór Þorbjörnsson eru sammála um eftirfarandi niðurstöður og dómsorð.

a) *Ákæra fyrir brot gegn 211. gr. eða til vara gegn 211., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.*

Gunnar Sigurður Tryggvason var skotinn til bana í bifreið sinni á Laugalæk hér í borg aðfaranótt fimmtudagsins 18. janúar 1968. Þegar litið er til framburðar vitna, bæði um það, hvenær

síðast spurðist til ferða Gunnars Sigurðar um nóttina, og um það, hvenær menn urðu varir við bifreið hans á Laugalæk um morguninn, og hliðsjón jafnframt höfð að stöðu gjaldmælis í bifreið hans, sem enn var í gangi um morguninn, er Gunnar Sigurður fannst örendur, má telja víst, að dauða hans hafi borið að höndum á tímabilinu frá því klukkan nokkuð yfir fimm og þar til kl. nokkru fyrir sex um nóttina. Er ekki ólíklegt, að það hafi verið nærri miðju þessa tímaskeiðs.

Gunnar Sigurður beið bana af skoti, sem hleypt hefur verið í hnakka honum og telja verður, að komið hafi úr skothylki, sem fannst á gólfi bifreiðarinnar. Af rannsókn alríkislögreglunnar í Bandaríkjunum, sem lýst hefur verið, þykir sannað, að skoti þessu hafi verið hleypt úr Smith & Wesson skammbyssu þeirri, sem fannst í bifreið ákærða, R 15612, hinn 6. marz 1969. Engin ummerki í bifreiðinni bentu til þess, að þar hefðu neins konar átök orðið, áður en skotinu var hleypt af. Af öllum aðstæðum má ráða, að það hafi verið gert að Gunnari Sigurði óviðbúnum og að ekki hafi verið um voðaskot að ræða, heldur hafi Gunnar Sigurður verið ráðinn af dögum af ásetningi.

Skammbyssa sú, sem hér er um að ræða, var eign Jóhannesar Jósefssonar og hafði horfið úr vörzlum hans árið 1965. Frá því rannsókn sú hófst, sem beindist að ákærða Sveinbirni sem grunuðum, eða í marz 1969, og allt fram til 28. júní 1969, neitaði ákærði því með öllu, að hann hefði tekið byssuna frá Jóhannesi, heldur hefði hann fundið hana í bifreið sinni rétt eftir miðjan janúar 1969 og væri sér ókunnugt um, hvernig hún hefði þangað komizt. Hinn 28. júní breytti hann framburði sínum og kannaðist nú við, að hann hefði tekið byssuna heima hjá Jóhannesi árið 1965. Hins vegar neitaði hann enn, að hann hefði haft vörzlur hennar í janúar 1968. Hefði hann, líklega vorið 1966, tekið byssuna með sér til þess að sýna hana vinnufélaga sínum og gleymt henni í mælaborðshólfi bifreiðarinnar R 1402, er hann skilaði henni til geymslu að lokinni vinnu um kvöldið, en næsta dag hefði hann orðið var við, að byssan var horfin. Eftir það hefði hann ekkert til hennar spurt, fyrr en hún hefði komið í ljós í bifreiðinni R 15612 í janúar 1969. Hefur ákærði síðan haldið fast við þennan framburð um feril byssunnar og umráð sín yfir henni.

Þegar byssan kom í ljós í marz 1969, var hún samkvæmt vætti Magnúsar Helgasonar og Snæbjörns Magnússonar fullhlaðin 7 skotum af gerðinni Smith & Wesson, cal. 35, og báru skotin stafinn U í miðri hvellhettu. Eitt slíkt skot fannst í læstum pen-

ingakassa við leit á heimili ákærða, án þess að hann hafi gefið skýringu á því, hvernig það hafi þangað komizt eða hvaðan. Á heimili Jóhannesar Jósefssonar reyndust í febrúar 1968 vera til um 140 skot af þessu tagi. Við rannsókn málsins kom í ljós, að ákærði hafði á lyklakippu sinni útidyralykil að húsi Jóhannesar Jósefssonar. Ekki hefur hann getað skýrt, hvernig á því standi.

Á hvellhettu skothylkis þess, sem fannst í bifreið Gunnars Sigurðar Tryggvasonar, var pinnafar í miðju, en annað pinnafar utan á hvellhettunni. Á fjórum af skotum þeim, sem voru í byssunni, er hún fannst í bifreið ákærða, voru einnig pinnaför utan við miðju á hvellhettunni. Lítur út fyrir, að reynt hafi verið að skjóta skotum þessum úr annarri byssu, en skotið ekki sprungið. Grunur leikur á, að hér hafi verið um að ræða byssu af Mauser gerð, sem ákærði átti og seldi vinnufélaga sínum árið 1966, en rannsókn hefur þó eigi sannað, að það sé sú byssa, sem reynt hefur verið að skjóta skotunum úr.

Skot af gerðinni S&W 35 með bókstafnum U í miðri hvellhettu hafa ekki verið framleidd eftir árið 1925. Við rannsókn málsins komu skot af þessari gerð í ljós á tveimur stöðum hér í borginni auk þeirra, sem áður var lýst, þ. e. í verzluninni Goðaborg, þar sem reyndust vera tveir pakkar með slíkum skotum, og hjá Bjarna Þór Guðmundssyni, sem hafði undir höndum 37 skot. Ekki hefur tekizt að rekja slóð þessara skota.

Framburður ákærða um það, að byssan hafi horfið úr bifreiðinni R 1402 árið 1966 og að hún hafi komizt aftur í vörzlur hans í janúar 1969, er allur með hinum mestu ólíkindum. Vaknar sterkur grunur um, að framburður þessi sé rangur og hafi margnefnd byssa verið í vörzlum ákærða eða á hans vegum, er Gunnar Sigurður var ráðinn af dögum. Hafi ákærði annað hvort unnið verkið sjálfur eða einhver annar með vilja hans eða vitund. Verða nú tilgreind fleiri atriði, er styrkja þann grun:

Samkvæmt frásögn ákærða liðu 5—7 vikur, frá því hann fann byssuna í bifreiðinni R 15612 og þar til hann missti vörzlur bifreiðarinnar, og byssan kom þar í ljós. Ákærði skilaði lögreglu ekki byssunni né tilkynnti um hana. Á þessu tímabili hitti ákærði að máli lögreglumennina Lárus Salómonsson og Njörð Snæhólm, en lét byssunnar þó ekki getið við þá. Ákærði kannast við það, að það hafi hvarflað að sér, að hér væri komin byssa sú, sem Gunnar Sigurður Tryggvason var skotinn til bana með. Ákærði hefur engar sennilegar skýringar getað gefið á því, hvers vegna hann lét undir höfuð leggjast að skila byssunni eða tilkynna

um hana. Fyrst bar hann því við, að hann hefði gert ráð fyrir, að sá, sem skilið hefði byssuna eftir, mundi spyrja eftir henni. Síðar hefur ákærði sagt, að hann hafi ekki tilkynnt fund byssunnar af ótta við, að hann yrði þá bendlaður við dauða Gunnars Sigurðar Tryggvasonar.

Sá framburður ákærða, að hann hafi gleymt byssunni í bifreiðinni árið 1966, er hann telur hana hafa horfið, þykir mjög tortryggilegur, og rannsókn hefur ekkert leitt í ljós til styrktar því, að hún kunni að hafa verið tekin úr geymsluhólfi bifreiðarinnar, eins og ákærði vill vera láta.

Ákærði telur sig hafa fundið byssuna undir framsæti bifreiðar sinnar, er hann var að ræsta hana. Af athugunum, sem gerðar hafa verið, er sennilegt, að byssa, sem komið væri fyrir undir framsæti bifreiðarinnar, mundi fljótlega færast til við akstur og koma í ljós út undan sætinu.

Viðbrögð ákærða og orð þau, sem hann lét sér um munn fara, eftir að byssan gekk honum úr greipum 6. marz 1969 og eftir að hann hafði verið handtekinn næsta dag, benda fremur til sektar ákærða en sakleysis.

Enn má geta þess, að framburður ákærða um ýmis önnur atriði, sem fram hafa komið í rannsókninni, svo sem það, hvernig hann sé kominn að kvikmyndaspólum, er fundust í vörzlum hans, er í meira lagi vafasamur. Bendir þetta ásamt fleiru til þess, að valt sé að treysta framburði ákærða.

Á hinn bóginn verður að líta til atriða, er draga úr líkum að því, að ákærði hafi orðið Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana.

Ákærði telur sig hafa verið heima hjá sér alla aðfaranótt 18. janúar 1968. Hafi hann komið heim upp úr miðnætti og farið á fætur á venjulegum tíma um morguninn og ekið dóttur sinni til vinnu laust fyrir kl. hálf átta. Er þessi framburður studdur vætti konu ákærða og dóttur. Sönnur hafa raunar ekki verið færðar á það, að ákærði hafi verið heima hjá sér á þeim tíma, er Gunnar Sigurður var skotinn til bana. Hins vegar hefur ekkert komið fram, er bendi til þess, að hann hafi þá verið utan heimilis síns. Hefur þó farið fram mjög víðtæk rannsókn til könnunar á þessu. Enginn þeirra fjölmörgu, sem skýrsla hefur verið tekin af, kveðst þó hafa orðið var við ákærða á ferli umrædda nótt. Enginn þeirra, er hittu ákærða að máli að morgni 18. janúar 1968 eða áttu tal við hann næstu daga á eftir, telur sig hafa orðið varan við neitt óeðlilegt í fari hans.

Ekkert hefur komið fram þrátt fyrir rækilega könnun, sem

bendir til þess, að neins konar kynni eða tengsl hafi verið milli ákærða og Gunnars Sigurðar Tryggvasonar. Er ekki hægt að leiða neinar sennilegar getur að því, hvað ákærða ætti að hafa gengið til að svipta Gunnar Sigurð lífi. Gunnar Sigurður var maður friðsamur og óáleitinn, var vel látinn af þeim, sem kynni höfðu af honum, og átti sér ekki, svo vitað væri, neinn óvildarmann. Af gögnum þeim, sem fyrir liggja um Gunnar Sigurð og persónulega hagi hans, er ekki hægt að gera sér grein fyrir, hvaða hvatir hafi stýrt hendi banamanns hans, hver svo sem hann hefur verið.

Þegar metin eru í heild atriði þau, sem nú hafa verið talin, verður að vísu að telja, að verulegar líkur hafi verið leiddar að því, að ákærði hafi orðið Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana, en þó varhugavert að telja í refsimáli, að það sé sannað með fullnægjandi hætti.

Kemur þá til úrlausnar varakrafa ákæruvalds um refsiábyrgð á hendur ákærða fyrir hlutdeild í broti gegn 211. gr. almennra hegningarlaga.

Áður var frá því greint, að frásögn ákærða um hvarf byssunnar og endurfund hennar væri mjög fjarstæðukennd. Kæmi til greina að hafna henni með öllu og álykta, að ákærði hefði haft umráð byssunnar á þeim tíma, er morðið var framið. Hefði það þá, ef ákærði framdi það ekki sjálfur, verið unnið af einhverjum öðrum, sem fengið hefði skotvopnið hjá ákærða. En þótt ályktað væri á þessa leið, yrði ákærða ekki refsað, nema sannað þætti, að huglæg refsiskilyrði væru fyrir hendi, þ. e. að hann hefði látið byssuna í té, til þess að hún yrði notuð í þessu skyni, eða að hann hefði að minnsta kosti vitað eða mátt búast við, að svo yrði. Um þessi atriði er hins vegar allt á huldu, og verður ekkert um þau fullyrt. Þykir ákærði því ekki verða sakfelldur fyrir hlutdeild í því, að Gunnar Sigurður Tryggvason var sviptur lífi.

Ákærði verður þannig sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga og af ákæru um hlutdeild í slíku broti.

b) *Ákæra fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.*

Ákærði tók árið 1965 skammbyssu með leynd á heimili Jóhannesar Jósefssonar og sló eign sinni á hana í auðgunarskyni. Er hér um að ræða verknað, sem refsing er við lögð í 244. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 2. mgr. 256. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 69/1964, skal ekki höfða opinbert mál út af þjófnaðarbroti, ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 3.000 kr.

og engin sérstök atvik auka saknæmi þess, og sökunautur hefur ekki áður gerzt sekur um auðgunarbrot, nema sá krefjist þess, sem misgert var við. Ákærði hafði ekki fyrr reynzt sekur um auðgunarbrot. Um verðmæti skotvopns þess, sem ákærði tók, er nokkur vafi, en í bandarískum verðlista (Shooters Bible) frá 1964 er verð byssu af þessu tagi talið 30 Bandaríkjadollarar, þ. e. um 1.300 kr. íslenzkar, miðað við skráð gengi árið 1965. Þegar þessa er gætt, þykir, þótt hafðar séu í huga gildandi reglur um tolla á skotvopnum, ósannað, að verðmæti byssunnar hafi farið fram úr 3.000.00 kr. Engin sérstök atriði í framkvæmd þessa brots þykja auka á refsinæmi þess. Krafa um málshöfðun út af byssustuldinum kom ekki fram. Ber þannig að vísa þessu ákæruatriði frá dómi.

c) *Ákæra fyrir brot gegn reglugerð nr. 105/1936.*

Með því að hafa skotvopn í fórum sínum án tilskilins leyfis hefur ákærði brotið gegn 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sem sett er með heimild í lögum nr. 69/1936. Hefur ákærði með broti þessu unnið samkvæmt 3. gr. laga nr. 69/1936, sbr. lög nr. 14/1948, til refsingar, er ákveðin verður 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sekt þessa telst ákærði hafa þegar afplánað að fullu með 10 dögum af gæzluvarðhaldsvist sinni.

Þar sem ákærði er einungis sakfelldur fyrir smávægilegan þátt ákærunnar, þykir rétt að ákveða, að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, er ákveðin eru kr. 120.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Gíslason, skal vera sýkn af ákærum fyrir brot gegn 211. gr. og fyrir brot gegn 211., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæru fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga er vísað frá dómi.

Ákærði sæti fyrir brot gegn 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sektin telst þegar afplánuð með 10 dögum af gæzluvarðhaldsvist ákærða.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000.00.

Sératkvæði

dómsformanns Þórðar Björnssonar.

Ég tel, að VIII. kafli í forsendum dómsins svo og dómsorð ætti að vera þannig:

VIII. kafli.

Þórður Björnsson yfirsakadómari hafði með höndum dómsrannsókn í máli þessu. Eftir útgáfu ákæru 22. september 1969 hafa þrír dómarar farið með málið samkvæmt 5. gr., 3. mgr., laga nr. 82/1961, Þórður Björnsson sem dómsformaður og sakadómararnir Gunnlaugur Briem og Halldór Þorbjörnsson.

Munnlegur flutningur málsins fór fram dagana 19. og 20. janúar s.l. Af hálfu ákæruvaldsins sótti málið Hallvarður Einvarðsson, aðalfulltrúi saksóknara ríkisins. Gerði hann þær kröfur í málinu, að ákærði verði dæmdur til þyngstu refsingar að lögum og til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg saksóknarlaun ríkissjóði til handa.

Réttargæzlumaður ákærða og verjandi hans í málinu, Björn Sveinbjörnsson hæstaréttarlögmaður, gerði þær dómkröfur aðallega, að ákærði verði sýknaður af öllum ákærum ákæruvaldsins, en til vara, að hann verði dæmdur til lágmarksrefsingar fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 3. gr., sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 69/1936. Þá gerði hann kröfu til, að allur kostnaður málsins, þar á meðal hæfileg málsvarnarlaun honum til handa, verði greiddur úr ríkissjóði.

A.

Verður nú tekið til athugunar, hvort ákærði hefur gerzt sekur um háttsemi þá og brot gegn lagagreinum þeim, sem í ákæru greinir. Verður fyrst virt, hvort ákærði hefur gerzt brotlegur gegn 211. gr. hegningarlaganna eða gegn þeirri grein, samanborið við 22. gr. laganna. (A-E).

Kemur fyrst til álita, hvenær Gunnar Sigurður Tryggvason hlaut skotsárið og bana sinn.

Samkvæmt því, sem rakið er hér að framan, hóf hann akstur leigubifreiðar sinnar, R 461, þó nokkru fyrir miðnætti aðfaranótt 18. janúar 1968. Um nóttina fór hann sannanlega tvær ökuferðir, aðra skömmu eftir miðnætti, en hina eftir kl. 0300. Henni lauk í Miðtúni, að því er ætla má um kl. 0345, og ók hann síðan vestur Miðtún. Næst sáu tveir bifreiðarstjórar bifreið hans við

bifreiðastaur Hreyfils norðan megin á Sundlaugavegi milli Hrísateigs og Gullteigs, og sneri hún í vestur eða norðvestur. Annar bifreiðarstjórinn sá bifreiðina tvisvar og Gunnar Sigurð undir stýri hennar, og heldur hann, að klukkan hafi þá verið um 0400 og um 0405. Hinn bifreiðarstjórinn ók tvisvar fram hjá staurnum, í fyrra skiptið muni klukkan hafa verið um 0400, en í seinna skiptið um kl. 0440. Hann segir, að bifreiðin og Gunnar Sigurður í henni hafi verið við staurinn í annað skiptið og, að því er hann minnir, í seinna skiptið. Næst sáu nokkrir vegfarendur, hvar bifreiðin R 461 stóð kyrr austan megin á Laugalæk milli Sundlaugarvegar og Bugðulækjar og sneri í suður. Sigurpáll Ófeigsson gekk fram hjá bifreiðinni, og var vél hennar í gangi, og kveikt var á „park"-ljósum hennar. Hann kveðst hafa greinilega séð, að Gunnar Sigurður, sem hann þekkti í sjón, sat hreyfingarlaus vinstra megin í framsæti bifreiðarinnar og hallaði höfðinu aftur. Honum sýndist annar maður vera í aftursætinu nærri því fyrir aftan Gunnar Sigurð, og virtist maðurinn vera álútur í sætinu. Sigurpáll gekk rakleitt áfram að Rauðalæk 2 og kom þangað alveg rétt fyrir kl. 0600. Gísli Álfgeirsson heldur, að klukkan hafi verið 0615 til kl. 0620, þegar hann ók fram hjá bifreiðinni, og gat hann þá ekki betur séð en að maður sæti undir stýri hennar og hallaði höfðinu örlítið aftur á bak. Magnús Andrésson ók laust fyrir kl. 0630 frá Norðurbrún 4 og fram hjá bifreiðinni. Sat þá maður undir stýri hennar, og leit út fyrir, að hann svæfi eða dottaði. Ívar Andersen heldur, að klukkan hafi verið um 0645, þegar hann ók frá Laugalæk 26 og suður þá götu. Sá hann þá bifreið, sem ætla verður, að hafi verið R 461, og var maður í sæti bifreiðarstjórans. Jóhann Jón Þorvaldsson heldur, að hann hafi lagt af stað frá Laugarnesvegi 94 í bifreið sinni klukkan rúmlega 0700, og ók hann fram hjá R 461. Sá hann þá í sjónhendingu, að maður sat undir stýri bifreiðarinnar, og hallaðist höfuð hans aftur á bak. Þeir feðgar Jóhann Jón og Magnús Helgi, sem var þá læknanemi, námu svo staðar við bifreiðina, og kveður hinn síðarnefndi, að klukkan hafi þá verið 0710. Hann opnaði framhurð bifreiðarinnar og sá þá, að nokkuð blóð hafði runnið úr hægra munnviki manns, sem sat undir stýri hennar, og taldi hann, að maðurinn væri látinn, og þegar hann þreifaði á púlsi hans, fann hann, að maðurinn var farinn að kólna. Vél og miðstöð bifreiðarinnar voru í gangi og nokkuð heitt inni í henni, en rúður hennar lokaðar. Þeir feðgar óku síðan að Laugarnesvegi 94 og hringdu á lögreglustöðina og tilkynntu

atburðinn. Var klukkan þá 0715, og ber lögreglumönnunum, sem komu fyrstir á vettvang, saman um, að þeir hafi verið komnir þangað aðeins fáeinum eða 5—7 mínútum síðar. Vél bifreiðarinnar var þá í gangi svo og gjaldmælir, og kveikt var á stöðuljósum hennar. Maður, sem reyndist vera Gunnar Sigurður Tryggvason, var undir stýri bifreiðarinnar. Var hann mjög fljótlega fluttur á slysavarðstofuna, og þar upplýstu læknar, að hann væri þegar látinn. Í skýrslu læknisins, sem krufði lík Gunnars Sigurðar, getur ekki dánarstundar hans, en hann ályktar, að hann hafi látizt samstundis af skotsári því, sem hann hlaut í höfuðið. Telja verður, að gjaldmælir bifreiðarinnar hafi verið stöðvaður kl. 0823, og sýndi hann þá kr. 87.00. Athugun á mælinum í bifreiðinni kyrrstæðri sýndi, að það tók tímann frá kl. 2010 til kl. 2306 að sýna upphæðina kr. 87.00, en mælirinn var þá þremur mínútum of lágur miðað við klukkustund og sýndi kr. 31.80, en átti að sýna kr. 33.00 á klukkustund. Önnur athugun á mælinum, þegar bifreiðinni var ekið á eðlilegum hraða um borgina, sýndi, að það tók tímann frá kl. 1705 til kl. 1858 að sýna upphæðina kr. 87.00, og hafði bifreiðinni þá verið ekið 58 kílómetra.

Samkvæmt framansögðu verður ekki fullyrt með öryggi, hvenær Gunnar Sigurður hlaut skotsárið og lézt, en ætla verður, að það hafi verið nokkru eftir kl. 0500, og sennilega eftir kl. 0515 og eigi síðar en laust fyrir eða um kl. 0600.

Jafnframt þykir upplýst, að kúlunni, sem varð Gunnari Sigurði að bana, var hleypt af í hnakka hans á mjög stuttu færi, og bendir ekkert til þess, að komið hafi til átaka í bifreiðinni, áður en skotið reið af. Hér við bætist, að vél og gangmælir bifreiðarinnar var í gangi, kveikt var á biðljósum hennar og hún staðsett úti á götunni, þannig að vinstri framendi hennar var 1.60 metra og vinstri afturendi 2 metra frá nyrðri gangstéttarbrún. Bendir þetta til þess, að verknaðinn hafi borið brátt að og Gunnari Sigurði að óvörum. Hér kemur og til, að verknaðurinn átti sér stað á þeim tíma sólarhrings, þegar minnst umferð er, og á opnu svæði, þar sem nokkur fjarlægð er til næstu íbúðarhúsa, og þar að auki var veður slæmt, stormur og rigning.

Framangreind atriði draga mjög úr möguleikum þess, að hér hafi verið um voðaskot eða óhappaverk að ræða, heldur styrkja þau þá niðurstöðu, að Gunnari Sigurði hafi verið ráðið bana af ásettu ráði.

B.

Næst kemur til álita, hver hefur haft byssuna undir höndum eða ráð hennar á þeim tíma, þegar Gunnar Sigurður var sviptur lífi með henni, og þá sér í lagi, hvort það var ákærði. Hér koma mörg og margvísleg atriði til greina, og verða þau nú talin:

1) Það verður að telja sannað með skýrslu alríkislögreglunnar í Bandaríkjunum, sem staðfest er með eiði hjá notarius publicus í Columbiafylki, að skothylki því, sem fannst í bifreiðinni R 461 umræddan morgun, hafi verið skotið úr byssu þeirri, sem fannst í bifreið ákærða, R 15612, hinn 6. marz 1969. Einnig kveður alríkislögreglan, að kúlunni, sem fannst í höfði Gunnars Sigurðar, hafi getað verið skotið úr byssu þessari, og verður að ganga úr frá því, að svo hafi verið, þó að lögreglan telji, að smásjármörkin á yfirborði kúlunnar séu vegna skemmda ónóg til að þekkja megi. Byssan og skotin voru af tegundinni og stærðinni Smith & Wesson, cal. 35.

Jóhannes Jósefsson, fyrrum eigandi Hótels Borgar, var eigandi byssunnar, og hafði hún horfið frá honum úr ólæstum kassa á heimili hans að Tjarnarstíg 8 á Seltjarnarnesi sumarið 1965.

2) Á tímabilinu frá 7. marz til 28. júní f. á. staðhæfði ákærði, að hann hefði ekki tekið byssuna frá Jóhannesi Jósefssyni, heldur hefði hún þá fyrst komið í hendur hans, þegar hann hefði fundið hana undir hægra framsæti bifreiðarinnar R 15612 rétt eftir miðjan janúar f. á. Hinn 28. júní f. á. breytti hann þessum framburði á þann veg, að hann viðurkenndi að hafa árið 1965 tekið byssuna á heimili Jóhannesar á Tjarnarstíg 8 í þeim tilgangi að selja hana og nota andvirðið til eigin þarfa. Engin skot hefðu verið í byssunni og hefði hann aldrei látið skot í hana. Byssuna hefði hann látið í peningakassa sinn, sem hann geymdi á stigapalli á heimili sínu að Sækambi.

Hinn 28. júní f. á. viðurkenndi ákærði einnig, að hann hefði á árunum 1953—1955 tekið hálfan annan pakka af skammbyssuskotum úr skúffu í sumarbústað Jóhannesar Jósefssonar við Hítará í þeim tilgangi að athuga, hvort skotin „pössuðu í“ Mauser byssu hans. Hann hefði prófað eitt skotið, en það hefði reynzt vera of lítið. Hann orðaði það sem möguleika, að hann hefði látið skot þetta í fyrrgreindan peningakassa sinn. Hin skotin hefði hann látið í læsta skúffu í skrifborði, þar sem Mauser byssan var geymd, en hann vissi ekkert, hvað orðið hefði af þeim. Þau hefðu horfið eða gufað upp og máske hefði hann fleygt þeim.

Enn fremur skýrði ákærði frá því 28. júní f. á., sbr. framburð

hans 17. nóvember f. á., að máske um vorið 1966 hefði hann tekið byssuna úr peningakassanum og haft hana með sér á Bifreiðastöð Steindórs í því skyni að sýna hana Þóri Magnússyni bifreiðarstjóra, og heldur hann, að þeir Þórir hafi verið búnir að tala saman um, að hann sýndi honum byssuna, þó að tiltekinn dagur hafi ekki verið ákveðinn. Þórir hafi ekki verið að vinna þennan dag, og kveðst ákærði því hafa geymt byssuna allan daginn í læstu geymsluhólfi bifreiðarinnar R 1402, sem hann ók þá hjá Steindóri, en gleymt að taka byssuna með sér, þegar hann skilaði bifreiðinni með lyklum hennar í kveikjulásnum í port bifreiðastöðvarinnar við Sólvallagötu um kl. 0100 um nóttina. Næsta dag hafi hann athugað strax í geymsluhólf bifreiðarinnar, þegar hann kom til að ná í hana, en þá hafi byssan verið horfin úr því. Hann kveðst svo ekki hafa séð byssuna aftur fyrr en laust eftir miðjan janúar f. á., en þá hafi hún verið undir sæti bifreiðarinnar R 15612, eins og fyrr greinir. Byssan hafi þá verið fullhlaðin 7 skotum. Hann kveðst síðan hafa geymt hana fullhlaðna í læstu geymsluhólfi bifreiðarinnar, þar til hún var tekin af honum 6. marz f. á.

3) Við húsleitina á heimili ákærða 7. marz f. á. fannst fyrrgreindur peningakassi, og voru þá í honum meðal annars tvö skot, annað Smith & Wesson, cal. 35, en hitt WRA, 9 millimetrar. Fyrrnefnda skotið reyndist vera af sömu tegund og stærð og skotið, sem notað var gegn Gunnari Sigurði, svo og skotin sjö, sem voru í byssunni, sem fannst í bifreiðinni R 15612.

Ákærði kveður, að engin skot hafi átt að vera í kassanum og geti hann ekkert borið um skotin tvö í honum, og mundi hann ekki eftir þeim, sbr. þó framburð hans í 1. lið.

Kassinn var ávallt læstur með lykli, sem ákærði hafði í lyklaveski sínu eða í læstri skúffu í Sækambi, sem hann geymdi lyklinn að.

4) Fram hefur komið, að skotin Smith & Wesson, cal. 35, voru framleidd á árunum 1913—1940, og árið 1925 var hætt að hafa stafinn U á hvellhettu þeirra. Stafurinn U er á skothylkinu, sem fannst í bifreiðinni R 461, og einnig á Smith & Wesson cal. 35 skotinu, sem fannst í peningakassa ákærða, svo og á skotunum sjö, sem voru í byssunni, þegar hún fannst í bifreiðinni R 15612. Öll þessi skot hafa því verið framleidd fyrir árið 1926.

Aðeins ein tegund af byssum hefur verið framleidd fyrir þessa stærð skota, og er það Smith & Wesson skammbyssan, cal. 35, sú hin sama og fannst í bifreiðinni R 15612. Aðeins 8.350 stykki

hafa verið búin til af þessari byssutegund, og var framleiðslu hætt árið 1921.

5) Það mun hafa verið 14. febrúar 1968 sem Lárus Fjeldsted Salómonsson fann 12 Smith & Wesson cal. 35 skot í veiðitösku í kjallara húss Jóhannesar Jósefssonar á Tjarnarstíg 8 og nánar tiltekið í geymslu þar eða þvottahúsi, en þaðan var innangengt út í bifreiðarskúr við húsið, og var hurðin þar á milli læst með smekklási frá þvottahúsinu.

Næsta dag fundu þeir Lárus Fjeldsted og Njörður Snæhólm til viðbótar um 130 skot af sömu stærð og tegund í kössum í þvottahúsinu.

Ákærði hafði í lyklaveski sínu lykil, sem gekk að útidyrahurð íbúðar Jóhannesar í húsinu, og hefur hann ekki getað gert grein fyrir því, hvers vegna hann hafði þennan lykil, og Brynhildur, ekkja Jóhannesar, kveður, að hann hafi ekki átt að hafa hann.

6) Njörður Snæhólm kveður, að hvellhetturnar í þremur af skotunum sjö, sem voru í byssunni, sem fannst í R 15612, séu með einu pinnafari og hvellhettan í því fjórða sé með tveimur pinnaförum. Förin séu utarlega eða utan við miðju í hvellhettunum og ekki öll eins djúp að sjá.

Förin eftir pinna byssunnar, sem fannst í R 15612, séu hins vegar alveg í miðju hvellhettunnar og öðruvísi að sjá en förin í skotunum fjórum. Þau för muni því ekki vera úr þessari byssu, heldur hljóti að hafa verið reynt að skjóta þeim skotum úr annarri byssu.

Einnig sé aukafar í hvellhettu skotsins, sem varð Gunnari Sigurði að bana.

Enn fremur hafi komið í ljós, að skotin Smith & Wesson, cal. 35, „passi" ekki í 8 tilteknar og tiltækar skammbyssutegundir og hafi skothylkið verið aðeins of digurt til að ganga í patrónusætið.

Njörður og Leifur Jónsson prófuðu að skjóta Smith & Wesson cal. 35 skotum úr fyrrgreindri Mauser byssu, sem ákærði átti, og ber þeim saman um, að byssan hafi ekki sprengt hvellhetturnar og hafi pinnaförin verið aðeins utan við miðju. Þeir telja því, að möguleiki sé á því, að pinnaförin í skotunum fjórum, sem voru í byssunni, sem fannst í R 15612, geti verið eftir Mauser byssuna.

Athugun bandarísku alríkislögreglunnar leiddi eftirfarandi í ljós:

Mauser byssan var hlaðin 10 Smith & Wesson cal. 35 skot-

hylkjum og reynt að skjóta þeim. Aðeins eitt skot heppnaðist, en kúlan úr skothylki þessu festist í hlaupinu. Litla dældin í hvellhettu skothylkisins, sem fannst í R 461, er ekki með nægilegum smásjármerkingum til að bera megi kennsl á pinnann, sem kann að hafa markað þær. Skothylkin fjögur eru með pinnamörkum, sem kynnu að vera eftir pinna með hringlaga merkingum, en ekki fundust neinar slíkar hringlaga merkingar á mörkum eftir pinnann úr Maucer byssunni, sem reyndist vera brotinn, og í núverandi ásigkomulagi er endi hans lítillega flattur og skilur ekki eftir hringlaga merkingar.

Þeir Njörður og Leifur hafa prófað 11 tilteknar og tiltækar tegundir riffilskota í Mauser byssuna, og telja þeir, að enginn möguleiki sé á því að skjóta skotum þessum úr byssunni og ekki heldur minni eða stærri skotum.

Þeir hafa einnig prófað 10 tilteknar og tiltækar tegundir skammbyssuskota í Mauser byssuna, og telja þeir, að skot þessi séu ýmist of stór eða of lítil, til þess að hægt sé að skjóta þeim úr byssunni nema þá með miklum aðgerðum. Smith & Wesson cal. 35 skotið sé það skot, sem komist næst því að ganga í byssuna, þó að það „passi" engan veginn.

Komið hefur fram, að fyrir mörgum árum skutu Helgi, sonur ákærða, og tveir piltar aðrir, þá um eða innan við fermingaraldur, og máske á árunum 1959—1960, skotum úr byssu skammt frá Sækambi, og fengu þeir bæði byssuna og skotin í skrifborðsskúffu þar. Telja má upplýst, að byssan hafi verið fyrrgreind Mauser byssa ákærða og einnig af þeim fyrrgreindu skammbyssuskotum, sem ákærði kveðst hafa tekið í sumarbústaðnum við Hítará á árunum 1953—1955, og að þau skot hafi þá verið af tegundinni og stærðinni Smith & Wesson, cal. 35.

7) Komið hafa í leitirnar Smith & Wesson cal. 35 skot með stafnum U á hvellhettu á tveimur öðrum stöðum en heima hjá Jóhannesi Jósefssyni, heima hjá ákærða svo og í byssunni, sem fannst í R 15612.

Seinni hluta sumars 1968 fundust tveir eldgamlir, upplitaðir og snjáðir pakkar af þessum skotum í skáp í verzluninni Goðaborg. Þessi stærð og tegund skota var þó aldrei seld eða höfð til sölu þar, og er ekki vitað, hvernig þessir skotpakkar hafa komizt í verzlunina.

Bjarni Þór Guðmundsson bifreiðasmiður hafði undir höndum 37 skot af þessari tegund og stærð, og kveðst hann hafa fengið þau í kringum árið 1959, en um nánari atvik að því er ekki vitað.

Hann kveðst engum hafa sagt frá skotum þessum, og hann kveðst heldur ekki hafa látið neitt af þeim frá sér fara. Hann álítur það vera alveg öruggt mál, að hann hafi geymt skotin það vel, að annar maður hafi ekki komizt í þau.

8) Í framburði sínum til 28. júní f. á. kveður ákærði, að þegar hann hafði fundið byssuna og komizt að því, að hún var fullhlaðin, hafi honum dottið í hug, að einhver hefði af ásettu ráði verið að koma honum í vandræði með því að láta byssuna í bifreiðina, en jafnframt hafi hvarflað að honum, að ef til vill hafi átt að nota byssuna á hann. Honum hafi þó ekki dottið í hug neinn ákveðinn maður í þessu sambandi.

Ákærði kveðst þó ekki hafa tilkynnt lögreglunni um byssuna af einhverri vitleysu og hafi hann ætlað að athuga það sjálfur, hver hefði látið byssuna þarna, og hafi hann jafnvel búizt við því, að maðurinn mundi koma til hans og spyrja um hana. Ætlan ákærða hafi verið að komast að því, hver sá maður væri, sem gæti verið svona illviljaður í hans garð, en hann hafi þó ekki ætlað að afhenda honum byssuna.

Aðspurður um ólíkindi þess, að maður, sem hefði ætlað sér að koma ákærða í vandræði með því að skilja byssuna eftir í bifreiðinni, eða að maður, sem hefði ætlað sér að nota byssuna á hann, færi að gefa sig fram við hann og spyrja um byssuna, þá kveðst ákærði ekki geta svarað því neinu.

Enn fremur kveðst ákærða hafa komið í hug, nokkru eftir að hann hafi fundið byssuna, að það gæti litið illa út, ef hann skilaði henni ekki til lögreglunnar eða léti hana vita af henni. Það hafi orðið til þess, að hann hafi nokkrum sinnum reynt að ná í Lárus Fjeldsted símleiðis, en ekki tekizt það.

Aðspurður um, hvers vegna hann hringdi ekki á lögreglustöðina eða til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, þar sem hann hefði auðveldlega getað fengið samband strax, svarar ákærði: „Af einhverjum ástæðum gerði ég það ekki".

Upplýst er, að ákærði hitti og talaði við Lárus Fjeldsted tvisvar, eftir að hann kveðst hafa fundið byssuna í R 15612, en áður en hann var handtekinn, og í annað skiptið var ákærði í nefndri bifreið, svo og að ákærði hitti einnig Njörð Snæhólm einu sinni á þessum tíma. Í öll skiptin lét ákærði undir höfuð leggjast að skýra lögreglumönnunum frá byssunni, sem hann hafði undir höndum.

9) Ákærði hefur viðurkennt, að það hafi hvarflað að honum, að byssan í bifreiðinni R 15612 væri byssa Jóhannesar Jósefs-

sonar, og hafi honum fundizt byssan vera lík henni. Enn fremur hafi honum dottið í hug, að verið gæti, að þetta væri byssan, sem Gunnar Sigurður hefði verið myrtur með, en Njörður Snæhólm hafi talað við hann skömmu eftir morðið, líklega í tvö skipti, og skýrt honum frá því, að stærð byssunnar, sem Gunnar Sigurður hefði verið myrtur með, væri annað hvort cal. 35 eða 38, og hafi Njörður nefnt aðra töluna svo og að miklar líkur væru fyrir því, að byssa þessi væri sú hin sama og tekin hefði verið frá Jóhannesi Jósefssyni eða þá byssa af sömu gerð.

Þrátt fyrir það, að ákærði breytti framburði sínum 28. júní f. á., eins og að framan er rakið, hefur hann vísað áfram til fyrri framburðar síns um geymslu byssunnar, en kveðst nú ekki hafa tilkynnt um fund hennar af einskærum ótta við að verða bendlaður við bana Gunnars Sigurðar.

10) Næturverðirnir þrír í verkstæði og þvottahúsi Steindórsstöðvar hafa borið það, að bifreiðarnar hafi verið skildar eftir þar að næturlagi ólæstar og lyklar þeirra hafðir í kveikjulásnum, en dyr verkstæðishússins hafi ávallt verið lokaðar á næturnar og dyr þvottahússins lokaðar með slagbrandi að innan. Næturvörðurinn hafi verið í lítilli kompu í einu horni þvottahússins eða í verkstæðinu.

Ekkert hefur komið fram því til styrktar, að einhver maður hafi komizt í bifreiðina R 1402 á fyrrgreindum stað að næturlagi og tekið þar byssu úr hanzkahólfi hennar eða að ákærði hafi gleymt byssu í hólfinu eina nótt. Sú frásögn ákærða, að hann hafi gleymt byssunni í bifreiðinni, er mjög ósennileg svo og sú frásögn hans, að hann hafi farið með byssuna niður á Bifreiðastöð Steindórs í því skyni að sýna Þóri Magnússyni hana án þess að vera búinn að skýra honum fyrir fram frá því og tiltaka dag þann og stund, sem hann ætlaði sér að sýna honum gripinn.

11) Njörður Snæhólm og Leifur Jónsson bera, að eftir 10 mínútna akstur bifreiðarinnar R 15612 með skammbyssuna, sem fannst í henni, liggjandi á vinstri hlið, þ. e. á „eyranu", sem gefur meiri mótstöðu, undir miðju framsæti hægra megin fram undir brún á teppinu og því beint fram af hægri hluta aftursætis, hafi byssan verið komin það langt aftur undan sætinu, að ekki hafi verið nokkur leið að komast hjá því að sjá hana úr aftursætinu. Þá telja þeir mestar líkur vera fyrir því, að farþegi, sem settist í aftursætið hægra megin, hefði sparkað byssunni fram fyrir, þegar hann hefði stungið tánum inn undir sætið, nema því aðeins að eitthvað hefði verið undir sætinu að framan, sem

hefði komið í veg fyrir það. Njörður kveðst hafa prófað þetta og lent þá strax á byssunni.

Þeir Njörður og Leifur óku ásamt Ragnari Vigni í annað sinn í R 15612, en höfðu þá framsæti bifreiðarinnar í fremstu stillingu, eins og ákærði mun hafa haft sætið við akstur. Byssan var sett á gólfið undir framsæti hægra megin milli teppis aftur í bifreiðinni og teppis frammi í henni í bil undir miðju sætisins. Við akstur bifreiðarinnar færðist byssan til fram að brún teppisins frammi í bifreiðinni án þess að kastast fram í hana.

12) Þegar allt það er virt, sem hér að framan greinir, er ekki hægt að taka trúanlega frásögn ákærða um, að byssan hafi horfið frá honum árið 1966 og komið svo fram í bifreið hans á s.l. ári. Dómurinn lítur svo á, að sá framburður ákærða fái alls ekki staðizt. Handhöfn ákærða eða ráð hans á byssunni hafa ekki rofnað á þann veg, sem hann vill vera láta, og verður að telja, að frásögn hans um það efni sé röng og sögð gegn betri vitund.

C.

Kemur þá til álita, hvar ákærði var aðfaranótt og árla morguns 18. janúar 1968.

Ákærði kveðst hafa komið heim til sín upp úr kl. 2400 þá nótt. Um morguninn hafi hann ekið Rögnu, dóttur sinni, til vinnu í Nóa eins og venjulega. Síðan hafi hann ekið inn Borgartún og hjá Klúbbnum hafi hann svarað talstöð Bæjarleiða og hafið leiguakstur. Hann hafi haldið áfram akstri um morguninn og líklega um hádegisbil hafi hann frétt um dauða Gunnars Sigurðar í talstöð bifreiðarinnar.

Karólína, eiginkona ákærða, telur, að hann hafi komið heim að venju milli kl. 0100 og 0200 um nóttina og að hún hafi vakið hann á venjulegum tíma um morguninn og hann síðan ekið Rögnu í vinnuna.

Ragna fullyrðir, að frá desember 1967 til febrúar 1968 hafi ákærði ekið henni til vinnu á morgnana og hafi þau yfirleitt lagt af stað að heiman um eða laust eftir kl. 0720. Hún staðhæfir, að hann hafi ekið henni til vinnu umræddan morgun og telur útilokað, að hann hafi verið kominn á fætur á undan henni, því að það hafi ekki komið fyrir.

Halldóra Guðmundsdóttir, sem vann með Rögnu og Helgu, móður ákærða, í Nóa á þessum tíma, minnist þessa morguns. Hún kveðst hafa verið í sama vinnuflokki og Helga, þegar þær

heyrðu á vinnustaðnum, að leigubifreiðarstjóri hefði verið myrtur. Hún segir, að Helga hafi orðið óttaslegin út af ákærða, þar sem ekki hafi verið vitað á staðnum, hvert nafn bifreiðarstjórans var. Helga hafi sagt við hana, að hún vildi fara í síma til að spyrjast fyrir um ákærða, og farið svo í burtu og komið svo nokkru síðar aftur og sagzt þá vera búin að hringja og hefði hún fengið það staðfest, að allt væri í lagi með ákærða. Halldóru minnir, að þetta hafi verið fyrir hádegi. Hún kveðst ekki muna sérstaklega eftir Rögnu þennan dag.

Gísla Álfgeirsson minnir endilega og telur sig vera öruggan um að hafa séð ákærða koma inn á aðalstöð Bæjarleiða við Langholtsveg nálægt kl. 0700 þennan morgun og talað við hann almennt um daginn og veginn og hafi hann ekki getað séð neitt athugavert eða óvenjulegt við hann. Gísli Guðmundsson hafi svo komið inn á stöðina, og minnir Gísla Álfgeirsson, að Gísli Guðmundsson og ákærði færu að tala saman og að þeir hafi rætt um tiltekinn bát.

Gísli Guðmundsson kveðst hafa verið við leigubifreiðarakstur þennan morgun, en hann man ekki sérstaklega eftir því, hvort hann kom þá inn á aðalstöð Bæjarleiða við Langholtsveg. Hann telur það mjög ótrúlegt, að hann hafi verið kominn þangað um eða eftir kl. 0700, því að venjulega hafi hann ekki hafið leiguakstur fyrr en um kl. 0730 eða laust fyrir kl. 0800.

Ákærði kveður, að hann hafi örugglega ekki getað verið kominn á stöð Bæjarleiða við Langholtsveg fyrr en eftir kl. 0730, en segir, að hann hljóti að hafa komið þangað. Hann man ekki sérstaklega eftir því að hafa talað við Gísla Álfgeirsson þennan morgun, og hann minnist þess heldur ekki, að hann hafi rætt við Gísla Guðmundsson um morguninn, og staðhæfir, að það hafi ekki getað verið fyrir kl. 0800.

Í bókum Bæjarleiða er seinasta ökuferð ákærða 17. janúar 1968 bókuð kl. 2015 að Njörvasundi 17 og fyrsta ferð hans næsta morgun kl. 0735 að Kleppsvegi. Ragna er stimpluð komin til vinnu kl. 0731 þann morgun. Gísli Guðmundsson er ekki bókaður í ökuferð fyrir hádegi þennan dag, en Gísli Álfgeirsson er bókaður í fjórar ferðir þennan morgun frá því laust fyrir kl. 0700 til kl. 0810.

Bækur Bæjarleiða leiða í ljós, að í desember 1967 og janúar 1968 hefur ákærði marga morgna ekki verið bókaður í ökuferð að morgni, eftir að Ragna hefur verið stimpluð til vinnu, og

einnig hefur ákærði marga morgna verið bókaður í ökuferðir fyrir kl. 0730.

Það þykir ekkert vera því til fyrirstöðu tímans vegna, að það geti verið rétt hjá ákærða, að hann hafi að morgni 18. janúar 1968 ekið Rögnu til vinnu og nokkrum mínútum síðar hafið leiguakstur, eins og viðskiptabækur Bæjarleiða sýna. Framburður Gísla Álfgeirssonar og Halldóru Guðmundsdóttur draga þó úr líkindum þess, að ákærði hafi ekið Rögnu til vinnu þennan morgun. Að því er varðar framburð Halldóru, er á það að líta, að nærtækast hefði verið fyrir móður ákærða að spyrja Rögnu um hann og ferðir hans þennan morgun, ef hann hefði ekið henni þá til vinnu. Þá er ákærði einn til frásagnar um, að hann hafi verið staddur í Borgartúni hjá Klúbbnum, þegar hann svaraði talstöð Bæjarleiða og hóf leiguakstur. Einnig er rétt að hafa í huga, að ef ákærði hefur ráðið Gunnari Sigurði bana, gat honum verið umhugað um að haga sér fyrst á eftir eins og ekkert hefði í skorizt með því að aka dóttur sinni til vinnu og hefja síðan leiguakstur.

D.

Verður nú vikið nokkuð að einkahögum Gunnars Sigurðar og mögulegum ástæðum fyrir því, að hann var sviptur lífi, svo og að einkahögum ákærða og mögulegum samskiptum hans og Gunnars Sigurðar.

Það er upplýst, að Gunnar Sigurður var óvenjulega feitur maður og að hann átti erfitt með gang og hreyfingar. Hann stundaði leigubifreiðarakstur aðallega að næturlagi, og fannst honum það þægilegra og rólegra en að aka að degi til. Tekjur hans voru almennar þurftartekjur, og nægðu þær sakir reglusemi hans og nægjusemi. Hann var rólegur og friðsamur og kom sér vel á vinnustað, og í frítímum sínum dvaldist hann mest á heimili sínu og stundaði það. Hann var ókvæntur og ekki við konu kenndur. Það hefur ekkert komið fram, sem gæti bent til þess, að hann hefði átt nokkurn óvin eða óvildarmann. Það var heldur ekkert, sem benti til þess, að hann væri í einhverjum vandræðum eða hefði áhyggjur, áður en dauða hans bar að, og þeim, sem sáu hann seinustu nóttina, sem hann lifði, kemur saman um, að ekkert óvenjulegt eða óeðlilegt hafi þá verið við hann.

Það er ekki fengin óyggjandi skýring á því, hvers vegna Gunnar Sigurður var sviptur lífi.

Það má ganga út frá því, að hann hafi þá haft meðferðis tvö peningaveski eins og venjulega. Annað veskið hefur ekki komið í leitirnar, og er ekki ólíklegt, að í því hafi verið 3—4 þúsund krónur. Möguleiki er á því, að Gunnari Sigurði hafi verið ráðinn bani til fjár.

Ítarleg könnun hefur farið fram á því, hvort verið gæti, að Gunnar Sigurður hefði lánað út fé í hagnaðarskyni, en ekkert hefur komið fram, sem gæti bent til þess, og það, sem fram hefur komið, bendir til þess, að svo hafi alls ekki verið.

Framburður Þuríðar Jóhönnu, systur Gunnars Sigurðar, um konuna G bendir til einhverra samskipta þeirrar konu og hans, þó ekki væri nema í sambandi við flutning á áfengi til hennar, en af því verður þó engin ályktun dregin. Ef til vill hefði varðveizla á skjölum og skilríkjum Gunnars eftir lát hans getað veitt einhverjar frekari upplýsingar í málinu, og er það mjög miður farið, að ekki var lagt hald á þau og þau varðveitt.

Ákærði vann hjá Jóhannesi Jósefssyni á árunum 1936—1960. Síðan hefur hann unnið lengst af við akstur leigubifreiðar til mannflutninga og ekki átt ökutækið sjálfur. Á árunum 1965—1968 sótti hann í þrjú skipti um atvinnuleyfi leigubifreiðarstjóra, en hann virðist ekki hafa sótt fastar á um að fá leyfi en aðrir umsækjendur. Hann var skuldlaus, þegar hann hætti að vinna hjá Jóhannesi, og árið 1961 gaf Jóhannes honum húseignina Sækamb. Fljótlega eftir það fór ákærði að safna skuldum, þó að hann hefði miðlungstekjur, og jukust fjárhagserfiðleikar hans með ári hverju, þó að eiginkona hans og elztu börnin væru farin að vinna úti seinustu árin. Kom að því, að gengið var að honum, og var Sækambur seldur nauðungarsölu á s.l. ári. Honum kom til hugar að flytja búferlum til Ástralíu, og fannst heima hjá honum útfyllt frumrit innflytjandaumsóknar þangað, dags. 23. janúar 1969. Hann kveður þó, að aldrei hafi komið til mála að hann flytti til Ástralíu nema með fjölskyldu sinni, en hún hafi verið því mótfallin. Upplýst er, að ákærði hefur haft áhuga á dáleiðslu og sér í lagi á sjálfsdáleiðslu.

Ákærði kveðst ekki hafa þekkt Gunnar Sigurð og aldrei hafa átt samskipti eða talað við hann, en þekkt hann þó í sjón. Það hefur heldur ekkert sérstakt komið fram til styrktar því, að þeir hafi þekkzt eða að þeir hafi átt einhver samskipti, og hafi svo verið, hefur það farið leynt.

Komið hefur fram, að ákærði hefur þekkt Guðlaugu Erlu

Skagfjörð frú, Stórageröi 26 hér í borg, síðan á árinu 1955. Framburður Carls Möllers hljóðfæraleikara um hegðun Guðlaugar Erlu laugardagskvöldið næsta á eftir dauða Gunnars Sigurðar og um þau orð hennar, að maðurinn, sem hefði myrt bifreiðarstjórann, kæmi heim til hennar þá um nóttina, gæti bent til einhverrar vitneskju hennar um það mál, en því hefur hún eindregið neitað og kveður, að ef hún hafi sagt eitthvað í þá átt, hafi það verið hrein vitleysa og ímyndun hjá henni. Hún kveðst hafa talið það vera mjög ólíklegt, að ákærði hefði ráðið Gunnari Sigurði bana, og er upplýst, að skömmu eftir að hann hafði verið úrskurðaður í gæzluvarðhald á s.l. ári, hringdi hún undir áhrifum áfengis í skrifstofu sakadóms og rannsóknarlögreglu og kvaðst vilja koma því á framfæri, að hún teldi ákærða vera saklausan. Hún kveðst ekki hafa þekkt Gunnar Sigurð, og hefur ekkert sérstakt komið fram til stuðnings því, að hún hafi verið kona sú, G að nafni, sem getur um í fyrrgreindum framburði Þuríðar Jóhönnu.

Đ.

Samkvæmt framansögðu hefur margt komið fram í málinu, sem færir stoð undir þá niðurstöðu, að ákærði hafi ráðið Gunnari Sigurði Tryggvasyni bana.

Þessi atriði eru einkum:

1. Að því er ætla verður milli kl. 0500 og 0600 hinn 18. janúar 1968 var Gunnar Sigurður sviptur lífi með skammbyssu og kúlu af tegundinni og stærðinni Smith & Wesson, cal. 35. Notuð var til verknaðarins byssa, sem hvarf frá Jóhannesi Jósefssyni á árinu 1965. Öll rannsókn málsins styrkir þá niðurstöðu, að Gunnar Sigurður hafi verið sviptur lífi af ásettu ráði.

2. Hinn 6. marz 1969 fannst fyrrgreind byssa fullhlaðin sjö skotum í læstu geymsluhólfi í leigubifreið ákærða. Frá 7. sama mánaðar til 28. júní 1969 neitaði hann því eindregið að hafa tekið byssuna eða nokkur skot frá Jóhannesi Jósefssyni, en hjá honum vann hann í fjölmörg ár.

Hinn 28. júní 1969 viðurkenndi ákærði hins vegar að hafa á árinu 1965 tekið byssuna í heimildarleysi á heimili Jóhannesar og slegið eign sinni á hana, en engin skot hafi þá verið í henni. Í sama skipti viðurkenndi ákærði einnig að hafa á árunum 1953—1955 tekið í heimildarleysi hálfan annan pakka af skammbyssuskotum frá Jóhannesi í sumarbústað hans við Hítará, og má

telja upplýst, að það hafi verið skot af sömu tegund og stærð og „pössuðu í“ fyrrnefnda byssu svo og það skot, sem varð Gunnari Sigurði að bana.

3. Ákærði geymdi byssuna vandlega á heimili sínu í læstum peningakassa, sem hann hafði einn lykil að. Hinn 7. marz 1969 fannst í kassanum eitt Smith & Wesson skammbyssuskot, cal. 35.

4. Stafurinn U var á skothylki kúlunnar, sem varð Gunnari Sigurði að bana, sbr. 1. lið, og einnig á skotunum sjö, sem voru í byssunni, þegar hún fannst í bifreiðinni R 15612, sbr. 2. lið, svo og á fyrrgreindu skoti, sem fannst í peningakassa ákærða, sbr. 3. lið. Skot þessi hafa ekki verið framleidd síðar en árið 1925. Slík skot átti Jóhannes Jósefsson bæði í sumarbústað sínum við Hítará, þar sem ákærði dvaldist í fjölmörg ár sumarlangt sem starfsmaður hans, svo og í kjallara húss síns á Tjarnarstíg 8, sem ákærði hafði lykil að, en engin skýring hefur fengizt á því, hvers vegna hann hafði lykilinn.

5. Pinnaför eru í hvellhettum fjögurra af þeim sjö skotum, sem voru í fyrrgreindri byssu. Möguleiki er á því, að för þessi séu til orðin af því, að þau hafi klikkað í Mauser byssu þeirri, sem ákærði átti, og er reyndar engin önnur skýring tiltæk á förunum, þó að á hinn bóginn sé ekki hægt að fullyrða neitt um það atriði, en sé svo, eru skotin fjögur gömul skot, sem hafa verið í vörzlum ákærða.

Lítil dæld er einnig á hvellhettu skothylkis kúlunnar, sem varð Gunnari Sigurði að bana, þó að eigi sé unnt að bera kennsl á pinnann, sem kann að hafa markað hana.

6. Það hefur ekkert komið fram, sem getur bent til þess, að einhver af þeim skotum, sem voru í verzluninni Goðaborg eða í fórum Bjarna Þórs Guðmundssonar, hafi farið út til annarra, enda ber að hafa í huga, að almennt notagildi þessara skota var ekkert, þar eð þau „pössuðu“ aðeins í hina fágætu Smith & Wesson cal. 35 skammbyssu, sem telja má, að enginn hafi átt hér á landi nema Jóhannes Jósefsson.

7. Saga ákærða um hvarf byssunnar á árinu 1966 og um endurkomu hennar laust eftir miðjan janúar 1969 er tilbúningur og hlýtur að vera sögð gegn betri vitund. Það styrkir þá niðurstöðu, að ákærði hafi haft byssuna undir höndum eða ráð hennar allan þennan tíma og þar á meðal, þegar skotið, sem varð Gunnari Sigurði að bana, reið af henni.

8. Ákærði vissi, að byssan, sem hann geymdi í bifreið sinni og hann kveðst hafa fundið þar í janúar f. á., eða eins byssa

hafði verið notuð til að bana Gunnari Sigurði, og honum var einnig kunnugt um, að verið var að leita að þessari byssu. Sterk rök hníga að því, að saklaus maður, sem hafði vitneskju um þetta, hefði ekki látið stjórnast af ótta við að vera ranglega bendlaður við dauða Gunnars Sigurðar og leynt byssunni, heldur hefði hann þegar í stað tilkynnt um hana til yfirvalda.

9. Það er ósannað, að ákærði hafi komið heim til sín og sofið þar aðfaranótt 18. janúar 1968, og þó að hann hefði ekið dóttur sinni til vinnu laust fyrir eða um kl. 0730 þá um morguninn, sem er einnig ósannað, er alls ekki útilokað tímans vegna, að hann hafi hleypt af skoti því, sem varð Gunnari Sigurði að bana.

10. Orð og viðbrögð ákærða, eftir að hann hafði misst byssuna 6. marz 1969 og eftir að hann hafði verið handtekinn daginn eftir, benda til sektarvitundar hans frekar en sakleysis.

Þau atriði, sem veikja eða veikt gætu þá niðurstöðu, að ákærði hafi hleypt af skoti því, sem varð Gunnari Sigurði að bana, eru einkum þessi:

1. Það hafa ekki komið fram beinar sannanir fyrir því, hvar ákærði var nóttina, sem Gunnar Sigurður var sviptur lífi, og þá heldur ekki, að hann hafi þá verið utan heimilis síns.

2. Það er ekki vitað til þess, að ákærði og Gunnar Sigurður hafi þekkzt eða átt samskipti saman.

3. Það hefur ekki tekizt að fá raunsanna skýringu á því, hvers vegna Gunnar Sigurður var sviptur lífi og hvers vegna ákærði hefði átt að gera það öðrum fremur.

Hér rís spurning um sönnun sakar og sér í lagi um óbeina sönnun í máli þessu.

Öldum saman var í gildi hér á landi svonefnt rannsóknarréttarfar. Aðaláherzlan var lögð á að fá sökunaut til að játa á sig brot, og var þá sönnun fengin. Sérstakar réttarfarsreglur auðvelduðu dómara að fá játningu sökunauts. Hann var skyldugur til að svara spurningum dómara og var dómara heimilt að setja hann í fangelsi við vatn og brauð, þar til hann fékkst til að svara.

Með lögum nr. 27/1951, sbr. nú lög nr. 82/1961, um meðferð opinberra mála voru afnumdar margar reglur rannsóknarréttarfarsins, en í staðinn voru lögleiddar margar reglur svonefnds ákæruréttarfars, sem hefur verið lengi í gildi í nágrannaríkjum okkar. Samkvæmt þeim reglum hefur réttur sökunauts aukizt verulega. Aðaláherzlan er ekki lengur lögð á að knýja fram játningu sökunauts. Hann þarf ekki að svara spurningum dómara

frekar en hann sjálfur kýs, og dómara ber að vekja athygli sökunauts á þessum rétti hans.

Reglan „in dubio pro reo" hefur lengi gilt um sönnun sakar í opinberum málum hér á landi. Með lögum nr. 27/1951, sbr. nú lög nr. 82/1961, er þessi regla staðfest, sbr. 108. gr. laganna, þar sem segir, að sönnunarbyrði um sekt sökunauts og atvik, sem telja má honum til óhags, hvíli á ákæruvaldinu. Dómari metur það hverju sinni, hvort nægileg sönnun sé fram komin um hvert atriði, er varðar sekt og ákvörðun refsingar og aðrar afleiðingar brots, þar á meðal, hverja þýðingu skýrslur sökunauts hafi. Samkvæmt 109. gr. laganna metur dómari það einnig eftir atvikum, hvert sönnunargildi þær staðreyndir hafi, er eigi varða beinlínis þá staðreynd, sem sanna skal, en leiða kann að mega af ályktanir um hana (óbein sönnun).

Í nágrannaríkjum okkar hafa hinar nýju reglur ákæruréttarfarsins um skýrslur sökunauts og fráhvarf frá hinni eldri reglu, að leggja aðaláherzlu á að fá fram játningu hans, leitt óhjákvæmilega til þess, að breytingar hafa orðið á viðhorfi dómstóla til sönnunar í sakamálum. Þeir hafa í auknum mæli farið að líta svo á, að neitun sökunauts þurfi ekki að vera annað en mannlegt viðbragð hans við framborinni sök án tillits til sannleiksgildis neitunarinnar, og þeir hafa þá einnig í auknum mæli beitt óbeinni sönnun eða líkum til að sanna sök.

Sakadómurinn treystir sér þó ekki til þess að svo vöxnu máli að feta alveg í fótspor dómstóla nágrannaríkja í þessu efni og telur sig hafa hér stoð í dómum Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum eftir gildistöku laga nr. 27/1951, þar sem rétturinn hefur ekki vikið frá hinum gömlu reglum rannsóknarréttarfarsins og dómvenjum um sönnun sakar. Hér eiga við orð Páls Jónssonar Vídalíns og allrar lögréttu í dómi, uppkveðnum 20. júlí 1706 á Alþingi — þó í óskildu máli sé — en þar segir meðal annars: „... og hversu sem vort lögmál er í þessari grein fjarlægt og ólíkt lögmáli annara landa, ... þá samt dirfumst vér ekki frá þessa lands lögmáli að víkja ...", sbr. Alþb. Ísl. IX, bls. 378—379.

Fyrir því og með skírskotun til allra málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan í dómi þessum, svo og hafandi í huga hin gömlu orð Jónsbókar, Mannhelgi, 17. kap., „ok því skal dómrinn hvervetna til betra efnis færa, ef þeir vitu jafnvíst hvárt tveggja", hneigist dómurinn að því að líta svo á, að eigi sé fram komin gegn eindreginni neitun ákærða lögfull sönnun

fyrir því, að hann hafi ráðið Gunnari Sigurði Tryggvasyni bana. Ber því að sýkna hann af þeirri grein ákærunnar í málinu.

E.

Rís þá spurningin, hvort ákærði hefur átt þátt í því eða veitt liðsinni til þess, að Gunnar Sigurður var sviptur lífi.

Koma hér einkum til greina eftirtalin atriði:

1. Gunnar Sigurður hlaut sinn bana með skotvopni því, sem fannst fullhlaðið í læstu bifreiðarhólfi hjá ákærða og hann hafði fyrir dauða Gunnars Sigurðar tekið að ófrjálsu og geymt síðan vandlega og leynt heima hjá sér í læstum peningakassa.

2. Ósannindi ákærða um hvarf byssunnar á árinu 1966 og um endurkomu hennar á árinu 1969 svo og önnur þau atriði, sem rakin hafa verið framar í þessum kafla dómsins, leiða í ljós, að handhöfn hans á byssunni eða ráð hennar hafa ekki rofnað, heldur hefur hann haft hana undir höndum eða ráð hennar, þegar Gunnar Sigurður var sviptur lífi með henni.

3. Sá verknaður hefur ekki orðið framinn nema fyrir hátt-semi ákærða þannig, að hafi hann ekki framið verknaðinn sjálfur, hefur hann látið byssuna af hendi við annan eða látið hana öðrum í té og að því er ætla verður ásamt skotum.

4. Ákærði hefur því átt þátt í verknaðinum eða veitt liðsinni til hans, hver sem hleypt hefur af banaskotinu.

5. Framburður ákærða og framkoma öll í rannsókn málsins svo og sakargögn og sakaratriði þess, eins og þau hafa verið rakin hér að framan í dómi þessum, sýna, að þessi þátttaka hans í verknaðinum eða liðsinni til hans hlýtur að hafa verið með saknæmum hætti, þ. e. á þann veg, að huglægum skilyrðum til brotsins er fullnægt.

Fyrir því hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 211. gr., sbr. 22. gr., 1. mgr., hegningarlaganna.

Rétt þykir að taka fram, að launung og undanskot ákærða á byssunni samkvæmt framburði hans sjálfs frá því laust eftir miðjan janúar 1969 þar til hún fannst 6. marz sama ár væri, án þess að annað kæmi til, brot gegn valdstjórninni samkvæmt 112. gr., 2. mgr., hegningarlaganna.

F.

Ákærði hefur með heimildarlausri töku margnefndrar skamm-byssu í auðgunartilgangi frá Jóhannesi Jósefssyni árið 1965 brotið gegn 244. gr. hegningarlaganna.

Í amerísku bókinni „Shooters Bible, Gun Traders Guide", útgáfu frá árinu 1964, eru skammbyssur af þessari tegund og stærð verðlagðar á 30 dollara.

Árið 1965 var sölugengi á bandarískum dollar íslenzkar kr. 43.06 og aðflutningsgjöld af skammbyssum námu 60% af tollverði. Þá mun smásöluálagning af byssum, sem fluttar voru beint inn frá útlöndum, hafa verið 29.8% og söluskattur nam 7.5%.

Samkvæmt þessu hefði smásöluverð á skammbyssu, sem kostaði 30 dollara í Bandaríkjunum, verið hér á landi árið 1965 sem hér segir:

1. Verð á byssu, $ 30×43.06	=	kr. 1.291.80
2. Bankakostnaður, 0.5%	=	— 6.46
		kr. 1.298.26
3. Aðflutningsgjöld, 60%	=	— 778.94
		kr. 2.077.20
4. Smásöluálagning, 29.8%	=	— 619.00
		kr. 2.696.20
5. Söluskattur, 7.5%	=	— 202.22
Smásöluverð, samtals		kr. 2.898.42

og er þá ekki talinn með flutnings- og vátryggingarkostnaður byssunnar.

Í 1. gr. laga nr. 69/1964, sbr. 256. gr., 2. mgr., hegningarlaga nr. 19/1940 segir, að ef tjón af þjófnaðarbroti nemi ekki yfir 3.000 krónum og engin sérstök atvik auki saknæmi þess og sökunautur hafi ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, skuli því aðeins opinbert mál höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

Það eru mörg atvik, sem auka verulega saknæmi þjófnaðarbrots ákærða. Það eykur saknæmi brotsins,

að ákærði sló eign sinni á skammbyssu, sem honum var óheimilt að lögum að hafa í vörzlum sínum,

að hann sló eign sinni á hættulegan mun, sem og manntjón hlauzt af,

að hann hafði áður slegið eign sinni á hálfan annan pakka af skotum, sem „pössuðu í" byssuna, svo og

að hann stal frá velgerðarmanni sínum, Jóhannesi Jósefssyni, á heimili hans fágætum mun, sem honum var kunnugt um, að var Jóhannesi mjög kær og hafði sérstakt minjagildi fyrir hann.

Þegar af þessum ástæðum tekur 1. gr. laga nr. 69/1964, sbr. 256. gr., 2. mgr., laga nr. 19/1940 ekki til þessa brots ákærða.

Handhöfn ákærða á skammbyssunni varðar einnig við 3. gr., 1. mgr., sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 69/1936.

G.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber sérstaklega að hafa í huga annars vegar, að háttsemi sú, sem ákærði er sekur fundinn um, beinist gegn þeim hagsmunum, sem mönnum eru helgastir og ekki verða síðar bættir, lífinu sjálfu, en hins vegar, að ekki er að fullu upplýst í öllum einstökum atriðum, hversu stórvægilegur þáttur ákærða hefur verið í framkvæmd brotsins. Rétt þykir, að þessi vafi um mikilvægi þáttar ákærða í brotinu verði metinn honum í hag samkvæmt reglunni „in dubio pro reo", þó að hann hafi reyndar fyrst og fremst sjálfur valdið þessum vafa með því að segja ekki sannleikann í málinu.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til allra málavaxta, málsatvika og málsgagna svo og með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár.

Ákærði hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan 8. marz f. á. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir rétt, að varðhaldsvist þessi komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 120.000.00, svo og málsvarnar- og réttargæzlulaun skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Gíslason, sæti fangelsi í 5 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 8. marz 1969 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 120.000.00, svo og málsvarnar- og réttargæzlulaun skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. marz 1971.

Nr. 32/1971. **Valdstjórnin**
gegn
Þorsteini Þórði Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 8. marz 1971, sem barst Hæstarétti 9. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Rekjavíkur 8. marz 1971.

Ár 1971, mánudaginn 8. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt 7. þ. m. var framið innbrot að Suðurlandsbraut 12 hér í borg. Var brotizt inn hjá fimm fyrirtækjum þar í húsinu og stolið ca. 15 rafmagnsrakvélum, 2 Carmen tækjum, myndavél og 2 til 3 þúsund krónum í peningum.

Á innbrotsstað fundust merki þess, að Þorsteinn Þórður Sigurðsson, Kaplaskjólsvegi 54 hér í borg, hefði verið þar á ferð. Hefur Þorsteinn Þórður verið handtekinn, en neitar sakargiftum. Þýfið er ófundið.

Í þágu rannsóknar málsins, sem er á frumstigi, þykir nauðsyn til bera með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða Þorstein Þórð Sigurðsson í gæzluvarðhald, svo að hann spilli ekki sakargögnum með óskertu frelsi, en samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 getur brot það, sem hann er grunaður um, varðað fangelsisrefsingu, og eru því samkvæmt 65.

gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til að beita gæzluvarðhaldi.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Ályktarorð:

Þorsteinn Þórður Sigurðsson skal sæta gæzluvarðhaldi allt að 30 dögum.

Mánudaginn 15. marz 1971.

Nr. 28/1971. **Sjúkrasamlag Reykjavíkur**
gegn
Rannsóknardeild ríkisskattstjóra.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Um upplýsingaskyldu samkvæmt skattalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1962, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. febrúar 1971. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og hann sýknaður af kröfum varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Skjöl málsins bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 25. febrúar 1971, en greinargerð varnaraðilja hinn 5. marz 1971. Kært var innan lögmælts frests.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. febrúar 1971.

Ár 1971, mánudaginn 15. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara kveðinn upp úrskurður í málinu: Rannsóknardeild ríkisskattstjóra gegn Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m.

Í máli þessu, sem lagt er fyrir sakadóm samkvæmt 3. ml. 50. gr. laga nr. 90/1965, hefur sóknaraðili, rannsóknardeild ríkisskattstjóra, krafizt þess, að varnaraðili, Sjúkrasamlag Reykjavíkur, verði með dómsúrskurði skyldaður til þess að veita sóknaraðilja aðgang að og eftir atvikum láta honum í té reikninga frá lyfjabúðum ásamt lyfseðlum þeim, sem fylgja reikningunum.

Kröfu þessa skýrir sóknaraðili á þessa leið:

Á lyfseðlum kemur fram heildarverð lyfja og það, hve mikinn hluta sjúkrasamlag greiðir. Eftir lyfseðlum er skrifaður út heildarreikningur, yfirleitt með textanum: „Lyf samkv. meðf. lyfseðlum“ og síðan samtala á hluta sjúkrasamlags samkvæmt þeim lyfseðlum, sem fylgja reikningunum. Lyfseðlarnir eru þannig notaðir sem nótur með reikningi. Reikningurinn ber einn út af fyrir sig einungis með sér þann hluta lyfjaverðsins, sem samlagið greiðir, en ekki heildarverð það, sem lyfjabúðin hefur fengið fyrir lyfin. Til þess að sannreyna það, er nauðsynlegt að kanna lyfseðlana.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið lýst yfir því, að auðsótt sé, að sóknaraðili fái að kanna reikningana, en um lyfseðlana sé það að segja, að þeir innihaldi upplýsingar, sem um kunni að gilda reglur um læknaleynd, og því sé ekki augljóst um heimild samlagsins til þess að afhenda þá öðrum en sjúklingi eða lækni. Er þess óskað af hálfu varnaraðilja, að dómur úrskurði um skyldu samlagsins í þessu efni, áður en sóknaraðilja verði látin gögn þessi í té.

Samkvæmt 1. og 4. ml. 36. gr. laga nr. 90/1965 er ýmsum aðiljum, m. a. embættismönnum, skylt að veita skattayfirvöldum aðgang að gögnum og láta þeim í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þeir beiðast. Er ljóst, að ákvæði þetta á við um varnaraðilja, og einnig hefur verið sýnt fram á, að sóknaraðilja er nauðsyn á þeim gögnum, sem hann fer fram á. Engin

ákvæði um þagnarskyldu eru því til fyrirstöðu, að varnaraðili megi verða við kröfum sóknaraðilja. Ber því að skylda varnaraðilja til þess að veita aðgang að og láta í té þau gögn, sem sóknaraðili hefur krafizt.

Því úrskurðast:

Varnaraðilja, Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, er skylt að veita sóknaraðilja, rannsóknardeild ríkisskattstjóra, aðgang að lyfseðlum, er fylgja reikningum lyfjabúa til samlagsins, og eftir atvikum láta sóknaraðilja gögn þessi í té.

Þriðjudaginn 16. marz 1971.

Nr. 17/1971. **Landeigendafélag Laxár og Mývatns**
gegn
Laxárvirkjun og
Magnúsi Thoroddsen setudómara.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Kærumál. Frávísun. Lagt fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á kröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 5. febrúar 1971, sem barst Hæstarétti 12. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b., laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma málið að efni til. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr höndum beggja varnaraðilja óskipt.

Varnaraðili Laxárvirkjun krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili Magnús Thoroddsen setudómari mótmælir kærumálskostnaðarkröfu sóknaraðilja á hendur sér.

Í héraði hefur sóknaraðili gert þær dómkröfur, að staðfest verði með dómi:

„1. Að framkvæmdir þær, sem Laxárvirkjun er að hefja til virkjunar Laxár við Brúar í Aðaldælahreppi í S.-Þingeyjarsýslu, brjóti í bág við íslenzk lög og séu óheimilar.

2. Að lokuvirki þau, sem Laxárvirkjun hefur reist, þar sem útfallskvíslar Laxár renna úr Mývatni, skorti lagastoð og brjóti því í bág við íslenzk lög".

Um 1. Ljóst er, að félagsmenn Landeigendafélags Laxár og Mývatns eiga sjálfstæðan rétt til að bera þetta sakarefni undir dómstóla. Dómkröfur þeirra eru af sömu rót runnar. Tilgreining stefnanda í héraðsdómsstefnu er nægilega skýr, eins og á stóð, sbr. dóm Hæstaréttar frá 15. desember 1970.

Könnun sakargagna leiðir í ljós, að af hendi sóknaraðilja hafa verið lögð fram skjöl, sem fela í sér nokkurn skriflegan málflutning og varða að hluta eigi sakarefnið, en ekki eru þó efni til að vísa málinu frá héraðsdómi af þeim sökum.

Um 2. Eigi verður talið, eins og málsatvikum er hér háttað, að sóknaraðili geti fengið úrlausn dómstóla um lögmæti þessara mannvirkja almennt án tillits til þess, hverra heimilda hann hyggst neyta í því sambandi. Ber því að vísa þessum kröfum sóknaraðilja frá héraðsdómi.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreindri dómkröfu sóknaraðilja, Landeigendafélags Laxár og Mývatns, á hendur varnaraðilja Laxárvirkjun er vísað frá héraðsdómi. Að öðru leyti er hinn kærði dómur felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að dæma málið að efni til.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 3. febrúar 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 20. f. m., hefur Sigurður Gizurarson héraðsdómslögmaður upphaflega höfðað f. h. Félags landeigenda á Laxársvæðinu með stefnu, birtri 25. júlí 1970, á hendur stjórn Laxárvirkjunar.

Hinn 2. október 1970 var nafni sóknaraðilja breytt og nefnist nú Landeigendafélag Laxár og Mývatns í stað Félags landeigenda á Laxársvæðinu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að staðfest verði með dómi:

I. Að framkvæmdir þær, sem Laxárvirkjun er að hefja til virkjunar Laxár við Brúar í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu, brjóti í bág við íslenzk lög og séu óheimilar.

II. Að lokuvirki þau, sem Laxárvirkjun hefur reist, þar sem útfallskvíslar Laxár renna úr Mývatni, skorti lagastoð og brjóti því í bág við íslenzk lög.

Jafnframt áskilur stefnandi sér allan rétt til að höfða síðar önnur mál til heimtu skaðabótagreiðslna vegna þess tjóns, sem Laxárvirkjun hafi þegar valdið landeigendum á Laxársvæðinu, og vegna tjóns þess, sem hún kynni að valda síðar.

Auk þess krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu eftir framlögðum reikningi eða mati dómara.

Með úrskurði, uppkveðnum 4. ágúst 1970, vék hinn reglulegi dómari, Jóhann Skaptason, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, sæti í máli þessu.

Með bréfi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 26. ágúst 1970, var Magnús Thoroddsen borgardómari skipaður setudómari í Þingeyjarsýslu til að fara með og dæma aukadómþingsmál þetta.

Setudómarinn þingaði fyrst í máli þessu hinn 30. september 1970 á Húsavík. Í því þinghaldi kom fram krafa af hálfu stefnanda um það, að setudómarinn viki sæti í málinu. Var þeirri kröfu hrundið með úrskurði 6. október 1970. Sá úrskurður var staðfestur af Hæstarétti með dómi hinn 17. nóvember 1970.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 60 frá 20. maí 1965 um Laxárvirkjun, 4. gr.,

var Laxárvirkjun heimilað að reisa allt að 12.000 KW raforkuver í Laxá við Brúar. Í 5. gr. sömu laga segir, að til bygginga nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þurfi Laxárvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál.

Laxárvirkjun lét hanna raforkuver í Laxá. Er það svonefnd Gljúfurversvirkjun. Var hönnun virkjunar þessarar unnin á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens s/f. Samkvæmt áætlun um Gljúfurversvirkjun átti hún að verða samtals 54.6 KW að stærð og vinnast í fjórum áföngum.

Áætlun um virkjun þessa var gefin út í janúar 1968.

Hinn 15. september 1969 ritaði Laxárvirkjun raforkumálaráðherra bréf sem áætlun um Gljúfurversvirkjun í Laxá, þar sem óskað var leyfis ráðuneytisins til virkjunar í samræmi við þá áætlun. Ráðuneytið óskaði umsagnar orkumálastjóra um nefnt erindi Laxárvirkjunar. Umsögn orkumálastjóra er dagsett 16. september 1969. Þar sem umsögn þessi er málinu mjög til glöggvunar, þykir rétt að taka hana hér inn í úrskurðinn í heild sinni:

„Með bréfi, dags. í dag, hefur hið háa ráðuneyti sent mér til umsagnar og athugunar erindi frá stjórn Laxárvirkjunar, sem því barst í dag, ásamt áætlun yfir Gljúfurversvirkjun í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Áætlun sú, sem fylgir bréfi stjórnar Laxárvirkjunarinnar, er á ensku og nefnist: „Gljúfurver project. Definate project report" og er gefin út í janúar 1968.

Áætlunin er um virkjun efri hluta fallsins við Brúar í orkuveri með tveimur vélasamstæðum í neðanjarðarstöð, samtals 54,6 MW að stærð, og stíflu, er lyftir vatnsborði árinnar við núverandi stíflu um 46 m.

Gert er ráð fyrir því, að síðar megi veita Suðurá, sem nú fellur í Skjálfandafljót, í Kráká og þannig í Laxá, en þau veitumannvirki eru ekki innifalin í áætluninni.

Í bili er ekki ætlunin að framkvæma nema 1. áfanga af fjórum, sem áætlunin er um. Í honum verður engin ný stífla byggð, heldur notuð gamla stíflan í Laxá I og vatnsborð ekki hækkað frá því, sem nú er. Sett verður aðeins ein vélasamstæða. Hins vegar er gert ráð fyrir að gera vatnsgöngin nægilega víð, til þess að þau geti tekið vatn að báðum vélum, ef Suðurá verður síðar veitt í Laxá. Ennfremur að gera vélasamstæðuna þannig úr garði, að hún geti einnig unnið við 84 m fallhæð, en það verður fallhæðin, ef vatnsborð er síðar hækkað um 46 m alls. Vélasamstæðan verður gerð fyrir 24 MW við 84 m fall, en í fyrsta áfanga

verður afl hennar aðeins um 7 MW. Loks er og innifalið í þessum áfanga að sprengja í bergið fyrir fullri stærð vélasalarins.

Annar áfangi, er síðar kæmi, er bygging stíflu, sem lyftir vatnsborðinu 21 m og eykur fallhæðina upp í 59,5 m. Þá mun vélasamstæðan geta látið í té 14,7 MW. Í fylgiskjali með áætluninni er gert ráð fyrir, að þessari stíflugerð þurfi að vera lokið haustið 1974 til þess að mæta vaxandi álagi á núverandi Laxársvæði, en ári fyrr, ef Norðurland vestra og Austurland eru tengd við Laxárvirkjunarsvæðið.

Þriðji áfangi er, samkv. áætluninni, hækkun stíflunnar, svo að fallhæð verði alls 84 m, og getur fyrri vélin þá skilað 24 MW að afli. Á fyrrnefndu fylgiskjali áætlunarinnar er ráðgert, að sú hækkun þurfi að vera framkvæmd fyrir haustið 1984 fyrir núverandi Laxársvæði eitt, en tveim árum fyrr, ef áðurnefnd orkusvæði vestan og austan bætast við.

Fjórði áfangi er samkvæmt áætluninni að setja seinni vélasamstæðuna, og fer þá afl stöðvarinnar upp í 54,6 MW, eins og áður er sagt.

Ef stíflan væri ekki hækkuð fram yfir það, sem ráðgert er í 2. áfanga, og fallhæðin þá 59,5 m, myndu tvær vélasamstæður með sömu vatnsnotkun láta samtals í té 35 MW að afli til.

Svo sem Orkustofnunin hefur áður látið í ljósi, fær hún ekki annað séð en að sú virkjun, sem framangreind áætlun frá janúar 1968 um Gljúfurversvirkjun, 54,6 MW, fallhæð 84 m, fjallar um, ásamt viðbótarveitu vatns í Laxá úr Suðurá, sem ekki er innifalin í áætluninni, en bent er á í greinargerð um hana, sé hin hagkvæmasta tilhögun virkjunar efri hluta fallsins við Brúar, sem komið verði auga á eftir mjög ítarlegar rannsóknir, sem staðið hafa yfir með nokkrum hléum í meir en einn tug ára.

Andmæli gegn framkvæmd Gljúfurversvirkjunarinnar hafa komið fram frá íbúum S.-Þingeyjarsýslu, byggð á ótta um, að hún geti haft fjölþætt skaðleg áhrif á búskaparaðstöðu og náttúrufar í Suður-Þingeyjarsýslu.

Sum af þeim rökum, sem andmælin eru byggð á, eru augljóslega á misskilningi byggð, önnur gefa tilefni til að láta nánari athuganir fara fram. Með andmælunum hefur þó ekkert sérstakt komið fram, sem athygli hafði ekki borizt að við rannsókn og áætlunargerð að virkjuninni. Vísast í því sambandi til áætlananna og greinargerða með þeim, sérstakrar greinargerðar Laxárvirkjunarstjórnar, sem birzt hefur í dagblöðum höfuðstaðarins, og nefndarálits þeirrar þriggja manna nefndar (Haukur Tómas-

son, jarðfr., Sigurður Thoroddsen, verkfr., og Sigurjón Rist, forstm. vatnamælinga ríkisins), sem raforkumálastjóri skipaði 26. 6. 1964 til „að kanna, hvort og að hve miklu leyti fullvirkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar kynni að valda spjöllum á ánni og næsta umhverfi hennar og jafnvel beinu fjárhagslegu tjóni".

Í heildarkostnaðaráætlunum þeim, sem nú liggja fyrir, er í áætlunarliðum, er nefnast ýmislegt og ófyrirséð, gert ráð fyrir nokkrum kostnaði af bótum fyrir skaðleg áhrif á búskaparaðstöðu og af ráðstöfun til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif á náttúrufar. Að dómi Orkustofnunar eru ekki líkur fyrir, að fullnaðarathuganir á þessum atriðum og nánari útreikningar á kostnaði þeim, er hér getur orðið um að ræða, muni hagga þeirri niðurstöðu rannsókna og áætlunargerða, sem til þessa hafa farið fram, að hin áætlaða Gljúfurversvirkjun sé hin hagkvæmasta virkjunartilhögun umræddra falls í Laxá.

Núgildandi lög um Laxárvirkjun heimila ráðherra að veita Laxárvirkjun leyfi til að reisa allt að 12 þús. KW raforkuver í Laxá (sbr. 4. og 5. gr. laganna). Þessi heimild nægir til leyfisveitingar að fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, sem ekki verður nema um 7.000 KW að afli. Áður en leyfi er veitt fyrir næsta áfanga, myndi hins vegar þurfa að fá Laxárvirkjunarlögum breytt á Alþingi.

Tíminn, sem líður, þar til hefjast þarf handa um annan áfanga, veitir tóm til að athuga nánar þau atriði, sem fram hafa verið færð sem rök gegn fyrirhugaðri tilhögun Gljúfurversvirkjunar. Og raunar líður þó enn lengri tími, sem nota má til þeirra athugana, áður en stífla yrði hækkuð í fulla hæð og ráðist í veitu Suðurár.

Hins vegar er svo miklu eftir að seilast, hvað hagkvæmni í virkjun snertir, að vænta má, að stjórn Laxárvirkjunar muni telja rétt að taka áhættuna af því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir fullvirkjun, þótt óvíst sé um niðurstöður umræddra athugana og leyfi ekki fengið fyrir fullvirkjun.

Leyfi það, er veitt var með bréfi ráðherra til stjórnar Laxárvirkjunarinnar, dags. 27. apr. 1967, var, svo sem að er vikið að framan, takmarkað við allt að 12.000 kílóvatta stærð samkv. núgildandi lögum um Laxárvirkjun og fyrsti virkjunaráfanginn, sem nú á að koma til framkvæmda, er að afli innan þeirra marka.

Með vísan til framanritaðs vill Orkustofnunin mæla með því, að ráðherra veiti Laxárvirkjun leyfi til að framkvæma fyrsta

áfanga Gljúfurversvirkjunar samkvæmt framangreindri áætlun frá janúar 1968 með þeim fyrirvara, er leiðir af framanskráðu og samkvæmur er eðli málsins".

Þessa umsögn orkumálastjóra sendi atvinnumálaráðuneytið (raforkumálaráðherra) stjórn Laxárvirkjunar ásamt bréfi, dags. 23. september 1969. Í þessu bréfi atvinnumálaráðuneytisins segir m. a. svo:

„Í 4. og 5. gr. laga nr. 60/1965 um Laxárvirkjun er ráðherra heimilað að leyfa Laxárvirkjun að reisa allt að 12000 KW raforkuver í Laxá við Brúar, og nægir þessi lagaheimild til að leyfa að framkvæma fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunarinnar, sem nemur um 7000 KW að afli. Að óbreyttum lögum brestur ráðuneytið heimild til að leyfa framkvæmd annars áfanga téðrar virkjunar, sem gerir ráð fyrir að auka aflið upp í 14700 KW.

Samkvæmt þessu vill ráðuneytið hér með leyfa Laxárvirkjun að reisa fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar í Laxá með um 7000 KW afli í samræmi við framangreinda áætlun.

Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun, og taka þá áhættu, sem því er samfara, þá hefur ráðuneytið út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hins vegar skal það tekið fram, að engin fyrirheit eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir".

Hinar fyrirhuguðu virkjunarframkvæmdir við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ollu miklu hugarróti meðal ábúenda og landeigenda á Laxársvæðinu. Finnst sóknaraðiljum stjórn Laxárvirkjunar hafa oftast farið fram af miklu tillitsleysi og hörku gagnvart landeigendum á Laxársvæðinu. Stofnuðu þessir aðiljar með sér félagsskap, Félag landeigenda á Laxársvæðinu. Í málinu hefur verið lagt fram skjal, sem nefnist: „Samþykktir landeigenda og ábúenda við Laxá í S.-Þing.". Í meginmáli skjals þessa segir m. a. svo: „Vér undirritaðir landeigendur og ábúendur við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu höfum bundizt órofa samtökum einn fyrir alla og allir fyrir einn um að verja rétt vorn og framtíðar velferð Laxár". Síðasta málsgrein þessa skjals hljóðar svo: „Fari svo, að byrjunarframkvæmdir verði ákveðnar við Gljúfurversvirkjun og framkvæmdir hafnar í andstöðu við oss, munum vér beita öllum tiltækum ráðum til að hindra þær".

Svo sem áður getur, var nafni félags þessa breytt í Landeigendafélag Laxár og Mývatns hinn 2. október 1970.

Vegna þeirrar andstöðu, sem hin fyrirhugaða virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu átti að mæta meðal landeigenda á Laxársvæðinu, leitaðist iðnaðarráðuneytið við að laða saman mismunandi skoðanir, sem fram höfðu komið. Hafði iðnaðarráðuneytið samráð við stjórn Laxárvirkjunar, sveitarstjórnarmeðlimi, fulltrúa héraðsnefnda Þingeyinga ásamt sýslumanni. Í bréfi, dags. 13. maí 1970, frá iðnaðarráðuneytinu til sjö aðilja, þar á meðal til stjórnar Laxárvirkjunar og til formanns Félags landeigenda á Laxársvæðinu, telur ráðuneytið, að í eftirfarandi yfirlýsingu þess sé fólgið viðunandi samkomulag aðilja, sem framhald málsins geti grundvallazt á:

„Svo sem kunnugt er, hefur ráðuneytið með bréfi, dags. 23. september 1969, heimilað stjórn Laxárvirkjunar að hefjast handa um viðbótarvirkjun í Laxá í samræmi við lög nr. 60 1965 um Laxárvirkjun.

Tekur þessi heimild þó aðeins til virkjunarframkvæmda, er veita mundu um 8 MW afl. Lengra nær heimildin ekki.

Ráðuneytið telur vatnsborðshækkun um 20 m, sem kynni að felast í næsta áfanga, innan marka þess, sem unnt yrði að leyfa síðar, en þó verði ekki teknar endanlegar ákvarðanir um neina vatnsborðshækkun, nema að undangengnum alhliða rannsóknum og að höfðu samráði við íbúa Laxárdals, sem þar eiga nú búsetu, eða niðja þeirra, hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Félag landeigenda á Laxársvæðinu.

Þessi vatnsborðshækkun skal þó aldrei verða meiri en brýn nauðsyn krefur og framkvæmd vatnsmiðlunar jafnan hagað með fyllsta tilliti til lax- og silungsveiði á veiðisvæðum, sem hún kynni að hafa áhrif á.

Ráðuneytið tilkynnir stjórn Laxárvirkjunar, að það sé forsenda fyrir áframhaldandi virkjunarframkvæmdum umfram þann áfanga, sem þegar er leyfður (8 MW), að gerðar verði fullnægjandi sérfræðilegar rannsóknir á vatnasvæði Laxár, og mun ráðuneytið hafa forgöngu um tilhögun og umfang þeirra rannsókna í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, sýslunefnd S.-Þing., náttúrufræðistofnunina, veiðimálastofnunina og Félag landeigenda á Laxársvæðinu ásamt stjórn Laxárvirkjunar.

Samkomulag er um það milli stjórnar Laxárvirkjunar og ráðuneytisins, að horfið sé frá áformum um Suðurárveitu, og verður hönnun fyrirtækisins endurskoðuð þar af leiðandi.

Að gefnu tilefni vill ráðuneytið taka fram, að virkjunaráform í efri hluta Laxár og Kráká eru ekki á dagskrá.

Ráðuneytið mun beita sér fyrir, að hraðað verði eftir föngum rannsókn annarra virkjunarmöguleika, sem völ væri á til að fullnægja raforkuþörf hlutaðeigandi héraða, svo sem virkjun Skjálfandafljóts við Íshólsvatn, en jafnframt haldið áfram að rannsaka stærri virkjunarmöguleika með hliðsjón af stóriðju fyrir norðan, svo sem Dettifossvirkjun, eða samtengingu við aðrar orkuveitur".

Jafnframt þessu telur ráðuneytið æskilegt, að leitað sé samkomulags um víðtækari aðild að virkjun Laxár en nú er, einkum með þátttöku þeirra hreppa, sem málið varðar nánast, og Húsavíkurkaupstaðar.

Líkast til mundi samkvæmt framangreindu virkjað afl í Laxá allt að 15 MW með stíflu á síðara stigi af þeirri stærð, sem bæði sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og Búnaðarsamband sýslunnar hafa tjáð sig um, að talið, að gæti verið við hæfi. Í ályktun aðalfundar Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga 1969 segir m. a.:

„Þessvegna skorar fundurinn á stjórn Laxárvirkjunar, raforkumálastofnun ríkisins og raforkumálaráðherra að miða fyrirhugaðar framkvæmdir í Laxá í mesta lagi við 18—20 m vatnshækkun við efri stíflu í Laxárgljúfri frá því, sem nú er, og óbreytt vatnsrennsli, enda verði gengið frá nauðsynlegum samningum við héraðsbúa, áður en framkvæmdir hefjast".

Í ályktun sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, dags. 8. maí 1969, segir m. a.:

„Hins vegar vill sýslunefndin vekja athygli á, að hún telur héraðinu hagkvæmt, að raforkuframleiðsla verði aukin með viðbótarvirkjun þar, þótt hún hafi í för með sér hækkun vatns í Laxá ofan virkjunarinnar allt að 18 metrum".

Engu að síður myndi, áður en til þess kæmi, fara fram, svo sem vitnað er til, sérfræðileg rannsókn, sem ákvarðanir yrðu grundvallaðar á.

Svo kynni að reynast í framkvæmd, að virkjunarmannvirki gætu stuðlað að óbeinni og beinni aðstoð við aukna og öruggari fiskirækt í Laxá.

Eigi þarf að óttast, að neins yrði látið ófreistað til eðlilegrar verndar þessa merka og fagra vatnasvæðis, sem öllum ætti að vera jafn hugleikið, og aukið samstarf og vaxandi aðild Þingeyinga, svo sem að er vikið, ætti að stuðla að".

Þetta álit iðnaðarráðuneytisins reyndist þó ekki hafa við rök að styðjast, þar sem Félag landeigenda á Laxársvæðinu gat eigi sætt sig við þau sjónarmið, sem þar koma fram.

Hinn 21. maí 1970 gerði Laxárvirkjun verksamning við Norðurverk h/f á Akureyri, þar sem Norðurverk h/f tekur að sér að byggja fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar í Laxá við Brúar. Fjárhæð þessa verksamnings nemur kr. 169.965.020.00. Auk þess er samið við Norðurverk h/f um verk, unnin á tímakaupi, að upphæð kr. 8.887.000.00. Þá mun Laxárvirkjun sjálf annast smáhluta af verkinu, sem kosta mun á milli 2—3 milljónir króna. Þessir verkhlutar kosta því samtals um kr. 181.000.000.00.

Vélbúnaður og fleira er samkvæmt kostnaðaryfirliti áætlað, að kosta muni kr. 165.2 milljónir. Samtals mun því kostnaður við þennan fyrsta áfanga virkjunarinnar nema um 346.2 milljónum króna. Er þá ekki með talinn kostnaður vegna vaxta á byggingartímanum, sem áætlaður er um 28 milljónir króna, og ekki heldur undirbúningskostnaður, sem hefur numið um 8.5 milljónum króna. 60% af samningsupphæð Norðurverks h/f við Laxárvirkjun eru tryggð gegn breytingum á verðmiði.

Stefnandi hefur krafizt lögbanns að hluta við virkjunarframkvæmdum þessum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli aðiljanna frá 15. desember 1970. Fógetadómur Þingeyjarsýslu hefur úrskurðað hinn 18. janúar 1971, að lögð skuli fram 135 milljón króna lögbannstrygging í formi peninga- eða bankatryggingar, áður en lögbannið verði á lagt, í samræmi við dóm Hæstaréttar frá 15. desember s.l. Trygging þessi hefur enn eigi verið lögð fram.

Í stefnu er gerð svofelld grein fyrir lokuvirkjum þeim, sem Laxárvirkjun hefur reist, þar sem útfallshvíslar Laxár renna úr Mývatni:

„Árið 1946 voru hafnar vatnsmiðlunarframkvæmdir við útfallskvíslar Laxár úr Mývatni. Byrjað var að sprengja niður Dragseyjarfoss í Syðstukvísl hjá Haganesi þrátt fyrir mótmæli landeigenda. Þar var sett stífla með lokum, sem eru opnir á sumrin en lokaðir á vetrum. Síðar voru hafnar framkvæmdir til vatnsmiðlunar frá Geirastöðum í Yztukvísl, með því að grafinn var nýr farvegur úr vatninu og stífla sett í hann með lokum. Þessu verki var lokið 1960. Þessar framkvæmdir áttu sér einnig stað, án þess að haft væri samráð við landeigendur. Á sameiginlegum fundi aðila um málið varð þó samkomulag um að hefja ekki framkvæmdir við Miðkvísl, fyrr en séð væri, hvort þess gerðist þörf. Við þetta stóð Laxárvirkjun þó ekki, og var byrjað á framkvæmdum strax vorið 1960 og þeim lokið árið eftir þrátt fyrir mótmæli Mývetninga. Þessari stærstu kvísl úr Mývatni var lokað, en settur silungastigi til málamynda, sem enginn fiskur

hefur komizt um sakir vatnsskorts. Er þar með rofin frjáls fiskför milli vatns og ár".

Þegar setudómarinn þingaði í fyrsta sinn í máli þessu hinn 30. september 1970, var m. a. lögð fram greinargerð af hálfu stefnda. Í þeirri greinargerð segir m. a. svo: „Skrif heiðr. andst. í stefnu og greinargerð verða að skoðast sem skriflegur málflutningur, sem þó er ekki gert ráð fyrir í málinu og er ekki rétt hagað, ef svo væri. Þetta er rangt og andstætt ákvæðum laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði".

Í nefndu réttarhaldi kom fram krafa af hálfu stefnanda um það, að setudómarinn viki úr dómarasæti. Af þeim sökum var eigi þá þegar unnt að taka málið til meðferðar um formhliðina. Með úrskurði, uppkveðnum í málinu hinn 6. október 1970, var hrundið kröfu stefnanda um það, að setudómarinn viki úr dómarasæti. Var sá úrskurður staðfestur með dómi Hæstaréttar hinn 17. nóvember 1970.

Hinn 20. janúar 1971 var þingað í málinu um formhlið þess. Krafðist lögmaður stefnda þess þá, að málinu yrði vísað frá dómi vegna galla á málatilbúnaði stefnanda, er frávísun eigi að varða. Krafðist lögmaður stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu eftir mati dómsins.

Lögmaður stefnanda mótmælti frávísunarkröfu stefnda og málskostnaðarkröfu hans. Þá krafðist lögmaður stefnanda málskostnaðar í þessum þætti málsins samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Munnlegur málflutningur fór fram í málinu um frávísunarkröfu stefnda.

Rökstuðningur stefnda.

Stefndi rökstuddi frávísunarkröfu sína með því, að við þingfestingu máls þessa hinn 4. ágúst 1970 hefði ekki verið lagt fram frumrit stefnunnar með árituðu birtingarvottorði, heldur afrit hennar. Í afriti þessu séu ekki greind nöfn, staða eða heimili stjórnarmanna félags stefnanda. Ekki sé greint, hver sé formaður félagsstjórnarinnar. Þá hafi heldur ekki verið í þessu afriti stefnunnar getið staðar og stundar, er málið skyldi þingfesta. Þetta sé brot gegn 87. og 88. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 23. júní 1936. Afrit stefnunnar sé 22 vélritaðar folio-síður og greinargerð stefnanda sé 20 vélritaðar folio-síður. Lýsing málavaxta sé þar fremur af skornum skammti, en því meir af lögskýringum frá sjónarmiði stefnanda og tilvitnunum til fræðirita, er stefnandi hyggist rökstyðja mál sitt með. Þessar 42 síður les-

máls séu raunverulega skriflegur málflutningur, enda þótt lögmaður stefnanda geri ráð fyrir því, að málið verði munnlega flutt, sbr. niðurlagið í greinargerð hans. Þá segi lögmaður stefnanda í greinargerð sinni, að líta beri á dskj. nr. 3 og 4 sem hluta af greinargerð hans í málinu. Þessi dómsskjöl, sem eru 29 vélritaðar blaðsíður, innihaldi rangan og einhliða áróður gegn athugun, sem gerð hafi verið að tilhlutan orkumálastjóra til könnunar á því, hvort hinar ráðgerðu virkjunarframkvæmdir kynnu að valda spjöllum á ánni, nánasta umhverfi hennar eða jafnvel valda beinu fjárhagslegu tjóni. Dómsskjöl þessi séu samin af stuðningsmönnum sóknaraðilja. Í öðru þeirra, dskj. nr. 3, áætli höfundar verðmæti lands og annarra eigna, sem þurfi að taka eignarnámi í þágu virkjunarinnar að áliti höfunda, en það sé með öllu rangt og óraunhæft. Mat á bótum fyrir lögnám til vatnsvirkjana fari eftir XV. kafla vatnalaga, sbr. einkum 140. gr. laganna. Skjöl þessi hafi því ekki þýðingu sem sönnunargögn í þessu máli, heldur sé hér um að ræða skriflegan málflutning. Sama máli gegni um rskj. nr. 8: „Svar héraðsnefndar Þingeyinga við greinargerð Laxárvirkjunarstjórnar", sömuleiðis grein Þórólfs Jónssonar frá Auðnum á rskj. nr. 11, er birtist í dagblaðinu Tímanum þriðjudaginn 7. apríl 1970, og einhliða áróðursgreinar gegn Laxárvirkjunarstjórn, sem birtust í 2. og 3. tölublaði Samvinnunnar á rskj. nr. 9 og 10. Allt sé þetta skriflegur málflutningur, en ekki sönnunargögn í merkingu X. kafla einkamálalaganna. Lögmanni stefnda reiknaðist svo til, að í allt væri hér um 93½ blaðsíðu lesmáls að ræða hjá stefnanda. Geri þetta málið allt mjög þungt í vöfum og erfitt til úrvinnslu fyrir lögmenn og dómara, en skýri þó ekki, svo sem til er ætlazt með einkamálalögunum. Brjóti þetta í bága við 105. og 106. gr. einkamálalaganna, sbr. 109. gr., er kveði á um, að mál skuli flytja munnlega.

Rökstuðningur stefnanda.

Lögmaður stefnanda rökstuddi kröfu sína um það, að málinu yrði eigi vísað frá, með því að benda á, að þótt aðalreglan sé sú, að mál skuli flytja munnlega samkvæmt 109. gr. einkamálalaganna, þá hljóti málflutningur að hluta alltaf að vera skriflegur. Í einkamálalögunum sé gert ráð fyrir stefnu og greinargerð, en það séu skrifleg skjöl. Stærð stefnu og greinargerðar hljóti að sjálfsögðu að fara eftir því, hversu viðamikið málsefnið er. Því viðameira sem mál sé, því lengri hljóti stefna og greinargerð að verða. Málavaxta sé getið bæði í stefnu og greinargerð, enda sé það leyfilegt samkvæmt einkamálalögunum. Stefna og greinar-

gerð séu minnisgögn fyrir dómara, þegar hann semji dóminn, því að ekki sé hægt að ætlast til þess, að dómari muni eftir öllum atriðum, sem minnzt sé á í munnlegum flutningi máls. Í 88. gr. einkamálalaganna segi, að í stefnu skuli greina „málavöxtu í aðalatriðum". Telur lögmaður stefnanda, að með þessu sé átt við, að greindar skuli í stefnu bæði staðreyndir og þær málsástæður, sem stefnandi byggir mál sitt á. Þá benti lögmaður stefnanda á það, að enda þótt frumrit stefnunnar hafi ekki verið lagt fram við þingfestingu málsins vegna mistaka sinna, þá geti það ekki komið að sök í þessu máli eða leitt til frávísunar, vegna þess að við þingfestingu málsins hafi verið sótt þing af hálfu stefnda.

Að endingu hélt lögmaður stefnanda því fram, að það væri ekki andstætt einkamálalögunum, þótt ekki væri getið í stefnu, hverjir skipuðu stjórn stefnanda og hvert væri þeirra heimilisfang, þar sem hann sem lögmaður höfðaði þetta mál fyrir hönd félagsins. Ef stefnandi yrði dæmdur til að greiða málskostnað, þá væri heimilt að gera aðför fyrir þeim kostnaði hjá lögmanni stefnanda.

Dómsniðurstaða.

Frumrit stefnu með birtingarvottorði var eigi lagt fram við þingfestingu málsins, en þar sem þá var mætt af hálfu stefnda, verður málinu ekki vísað frá af þeim sökum.

Í stefnu er stefnandi þannig tilgreindur: „Sigurður Gizurarson hdl. f. h. Félags landeigenda á Laxársvæðinu". Í stefnunni eru hins vegar ekki greind nöfn, staða eða heimili stjórnarmanna Félags landeigenda á Laxársvæðinu. Ekki er greint, hver sé formaður félagsstjórnarinnar. Telst þetta vera brot gegn 88. gr., sbr. 75. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði. Var því þeim mun ríkari ástæða til þess að geta þessara atriða í stefnu sem félagsskapur þessi er óskrásettur, og í málinu eru eigi aðrar upplýsingar um hann að finna en svokallaðar samþykktir á dskj. nr. 12. Samkvæmt þeim virðist félagið, formlega séð, vera næsta laust í reipunum og varnarþings þess hvergi getið.

Svo sem áður er getið, er stefnan 22 vélritaðar folio-síður. Af því lesmáli eru málavextir um tvær síður. Að öðru leyti er stefnan mestmegnis fræðileg útlistun á málstað stefnanda, þar sem vitnað er í innlenda og erlenda fræðimenn, kaflar teknir upp úr fræðiritum og beinar tilvitnanir í Alþingistíðinid og önnur gögn, sem lögð eru fram í málinu. Þetta er skriflegur málflutningur, sem bæði brýtur í bága við 88. gr. einkamálalaganna, er segir, að í

stefnu skuli greina „málavöxtu í aðalatriðum“, svo og gegn 109. gr. sömu laga, sem segir, að mál skuli munnlega flutt.

Greinargerð stefnanda er 20 vélritaðar folio-síður. Að mestu leyti er hún áframhald eða endurtekningar á fræðilegum vangaveltum lögmannsins í stefnu svo og beinar tilvitnanir í skjöl, sem lögð eru fram í málinu. Jafnframt er þess getið í greinargerðinni, að líta beri á dskj. nr. 3 og 4 sem hluta af greinargerðinni. Þau skjöl eru samtals 29 vélritaðar síður, rituð af stuðningsmönnum stefnanda. Þessi skjöl eru ekki sönnunargögn í málinu í merkingu X. kafla einkamálalaganna, heldur verða þau að skoðast sem skriflegur málflutningur. Sama máli gegnir og um blaðagreinina á dskj. nr. 11. Um dskj. nr. 8, 9 og 10 er það að segja, að ekki verður séð, að þau hafi þýðingu fyrir úrslit þessa máls.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telst málatilbúnaður stefnanda skriflegur málflutningur. Er það brot gegn 88. gr., 105. gr. og 109. gr. einkamálalaganna. Ber því að taka kröfur stefnda til greina og vísa máli þessu frá dómi.

Það er og aðfinnsluvert, að í greinargerð stefnda, sem er 21 vélrituð folio-síða, er einnig um skriflegan málflutning að ræða.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen, setudómari í máli þessu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 17. marz 1971.

Nr. 64/1970. **Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum**
f. h. Vestmannaeyjakaupstaðar
(Björn Sveinbjörnsson hrl.)
gegn
Sigurlaugu Sigurjónsdóttur og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Malmquist, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Ingólfur Sigurmundsson húsasmíðameistari og Sigmundur Böðvarsson, lögfræðingur og fyrrverandi fasteignasali, hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. marz 1970. Krefst hann þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 52.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1969 til greiðsludags. Jafnframt áskilur aðaláfrýjandi sér að krefja gagnáfrýjanda um greiðslu kr. 43.769.00 í sérstöku máli. Þá krefst og aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 4. september 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. ágúst 1970. Dómkröfur hans eru þær, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða „kr. 122.465.00 með 8% ársvöxtum frá 24. júní 1966 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar, allt að frádregnum kr. 30.000.00, sem aðaláfrýjandi greiddi gagnáfrýjanda 1. október 1969".

Í greinargerð gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti er krafa hans sundurliðuð þannig:

1. Girðing við Hvítingaveg .. .. kr. 22.000.00
2. Útitröppur .. .. — 60.000.00
3. Verðlækkun húss vegna skerðingar lóðar — 31.455.00
4. Kostnaður við matsgerð 17/1 1967 .. .. — 4.510.00
5. Kostnaður við matsgerð 15/7 1969 .. .. — 4.500.00

Samtals kr. 122.465.00

Tveir fyrstu kröfuliðirnir eru viðurkenndir. Fallast má á úrlausn héraðsdóms um 3. kröfulið. Við ákvörðun málskostnaðar verður tekið tillit til þess kostnaðar, sem greinir í 4. og 5. kröfulið. Ársvextir ákveðast 7% og upphafstími þeirra 24. júní 1966.

Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 83.455.00 (22.000 + 60.000 + 31.455 ÷ 30.000) með 7% ársvöxtum af kr. 113.455.00 frá 24. júní 1966 til 1. október 1969 og af kr. 83.455.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 45.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum f. h. Vestmannaeyjakaupstaðar, greiði gagnáfrýjanda, Sigurlaugu Sigurjónsdóttur, kr. 83.455.00 með 7% ársvöxtum af kr. 113.455.00 frá 24. júní 1966 til 1. október 1969 og af kr. 83.455.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 45.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 6. febrúar 1970.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 3. febrúar s.l., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun sáttamanna 9. október 1967, af Sigurlaugu Sigurjónsdóttur ekkjufrú, Kirkjuvegi 64 hér í bæ, með stefnu, útgefinni 10. október 1967 og birtri sama dag, á hendur Vestmannaeyjakaup-

stað, þ. e. bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h. hans, til heimtu skaðabóta vegna lóðarskerðingar o. fl. að fjárhæð kr. 130.510.00 með 8% ársvöxtum frá 24. júní 1966 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að skaðlausu með áskilnaði um hækkun bótakröfu með framhaldsstefnu eða í sjálfstæðu máli og um framkvæmd eignarnámsmats.

Mál milli sömu aðilja vegna sömu lögskipta var upphaflega stefnt fyrir bæjarþingið með stefnu, útgefinni 5. júní 1967, en er fram kom frávísunarkrafa í greinargerð stefnda, vegna þess að gengið hafði verið fram hjá sáttanefnd, var það mál hafið hér fyrir dómi hinn 5. október 1967, og er því mál þetta höfðað.

Í máli þessu gekk síðan dómur í héraði 15. desember 1967, en þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar af hendi stefnda, Vestmannaeyjakaupstaðar, með áfrýjunarstefnu, dags. 7. marz 1968, svo og fjárnámi, er fram hafði farið hinn 13. janúar 1968 í fógetarétti Vestmannaeyja í fógetaréttarmálinu: Sigurlaug Sigurjónsdóttir gegn Vestmannaeyjakaupstað. Sigurlaug Sigurjónsdóttir gagnáfrýjaði málinu til Hæstaréttar, stefna dags. 14. marz 1968. Í málinu gekk dómur Hæstaréttar hinn 5. febrúar 1969, þar sem hinn áfrýjaði dómur var ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Hin áfrýjaða fjárnámsgerð var felld úr gildi.

Mál þetta, sem síðan hefur verið rekið hér fyrir bæjarþinginu, var flutt munnlega hinn 3. febrúar s.l.

Lokakröfur stefnanda við munnlegan málflutning voru: Að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 130.510.00, en til vara kr. 122.465.00, ásamt með 8% ársvöxtum frá 24. júní 1966 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Lokakröfur stefnda í málinu voru hins vegar þær, að honum yrði einungis gert að greiða kr. 66.000.00, það er kröfuliði I og II á dómsskjali nr. 6, kr. 18.000.00 og kr. 48.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af þeirri upphæð frá stefnudegi til greiðsludags, en jafnframt verði viðurkenndir upp í nefnda kröfuliði reikningar að fjárhæð kr. 73.769.35, sbr. dómsskjal nr. 29, ásamt 7% ársvöxtum af kr. 26.271.00 frá 20. febrúar 1968 til 30. júní 1968, af kr. 43.769.00 frá þeim degi til 1. október 1969, en af kr. 73.769.35 frá þeim degi til greiðsludags.

Verði eigi fallizt á matsfjárhæðir I. og II. töluliða samkvæmt matsgerðinni 25. janúar 1967, en matsgerð frá 15. júlí s.l. tekin til

greina, að því er ofangreinda kröfuliði varðar, eða kr. 82.000.00 í stað kr. 66.000.00, er þess krafizt, að vextir verði aðeins reiknaðir frá 15. júlí s.l. Að öðru leyti krafðist stefndi sýknu af kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavexti kveður stefnandi þá, að þegar stefndi lagði götuna Birkihlíð og ákvað götulínu hússins Kirkjuvegar 64, eign stefnanda, við Hvítingaveg og Kirkjuveg fyrir nokkrum árum vegna malbikunarundirbúnings, hefði stefndi tekið af lóð stefnanda verulegan hluta undir götu án þess að greiða né bjóða greiðslu fyrir. Hafi vegna þessara framkvæmda orðið að breyta inngangi í húsið, fjarlægðar hafi verið girðingar og snúrustaurar og eyðilögð garðblóm o. fl. Þá hafi við gröft myndazt sprunga í austurhlið. Hafi stefnandi leitað bóta við bæjaryfirvöld munnlega og jafnan vel í tekið, en efndir engar orðið. Þá ritaði stefnandi bæjarráði bréf hinn 24. júní 1966 og bauð stefnda húseignina til kaups, en ekki er að sjá af skjölum málsins, að undirtektir hafi orðið nokkrar.

Með beiðni, dags. 6. janúar 1967, beiddist stefnandi þess, að bæjarfógeti dómkveddi matsmenn til að meta tjón hennar af lóðartökunni og annarri röskun. Hinn 17. s. m. fór svo umrædd dómkvaðning fram, og voru til kvaddir húsasmíðameistararnir Ólafur Á. Kristjánsson og Guðlaugur Guðjónsson.

Dómkröfur kveður stefnandi byggðar á mati hinna dómkvöddu matsmanna, þrátt fyrir að síðar hafi í ljós komið, að lóðarskerðing var eigi svo mikil og fyrstu upplýsingar sögðu til um, enda telur stefnandi sig hafa orðið fyrir verulegu tjóni og meiru en matsmenn mátu, svo sem vegna fjarlægingar girðingar við Kirkjuveg, fjarlægingar snúrustaura og eyðileggingar ýmissa garðblóma og nytjajurta. Þá hafi hún orðið fyrir tjóni vegna áðurnefndrar sprungumyndunar á austurvegg við undirstöðuröskun þar við gröft.

Dómkröfur kvaðst stefnandi sundurliða þannig:

I.	Kostnaður við tröppugerð	kr. 48.000.00
II.	Steinsteypt girðing við Hvítingaveg	— 18.000.00
III.	Verðrýrnun hússins vegna lóðarskerðingar	— 66.000.00
IV.	Kostnaður matsmáls	— 510.00
V.	Þóknun matsmanna	— 4.000.00

Varakröfu sína kveðst stefnandi byggja á matsgerð, dags. 15. júlí 1969, en sú matsgerð hafi verið framkvæmd af hinum sömu

matsmönnum og áður samkvæmt dómkvaðningu bæjarfógetans í Vestmannaeyjum eftir beiðni lögmanns stefnda, dags. 20. maí 1969, aðeins sé leiðrétt samlagningarskekkja, sem sé í matsgerðinni.

Varakröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

I.	Girðing við Hvítingaveg .. .. kr.	22.000.00
II.	Útitröppur .. .. —	66.000.00
III.	Verðlækkun húss .. .. —	31.455.00
IV.	Fyrir matsþóknun .. .. —	4.510.00
V.	Síðari dómkvaðning og mat .. .. —	4.500.00
	Samtals kr.	122.465.00

Í þinghaldi hinn 20. október 1967 lagði stefndi fram greinargerð.

Kom þar fram aðallega krafa um frávísun á þeim grundvelli, að ákvæði 4. gr. lóðarsamnings téðs húss, er kveður á um greiðslu gjalda fyrir land, sem tekið sé undir veg og ákveðin skuli af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, fæli í sér gerðardómsákvæði, þannig að málið heyrði eigi undir úrlausn dómstóla.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 1. nóvember 1967, var frávísunarkröfu þessari hrundið.

Upphaflega krafðist stefndi þess efnislega, að hann yrði einungis dæmdur til að greiða kr. 66.000.00 með venjulegum bankavöxtum frá stefnudegi hins höfðaða máls, en málskostnaður yrði látinn niður falla.

Síðan breytti stefndi kröfum sínum svo, að til viðbótar téðum kr. 66.000.00, er samsvari kröfuliðum nr. I og II, þá komi kr. 18.000.00, er sé áætluð fjárhæð til girðingar við Kirkjuveg, og teldust fjárhæðir þessar fullnaðarbætur. Kvað stefndi þetta „tilboð" miðað við venju hér í bænum að bæta lóðarhöfum skerðingu vegna skipulagsbreytinga með því að setja upp á sinn kostnað steinsteypta girðingu við húsin í stað eldri girðinga, svo sem í þessu tilfelli. Þá hafi verið lagfærðar skemmdir á húsum og mannvirkjum og nauðsynlegar breytingar garða á kostnað bæjarsjóðs. Við munnlegan málflutning í héraði, áður en málið fór fyrir Hæstarétt, breytti stefndi enn kröfum sínum og krafðist þess þá, að hann yrði einungis dæmdur til að greiða kr. 88.510.00, er sundurliðuðust þannig: Að kr. 48.000.00 voru samkvæmt kröfulið I í stefnu, kr. 18.000.00 samkvæmt kröfulið nr. II, kr. 510.00

samkvæmt kröfulið nr. IV, kr. 4.000.00 samkvæmt kröfulið nr. V, en þær kr. 18.000.00, sem þá voru umfram, kæmu upp í kröfulið nr. III, þó þannig, að samkvæmt kröfu stefnanda væri liðurinn byggður á öðrum grundvelli en í matsgerð, þ. e. að raunveruleg spjöll væru bætt, þ. m. t. girðing við Kirkjuveg. Þá krafðist stefndi þess, að auk þess sem málskostnaður félli niður, yrði stefndi einungis dæmdur til að greiða venjulega bankavexti frá útgáfudegi stefnu síðara málsins.

Lokakröfur stefnda við hinn síðari munnlega málflutning í málinu í héraði voru, að honum yrði einungis gert að greiða kr. 66.000.00, það er kröfuliði I og II á dómsskjali nr. 6, kr. 18.000.00 og kr. 48.000.00, ásamt 7% ársvöxtum af þeirri upphæð frá stefnudegi til greiðsludags, en gerir jafnframt kröfu til, að viðurkenndir verði upp í nefnda kröfuliði reikningar að fjárhæð kr. 73.769.35, sbr. dómsskj. nr. 29, ásamt 7% ársvöxtum af kr. 26.271.00 frá 20. febrúar 1968 til 30. júní 1969, af kr. 43.769.00 frá þeim degi til 1. október 1969, en af kr. 73.769.35 frá þeim degi til greiðsludags.

Verði eigi fallizt á matsupphæð I. og II. töluliðar samkvæmt matsgerðinni 25. janúar 1967, en matsgerð frá 15. júlí s.l. tekin til greina, að því er ofangreinda kröfuliði varðar, eða kr. 82.000.00 í stað kr. 66.000.00, er þess krafizt, að vextir verði aðeins reiknaðir frá 15. júlí s.l. Að öðru leyti er krafizt sýknu af kröfum stefnanda og að málskostnaður falli niður.

Við munnlegan málflutning lýsti umboðsmaður stefnda því yfir, að þar sem stefndi væri orðinn eigandi allra eyjanna, sbr. dómsskj. nr. 24, þá bæri honum raunverulega sjálfdæmi í máli þessu, sbr. ákvæði lóðarleigusamnings hússins Kirkjuvegur 64. Þá var og því haldið fram af hendi stefnda, að þær endurbætur, sem gerðar hafa verið við húsið, væru til þess fallnar að auka verðgildi þess og hefðu matsmenn eigi tekið það nægilega með í reikninginn. Þá sé hús, sem standi við malbikaða götu, verðmeira en heldur ef gatan væri ómalbikuð. Augljóst sé það hagræði í íslenzkri veðráttu að búa við malbikaða götu.

Stefnandi kvaðst eigi samþykkja, að reikningar (dskj. nr. 29) verði notaðir til skuldajafnaðar í málinu, nema þá kr. 30.000.00, sbr. kvittun stefnanda 1. október 1969. Aðrir reikningar séu ósamþykktir af stefnanda og alls óvíst, hvað gert hafi verið eða hvort stefnanda beri að greiða þá.

Vegna máls þessa óskaði umboðsmaður stefnanda þess við bæj-

arfógetann í Vestmannaeyjum, að dómkvaddir yrðu menn til að meta:

1. Húseignina Kirkjuveg 64 ásamt fyrri lóðarréttindum.
2. Húseignina Kirkjuveg 64 ásamt núverandi lóðarleiguréttindum.
3. Sérmeta tjón og óhagræði fyrir húseiganda vegna fjarlægingar vatnsbrunns, sem tekur út í gangstétt.

Sömu matsmenn voru tilkvaddir sem áður vegna máls þessa, og skiluðu þeir eftirfarandi matsgerð:

„Samkv. dómkvaðningu bæjarfógetans í Vestmannaeyjum eftir beiðni hr. hæstaréttarlögmanns Jóns Hjaltasonar, dags. 6. maí 1969, höfum við undirritaðir framkvæmt eftirfarandi matsgerð á húseigninni Kirkjuveg 64, Vestmannaeyjum.

Í matsgerð okkar á sömu húseign hinn 25. jan. 1967 töldum við húseign þessa 1.200.000.00 króna virði.

Með tilliti til verðhækkana og söluverðs í bænum hér almennt metum við húsið nú á kr. 1.350.000.00 með 240 m^2 lóð.

Í sömu matsgerð töldum við eignina rýrna um 5%, ef af lóðinni færu 60 ferm., þrátt fyrir nýjar útitröppur og steypta girðingu við Hvítingaveg.

Nú hefur komið fram, að lóðarskerðing er ekki nema 26 m^2 í stað 60 m^2. Með sama sjónarmiði verður rýrnun eignarinnar 2.33% af áætluðu húsverði, kr. 1.350.000.00, eða kr. 31.355.00. Samkv. framansögðu metum við húseign þessa í dag með 26 m^2 lóðarskerðingu á kr. 1.318.545.00.

Horn það af vatnsgeymi, sem stendur út í gangstétt Hvítingavegar og er um 1.5 m^2, teljum við eðlilegast, að bæjarsjóður Vestmannaeyja fjarlægi á sinn kostnað, þegar hætt verður að nota plássið til geymslu á vatni, og settur verði um leið lítill gluggi, svo plássið verði nothæft til geymslu.

Í upphafi matsgerðar mættu hr. Jón Hjaltason og húseigandi. Einnig mætti hr. Ólafur Gunnarsson, bæjarverkfræðingur, fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar.

Vestmannaeyjum, 15. júlí 1969.

Ólafur Á. Kristjánsson. Guðlaugur Guðjónsson".

Vegna þessa mats og hinna tveggja, er áður er getið, mætti Ólafur Á. Kristjánsson fyrir dómi. Kom þá meðal annars fram, að matsmenn hafa gert ráð fyrir steinsteyptri girðingu með Hvítingavegi og sé með því gert ráð fyrir, að girðingar umhverfis húsið séu að fullu bættar. Einnig kom fram, að samlagningar-

skekkja hefur orðið í niðurstöðu matsgerðar samkvæmt beiðni stefnda. Þá sagði matsmaðurinn, að hækkun, sem gert er ráð fyrir frá fyrra mati, sé vegna verðhækkana, en eigi hafi verið tekið tillit til vaxta. Matsmaðurinn sagði, að verðhækkun hefði verið miðuð við, að 4. fl. lóðarleigusamnings væri eigi gildur gagnvart lóðarhafa.

Í málinu hafa verið lögð fram ýmis viðbótargögn, frá því það var rekið hér í réttinum áður. Af þeim gögnum er meðal annars upplýst, að lóð stefnanda hefur verið skert um 26 m², og er það atriði því eigi ágreiningsefni milli aðilja.

Um kröfuliði stefnanda.

Stefndi hefur samþykkt að greiða liði I og II samkvæmt matsgerð 15. júlí 1969, sbr. dómsskjal nr. 30 (útskrift úr fundargerðabók bæjarráðs Vestmannaeyja). Þykir því þegar af þeirri ástæðu rétt að leggja matsgerðina til grundvallar I. og II. lið, en hafna aðaldómkröfu stefnda.

Eigi verður fallizt á þá skoðun stefnda, að hann eigi sjálfdæmi í máli þessu, sbr. 4. tölulið lóðarleigusamnings og afsal ríkissjóðs Íslands til Vestmannaeyjakaupstaðar fyrir öllu landi í Vestmannaeyjum, enda er sjálfdæmi fjarstætt þeirri réttarvitund, sem ríkir hér á landi.

Þar sem ekki hefur verið óskað yfirmats og þrátt fyrir að réttmæt andmæli hafa komið fram á aðferð þá, er matsmenn notuðu við að reikna út verðrýrnun húss, þykir niðurstaða matsmanna í matsgerð frá 15. júlí 1969, sem tekin er upp hér að framan, kr. 31.455.00, hæfileg. Ber því að taka þá fjárhæð til greina að fullu.

IV. og V.

Rétt þykir, að stefndi greiði málskostnað, og verða því þessir liðir teknir til greina að fullu.

Stefnandi hefur viðurkennt til skuldajafnaðar kr. 30.000.00 af gagnkröfum stefnda, en öðrum gagnkröfum er vísað frá, þar sem þær eru óstaðfestar og óupplýstar.

Um vaxtakröfur.

Rétt þykir, að vextir reiknist frá 15. júlí s.l., þ. e. dagsetningu matsgerðar af liðum I, II, III og V, en frá 25. janúar 1967 af lið IV. Vaxtafótur þykir hæfilega ákveðinn 8% af liðum I, II, IV og V, en 7% af lið III.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 91.010.00 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 86.500.00 frá 15. júlí 1969 til greiðsludags og af kr. 4.510.00 frá 25. janúar 1967 til greiðsludags auk þess kr. 31.455.00 ásamt með 7% ársvöxtum

frá 15. júlí 1969 til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 30.000.00, sem greiddar voru hinn 1. október 1969, og skulu þær dragast frá kröfu stefnanda, miðað við þann dag.

Hæfilegt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 23.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Vestmannaeyjakaupstaður, greiði stefnanda kr. 91.010.00 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 86.500.00 frá 15. júlí 1969 til greiðsludags og af kr. 4.510.00 frá 25. janúar 1967 til greiðsludags og kr. 31.455.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1969 til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 30.000.00, sem greiddar voru hinn 1. október 1969, sem skulu dragast frá kröfum stefnanda, miðað við þann dag. Stefndi skal greiða stefnanda kr. 23.000.00 í málskostnað. Allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. marz 1971.

Nr. 173/1970. **Páll Kristinsson**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Kristni Finnbogasyni
(Guðjón Styrkársson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnám. Valdsvið fógetadóms.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1970 og krafizt þess, að „leyfður verði framgangur fjárnámsgerðar þeirrar, sem í málinu greinir, til tryggingar skuld stefnda samkvæmt dómsátt aðilja frá 13. febrúar 1969“ svo og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur

og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi telur, að stefndi hafi vanefnt sátt þá, sem í málinu greinir, og að hann eigi af þeim sökum hreina peningakröfu á hendur stefnda. Beri fógeta að framkvæma fjárnám til fullnustu þeirri peningakröfu. Nefnd sátt er eigi þannig úr garði gerð, að það sé á valdi fógeta að framkvæma án undan gengins dóms fjárnám samkvæmt sáttinni til greiðslu í reiðu fé. Að þessu athuguðu ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Páll Kristinsson, greiði stefnda, Kristni Finnbogasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 28. júlí 1970.

Þær kröfur eru gerðar í máli þessu af hálfu gerðarbeiðanda, Páls Kristinssonar, Síðumúla 21, að fram fari fjárnám í eignum gerðarþola, Kristins Finnbogasonar, Úthlíð 16, til tryggingar skuld að upphæð kr. 90.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1. júní 1969 til greiðsludags svo og til tryggingar kr. 145.00 fyrir kostnaði við endurrit og birtingu, kr. 250.00 fyrir ritun fjárnámsbeiðni og til tryggingar kostnaði við fjárnám og uppboð.

Enn fremur er krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola vegna flutnings fjárnámsmáls þessa.

Af hálfu gerðarþola er framgangi fjárnáms mótmælt og málskostnaðar krafizt úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 8. þessa mánaðar. Hafði verið gert ráð fyrir munnlegum flutningi málsins þann dag, en er til kom, vildu umboðsmenn aðiljanna leggja málið til úrskurðar, án þess að munnlegur flutningur færi fram.

Það er komið fram í máli þessu, að hlutafélagið Bláfeldur hafði á sínum tíma á leigu húsnæði hjá gerðarbeiðanda, Páli

Kristinssyni, að Síðumúla 21 hér í borg. Gerðarþoli máls þessa, Kristinn Finnbogason, var á þeim tíma í stjórn hlutafélagsins og framkvæmdastjóri þess.

Á árinu 1967 höfðaði gerðarbeiðandi mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Bláfeldi h/f til heimtu vangoldinnar húsaleigu: málið nr. 7002/1967, og hinn 13. febrúar 1969 tókst sátt í bæjarþinginu með aðiljum, og er sáttin á þessa leið:

„Kristinn Finnbogason, framkvæmdastjóri Bláfelds h.f., tekur að sér persónulega að greiða skuldina til Páls Kristinssonar með skuldabréfi að upphæð kr. 90.000.00, sem hann lofar að afhenda fyrir 1. júní 1969.

Bréfið verði veðtryggt í fasteign og beri 8% vexti p. a. og greiðist á fimm árum með jöfnum afborgunum, enda teljist bréfið nægilega veðtryggt. Bréfið afhendist á skrifstofu Ólafs Þorgrímssonar, hrl., Austurstræti 14, Reykjavík.

Sátt þessi er aðfararhæf.

Sátt þannig gjörð.

Kristinn Finnbogason. Páll Kristinsson.

Bæjarþingi slitið.

Hrafn Bragason.

Ólafur Þorgrímsson. Guðjón Styrkársson.

Vottur:

Elín Hjaltadóttir“.

Þessi sátt liggur fyrir í fógetamáli þessu sem rskj. nr. 2, og ber endurrit hennar áritun stefnuvotta um birtingu fyrir Kristni Finnbogasyni hinn 24. febrúar þ. á.

Lögmaður Kristins Finnbogasonar ritar lögmanni Páls Kristinssonar bréf hinn 13. marz 1970, rskj. 8, og kveðst senda honum veðskuldabréf að upphæð kr. 90.000.00 til fullnægju nýnefndri sáttargerð. Hefur endurrit þessa bréfs komið fram í málinu sem rskj. 9. Bréf þetta er útgefið til handhafa hinn 10. marz 1970 af Guðbjörgu Jóhannsdóttur, Úthlíð 16. Það er tryggt með 4. veðrétti og uppfærslurétti á eftir veðskuldum, upphaflega samtals að fjárhæð kr. 700.000.00, í 2. hæð húseignarinnar Úthlíð 16, og telur bréfið íbúðina vera ⅓ hluta allrar fasteignarinnar. Gjalddagar eru misserislegir á 5 árum, en 1. gjalddagi er 1. júní 1970. Bréfið geymir tíðkanleg ákvæði um vanskilaaðildir.

Lögmaður Páls Kristinssonar endursendi veðskuldabréf þetta hinn 18. marz með þeim athugasemdum, að telja verði rétt skuldara samkvæmt sáttinni til að greiða með veðskuldabréfi fallinn niður fyrir löngu. Það skilyrði hafi verið sett í sáttargerð

aðilja, að bréfið yrði afhent ekki síðar en 1. júní 1969 og þrátt fyrir tilraunir til að fá skuldarann til að standa við skuldbindingar sínar hafi það fyrst verið, eftir að sáttin var birt til endurnýjunar á aðfararhæfi hennar 24. febrúar þ. á., sbr. áritun á sáttina, að hlaupið hafi verið til að bjóða skuldabréf fram. Loks er á það bent, að bréfið virðist ekki nægilega veðtryggt. Það sé tryggt með 4. veðrétti á eftir nýlegum lánum, samtals kr. 700.000.00, en fasteignamat aðeins kr. 113.800.00.

Fjárnámsbeiðni gerðarbeiðanda er dagsett 18. marz þ. á. Eins og áður segir, var sáttin birt gerðarþola, Kristni Finnbogasyni, með stefnuvottum hinn 24. febrúar s.l. Bendir gerðarbeiðandi á það, að gerðarþoli hafi ekki afhent skuldabréf á tilskildum tíma, hvort sem um sé að ræða skort á vilja eða getu til þess, en greiðsluskylda hans sé óbreytt og gangi nú út á greiðslu á jafnvirði bréfsins í peningum, og vísar gerðarbeiðandi til 11. gr. aðfararlaga í því sambandi.

Gerðarþoli kveðst aðeins hafa tekið að sér að greiða skuld Bláfeldar h/f með því að móti að afhenda skuldabréf. Sú afhending hafi að vísu dregizt, en um það hafi verið haft náið samband við umboðsmann gerðarbeiðanda. Heldur gerðarþoli því fram, að veðbréf það, er hann bauð fram, sbr. rskj. 8 og 9, hafi í alla staði verið nægilega veðtryggt og vel úr garði gert og í samræmi við sáttarákvæðin, og vísar gerðarþoli til vottorðs um brunabótamat á eignarhluta þeim, er að veði stendur, en það nemur kr. 2.139.000.00, sjá rskj. 6. En allar veðskuldir á eignarhlutanum, sem gangi fyrir veðskuldinni samkvæmt hinu fram boðna bréfi nemi samtals kr. 700.000.00 á þinglýsingardegi, sbr. veðbókarvottorð á rskj. 7.

Það liggur ekki alveg ljóst fyrir í sáttinni á rskj. 2, hvort hin persónulega greiðsluskylda gerðarþola sé einskorðuð við greiðslu með veðskuldabréfi. En það var auðvitað á valdi gerðarbeiðanda að ganga ekki til sátta með öðru móti en því, að þessi skylda gerðarþola yrði óbundin af greiðsluformi. Var sérstök ástæða til að ganga vel frá þessu atriði, þegar á það er litið, að allur undirbúningur að sáttinni að öðru leyti, sérstaklega að því er veðtryggingu varðar, sýnist hafa verið með eindæmum losaralegur. Verður að telja, að vafi sá, sem er um þetta atriði, verði að skoðast gerðarbeiðanda í óhag við skýringu á sáttinni, þannig að gerðarþoli teljist aðeins bundinn til að greiða með veðskuldabréfi. Er í því sambandi rétt að hafa í huga, að upphaflega var skuldin ekki hans eigin, heldur Bláfeldar h/f.

Þessi skylda gerðarþola er í eðli sínu ekkert annað en skylda til peningagreiðslu með gjaldfresti. Kemur ekki til álita, að komið geti til kasta fógeta að meta til peninga samkvæmt reglum aðfararlaga nauðsyn gerðarbeiðanda til þess, að gerðarþoli gefi út veðskuldabréf til hans.

Verður því ekki annað fyrir hendi en að vísa fjárnámskröfu gerðarbeiðanda á bug.

Málskostnaður fellur niður í máli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Fjárnámsgerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 22. marz 1971.

Nr. 68/1970. **Guðrún Enitra Jónsdóttir**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Jóni Bjarnasyni (sjálfur)
Ragnari Aðalsteinssyni og
(Sigurður Helgason hrl.)
Theodór Ingólfssyni
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1970. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur „verði ómerktur“, en til vara, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Jóns Bjarnasonar.

Stefndi Jón Bjarnason hafði upphaflega gagnstefnt í málinu, en gagnsökin var felld niður við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti. Krefst hann staðfestingar úrskurðar uppboðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Ragnar Aðalsteinsson hefur engar kröfur haft uppi.

Stefndi Theodór Ingólfsson krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Krafa áfrýjanda um ómerkingu og heimvísun málsins hefur ekki verið studd neinum haldbærum rökum.

Víxlarnir tveir, sem málið fjallar um, voru samþykktir til greiðslu við sýningu af veðsala, Magnúsi H. Valdimarssyni. Víxilhafi, stefndi Jón Bjarnason, hefur ekki glatað rétti sínum á hendur samþykkjanda, þótt afsagnargerð vegna greiðslufalls færi ekki fram, sbr. 53. gr. víxillaga nr. 93/1933. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð með skírskotun til forsendna hans.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Jóni Bjarnasyni málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 15.000.00. Þá ber og áfrýjanda að greiða stefnda Theodór Ingólfssyni kr. 5.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðrún Enitra Jónsdóttir, greiði stefnda Jóni Bjarnasyni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Áfrýjandi greiði stefnda Theodór Ingólfssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 19. marz 1970.

Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður, hér í borg, hefur krafizt þess, að fasteignin nr. 1 við Réttarholtsveg, að undantekinni risíbúð og því, sem henni fylgir, verði samkvæmt ákvæðum tryggingarbréfs seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld samkvæmt tveim víxlum, samtals 109.261.00 kr. með 9% ársvöxtum frá 28. desember 1965 til 22. desember 1966, en 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 22. desember 1966 til greiðsludags auk innheimtulauna samkvæmt taxta L. M. F. Í. og alls kostnaðar við uppboðið. Þá krefst hann sérstaks málskostnaðar fyrir sókn uppboðsmáls þessa.

Ragnar Aðalsteinsson, Kópavogsbraut 70, eigandi 1. hæðar hússins Réttarholtsvegar 1 og hluta af kjallara, og Theodór Ingólfsson, Réttarholtsvegi 1, eigandi íbúðar á 2. hæð, en þeir eru uppboðsþolar í máli þessu, hafa mótmælt því, að uppboðsgerð þessi nái fram að ganga. Þeir hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar í máli þessu.

Guðrún Enitra Sólberg Jónsdóttir, sem dvelst á Borgarspítalanum í Reykjavík, hefur gerzt meðalgönguaðili í uppboðsmáli þessu. Hún hefur gert þær réttarkröfur, að synjað verði um hina umbeðnu uppboðsgerð og að sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi uppboðsbeiðanda.

Uppboðsheimildir hafa komið fram í máli þessu sem rskj. 2 og 3 víxlar og nr. 4 tryggingarbréf. Er tryggingarbréf þetta gefið út 7. janúar 1955 af Magnúsi H. Valdimarssyni, þá til heimilis og þáverandi eiganda að Réttarholtsvegi 1. Hann veðsetur þar húseignina Réttarholtsveg 1 ásamt leigulóð með 3. veðrétti og uppfærslurétti löglegum handhafa víxils að upphæð 100 þúsund krónur, sem hann kveðst hafa samþykkt til greiðslu 26. desember 1965, en sem sé útgefinn af Guðrúnu Jónsdóttur, Réttarholtsvegi 1. Tíðkanleg ákvæði um vanefndaráðstafanir handhafa eru í bréfi þessu, þ. á m. að þá, er skuldin sé komin í gjalddaga, megi láta selja veðið á uppboði án dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum 1. greinar laga nr. 57/1949 og 39. greinar laga nr. 95/1947, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887. Veðsetningin nær til endurnýjunarvíxla og án tillits til, hvort sömu víxilskuldarar eru á síðari víxlum. Guðrún Jónsdóttir, þáverandi eiginkona veðsala, meðalgönguaðili máls þessa, ritar samþykki sitt á bréfið. Tryggingarbréfi þessu var athugasemdalaust þinglýst 22. janúar 1955.

Á bréfið hafa síðan verið gerðar áritanir um veðleyfi og um að risíbúð hafi verið leyst úr veðböndum.

Þá hefur uppboðsbeiðandi lagt fram tvo víxla, rskj. 2 og 3. Er sá fyrri að upphæð kr. 100 þúsund, samþykktur til greiðslu við sýningu af Magnúsi H. Valdimarssyni, en útgefinn 28. desember 1965 af Jóni Bjarnasyni. Á víxil þennan er ritað, að hann sé framlenging á víxli, tryggðum með veði í Réttarholtsvegi 1. Víxillinn á rskj. 3 er að fjárhæð kr. 9.261.00. Hann er samþykktur til greiðslu við sýningu af Magnúsi H. Valdimarssyni, en útgefinn af Jóni Bjarnasyni 28. desember 1967.

Á bakhlið hvors víxils er þetta ritað: „Víxillinn sýndur mér til greiðslu 22/12 1966. Magnús H. Valdimarsson".

Uppboðsbeiðandi kveður víxilinn á rskj. 2 vera síðasta árlegan framlengingarvíxil fyrir skuld þeirri, er tryggingarbréfið á rskj. 4 átti að tryggja. Hann bendir á það ákvæði bréfsins, að veðsetningin tryggði skuld samkvæmt framlengingarvíxli. Hann gerir þá grein fyrir víxlinum á rskj. 3, að þar sé um að ræða stimpilkostnað víxlanna og vexti af höfuðstólnum fyrir tímabilið 28. desember 1964 til jafnlengdar 1965. Hann minnir á það ákvæði tryggingarbréfsins, að veðsetning tryggi stimpilútgjöld og víxilvexti. Vextir hafi verið greiddir eftir á.

Uppboðsbeiðandi kveðst hafa sýnt samþykkjanda víxla þessa til greiðslu hinn 22. desember 1966, sbr. áritanir á bakhlið víxlanna, en greiðsla hafi ekki fengizt og sé þess vegna gengið að veðinu.

Það er komið fram í málinu, að 17. febrúar 1965 var gerður skilnaður þeirra Magnúsar Harðar Valdimarssonar og Guðrúnar Jónsdóttur, og hinn 27. sama mánaðar gerðu þau með sér samkomulag um búskipti, og hefur það samkomulag í heild verið lagt fram í málinu sem rskj. 12. Þar kemur fram, að Guðrún varð eigandi húseignarinnar Réttarholtsvegar 1, að undanskilinni rishæð, sem Magnús hélt. Hún tók að sér að greiða veðskuldir, áhvílandi eigninni, og hefur bent á 3. lið þess skuldalista, sem sé: 100.000.00 kr. skuld við handhafa víxils. Vísast hér til rskj. 10 í máli þessu.

Með afsali, dags. 12. nóvember 1966, selur Guðrún Jónsdóttir Ragnari Aðalsteinssyni 1. hæð og kjallara hússins. Er tekið fram í afsalinu, að söluverð hafi verið greitt, m. a. með viðgöngu tveggja áhvílandi veðskulda tiltekinna. Þess er getið í afsalinu, að kaupanda sé kunnugt um skuld á 2. og 3. veðrétti, handhafa víxils samkvæmt veðbréfi 7. janúar 1955, að fjárhæð kr. 100.000.00,

og skuld við Tóbakseinkasölu ríkisins samkvæmt veðbréfi 26. febrúar 1958, að fjárhæð kr. 50.000.00. Segir síðan svo: „Skuldir þessar eru að fullu greiddar, en veðbréfin hafa glatazt. Seljandi skuldbindur sig til að láta ógilda bréf þessi með dómi".

Hinn 25. júlí 1967 selur Guðrún Theodór Ingólfssyni 4ra herbergja íbúð á 2. hæð hússins Réttarholtsvegar 1. Því er lýst yfir í afsali, að kaupverð hafi verið að fullu greitt, og skuldbindur seljandi sig til að aflýsa eftirtöldum skuldum, kaupanda að kostnaðarlausu, fyrir 1. október 1967: a) skuld við handhafa víxils samkvæmt veðbréfi, dags. 7. janúar 1955, kr. 100.000.00, tryggðri með 1. veðrétti, b) skuld við Tóbakseinkasöluna og c) skuld við handhafa víxils, kr. 358.365.80.

Þeir Ragnar Aðalsteinsson og Theodór Ingólfsson hafa báðir látið skila greinargerðum í málinu og vísa hvor um sig til þess ákvæðis í afsölum, að Guðrún Jónsdóttir skuldbindi sig til að láta aflýsa hinni umkröfðu veðskuld á þeirra eignarhlutum. Mótmæla þeir uppboði á þeim grundvelli, að þessi krafa sé þeim allsendis óviðkomandi.

Guðrún Jónsdóttir, meðalgönguaðili í máli þessu, hefur skýrt svo frá, að hún muni hafa skrifað samþykki sitt á rskj. 4, a. m. k. segist hún hafa ritað undir skuldabréf til Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns á árinu 1955. Aftur á móti kveðst hún ekki hafa skrifað undir framlengingarvíxla fyrir hinum upprunalega víxli og hafi víxillinn verið framlengdur, hafi verið farið alveg á bak við hana með það.

Í máli þessu er fært fram af hendi meðalgönguaðiljans, að þá er samningurinn á rskj. 10 var gerður, hafi hún að vísu tekið að sér að standa í skilum með hina umdeildu víxilskuld, en hún hafi hvílt þinglýst á eigninni, sem hún fékk í sinn hlut við skiptin, og ekkert annað fyrir hendi en að kveða svona á, og þessi yfirlýsing hennar hafi verið algerlega formleg, en engan veginn í henni nein viðurkenning um réttmæti kröfunnar. Hafi og verið talið, að skuldin væri greidd, enda þótt veðbréfið hafi glatazt. Hún segir, að Magnús H. Valdimarsson hafi tjáð sér, að Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður hafi tekið út vörur úr verzluninni Réttarholti til lúkningar skuldinni. Þá hafi verið talið, að ef svo reyndist, að víxillinn væri ógreiddur, þá væri hann fyrndur og veðréttur samkvæmt tryggingarbréfinu niður fallinn sökum rangra og brestandi forsendna.

Meðalgönguaðilinn kveðst nú hafa farið í ógildingarmál, um það leyti sem hún seldi hlutana af Réttarholtsvegi 1. Þá hafi Jón

Bjarnason hæstaréttarlögmaður sótt þing, og með tryggingarbréfið í höndum, og hafi ekkert verið fyrir hendi annað en láta hefja ógildingardómsmálið.

Meðalgönguaðilinn staðhæfir, að Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður sé ekki löglegur handhafi og eigandi skjala þeirra, sem uppboðskrafan byggist á. Hún mótmælir því, að greiðslufall hafi orðið af hálfu Magnúsar H. Valdimarssonar, og sanni áritun hans á víxilinn ekkert um þetta atriði. Aðeins ein sönnun verði færð að greiðslufalli á víxli: afsagnargerð. Hér hafi afsögn verið látin undan fallast og leiði af því og víxilreglum að öðru leyti, að víxillinn sé ógildur fyrir vangeymslu og veðsetningin þar með fallið niður, einnig fyrir rangar og brestandi forsendur. Tryggingarbréfsveðréttur standi og falli með gildi sjálfs víxilsins samkvæmt almennum reglum.

Loks bendir meðalgönguaðilinn á það, að Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður hafi færzt undan að leggja fram framtöl sín fyrir þau ár, sem skuldin er sögð vera í gildi. Hann verði samkvæmt almennum reglum réttarfars að bera hallann af því, og er staðhæft, að hann hafi aldrei á þessum árum talið sér kröfu þessa til eignar. Um önnur gögn, sem komið hafa fram í málinu og uppboðsbeiðandi hefur viljað byggja rétt á, sjá t. d. rskj. 13, 20 og 21, er því haldið fram, að meðalgönguaðilinn hafi ekki undirritað þau.

Uppboðsbeiðandi segir, að víxillinn á rskj. 3 sé þannig til kominn, að hann hafi útvegað Magnúsi H. Valdimarssyni 100.000.00 kr. lán. Hann segir og, að þá er samningurinn á rskj. 10 var gerður, hafi umboðsmaður Guðrúnar Jónsdóttur spurt um, hvar víxill sá, sem um getur í 3. tl. 3. gr. samningsins, væri niðurkominn, og segist uppboðsbeiðandi hafa sagzt vera handhafi hans og jafnframt svarað til um gjalddaga hans. Hann segir, að aldrei hafi verið nefnt við sig, að víxillinn mundi vera fyrndur eða greiddur eða veðréttur niður fallinn og hafi verið hægt um hönd hjá meðalgönguaðiljanum að láta slíka athugasemd koma fram við gerð samningsins á rskj. 10. Það sé ekki rétt hjá meðalgönguaðiljanum, að farið hafi verið á bak við hana með framlengingar, en hún hafi þó ekki þurft að standa að framlengingum, svo veðréttur héldist samkvæmt ákvæðum bréfsins. Uppboðsbeiðandi heldur því fram, að bæði Magnús og Guðrún Jónsdóttir hafi vitað um og viðurkennt tilvist skuldarinnar á árinu 1957 og á árinu 1959 og það komi fram í skýringum sonar þeirra hjóna, Valdimars, viðfestum veðbókarvottorði á rskj. 22, að veðskuldin

var óbreytt árið 1960. Þá vísar uppboðsbeiðandi til bréfs síns til umboðsmanns Guðrúnar 16. nóvember 1964, rskj. 24, þar sem veðskuldar þessarar er getið með öðrum skuldum, og við þeirri staðhæfingu hafi verið þagað. Enn vísar hann til sameiginlegs framtals Magnúsar og Guðrúnar árið 1965, þar sem skuldarinnar sé getið, og loks bendir hann á, að Magnús H. Valdimarsson hafi borið hér í uppboðsréttinum, að skuldin sé ógreidd. Þegar á þetta sé litið, segist uppboðsbeiðandi ekki hafa neina ástæðu til þess að leggja fram framtöl sín.

Uppboðsbeiðandi vísar á bug vefengingu meðalgönguaðiljans á réttmætri handhöfn hans. Handhöfnin og yfirlýsing Magnúsar H. Valdimarssonar um greiðslufall sýni, að víxillinn sé ógreiddur. Ekki hafi verið þörf frekari sönnunar fyrir greiðslufalli. Afsagnargerð hafi hér ekki átt við, en sú athöfn fari fram til þess að tryggja rétt víxilhafa gagnvart útgefanda og ábekingum víxils, en hér sé ekki um þá að ræða. Uppboðsbeiðandi kveður sér óviðkomandi samninga Magnúsar H. Valdimarssonar og meðalgönguaðiljans um skuldina svo og ráðstafanir meðalgönguaðiljans og samninga við þá uppboðsþolana, Ragnar Aðalsteinsson og Theodór Ingólfsson, þeir verði að þola uppboð í sínum eignarhlutum vegna þess, að hlutirnir höfðu verið löglega veðbundnir, er uppboðsþolarnir urðu eigendur þeirra.

Magnús H. Valdimarsson, sem búsettur er í Bogahlíð 12, hefur skýrt svo frá, að uppboðsbeiðandi, Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður, sé eigandi víxla og tryggingarbréfs, rskj. 2—4, og hafi hann verið eigandi upphaflega víxilsins og síðari framlengingarvíxla, og segir hann, að víxillinn hafi verið framlengdur reglulega, en dagsetningar og nánari tildrög kveðst hann nú ekki muna. Hann kveðst ekki muna til þess, að Guðrún Jónsdóttir hafi ritað nafn sitt á framlengingarvíxla.

Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður hefur handhöfn víxla þeirra, sem hann byggir kröfu sína á, og tryggingarbréf það, er heimilar fullnustugerð í veðinu, hluta af Réttarholtsvegi 1. Sú staðhæfing, að gallar séu á handhöfn og eignarrétti hans á skjölum þessum og kröfum, hefur ekki verið rökstudd. Þar eð veðið tryggir jafnframt áfallna vexti, virðist ekkert við það að athuga, þó sérstakur víxill hafi verið gerður um þær upphæðir. Ekkert virðist hafa komið fram í máli þessu því til hnekkis, að víxillinn á rskj. 2 sé síðastur í röð framlengingarvíxla og að hann sé ógreiddur.

Með eignaskiptasamningnum á rskj. 10 tók meðalgönguaðilinn,

Guðrún Jónsdóttir, að sér veðskuld við handhafa víxils að upphæð kr. 100.000.00, en veðið varð eign hennar samkvæmt þessum samningi. Það er ekki sérstaklega vefengt í máli þessu, að þar væri um að ræða þá víxilskuld, sem liggur fyrir í uppboðsmáli þessu, í formi framlengingarvíxils, rskj. 2. Þessi yfirlýsing meðalgönguaðiljans um viðgöngu veðskuldarinnar er fortakslaust orðuð og hafi hún þá talið skuld þessa vera greidda, kemur það í öllu falli ekki fram í samningnum, og hefði þó verið full ástæða til þess þá. Verður að ganga út frá því, að hún hafi með þessu undirgengist ákvæði tryggingarbréfsins og að þola innheimtuaðgerðir víxilhafa í veðinu, ef greiðsla þryti af hálfu Magnúsar H. Valdimarssonar. Með því að Magnús var samþykkjandi víxilsins og eini víxilskuldarinn og ekki um að ræða neina endurkröfu á hendur honum samkvæmt víxlinum, þykir ekki ástæða til að líta svo á, að uppboðsbeiðandi hafi verið nauðbeygður til að láta fara fram afsagnargerð til sönnunar greiðslufalli. Verður að telja, að greiðsluáskorun sú, sem felst í áritun á víxlana um sýningu til greiðslu, nægi eftir atvikum til að heimila, að gengið verði að veðinu.

Ákvæði tryggingarbréfsins á rskj. 4 heimilar uppboðsbeiðanda fullnustugerð í veðinu án dóms, sáttar eða aðfarar. Samningar uppboðsþolanna, Ragnars Aðalsteinssonar og Theodórs Ingólfssonar, við meðalgönguaðiljann, Guðrúnu Jónsdóttur, skipta ekki máli um þennan rétt uppboðsbeiðanda. Verður hin umbeðna uppboðsgerð látin ná framgangi á ábyrgð uppboðsbeiðanda til lúkningar kr. 109.261.00 með 1% mánaðarvöxtum frá 22. desember 1966 til greiðsludags svo og til lúkningar innheimtulaunum til uppboðsbeiðanda samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands, kr. 8.563.00, og öðrum kostnaði við uppboðið.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í uppboðsmáli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp þennan úrskurð.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna uppboðsgerð fer fram á ábyrgð uppboðsbeiðanda til lúkningar kr. 109.261.00 með 1% mánaðarvöxtum frá 22. desember 1966 til greiðsludags svo og til lúkningar innheimtulaunum, kr. 8.563.00, og öðrum kostnaði við uppboðið.

Málskostnaður í uppboðsréttarmáli þessu fellur niður.

Mánudaginn 22. marz 1971.

Nr. 225/1970. **Soffía Þorkelsdóttir**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Ólafi Sigurðssyni
Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skiptamál. Hjónaskilnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Arnar G. Hinriksson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1970 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, honum dæmd sýkna og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Skjöl máls þessa bera það með sér, að fullnaðarskipti á eignum aðilja vegna hjónaskilnaðar þeirra hafi eigi farið fram. Uppskrift á eignum þeirra verður að skoða sem upphaf opinberra skipta á búi þeirra. Ákvörðun um uppskrift á vörubirgðum hannyrðaverzlunarinnar Álftá felur eigi í sér dóm um, hvort sú verzlun er eign annars aðilja eða beggja. Úrlausn þess atriðis ber undir síðari úrskurð skiptadóms, ef ágreiningur verður.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt er, að málskostnaður falli niður fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Keflavíkur 19. desember 1970.

Með bréfi, dags. 25. nóvember 1970, óskaði Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður f. h. Ólafs Sigurðssonar eftir því, að uppskrift færi fram á eignum félagsbús þeirra hjónanna Soffíu Þorkelsdóttur, en þau bjuggu að Ásabraut 10 hér í bæ. Bæjarfógetinn í Keflavík gaf þann 27. nóvember 1969 út leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng.

Í leyfisbréfinu var bókað svofellt samkomulag þeirra um skiptingu eigna og þær taldar upp þannig: Fasteignin Ásabraut 10 hér í bæ, Trabant bifreið, árgerð 1967, og venjulegt innbú.

Samkomulag er um skiptingu innbúsins og enn fremur að húseignin og bifreiðin skuli vera áfram í óskiptri sameign þeirra hjóna í eitt ár.

Eiginmaðurinn óskaði eftir uppskriftinni, þar eð hann taldi, að skipting félagsbúsins hefði alls ekki átt sér stað.

Uppskrift þessi hófst fimmtudaginn 26. nóvember s.l. Fór þá fram uppskrift og virðing á eignum félagsbúsins, þ. e. innbúi, fasteign og bifreið. Uppskrift á vörulager verzlunarinnar Álftá var frestað til laugardagsins 5. desember kl. 10 f. h.

Er uppskrift þessi átti fram að fara, var komið að dyrum verzlunarinnar læstum og engan að finna, er lyklavöld hafði að húsinu. Féllst lögmaður Ólafs þá á að fresta uppskriftinni til mánudagsins 7. desember s.l. kl. 10 f. h.

Skiptaráðandi kom boðum til Soffíu um fyrirhugaða uppskrift með símtali við dóttur þeirra hjóna, Gunnhildi, sem býr á Ásabraut 10. Er uppskriftin skyldi nú fara fram, var enn komið að dyrum verzlunarinnar læstum og engan að finna með lyklavöld að húsinu.

Eftir kröfu lögmanns eiginmannsins lét skiptaráðandi nú innsigla dyr verzlunarinnar og vörulagersins, til að unnt væri að ganga að vörulagernum ósnortnum, er til kæmi.

Við fyrstu uppskriftargerðina var bókuð svofelld yfirlýsing eftir hjónunum:

„Hjónin upplýsa, að skipting félagsbús þeirra hafi ekki átt sér stað". Bæði hjónin rituðu nafn sitt undir þessa bókun.

Fimmtudaginn 10. desember skyldi uppskriftinni haldið áfram.

Var þá mættur f. h. eiginkonunnar Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, og gerði hann þá kröfu, að synjað yrði um framgang uppskriftarinnar, og óskaði jafnframt eftir því, að umbjóðanda sínum yrðu veitt umráð verzlunarinnar þegar í stað.

Samkomulag varð um að fresta málinu til greinargerðar til mánudagsins 14. desember s.l. Fór síðan fram munnlegur málflutningur í málinu eftir hádegi þess dags, og var málið að málflutningi loknum tekið til úrskurðar.

Eiginmaðurinn reisti kröfu sína á því, að skipti á félagsbúi þeirra hjónanna hefði ekki farið fram, eins og fram hefði komið í yfirlýsingu þeirra hér í réttinum þann 26. f. m. Enn fremur á því, að í skilnaðarleyfinu sé engu orði minnzt á eina aðaleign félagsbúsins, verzlunina Álftá. Þó svo að kveðið sé á í lögum, að skilnaðarleyfi megi eigi gefa út, fyrr en búskiptum sé lokið, geti það þó ei komið í veg fyrir, að skiptum verði fram komið, enda þótt skilnaðarleyfi hafi verið gefið út áður. Augljóst sé, að skiptaráðandi geti eigi framkvæmt skipti á félagsbúinu, nema allar eigur þess verði skrifaðar upp og virtar.

Eiginkonan reisir kröfur sínar á því, að við skilnað að borði og sæng þeirra hjóna hafi samkomulag um skiptingu eigna verið komið á og að án samkomulags hafi ekki verið unnt að gefa út leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng. Ekki sé í skilnaðarsáttmálanum neitt minnzt á verzlunina Álftá, sem hún kveðst ávallt hafa rekið ein, en í samvinnu við systur sína. Eiginmaðurinn hafi ekki ætlað sér að hafa nein afskipti af rekstri verzlunarinnar, eftir að þau skildu að borði og sæng, og að hún hafi eftir skilnaðinn birgt verzlunina að vörum og stundað þar viðskipti á eigin ábyrgð, þar til dyr verzlunarinnar voru innsiglaðar þann 7. þ. m. að henni óboðaðri og engum fyrir hennar hönd, þannig að við mætti koma vörnum.

Sjálf kveðst eiginkonan vera ólögfróð, en hún taldi hagsmunum sínum borgið í fyrsta þinghaldi þessa máls, er hún sá leyfisbréfið til skilnaðar að borði og sæng, og taldi ekki óeðlilegt, að uppskrift færi fram á innbúinu til að telja það endanlega sundur samkvæmt samkomulaginu frá 27. nóvember s.l. Orðalagið: „Hjónin upplýsa, að skipting félagsbúsins hafi ekki átt sér stað", hafi einungis táknað þá staðreynd, að þau hefðu ekki hvort um sig tekið endanlega í sína vörzlu sinn eignarhluta af innbúi.

Hins vegar sé ranglega talað um hlut búsins í vörulager verzlunarinnar Álftá og að það hafi aldrei verið ætlun hennar og

eiginmannsins, að hann ætti nokkra aðild að verzlun hennar eftir 27. nóvember 1969.

Auk þess sé gersamlega þýðingarlaust að skrifa upp vörulager verzlunarinnar nú, því að þar sé fyrst og fremst um að ræða það, sem hún hafi sjálf keypt eftir 27. nóvember 1969.

Báðir aðiljar kröfðust málskostnaðar úr hendi hins.

Fjármál þeirra hjóna fara eftir III. kafla laga nr. 20/1923. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. fyrrnefndra laga getur hvort hjóna um sig, eftir að þau eru skilin að borði og sæng, krafizt helmings af hreinni hjúskapareign beggja.

Engan kaupmála hafa hjónin gert.

Greinilegt er af leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng þeirra hjóna, útgefnu 27. nóvember 1969, að engin ákvörðun hefur verið tekin vegna verzlunarinnar Álftá, sem er skráð eign eiginkonunnar, og að skiptum með þeim hjónum sé því ekki lokið. Enginn skiptasamningur var lagður fram, er þau hjónin skildu að borði og sæng.

Ekki verður fallizt á þá skoðun eiginkonunnar, að samkomulag hafi orðið með þeim hjónum um skiptingu á verzluninni Álftá, og ber hún hallann á þeim sönnunarskorti, að samkomulag hafi orðið um skiptingu á verzluninni, enda var vörulager verzlunarinnar talinn til eigna félagsbúsins við uppskriftina þann 26. nóvember s.l. Rétt er að vekja athygli á því, að eiginkonan var boðuð til uppskriftarinnar bæði 5. desember s.l. og 7. desember.

Samkvæmt framanskráðu þykir nauðsyn vera á því, að hin umbeðna uppskrift verði látin fram ganga, til þess að búskiptum verði fram komið.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Ályktarorð:

Uppskrift og virðing á vörulager verzlunarinnar Álftá, Ásabraut 10, skal fram fara.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 26. marz 1971.

Nr. 27/1970. **Guðmundur Kr. Björnsson**
gegn
Garðari Guðmundssyni.

Dómendur:
nœstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snœvarr.

Læknaráð. Örorka.

Úrskurður Hæstaréttar.

Í máli þessu hefur aðaláfrýjandi óskað þess, að fengin verði umsögn Læknaráðs Íslands. Þykir verða að taka þá kröfu til greina, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942, þannig að ráðið lýsi áliti sínu á því, hvort „orsakasamband sé á milli sjúkdóms Garðars Guðmundssonar, sem talinn er valda örorku, og atburðar þess, er um ræðir í málinu".

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té álitsgerð samkvæmt framangreindu.

Föstudaginn 26. marz 1971.

Nr. 192/1970. **Ólafur Engilbertsson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Kristínu Stefánsdóttur og gagnsök
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Hjónaskilnaður. Skipti. Fjárnám. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. október 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. október 1970, samkvæmt 16. gr. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Hann krefst þess, *að* hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í héraði, *að* hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og *að* gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, þar með talinn kostnaður af vitnamáli nr. 3461/1970, sem rekið var fyrir bæjarþingi Reykjavíkur vegna hæstaréttarmáls þessa.

Gagnáfrýjandi gagnáfrýjaði málinu með stefnu 2. desember 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. desember 1970. Dómkröfur hennar við flutning málsins hér fyrir dómi voru þær, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og aðaláfrýjanda gert að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nýrra gagna, og aðiljar og vitni hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur um málsatvik.

Málsaðiljar, er gengið höfðu í hjónaband 17. janúar 1964, fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 4. júní 1968. Í samningi, er þau gerðu um eignaskiptingu, sagði m. a., að húseignin Vatnsendablettur 98 í Kópavogi skyldi „verða áfram í óskiptri sameign, þar til öðru vísi verður ákveðið". Yfirlýsingu um sameignina skyldi þinglýsa. Aðaláfrýjandi

tók að sér greiðslu tiltekinna skulda, þar á meðal „opinberra gjalda, er kunna að verða lögð á vegna tekna s.l. árs".

Með kaupsamningi, dags. 3. nóvember 1968, keypti aðaláfrýjandi eignarhluta gagnáfrýjanda í Vatnsendabletti 98. Afsal átti aðaláfrýjandi að fá 1. desember 1969. Sama dag áttu að falla í gjalddaga kr. 55.000.00 af kaupverði, og samþykkti aðaláfrýjandi víxil fyrir þeirri greiðslu. Fyrir kr. 150.000.00 af kaupverði skyldi aðaláfrýjandi gefa út skuldabréf með 2. veðrétti í eigninni, og átti að greiða það á fimm árum með jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta sinn 1. desember 1970, en vextir reiknast frá 1. desember 1969. Þetta skuldabréf afhenti aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda, en óútgefið. Aðaláfrýjandi greiddi ekki víxilinn á gjalddaga. Fól gagnáfrýjandi hann lögmanni sínum til innheimtu, og var aðaláfrýjandi með dómi bæjarþings Reykjavíkur dæmdur til greiðslu hans. Einnig fékk gagnáfrýjandi lögmanni sínum hið óundirritaða skuldabréf, en hann ritaði aftur aðaláfrýjanda svofellt kröfubréf:

„Fr. Kristín Stefánsdóttir, Glaðheimum 10, Rvík, hefur falið mér að innheimta kröfu á hendur yður, að fjárhæð kr. 150.000.00 auk vaxta og kostnaðar.

Ég mælist því til þess, að þér komið til viðtals fyrir 21. dec. næstk., svo að sætzt geti orðið á þetta mál".

Er aðaláfrýjandi kom til viðtals vegna kvaðningar þessarar, varð úr, að hann undirritaði veðskuldabréfið, en lögmaðurinn sendi það síðan hinn 23. janúar til þinglýsingar á kostnað aðaláfrýjanda, svo sem ráð hafði verið fyrir gert í kaupsamningi aðilja. Kom þá í ljós, að aðaláfrýjanda skorti þinglýsta heimild að eigninni, þar sem afsali til hans, dags. 8 desember 1967, hafði aldrei verið þinglýst. Kveður lögmaðurinn skuldabréfið hafa verið endursent af þessum sökum.

Höfðaði nú gagnáfrýjandi mál þetta með stefnu, dags. 27. janúar 1970, til heimtu kr. 151.670.00, svo sem í héraðsdómi er rakið. Átti að þingfesta málið á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 12. febrúar. Tveimur dögum fyrir þingfestingardag kom aðaláfrýjandi hins vegar í skrifstofu lögmanns gagn-

áfrýjanda, sem einnig hafði til innheimtu fyrrgreindan víxildóm, greiddi honum í reiðufé kr. 30.000.00, tók við veðskuldabréfinu, fékk það innritað til þinglýsingar og stimplað og skilaði því síðan aftur í skrifstofu lögmannsins. Hefur aðaláfrýjandi skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi skilið lögmanninn svo, að málssókn gagnáfrýjanda væri lokið vegna fyrrgreindra aðgerða. Lögmaðurinn hefur hins vegar borið fyrir dómi, að hann hafi tjáð aðaláfrýjanda, að fallið yrði frá að „gjaldfella" skuldabréfið, en haldið yrði við stefnukröfurnar að öðru leyti. Fór og svo, að gagnáfrýjandi hélt málssókninni áfram, en lækkaði stefnukröfurnar við þingfestingu um fjárhæð veðskuldabréfsins, eða niður í kr. 1.670.00 auk vaxta og málskostnaðar af stefnufjárhæðinni allri, eins og greinir í héraðsdómi. Var málið síðan dæmt samkvæmt framlögðum skjölum, þar sem aðaláfrýjandi sótti ekki þing og enginn af hans hendi.

Eins og atvikum málsins er háttað, er rétt að heimila aðaláfrýjanda að bera fram kröfur og málsástæður fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 57/1962.

Aðaláfrýjandi telur sér hafa verið með öllu óskylt að greiða gagnáfrýjanda þær kr. 1.670.00, sem hún krefur hann um í málinu, en fjárhæð þessi er iðgjald gagnáfrýjanda til Sjúkrasamlags Kópavogs fyrir tímabilið 1. maí 1967 til 31. maí 1968, og greiddi gagnáfrýjandi skuld þessa 20. janúar 1970. Til þess að losna við frekari málaferli kveðst aðaláfrýjandi hins vegar hafa fallizt á, að fyrrgreindar kr. 30.000.00 gengju upp í gjöld þessi, en afgangur greiðslunnar hafi átt að ganga upp í víxildóminn. Málskostnað eigi hann ekki að greiða, þar sem málssókn stefnanda í héraði hafi átt að falla niður vegna fyrrgreindrar greiðslu.

Gagnáfrýjandi heldur því hins vegar fram, að peningagreiðsla aðaláfrýjanda hafi öll átt að ganga upp í víxildóminn. Hafi aðaláfrýjanda verið gert ljóst, að haldið yrði við stefnukröfurnar, að því er tók til sjúkrasamlagsgjaldsins og málskostnaðar, þótt veðskuldabréfinu væri þinglýst og stefnukrafan lækkuð. Hafi aðaláfrýjandi samþykkt þetta. Kveðst lögmaður gagnáfrýjanda hafa vænzt þess, að aðal-

áfrýjandi kæmi aftur til að gera upp kröfur þessar, enda hafi ekki átt að þingfesta málið fyrr en eftir tvo daga.

Krafa gagnáfrýjanda um, að aðaláfrýjandi greiddi sjúkrasamlagsgjöld hennar, hafði enga stoð í lögum eða skiptasamningi aðilja. Aðaláfrýjandi samþykkti umfram skyldu að greiða henni þetta fé, en óhrakin er sú staðhæfing hans, að það samþykki hafi verið með því skilyrði veitt, að til þessa gengi hluti af 30 þúsund króna greiðslunni. Samkvæmt þessu og þar sem ekki eru leidd rök að því, að þá er málið var höfðað, hafi aðaláfrýjandi mátt krefja gagnáfrýjanda um fjárhæð veðskuldabréfsins, ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda.

Frestur til að áfrýja fjárnámsgerð þeirri, er málið fjallar um, var liðinn, þegar stefna var gefin út, og framangreint áfrýjunarleyfi tekur ekki til þeirrar dómsathafnar. Þessum þætti málsins er því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Eins og öllum málsatvikum er háttað, er rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð er sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Engilbertsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Kristínar Stefánsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. febrúar s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. janúar s.l., af Kristínu Stefánsdóttur, Glaðheimum 10, Reykjavík, gegn Ólafi Engilbertssyni bílaviðgerðarmanni, Vatnsendabletti 98, Kópavogi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 151.670.00 með 12% ársvöxtum frá 3. nóvember 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera eftirstöðvar af kaupverði samkvæmt kaupsamningi, dags. 3. nóvember 1968, kr. 150.000.00, og greiðsla, er hún hafi innt af hendi fyrir Ólaf

til Sjúkrasamlags Kópavogs, kr. 1.670.00, til þess að geta öðlazt réttindi í Sjúkrasamlagi Reykjavíkur.

Af skjölum málsins má ráða, að það hafi verið samkomulag stefnanda og stefnda, að stefndi gæfi út veðskuldabréf fyrir ofannefndum kr. 150.000.00 fyrir 1. desember 1969. Hafi skilmálar bréfsins átt að vera þeir, að stefndi greiddi skuld þessa með jöfnum árlegum afborgunum á fimm árum, hinn 1. desember ár hvert, í fyrsta sinn 1. desember 1970, ásamt vöxtum. Einnig átti stefndi að greiða stimplun og þinglýsingu þessa veðskuldabréfs. Þar sem stefndi hafði ekki staðið við þetta loforð, taldi stefnandi sig geta gjaldfellt þessa skuld alla í stefnu.

Í greinargerð stefnanda á dskj. nr. 3, sem lögð var fram við þingfestingu málsins 12. febrúar s.l., lýsir lögmaður stefnanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, viðskiptum þeim, sem að baki máli þessu liggja, og gerir breytingar á dómkröfunum. Er þess nú aðeins krafizt, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 1.670.00 með 12% ársvöxtum frá 20. janúar 1970 til greiðsludags, kr. 24.071.00 í málskostnað. Í lok greinargerðarinnar, sem dagsett er 11. febrúar 1970, segir: „Í gær kom stefndur til mín. Var þá fallin stimpilsekt á veðskuldabréfið og yfirlýsinguna. Kom stefndur þessu nú í lag, og sé ég því ekki lengur ástæðu til að gjaldfella bréfið, en málskostnað tjáði ég stefndum, að hann yrði að borga svo og sjúkrasamlagsgjaldið. Féllst stefndur á það".

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hennar teknar til greina.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000.00.

Garðar Gíslason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Engilbertsson, greiði stefnanda, Kristínu Stefánsdóttur, kr. 1.670.00 með 12% ársvöxtum frá 20. janúar 1970 til greiðsludags og kr. 18.000.0 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Kópavogs 29. apríl 1970.

Ár 1970, miðvikudaginn 29. apríl, var fógetaréttur Kópavogs settur að Vatnsendabletti 98 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Jóni Erlendssyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið Kristín Stefánsdóttir gegn Ólafi Engilbertssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dómsendurrit.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður vegna Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 1.670.00 með 12% ársvöxtum frá 20. janúar 1970 til greiðsludags, kr. 260.00 í birtingar-, endurritskostnað, kr. 18.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir kona hans, Ragnhildur Rögnvaldsdóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, Vatnsendabletti 98.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu/löghaldinu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Föstudaginn 26. marz 1971.

Nr. 212/1970. **Gunnlaugur Karlsson**
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
gegn
Finnboga Bjarnasyni
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1970. Það áfrýjunarmál féll niður vegna útivistar áfrýjanda 2. nóvember 1970. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjaði hann málinu af nýju með stefnu 18. nóvember 1970. Krefst áfrýjandi sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa aðiljar komið fyrir dóm og gefið skýrslur.

Áfrýjandi telur, að stefndi hafi fyrst ráðizt til starfa hjá sér á árinu 1963 og þá sem annar vélstjóri, en vorið 1966 sem fyrsti vélstjóri, að fenginni undanþágu til þess starfa. Kveðst áfrýjandi hafa gert ráð fyrir því, að stefndi starfaði áfram hjá sér á sumarvertíð 1968. Segir áfrýjandi, að af aflokinni vetrarvertíð það ár hafi báturinn verið færður í slipp til viðgerðar.

Stefndi kveður, að ekkert hafi verið minnzt á, hve lengi hann væri ráðinn til starfa á bátnum, er hann réðst á hann á vetrarvertíð 1968. Hann segir það hafa verið með leyfi skipstjóra bátsins, að hann fór ekki með honum hinn 15. maí 1968 frá Keflavík til Reykjavíkur, þar sem báturinn hafi verið færður í slipp. Þá getur stefndi þess, að hinn 18. eða 19. maí 1968 hafi áfrýjandi hringt til hans og sagt, að hann ætlaðist ekki til þess, að stefndi færi með bátnum norður, en beðið

hann að koma til starfa í viku eða 10 daga við að búa bátinn á togveiðar. Er stefndi spurði hann, hvort hann hefði ekki ráðið annan mann í sinn stað, segir hann áfrýjanda hafa svarað því neitandi, en haft orð á því, að hann gæti ráðið annan mann, en vildi það ekki, þar eð maður þessi gæti ekki starfað hjá honum nema í 2 til 3 mánuði.

Á siglingavottorði, útgefnu af lögskráningarstjóranum í Keflavík, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, um skráningartímabil stefnda frá 5. janúar 1968 til 15. maí s. á. segir: „Fyrst var skráð á síldv. með herpinót og frá 28/3 '68 á þorskanet". Fyrir ofan þessa áritun er skráð með stimpli: „Samkv. samningi viðk. stéttarfél.".

Samkvæmt siglingavottorði frá sama lögskráningarstjóra, dags. 19. janúar s.l., var Sigurbjörn Jónsson lögskráður á bátinn sem fyrsti vélstjóri hinn 2. júní 1968 og afskráður 28. nóvember s. á.

Eins og sönnunargögnum máls þessa er háttað, hefur því eigi verið hnekkt, að ráðningartímabili stefnda hafi lokið 15. maí 1968. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur Karlsson, greiði stefnda, Finnboga Bjarnasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Keflavíkur 5. nóvember 1969.

Mál þetta, sem þingfest var hinn 29. nóvember 1968 og dómtekið hinn 3. þessa mánaðar, hefur Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður f. h. Finnboga Bjarnasonar vélstjóra, Gerðum, Garði, höfðað með stefnu, útgefinni hinn 17. nóvember 1968, gegn eiganda og útgerðarmanni vélskipsins Vonarinnar, KE 2, Gunnlaugi Karlssyni, Hólabraut 7, Keflavík, til greiðslu vangoldins afla-

hlutar, kauptryggingar o. fl., samtals að fjárhæð kr. 55.684.97 með 8% ársvöxtum frá 15. maí 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu svo og til viðurkenningar á sjóveðrétti í vélskipinu Voninni, KE 2, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að sér verði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 10.794.47, en stefnanda verði gert að greiða honum hæfilegan málskostnað.

Undir rekstri málsins lækkaði stefnandi stefnufjárhæðina úr kr. 55.684.97 í kr. 39.343.97, en hélt fast við kröfugerð í stefnu að öðru leyti.

Við munnlegan málflutning breyttist kröfugerð stefnda á þann veg, að í varakröfu var þess krafizt, að málskostnaður yrði látinn falla niður, en haldið var fast við aðalkröfu og varakröfu að öðru leyti.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi þannig til komna, að hann hafi verið 1. vélstjóri á vélskipinu Voninni, KE 2, á vetrarvertíð 1968, og nemi dómkrafan, kr. 39.343.97, inneign stefnanda hjá stefnda samkvæmt framlögðu uppgjöri stefnda, en stefndi hafi eigi fengizt til að greiða skuldina þrátt fyrir innheimtutilraunir og borið því við, að stefnandi hafi með brotthlaupi úr skiprúmi í vetrarvertíðarlok hinn 15. maí 1968 án uppsagnar með löglegum fyrirvara bakað stefnda tjón, sem koma eigi til skuldajafnaðar.

Samkvæmt gögnum málsins kveður stefnandi ástæðuna fyrir því, að hann lét af störfum hjá stefnda, fyrst og fremst vanefndir stefnda á skiprúmssamningi, eða eins og segir í aðiljaskýrslu stefnanda, dskj. nr. 10, að hann, stefnandi, hafi „ekki fengið hreint uppgjör eða greiðslur hjá honum undanfarið". Mun stefnandi hér hafa átt við eldri skuldir en þær, sem í máli þessu er stefnt út af, enda segir í stefnu, að hann, stefnandi, hafi verið 1. vélstjóri á bátnum „undanfarin ár".

Samkvæmt gögnum málsins er inneign stefnanda hjá stefnda vegna vetrarvertíðar 1968, að fjárhæð kr. 39.343.97, viðurkennd.

Aðalkröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að stefnandi hafi sagt upp starfi sínu munnlega með hálfs mánaðar fyrirvara og hafi stefndi eigi tekið þá uppsögn gilda, þar eð uppsagnarfrestur sé 3 mánuðir samkvæmt 13. gr. laga nr. 67 frá 1963 og skuli uppsögn vera skrifleg. Kveðst stefndi því hafa gert ráð fyrir áframhaldandi vist stefnanda á bátnum, er skyldi halda til togveiða fyrir Norður- og Norðausturlandi strax að lok-

inni vetrarvertíð. Kveðst stefndi því hafa orðið fyrir tjóni af völdum brottfarar stefnanda af bátnum hinn 15. maí 1968. Nýr vélstjóri hafi ekki fengizt fyrr en 25. maí 1968 og hafi því báturinn orðið fyrir að minnsta kosti 10 daga veiðitöf. Þá sé á það að líta, að vegna þess hve báturinn komst seint á veiðar, hafi hann þurft að snúa við til Keflavíkur vegna íss við Horn, en síðan hafi verið siglt austur fyrir land og fyrst kastað hinn 10. júní 1968 og hafi veiðitöfin því í raun orðið yfir 20 dagar. Af þessum sökum kveðst stefndi hafa orðið fyrir aflatjóni, sem hann telur nema kr. 2.854.93 á dag, miðað við meðalhagnað af útgerð bátsins á dag á tímabilinu frá 2. júní til 28. nóvember 1968 samkvæmt framlögðu rekstraryfirliti, dskj. nr. 8, auk þess sem hafa megi í huga, að afli bátsins hafi verið mun meiri fyrri hluta tímabilsins samkvæmt framlögðu rekstraryfirliti.

Að öllu þessu athuguðu kveður stefndi tjón sitt vegna brottfarar stefnanda af bátnum hinn 15. maí 1968 nema hærri fjárhæð en inneign stefnanda og skuldi stefndi stefnanda því ekki neitt.

Varakröfu sína miðar stefndi við 10 dagaveiðiför, þannig að tjón samkvæmt framansögðu, að fjárhæð kr. 28.549.30, eigi að koma til frádráttar kröfu stefnanda og stefnda því aðeins gert að greiða kr. 10.794.47.

Í þinghaldi hinn 21. marz 1969 lýstu lögmenn aðilja gagnasöfnun lokið í málinu, og var ákveðið, að munnlegur málflutningur færi fram hinn 23. júní 1969. Þegar til þess þinghalds kom, lögðu lögmenn beggja aðilja fram ný skjöl og óskuðu eftir því, að munnlegum málflutningi yrði frestað, „svo aðilum gæfist kostur á að tjá sig um hin nýju skjöl". Var orðið við þessari beiðni og málflutningi frestað.

Meðal þeirra skjala, sem lögmaður stefnda lagði fram við þetta tækifæri, var siglingavottorð lögskráningarstjórans í Keflavík, dags. 23. júní 1969, réttarmerkt nr. 14.

Eftir að munnlegum málflutningi hafði verið frestað öðru sinni vegna veikindaforfalla lögmanns annars málsaðilja, fór hann loks fram hinn 3. þessa mánaðar.

Í munnlegum málflutningi reisti lögmaður stefnanda andmæli sín gegn skuldajafnaðarkröfu stefnda aðallega á málsástæðu, sem fram kemur í siglingavottorðinu, dskj. nr. 14, en skjal þetta ber með sér, að stefnandi hafi verið skráður 1. vélstjóri á Voninni, KE 2, samkvæmt undanþágu ráðuneytisins, sem gilti til 15. maí 1968, eða sama dags og stefnandi lét af störfum á bátnum. Sam-

kvæmt þessu hafi ráðningartími stefnanda verið á enda þann dag, sem stefnandi hvarf frá borði, enda hefði honum beinlínis verið óheimilt að gegna stöðu sinni um borð lengur. Um þetta hljóti útgerðarmanni að hafa verið kunnugt, þar sem það sé að jafnaði hann, sem sækir um undanþágur til ráðuneytisins vegna starfa skipverja.

Álit dómsins.

Í 13. gr. laga nr. 67 frá 1963, 2. mgr., er kveðið á um það, að uppsagnarfrestur á skiprúmssamningum vélstjóra skuli vera 3 mánuðir, ef ekki er öðruvísi samið.

Þá segir svo í 17. gr. laga nr. 72 frá 1966 um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum: „Ef skortur er á mönnum með nægjanleg vélstjóraréttindi, getur siglingamálaráðuneytið, eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra, veitt manni, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til vélstjórnar á tilteknu skipi um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn. Áður en undanþága er veitt, skal ávallt leitað umsagnar viðkomandi stéttarfélags vélstjóra".

Stefndi hefur haldið því fram í greinargerð, að hann hafi eigi tekið uppsögn stefnanda um mánaðamót apríl—maí gilda. Samt sem áður verður eigi séð, að stefndi hafi gert reka að því að afla áframhaldandi undanþágu stefnanda til handa, þótt stefnda hafi mátt vera það fullljóst, að réttur stefnanda til að gegna starfi sínu um borð mundi renna út hinn 15. maí 1968.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja, að stefnandi hafi verið ráðinn til starfa í þágu stefnda í ákveðinn tíma, þ. e. til 15. maí 1968, og hafi honum því verið vítalaust með öllu að hverfa úr skiprúmi þann dag.

Kröfur stefnda verða því eigi teknar til greina.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að taka ber kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.000.00, og er þá tekið tillit til ferðakostnaðar lögmanns stefnanda.

Jakob Þ. Möller, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Ragnari Björnssyni og Ástvaldi Þórðarsyni.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnlaugur Karlsson, greiði stefnanda, Finnboga Bjarnasyni, kr. 39.343.97 ásamt 8% ársvöxtum frá 15. maí 1968 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í vélskipinu Voninni, KE 2, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. marz 1971.

Nr. 189/1970. **Ólafur Gunnarsson**
(Sigurður Gizurarson hdl.)
gegn
Íslenzka Álfélaginu h/f
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Gaukur Jörundsson.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. október 1970. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1.121.000.00, en kröfu sína sundurliðar hann svo:

„1) Krafa um verkstjóralaun fyrir tímabilið frá 1. sept. 1967 til 1. janúar 1969. Krafan miðast við ógreidd laun fyrir tímabilið, kr. 12.000.00 fyrir hvern mánuð, eða alls kr. 336.000.00.

Vextir falli á fyrstu 12.000 krónurnar frá og með 1. okt. 1967. Síðan hækki fjárhæðin um kr. 12.000.00 fyrsta hvers mánaðar til loka tímabilsins og falli ávallt á 8% vextir.

2) Krafa um verkstjóralaun frá 1. janúar 1969 til 1. apríl 1970, kr. 9.000.00 á mánuði, eða alls kr. 135.000.00.

Vextir falli á fyrstu 9.000.00 hinn 1. febrúar 1969 og síðan

hækki fjárhæðin um kr. 9.000.00 fyrsta hvers mánaðar allt tímabilið með áfallandi 8% ársvöxtum til greiðsludags.

3) Fébótakrafa fyrir röskun á stöðu og högum að fjárhæð kr. 300.000.00 með áfallandi 8% ársvöxtum frá og með 1. sept. 1967.

4) Fébótakrafa fyrir mannorðsspjöll, þjáningar og annan miska að fjárhæð kr. 350.000.00 með áfallandi 8% ársvöxtum frá og með 1. sept. 1967".

Þá krefst hann einnig málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en áfrýjanda, sem hafði gjafsókn í héraði, var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti 7. desember 1970.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, og áfrýjandi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu.

Málsatvikum er nægjanlega lýst í héraðsdómi.

Um 1., 3. og 4. kröfulið: Fallast má á rök héraðsdóms um sýknu af þessum kröfuliðum.

Um 2. kröfulið: Eins og málsatvikum er háttað, þykir áfrýjandi eiga rétt á verkstjóralaunum til loka starfstíma síns hjá stefnda, 31. marz 1970, en stefndi sagði honum upp starfi 31. desember 1969.

Samkvæmt skýrslu stefnda, sem eigi hefur verið hnekkt, nam mismunur á launum áfrýjanda og verkstjóralaunum frá 1. janúar 1969 til 1. apríl 1970 kr. 40.128.00. Verður því stefnda dæmt að greiða áfrýjanda þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1970 til greiðsludags.

Rétt er, að stefndi greiði málskostnað í héraði, kr. 8.000.00, er renni í ríkissjóð, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hans í héraði og hér fyrir dómi, er ákveðast samtals kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenzka Álfélagið h/f, greiði áfrýjanda, Ólafi Gunnarssyni, kr. 40.128.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1970 til greiðsludags.

Stefndi greiði málskostnað í héraði, kr. 8.000.00, er renni í ríkissjóð, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar Gizurarsonar héraðsdómslögmanns, samtals kr. 40.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 29. september 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 21. fyrra mánaðar, hefur Ólafur Gunnarsson, Hávegi 11 A, Kópavogi, höfðað með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dómi á bæjarþingi Hafnarfjarðar hinn 24. febrúar 1970, þar sem mætt var af hálfu stefnda, Íslenzka Álfélagsins h/f, Hafnarfirði, og fyrirtaka málsins án stefnubirtingar og stefnufrests samþykkt.

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði gert með dómi að greiða honum fébætur, samtals að fjárhæð kr. 1.121.000.00 ásamt 8% ársvöxtum til greiðsludags, er teljist falla á, svo sem greinir í sundurliðun kröfugerðar hans, en hún er svofelld:

1. Launakrafa fyrir tímabilið frá 1. september 1967 til 1. janúar 1969, kr. 12.000.00 fyrir hvern mánuð á þessu tímabili, eða alls kr. 336.000.00, vextir falli á fyrstu kr. 12.000.00 frá og með 1. október 1967. Síðan hækki fjárhæðin um kr. 12.000.00 fyrsta hvers mánaðar til loka tímabilsins og falli ávallt á 8% vextir.

2. Launakrafa fyrir tímabilið frá 1. janúar 1969 til 1. apríl 1970, kr. 9.000.00 á mánuði, eða alls kr. 135.000.00, vextir falli á fyrstu kr. 9.000.00 hinn 1. febrúar 1969 og síðan hækki fjárhæðin um kr. 9.000.00 fyrsta hvers mánaðar allt tímabilið með áfallandi 8% ársvöxtum til greiðsludags.

3. Fébótakrafa fyrir röskun á stöðu og högum að fjárhæð kr. 300.000.00 með áfallandi 8% ársvöxtum frá og með 1. september 1967.

4. Fébótakrafa fyrir mannorðsspjöll, þjáningar og annan miska að fjárhæð kr. 350.000.00 með áfallandi 8% ársvöxtum frá og með 1. september 1967.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðherra hinn 8. júlí 1970.

Réttarkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans eftir mati réttarins, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar, þar á meðal vextir, bæði að því er lýtur að vaxtaprósentu og vaxtatíma.

Málavextir.

Síðari hluta maímánaðar 1967 birtust í dagblöðum í Reykjavík auglýsingar frá stefnda, Íslenzka Álfélaginu h/f, um lausar stöður við álverið í Straumsvík, m. a. svohljóðandi auglýsing:

„Lausar stöður við álverið í Straumsvík. Vaktformenn.

Vaktformenn fyrir þrískiptar vaktir og verkstjórar við álvinnslu og álsteypu. Reynsla í verkstjórn og nokkur ensku- og eða þýzkukunnátta æskileg. Ráðning verður frá 1. september 1967, og starfið hefst með 6 mánaða námskeiði og síðan starfsþjálfun í 7—10 mánuði, hvorttveggja erlendis. Skriflegar umsóknir með upplýsingum um hæfni og fyrri störf sendist í pósthólf 244, Hafnarfirði, fyrir 15. júní.

Íslenzka Álfélagið h.f.“.

Stefndi telur umsækjendur um stöður þær, sem greindar eru í auglýsingu þessari, hafa verið yfir fjörutíu talsins og hafi þeir verið boðaðir til viðtals á skrifstofu stefnda í Hafnarfirði. Þar hafi umsækjendum verið skýrt frá þeim launakjörum, sem í boði voru, og ýmsum atriðum varðandi ráðningu þeirra og fyrirhugaða þjálfun og spurningum umsækjanda varðandi starfið svarað. Um launakjör þau, er boðin voru, segir stefndi:

„Tekin voru laun verkamanna eftir 7. flokki Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, sem þá voru kr. 53.69 á klst. Ofan á það var bætt álagi vegna óhreininda og vaktavinnu svo og 30% verkstjóraálagi. Fengust þannig kr. 94.22 á klst., og samsvarar það kr. 216.000.00 árslaunum.

Eins og tekið var fram í auglýsingunni, var gert ráð fyrir, að

í upphafi væri um skriflega og bóklega þjálfun að ræða og síðan starfsþjálfun í 7—10 mánuði. Enda þótt ekki væri unnið á vöktum frá upphafi, voru launin látin óbreytt standa fyrir tímabilið, unz vaktir hófust. Þess má geta, að laun þessi eru þannig reiknuð miklum mun hærri en þau laun, sem á þeim tíma hafði verið samið um milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkstjórasambands Íslands, en þar var miðað við, að lágmarksvikukaupið sé ákveðið ekki hærra en 30% yfir meðaltal 6 lægstu vikukaupstaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, eins og þau eru á hverjum tíma".

Stefnandi var í hópi umsækjenda um stöður þær, er í framangreindri auglýsingu greinir. Hann var ekki í hópi þeirra, er ráðnir voru í upphafi, en eftir að nokkrir hinna upphaflegu umsækjenda höfðu dregið umsóknir sínar til baka, var stefnandi ráðinn. Hljóðar bréf, er stefndi ritar honum hinn 16. ágúst 1967, svo:

„Með tilvísun til umsóknar yðar og fyrri viðtala erum vér reiðubúnir að ráða yður til starfa sem verkstjóra við Álverksmiðjuna í Straumsvík, svo framarlega sem læknisskoðun reynist vera jákvæð.

Ráðningartíminn er frá 1. september 1967, en farið verður frá Íslandi 9. september n. k., og hefst starf yðar í Steg, Sviss-landi. Eruð þér til reynslu fyrstu tvo mánuðina, og getur starfinu lokið í októberlok með tveggja vikna fyrirvara. Ef samkomulag verður um áframhaldandi starf, eruð þér fastráðinn frá 1. nóvember 1967, og er þá þriggja mánaða uppsagnarfrestur af beggja hálfu. Að lokinni fjögurra mánaða viðbótarþjálfun í Steg, munuð þér starfa í 6—8 mánuði í einhverri af verksmiðjum Alusuisse, en að því loknu farið þér heim til Íslands.

Þetta tímabil verða mánaðarlaun yðar sem hér segir:

Greitt á Íslandi kr. 12.000.00 og greitt í Sviss SFr. 600.00, sem jafngilda kr. 6.000.00.

Eftir heimkomu yðar gerum vér ráð fyrir, að árslaun yðar verði ca. kr. 235.000.00. Nánari skilgreining á launum yðar verður í sérstökum samningi, er ÍSAL gerir við yður við heimkomu.

Á meðan á þjálfun yðar stendur, mun fjölskylda yðar dvelja á Íslandi, en vér munum veita yður tvisvar tækifæri til að heimsækja fjölskyldu yðar, í fyrra skiptið um næstu jól.

Ef þér hefjið starf hjá oss, þá skuldbindið þér yður til þess að vernda hagsmuni vora á allan hátt, sérstaklega að halda leyndri allri sérþekkingu og reynslu, sem þér öðlist í starfi yðar.

Vér biðjum yður að undirrita og senda oss meðfylgjandi afrit þessa bréfs sem samþykki yðar á framanskráðu.

Vér væntum góðs samstarfs við yður og kveðjum yður".

Hinn 24. ágúst ritar svo stefndi stefnanda bréf, þar sem því er lýst yfir, að þar sem læknisskoðun hafi reynzt fullnægjandi, sé hann ráðinn til Íslenzka Álfélagsins, og er jafnframt vitnað til fyrra bréfs.

Stefnandi fór svo ásamt öðrum þeim, er ráðnir höfðu verið til umræddra starfa, til Sviss í fyrri hluta septembermánaðar 1967 og dvaldist þar við þjálfun og nám til 20. desember 1968.

Nokkru áður en stefnandi hélt aftur heim til Íslands, var honum skýrt frá því með bréfi, og að stefnandi telur einnig í viðtali, að þar sem að ráði hefði orðið, að unnið yrði á tveim vöktum í álverksmiðjunni í Straumsvík, þá væri ákveðið, að tveir vaktstjórar, stefnandi og annar nafngreindur aðili, færu til annarra starfa hjá stefnda, að því er virðist vegna þess, að með þessari skipun á vöktum væri ekki þörf fyrir eins marga verkstjóra. Því er haldið fram af stefnda hálfu, að stefnandi hafi ekki mótmælt þessari breytingu.

Það er upplýst af aðiljum, að orðið vaktstjóri sé notað í sömu merkingu og verkstjóri.

Stefnandi hóf svo störf hjá stefnda sem gæðaeftirlitsmaður eftir heimkomuna.

Telur stefnandi, að brátt hafi komið í ljós, að laun hans hafi orðið nokkru lægri en félaga hans, er við verkstjórn fengust. Stefndi hefur lagt fram samanburðarútreikning á launum stefnanda og launum vaktstjóra. Samkvæmt þeim samanburði hefur stefnandi fyrir venjulegan vinnutíma fengið kr. 340.924.00 í laun fyrir tímabilið 1. janúar 1969—31. marz 1970, en vaktstjóralaun fyrir sama tímabil eru talin hafa numið kr. 381.052.00, eða kr. 40.128.00 hærri fjárhæð. Stefndi tekur eftirfarandi fram varðandi launasamanburðinn:

„Ólafur gegndi störfum vaktstjóra á þrískiptum vöktum frá 17. 5.—31. 5. 1969. Einnig gegndi hann störfum fyrir Róbert Ö. Alfreðsson sem vaktstjóri á tvískiptum vöktum frá 27. 6.—21. 7. 1969. Fyrir þessi störf fékk Ólafur aukagreiðslur vegna vaktstjóraálags samtals að upphæð kr. 1.624.00. Hvorki þessar greiðslur né greiðslur fyrir yfirvinnu eru innifaldar í ofangreindum tölum".

Í greinargerð stefnanda segir svo:

„Hér skal og á það lögð áherzla, að á plagginu á dskj. nr. 7,

þar sem Ólafi var tilkynnt um, að hann yrði settur til annarra starfa í Straumsvík, er ekkert minnzt á, að Ólafur muni njóta lakari launakjara vegna þessarar ráðstöfunar. Það varð honum ekki ljóst, fyrr en hann fékk laun sín greidd og frétti af hærri launum þeirra, sem störfuðu sem verkstjórar, einkum eftir hinn 1. júlí 1969. Var því ekki um það að ræða, að Ólafur hefði sýnt tómlæti um að hafa uppi kröfur sínar um sömu laun og aðrir verkstjórar í álverksmiðjunni í Straumsvík. Ólafur kunni á allan hátt vel við starf sitt sem gæðaeftirlitsmaður í verksmiðjunni, en hann sætti sig ekki við, að félagar hans, sem lokið höfðu nákvæmlega sömu þjálfun og námi í Sviss, hlytu langtum hærri laun en hann".

Stefandi telur sig fljótlega hafa borið fram umkvartanir við stefnda.

Hinn 23. september 1969 ritar hann stefnda bréf, þar sem hann kvartar yfir því að hafa ekki fengið þá stöðu og laun, sem upphaflegir samningar hafi staðið til, og fer fram á, að stefndi kveði nánar á um stöðu sína og kjör í samræmi við upprunalega samninga. Þessar kröfur ítrekar stefnandi svo í bréfi, dags. 26. nóvember 1969, sem stefndi svarar sama dag með svofelldu bréfi:

„Með bréfum vorum frá 16. ágúst og 24. ágúst 1967 voruð þér ráðinn sem verkstjóri við Áliðjuverið í Straumsvík, og var ráðningartími frá 1. september 1967.

Þann 24. október 1968 var yður tilkynnt munnlega, að fleiri menn hefðu verið ráðnir sem verkstjórar heldur en stöður væru fyrir, en jafnframt gefinn kostur á að fá starf við gæðaeftirlit. Lýstuð þér yður samþykkan því, en að öðrum kosti hefði orðið um uppsögn að ræða. Var þetta staðfest skriflega með tilkynningu frá 5. nóvember 1968. Starf þetta fellur undir samninga um kaup og kjör starfsmanna við Áliðjuverið í Straumsvík, dagsetta 10. júní 1969, og hefur samkvæmt starfsmati verið skipað í 10. launaflokk.

Með bréfi yðar frá 23. september 1969 farið þér þess á leit, að ráðning yðar sem verkstjóra verði staðfest. Eins og ljóst er af ofangreindu, getur ÍSAL ekki orðið við þessari beiðni, en biður yður að undirrita afrit bréfs þessa sem samþykki á, að þér séuð reiðubúinn að gegna núverandi störfum áfram, og skila því fyrir 30. nóvember næstkomandi".

Enn ritar svo stefnandi stefnda bréf hinn 29. nóvember, þar sem hann mótmælir því, að honum hafi haustið 1968 verið tilkynnt um breytingu á fyrirhuguðu starfi hans eða launakjörum,

og einnig því, að hann hafi samþykkt slíka breytingu. Jafnframt ítrekar stefnandi í bréfinu kröfur sínar um verkstjóralaun frá upphafi.

Hinn 22. desember 1969 tilkynnir stefndi stefnanda um, að ákveðið hafi verið að veita honum nokkra launaleiðréttingu, þó ekki launakjör verkstjóra.

Með bréfi, dags. 1. janúar 1970, er stefnanda svo sagt upp starfi frá og með 1. apríl 1970, og lét hann af störfum í samræmi við þá uppsögn.

Eins og áður greinir, skiptast kröfur stefnanda í fjóra aðalþætti. Verður nú fjallað um sundurliðun hvers þáttar fyrir sig:

1. Launakrafa fyrir tímabilið frá 1. september 1967 til 1. janúar 1969, kr. 12.000.00 á mánuði, samtals kr. 336.000.00 auk vaxta.

Fjárhæð kröfunnar undir þessum lið er svo skýrð af stefnanda hálfu:

„Fyrir tímann frá 1. sept. 1967 til 1. jan. 1969 telst Ólafur þegar hafa fengið kr. 12.000.00. Á hann því kröfu til efndabóta, er nema kr. 21.000.00 á mánuði, eða fyrir alla mánuðina 16 alls kr. 336.000.00.

Kröfur um efndabætur miða að því að gera Ólaf eins settan og ef ráðningarsamningurinn hefði verið réttilega efndur af hálfu Álfélagsins. Ólafur sætti sig við aðeins 18.000.00 króna mánaðarlaun, á meðan á dvölinni í Sviss stóð, í þeirri trú, að hann yrði ráðinn verkstjóri í álverksmiðjunni í Straumsvík. Af þessum kr. 18.000.00 tók Ísl. Álfélagið kr. 6.000.00 til að greiða uppihald hans í Sviss. Fjölskylda Ólafs hér heima fékk því aðeins kr. 12.000.00. Kr. 6.000.00 jafngiltu þá Sv. Fr. 600.00, sem greiddir voru Íslendingunum, á meðan þeir voru erlendis. Eftir að þjálfun hófst í Steg í Sviss hinn 19. marz 1968, fengu Íslendingarnir að auki Sv. Fr. 480.00. Til samanburðar má geta þess, að algeng verkamannalaun í verksmiðjum í Sviss eru um Sv. Fr. 1.000.00 á mánuði. Styrkir, sem svissneska ríkið veitir erlendum stúdentum til náms í Sviss, nema um Sv. Fr. 700.00 á mánuði, en að auki koma alls kyns hlunnindi í fæði og húsnæði.

Ólafur sætti sig við þessi laun í þeirri trú, að þau væru aðeins miðuð við námstímann, en síðan mundi hann fá verkstjóralaun, þegar heim kæmi. Fjölskylda hans heima gat vitaskuld ekki lifað á kr. 12.000.00, en honum og fjölskyldu hans fannst mikið á sig leggjandi til að bæta lífskjörin langt inn í framtíðina.

Hinn 1. júlí 1969 hófst vaktavinna hjá verkstjórum í álverk-

smiðjunni í Straumsvík, eins og ráð var fyrir gert. Ólafur hefur einnig unnið vaktavinnu eftir þann dag. Meðallaun Ólafs síðustu 6 mánuði ársins 1969 voru um kr. 23.655.00, en meðallaun verkstjóra voru um kr. 33.159.00. Engin ástæða er til að ætla, að laun verkstjóranna muni lækka í framtíðinni.

Til þess að Ólafur geti að nokkru orðið eins settur og ef Ísl. Álfélagið hefði staðið við samning sinn við Ólaf, verður hann að krefjast fullra verkstjóralauna fyrir allt ráðningartímabil sitt frá 1. september 1967 til 1. apríl 1970, og hér lagt til grundvallar kr. 33.000.00. Er þá reiknað með, að greiðslur þær, sem Ólafur fékk í Sviss, hafi nægt honum til uppihalds, en alls ekki meira".

2. Launakrafa fyrir tímabilið 1. janúar 1969 til 1. apríl 1970, kr. 9.000.00 á mánuði, samtals kr. 135.000.00 auk vaxta.

Þessi liður er svo skýrður af stefnanda hálfu:

„Fyrir tímann frá 1. janúar 1969 til 1. apríl 1970 er lagt til grundvallar, að Ólafur hafi haft að meðaltali mánaðarlaun, er nema kr. 24.000.00. Til þess að hann hafi verkstjóralaun, vantar því kr. 9.000.00 á mánuði. Fyrir alla 15 mánuðina er því krafa hans alls kr. 135.000.00".

Eins og áður er rakið, hefur stefndi lagt fram í málinu sundurliðaðan samanburðarútreikning á launum stefnanda og launum verkstjóra í álverksmiðjunni.

Samkvæmt þeim samanburði voru laun stefnanda kr. 40.128.00 lægri en vaktstjóralaun á umræddu tímabili. Stefnandi hefur mótmælt þeim útreikningi sem röngum, en engar frekari tilraunir gert til að hnekkja honum tölulega eða rökstyðja nánar útreikning kröfufjárhæðarinnar undir þessum lið að öðru leyti en því, að hann hefur lagt fram launaseðla stefnanda, en þó aðeins fyrir árið 1969, og launaseðla Róberts Alfreðssonar verkstjóra fyrir sama tímabil án þess þó að vinna neitt úr þessum gögnum.

3. Fébótakrafa fyrir röskun á stöðu og högum að fjárhæð kr. 300.000.00 auk vaxta frá 1. september 1967.

Þennan kröfulið reifar stefnandi svo:

„Fébótakrafa Ólafs fyrir röskun á stöðu og högum hljóðar upp á kr. 300.000.00.

Staða og hagir hr. Ólafs Gunnarssonar röskuðust stórkostlega af völdum samningsgerðarinnar við Ísl. Álfélagið haustið 1967.

Ólafur sagði upp góðri stöðu, sem hann hafði sem sendiferðabifreiðarstjóri hjá Sendibílastöðinni h.f., Borgartúni 21, Reykjavík. Hann átti sinn eigin sendibíl, Y 1061, og hafði eignazt góðan og tryggan hóp viðskiptavina.

Með samningnum við Ísl. Álfélagið haustið 1967 skuldbatt Ólafur sig til að fara til náms og þjálfunar í verkstjórn í Sviss. Sú fjárhæð, sem greidd var hér á landi, kr. 12.000.00, á meðan á dvölinni í Sviss stóð, hrökk engan veginn fjölskyldu hans til framfærslu. Ólafur varð því að finna ráð til að sjá fjölskyldu sinni farborða þann tíma, sem hann dvaldi fjarri heimili sínu. Hann sá sig neyddan til að selja sendiferðabifreiðina Y 1061. Svo slysalega vildi samt til, að bifreiðasali sá, sem bauðst til að selja bifreiðina fyrir kr. 120.000.00, skipti á henni og annarri auðseljanlegri að hans áliti og seldi svo þá bifreið, sem í staðinn kom, gjaldþrota fyrirtæki, er hann sjálfur var nýlega orðinn eigandi að. Fékk Ólafur aldrei eyri fyrir bifreið sína frá þessu gjaldþrota fyrirtæki, Sokkabúðinni h.f., en af þessu spratt fjársvikamál á hendur bifreiðasalanum, Guðna Þór Nicolaissyni. Saksóknari taldi þó ekki nægar sönnur leiddar að sviksamlegum tilgangi Guðna, og var opinbert mál því ekki höfðað. Fyrirsjáanlegt er, að bifreiðin er Ólafi algerlega töpuð. Afleiðingin af þessu var svo, að fjölskylda Ólafs hálfsvalt þann tíma, sem Ólafur dvaldist í Sviss. Viðskiptavini sína missti Ólafur að sjálfsögðu, og hann er þess ekki megnugur að afla sér nýs atvinnutækis til starfs við sendibílastöð án þess að fá verulegar bætur fyrir röskun á stöðu og högum. Er þar á að líta núverandi verð á sendibifreiðum".

4. Fébótakrafa fyrir mannorðsspjöll, þjáningar og annan miska, kr. 350.000.00 auk vaxta frá 1. september 1967.

Þessi liður er svo reifaður af stefnanda:

„Hr. Ólafur Gunnarsson verður óumflýjanlega fyrir miklum mannorðsspjöllum vegna þess, að hann fékk enga verkstjórastöðu í álverksmiðjunni í Straumsvík. Sá orðrómur kann auðveldlega að komast á kreik, að hann hafi ekki verið hæfur, enda þótt forráðamenn Ísl. Álfélagsins rökstyðji ráðstafanir sínar með því, að ekki hafi verið þörf fyrir verkstjóra. Mannorð Ólafs er og í mikilli hættu vegna uppsagnarinnar hjá Ísl. Álfélaginu. Afleiðingar þessar geta m. a. orðið, að hann muni eiga erfitt með að fá aðra vinnu nú, eftir að hann verður að hverfa frá starfi í álverksmiðjunni. Er þar m. a. á það að líta, að allmikið atvinnuleysi er við að etja í íslenzku þjóðfélagi um þessar mundir. Af þessu leiðir vitaskuld sárar þjáningar Ólafs og fjölskyldu hans. Allar vonir, sem hann og fjölskylda hans batt við hið nýja verkstjórastarf, hafa brostið. Í þeirra stað er komin gremja vegna loforða, sem ekki voru haldin, og samanburður við starfs-

félaga, sem ekki hafa orðið fyrir slíkum skakkaföllum. Jafnframt horfir Ólafur og fjölskylda hans fram til óöruggrar afkomu á næstu misserum. Með hliðsjón af öllu þessu og því, hversu dýrmætt mannorðið er hverjum einstaklingi, sem leyst hefur öll störf sín af einstakri samvizkusemi og staðið við allar samningsskuldbindingar sínar, gerir Ólafur kröfu til fébóta með stoð í 264. gr. laga nr. 19/1940, er nemur kr. 350.000.00".

Af stefnanda hálfu er lögð áherzla á, að málssókn hans sé grundvölluð á mörgum samvirkum málsástæðum. Verða nú þær helztu raktar, eins og stefnandi dregur þær saman, og verður jafnframt málavöxtum í nokkrum atriðum nánar lýst:

„1) Í fyrsta lagi styður umbjóðandi minn kröfur sínar við samningana frá 16. og 24. ágúst og ótvírætt orðalag þeirra. Þar var hann ráðinn verkstjóri frá og með 1. sept. 1967. Ákvæði samninganna verða ekki skýrð á annan hátt. Ákvæðin voru algerlega samin af ÍSAL, og er það skýringarregla að skýra slíka samninga strangt gagnvart þeim, sem samdi þá. Er jafnvel gengið svo langt, að dómstólar telja samningsskilmála, sem risafyrirtæki orða í einu og öllu án þess að taka tillit til viðsemjanda, ekkert lagagildi hafa að því leyti, sem lagðar eru byrðar á lítilsmegandi viðsemjanda, sem engu ræður um orðalag samnings.

2) Í öðru lagi styður hann kröfur sínar við þá staðreynd, að hann fékk aldrei kjör verkstjóra, þótt hann væri ráðinn sem verkstjóri. Sá, sem er ráðinn sem verkstjóri, á rétt á launum sem verkstjóri.

3) Í þriðja lagi voru það einmitt hin góðu launakjör, sem boðin voru við samningaviðræður, sem voru ein helzta ákvörðunarástæða þess, að umbjóðandi minn afréð að leggja út í langt nám og þjálfun í fjarlægu landi.

4) Í fjórða lagi styður hann kröfur sínar við þá málsástæðu, að hann var raunverulega með gylliboðum um verkstjórastarf narraður til að leggja út í langt og strangt nám í fjarlægu landi. Hefði verið brotinn réttur á honum með því að fá hann þannig til að fara til náms í Japan eða Alaska? Ef svo er, þá var einnig brotinn réttur á umbjóðanda mínum með því að narra hann til Sviss, þar sem hann varð fjarri fjölskyldu sinni og ástvinum að dveljast við strangt nám og vinnu í um 16 mánuði.

5) Í fimmta lagi var hann og félagar hans beittir misneytingu, á meðan á dvöl þeirra stóð í Sviss. Á þá voru lagðar meiri vinnuskyldur en samningar stóðu til og hafðar uppi hótanir, ef þeir hlýddu ekki".

Lagt hefur verið fram í málinu utanréttarvottorð fjórtán manna úr þeim hópi, er við þjálfun var í Sviss, svohljóðandi:

„Um mánaðamótin febrúar-marz 1968 tilkynnti dr. Aeschbach Íslendingum, að ætlazt væri til þess, að flestir þeirra ynnu vaktavinnu í verksmiðju Alu-Sviss í Steg. Sú vinna skyldi vera á þrískiptum vöktum, eins og tíðkanlegt var um aðra starfsmenn.

Þetta kom Íslendingum á óvart, þar eð ekkert hafði verið um þetta talað, áður en lagt var af stað til Sviss, og ekkert tekið fram um hærri laun þess vegna. Launin voru ekki hærri en meðal verkamannalaun þar um slóðir í Sviss, að því er spurnir voru af hafðar. Mönnum varð órótt við þessi tíðindi. Leizt verksmiðjustjóranum þá, að því er virtist, ekki á blikuna. Hann tók af skarið og gaf Íslendingunum 5 mínútna umhugsunarfrest til þess að svara því, hvort þeir vildu ganga að þessum skilmálum eða ekki. Voru orð hans eitthvað á þá leið, að vildu Íslendingarnir það ekki, þá vissi hann ekki, hvað um Íslendingana yrði. Enginn Íslendingur hreyfði á mótmælum, enda höfðu margir þá gert ráðstafanir um utanför fjölskyldu sinnar, tryggt sér húsnæði, keypt bifreið í Sviss o. s. frv., eftir því sem fjárhagur þeirra leyfði. Um þetta var verksmiðjustjóranum fullkunnugt, enda hafði hann aðstoðað menn til að útvega sér nauðsynleg dvalarleyfi handa fjölskyldu þeirra og samþykkt, að þeir gætu notað farmiða sína handa fjölskyldum sínum o. s. frv. Sama aðferð var notuð til að fá Íslendingana til að sætta sig við lengingu vinnuvikunnar úr 44 klst. upp í 48 klst.“.

Af stefnanda hálfu er fram tekið, að þá misneytingu að nýta þá minnimáttaraðstöðu, sem Íslendingarnir voru í, til að knýja þá til að takast á hendur miklu meiri vinnuskyldur en þeir höfðu undirgengizt í samningunum haustið 1967 beri að leggja til grundvallar þeirri kaupkröfu, sem gerð er sem ein af mörgum málsástæðum, þótt ekki sé á grundvelli hennar farið fram á, að laun þau, sem krafizt er frá upphafi, hækki að sama skapi.

Stefnandi heldur áfram:

„6) Í sjötta lagi beitti ÍSAL einnig misneitingu, þegar það neyddi stjórn Verkstjórafélags Reykjavíkur til að láta Ólaf víkja úr félaginu, þannig að hann var utan allra stéttarfélaga. Það var með öllu óheimilt ÍSAL að beita meirimáttaraðstöðu sinni þannig til að áskilja sér lægri kaupgreiðslur til umbjóðanda míns“.

Málavöxtum varðandi þetta atriði er svo lýst af stefnanda hálfu:

„Eftir heimkomuna var gerður samningur milli Íslenzka Álfélagsins og Verkstjórafélags Reykjavíkur um launakjör verkstjóra, er starfa í álverksmiðjunni í Straumsvík. Ólafur áleit tilfærslu hans milli starfa vera til bráðabirgða og hugðist sem félagar hans ganga í Verkstjórafélag Reykjavíkur með tilskyldum réttindum, og var hann skráður á félagaskrá. En þá gerist það, að fyrirsvarsmenn Íslenzka Álfélagsins neita að viðurkenna hann sem félagsmann, og var hann felldur út af félagaskránni, en greiðir þó enn í lífeyrissjóð félagsins. Ekkert verkalýðsfélag hefur því samið við Íslenzka Álfélagið fyrir hönd Ólafs, en Íslenzka Álfélagið hefur eftir sínu eigin starfsmati ákveðið Ólafi laun".

Frammi liggur í málinu bréf Verkstjórafélags Reykjavíkur og Verkstjórasambands Íslands til lögmanns stefnanda, dags. 2. júlí 1970, svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar vill Verkstjórafélag Reykjavíkur og Verkstjórasamband Íslands upplýsa eftirfarandi:

Í febrúar 1969 kom Ólafur Gunnarsson, Hávegi 11, Kópavogi, þá starfsmaður „Ísals" til Verkstjórafélagsins með inntökubeiðni, sem undirrituð var af starfsmannastjóra þess fyrirtækis.

Form þessara inntökubeiðna, sem gefnar eru út af Verkstjórasambandinu, gerir ráð fyrir undirskrift forsvarsmanns fyrirtækisins til staðfestingar því, að umsækjandi sé starfandi verkstjóri, og eig því rétt til veru í samtökum verkstjóra.

Nokkru síðar, þegar viðræður hófust við „Ísal" um kaup og kjör verkstjóra, kom í ljós, að fyrrnefndum Ólafi Gunnarssyni var ekki ætlað að starfa sem verkstjóri hjá „Ísal", að minnsta kosti ekki fyrsta kastið, og jafnframt var því lýst yfir, að undirskrift starfsmannastjórans væri ekki bindandi fyrir fyrirtækið, þar sem aðeins þrír menn hefðu umboð til þess að undirrita skuldbindingar fyrir fyrirtækið og hann væri ekki einn þeirra".

Enn rekur stefnandi málsástæður sínar:

„7) Í sjöunda lagi verður það og að teljast löglaust, þegar ÍSAL vitnar til starfsmats, eins og landslög séu, þegar það á í skiptum við umbjóðanda minn. Samningar stéttarfélaga við atvinnurekendur binda aðeins þá, sem um slíkt semja, þeir, sem ekki eru í stéttarfélögunum, verða því alls ekki bundnir af slíkum samningum.

8) Í áttunda lagi styðst krafa umbjóðanda míns við þau

mannorðsspjöll, sem hann verður fyrir vegna framkomu ÍSALS gagnvart honum, með því að hann fékk ekki þá stöðu, sem hann var ráðinn í.

9) Í níunda lagi styðst krafa umbjóðanda míns við þau meiðyrði, sem um hann eru höfð á dskj. nr. 16, hvað snertir hæfni hans til starfa.

10) Í tíunda lagi styðjast kröfur hans við þann drátt, sem hefur orðið á skaðabótagreiðslum, frá því að þær féllu í gjalddaga. Verður í því efni að ætla, að íslenzkur réttur geymi sömu reglur og danskur og norskur réttur, að dragist greiðsla fram yfir gjalddaga, þá megi krefjast skaðabóta vegna þess tjóns, sem beðið er, sakir rýrnandi kaupmáttar peninga eftir gjalddaga.

11) Í ellefta lagi styðjast kröfur umbjóðanda míns við þá stórkostlegu röskun á stöðu og högum, sem hann hefur orðið fyrir vegna samningagerðarinnar við ÍSAL haustið 1967".

Þá hefur umboðsmaður stefnanda í málflutningi lagt á það áherzlu, að krafa umbjóðanda síns sé ekki venjuleg launakrafa, heldur skaðabótakrafa, byggð á culpa, en það hafi verið gáleysi af stefnda að ákveða í upphafi þrískiptar vaktir í álverksmiðjunni, en ekki tvískiptar. Þetta gáleysi hafi leitt til fækkunar vaktstjóra og á þessu gáleysi verði stefndi að bera ábyrgð gagnvart stefnanda.

Stefndi hefur í máli þessu krafizt algerrar sýknu, andmælt málsástæðum og málatilbúnaði stefnanda og reifað ýmsar málsástæður kröfu sinni til stuðnings.

Í greinargerð stefnda segir m. a. um kröfur stefnanda:

„I. 1) Launakrafa fyrir tímabilið frá 1. september 1967 til 1. janúar 1969, þ. e. meðan stefnandi var við þjálfunarstörf í Sviss, kr. 336.000.00, og

2) launakrafa fyrir tímabilið frá 1. janúar 1969 til 1. apríl 1970, þ. e. þann tíma, sem stefnandi starfaði við álverið í Straumsvík, kr. 135.000.00.

Þessar kröfur, og raunar kröfurnar undir II. 1) og 2), eru studdar þeim rökum, að stefnandi hafi verið ráðinn sem verkstjóri hjá ÍSAL. Þar sem félagið hafi ekki fullnægt þessum ráðningarkjörum, er krafizt fullra efndabóta, þ. e. fullra verkstjóralauna frá og með 1. september 1967 til 1. apríl 1970.

1) Bréf ÍSALS, dags. 16. ágúst 1967, sem samþykkt er í öllum greinum af stefnanda sjálfum með undirskrift hans og gildir því sem samningur milli aðilja, hefir að geyma þessi aðalatriði:

1) Stefnanda er gefið fyrirheit um ráðningu sem verkstjóri við Álverksmiðjuna í Straumsvík.
2) Mánaðarlaun, meðan þjálfun færi fram í Sviss, voru ákveðin 12 þús. krónur, sem greidd yrðu á Íslandi, og 600 SFR., sem greiddir yrðu í Sviss.
3) Eftir heimkomuna til Íslands að lokinni þjálfun var gert ráð fyrir, að árslaun stefnanda yrðu 235 þús. krónur.
4) Eftir 1. nóv. 1967 var gagnkvæmur uppsagnarfrestur ákveðinn 3 mánuðir. Þetta uppsagnarákvæði er með öllu fortakslaust.

Þessi ráðningarkjör voru nákvæmlega samhljóða ráðningarkjörum allra starfsmanna í kerskála og steypuskála, þeirra, er fóru til Sviss til þjálfunar. Öllum þessum starfsmönnum, án nokkurra undantekninga, voru gefnar fullar upplýsingar um hina fyrirhuguðu þjálfun í Sviss svo og um störf þau, er þeir tækju að sér við álverið í Straumsvík að lokinni þjálfun.

Er það staðreynd, sem hvergi hefir verið mótmælt, að öllum starfsmönnum, og þ. á m. stefnanda, voru greidd hin umsömdu laun og meira en það og að þeir nutu betri kjara í Sviss en þeim hafði verið heitið. Af þessu leiðir, að ekki ber neina nauðsyn til þess að ræða kröfur stefnanda um aukin laun, meðan hann var í Sviss. Þau eru öll greidd að fullu. Þarf ekki að eyða að því orðum, að verkstjóralaun í Sviss koma alls ekki til greina. Meðan á þjálfun stóð, var enginn Íslendingur sem verkstjóri og þar af leiðandi engin verkstjóralaun.

2) Launakrafa stefnanda eftir heimkomuna frá Sviss, þ. e. tímabilið 1. nóv. 1969—1. apríl 1970.

Upphafsákvæði í bréfi umb. m. til stefnanda, dags. 16. ágúst 1967 (sem samkvæmt framansögðu er samningur aðilja), hljóðar svo:

„Með tilvísun til umsóknar yðar og fyrri viðtala erum vér reiðubúnir að ráða yður til starfa sem verkstjóra við Álverksmiðjuna í Straumsvík, svo framarlega sem læknisskoðun reynist vera jákvæð".

Ég vek athygli á því, að í þessu bréfi segir það eitt, að umbj. m. sé reiðubúinn til að ráða stefnanda til starfa sem verkstjóra við Álverksmiðjuna í Straumsvík. Hygg ég, að skoða beri hið tilvitnaða upphafsákvæði í bréfi umbj. m. 16. ágúst 1967 aðeins sem fyrirheit um ráðningu stefnanda sem verkstjóra, fyrirheit, sem háð væri því skilyrði, að hann reyndist hafa hæfileika sem verkstjóri, er á reyndi, við álverið. Annað var í raun réttri

óhugsandi. Það er sem sé kunnara en frá þurfi að segja, að maður getur reynzt góður eða sæmilegur starfsmaður, þótt hann hafi enga hæfileika til að stjórna mönnum, svo sem verkstjórar verða að sjálfsögðu að gera. Hvað sem þessu líður, þá kemur það fram á rskj. 11 og 12, að stefnandi hefir aldrei verið skoðaður sem verkstjóri hjá umbj. m. Er afdráttarlaust tekið fram í skýrslu umbj. m., að stefnanda var tilkynnt í október 1968, er hann var við þjálfunarstörf í Sviss, að ekki væri þörf fyrir hann sem verkstjóra, og var honum jafnframt gefinn kostur á öðru starfi, þ. e. starfi við gæðaeftirlit. Stefnandi viðurkennir að hafa fengið skriflega tilkynningu um þetta, áður en hann fór heim, sjá stefnu, greinargerð og bréfið á rskj. 3, og viðurkennir jafnframt, að hafa fallizt á að taka við hinu framboðna starfi. Hreyfði stefnandi engum andmælum fyrr en seint og síðar meir, eða síðari hluta ársins 1969. Í þessu efni vil ég taka fram, að það er algjörlega heimildarlaust hjá háttvirtum sækjanda að leggja nokkuð upp úr hinum vinsamlegu bréfum, er umbj. m. sendi stefnanda, og jólagjöfum þeim, er honum áskotnuðust. Sú staðreynd stendur sem sé óhögguð, að stefnandi sætti sig við að taka við öðru starfi en verkstjórastarfi eftir heimkomuna til Íslands. Er það staðreynd, að stefnanda voru í forföllum annarra falin vaktstjórastörf í steypuskála tvívegis á árinu 1969, þ. e. 17.—31/5 og 27/6—21/7. Er þessu nánar lýst í skýrslu umbj. m. á rskj. 16. Er þar tekið fram, að yfirmenn stefnanda hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að stefnandi hefði ekki þá hæfni, sem þyrfti til að gegna þessu starfi, sem að sjálfsögðu fylgir mikil ábyrgð gagnvart starfsmönnum og búnaði. Af þeim sökum taldi umbj. m., að ekki kæmi til mála að ráða stefnanda í vaktstjórastarf. Þarf ekki að eyða að því orðum, að það var bein skylda umbj. m. að gæta þess vandlega, að mönnum yrðu ekki fengin ábyrgðarstörf í hendur, svo sem verkstjóra- eða vaktstjórastörf, nema því aðeins, að þeir væru til þess hæfir.

Spurningin, sem svara þarf þá, er aðeins þessi: Hvaða launakjör átti stefnandi að bera úr býtum, frá því er hann hóf störf í álverinu í ársbyrjun 1969 og þar til hann lauk störfum að undangenginni uppsögn 1. apríl 1970?

Ég tel, að svarið liggi ljóst fyrir. Í ráðningarbréfinu frá 16. ágúst 1967 er áætlað, að árslaun stefnanda verði 235 þús. krónur. Þar sem stefnandi hefir fengið þessa fjárhæð greidda og mun meira, virðist liggja í augum uppi, að hann eigi enga fjárkröfu á hendur umbj. m. Umbj. m. hefir sem sé aldrei skuldbundið

sig til að greiða öllum verkstjórum eða vaktstjórum sama kaup, og stefnanda lofaði hann alls ekki hærri fjárhæð en kr. 235.000.00 á ári.

Jafnvel þótt fallizt væri á, að stefnandi ætti rétt á meðalkaupi verkstjóra eða vaktstjóra, sem þó er afdráttarlaust neitað, gæti stefnandi aldrei átt hærri fjárkröfu á hendur umbj. m. en ca. kr. 40.000.00.

Ég tel mig hér að framan hafa leitt að því fullkomin rök, að stefnandi eigi ekki neina fjárkröfu um laun á hendur umbj. m. Með þessu er þá um leið sýnt, að enginn grundvöllur er fyrir þeim fébótakröfum, sem stefnandi gerir, sem nema samtals kr. 650 þús. ...

1) Fébótakrafa fyrir röskun á stöðu og högum, kr. 300.000.00.

Þessa kröfu rökstyður stefnandi á þann hátt, að hann hafi sagt upp góðri stöðu, sem hann hafi haft sem sendibílstjóri. Hann hafi síðan selt bifreið sína, en svo óheppilega hafi tekizt til, að kaupandi hafi ekki staðið í skilum með greiðslu kaupverðsins, og krefst stefnandi af þessum sökum báðum 300 þús. króna greiðslu úr hendi umbj. m. Um þennan kröfulið þarf að sjálfsögðu ekki að ræða, hann er sem sé umbj. m. óviðkomandi með öllu. En úr því að stefnandi ber þessa fjarstæðukenndu kröfu fram, verð ég að beina þeirri áskorun til háttvirts sækjanda, að lögð verði fram skattframtöl stefnanda, er sýni tekjur hans sem sendibílstjóra, áður en hann réðst til umbj. m. Þá verður að sjálfsögðu að leggja fram sölusamning um bifreiðina og gefa tæmandi skýrslur.

Kröfuliðnum er mótmælt sem hreinni og beinni fjarstæðu og umbj. m. með öllu óviðkomandi.

2) Fébótakröfur fyrir mannorðsspjöll, þjáningar og annan miska, kr. 350.000.00.

Þessi kröfuliður er studdur þeim rökum, að stefnandi verði óumflýjanlega fyrir miklum mannorðsspjöllum vegna þess, að hann hafi ekki fengið verkstjórastöðu í álverinu í Straumsvík. Þessi kröfuliður á að sjálfsögðu enga stoð í veruleikanum. Stefnandi var ráðinn með 3ja mánaða uppsagnarfresti og honum sagt upp með þessum löglega fresti. Er ekki vitað til þess, að nokkur starfsmaður geti gert fébótakröfu á hendur atvinnurekanda vegna þess, að löglegri uppsögn er beitt.

Í sóknargögnum málsins er að finna ummæli þess efnis, að stefnandi hafi á marga lund verið beittur „misneitingu", meðan hann var í Sviss. Þá er ennfremur vikið að því, að stefnandi sé

ekki bundinn af umsömdum launakjörum vegna gengisfellingar íslenzku krónunnar. Þessu er eindregið og afdráttarlaust mótmælt, og vísast til hinnar rækilegu skýrslu umbj. m. á rskj. 16. Þar er sýnt fram á, að því fer svo fjarri, að stefnandi eða annað starfslið, sem var til þjálfunar í Sviss, hafi verið beitt órétti, að fríðindi og launakjör öll voru mun betri en samningar áskildu. Vil ég fullyrða, að það hafi mælzt mjög vel fyrir hjá öllum hugsandi mönnum, er Álfélagið tókst á hendur að þjálfa á eigin kostnað í Sviss þá starfsmenn, sem gert var ráð fyrir, að tækju við ábyrgðarstöðum í álverinu eftir heimkomu þeirra. Þjálfun starfsmanna mun hafa kostað umbj. m. um 15 milljónir króna, og hygg ég, að slíkt sé einsdæmi hér á landi. Í þessu efni vakti það hreina furðu hjá umbj. m., er hann sá yfirlýsingu ýmissa starfsmanna ÍSALS, sem er að finna á fskj. með rjskj. 14. Sé ég ekki ástæðu til þess að mótmæla yfirlýsingu þessara manna sem óstaðfestri, en henni er mótmælt sem alrangri og villandi. Hefi ég og ástæðu til að ætla, að þessir starfsmenn hafi ekki gert sér grein fyrir, hverju þeir voru að lýsa yfir ...".

Það er álit réttarins, að með bréfum stefnda frá 16. ágúst 1967 og 24. sama mánaðar hafi stofnazt bindandi samningur aðiljanna um ráðningu stefnanda sem verkstjóra hjá stefnda. Samkvæmt þeim samningi skyldi stefnandi fyrst starfa erlendis tiltekið tímabil og þiggja fyrir tiltekin laun, sem greind eru í ráðningarbréfinu. Það er viðurkennt af stefnanda, að hann fékk á þessu tímabili þau laun, er um var samið, og ósannað telst, að um annars konar vanefndir af stefnda hálfu á samningi aðiljanna hafi verið að ræða á þessu tímabili. Eftir heimkomuna var stefnandi settur til að gegna öðru starfi en upphaflega var samið um.

Stefnandi hefur viðurkennt að hafa í nóvember 1968 fengið frá stefnda tilkynningu, sem hljóðar svo í ómótmæltri þýðingu lögmanns hans:

„Í málmsteypunni verður í Straumsvík unnið á tveimur vöktum. Í þessu felst, að tveir vaktstjórar fara til annarra starfa. Það varðar hr. Ólaf Gunnarsson, gæðaeftirlitsmann, Sigurð Sigurðsson ...".

Það er ósannað, að stefnanda hafi í þessu sambandi verið gerð grein fyrir því, að þessi tilfærsla mundi þýða launalækkun eða hann mætti ætla, að svo yrði.

Verður því mótmælaskortur hans við þessari ákvörðun ekki talinn firra hann rétti til að krefjast launa samkvæmt fyrri samningi.

Þegar stefnandi hóf störf í álverksmiðjunni, kom brátt í ljós, að hann fékk fyrir starf sitt lægri laun en verkstjórar. Fór hann fram á leiðréttingu og ritaði loks stefnda bréf, dags. 23. september 1969. Því bréfi var ekki svarað fyrr en 26. nóvember 1969, en þá hafði stefnandi ítrekað fyrra bréf sitt með bréfi, dags. 18. nóvember 1969. Á þessu tímabili hafði það gerzt, að stefnanda höfðu tvívegis verið falin vaktstjórastörf, þ. e. frá 17. maí 1969 til 31. sama mánaðar og aftur frá 27. júní til 21. júlí sama ár, og stefnandi hlotið tímabundna launahækkun um nokkuð lengri tíma en hann gegndi verkstjórastarfi. Enn fremur hafði starfsmannastjóri stefnda áritað til samþykkis inntökubeiðni stefnanda í verkstjórafélag.

Þegar þetta er athugað, verður að líta svo á, að stefnanda hafi fyrst með bréfi stefnda hinn 26. nóvember 1969 verið gerð nægilega grein fyrir þeirri ákvörðun stefnda að ráða hann ekki til verkstjórastarfs. Fram til þess tíma og þrem mánuðum betur þykir stefnandi eiga rétt á verkstjóralaunum. Þó þykir eðlilegt að miða þetta tímamark ekki við 26. nóvember heldur 30. sama mánaðar, en í umræddu bréfi er stefnanda gefinn frestur til þess dags að samþykkja þá skipan á störfum hans, sem orðin var.

Þannig á stefnandi rétt á verkstjóralaunum úr hendi stefnda fram til febrúarloka 1970.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, svo á verði byggt, hver laun hans samkvæmt samningum þeim, er ráð var fyrir gert í ráðningarbréfi hans frá 16. ágúst 1967, hefðu orðið, ef hann hefði gegnt verkstjórastarfi það tímabil, er hann starfaði í fyrirtæki stefnda í Straumsvík.

Hins vegar hefur stefndi lagt fram sundurliðaðan launasamanburð, þar sem talið er, að laun stefnanda hafi samtals verið kr. 40.128.00 lægri en verkstjóralaun, þar af er launamismunur í marz 1970 kr. 3.453.00.

Þar sem þessari launasundurliðun hefur ekki verið hnekkt með viðhlítandi gögnum, þykir eftir atvikum rétt að leggja hana til grundvallar og tildæma stefnanda þá fjárhæð sem vangoldin laun, þó þannig, að tildæmd fjárhæð ákveðst kr. 40.000.00, og er þá miðað við verkstjórakaup fram til 1. marz 1970.

Í ráðningarsamningi stefnanda er fyrirvaralaust ákvæði um gagnkvæman þriggja mánaða uppsagnarfrest.

Stefnanda hlaut því að vera ljóst, þegar er ráðningarsamningur var gerður, að hann kynni hvenær sem væri og án sérstakra tilgreindra ástæðna að þurfa að hverfa frá starfi sínu hjá

stefnda með þriggja mánaða fyrirvara. Að þessu leyti tók hann á sig á eigin ábyrgð þá áhættu, röskun og fjártjón, sem hann telur hafa fylgt því að hverfa frá fyrra starfi og halda utan til náms og þjálfunar.

Að þessu athuguðu og þar sem stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á frekari viðhlítandi bótagrundvöll ber að öðru leyti að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Málskostnaður milli aðilja fellur niður, en laun lögmanns stefnanda, kr. 20.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Uppsaga dóms þessa hefur dregizt sakir anna við embættið.

Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenzka Álfélagið h/f, greiði stefnanda, Ólafi Gunnarssyni, kr. 40.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. marz 1970 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaður fellur niður, en laun lögmanns stefnanda, Sigurðar Gizurarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Föstudaginn 26. marz 1971.

Nr. 202/1970. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Hrafnistu, Dvalarheimili aldraðra sjómanna
(Birgir Ísleifur Gunnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Söluskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. október

1970. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti er ágreiningsefnið einungis, hvort sá þáttur í rekstri stefnda, þvottur fyrir stofnunina sjálfa, sé undanþeginn söluskatti eða söluskattskyldur. Fallast má á úrlausn héraðsdóms, að þessi þáttur starfsemi stefnda falli undir ákvæði 6. tl. 7. gr. laga nr. 10/1960 og sé því undanþeginn söluskatti. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Hrafnistu, Dvalarheimili aldraðra sjómanna, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1970.

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 12. september 1969. Munnlegur málflutningur fór fram 12. júní s.l., og var málið dómtekið samdægurs.

Stefnandi málsins er Hrafnista, Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Kleppsvegi, Reykjavík, en stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Samkvæmt stefnu krefur stefnandi stefnda um endurgreiðslu á söluskatti að fjárhæð kr. 91.669.00 auk 8% ársvaxta af kr. 28.303.00 frá 10. febrúar 1969, af kr. 31.123.00 frá 13. maí 1969 og af kr. 32.243.00 frá 13. ágúst 1969, allt til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu. Við munnlegan málflutning breytti stefnandi dómkröfum sínum þannig, að hann krafðist þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 85.971.00 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 22.605.00 frá 10. febrúar 1969, af kr. 31.123.00 frá 13. maí 1969 og af kr. 32.243.00 frá 13. ágúst 1969, allt til

greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn niður falla.

Sáttaumleitanir hafa verið árangurslausar.

Málavextir eru þeir, að stefnanda hefur verið gert að greiða söluskatt af rekstri þvottahúss í húsnæði stefnanda. Hefur stefnandi skilað söluskattskýrslum vegna þessa rekstrar. Málið er höfðað til endurgreiðslu á söluskatti vegna fjórða ársfjórðungs 1968, sem stefnandi greiddi 10. febrúar 1969, að fjárhæð kr. 28.303.00, vegna fyrsta ársfjórðungs 1969, sem stefnandi greiddi 13. maí 1969, kr. 31.123.00, og vegna annars ársfjórðungs 1969, sem stefnandi greiddi 13. ágúst 1969, kr. 32.243.00.

Með bréfi til skattstofu Reykjavíkur, dags. 9. maí 1969, kærði stefnandi álagðan söluskatt að fjárhæð kr. 31.123.00. Skattstjórinn í Reykjavík úrskurðaði, að skatturinn skyldi standa óbreyttur, og var stefnanda tilkynnt um það með bréfi skattstofunnar, dags. 13. maí 1969. Þann 19. maí 1969 kærði stefnandi þann úrskurð til ríkisskattanefndar, sem úrskurðaði á sama veg og skattstjórinn í Reykjavík, og var stefnanda tilkynnt um það með bréfi, dags. 25. júní 1969. Þessum málalokum vildi stefnandi eigi una og höfðaði mál það, sem hér liggur fyrir.

Af hálfu stefnanda segir, að oft hafi verið kvartað munnlega við skattstofu Reykjavíkur yfir álagningu söluskattsins, áður en til formlegrar kæru kom, enda hafi stefnandi ávallt talið, að skatturinn væri ranglega á lagður. Þær kvaranir hafi engan árangur borið og því hafi söluskattskýrslum verið skilað að kröfu skattstofunnar. Söluskattur vegna þessara þriggja ársfjórðunga hafi hins vegar verið greiddur með fyrirvara.

Ofannefnda kröfu til skattstjórans í Reykjavík studdi stefnandi eftirfarandi rökum:

„Rök umbjóðanda míns fyrir kæru þessari eru þau, að Hrafnista eigi með öllu að vera undanþegin söluskatti. Í því sambandi er bent á 7. gr., 6. tölulið, laga nr. 10/1960 um söluskatt. En þar segir: „Eftirtalin starfsemi og þjónusta er undanþegin söluskatti: ...

6. Rekstur sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra þvílíkra stofnana". Hrafnista flokkast án efa undir þær stofnanir, sem hér um ræðir. Það er svo sjálfsagður þáttur í

slíkum rekstri að þvo fatnað, rúmföt o. fl. af sjúklingum, að hann verður eigi undanskilinn á þann hátt, sem Skattstofan hefur gert með því að leggja sérstakan söluskatt á þennan þátt starfseminnar. Mætti með sömu rökum kljúfa út úr ýmsa aðra þætti úr starfsemi sjúkrahúsa og leggja söluskatt á þau og á þann hátt fara í kringum þau lagaákvæði um skattfrelsi sjúkrahúsa, sem vitnað var til hér að framan".

Í kæru stefnanda til ríkisskattanefndar er um rökstuðning vísað til kæru til skattstjórans í Reykjavík.

Í forsendum fyrir úrskurði ríkisskattanefndar segir svo orðrétt: „Álagning skattstjóra byggist á því, að hér sé um að ræða úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki, sem skattskyld sé skv. e-lið 4. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt og e-lið 7. gr. reglugerðar nr. 15/1960 um sama. Álagning er og talin styðjast við leiðbeiningu nefndar, er Fjármálaráðuneytið setti til að gefa leiðbeiningar um framkvæmd laga og reglugerðar um söluskatt, svohljóðandi:

„Þvottahús bæjar- og sveitarfélaga og annarra opinberra aðila, þar með talin þvottahús sjúkrahúsa, eru söluskattskyld af allri starfsemi sinni". (Sbr. nr. 56, bls. 28 í Úrskurðum og leiðbeiningum um söluskatt, útg. af skattstjóranum í Reykjavík í maí 1964).

Samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 10/1960 um starfsemi, sem undanþegin er söluskatti, þá er rekstur sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra þvílíkra stofnana undanþegin söluskatti.

Í samsvarandi reglugerðargrein, þ. e. 10. gr. reglugerðar um söluskatt frá 31. marz 1960, 7. tölulið, segir m. a.: „Undanþágan nær aðeins til þeirrar þjónustu, sem nefndar stofnanir láta í té, en ekki til vara, vinnu eða þjónustu, sem þær sjálfar þurfa að kaupa".

Samkvæmt greindum ákvæðum er sú þjónusta, sem nefndar stofnanir láta í té gegn greiðslu sem slíkar, undanþegin söluskatti. Hins vegar hafa þessar sömu stofnanir eigi verið undanþegnar á neinn hátt þeirri skyldu að greiða söluskatt af þeim vörum, vinnu og þjónustu, sem þær þurfa að kaupa, og verður því að ályktа, að eigin þjónusta þeirra sé söluskattskyld í þeim þáttum hennar, sem alment er söluskattskyld. Ber því að staðfesta úrskurð skattstjóra".

Stefnandi styður mál sitt hér fyrir dómi þeim rökum, er koma fram í ofannefndri kæru. Enginn vafi leiki á því, að Hrafnista flokkist undir stofnanir, sem umrætt ákvæði laga nr. 10/1960

taki til, enda sé það viðurkennt af skattayfirvöldum í öllum greinum nema í þessum eina þætti í rekstri stofnunarinnar, þ. e. rekstri þvottahúss. Umrætt lagaákvæði sé mjög fortakslaust og geti hvorki reglugerðarákvæði né leiðbeiningar fjármálaráðuneytisins breytt þar neinu um. Það sé svo sjálfsagður þáttur í rekstri sjúkrahúss að þvo fatnað eða rúmföt af vistfólki, að hann verði eigi frá rekstrinum skilinn, eins og gert sé við álagningu söluskattsins. Með sömu rökum mætti draga ýmsa aðra þætti undan og skattleggja þá. Sem dæmi mætti nefna, að Hrafnista reki eldhús og matstofu fyrir sjúklinga og vistmenn og enn fremur bakarí, þar sem bakað sé brauð og kökur til notkunar á heimilinu.

Þá verði eigi séð, að 7. tl. 10. gr. reglugerðar um söluskatt frá 31. marz 1960 heimili hina umdeildu skattálagningu, eins og ríkisskattanefnd haldi fram í sínum úrskurði. Auðvitað þyrfti Hrafnista að kaupa að ýmsa þjónustu, ef hún annaðist hana ekki sjálf, en það eitt sé ekki ákvörðunarástæða skattálagningar.

Meginrök þeirrar undanþágu, sem 6. tl. 7. gr. laga nr. 10/1960 geri ráð fyrir, séu væntanlega þau, að rekstur sjúkrahúsa hafi svo mikla þýðingu til almannaheilla, að ekki beri að íþyngja slíkum rekstri um of með skattaálögum, enda sé það almannaheill, að rekstrarkostnaður slíkra stofnana sé sem lægstur. Þessi meginrök, sem væntanlega liggi að baki ákvörðun löggjafans, eigi að sjálfsögðu við í því tilfelli, sem deilt sé um í máli þessu.

Aðalkröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að með úrskurði fjármálaráðuneytisins, dags. 4. maí 1960, sé því slegið föstu, að þvottahús bæjar- og sveitarfélaga og annarra opinberra aðilja, þar með talin þvottahús sjúkrahúsa, séu söluskattskyld af allri starfsemi sinni. Í úrskurði ráðuneytisins felist túlkun á 6. tl. 7. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960. Í lok þeirrar lagagreinar segi, að ráðherra kveði nánar á um það, hvað falli undir undanþágu lagaákvæðisins. Það hafi ráðherra gert með 7. tl. 10. gr. reglugerðar um söluskatt nr. 15/1960.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að nefndur úrskurður um söluskatt af starfsemi þvottahúsa byggist væntanlega í fyrsta lagi á því, að rekstur þvottahúsa sé almennt söluskattskyldur, sbr. f lið 4. gr. laga nr. 10/1960, og í öðru lagi á því, að allir aðiljar, hvort sem þeir eru skattskyldir eftir lögum um tekjuskatt og eignarskatt eða ekki, séu söluskattskyldir, ef þeir hafi með höndum starfsemi, sem sé almennt söluskattskyld, og gildi það einnig um opinber fyrirtæki, enda þótt starfsemi þeirra sé

ekki sama eðlis, sbr. 5. gr. söluskattslaga. Hér sé um að ræða eina af grundvallarreglum söluskattslaganna, sem sett séu til þess að tryggja, að ákveðin starfsemi eða þjónusta sé söluskattskyld án tillits til þess, hver stundi hana eða láti hana í té. Væri þessi regla ekki látin gilda, yrði einstökum fyrirtækjum mismunað í skattgreiðslum, t. d. einkafyrirtækjum annars vegar og opinberum fyrirtækjum hins vegar. Enn fremur gæti slíkt leitt til þess, að samkeppnisaðstaða sumra fyrirtækja yrði rýrð á kostnað annarra. Væru t. d. þvottahús sjúkrahúsa undanþegin söluskatti, yrðu önnur þvottahús ekki samkeppnishæf við þau.

Í athugasemdum við b lið 5. gr. frumvarps til núgildandi laga um söluskatt nr. 10/1960 segir svo m. a.: „Einnig er opinberum fyrirtækjum, þ. e. fyrirtækjum ríkis- og sveitarfélaga, svo og stofnunum þeirra, gert að greiða söluskatt. Er hér um sjálfsagða reglu að ræða, svo ekki verði sköpuð óeðlileg samkeppnisaðstaða fyrir þessa aðila". Af þessu sé ljóst, hver tilgangur löggjafans hafi verið með margumræddu lagaákvæði.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum, að stefnandi hafi í þvottahúsi sínu ekki einvörðungu þvegið þvott af vistmönnum á Hrafnistu, heldur einnig tekið þvott frá starfsfólki og þvegið, en augljóst sé, að slíkur þvottur geti í raun og veru verið frá fólki, sem sé í engum beinum tengslum við Dvalarheimilið að Hrafnistu. Sömuleiðis muni stefnandi hafa þvegið þvott fyrir vistheimilið í Víðinesi og ef til vill fleiri aðilja. Af þessu sé ljóst, að ef rekstur þvottahúss eins og þess, sem stefnandi reki, yrði undanþeginn söluskatti, mætti búast við því, að meira og minna af þvotti yrði þvegið þar fyrir hina og þessa, án þess að söluskattur yrði greiddur af þeirri þjónustu. Illmögulegt yrði að fylgjast með því, hvort þvottur sá, sem þveginn væri í þvottahúsum sjúkrahúsa og hæla, væri einvörðungu frá þeim.

Af framanskráðu sé ljóst, að stefnandi sé ekki einasta söluskattskyldur af þvottahúsrekstri sínum, heldur hefði það verið óverjandi frá jafnréttissjónarmiði að veita honum slíka undanþágu og illframkvæmanlegt að fylgjast með því, að slík undanþága væri ekki misnotuð.

Vegna varakröfu stefnda hafa vitnin Guðmundur Jónsson, gjaldkeri og skrifstofumaður Hrafnistu, Kristjana Jóna Þorsteinsdóttir, forstöðukona þvottahússins að Hrafnistu, og Pétur Sigurðsson, formaður stjórnar Hrafnistu, komið fyrir dóm. Í framburðum vitnanna Guðmundar og Kristjönu kemur fram, að þvottahús stefnanda hefur þvegið lítils háttar af þvotti fyrir

Víðines, Slysavarnafélag Íslands, Laugarásbíó og danska sendiráðið. Af því tilefni hefur verið lagt fram í málinu bréf áðurnefnds Guðmundar um það, hve mikið fé hafi komið inn fyrir þvott á tímabilinu 1. október 1968 til 30. júní 1969 án tillits til þess, hvort söluskattur hafi verið lagður á eða ekki við innheimtuna. Heildarupphæðin hafi reynzt vera kr. 81.686.10 og hefði söluskattur af þeirri upphæð numið kr. 5.698.00. Um þá upphæð hefur stefnandi lækkað stefnukröfu sína, svo sem áður getur. Þá hefur og verið lagt fram í málinu bréf sama Guðmundar yfir tekjur Hrafnistu fyrir þvott starfsfólks Hrafnistu á tímabilinu 1. október 1968 til 30. júní 1969, og hafa þær numið kr. 34.725.00. Söluskattur af þessari upphæð hefði reiknast kr. 2.422.00. Bæði þessi bréf hefur vitnið Guðmundur staðfest fyrir rétti og sagt, að glöggt megi sjá í bókhaldi Hrafnistu, hverjar tekjur þvottahús þess hafi haft af þvegnum þvotti fyrir starfsfólk og aðilja utan Hrafnistu, enda þótt ekki sé sérstakt bókhald fyrir þvottahúsið frekar en til dæmis eldhús Hrafnistu, þar sem litið sé á þessa starfsemi aðeins sem þætti í heildarstarfseminni.

Við munnlegan málflutning var því sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda, að nægilegur fyrirvari hafi verið gerður við greiðslu söluskatts vegna fjórða ársfjórðungs 1968 og ekki hafi heldur verið kært vegna þeirrar álagningar.

Á dskj. nr. 5 í málinu eru ljósrit af kvittunum fyrir greiðslu söluskatts vegna fyrsta og annars ársfjórðungs 1969, og er á kvittanirnar ritað, að greitt sé með fyrirvara. Slík áritun er ekki á ljósriti af söluskattskvittun fyrir greiðslu vegna fjórða ársfjórðungs 1968, en fyrir dómi hefur áðurnefnt vitni, Guðmundur, borið, að þegar söluskattskýrslu vegna þess ársfjórðungs hafi verið skilað til skattstofunnar, hafi svohljóðandi bréf verið látið fylgja með (dskj. nr. 3): „Skattstofan Reykjavík. Það er skoðun forráðamanna Hrafnistu, að hæpið sé, að stofnuninni sé skylt að greiða söluskatt af þvotti á fatnaði af vistfólki fremur en af annarri þjónustu við það. Er því skýrsla þessi lögð fram með fyrirvara varðandi greiðslu, þegar þar að kemur. Virðingarfyllst, Guðmundur Jónsson, gjaldkeri, Hrafnistu".

Fyrir rétti sagði áðurnefnt vitni, Guðmundur, að þetta bréf kæmi fram sem fyrirvari varðandi söluskattgreiðslu fjórða ársfjórðungs 1968 á sama hátt og hinir fyrirvararnir.

Við munnlegan málflutning kom fram, að stefnandi málsins, Hrafnista, Dvalarheimili aldraðra sjómanna, er eign „Sjómannadagsins í Reykjavík", en það er nafn á samtökum stéttarfélaga

sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Stjórn þessara samtaka er í höndum Sjómannadagsráðs, sem er fulltrúaráð ofangreindra stéttarfélaga. Aðalfundur fulltrúaráðsins er haldinn árlega, og þar er samtökum þessum kosin stjórn. Sú stjórn fer með málefni stofnana „Sjómannadagsins í Reykjavík", sem eru þessar helztar: Hrafnista, Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Laugarásbíó og Happdrætti D. A. S.

Helztu tekjur Hrafnistu, Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, eru tekjur af Happdrætti D. A. S., en það starfar samkvæmt sérstökum lögum nr. 71/1954. Aðrar tekjur eru vistgjöld, gjafir og tekjur af kvikmyndahúsi.

Samkvæmt þessu og málflutningi hér fyrir dómi verður að telja, að „Sjómannadagurinn í Reykjavík" sé hinn raunverulegi sóknaraðili þessa máls, en Hrafnista, Dvalarheimili aldraðra sjómanna, hafi heimild til að reka málið í eigin nafni í umboði fyrrgreinds aðilja.

Með þessari athugasemd þykir ákvæðum réttarfarslaga um aðilja- og málflutningshæfi fullnægt, að því er stefnanda varðar.

Stefnandi kærði álagðan söluskatt fyrir fyrsta ársfjórðung 1969, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1960, en ekki álagðan söluskatt fyrir fjórða ársfjórðung 1968. Í 14. gr. laga nr. 10/1960 segir, að ágreining um skattskyldu og skatthæð megi bera undir dómstóla, „en það skal þó gert innan 6 mánaða, frá því að ríkisskattanefnd úrskurðaði málið". Tilsvarandi ákvæði var ekki í lögum nr. 100/1948, enda segir í athugasemd við 14. gr. í frumvarpinu að lögum nr. 10/1960, „að ágreining um skattskyldu og skatthæð megi bera undir dómstóla, þó innan hálfs árs, frá því að ríkisskattanefnd úrskurðaði málið, og er þetta nýmæli í söluskattslögum".

Tilsvarandi ákvæði í 5. málsgr. 41. gr. laga nr. 55/1964 er þannig orðað: „Ágreining um skattskyldu má bera undir dómstóla".

Telja verður almenna reglu, að því aðeins sé notkun á heimild til stjórnvaldskæru skilyrði málshöfðunar, að það sé ótvírætt gefið í skyn í lögum. Samkvæmt skýlausu orðalagi 14. gr. laga nr. 10/1960, sbr. athugasemdir við þá grein í frumvarpi að söluskattslögunum, verður að telja, að stefnandi hafi firrt sig rétti til að krefjast fyrir dómi endurgreiðslu á álögðum söluskatti fyrir ofannefndan fjórða ársfjórðung 1968, þar sem hann hefur ekki gætt ákvæða nefndrar lagagreinar, sbr. 13. gr. sömu laga, og verður því krafa hans að þessu leyti ekki tekin til greina.

Rekstur þvottahúss stefnanda er sá eðlisþáttur í starfseminni,

sem fellur undir 7. gr., sbr. 6. tölul., laga nr. 10/1960, sbr. 2. mgr. 7. tölul. reglugerðar nr. 15 frá 31. marz 1960, að hann nýtur undanþágu greinds lagaákvæðis, sbr. 1. mgr. 7. tölul. nefndrar reglugerðar, að því er varðar þvott á fatnaði og rúmfötum vistmanna eða þvott, sem beinlínis er í sambandi við starfsemi stefnanda sem elliheimilis, enda getur úrskurður fjármálaráðuneytisins, dags. 4. maí 1960, ekki svipt stefnanda þeirri undanþágu.

Samkvæmt þessu verður krafa stefnanda ekki tekin til greina, að því er varðar endurgreiðslu á söluskatti af tekjum stefnanda vegna þvotts fyrir starfsfólk stefnanda á umræddu tímabili, þ. e. kr. 2.422.00.

Af hálfu stefnda hefur sérstaklega verið mótmælt kröfu stefnanda um 8% ársvexti. Með vísan til 3. gr. laga nr. 58/1960, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabankans frá 20. maí 1965, ákveðast vextir 7% ársvextir.

Niðurstaða málsins er sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 55.246.00 (85.971.00 ÷ 28.303.00 ÷ 2.422.00) með 7% ársvöxtum af kr. 23.003.00 (31.123.00 ÷ 5.698.00 ÷ 2.422.00) frá 13. maí 1969 og af kr. 32.243.00 frá 13. ágúst 1969, hvort tveggja til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Dómari í málinu var Björn Þ. Guðmundsson.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hrafnistu, Dvalarheimili aldraðra sjómanna, kr. 55.246.00 með 7% ársvöxtum af kr. 23.003.00 frá 13. maí 1969 og af kr. 32.243.00 frá 13. ágúst 1969, hvort tveggja til greiðsludags, og kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 dag frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. marz 1971.

Nr. 41/1971. **Flugstöðin h/f**
gegn
Sólrúnu Hafsteinsdóttur persónulega og vegna ófjárráða dóttur sinnar, Gunnhildar Fjólu Valgeirsdóttur.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. marz 1971, sem hingað barst 25. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 21. gr., 1. c., laga nr. 57/1962 skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur hinn 2. marz 1971, þar sem varnaraðilja var heimilað að afla vættis nafngreinds vitnis. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur „og breytt á þann hátt, að neitað verði um frekari vitnaleiðslur og gagnaöflun í máli þessu, en lagt fyrir vitnadómarann að afgreiða málið til Hæstaréttar".

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta niðurstöðu hans.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 5.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Flugstöðin h/f, greiði varnaraðilja, Sólrúnu Hafsteinsdóttur, kr. 5.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 2. marz 1971.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 23. f. m., en það er rekið sem vitnamál í sambandi við hæstaréttarmálið nr. 88/1970.

Með stefnu, dags. hinn 3. febrúar 1969, höfðaði Sólrún Hafsteinsdóttir, Auðbrekku, Skriðuhreppi, Eyjafjarðarsýslu, vegna sín og fyrir hönd ófjárráða dóttur sinnar, Gunnhildar Fjólu Valgeirsdóttur, mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Flugstöðinni h/f hér í borg til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.514.485.00 með 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1968 til greiðsludags. Í málinu var krafizt málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk leyfi til gjafsóknar. Af hálfu stefnda voru þær dómkröfur hafðar uppi í málinu aðallega, að hann yrði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda yrðu stórlega lækkaðar að mati dómsins og málskostnaður yrði þá látinn niður falla. Málavextir voru þeir, að hinn 15. júlí 1968 tók Gísli G. Axelsson á leigu hjá Flugstöðinni h/f flugvélina TF-DGF af gerðinni Piper PA-28, Cherokee 140, og var fyrirhugað að fljúga frá Reykjavík til Ísafjarðar og til Reykjavíkur aftur. Í flugvélinni voru þrír farþegar, og var Valgeir Stefánsson einn þeirra. Flugvélin fór frá Reykjavíkurflugvelli kl. 2023, og var áætlað, að hún lenti á Ísafirði kl. 2213. Var viðdvöl á Ísafirði áætluð 30 mínútur, og áætlaður komutími til Reykjavíkur aftur var kl. 0033. Er flugvélin kom ekki fram eftir áætlaðan komutíma til Reykjavíkur, var farið að grennslast eftir henni. Kom þá í ljós, að hún hafði ekki komið til Ísafjarðar. Hófst nú mikil leit að flugvélinni, og um kl. 1045 hinn 17. júlí fannst flak hennar á svo nefndri Brunnhæð á Látrabjargi. Voru allir látnir, sem í flugvélinni voru. Sólrún Hafsteinsdóttir, ekkja Valgeirs Stefánssonar, er hafði heimild til setu í óskiptu búi, höfðaði síðan bæjarþingsmálið til heimtu bóta, sem hún taldi sig og einkabarn þeirra Valgeirs, Gunnhildi Fjólu, hafa beðið við fráfall hans. Með dómi, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur, var Flugstöðinni h/f gert að greiða Sólrúnu Hafsteinsdóttur sjálfri kr. 730.000.00 og fyrir hönd Gunnhildar Fjólu kr. 110.000.00, hvort tveggja með 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1968 til greiðsludags, svo og kr. 96.500.00 í málskostnað.

Með hæstaréttarstefnu, útgefinni hinn 28. apríl 1970, áfrýjaði stefndi bæjarþingsmálinu til Hæstaréttar. Hinn 21. desember s.l. kvað Hæstiréttur upp svohljóðandi úrskurð:

„Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, er rétt samkvæmt

120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 57/1962, að veita aðiljum færi á því að afla eftirtalinna gagna:

1. Álitsgerðar dómkvaddra manna, sérfróðra um loftsiglingar og veðurfræði, um það, hvort ógætilegt hafi verið, að flugvélin TF-DGF færi ferð þá til Ísafjarðar, sem í málinu greinir, þegar gætt er flugkunnáttu og reynslu flugmannsins, flugtímans, upplýsinga um veður og veðurhorfur á flugleiðinni, þess, að fjarskiptastöð á Ísafirði var ekki opin, og annars þess, sem máli kann að skipta um ákvörðun um ferðina og undirbúning hennar.
   Ef svo er talið, skal greina, hverju hafi verið áfátt, hverju máli þau atriði hafi skipt um flugslysið og hvort fyrirsvarsmönnum eða starfsmönnum aðaláfrýjanda máls þessa sé þar um að kenna.
2. Skýrslu Páls Bergþórssonar veðurfræðings um viðtal það, sem talið er, að Marinó Þórður Jónsson og Gísli heitinn Axelsson hafi við hann átt fyrir flugferðina.
3. Skýrslna um, á hvaða tímum dags séu gerðar veðurathuganir á veðurathugunarstöðvum frá Reykhólum og Æðey og hvenær tilkynningar um veðurathuganir þessar berist Veðurstofunni í Reykjavík.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla framangreindra gagna".

Í tilefni af úrskurði Hæstaréttar kom Páll Bergþórsson veðurfræðingur fyrir dóm til vitnisburðar í vitnamáli því, sem hér er til úrskurðar. Í framburði sínum hér fyrir dóminum skýrði Páll Bergþórsson frá því, að Helgi Jónsson flugmaður hefði skýrt sér frá því, að hann hefði fengið hjá sér upplýsingar um veður sama kvöld og umrædd flugferð var farin. Hafi Helgi sagzt hafa leitað upplýsinga þessara af tveimur ástæðum, annars vegar hafi hann sjálfur ætlað að fljúga til Arnarfjarðar, en einnig hafi hann ætlað að leigja flugnema flugvél til æfingaflugs. Kvað Páll Helga hafa sagt sér, að á grundvelli þessara upplýsinga hafi hann flogið til Arnarfjarðar, enda hafi hann ekki þurft að fljúga sjónflug, og einnig hafi Helgi sagt, að á grundvelli þessara upplýsinga hafi hann ekki talið rétt að láta flugnemann fljúga nema í nágrenni Reykjavíkur.

Lögmaður vitnastefnanda hefur talið nauðsyn til bera, að Helgi Jónsson verði kvaddur fyrir dóm til vitnisburðar um þau atriði, sem Páll Bergþórsson hefur skýrt frá og hér hafa verið rakin.

Þá hefur lögmaðurinn einnig óskað eftir því, að Elíeser Jónsson, fyrirsvarsmaður Flugstöðvarinnar h/f, komi fyrir dóm til skýrslugjafar að nýju.

Lögmaður vitnastefnda hefur mótmælt því, að hin umbeðna vitnaleiðsla fari fram eða að frekari gagnasöfnun eigi sér stað í máli þessu, og hefur krafizt þess, að málið verði sent Hæstarétti án frekari dráttar. Bendir lögmaðurinn á í því sambandi, að gagnaöflun af hálfu lögmanna sé löngu lokið og málið flutt og lagt í dóm af þeirra hálfu í Hæstarétti í desembermánuði s.l. Úrskurður Hæstaréttar frá 21. desember s.l. sé takmarkaður og tæmandi um þau atriði, sem dómurinn óskar eftir, að upplýst verði, áður en endanlegur dómur gengur. Þeim úrskurði hafi nú verið fullnægt með framlagningu álitsgerðar hinna dómkvöddu manna og staðfestingu þeirra á henni hér fyrir dómi svo og með öflun annarra gagna þeirra, sem í úrskurðinum greini. Hefur lögmaður vitnastefnda áskilið sér rétt til að mótmæla sem of seint fram komnum frekari gögnum, sem óskað kunni að verða eftir af hálfu vitnastefnanda.

Þótt vætti Helga Jónssonar liggi að vísu utan marka úrskurðar Hæstaréttar samkvæmt orðanna hljóðan, þá þykir eigi útilokað, að hann kunni að varpa frekara ljósi á málsatvik. Þykir því rétt að heimila vitnastefnanda að afla vættis Helga Jónssonar. Elíeser Jónsson gaf á sínum tíma rækilega skýrslu við meðferð málsins, áður en dómur gekk á bæjarþingi Reykjavíkur, og hafa eigi verið færð að því rök, að sú skýrslugjöf hafi verið ófullnægjandi. Þykir því ekki vera næg ástæða til, að dómarinn kveðji Elíeser Jónsson fyrir dóm í vitnamáli þessu, en heimilt er Elíeser að koma fyrir dóminn til frekari skýrslugjafar, ef hann óskar.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Vitnastefnendum er heimilt að afla vættis Helga Jónssonar í vitnamáli þessu.

Föstudaginn 2. apríl 1971.

Nr. 39/1971. **Marinó Jónsson**
gegn
Verzlunarbanka Íslands h/f.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Marinó Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Verzlunarbanka Íslands h/f, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. apríl 1971.

Nr. 120/1969. **Friðjón Gunnar Friðjónsson**
(Ingi R. Helgason hrl.)
gegn
Veitingahúsinu Nausti h/f
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Gaukur Jörundsson.

Skaðabótamál. Félagsdómur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1969 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 19.719.18 bætur fyrir tapaðar vinnu-

tekjur og kr. 20.000.00 miskabætur, samtals kr. 39.719.18, ásamt 8% ársvöxtum frá 13. júlí 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það ber undir Félagsdóm að dæma um skaðabætur á hendur aðilja fyrir brot gegn 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 44. gr., 1. tl., 47. gr. og 65. gr. laganna.

Það er hins vegar á valdsviði hinna almennu dómstóla að dæma um, hvort starfsmaður eigi bótarétt á hendur vinnuveitanda, vegna þess að honum hafi verið sagt upp starfa með of skömmum uppsagnarfresti.

Stefndi sagði áfrýjanda með bréfi 28. marz 1966 upp starfa sínum, þannig að störfum hans skyldi ljúka hinn 30. apríl 1966. Eigi er ágreiningur um, að uppsagnarfrestur í vinnuskiptum aðilja hafi verið einn mánuður, miðað við mánaðamót, en áfrýjandi telur sig hafa átt „samningsbundinn uppsagnarfrest frá þeim degi, er hann var látinn hætta störfum í Nausti og annar maður tók við hans störfum". Á þetta verður ekki fallizt. Telja verður, að uppsögnin hafi verið með löglegum fyrirvara. Ber því að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda um bætur vegna of skamms uppsagnarfrests.

Ákvæði héraðsdóms um miskabætur til handa áfrýjanda er reist á þeim misskilningi dómara, að honum beri að leggja dóm Félagsdóms frá 13. júlí 1966 til grundvallar sínum dómi. En þar sem stefndi hefur lýst því með kröfugerð sinni hér fyrir dómi, að hann vilji una niðurstöðu héraðsdómsins, eru eigi efni til að breyta honum. Ber því að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. apríl 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. apríl s.l., hefur Friðjón Gunnar Friðjónsson framreiðslumaður, Safamýri 34, Reykjavík, höfðað á hendur Geir Zoëga jr. framkvæmdastjóra f. h. Veitingahússins Nausts h/f, Vesturgötu 6–8, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 14. september 1966.

Hákon Guðmundsson, yfirborgardómari í Reykjavík, vék sæti í málinu með úrskurði 22. marz 1968. Dómurinn er kveðinn upp af Ásgeiri Thoroddsen, setudómara samkvæmt skipunarbréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 10. október 1968.

Stefnandi hefur krafizt þess, að hið dæmda félag verði dæmt til þess að greiða honum kr. 42.472.08 vegna tapaðra vinnutekna og auk þess kr. 20.000.00 í miskabætur vegna ólögmætrar uppsagnar, eða alls kr. 62.472.08. Þá hefur stefnandi krafizt 8% ársvaxta af nefndri fjárhæð frá 13. júlí 1966 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Stefnandi rekur málavexti þannig í stefnu:

„Með bréfi, dags. 28. marz 1966, var stefnanda, sem var þá trúnaðarmaður Félags framreiðslumanna í Veitingahúsinu Nausti, sagt upp starfi sínu sem framreiðslumanni í veitingahúsinu frá 30. apríl sama árs að telja. Af hálfu Félags framreiðslumanna var uppsögninni mótmælt sem ólögmætri og þess krafizt, að stefnandi yrði tekinn aftur til vinnu í Nausti. Hið stefnda félag hélt hins vegar fast við ákvörðun sína, og höfðaði þá Alþýðusamband Íslands vegna Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðjóns Gunnars Friðjónssonar mál fyrir Félagsdómi á hendur Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Veitingahússins Nausts h/f vegna þessa. Dómur í því máli gekk hinn 13. júlí s.l. (1966), og var uppsögnin dæmd ólögmæt, en hins vegar sýknað af kröfu um, að Naust h/f tæki stefnanda aftur í þjónustu sína. Meðan á rekstri málsins stóð, var stefnandi atvinnulaus, en strax og úrlausn Félagsdóms lá fyrir um, að hann yrði ekki tekinn til starfa að nýju hjá hinu stefnda félagi, hófst hann handa um að afla sér annars starfs, og tókst það fljótlega".

Stefndi hefur ekki gert athugasemdir við þessa málavaxtalýsingu stefnanda.

Rétt þykir í forsendum þessa dóms, að fram komi afstaða Félagsdóms og dómsorð í tilvitnuðu máli, sem er á þessa leið:

„Þegar litið er til framangreindrar tilkynningar Félags framreiðslumanna, dags. 10. apríl 1965, um val á trúnaðarmanni í Veitingahúsinu Nausti og bréfa þeirra, sem áður er getið, frá forstjóra veitingahússins til Friðjóns Gunnars Friðjónssonar í maímánuði 1965, verður með vísun til þess, sem áður er rakið, að telja, að hann hafi af hálfu veitingahússins verið samþykktur sem trúnaðarmaður stéttarfélags síns á vinnustað samkvæmt 9. gr. laga nr. 80/1938. Hinn 17. marz þ. á. nefndi Félag framreiðslumanna Friðjón Gunnar enn til trúnaðarmannsstarfa á sama stað. Af hálfu veitingahússins var eigi gerð athugasemd við þá útnefningu, og eigi var af þess hálfu krafizt aðstöðu til vals á trúnaðarmanninum samkvæmt 9. gr. nefndra laga. Var Friðjón Gunnar því áfram trúnaðarmaður félags síns á vinnustað og gegndi þeim starfa með réttindum og skyldum samkvæmt 9.—11. gr. sömu laga, þegar honum var sagt upp starfi hinn 28. marz s.l.

Í uppsagnarbréfinu til Friðjóns Gunnars er ekki getið neinnar ástæðu til uppsagnarinnar. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, er að því lúti, að hún eigi rætur að rekja til trúnaðarmannsstarfa hans. Ágreiningslaust er, að ekki er um þá fækkun á starfsliði að ræða, sem orðalag 2. málsl. 11. gr. laga nr. 80/1938 tekur beint til. Hinsvegar verður að skýra ákvæði þessa málsliðar svo, að hann feli í sér reglu, er takmarki rétt vinnuveitanda til þess að segja trúnaðarmanni upp starfi, enda þótt gætt sé lögmæts uppsagnarfrests, þegar svo stendur, eins og hér er um að tefla, að ætlunin er að ráða annan starfsmann í stað trúnaðarmannsins. Þessi skýring á 2. málsl. 11. gr. skýtur þó ekki loku fyrir það, að trúnaðarmaður verði sem aðrir starfsmenn að hlíta uppsögn fyrir misferli í starfi eða brot á þeim starfsreglum á vinnustað, sem starfsmönnum þar er almennt skylt að fylgja.

Svo sem áður er greint, hefur stefndi í flutningi máls þessa haldið því fram, að Friðjón Gunnar hafi brotið svo af sér í starfi sínu sem framreiðslumaður, að gildar ástæður hafi verið til uppsagnar, hvort sem hann var trúnaðarmaður eða ekki.

Hefur hann fært fram eftirtaldar ástæður, og kemur þá til álita, hvað fram er komið um þessi atriði:

1) Seinlæti í afgreiðslu og tregða við að framfylgja settum starfsreglum.

Eigi liggja fyrir gögn, er hleypi stoðum undir áðurgreindar staðhæfingar stefnda, að því er þessi atriði varðar, og verður

lögmæti uppsagnar Friðjóns Gunnars eigi byggt á misbrestum af hans hálfu í þessum efnum.

2) Óstundvísi og fjarvistir.

Fyrir dóminn hafa komið þrír framreiðslumenn í Nausti, þeir Bjarni Bender, Sigurður Friðriksson og Símon Sveinn Sigurjónsson, og gefið skýrslu um þessi atriði. Verða vætti þeirra nú rakin:

Bjarni Bender yfirþjónn segir, að Friðjón Gunnar hafi verið áberandi óstundvís og stundum komið hálfri klukkustund of seint. Hafi þessarar óstundvísi gætt á hinum ýmsu starfstímabilum dagsins og á henni borið, allt frá því er Friðjón Gunnar hóf störf í Nausti árið 1960, en vitni þetta kveðst hafa starfað með honum allan þann tíma og lengst af sem yfirþjónn. Segir Bjarni, að Friðjón Gunnar hafi skorið sig úr um óstundvísi, þótt slíkt hafi af og til hent aðra framreiðslumenn veitingahússins. Oftast hafi hann gert viðvart, ef hann kom alls ekki til vinnu, en stundum hafi þó brugðið út af því, og oft hafi hann tilkynnt fjarveru sína með svo stuttum fyrirvara, að erfitt hafi reynzt að fá mann í hans stað. Bjarni kveðst fyrir um það bil 2 árum hafi rætt um óstundvísi Friðjóns Gunnars við hann sjálfan og hafi tilefnið verið kvartanir annarra þjóna veitingahússins, sem taka þurftu vaktir af honum.

Sigurður Friðriksson segir, að það hafi oft komið fyrir, að Friðjón Gunnar hafi komið of seint til vinnu og stundum alls ekki og þá ekki alltaf tilkynnt fjarveru sína. Kveðst Sigurður stundum hafa þurft að taka á sig auk síns venjulega starfs þá vinnu, er Friðjón Gunnar hafi átt að leysa af hendi. Hann kveður, að borið hafi á óstundvísi Gunnars öll þau 5 ár, sem þeir hafi unnið saman, og kveðst Sigurður hafa kvartað yfir henni við yfirþjóninn. Hann kveður Friðjón Gunnar hafa skorið sig úr um óstundvísi.

Símon Sveinn Sigurjónsson segir, að Friðjón Gunnar hafi oftar en einu sinni komið of seint til vinnu og honum jafnvel þá dvalizt við snyrtingu, eftir að hann kom á vinnustað, áður en hann hóf vinnu. Hann segir, að sérstaklega hafi borið á óstundvísi Friðjóns Gunnars á 2. og 3. starfsári hans og svo aftur á s.l. vetri.

Friðjón Gunnar Friðjónsson hefur viðurkennt, að hann hafi nokkrum sinnum komið of seint til vinnu og að hann hafi eitt sinn hringt í núverandi forstjóra, hálftíma áður en hann átti að vera til staðar við vinnu, og beðið um frí vegna veikinda konu sinnar og hafi hann fengið það. Hann kveðst hinsvegar ekki

hafa verið óstundvísari en aðrir framreiðslumenn veitingahússins. Hann segir, að fyrrverandi forstjóri hafi aldrei fundið að neinu við sig, en núverandi forstjóri hafi einu sinni rætt við sig út af einu tilfelli, er hann kom of seint á s.l. vetri, og áminnt sig út af því tilviki. Í annað sinn hafi forstjórinn rætt við alla framreiðslumennina sameiginlega og beðið þá um að koma stundvíslega til vinnu.

Forstjóri Nausts h/f, Geir Zoëga jr., sem gefið hefur skýrslu fyrir dóminum, segist hafa talað við alla þjónana sameiginlega um nauðsyn þess, að þeir kæmu stundvíslega til vinnu. Hann kveðst auk þess hafa talað tvisvar við Friðjón Gunnar um óstundvísi hans, en hann hafi skorið sig úr í því efni. Hafi fyrra samtalið átt sér stað í október eða nóvember 1965, en hið síðara í janúar eða febrúarmánuði s.l. og hafi hann í síðara skiptið komizt svo að orði, að hann yrði að taka til annarra ráða, ef ekki yrði breyting til batnaðar af hálfu Friðjóns Gunnars, en ekki skýrt nánar, hvað í því fælist, né heldur tjáð honum, að það mundi varða uppsögn, ef hann bætti ekki ráð sitt.

3) Útgáfa innstæðulausrar tékkávísunar.

Við reikningsskil kvöld eitt í marzmánuði s.l. greiddi Friðjón Gunnar með ávísun úr eigin tékkhefti, að fjárhæð kr. 2.470.00 í stað peninga, sem hann hafði veitt viðtöku fyrir veitingar. Ávísun þessa innleysti viðskiptabanki veitingahússins næsta dag, hinn 12. marz, en hinn 17. s. m. tilkynnti Seðlabanki Íslands, að eigi hefði verið innstæða fyrir nefndri tékkávísun. Friðjón Gunnar segir, að hér hafi verið um mistök hjá sér að ræða, er stafað hafi af samlagningarskekkju í tékkhefti sínu, og hafi hann kippt þessu strax í lag hjá viðskiptabanka sínum, er veitingahúsið skýrði honum frá tilkynningu Seðlabankans. Forstjóri Nausts kveður, að litið hafi verið á þetta alvarlegum augum af hálfu veitingahússins, enda hafi þetta ekki verið einsdæmi af hálfu Friðjóns Gunnars.

Friðjón Gunnar segist iðulega hafa við reikningsskil greitt með eigin tékkávísunum og hafi aldrei verið að því fundið, en hann kveðst ekki minnast þess, að það hafi nokkurntíma komið fyrir, að eigi væri fyrir hendi næg innstæða fyrir þeim, og hefur þeirri staðhæfingu hans eigi verið hnekkt af stefnda.

Um 2. og 3.

Réttmætt er, að vinnuveitandi geri þá kröfu til trúnaðarmanns stéttarfélags á vinnustað, að hann gefi gott fordæmi og gæti þess að framfylgja sjálfur réttum starfsreglum á vinnustað

og þeim fyrirmælum kjarasamninga, sem hann er settur til að gæta, að framfylgt sé af hálfu vinnuveitandans. Verður að telja, að misbrestur í þeim efnum af hálfu trúnaðarmanns geti veitt vinnuveitanda heimild til þess að segja trúnaðarmanni upp störfum þrátt fyrir þá sérstöku vernd honum til handa, sem leiða verður af ákvæðum 11. gr. laga nr. 80/1938, að því er uppsögn úr starfi varðar. Nú verður að vísu að telja sannað, að all mjög hafi á það skort, að Friðjón Gunnar gætti þeirrar stundvísi í starfi sínu, sem honum var skylt, og að það hafi hent hann að tilkynna ekki forföll með hæfilegum fyrirvara. En þar sem hann var trúnaðarmaður, telur dómurinn, að forstjóri Nausts h/f hefði átt að tjá honum skýlaust, að það gæti varðað uppsögn, ef hann bætti ekki ráð sitt. Gildir þetta því fremur, þar sem óstundvísi Friðjóns Gunnars hafði lengst af starfstíma hans verið látin óátalin og stundvísi almennt, að því er virðist, verið nokkuð ábótavant á þessum vinnustað. Ljóst er af gögnum málsins, að Friðjóni Gunnari hefur eigi verið veitt þess konar áminning eða viðvörun, sem að framan greinir.

Útgáfu framangreindrar innstæðulausrar tékkávísunar verður að telja ámælisverða. En þegar tekið er tillit til þess, að eigi var um stærri fjárhæð að ræða og að Friðjón Gunnar leiðrétti strax mistök sín, þykir þetta atvik eigi alveg nægilegt til þess að réttlæta uppsögn trúnaðarmanns, enda er eigi sannað, að þetta hafi áður hent Friðjón Gunnar, og ætla verður af því, sem fram er komið í málinu, að forráðamenn veitingahússins hafi látið það viðgangast óátalið, að framreiðslumenn þar afhentu eigin tékkávísanir við reikningsskil að kvöldi dags til lúkningar á innkomnum tekjum af veitingasölu þann dag.

Með vísun til framanritaðs telur dómurinn, að framangreind uppsögn Nausts h/f hafi verið brot á meginreglu 2. málsl. 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmæt gagnvart Friðjóni Gunnari Friðjónssyni.

Eins og atvikum og málavöxtum er farið, þykir þó mega fella niður refsingu á hendur Nausti h/f fyrir brot á nefndu ákvæði. Eigi verður talið, að lög, meginreglur íslenzkra laga eða samningar skyldi Naust h/f til þess að taka Friðjón Gunnar aftur í þjónustu sína, og ber að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja greiði sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

1. Uppsögn Nausts h/f, dags. 28. marz þ. á., til Friðjóns Gunnars Friðjónssonar var ólögmæt.
2. Stefndi, Naust h/f, á að vera sýkn af refsikröfu stefnanda í máli þessu.
3. Stefndi, Naust h/f, á að vera sýkn af kröfu stefnanda um að taka Friðjón Gunnar Friðjónsson aftur í þjónustu sína.

Hvor aðilja greiði sinn kostnað af málinu".

Lýkur hér tilvitnun í félagsdóminn.

Stefnandi hefur í máli þessu krafizt bóta fyrir vinnutap á tímabilinu frá 1. maí 1966 til 3. júlí s. á., er dómur Félagsdóms var kveðinn upp, en þá fyrst hafi orðið ljóst, að stefnda var ekki talið skylt að taka stefnanda aftur í vinnu, og þá fyrst hafi honum verið unnt að fastráða sig í vinnu annars staðar. Hafi stefnandi gert það fljótlega eftir uppkvaðningu dómsins. Krafa stefnanda er að fjárhæð kr. 42.472.08, og er upphæðin fundin þannig, að lagt er til grundvallar skattframtal ársins 1966. Samkvæmt því námu tekjur stefnanda hjá Nausti kr. 262.808.00 að viðbættu fæði samkvæmt skattmati í 312 hálfa daga, kr. 8.424.00, eða samtals kr. 271.232.00. Síðan er dreginn frá kostnaður vegna nema, kr. 34.599.90, og verða þá eftir kr. 236.632.10. Í þá upphæð er deilt unnum dögum, eða 312, og gefur það kr. 758.43 í meðaltekjur hvern unninn dag. Hér er um að ræða 74 daga tímabil, en síðan dregnir frá frídagar, alls 12, og tíminn frá 8.—13. júlí, er framreiðslumenn voru í verkfalli. Verður því útkoman 56 dagar á kr. 758.43, eða alls kr. 42.472.08.

Miskabótakröfuna styður stefnandi þeim rökum, að uppsögn veki ávallt verulega eftirtekt og umtal, og sé hún mjög til þess fallin að rýra álit viðkomandi jafnt í augum almennings sem vinnuveitenda þeirra, er sá, sem fyrir slíku verður, leitar síðar atvinnu hjá. Þá hljóti slíkt umtal og athygli að verða þeim manni sérstaklega óþægilegt, er vinnur starf sitt á fjölsóttum stöðum. Sé því vægt farið í sakirnar með að krefjast kr. 20.000.00 í bætur fyrir þann miska, er hann hafi orðið fyrir vegna hinnar ólögmætu uppsagnar.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að enda þótt Félagsdómur hafi talið uppsögn á stefnanda vera brot á meginreglu 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80 frá 1938 og ólögmæta gagnvart honum, þá sé stefndi samt sem áður ekki skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda með hliðsjón af þeim atriðum, sem fram komu í dómi Félagsdóms, sem sé: 1. Að refsing á hendur stefnda hafi verið

látin falla niður, eins og atvikum og málavöxtum var farið. 2. Að kröfu stefnanda um það, að hann yrði aftur í þjónustu stefnda, var synjað. 3. Að talið var sannað, „að all mjög á það hafi skort, að Friðjón Gunnar gætti þeirrar stundvísi í starfi sínu, sem honum var skylt, og að það hafi hent hann að tilkynna ekki forföll með hæfilegum fyrirvara". 4. Að útgáfa innstæðulausrar tékkávísunar af hálfu stefnanda til greiðslu á tekjum stefnda var talin ámælisverð.

Þá segir stefndi, að það, að uppsögnin hafi verið talin brot á meginreglu 2. málsl. 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmæt gagnvart honum, sé opinbers réttareðlis eða félagsréttareðlis, en skeri ekki úr um það, hvort stefndi sé skaðabótaskyldur eða ekki. Hafi almennir dómstólar fulla heimild til þess að taka sjálfstæða afstöðu til þessa atriðis, og telur stefndi, að í einkaréttarlegu tilliti hafi uppsögnin verið lögmæt og því eigi stefnandi engan rétt til skaðabóta. Hljóti stefndi að hafa rétt til að ákveða, hvort hann hefur í sinni þjónustu menn, sem sannarlega hafi orðið brotlegir í starfi, fengið áminningu og ekki látið segjast og honum falli e. t. v. ekki við að öðru leyti.

Enn fremur styður stefndi sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi fengið löglegan uppsagnarfrest, og hafi því enga heimild haft til að halda að sér höndum á kostnað stefnda með því að sitja aðgerðarlaus, þar til dómur Félagsdóms gekk. Hafi næg atvinna verið í fagi stefnanda, á meðan hann sat heima. Þá mótmælir stefndi miskabótakröfunni sérstaklega, þar sem stefnandi hafi engum miska orðið fyrir.

Stefnanda var sagt upp störfum með eins mánaðar uppsagnarfresti. Ekki er deilt um lengd uppsagnarfrests. Fram hefur komið, að stefnandi reyndi ekki að verða sér úti um vinnu, fyrr en eftir að dómur Félagsdóms var kveðinn upp, og er því ekki mótmælt, að hann hefði getað fengið vinnu þegar á uppsagnarfresti, enda bendir það, hversu fljótt honum tókst að fá vinnu, er hann reyndi, til þess. Þá hefur verið lagt fram bréf Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, þar sem segir, „að nægileg atvinna var fyrir faglærða framreiðslumenn á veitingahúsum í Reykjavík eftir 1. maí 1966 og út allt árið 1966, og var fremur skortur á faglærðum framreiðslumönnum á framanrituðum tíma".

Samkvæmt grundvallarreglum íslenzks réttar er vinnuveitanda ekki skylt að taka aftur í þjónustu sína mann, sem hann vill ekki hafa sem samstarfsmann sinn. Því verður ekki talið, að stefndi eigi að bera tjón af því, að stefnandi hefst ekki handa um að

fá vinnu, fyrr en raun varð á. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um bætur fyrir missi vinnulauna.

Í títtnefndum félagsdómi var uppsögn á stefnanda talin ólögmæt. Þykir stefnandi því hafa unnið rétt til miskabóta, og þykja þær með hliðsjón af málavöxtum öllum hæfilega metnar kr. 5.000.00. Þá ber stefnda að greiða 7% ársvexti af kr. 5.000.00 frá 13. júlí 1966 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Veitingahúsið Naust h/f, greiði stefnanda kr. 5.000.00 ásamt 7% vöxtum frá 13. júlí 1966 til greiðsludags. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 2.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. apríl 1971.

Nr. 210/1970. **Haukur Jónasson**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Trausta Hauki Óskarssyni og gagnsök
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Iðnnámssamningur. Kaup iðnnema. Gerðardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Halldór Þ. Jónsson setudómari hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 18. nóvember 1970. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir gerðardómi, í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. nóvember 1970. Hann hafði fengið gjafsókn í héraði og fékk gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi 25. febrúar 1971. Krefst hann staðfestingar héraðsdóms að öðru en því, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir gerðardómi og í héraði. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rækilega rakin í héraðsdómi. Gerðardómsúrskurðurinn var birtur 9. janúar 1967, en héraðsdómsstefna 6. febrúar s. á. Skilyrðum niðurlagsákvæðis 38. gr. laga nr. 68/1966 var því fullnægt.

Aðaláfrýjandi hefur uppi kröfur og málsástæður umfram það, sem hann bar fram í héraði. Hann hefur eigi fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962, og koma þessi atriði því eigi til álita í Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að ársvextir ákveðast 7%, og um málskostnað fer, svo sem síðar greinir.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00, er renni til ríkissjóðs.

Í skiptum aðilja ber aðaláfrýjanda að greiða þóknun meðdómsmanna í greindum gerðardómi.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hans, samtals kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Haukur Jónasson, greiði gagnáfrýjanda, Trausta Hauki Óskarssyni, kr. 26.501.00 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1962 til greiðsludags.

Í skiptum aðilja ber aðaláfrýjanda að greiða þóknun meðdómsmanna í greindum gerðardómi, samtals kr. 7.000.00.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir

Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00, er renni til ríkissjóðs.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hans, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 20. ágúst 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 26. júlí s.l., var höfðað fyrir bæjarþinginu af Trausta Hauki Óskarssyni, Fellsmúla 4, Reykjavík, gegn Hauki Jónassyni húsgagnabólstrarameistara, Túngötu 16, Siglufirði, með stefnu, útgefinni 6. febrúar 1967 og birtri sama dag.

Mál þetta var úrskurðað af gerðardómi samkvæmt 38. grein laga nr. 68/1966, og var úrskurður gerðardóms svohljóðandi: „Varnaraðili, Haukur Jónasson, greiði sóknaraðila, Trausta Hauki Óskarssyni, kr. 2.000.00 auk 8% ársvaxta frá 1. febrúar 1962 til greiðsludags.

Sóknaraðili, Trausti Haukur Óskarsson, greiði þóknun meðdómsmanna, kr. 3.500.00 til hvors.

Úrskurði þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum".

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að úrskurði þessum verði hnekkt og stefnda gert að greiða honum kr. 26.501.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. febrúar 1962 til greiðsludags, málskostnað fyrir gerðardómi og héraðsdómi svo og þóknun meðdómsmanna í gerðardóminum.

Stefndi hefur með bréfi dómsmálaráðherra 25. febrúar 1967 fengið gjafsókn í málinu, en hefur við flutning málsins gert þá réttarkröfu, að málskostnaður verði tildæmdur, eins og ekki væri um gjafsóknarmál að ræða.

Kröfu sína telur stefnandi byggða á því, að stefndi hafi ekki greitt honum kaup og skólakostnað, eins og honum bar, vegna húsgagnabólstrunarnáms stefnanda hjá stefnda á árunum 1958 til 1962.

Stefndi gerir þær kröfur, að staðfest verði niðurstaða gerðardóms í málinu og að hann verði að öðru leyti sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður eftir mati dómsins.

Hinn reglulegi dómari vék sæti í málinu, þar sem hann hafði tekið þátt í afgreiðslu þess fyrir gerðardómi, og var Halldór Þ. Jónsson skipaður setudómari í málinu.

Málavextir eru þessir:

Með námssamningi, dagsettum 1. október 1958, réðst stefnandi til náms í húsgagnabólstrunariðn hjá stefnda. Samkvæmt samningi, sem gerður er á venjulegt prentað form og undirritaður af stefnda, stefnanda og föður stefnanda, skyldi námstíminn hefjast hinn 1. október 1958 og vera lokið hinn 1. október 1962. Lágmarkskaup nemanda var ákveðið í samningnum miðað við tímakaup sveina, eins og það er á hverjum tíma, á 1. ári 35%, á 2. ári 40%, á 3. ári 45% og á 4. ári 50%.

Samningur þessi er staðfestur af iðnfulltrúanum á Norðurlandi með áritun hans, dags. 28. júlí 1959, og jafnframt er svohljóðandi áritun gerð á samninginn af iðnfulltrúanum sama dag: „Nemandinn hefir lokið iðnskólaprófi, og er því heimilt að stytta námstíma hans um 8 mánuði frá því, er segir í samningi þessum".

Samkvæmt þessu lauk stefnandi námi hinn 1. febrúar 1962 og tók sveinskaup frá þeim tíma.

Í vottorði, sem fram hefur verið lagt, undirrituðu af skólastjóra Iðnskólans í Siglufirði, segir, að samkvæmt bókum skólans hafi Haukur Óskarsson „stundað nám í skólanum sem hér segir:

Í 2. bekk 1956 til 1957.

Í 3. bekk 1957 til 1958.

Lauk burtfararprófi úr 4. bekk 1958 til 1959. Þann vetur lauk hann fagteikningu, og voru 48 tímar með prófi. Skólinn er síðdegisskóli (4 til 7 s. d.) og starfar um 5½ mánuð á vetri".

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Vikukaup í 35 vikur á 4. árs kaupi, kr. 1.303.03 á viku	kr. 22.803.00
2.	Skólagjald	— 1.000.00
3.	Bókakostnaður, áætlaður	— 1.000.00
4.	Sjúkrasamlagsgjald í 8 mánuði	— 432.00
5.	Almannatryggingagjald	— 1.266.00
		Kr. 26.501.00

Um lið 1.

Kröfu sína um 35 vikna eða 8 mánaða laun byggir stefnandi á 30. grein reglugerðar nr. 130/1952, sbr. reglugerð nr. 93/1960 um iðnfræðslu, um, að hafi nemandi áður lokið námi í iðnskóla

eða ljúki því á styttri tíma en 4 árum, beri meistara að greiða honum í peningum það, sem meistari hefði að öðrum kosti þurft að greiða hans vegna í skólakostnað. Nemi eigi rétt á að vera fjarverandi vegna skólagöngu allt að 8 mánuðum á nemakaupi, miðað við 48 mánaða námstíma. Stefnandi telur, að skýra beri ákvæði greinarinnar rúmt, þannig að ekki sé aðeins miðað við beinan kostnað vegna skólagöngunnar, svo sem bækur, skólagjöld o. þ. l., heldur sé einnig átt við samningsbundið kaup. Stefnandi hafi þegar varið sínum eigin tíma kauplaust til iðnskólanámsins, sem hann hefði að öðrum kosti fengið greitt, ef hann hefði strax komizt á námssamning. Ef skýra ætti ákvæði þetta þröngt, væri verið að stuðla óbeint að því, að meistarar tækju frekar til sín nemendur, sem lokið hefðu iðnskóla, þar sem slíkt væri þá fjárhagslegur ávinningur þeirra.

Stefnandi telur sig hafa fengið greitt samkvæmt samningi nemalaun í 3 ár og 4 mánuði og eigi hann því rétt á 8 mánaða launum á 4. árs kaupi, sem sé hálf sveinslaun, eða kr. 1.303.03 á viku á miðju ári 1961.

Stefndi mótmælir kröfunni á þeim grundvelli, að stefnandi hafi átt að ljúka námi samkvæmt samningnum hinn 1. október 1962, en hafi vegna styttingarinnar komizt á sveinakaup, þ. e. tvöfalt það kaup, sem hann hefði haft sem nemi, frá 1. febrúar 1962. Krafa hans um 8 mánaða nemalaun sé þannig að fullu greidd. Þá heldur stefndi því einnig fram, að iðnnám eigi alltaf að vera 4 ár og 8 mánuðir til skólanáms eigi aðeins við, þar sem um dagskóla sé að ræða. Þar, sem skólanámið sé styttra, eigi verknámið að vera þeim mun lengra.

Gerðardómur leitaði álits iðnfræðsluráðs um mál þetta, og í svarbréfi þess, dags. 25. ágúst 1966, segir, að þegar nemi ljúki iðnskólanámi utan námstíma, hafi sú venja skapazt að stytta námstíma nemanda sem skólatíma nemur, eða um 2 mánuði fyrir hverja bekkjardeild, sem nemi lýkur utan samningsbundins námstíma. Þessi framkvæmd sé byggð á þeirri meginreglu iðnfræðslulaganna, að nemandi eigi aðeins að vinna meistara sínum þann tíma, sem hann ekki stundar iðnskólanám, og beri því sérstök greiðsla úr hendi meistara, ef lengur er unnið, sbr. Hrd. XXIII, bls. 368.

Með þessari framkvæmd, þ. e. að nemandi fái vegna styttingar námstímans greitt sveinskaup þeim mun fyrr sem styttingunni nemur, hafi verið litið svo á, að fullnægt sé af hendi meistara

þeim skyldum, sem áður greindur dómur Hæstaréttar leggur meisturum á herðar.

Þá hefur einnig verið lagt fram álit stjórnar Iðnnemasambands Íslands, dags. 8. október 1966. Þar segir, að stjórnin líti svo á, að framangreind túlkun iðnfræðsluráðs sé ekki rétt, þar sem neminn hafi lokið sínu skólanámi, áður en námssamningur var gerður. Það þýði, að neminn hafi ekki getað unnið, á meðan á því skólanámi stóð. Virðist því augljóst, að meistari hafi ekki uppfyllt þá skyldu, sem honum er lögð á herðar í 10. gr. reglugerðar um iðnfræðslu, að nemandi haldi kaupi sínu, á meðan hann stundar iðnskólanám. Þó hér sé um kvöldskóla að ræða, telur stjórnin, að það skerði ekki rétt nemans til launa fyrir þann tíma, sem stytting iðnfræðsluráðs hljóðar upp á. Verði eigi fram hjá því gengið, að iðnfræðsluráð meti kvöldskólanám til jafns við dagskólann, þegar ákvörðun er tekin um styttingu. Þá telur stjórnin einnig, að henni sé ekki kunnugt um, að hefð hafi skapazt í slíkum tilfellum sem þessu.

Lagt hefur verið fram bréf frá Trésmiðjunni Víði h/f í Reykjavík, dags. 28. maí 1965, sem er svar við fyrirspurn frá stefnanda. Þar segir: „Ef iðnnemi er ráðinn á svokölluðu lærlingskaupi, sem er í samræmi við samninga sveinafélaganna, þá greiðum við þeim laun í allan þeirra skólatíma í iðnskólanum. Ef nemi hefir lokið einum eða fleiri bekkjum í skólanum, áður en hann kemur í verklega námið til okkar, þá eru honum einnig greidd laun fyrir allan þann tíma".

Af því, sem nú hefur verið rakið, virðist mega ráða, að engin föst venja hafi skapazt í þessum efnum. Í dómi Hæstaréttar, sem að framan er vitnað í, og þeirri túlkun iðnfræðsluráðs, að stytta beri námstímann um 2 mánuði fyrir hvern bekk iðnskóla, sem nemi lýkur utan samningsbundins námstíma, er gengið út frá því sem meginreglu, að námstími iðnnema, sem lögum samkvæmt er 48 mánuðir, skiptist í 8 mánaða skólavist og 40 mánaða vinnu hjá meistara.

Í 23. grein iðnfræðslulaga nr. 46/1949 og 10. grein reglugerðar um iðnfræðslu nr. 130/1952 er svo kveðið á, að nemi, sem stundar nám í dagskóla með fullum kennslustundum, haldi kaupi sínu, en mæti ekki til vinnu. Sé ekki um dagskóla að ræða, skal vinnutími nemenda á vinnustað vera 12 stundum styttri á viku, meðan á skólavist stendur. Það er því ljóst, að lögin gera ráð fyrir, að iðnnemar haldi fullum launum þann hluta námstímans, sem fer

til skólavistar, og að launakjör iðnnema yfir allan námstímann eru við það miðuð. Iðnnemi, sem lokið hefur iðnskólaprófi eða einhverjum hluta iðnnámsins, áður en hann kemst á samning hjá meistara, væri því verr settur með því að nota sinn eigin tíma án launa til skólanámsins og greiðslubyrði þess meistara, sem tæki slíkan nema, minni, nema sérstaklega væri tillit til þess tekið í námssamningi og laun hærri af þeim sökum, ef ekki væri viðurkennd sú regla, að meistara beri að greiða iðnnema laun fyrir þann tíma, sem fer til skólavistar, enda þótt þeirri skólavist sé lokið, áður en námssamningur er gerður.

Vikukaupsupphæð sú, er stefndi gerir kröfu til, hefur ekki verið vefengd, og ber því samkvæmt framansögðu að taka kröfulið þennan til greina, eins og hann er fram settur af stefnanda.

Um 2. og 3. lið.

Stefndi lagði fram kvittanir fyrir kr. 1.470.00, sem hann taldi sig hafa greitt stefnanda upp í þessa liði kröfunnar. Stefnandi mótmælti þessum kvittunum og taldi þær vera fyrir öðrum greiðslum. Stefndi hefur við flutning málsins horfið frá fullyrðingu sinni um þetta atriði og boðið greiðslu á þessum liðum kröfunnar, sem einnig er í samræmi við kröfu hans um staðfestingu á úrskurði gerðardómsins.

Um 4. og 5. lið.

Samkvæmt 1. mgr. 17. greinar laga nr. 46/1949 er meistari skyldur að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar. Með tilvísun til þess, sem að framan er rakið, ber einnig að taka þennan lið kröfunnar til greina.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til greiðslu þóknunar til meðdómsmanna fyrir gerðardómi, kr. 3.500.00 til hvors, og til greiðslu málskostnaðar, sem með tilliti til málsatvika þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Haukur Jónasson, greiði stefnanda, Trausta Hauki Óskarssyni, kr. 26.501.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. febrúar 1962 til greiðsludags, kr. 3.500.00 til hvors meðdómsmanna í gerðardómi, þeirra Knúts Jónssonar og Ármanns Jakobssonar, og kr. 8.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. apríl 1971.

Nr. 52/1971. **Valdstjórnin**
gegn
Edward Roger Kolbeini Andréssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

William Thomas Möller, fulltrúi bæjarfógeta Kópavogs, hefur kveðið upp úrskurð héraðsdóms.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. apríl 1971, sem barst dóminum 13. s. m., og krafizt þess, að gæzluvarðhaldstíminn verði styttur í 30 daga. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilja er gefin að sök háttsemi, sem varðað getur hann fangelsisrefsingu eftir ákvæðum XVII., XVIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita, sbr. 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961. Þá eru og sakarefni slík, að fyllsta ástæða er til rannsóknar á geðheilsu varnaraðilja, sbr. 2. tl., d lið, 75. gr. laga nr. 82/1961. Þykir gæzluvarðhaldstíminn, eins og á stendur, hæfilega ákveðinn í hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 1. apríl 1971.

Á undanförnum vikum sérstaklega, en reyndar einnig allt frá byrjun desember 1970, hefur Edward Roger Kolbeinn Andrésson, Skólagerði 22, Kópavogi, fæddur 5. ágúst 1949, nú gæzlufangi í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9, Reykjavík, játað við yfir-

heyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Kópavogi og Reykjavík að hafa framið fjölda innbrota og þjófnaða í Kópavogi, Reykjavík og Garðahreppi á undanförnum 4—5 mánuðum og einnig að hafa falsað bankaávísanir og svikið með þeim út peninga og vörur, oftast einn, en stundum með öðrum.

Þá hefur kærði játað að hafa ásamt þremur öðrum ungum mönnum stolið sprengiefni úr birgðaskúr í eigu Kópavogskaupstaðar og að hafa verið í ráðagerðum með fleirum um að nota sprengiefnið og annan sprengiútbúnað, sem hann ásamt fleirum hafði undir höndum, til róttækra aðgerða í pólitískum tilgangi og í því sambandi ráðagerðum um stofnun hóps eða hópa („Aktionistagrúppu"), sem hefði á stefnuskrá sinni m. a. mannrán og fjárkúgun.

Kærði, Edward Roger Kolbeinn Andrésson, hefur játað framangreind afbrot við yfirheyrslur við rannsókn málsins fyrir sakadómi Kópavogs.

Kærði hefur borið fyrir dómi, að stundum telji hann hegðun sína varðandi afbrot sjúklegs eðlis og vilji hann ákveðið leita læknis í því sambandi og hann samþykki og beinlínis óski eftir því, að hann verði látinn gangast undir geðrannsókn.

Fram hefur komið við rannsókn málsins fyrir dómi, að kærði var í haldi frá kl. 2200 12. marz s.l. til kl. 2200 13. marz s.l. á lögreglustöðinni í Kópavogi vegna rannsóknar á brotum, sem hann játaði að hafa þá nýlega framið. Einnig hefur komið fram, að kærði hefur játað að hafa brotizt inn í húsakynni Myndlista- og handíðaskólann að Skipholti 1, Reykjavík, rúmlega þremur sólarhringum síðar, eða aðfaranótt 17. marz s.l.

Kærði var úrskurðaður í allt að 14 daga gæzluvarðhald fimmtudaginn 18. marz s.l., þar sem rannsókn varðandi afbrot, sem hann hafði þá játað og var grunaður um eða var grunaður um og hefur játað síðan, var þá á frumstigi og þar sem ætla mátti, að hann héldi áfram afbrotum, ef hann yrði látinn laus. Rannsókn þessa máls varðandi meint afbrot kærða, Edwards Rogers Kolbeins Andréssonar, er hvergi nærri lokið. Hafa við rannsókn málsins, yfirheyrslur yfir kærða og fleiri aðiljum og fleiri þætti rannsóknarinnar, allt fram á þennan dag, komið fram upplýsingar og önnur atriði, sem rannsaka þarf frekar.

Eftir er að framkvæma frekari rannsókn varðandi hugarfar kærða í sambandi við afbrotin og kanna nánar, af hvaða hvötum og í hvaða tilgangi kærði hefur framið þau afbrot, sem hann er grunaður um að hafa framið og hefur játað. Þá þarf einnig

frekari rannsóknar við varðandi andlegt og líkamlegt heilbrigðisástand kærða.

Með hliðsjón af því, sem að framan hefur verið sagt, verður að telja, að ætla megi, að kærði haldi áfram og gerist sekur um fleiri afbrot en hann hefur til þessa játað að hafa framið og er grunaður um, ef hann yrði nú látinn laus.

Þykir því að framansögðu bera nauðsyn til með vísun til 1. og 5. tölulíðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða kærða, Edward Roger Kolbein Andrésson, til þess að sæta gæzluvarðhaldi í allt að 60 dögum, meðan rannsókn málsins er ólokið.

Þá þykir einnig nauðsyn bera til að úrskurða kærða til þess að sæta geðrannsókn á gæzluvarðhaldstímanum.

Því úrskurðast:

Kærði, Edward Roger Kolbeinn Andrésson, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 60 dögum.

Kærði gangi jafnframt undir geðrannsókn innan marka gæzluvarðhaldstímans.

Mánudaginn 26. apríl 1971.

Nr. 36/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Bjarna Guðlaugi Hannessyni
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Í skýrslu Hjálmars Eyþórssonar lögreglumanns, sem vitni hafa staðfest rétta, segir m. a.: „Er komið var norður fyrir Víðidalsárbrú, sást til bifreiðar skammt á undan. Lítils háttar

snjóföl var á veginum og hjólför bifreiðarinnar, sem á undan ók, óeðlilega hlykkjótt. Á melunum vestan við Lækjamót var komið fram á bifreiðina, sem hafði ekið á undan, er var H 212".

Að öðru leyti eru málsatvik nægilega rakin í héraðsdómi, sem eftir atvikum þykir rétt að staðfesta, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja, en brot ákærða eru réttilega heimfærð til lagaákvæða í hinum áfrýjaða dómi, sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. nú áfengislög nr. 82/1969.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 8.000.00.

Allmikill dráttur hefur orðið á rannsókn máls þessa í héraði, en þó þingað svo í því, eins og vikið er að í héraðsdómi, að sök er ófyrnd, sbr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Verjandi ákærða í héraði var Gestur Eysteinsson lögfræðingur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Bjarni Guðlaugur Hannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 13. ágúst 1970.

Ár 1970, fimmtudaginn 13. ágúst kl. 1400, var í sakadómi Húnavatnssýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Blönduósi af Birni Helgasyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í

sakadómsmálinu nr. 2/1969: Ákæruvaldið gegn Bjarna Hannessyni, sem tekið var til dóms 23. júlí s.l.

Mál þetta er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dags. 7. janúar 1969, höfðað á hendur Bjarna Hannessyni, Nautabúi, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 29. október 1967 undir áhrifum áfengis bifreiðinni H 212 frá samkomuhúsinu Víðihlíð í Vestur-Húnavatnssýslu sem leið liggur áleiðis til Blönduóss, allt þar til lögreglan stöðvaði hann á þjóðveginum við Lækjamót í Þorkelshólshreppi, þar sem akstri lauk.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. nú lög nr. 40/1968, og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur að Undirfelli í Vatnsdal 5. júlí 1942, hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 29. október 1967 voru lögreglumenn í Húnavatnssýslu á leið til Blönduóss í lögreglubifreiðinni H 696 frá samkomuhúsinu í Víðihlíð í Vestur-Húnavatnssýslu, en þar hafði verið haldinn dansleikur um kvöldið. Á melunum vestan við bæinn Lækjamót óku þeir fram á bifreiðina H 212, sem lagt hafði verið við hægri vegarbrún. Er þetta gerðist, var klukkan 0310.

Ákærði, Bjarni Hannesson, Nautabúi, Vatnsdal, sat undir stýri, og var hann einn í bifreiðinni, að sögn lögreglumannanna. Lögreglumönnum virtist ákærði vera sýnilega mikið undir áhrifum áfengis, og hafi lagt sterkan þef af vitum hans. Lögreglumennirnir höfðu séð ákærða á samkomunni í Víðihlíð fyrr um kvöldið og töldu hann þá hafa verið alldrukkinn. Hafði hann lent þar í áflogum, og var vinstra auga hans bólgusokkið og byrjað að blána.

Var nú ákærði tekinn með í lögreglubifreiðina og ekið til Blönduóss, þar sem fyrirhugað var að taka blóðsýnishorn af ákærða. Í rannsókn málsins í sakadómi síðar kom fram, að ákærði hafi beðið um alkótestprufu, en lögreglumennirnir neitað því og talið það ástæðulaust, þar sem þeir töldu engum vafa undirorpið, að ákærði væri ölvaður. Þegar komið var að sjúkrahúsinu á Blönduósi og afturhurð lögreglubifreiðarinnar var opnuð fyrir

ákærða, brá hann hart við og tók á rás niður að Blöndu. Áður hafði ákærði farið úr skónum, og skildi hann þá eftir í lögreglubifreiðinni. Lögreglumönnum tókst ekki að hefta för ákærða, og komst hann yfir Blöndu á snjóbrú og hvarf lögreglumönnum sjónum, en Blanda rann á milli hárra fannskara. Var ákærða leitað lengi, en fannst ekki. Morguninn eftir var hans enn leitað, en án árangurs. Þann sama dag um kl. 1320 kom ákærði svo á skrifstofu lögreglunnar á Blönduósi. Var hann þá allsgáður, en dauf vínlykt af honum. Hugðist lögreglan þá láta taka blóðsýnishorn af ákærða, en læknir var þá ekki viðlátinn, og varð því ekki af töku blóðsýnishorns.

Hinn 3. nóvember 1967 komu fyrir sakadóm sem vitni lögreglumennirnir Hjálmar Eyþórsson og Sveinn Þórarinsson, báðir til heimilis á Blönduósi, og einnig Þorleifur Arason, Blönduósi, sem var farþegi í lögreglubifreiðinni umrætt skipti.

Unnu vitnin öll eið að ofangreindum framburði. Einnig kom fram, að ákærði hafði verið stilltur og kurteis á leiðinni til Blönduóss, og kom því brotthlaup hans alveg á óvart. Vitnið Hjálmar Eyþórsson kveðst hafa kallað aðvörunarorð til ákærða og jafnframt skipað að hætta eftirförinni, ef það mætti verða til þess, að ákærði færi ekki yfir ána.

Hinn 4. desember 1968 kom ákærði fyrir sakadóm. Óskaði hann eftir tveggja daga fresti til að ráðfæra sig við lögfræðing. Varð dómari við þeirri beiðni.

Hinn 7. desember 1968 kom ákærði aftur fyrir sakadóm og kvaðst þá neita að svara spurningum varðandi málið, en áskilja sér rétt á vörn í málinu.

Hinn 25. febrúar 1969 var ákærða birt ákæruskjal, dags. 7. janúar 1969. Ákærði óskaði eftir því, að Gestur Eysteinsson lögfræðingur, Guðrúnarstöðum, Vatnsdal, yrði skipaður verjandi sinn.

Hinn 21. ágúst mætti í sakadómi verjandi ákærða og Hjálmar Eyþórsson lögregluþjónn sem vitni í málinu.

Tilefnið var það, að verjandinn hafði óskað eftir framhaldsrannsókn í málinu og að eftirtalin atriði yrðu athuguð:

1. Hvort bifreið sú, sem skildi eftir sig hin óeðlilega hlykkjóttu hjólför, var sannanlega H 212. Sakborningur telur, að ekki hafi verið snjóföl á veginum. Umferð á veginum var af kunnum ástæðum mjög mikil, áður en lögreglumenn fóru þar um.

2. Hvers vegna neituðu lögreglumenn Bjarna um alkótestprufu

þrátt fyrir ákveðna beiðni Bjarna um, að hún yrði tekin af honum, svo að ekki þyrfti að ómaka hann til Blönduóss?

3. Hvers vegna litu lögreglumenn ekki inn í H 212 og gengu úr skugga um það, hvort Bjarni hefði ekið bílnum eða einhver annar?

4. Telja verður ástæðu til að ætla af ónefndum ástæðum, að vitnið Þorleifur Arason vilji klekkja á Bjarna, og því ástæða til að kanna hug hans nánar um það atriði.

Vitnið Hjálmar Eyþórsson svaraði framantöldum atriðum sem hér segir:

1. Að hann sé sannfærður um, að hjólförin hafi verið eftir bifreiðina H 212.

2. Að það sé rétt, að Bjarni hafi beðið um alkótestprufu, en hann hafi neitað því, þar sem hann taldi ekki ástæðu til þess, þar sem hann var þess fullviss, að Bjarni væri ölvaður.

3. Að hann sé þess fullviss, að enginn annar en ákærði hafi verið í bifreiðinni, nema þá falinn, en eitthvað af drasli hafi verið aftur í bifreiðinni, bæði í sætinu og á gólfinu. Ákærði hafi setið undir stýri, þegar lögreglumenn komu að bifreiðinni.

4. Að honum sé ekki kunnugt um, að fjandskapur hafi verið með ákærða og vitninu Þorleifi Arasyni.

Að þessu loknu óskaði verjandi ákærða ekki eftir, að fleiri vitni yrðu kölluð fyrir, og óskaði ekki eftir frekari rannsókn í málinu.

Hinn 23. júlí s.l. skilaði verjandi ákærða vörn í málinu, og var málið dómtekið samdægurs.

Gerir verjandi þær dómkröfur, að ákærði verði sýknaður í málinu og sér verði dæmd málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Rökstyður verjandi kröfu sína í fyrsta lagi með því, að ekki sé sannað, að ákærði hafi sjálfur ekið bifreið sinni frá samkomuhúsinu í Víðihlíð að Lækjamóti, og gefur í skyn, að einhver annar kunni að hafa gert það. Í öðru lagi, að það sé heldur ekki sannað, að ákærði hafi verið í því ástandi vegna áfengisneyzlu, að honum væri saknæmt að aka bifreiðinni.

Að því er snertir fyrri varnarástæðu verjanda, ber að geta þess, að ákærði sat sjálfur undir stýri bifreiðar sinnar, er lögreglumenn komu að, og enginn annar var sjáanlegur í bifreiðinni.

Hafi einhver annar ekið bifreiðinni, var ákærða í lófa lagið að benda á hann. Hins vegar kaus ákærði að neita að svara spurn-

ingum dómara, sbr. 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála, enda þótt dómari kynnti ákærða ræki-lega efni nefndrar lagagreinar og benti honum á, að þögn hans kynni að verða skýrð honum í óhag. Verður því að telja nægilega sannað, að ákærði hafi sjálfur ekið bifreið sinni í umrætt skipti.

Það athugist varðandi ákæruskjal, að lögreglan stöðvaði ekki bifreið ákærða, heldur var bifreiðin kyrrstæð, er lögreglan kom að, eins og áður hefur komið fram.

Eins og að framan er rakið, tókst ekki að taka blóðsýnishorn af ákærða, og er þar eingöngu um að kenna brotthlaupi ákærða sjálfs. Ber að átelja það framferði ákærða.

Þrjú vitni, lögreglumennirnir Hjálmar Eyþórsson og Sveinn Þórarinsson og Þorleifur Arason vélvirki, hafa borið, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis umrætt skipti, og hafa öll staðfest framburði sína með eiði. Verður því að telja í ljós leitt, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum, er hann ók bifreið sinni í umrætt skipti, enda ómótmælt af ákærða, sem kaus að neita að svara spurningum.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fram eru komin í málinu, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem í ákæruskjali greinir. Er atferli ákærða réttilega heimfært til refsiákvæða í nefndu ákæruskjali. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 5.000.00 sekt til ríkissjóðs og til vara komi 8 daga varðhald, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber að dæma ákærða til ökuleyfissviptingar í þrjá mánuði frá birtingu dómsins að telja. Ákærði greiði allan sakarkostnað í máli þessu, þar með málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gests Eysteinssonar lögfræðings, kr. 4.000.00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á dómsuppsögn, stafar að nokkru af önnum hins reglulega dómara og að nokkru af því, að dregizt hefur, að skipaður verjandi skilaði vörn í málinu.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Hannesson, greiði 5.000.00 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er frá birtingu dómsins sviptur ökuréttindum í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. apríl 1971.

Nr. 126/1970. **Íslenzkir Aðalverktakar s/f**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Jóni Friðriki Oddssyni og gagnsök
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. júní 1970, birtri 31. ágúst 1970. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. september 1970. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 612.258.00 með 7% ársvöxtum frá 21. marz 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, allt að frádregnum kr. 47.517.00.

Eins og í héraðsdómi er rakið, var gagnáfrýjandi iðnlærður bifvélavirki, en samstarfsmaður hans hafði eigi iðnréttindi. Bar gagnáfrýjanda því sérstaklega að gæta öryggis við verk það, sem unnið var í umrætt sinn, meðal annars sjá til þess, að þurrkuð væri upp olía af verkstæðisgólfinu, ef um slíkt var að tefla og orsakaði hættu. Slys það, sem um er fjallað í máli þessu, verður ekki rakið til vanbúnaðar á vinnustað, bilunar á tækjum aðaláfrýjanda, handvammar starfsmanna

hans né annarrar áhættu, er hann telst bera ábyrgð á. Verður því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda, enda þykir sú vanræksla aðaláfrýjanda að tilkynna Öryggiseftirliti ríkisins eigi um slysið ekki fella á hann fébótaábyrgð, en löggæzlumenn voru þegar eftir slysið kvaddir til að skoða vettvang og taka skýrslur af mönnum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Gagnasöfnun í máli þessu var talið lokið 24. maí 1966, en málið var eigi munnlega flutt fyrr en 9. febrúar 1970. Verður að víta þennan óhæfilega drátt á rekstri málsins.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Íslenzkir Aðalverktakar s/f, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Jóns Friðriks Oddssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. apríl 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Jón Friðrik Oddsson, Hæðargarði 14, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. júní 1965, gegn Íslenzkum Aðalverktökum s/f, Lækjargötu 10 B, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 482.753.00 auk 7% ársvaxta frá 21. marz 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í., allt að frádregnum kr. 47.517.00, sem eru bætur, er stefnandi hefur þegar fengið greiddar hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þá er stefnt til réttargæzlu Samvinnutryggingum s/f, Ármúla 3, Reykjavík, sem ábyrgðartryggjanda Íslenzkra Aðalverktaka s/f.

Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður stefnanda þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 612.258.00 auk 7% ársvaxta frá 21. marz 1963 til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í., allt að frádregnum kr. 47.512.00, svo sem áður greinir.

Þessa hækkun stefnukröfunnar nú kvað lögmaður stefnanda stafa af hækkun vegna endurútreiknings á örorkutjóni stefnanda auk nýs reiknings fyrir það starf.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að stefndi

verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins. Til vara er þess krafizt af hálfu stefnda, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaður og málskostnaður þá látinn niður falla. Þá er þess krafizt af hálfu stefnda, að vextir reiknist 6% frá 1. janúar 1965, ef til sakaráfalls kemur. Við munnlegan flutning málsins hefur af hálfu stefnda auk þess verið krafizt, að ef til sakaráfalls kæmi, yrðu vextir látnir niður falla, eða a. m. k. ekki dæmdir lengra aftur í tímann en frá stefnudegi.

Af hálfu stefnda Samvinnutrygginga eru engar kröfur gerðar, enda engum kröfum að þeim beint.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu, að hinn 21. marz 1963 hafi stefnandi, sem er bifvélavirki, verið að vinna við bílaviðgerðir á bílaverkstæði stefnda á Keflavíkurflugvelli. Hafi hann verið að vinna við að skipta um „boddyfestingu" á bifreiðinni J 223 ásamt Hafsteini Snæland. Hafi þeir byrjað að „tjakka" bílinn upp og taka hægra framhjólið undan honum og síðan sett búkka undir grindarhornið að framan. Eftir það hafi þeir fært „tjakkinn", sem hafi verið á hjólum, inn undir brettið, og hafi þeir sett trékubb, sem verið hafi að lengd 17.5 tommur×6×3½ tommur á milli „tjakksins" og húsbitans, svo að þeir gætu lyft húsinu upp. Síðan hafi stefnandi farið inn undir brettið og losað boltann, sem gengur í gegnum festinguna. Er stefnandi hafi lokið því og verið að fara undan brettinu, þá hafi hann rekið fótinn í „tjakkinn", sem við það hafi runnið til. Til þess að verja sig falli, hafi stefnandi sett hendurnar fyrir sig, en þá orðið á milli húsfestingar og púðaskálar með þumalfingur vinstri handar með þeim afleiðingum, að hann hafi skaddazt það mikið á fingrinum, að húð og hold hafi tekið af honum, og nú vanti tæpa kjúku framan á fingurinn. Af þessum sökum sé stefnanda metin 15% varanleg örorka og sé mál þetta höfðað til heimtu skaðabóta vegna slyss þessa, sem stefnandi telji stefnda bera fébótaábyrgð á sakir óforsvaranlegrar vinnuaðstöðu og ófullnægjandi verkstjórnar.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfuna sem hér segir:

1. Vinnutekjutap samkvæmt útreikningi Þóris Bergssonar, cand. act., samtals . . . . . kr. 565.508.00
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum . . . . . — 40.000.00
3. Reikningur, þ. e. vottorð, Jóns K. Jóhannssonar læknis . . . . . — 1.000.00

4. Matsgerð Páls Sigurðssonar yfirlæknis .. .. .. kr. 1.000.00
5. Reikningar Þóris Bergssonar, cand. act. .. .. .. — 4.750.00

Samtals kr. 612.258.00

Í skýrslu Alberts Albertssonar lögregluvarðstjóra, dagsettri sama dag og áðurgreint slys átti sér stað, eða hinn 21. marz 1963, segir svo:

„Um kl. 10.20, er undirritaður var á verði á varðstofu, hringdi á varðstofuna Jón Þórðarson, vaktmaður Íslenzkra Aðalverktaka, og tilkynnti hann, að starfsmaður, sem ynni á bílaviðgerðarverkstæðinu hjá verktökunum, hefði slasazt á hendi, er hann hefði verið að vinnu við bifreið á verkstæðinu, og hefði maðurinn verið fluttur til Sjúkrahúss Keflavíkur, og óskaði Jón eftir lögreglurannsókn í sambandi við slysið. Undirritaður fór strax á staðinn, og voru verksummerki óbreytt frá því, að slysið skeði. Sá, sem fyrir slysinu varð, var Jón Fr. Oddsson, til heimilis að Hæðargarði 14, Reykjavík, og hafði hann verið að vinnu við vörubifreiðina J 223 ásamt Hafsteini Snæland, sem á heimili að Sjónarhóli, Vatnsleysuströnd, og skýrði Hafsteinn svo frá atvikum: Hefðu þeir verið að vinna við að tjakka bifreiðina upp til þess að losa húsfestingu hægra megin frá grindinni, og við það notuðu þeir stóran gólftjakk, sem er á hjólum, en þar sem tjakkurinn náði ekki upp í bílhúsið til þess að geta lyft húsinu frá grindinni, notuðu þeir viðarkubb, sem var á lengdina 17,5 tommur og á breidd 6×3,5 tommur, og settu kubbinn upp á endann ofan á tjakkinn og hugðust lyfta húsinu frá grindinni með þeim hætti. Kvaðst Hafsteinn hafa verið við tjakkinn, en Jón hefði verið við að losa festinguna, þegar húsið lyftist frá grindinni, en þá hefði óhappið viljað til, að tjakkurinn rann undan, og hefði Jón lent með þumalfingur vinstri handar milli hússins og grindarinnar. Atburðurinn skeði um kl. 9.55 og hefði Jón strax verið fluttur til Sjúkrahúss Keflavíkur, og kvaðst Hafsteinn halda, að fremsti köggull fingursins hefði aðeins orðið á milli. Ekki kvað Hafsteinn aðra sjónarvotta vera að slysinu en hann sjálfan.

Aðspurður kvaðst Hafsteinn ekki hafa fengið nein fyrirmæli frá verkstjóra verkstæðisins um að nota viðarkubbinn til þess að framlengja ofan á tjakkinn. Það væri bara ætlazt til þess, að menn björguðu sér sem bezt, og ekki kvaðst Hafsteinn hafa látið neitt fyrir hjól tjakksins, svo að hann gæti ekki runnið, en gólf er þarna steinsteypt og eggslétt.

Verkstjóri bifreiðaverkstæðisins er Þormar Guðjónsson, heimili Tunguvegi 6, Ytri-Njarðvík".

Samkvæmt skýrslu Sigurðar Sigurðssonar yfirvarðstjóra, dagsettri 2. apríl 1963, hefur stefnandi skýrt honum frá málavöxtum á þessa leið: „Um kl. 10, fimmtudaginn 21. marz 1963, var komið með bifreiðina J 223 í bifreiðaverkstæði Aðalverktaka á flugvellinum vegna bilunar. Var húsfesting hægra megin að framan brotin. Sá, sem kom með bifreiðina, heitir Hjörvar. Lét hann þess getið, að það lægi á, að viðgerðinni væri hraðað, þar sem bifreiðin ætti að fara vestur á Hellissand sama dag. Verkstjórinn í bifreiðaverkstæðinu heitir Þormar Guðjónsson. Leitaði Hjörvar að honum um allt verkstæðið, en fann hann ekki. Fór þá Hjörvar út á véladeild, þar sem yfirmenn bifreiðastjóranna voru. Kom hann með þau skilaboð þaðan til mín, að ég sæi um, að viðgerð þessi færi fram, eins fljótt og unnt væri. Tók ég því næst verkið að mér ásamt Hafsteini Snæland. Framkvæmdi ég svo verkið, eins og í skýrslu þeirri greinir, er Jón Þórðarson, öryggisvörður hjá Aðalverktökum, tók af mér í sambandi við slysið. Ástæðan fyrir því, að ég rann til, var sú, að olíupollur var á gólfinu, þar sem ég var að vinna, og rann ég til í honum. Hvenær sá olíupollur kom, veit ég ekki. Einnig get ég sjálfur ekki gert mér grein fyrir því, hvernig ég varð á milli með fingurinn.

Ég slasaðist mjög mikið á þumalfingri vinstri handar. Fremsta köggulinn tók að mestu af strax, og holdið tættist af þeim hluta fingursins, sem eftir var. Ég var færður til Jóns Jóhannssonar, sjúkrahúslæknis í Keflavík, sem bjó um meiðslin, og hefur hann fylgzt með þeim síðan.

Ég hefi starfað í umræddu bifreiðaverkstæði um eins árs skeið. Hefur það verið algengt að nota þessa aðferð við viðgerðir á bifreiðum þessarar tegundar, þ. e. a. s. setja kubb ofan á tjakkinn, svo að hægt sé að lyfta húsinu frá grindinni".

Í skýrslu sinni á dskj. nr. 5 í málinu skýrir stefnandi svo frá atvikum að umræddu slysi: „Ég undirritaður var að vinna við að skipta um boddyfestingu á bifreiðinni ásamt Hafsteini Snæland. Byrjuðum við að tjakka bílinn upp og taka hægra framhjólið undan honum og settum síðan búkka undir grindarhorn að framan. Færðum við síðan tjakkinn, sem er á hjólum, inn undir brettið, eins og myndin sýnir, og settum tréklubb, sem er að lengd 17,5" 6×3½" á milli tjakksins og húsbitans, svo að við gætum lyft húsinu upp. Fór ég síðan inn undir brettið og losaði boltann, sem gengur í gegnum festinguna. Þegar ég var

búinn að því, var að fara undan brettinu, þá rak ég fótinn í tjakkinn, en við það rann tjakkurinn til, og til að verja mig falli þá setti ég hendurnar fyrir mig og varð þá á milli húsfestingar og púðaskálar með þumalfingur vinstri handar, og slasaðist ég mikið á fingrinum".

Í skýrslu Hafsteins Snælands á dskj. nr. 6 um atvik að umræddu slysi segir svo: „Ég undirritaður átti að skipta um boddyfestingu á bifreiðinni J 223, og bað ég verkstjórann, Jón Oddsson, að aðstoða mig við það verk. Byrjuðum við á því að tjakka bílinn upp og taka hægra hjólið af honum og settum síðan búkka undir stuðarann. Þegar við vorum búnir að því, þá færðum við tjakkinn inn undir húsið að framan, eins og myndin sýnir, og settum trékubb á milli tjakksins og húsbitans, svo að við gætum lyft húsinu upp. Var Jón Oddsson að losa púða, sem festingin gengur í gegnum, með höndunum, um leið og ég tjakkaði húsið upp, en allt í einu rann tjakkurinn út undan sér, og féll þá húsið niður, og um leið varð Jón Oddsson á milli hússins og púðaskálarinnar með þumalfingur vinstri handar, og slasaðist hann mikið á fingrinum".

Í aðiljaskýrslu á dskj. nr. 7 skýrir stefnandi svo frá: „Til viðbótar skýrslu þeirri, er Sigurður Sigurðsson yfirvarðstjóri, Keflavíkurflugvelli, tók af mér 2. apríl 1963 í sambandi við slys það, er ég varð fyrir 21. marz á Keflavíkurflugvelli, vil ég taka þetta fram: Þegar umrætt slys átti sér stað, vann ég hjá Íslenzkum Aðalverktökum sem venjulegur bifvélavirki, en ekki sem verkstjóri, svo sem ráða mætti af skýrslu þeirri, er starfsfélagi minn, Hafsteinn Snæland, gefur sem vitni að atburðinum. Staðreyndin er sú, að ég bar enga persónulega ábyrgð á vinnuskilyrðum né vinnutilhögun á staðnum. Ákvarðanir um allt slíkt voru teknar af yfirmönnum mínum án minnar vitundar. Verkstjóri minn á þessum tíma var Þormar Guðjónsson yfirverkstjóri, og tók ég við fyrirskipunum frá honum á sama hátt og aðrir starfsmenn. Tekið skal fram, að um þessar mundir starfaði ég nær eingöngu við lagfæringar og viðgerðir á dieselvélum, bæði innan verkstæðisins og utan, en að öðru leyti sinnti ég þeim verkefnum, sem til féllu á hverjum tíma. Ekki er í mínum verkahring að þrífa gólf á vinnustað. Til þess voru sérstakir menn, og geri ég ráð fyrir, að þeim hafi verið skylt að vinna það verk þannig, að eigi stafaði hætta af. Geri ég ráð fyrir, að pollur sá, sem ég rann í, hafi annað hvort verið þarna, um leið og ég hóf starfið eða þá að um leka á bifreiðinni sjálfri hafi verið að ræða, þó að ég hafi ekki veitt

því athygli, enda skipti þetta nær engum togum, og ég var ekki sjónarvottur að því, þegar bifreiðinni var ekið á verkstæðið. Aðstaða var ekki góð til þess að sjá slíkt nákvæmlega, þar sem ég var að bogra og teygja mig við vinnu mína undir bifreiðinni. Tekið skal fram, að ég og félagi minn fórum að öllu leyti eins að og við vorum vanir og alls staðar tíðkast, og sjálfan mig tel ég hafa sýnt fyllstu aðgæzlu".

Aðilja- og vitnayfirheyrsla hefur farið fram í máli þessu.

Vitnið Hafsteinn Snæland bifreiðarstjóri hefur fyrir dómi staðfest skýrslu sína á dskj. nr. 6, og kveðst vitnið hafa samið greint skjal á sama degi og slysið varð. Kveður vitnið greint skjal efnislega sannleikanum samkvæmt að öllu leyti, en þó megi vera, að þeir stefnandi hafi báðir átt að sjá um verkið, en ekki vitnið eitt. Vitnið lýsir aðstöðunni, er hús umræddrar bifreiðar var „tjakkað" upp, þannig, að flöturinn, sem „tjakkurinn" hafi numið við, hafi verið láréttur, að því er vitnið heldur, en hins vegar hafi trékubburinn, sem settur hafi verið á milli „tjakks" og húss, verið látinn standa upp á endann.

Vitnið getur ekkert um það sagt, hvort endi trékubbsins hafi náð út á barma skálar þeirrar, sem er á lyftiarmi „tjakksins". Vitnið kveður, að hlutir, ferkantað járn, að því er það minnir, hafi verið sett a. m. k. fyrir framan framhjólin á „tjakknum", þannig að járnstöngin hafi náð út fyrir bæði hjólin í einu, og sennilega, að því er vitnið minnir, hafi eitthvað verið sett aftan við, a. m. k. annað framhjólið. Vitnið kveðst hafa verið að hækka „tjakkinn", er slysið varð, en stefnandi hafi að einhverju leyti verið undir bílnum til að fylgjast með því, hve „boddyið" þyrfti að fara hátt, til þess að hann næði gúmmíunum undan. Hafi þá „tjakkurinn" skyndilega runnið til. Vitnið kveður stefnanda hafa haft orð á því, strax og hann kom undan bílnum, að hann hafi runnið til í olíu á gólfinu og rekizt í „tjakkinn". Vitnið kveðst ekki muna, hvort trékubburinn hafi verið nákvæmlega í lóðréttri stöðu, er vitnið vildi hækka „tjakkinn", en kveður þó, að þeir hafi gætt þess að hafa stöðuna sem næst lóðrétta, en í þessu sambandi breytist afstaða kubbsins eftir því sem „tjakkað" er hærra. Vitnið kveður gólfið á verkstæðinu vera slétt og gott og kveðst ekki muna sérstaklega eftir neinum olíupolli í þetta sinn. Hins vegar sé á það að líta, að margs konar feiti kunni að hafa komið á gólfið, t. d. „glussi" úr „tjakknum" sjálfum, smurningur eða olía úr bíl, sem hafi staðið þar um nóttina. Kveður vitnið, að sérstakur maður á verkstæðinu eigi að þrífa það, þar á meðal

að taka olíu af gólfunum. Vitnið kveðst ávallt hafa litið á stefnanda sem verkstjóra eða verkformann. Að vísu sé það svo, að einn sé aðalverkstjóri hjá stefnda, en svo sé talað um verkstjóra yfir hinum einstöku deildum hjá stefnda. Vitnið kveðst ekki hafa verið eitt um það að líta á stefnanda sem verkformann, enda hafi stefnandi verið með réttindi, og vitnið kveðst ávallt hafa leitað til hans, ef kunnátta þess hafi brostið. Vitnið kveðst hins vegar ekki um það vita, hvort stefnandi hafi í raun og veru verið verkstjóri, og geti þetta vel verið sinn misskilningur, en þá sé á það að líta, að fleiri hafi misskilið þetta atriði. Vitnið segir að gefnu tilefni, að þeir stefnandi hafi unnið verk þetta saman og hvorugur stjórnað hinum í þessu sambandi. Hafi þeir báðir reynt að fylgjast með afstöðunni, þegar „tjakkað" hafi verið upp í umrætt sinn, en stefnandi hafi þá verið undir bílnum. Vitnið tekur fram, að þegar umrætt slys hafi orðið, hafi „tjakkurinn" skotizt undan bílnum af mjög miklum krafti. Þá segir vitnið sérstaklega aðspurt, að stefnandi hafi í raun ákveðið afstöðu kubbsins milli „tjakks" og húss, og kveðst vitnið hafa „tjakkað" upp eftir bendingum frá stefnanda.

Stefnandi hefur fyrir dómi staðfest skýrslur sínar á dskj. nr. 5 og 7. Kveðst hann hafa samið skýrslur þessar báðar og kveður þær efnislega vera sannleikanum samkvæmar. Skýrir stefnandi svo frá, er hann kom fyrir dóm í máli þessu, að eftir að búið hafi verið að taka hjólið undan og búkki settur undir grindarhornið, hafi „tjakkurinn" verið færður til og settur undir húsgrindina. Stefnandi segir, að sá flötur, sem efri endi kubbsins hafi numið við, hafi verið láréttur. Stefnanda minnir, að Hafsteinn Snæland hafi séð um að „tjakka" upp, en hann kveðst ekki muna fyrir víst, hvor þeirra hafi séð um afstöðu kubbsins, sem hafi staðið upp á endann. Hugsanlegt sé, að nefndur Hafsteinn hafi séð um það með því að teygja sig í kubbinn, um leið og hann hafi „tjakkað". Stefnandi segir, að á skálinni á lyftiarmi „tjakksins" sé aðeins aflíðandi halli inn að miðju og að kubburinn hafi staðið þar, en hafi hins vegar engan veginn komizt ofan í holu þá, sem sé í miðju skálarinnar, en þar sé skálin fest við lyftiarminn. Kveður stefnandi, að eftir að búið hafi verið að „tjakka" „boddyið" nokkuð upp, hafi hann losað festingarboltann, sem gangi á milli húss og grindar. Kveðst stefnandi hafa komið með vinkiljárn og sett fyrir framan annað hvort fram- eða afturhjól „tjakksins", en eitthvert járn hafi verið fyrir framan hin hjól „tjakksins". Stefnandi segir, að eftir að hann

hafi lokið við að draga festingarboltann upp úr og verið að koma undan bílnum, hafi hann hrasað til og sennilega lent á „tjakknum“ og hann skotizt undan af miklum krafti. Kveður stefnandi sennilegt, að hann hafi hrasað til í „glussa“ úr „tjakknum“, en á „tjakk“ þennan þurfi að bæta „glussa“ öðru hverju. „Tjakkur“ þessi sé stuttur og um það bil 20 ára gamall. Kveðst stefnandi eftir slysið hafa séð olíupolla á gólfinu út um allt. Stefnandi kveður vinnuskilyrði mjög slæm á þessum stað, þar á meðal sé gólfið óslétt mjög, svo vart sé hægt að draga eftir því „hjólatjakk“, og oft sé vatn á gólfinu. Stefnandi kveður aðspurður einungis líklegt, að orsök slyssins hafi verið sú, að hann hafi rekizt í „tjakkinn“, en verið geti, að „boddyið“ hafi dottið niður af öðrum sökum. Stefnandi upplýsir, að næsta skrefið við verkið hafi verið það að setja fleyg milli húss og grindar. Stefnandi kveðst aðspurður hafa verið eini maðurinn í þessari deild með réttindi bifvélavirkja og hafi þannig æxlazt til, að menn hafi til sín leitað og spurt sig ráða, en margir menn vinni þarna einungis stuttan tíma. Stefnandi kveður Þormar Guðjónsson hafa ráðið sig til starfa. Hafi hann ekki verið ráðinn sem verkstjóri eða flokksstjóri, en fengið sveinakaup og að minnsta kosti 15% álag. Á það sé að líta, að ófaglærðir menn, sem þar unnu, hafi haft sveinakaup og 10—25% álag og hafi því ýmsir ófaglærðir menn haft hærra kaup en stefnandi, hafi þeir verið kallaðir flokksstjórar. Í sambandi við starf það, er hér um ræðir, kveður stefnandi, að þeir félagar hafi framkvæmt það sameiginlega og hvorugur fyrirskipað hinum. Kveðst stefnandi ekki hafa kunnað önnur ráð með tilliti til verkfæra þeirra, sem til voru, en að „tjakka“ bílinn upp, svo sem áður er greint.

Eins og fram kemur í málinu, var stefnandi bifvélavirki og því sérfróður í því starfi, sem hann var að vinna, er hann varð fyrir umræddu slysi. Þá hefur og stefnandi viðurkennt, að hann hafi hrasað til og rekið fótinn í „tjakkinn“, sem húsi bifreiðar þeirrar, er hann var að vinna við, var lyft með, með þeim afleiðingum, að „tjakkurinn“ hafi runnið til og húsið fallið niður. Tekur hann þó fram við yfirheyrslu fyrir bæjarþingi, um þremur árum eftir að slysið átti sér stað, að hann telji þetta einungis líklega orsök slyssins, en verið geti, að „boddyið“ hafi dottið niður af öðrum sökum.

Að athuguðu því, sem að framan greinir, þykir ljóst, að stefnandi beri sjálfur að meginhluta ábyrgð á slysi því, sem mál þetta er risið af. Hins vegar er á það að líta, að af hálfu stefnda, Ís-

lenzkra Aðalverktaka, var eigi hlutazt til um, að fram færi rannsókn á orsökum slyssins, svo sem skylt er samkvæmt 26. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, og liggur því ekki sem skyldi ljóst fyrir, hvort einhverju kann að hafa verið ábótavant af hálfu stefnda í þeim efnum.

Með tilliti til þessa þykir rétt, að fébótaábyrgð vegna umrædds slyss falli að hluta á stefnda, og þykir eftir atvikum hæfilegt að skipta sök þannig, að stefnandi beri sjálfur ¾ hluta sakar, en stefndi ¼ hluta hennar.

Páll Sigurðsson læknir hefur metið örorku stefnanda vegna umrædds slyss, og hefur örorkumatið verið lagt fram sem dskj. nr. 8 í málinu og hljóðar svo:

„Slysið varð með þeim hætti, að slasaði, sem er bifvélavirki, var að vinna á bílaverkstæði Íslenzkra Aðalverktaka á Keflavíkurflugvelli og klemmdist þá illa með þumalfingur vinstri handar.

Gert var að slysinu á sjúkrahúsinu í Keflavík, og það liggur fyrir vottorð frá sjúkrahúslækninum, dags. 7/12 1963, þar sem talið er, að um hafi verið að ræða amputatio traumatica partialis pollicis sin. Þar er talið, að slasaði hafi verið óvinnufær u. þ. b. 2 mánuði eftir slysið. Í öðru vottorði frá Jóni Jóhannssyni, dags. 21. nóv. 1963, segir svo: „Jón Friðrik Oddsson, Hæðargarði 14, Reykjavík, leitaði til mín þann 21/3 1963 vegna slyss, er hann hafði orðið fyrir við vinnu sína þann dag. Var Jón að gera við bifreið og klemmdist á vinstri þumalfingri með þeim afleiðingum, að alla húð og hold tók af gripfleti (góm) fremri kjúku og upp á miðja efri kjúku þumalsins.

Gera þurfti skinnflutning til þess að þekja fingurinn, og framkvæmdi undirritaður þá aðgerð eftir nauðsynlega hreinsun og undirbúning á fingrinum. Gekk Jón síðan til mín um sex vikna skeið, og var þá fingurinn gróinn.

Við skoðun í dag kemur í ljós, að kreppa er í fingrinum og hreyfing takmörkuð, eðlilega holdfyllingu vantar alveg þar, sem græða þurfti skinnið á bert bein. Af þessum sökum hefur maðurinn engan veginn full not af vinstri hendi, þar sem hér er um bæklun á þumalfingri að ræða. Tel ég, að ætla megi, að nothæfni handarinnar sé að minnsta kosti 50% minnkuð til grófrar vinnu og um fínni vinnu sé ekki að ræða með vinstri hendi".

Slasaði kom fyrst til viðtals hjá undirrituðum í byrjun desember og til skoðunar hinn 13/12 1963. Hann skýrir frá tildrögum

slyssins og meðferð, eins og lýst hefur verið. Kveðst hafa verið óvinnufær í 2 mánuði, en vinnur nú sama starf og áður.

Núverandi óþægindi: Kvartar um kraftleysi í vinstri hendi. Á erfitt með að nota þumalfingurinn til grips á móti öðrum fingrum handarinnar. Kvartar um, að það strekki á örinu lófamegin á fingrinum og að eymsli séu á örinu og fingurgómnum.

Skoðun: Vinstri hönd. Það vantar tæplega kjúku framan á vinstri þumalfingur. Örmyndun er lófamegin á fingrinum, og er húðin þar föst við bein og hefur, að því er virðist, verið gerður þar skinnflutningur. Naglarhluti situr á enda fingursins, en er kúptur og kartnaglalegur. Það er aðeins hreyfing í millikjúkuliðnum. Nær eðlileg hreyfing er í grunnliðnum. Maðurinn getur ekki fært þumalfingurinn eðlilega frá vísifingri, því að þá strekkir allmjög á örinu og húðinni milli fingranna.

Við grippróf og plokkpróf sést, að hann á mjög erfitt með að beita þumalfingrinum móti vísifingri eða öðrum fingrum handarinnar.

Kraftminnkun er greinileg í hendinni, og fást þessar tölur fram með kraftmæli, hægri 40-48-50, vinstri 22-38-30.

Undirritaður sendi slasaða til Árna Björnssonar, sérfræðings í handlækningum, til þess að fá álit hans á því, hvort um væri að ræða aðgerð til að bæta ástand handarinnar, og taldi Árni, að til greina kæmi að flytja betri húð á fingurgóminn, en slasaði hefur lýst því yfir, að hann treysti sér ekki til að leggja út í slíkar aðgerðir að svo stöddu og ekki í næstu framtíð.

Ályktun: Hér er um að ræða 35 ára gamlan mann, sem slasast við vinnu sína fyrir tæpum 9 mánuðum og missir framan af v. þumalfingri.

Sem afleiðingu meiðslisins nú, þá hefur hann allmikla sköddun á vinstri þumalfingri. Hann hefur misst framan af fingrinum tæplega 1 kjúku, en auk þess hefur húð lófamegin á fingrinum skaddazt svo, að þar er um að ræða örberði, sem samvaxið er við bein, og er fingurinn mjög lítt hæfur til grips á móti hinum fingrum handarinnar.

Möguleikar virðast á að flytja húð á fingurstúfinn, en slasaði treystir sér ekki til að ganga undir neinar slíkar aðgerðir í fyrirsjáanlegri framtíð.

Vegna slyssins 21. marz 1963 er tímabært að meta manninum tímabundna og varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin svo:

Í 1 mánuð	100%	örorka
- 1 —	75%	—
- 1 —	50%	—
- 3 mánuði	25%	—

og síðan varanleg örorka 15%".

Skulu nú einstakir kröfuliðir stefnanda athugaðir nánar.

Um 1. lið, vinnutekjutap samkvæmt útreikningi Þóris Bergssonar, cand. act.

Stefnandi var 35 ára, þegar hann varð fyrir umræddu slysi. Hann hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út tjón það, sem hann hefur beðið vegna slyssins, og leggur hann útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar bótafjárhæð samkvæmt þessum lið, en útreikningur tryggingafræðingsins er meðal annars grundvallaður á framanskráðu örorkumati. Er útreikningurinn, sem dagsettur er 10. maí 1964, svohljóðandi:

„Jón Friðrik Oddsson, Hæðargarði 14, Reykjavík, bifvélavirki, varð fyrir því slysi 21. marz 1963, að þumalfingur vinstri handar hans klemmdist illa. Páll Sigurðsson, tryggingayfirlæknir, hefur í örorkumati, dags. 17. 12. 1963, metið orkumissi Jóns vegna þessa meiðslis þannig:

Í 1 mánuð	100%	örorka
- 1 —	75%	—
- 1 —	50%	—
- 3 mánuði	25%	—

og síðan varanleg örorka 15%.

Jón er sagður fæddur 27. september 1928 og hefur því verið 34 ára á slysdegi.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum hans árin 1961—1963 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

	Bifvélavirkjataxti:	Bílstjórataxti Dagsbrúnar:	Samtals:
Árið 1960	kr. 93.709.85		kr. 93.709.85
— 1961	— 41.287.53	kr. 89.303.10	— 130.590.63
— 1962	— 100.214.69	— 56.000.00	— 156.214.69

Ég hef umreiknað þessar vinnutekjur til kauplags á slysdegi og

síðan samkvæmt breytingum á töxtum bifvélavirkja og Dagsbrúnar.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu, en þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum tekjum og örorkan er metin:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 164.138.00	kr. 41.341.00
Síðan árlega	— 185.289.00	— 27.793.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 36.847.00
Vegna varanlegrar örorku	— 332.169.00
Samtals	kr. 369.016.00

Jón hefur fengið greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið frá 19. 4. 1963 til 20. 5. 1963, samtals kr. 3.488.00, og eingreiðslu 20. 12. 1963 kr. 44.029.00, sem ekki hefur verið dregið frá. Ekki hefur heldur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu".

Aftur hefur tryggingafræðingurinn reiknað út örorkutjón stefnanda, og er sá útreikningur dagsettur 29. júní 1965.

Loks hefur tryggingafræðingurinn reiknað út örorkutjón stefnanda þriðja sinni, og er sá útreikningur dagsettur 9. febrúar 1970 og hljóðar svo:

„Ég hef tvívegis áður reiknað tjón Jóns Friðriks Oddssonar vegna slyss hans 21. marz 1963. Fyrri útreikningurinn er dagsettur 10. maí 1964 og sá síðari 29. júní 1965.

Frá því síðari útreikningurinn er gerður, hafa orðið mjög miklar kauphækkanir jafnframt því, að nú eru notaðir 7% vextir p. a., en í útreikningnum 1965 voru notaðir 6% vextir p. a. Ég hef því umreiknað málið algjörlega.

Byggt er á skattframtölum síðustu þriggja heilu almanaksáranna fyrir slysið eins og í fyrri útreikningum.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Umreiknaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 15% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um, að frádregnum 15%:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap v/tímab. örorku:	Áætlað vinnutekjutap v/varanl. örorku:
1. árið eftir slysið	kr. 164.138.00	kr. 16.720.00	kr. 24.621.00
2. — — —	— 190.437.00		— 28.566.00
3. — — —	— 226.496.00		— 33.974.00
4. — — —	— 260.207.00		— 39.031.00
5. — — —	— 257.710.00		— 38.656.00
6. — — —	— 288.142.00		— 43.221.00
7. — — —	— 326.789.00		— 49.018.00
Síðan árlega	— 338.527.00		— 50.779.00

Áætlaðar vinnutekjur á 5. ári eftir slysið eru lægri en á 4. ári vegna verkfallsins í marz 1968.

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti þessa vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 16.140.00
Vegna varanlegrar örorku	— 549.368.00
	Kr. 565.508.00

Frádráttur.

1. Jón hefur fengið greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið frá 19. 4. 1963 til 20. 5. 1963, samtals kr. 3.488.00, og eingreiðslu 20. 12. 1963, kr. 44.099.00, sem ekki hefur verið dregið frá.
2. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Jón kann að hafa fengið greitt frá atvinnurekanda sínum fyrst eftir slysið.
3. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu".

Af hálfu stefnda hefur þessum kröfulið verið mótmælt sem allt of háum.

Þegar allt það er virt, sem að framan hefur verið rakið, og þess meðal annars gætt, að tryggingafræðingurinn hefur í tjónútreikningi sínum ekki reiknað frádrátt vegna opinberra gjalda, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 425.000.00.

Um 2. lið, bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum.

Af hálfu stefnda hefur þessum kröfulið, kr. 40.000.00, verið mótmælt sem langt of háum. Sjúkrasaga stefnanda hefur að nokkru verið rakin í örorkumatsgerð Páls Sigurðssonar læknis hér að framan. Samkvæmt henni og öðru því, sem hér þykir skipta máli, þykir mega taka þennan lið til greina óbreyttan.

Um liði 3—5, útlagðan kostnað.

Þessum liðum, samtals kr. 6.750.00, hefur ekki verið mótmælt tölulega. Verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, þ. e. það, sem hér skiptir máli, nema alls kr. 471.750.00 (kr. 425.000.00 + 40.000.00 + 6.750.00).

Frá þessari upphæð ber að draga ¾ hluta, þ. e. hluta stefnanda sjálfs í sökinni, eða kr. 353.812.50, svo og þær kr. 47.517.00, sem stefnandi hefur þegar fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, eða samtals kr. 401.329.50.

Ber því stefnda að greiða stefnanda alls kr. 70.420.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. marz 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.500.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Sigurgesti Guðjónssyni og Valdimar Leonhardssyni bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenzkir Aðalverktakar s/f, greiði stefnanda, Jóni Friðriki Oddssyni, kr. 70.420.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. marz 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðslu-

dags og kr. 12.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. apríl 1971.

Nr. 33/1970. **Vökull h/f**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni
f. h. A/B Frödins Marknadskonsulting
(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1970. Krefst hann þess, að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir sýknukröfu sína á aðildarskorti. Af hálfu hans var sótt þing í héraði, en málið var dómtekið, án þess að hann andmælti kröfum stefnda. Áfrýjandi hefur eigi fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962, og koma því málsástæður hans eigi til álita í Hæstarétti. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að ársvextir ákveðast 7%. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að ársvextir ákveðast 7% af hinni dæmdu fjárhæð frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags.

Áfrýjandi, Vökull h/f, greiði stefnda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. A/B Frödins Marknadskonsulting, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 23. janúar 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. janúar s.l., hefur Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Laugavegi 10, Reykjavík, höfðað f. h. A/B Frödins Marknadskonsulting, Malmskillnadsgatan 45, Stokkhólmi, Svíþjóð, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 30. maí 1969, gegn Vökli h/f, Hringbraut 121, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð sænskar kr. 3.160.00 með 1% vöxtum á mánuði frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Málavöxtum lýsir stefnandi á þá leið, að í janúar 1968 hafi ingenjör Bertil Frödin, forstöðumaður A/B Frödins Marknadskonsulting, heimsótt Vökul h/f í því skyni að fá það fyrirtæki til að taka að sér umboð fyrir Tenna-hljóðbandsspilara í bifreiðar. Hafi Frödin afhent fyrirtækinu í þessu sambandi fjögur tæki, en hvert þeirra hafi kostað sænskar kr. 750.00, eða samtals sænskar kr. 3.000.00, og auk þess fjögur stykki segulbönd í tækin, en hvert þeirra hafi kostað sænskar kr. 40.00, eða samtals sænskar kr. 160.00. Þrátt fyrir margítrekuð bréf hins sænska firma hafi Vökull h/f ekkert látið frá sér heyra og hvorki greitt hina mótteknu vöru né gert pantanir á frekari vöru. Eftir að hið sænska firma afhenti lögmanni stefnanda kröfuna til innheimtu, hafi stefndi ekki svarað greiðsluáskorunum lögmannsins.

Stefndi hefur látið sækja þing, en málið var dómtekið, án þess að stefndi hefði andmælt kröfum stefnanda, og verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 8.300.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Jóhanni Ólafssyni kaupmanni og Eiríki Kristóferssyni skipherra.

Dómsorð:

Stefndi, Vökull h/f, greiði stefnanda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. A/B Frödins Marknadskonsulting, sænskar kr. 3.160.00 með 1% vöxtum á mánuði frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags og kr. 8.300.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. apríl 1971.

Nr. 115/1970. **Eyjólfur Jónsson**
Þorbjörn Jónsson og
Steinþór Svavar Magnússon
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Gísla Magnússyni
(Guðm. Ingvi Sigurðsson hrl.)
Jóni E. Jakobssyni og
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
Magnúsi Helga Jónssyni
(Jóhann Ragnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1970 og gera þær dómkröfur *aðallega*, að synjað verði um framkvæmd uppboðs á fjögurra herbergja íbúð á 4. hæð til vinstri í húsinu nr. 23 við Dunhaga í Reykjavík, en *til vara*, að synjað verði um framkvæmd uppboðs á ¾ hlutum nefndrar íbúðar, sem séu eign áfrýjenda. Þá krefjast þeir málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu bæði fyrir uppboðsdómi og Hæstarétti.

Stefndi Gísli Magnússon krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður óskipt úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Stefndi Jón E. Jakobsson krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjenda.

Stefndi Magnús Helgi Jónsson styður dómkröfur áfrýjenda, en hefur eigi gert sjálfstæðar dómkröfur.

Hvorki stefndi Magnús Helgi Jónsson né stefndu Gísli Magnússon og Jón E. Jakobsson hafa áfrýjað málinu. Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um uppboð á eignarhluta stefnda Magnúsar Helga Jónssonar í nefndri íbúð og málskostnað á hendur honum sæta því eigi dómi Hæstaréttar.

Hér kemur til álita löggerningur, dags. 8. júní 1961 og móttekinn til þinglýsingar 26. nóvember 1962, sem undirritaður var af stefnda Magnúsi Helga Jónssyni og áritaður um samþykki af eiginkonu hans, Sigríði Eyjólfsdóttur, og áfrýjendum.

Áfrýjendur hafa lýst aðdraganda þessa löggernings þannig:

„Árið 1925 fékk Jón Eyjólfsson, faðir og fósturfaðir áfrýjenda og stefnda Magnúsar H. Jónssonar, leyfi fyrir byggingarlóð við Fálkagötu 36 hér í borg, sem hann byggði á einlyft íbúðarhús.

Af sérstökum ástæðum lét Jón setja lóðarleigusamning fyrir fasteigninni á nafn sonar síns, Magnúsar H. Jónssonar, stefnda í máli þessu, sem þá var ófjárráða, enda aðeins 11 ára gamall. Leyfis yfirlögráðanda við þessari ráðstöfun mun ekki hafa verið leitað.

Þau Jón Eyjólfsson og kona hans, Þórunn Pálsdóttir, bjuggu á fasteign þessari til ársins 1957, er Jón andaðist, og greiddu að sjálfsögðu öll gjöld af eigninni og sáu um viðhald hennar, enda eignin tvímælalaust eign þeirra.

Að Jóni látnum sat Þórunn Pálsdóttir í óskiptu búi. Bjó Þórunn í húsinu, greiddi af því öll gjöld og annaðist viðhald þess, eins og ávallt áður.

Árið 1961 seldi Þórunn húseignina nr. 36 við Fálkagötu byggingafélaginu Fjallhaga h.f. Sá Þórunn um öll þau viðskipti sem eigandi hússins, að undanskyldu því, að atbeina Magnúsar þurfti til þess að afsala eigninni, þar sem hann nú var þinglesinn eigandi. ...

Andvirði hússins var síðan greitt af Fjallhaga h.f. með 4ra herbergja íbúð þeirri, sem hér er beiðzt uppboðs á nú, og voru engin veðbönd áhvílandi á eigninni, er henni var afsalað af Fjallhaga h.f. þann 26. maí 1961.

Af hagkvæmnisástæðum var íbúðinni afsalað til Magnúsar H. Jónssonar, enda hafði hann verið þinglesinn eigandi að Fálkagötu 36, en til þess að taka af allan vafa um, að Magnús væri ekki eigandi íbúðarinnar, óskaði Þórunn þess, að jafnframt afsali Fjallhaga h.f. á íbúðinni til Magnúsar yrði gengið svo frá, að tryggt væri, að eignin skiptist að sér látinni að jöfnu á milli barna sinna og fósturbarns, auk þess að tryggt yrði, að íbúðinni yrði á engan hátt ráðstafað svo, að í bága færi við eignarrétt hennar, á meðan hún lifði.

Var gerður um þetta samningur, dags. 8. júní 1961", sem tekinn er fullum stöfum upp í hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðalefni hans hljóðar svo:

„Ég, Magnús Jónsson, Fálkagötu 17, lýsi því hér með yfir, að móðir mín, Þórunn Pálsdóttir, nú til heimilis Höfðaborg 62, skal, á meðan hún lifir, hafa öll afnot af íbúð þeirri í Dunhaga 23, sem ég fæ sem greiðslu fyrir eignina nr. 36 við Fálkagötu. Skulu afnot þessi endurgjaldslaus með öðru en því, að móðir mín annast viðhald íbúðarinnar og greiðir af henni opinber gjöld.

Að móður minni látinni skal eignarhluti minn í Dunhaga 23 skiptast á milli mín og bræðra minna tveggja, Eyjólfs Jónssonar, Borgargerði 11, og Þorbjörns Jónssonar, Smyrilsvegi 29, svo og sonar míns, en fóstursonar móður minnar, Steinþórs Svavars Magnússonar, Skúlagötu 72, þannig, að hver okkar fær einn fjórða hluta eignarhlutans".

Löggerningur þessi er að vísu eigi svo vel úr garði gerður sem æskilegt hefði verið, en eðlilegasti skilningur á honum er sá, að stefnda Magnúsi Helga Jónssyni hafi eigi verið heimilt að selja né veðsetja án samþykkis áfrýjenda ¾ hluta íbúðarinnar á 4. hæð til vinstri í húsinu nr. 23 við Dunhaga í Reykjavík. Verður samkvæmt þessu að meta veðsetningarskjöl stefnda Magnúsar Helga Jónssonar, þau er í málinu greinir, ógild, að því er tekur til ¾ hluta nefndrar íbúðar.

Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi um uppboð á ¾ hlutum íbúðarinnar.

Rétt er, að málskostnaður í skiptum áfrýjenda og stefndu falli niður fyrir uppboðsdómi og Hæstarétti.

Dómsorð:

Synjað er um framkvæmd uppboðs á ¾ hlutum í fjögurra herbergja íbúð á 4. hæð til vinstri í húsinu nr. 23 við Dunhaga í Reykjavík, og er úrskurður fógeta að því leyti úr gildi felldur.

Málskostnaður í fógetadómi og Hæstarétti fellur niður í skiptum áfrýjenda og stefndu í máli þessu.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 28. maí 1970.

Með bréfi til uppboðsréttar, dagsettu 25. júní 1969, hefur Einar Árnason héraðsdómslögmaður krafizt þess f. h. Magnúsar Gíslasonar, síðar Gísla Magnússonar, s. st., Grenimel 14, að íbúð á 4. hæð t. v. í húsinu nr. 23 við Dunhaga, þinglesin eign Magnúsar H. Jónssonar (eða Helga Magnúsar Jónssonar, eins og hann stundum nefnir sig) verði samkvæmt heimild í tryggingarbréfi seld á nauðungaruppboði til lúkningar víxilskuld, kr. 35.000.00, ásamt 1% mánaðarvöxtum og dráttarvöxtum frá 19. júlí 1968 til greiðsludags, innheimtulaunum samkvæmt taxta L. M. F. Í., kr. 6.000.00, enn fremur til lúkningar öllum kostnaði við uppboðsgerðina. Hann krefst og málflutningslauna vegna uppboðsréttarmáls þessa úr höndum uppboðsþola og meðalgönguaðiljanna in solidum.

Þá liggja fyrir uppboðsbeiðnir, ritaðar 8. september 1969 af dr. Hafþóri Guðmundssyni héraðsdómslögmanni, 4 að tölu. Er þess krafizt með heimild í viðeigandi tryggingarbréfum, að fyrrnefndur eignarhluti verði seldur á nauðungaruppboði til lúkningar þessum víxilskuldum:

1. Kr. 83.000.00 með 12% ársvöxtum frá 22. júlí 1968 til greiðsludags, kr. 490.00 í þinglýsingarkostnað, kr. 190.00 í stimpilkostnað.
2. Kr. 63.000.00 með 12% ársvöxtum frá 19. júlí 1968 til greiðsludags, kr. 390.00 í þinglýsingarkostnað, kr. 151.00 í stimpilkostnað.

3. Kr. 110.000.00 með 12% ársvöxtum frá 14. júlí 1968 til greiðsludags, kr. 675.00 í þinglýsingarkostnað, kr. 264.00 í stimpilkostnað.
4. Kr. 150.000.00 með 12% ársvöxtum frá 15. júlí 1968 til greiðsludags, kr. 875.00 í þinglýsingarkostnað, kr. 360.00 í stimpilkostnað.

Þá er þess krafizt, að sala fari fram til lúkningar öllum kostnaði við uppboðið og til lúkningar innheimtulaunum af hverri skuld fyrir sig samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Enn er krafizt málflutningslauna úr höndum uppboðsþola og meðalgönguaðiljanna in solidum vegna sóknar uppboðsmáls þessa.

Uppboðsþolinn, Magnús Helgi Jónsson, Garðastræti 9, hefur krafizt þess, að uppboðinu verði frestað, unz fyrir liggur niðurstaða rannsóknar sakadóms Reykjavíkur á refsiverðri háttsemi uppboðsbeiðenda og dómur um endurgreiðslu þeirra á öllum uppboðskröfunum eða hluta þeirra. Enn fremur krefst hann þess, að uppboðsbeiðendur verði úrskurðaðir in solidum til greiðslu málskostnaðar vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Þeir Eyjólfur Jónsson, Rauðagerði 22, Þorbjörn Jónsson, Hjaltabakka 16, og Steinþór S. Magnússon, Skálagerði 9, hafa gerzt meðalgönguaðiljar í mál þetta. Réttarkröfur þeirra sameiginlegar eru þær aðallega, að synjað verði um uppboðsgerð þessa, en til vara, að synjað verði um framgang uppboðsins á ¾ hlutum eignarhlutans.

Meðalgönguaðiljar krefjast málskostnaðar in solidum úr höndum uppboðsbeiðenda.

Uppboðsréttarmál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram hinn 13. þ. m.

Uppboðshaldari tilkynnti uppboðsþola á tíðkanlegan hátt um framkomna uppboðsbeiðni þann 10. júlí 1969. Var auglýsing send til birtingar í Lögbirtingablaðinu 25. sama mánaðar. Uppboðið var tekið fyrir á skrifstofu uppboðshaldara 22. september 1969, og komu þá fram mótmæli gegn framgangi uppboðs. Voru þau ítrekuð með bréfi umboðsmanns meðalgönguaðiljanna, dags. 3. október s. á., sjá rskj. 18, og var ákveðið, að um hinn framkomna ágreining skyldi rekið sérstakt uppboðsréttarmál, og er það hér til úrskurðar.

Skjöl þau, er uppboðsbeiðnir byggjast á, eru 5 víxlar, allir útgefnir af eiginkonu uppboðsþola, Sigríði Eyjólfsdóttur, og ábaktir af henni með yfirlýsingu um fullnustu án afsagnar, en samþykktir af honum til greiðslu í Landsbanka Íslands. Hverjum

víxli fyrir sig fylgir tryggingarbréf. Eru þau gefin út á sömu dögum og víxlarnir af uppboðsþola, og er veðsetning samþykkt af Sigríði Eyjólfsdóttur. Eru tryggingarbréf þessi öll samhljóða að prentuðum texta til. Þau veita handhafa viðeigandi víxils veð fyrir höfuðstóli, vöxtum og kostnaði í þinglesnum eignarhluta uppboðsþola í húsinu Dunhaga 23. Þau hafa að geyma tíðkanleg ákvæði um eindögun allrar skuldarinnar, ef vanefndir verða á hinum tilteknu greiðsluskyldum og ef eignin yrði tekin fjárnámi eða sett á uppboð. Þá er skuldin er í gjalddaga fallin, má selja veðið án dóms eða sáttar, sbr. 3. grein laga hinn 4. nóvember 1887, eða/og lögum frá 16. desember 1885, 15. grein, sbr. 39. grein laga nr. 95/1947 og/eða lög nr. 57/1949.

Nánar tiltekið eru skjöl þessi er hér skal greint:

1. Rskj. 2 og 3: 35.000.00 kr. víxill, útgefinn 19. október 1964, gjalddagi 19. apríl 1965. Á bakhlið eru kvittanir Margeirs J. Magnússonar fyrir greiðslu vaxta til 19. júlí 1968. 3. veðréttar tryggingarbréf, athugasemdalaust þinglýst 20. október 1964.
2. Rskj. 5 og 6: 63.000.00 kr. víxill, útgefinn 19. júlí 1966, gjalddagi 19. janúar 1967, með áritun Margeirs J. Magnússonar um greiðslu vaxta til 19. júlí 1968. 6. veðréttar tryggingarbréf, athugasemdalaust þinglýst 20. júlí 1966.
3. Rskj. 8 og 9: 83.000.00 kr. víxill, útgefinn 28. janúar 1967, gjalddagi 27. júlí 1967, með áritun Margeirs J. Magnússonar um greiðslu vaxta til 22. júlí 1968. 7. veðréttar tryggingarbréf, þinglýst 30. janúar 1967, með svolátandi athugasemd: „Umrædd íbúð talin sunnan megin skv. bókum hér".
4. Rskj. 11 og 12: 110.000.00 kr. víxill, útg. 14. júlí 1967, gjalddagi 14. janúar 1968, með áritun Margeirs J. Magnússonar um greiðslu vaxta til 14. júlí 1968. 8. veðréttar tryggingarbréf, þinglesið 15. júlí 1967, með svolátandi athugasemd: „Íbúðin er talin á 4. hæð sunnanmegin skv. bókum hér. — Kvöð um kostnað við öflun, gerð og viðhald bifreiðastæða og leiksvæðis, alls 95 m^2, o. fl. I-13 nr. 422. — Þórunn Pálsdóttir. Ævilöng afnot af íbúðinni gegn því að annast viðhald og greiða opinber gjöld. Þ-13 nr. 189".
5. Rskj. 14 og 15: 150.000.00 kr. víxill, útgefinn 16. janúar 1968, gjalddagi 15. júlí 1968. 9. veðréttar tryggingarbréf, þinglýst 17. janúar 1968 með svolátandi athugasemd: „Kvöð: Þórunn Pálsdóttir: Ævilöng afnot af íbúðinni gegn því að annast viðhald og greiða opinber gjöld. Þ-13 nr. 189. — Hið veðsetta talið sunnan megin skv. bókum hér".

Yfirlýsing sú, sem liggur til grundvallar athugasemdum, merktum Þ 13/189, var þinglýst hér við embættið 26. nóvember 1962 og er á þessa leið:

„Ég Magnús Jónsson, Fálkagötu 17, lýsi því hér með yfir, að móðir mín, Þórunn Pálsdóttir, nú til heimilis Höfðaborg 62, skal, á meðan hún lifir, hafa öll afnot af íbúð þeirri í Dunhaga 23, sem ég fæ sem greiðslu fyrir eignina nr. 36 við Fálkagötu. Skulu afnot þessi endurgjaldslaus með öðru en því, að móðir mín annast viðhald íbúðarinnar og greiðir af henni opinber gjöld.

Að móður minni látinni skal eignarhluti minn í Dunhaga 23 skiptast á milli mín og bræðra minna tveggja, Eyjólfs Jónssonar, Borgargerði 11, og Þorbjörns Jónssonar, Smyrilsvegi 29, svo og sonar míns, en fóstursonur móður minnar, Steinþórs Svavars Magnússonar, Skúlagötu 72, þannig, að hver okkar fær einn fjórða hluta eignarhlutans.

Rísi mál út af þessu efni, þá skal það rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Slíkt mál þarf ekki að leggja fyrir sáttanefnd.

Til staðfestu er nafn mitt undirritað í viðurvist tveggja þar til kvaddra vitundarvotta.

Reykjavík, 8. júlí 1961.

Magnús Jónsson.

Samþykk ofanrituðu sem eiginkona
Magnúsar Jónssonar.
D. u. s.
Sigríður Eyjólfsdóttir.

Vottar undirskrift beggja:
Ævar Árnason.
Lóa Guðmundsdóttir.

Samþykkir ofanrituðum samningi.
Eyjólfur Jónsson.
Þorbjörn Jónsson.
Steinþór Svavar Magnússon.

Móttekið 26. 11. 1962 kl. 13
og fært í veðmálaskrá í
Reykjavík s. d.
Merkt: Litra Þ-13 nr. 189
Gjald kr. 37.50
Stimpilgjald
Samtals kr. 37.50
Greitt
Þinglýst sem yfirlýsingu.
Borgarfógetinn í Reykjavík
Kr. Kristjánsson (L. S.)“.

Skjal þetta hefur verið lagt fram sem rskj. 26, sbr. rskj. 17.

Uppboðsbeiðendurnir vísa til gjalddaga víxla þeirra, sem þeir hafa lagt fram í málinu, svo og til meðfylgjandi tryggingarbréfa um vanskilavíti og form innheimtuaðgerða.

Uppboðsþoli hefur skilað greinargerð í máli þessu. Þar kemur fram sú staðhæfing hans, að uppboðskröfurnar séu sprottnar af peningaláni, sem hann hafi fengið hjá Margeiri Jóni Magnússyni, Miðstræti 3 A, í tvennu lagi, í ágúst og september 1963, samtals að fjárhæð um það bil kr. 46.000.00, samkvæmt tveim víxlum, pr. 7. febrúar og 8. apríl 1964. En hinir síðari víxlar séu fyrir vöxtum af þessu tvískipta láni. Með þessu hafi Margeir Jón Magnússon og aðrir eigendur uppboðskrafnanna gerzt sekir um brot á refsilögum og sú þeirra háttsemi verið kærð til sakadóms Reykjavíkur og óskað ítarlegrar rannsóknar þar að lútandi.

Hann bendir á það, að hinir ofteknu vextir af peningaláninu frá 1963 nemi mun hærri upphæð en lánskröfurnar, og sé þess krafizt, að uppboðinu verði frestað, unz sakadómur hafi lokið rannsókn sinni á því, hver hluti uppboðskrafnanna sé réttmætur, og sé full nauðsyn, að uppboðshaldari noti heimild 117. greinar laga nr. 85/1936. Uppboðsþoli hefur lagt fram sem rskj. 29 bréf sitt til sakadóms, dags. 9. marz þ. á., og vísast til þess.

Af hálfu meðalgönguaðiljanna er fallið frá upphaflega gerðri þrautavarakröfu um frestun uppboðs, þar til dómur gengi í bæjarþingsmáli, þar sem meðalgönguaðiljar muni krefjast þess, að veðsetningarnar verði dæmdar ógildar.

Meðalgönguaðiljarnir skýra svo frá, að árið 1925 hafi Jón Eyjólfsson, faðir uppboðsþola, Magnúsar H. Jónssonar, og meðalgönguaðiljanna Eyjólfs og Þorbjörns, en afi meðalgönguaðiljans Steinþórs S. Magnússonar fengið byggingarlóð við Fálkagötu 36. Hann hafi af hagkvæmnisástæðum látið gefa lóðarleigusamning út á nafn Magnúsar sonar síns. Að Jóni látnum hafi ekkja hans, Þórunn Pálsdóttir, setið í óskiptu búi, hún hafi jafnan búið í húsi þessu og greitt af því opinber gjöld og annazt allt viðhald, enda hafi hún verið raunverulegur eigandi, svo sem og maður hennar, meðan lifði, þó sonur þeirra Magnús hafi verið þinglesinn eigandi. Þessu hafi fram farið, þar til Þórunn hafi selt húseignina og fengið fyrir hana íbúð að Dunhaga 23, en um þá íbúð er nú deilt í þessu máli. Afsal fyrir þessari íbúð hafi verið gefið út 26. maí 1961 og hafi varla verið annað fyrir hendi en að láta það hljóða á Magnús H. Jónsson. En til þess að taka af allan vafa um raunverulegt eignarhald á íbúðinni, hafi Þórunn

látið semja yfirlýsingu þá, sem að framan er getið og þinglýst var undir númerinu Þ 13/189.

Magnús H. Jónsson hafi þegar á árinu 1963 byrjað að veðsetja íbúð þessa sér til framfæris og hafi hann alls 9 sinnum gefið út tryggingarbréf fyrir víxillánum, sbr. og veðbókarvottorð á rskj. 25, og allt þetta hafi hann gert án vitundar og vilja Þórunnar móður sinnar og bræðra sinna og sonar, en þeir hafa gerzt meðalgönguaðiljar í mál þetta. Þau hafi loks séð sig tilneydd til að láta þinglýsa yfirlýsingu, dags. 18. nóvember 1968, þess efnis, að þau telji Magnúsi óheimilt að veðsetja fasteignarhlutann og að þau telji veðsetningar hans heimildarlausar og óviðkomandi þeim og skiptahluta þeirra. Þessi yfirlýsing er lögð fram í máli þessu sem rskj. nr. 27.

Því er nú haldið fram af hálfu meðalgönguaðiljanna, að þeir hafi fengið tímaskilyrtan eignarrétt að ¾ hlutum þess eignarhluta, sem þinglesinn er á nafn uppboðsþola í Dunhaga 23, og sé yfirlýsingin frá 8. júní 1961 afdráttarlaus í þá átt. Skilyrðin hafi verið andlát Þórunnar Pálsdóttur, en hún hafi andazt í september 1969. Magnúsi hafi eftir þetta verið alsendis óheimilt að veðsetja íbúðina á sitt eindæmi. Þessari yfirlýsingu hafi síðan verið þinglýst á íbúðina og hafi þar með öllum skilyrðum verið fullnægt gagnvart 3ja manni. Eftir þetta hafi 3ji maður, sem hugðist veita Magnúsi lán út á eignina, séð eða átt að sjá, að réttur Magnúsar til veðsetningar var annmörkum háður í mesta máta og útilokað að vinna rétt í bága við yfirlýsinguna frá 8. júní 1961 fyrir traustfang. Það skipti engu máli um rétt meðalgönguaðiljanna, þó að réttinda þeirra væri ekki getið á veðbréfunum fyrir vangá þinglýsingarmanna, enda hafi menn ekki verklegan möguleika til að halda þinglýsingarmönnum til skyldu sinnar. Í öllu falli hljóti að vera ljóst, að synja beri um uppboð á ¾ hlutum íbúðarinnar, þar eð viðsemjandi Magnúsar H. Jónssonar hafi engan veginn getað öðlazt frekari rétt en Magnús sjálfur átti.

Uppboðsbeiðendur vísa til almennra reglna um viðskiptabréf, sem mál þetta verði að úrskurðast eftir. Yfirlýsingin frá 8. júní 1961 skerði á engan hátt rétt Magnúsar H. Jónssonar til að veðsetja þessa eign, að minnsta kosti ekki fyrr en andlát móður hans beri að hendi, en hún hafi verið á lífi, er víxlar og veðbréf voru gerð, þau er mál þetta snýst um, og í öllu falli sé nú of seint að vefengja þinglýstan rétt hans gagnvart veðhöfum. Vakin er athygli á athugasemdum við þinglýsingu, svo sem um trygg-

ingarbréf það, er Einar Árnason héraðsdómslögmaður hefur fært fram, að þar er engin athugasemd þinglýsingarmanna, enn fremur er þannig farið um tvö bréfa Jóns E. Jakobssonar héraðsdómslögmanns, að yfirlýsingarinnar frá 8. júní 1961 er þar ekki getið. Afdráttarlaust megi segja um þessi tryggingarbréf, að handhafar þeirra hafi mátt treysta því, að þeir fengju þann rétt, sem bréf þessi heita þeim. Og athugasemdin, sem rituð er við þinglýsingu á tvö bréfa Jóns E. Jakobssonar, rskj. 12 og 15, ræði aðeins um dvalarrétt móður veðsalans í húsnæðinu, virðist í engu raska rétti veðsala til að fara með vald til að veðsetja íbúðina sem sína eign.

Jón E. Jakobsson héraðsdómslömaður hefur að gefnu tilefni frá umboðsmönnum uppboðsþola og meðalgönguaðiljanna lýst því yfir, að hann sé handhafi hinna 4 víxla og viðeigandi tryggingarbréfa, er hann fer með í málinu.

Telja verður fram komið í máli þessu, að víxlar og tryggingarbréf, sem hér um ræðir, séu til komin vegna lántöku uppboðsþola, Magnúsar Helga Jónssonar, hjá Margeiri Jóni Magnússyni eða fyrir hans milligöngu. Tryggingarbréfin eru öll gefin út til handhafa. Í greinargerðum sínum hafa lögmenn uppboðsþola og meðalgönguaðiljanna innt að því, að uppboðsbeiðandi Jón Einar Jakobsson héraðsdómslögmaður sé ekki raunverulegur handhafi þeirra tryggingarbréfa, sem hann hefur lagt fram í máli þessu. Skal þess getið hér, að nefndir umboðsmenn hafa ekki gert verklegar ráðstafanir til að kanna þetta atriði nánar, ef frá er skilin áskorun til Jóns E. Jakobssonar héraðsdómslögmanns, sem, eins og segir orðrétt í bókun Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns 20. nóvember 1969, „kveðst mæta í máli þessu fyrir handhafa veðskuldabréfa og handhafa víxils og tryggingarbréfs, að upplýsa um nafn eða nöfn handhafa og eigenda vegna nauðsynjar um stefnubirtingu á hendur þeim til bæjarþings". En í sama réttarhaldi hafði Jón Einar Jakobsson lagt fram greinargerð, þar sem hann kveðst sjálfur vera handhafi þessara tryggingarbréfa. Lögmenn uppboðsþola og meðalgönguaðiljanna hefðu t. d. getað stefnt Margeiri J. Magnússyni vitnastefnu og leitað upplýsinga hjá honum um þessi atriði og þar af leiðandi önnur atriði, sem skipta kynnu máli um úrskurð máls þessa. En telja verður, að það sé á valdi aðiljanna sjálfra að afla þeirra gagna, sem þeir styðja kröfur sínar og staðhæfingar við, og hvort þeir bera fyrir sig til þrautar staðhæfingar og kröfur. Og eins og mál þetta liggur fyrir, virðist ekkert fram komið um

það, að handhöfn þeirra Gísla Magnússonar og Jóns Einars Jakobssonar héraðsdómslögmanns sé annmörkum háð.

Það leiðir af almennum reglum um viðskiptabréf, en hin framlögðu tryggingarbréf fullnægja þeim skilyrðum, að telja verður viðskipti uppboðsþola við Margeir J. Magnússon óviðkomandi þeim mönnum, sem síðar hafa orðið réttir handhafar þessara skjala, ef engin atvik eru slík, að segja mætti, að þeim hafi verið kunnugt um annmarka á veðsetningunni eða mátt vera um þá kunnugt.

Nú er það í rauninni svo, að áður en umræddir víxlar voru samþykktir og tryggingarbréf út gefin, var búið að þinglýsa ákvæði á eignarhluta uppboðsþola í Dunhaga 23, sem m. a. virðist gefa til kynna, að eignarréttur hans, þó að sé þinglýstur, sé haldinn annmörkum. Þar er sagt, að við lát Þórunnar Pálsdóttur skuli þessi eignarhluti skiptast milli uppboðsþola og meðalgönguaðiljanna, þannig að hver haldi ¼ hluta, og er ekki rætt um nein skilyrði eða skilmála, svo sem endurgjald til uppboðsþolans.

Á tryggingarbréfum þeim, sem liggja fyrir í málinu, er hvergi innt að nýnefndum hluta kvaðarinnar, hvorki í aðalefni þeirra né við þinglýsingu. Eru tvö bréfanna athugasemdalaus með öllu eftir þinglýsingu. Á einu þeirra er athugasemd um staðsetningu veðsins í húsinu, en á tveim er athugasemd af síðastnefnda taginu svo og um kvöð vegna leiksvæðis og bílastæðis og um ævilöng afnot Þórunnar Pálsdóttur gegn því að annast viðhald og greiða opinber gjöld.

Eins og þinglýsingarathugasemdir þessar eru skráðar á tvö síðastnefnd bréf, liggur næst fyrir þann, sem les þær, að halda, að kvaðaákvæðin séu þar talin tæmandi, og verður að telja almenna reglu, að menn megi treysta því, að svo sé gert, þannig að þeir þurfi ekki að kynna sér við eigin lestur þau þinglýstu ákvæði, sem grundvalla athugasemdina. Þessar athugasemdir eru ekki lagaðar til að vekja grunsemdir um takmarkanir á rétti hins þinglýsta eiganda til að veðsetja eignina.

Það hefur ekki komið fram í málinu, að uppboðsbeiðendum hafi orðið kunnugt um annmarka á rétti uppboðsþola eftir öðrum leiðum fyrri en í máli þessu.

Þykir þannig ekki vera annað fyrir hendi en að fallast á, að uppboðsbeiðendur eigi fullan rétt til að láta fram fara sölu á öllum eignarhluta uppboðsþola á Dunhaga 23 til lúkningar kröf-

um sínum, en ákvæði tryggingarbréfanna heimila nauðungarsölu án dóms, sáttar eða aðfarar, og engar mótbárur hafa komið fram varðandi formlegt gildi bréfa þessara eða hinna framlögðu víxla.

Sú krafa uppboðsþola, að uppboði verði frestað, unz fyrir liggur rannsókn sakadóms á meintu misferli Margeirs J. Magnússonar og eigenda krafna þessara, verður ekki tekin til greina gegn mótmælum uppboðsbeiðenda. Viðskipti uppboðsþola við Margeir teljast uppboðsbeiðendum óviðkomandi, og að því er varðar kæru á hendur öðrum, sem eru þó ekki nafngreindir, er ekkert vitað í máli þessu um aðgerðir sakadóms í málefnum þeirra.

Verður því úrskurðað, að umbeðið uppboð fari fram á ábyrgð uppboðsbeiðendanna, Einars Árnasonar héraðsdómslögmanns vegna Gísla Magnússonar og Jóns E. Jakobssonar héraðsdómslögmanns, til lúkningar kröfum þeirra, sbr. hér að framan.

Ekki verður hjá því komizt að úrskurða uppboðsbeiðendum málskostnað úr höndum uppboðsþola og meðalgönguaðiljanna in solidum. Þykir málskostnaður hæfilega tiltekinn kr. 3.000.00 til Einars Árnasonar, en kr. 12.000.00 til Jóns E. Jakobssonar.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin uppboðsgerð fer fram á ábyrgð uppboðsbeiðenda til lúkningar þessum skuldum:

Veðskuld við Einar Árnason héraðsdómslögmann vegna Gísla Magnússonar, kr. 35.000.00 með 12% ársvöxtum frá 19. júlí 1968 til greiðsludags, veðskuld við Jón E. Jakobsson héraðsdómslögmann, kr. 63.000.00 með 12% ársvöxtum frá 19. júlí 1968 til greiðsludags, veðskuld við sama, kr. 83.000.00 með 12% ársvöxtum frá 22. júlí 1968 til greiðsludags, veðskuld við sama, kr. 110.000.00 með 12% ársvöxtum frá 14. júlí 1968 til greiðsludags og veðskuld við sama, kr. 150.000.00 með 12% ársvöxtum frá 15. júlí 1968 til greiðsludags.

Jafnframt fer uppboðið fram til lúkningar stimpil- og þinglýsingarkostnaði víxla og tryggingarbréfa, innheimtulaunum samkvæmt taxta L. M. F. Í. svo og öllum kostnaði við uppboðið.

Uppboðsþoli, Magnús H. Jónsson, og meðalgönguaðiljar, Eyjólfur Jónsson, Þorbjörn Jónsson og Steinþór Svavar Magnússon, greiði in solidum Einari Árnasyni héraðsdómslögmanni vegna Gísla Magnússonar kr. 3.000.00, en Jóni E.

Jakobssyni héraðsdómslögmanni kr. 12.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. maí 1971.

Nr. 197/1970. **Bárður Sigurðsson**
gegn
Grétari Sívertsen.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bárður Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. maí 1971.

Nr. 30/1971. **H/f Júpiter**
gegn
Kjartani Bergsteinssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H/f Júpiter, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. maí 1971.

Nr. 42/1971. **Þorvaldur Jónasson**
gegn
Sigurbjörgu Guðjónsdóttur og
Sveini Árnasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorvaldur Jónasson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. maí 1971.

Nr. 140/1970. **Hreiðar Stefánsson**
(Guðmundur Skaftason hrl.)
gegn
Sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu
f. h. ríkissjóðs
(Benedikt Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skattamál. Tekjuskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1970. Hann krefst þess, að synjað verði um framkvæmd hinnar áfrýjuðu lögtaksgerðar og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Þar sem ákvæði 2. mgr., E liðar, 7. gr. laga nr. 90/1965 eru fortakslaus um það, að fasteignamat skuli lagt til grundvallar við ákvörðun um skattskyldar tekjur af sölu fasteignar, verður að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, en eins og málinu er háttað, er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 19. júní 1970.

Með bréfi, dags. 3. febrúar þ. á., hefur sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu krafizt þess sem innheimtumaður ríkissjóðs, að gert verði lögtak í eignum gerðarþola, Hreiðars Stefánssonar, Goðheimum 16, til tryggingar ógreiddum tekjuskatti, kr. 8.874.00 auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 1. janúar 1970 til greiðsludags, svo og til tryggingar kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð. Þá er krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Hann hefur krafizt málskostnaðar.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fór fram 4. þ. m.

Það er komið fram í máli þessu, að gerðarþoli, Hreiðar Stefánsson, keypti á árinu 1963 íbúð í fjölbýlishúsinu nr. 58 við Álfheima fyrir kr. 690.000.00. Hann selur þessa íbúð aftur hinn 15. júlí 1967, sjá rskj. 10, fyrir kr. 1.300.000.00, en galt í sölulaun kr. 26.000.00, og var nettósöluverð þannig kr. 1.274.000.00.

Hinn 8. september 1967 kaupir hann svo einbýlishúsið nr. 17 við Aratún í Garðahreppi, sjá rskj. 17, fyrir kr. 2.100.000.00.

Upplýst er í málinu, að fasteignamat fjölbýlishússins nr. 56-58-60 við Álfheima er kr. 2.238.000.00 samtals, en brunatrygging er kr. 32.167.000.00. Með því að íbúð sú, er gerðarþoli átti og seldi í húsinu, er talin 3.86% af öllu fjölbýlishúsinu, verður fasteignamat hennar kr. 82.531.00, en brunabótamat kr. 1.241.646.00, og vísast hér til rskj. 11, 12 og 15 í máli þessu.

Það virðist hafa komið fram í máli þessu, sbr. og framtal gerðarþola árið 1968, að fasteignamat Aratúns 17 hafi verið kr. 60.500.00, er gerðarþoli telur fram eignir sínar pr. 31. desember 1967.

Skattstofan í Reykjanesumdæmi skrifaði gerðarþola hinn 30. október 1968 bréf á þá leið, að með því að hið keypta íbúðarhús að Aratúni 17 væri lægra að fasteignamati en hin selda íbúð að Álfheimum 58, yrði endurálagning látin fara fram með tilliti til skattskylds söluhagnaðar þar af leiðandi, og hinn 18. nóvember 1968 er gerðarþola tilkynnt um hækkun tekjuútsvars og tekjuskatts.

Gerðarþoli kærði gjaldauka þessa á tíðkanlegan hátt hinn 25. nóvember 1968. Um þetta leyti lét hann fram fara endurmat á fasteignamati Aratúns 17, og var matið hækkað í samtals kr. 69.800.00, sjá hér rskj. 13 og 14. Þess skal hér getið, að brunabótamat þessarar eignar er kr. 2.241.900.00, sbr. rskj. 16.

Í tilefni af kæru gerðarþola ákvað skattstofan að lækka skattskyldan söluhagnað í kr. 113.471.00 með tilliti til hins breytta fasteignamats á Aratúni 17. Þannig varð tekjuskattur gerðarþola kr. 70.792.00, en var áður kr. 82.328.00. Þessi úrskurður skattstofunnar var staðfestur af ríkisskattanefnd 13. október 1969, rskj. nr. 7, með tilvísun til E liðar 7. greinar laga nr. 90/1965.

Tekjuútsvarsauki sá, er gerðarþola hafði verið gert að greiða, hefur verið felldur niður. Í máli þessu er því aðeins deilt um tekjuskattsaukann, en hann nam upphaflega kr. 42.487.00, en nú, eftir breytingu vegna endurskoðaðs fasteignamats, sjá hér að framan, nemur hann kr. 30.951.00.

Gerðarbeiðandi upplýsir, að haldið hafi verið eftir af launum gerðarþola hjá ríkisféhirði samtals kr. 22.077.00, og eru eftirstöðvarnar, kr. 8.874.00, krafðar í lögtaksmáli þessu.

Gerðarbeiðandi vísar til almenns úrskurðar um lögtak fyrir opinberum gjöldum, og var sá úrskurður kveðinn upp í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. ágúst 1969, rskj. 18, og birtur á tíðkanlegan hátt 3. september s. á., sjá rskj. 19.

Er lögtakskrafan byggð á álagningu tekjuskattsauka vegna sölugróða gerðarþola, svo sem að framan er lýst. Ríkisskattanefnd hafi staðfest þessa álagningu og sé sá úrskurður bindandi, þar eð nefndin hafi gætt valdmarka sinna og farið eftir viðeigandi lagagrein, sem sé E lið 7. greinar laga nr. 90/1965. Gerðarbeiðandi mótmælir því engan veginn, að gerðarþoli hafi gefið meira fyrir fasteignina Aratún 17 en hann seldi íbúðina í Álfheimum 58 á, en þetta atriði hafi enga þýðingu fyrir málefnið, enda margvísleg viðskiptaleg atriði, sem þar geti komið til greina. Fasteignamatið eitt komi til álita. Gerðarþoli verði að beygja sig undir þá tilhögun, hvað sem annars líði samræmi í fasteigna-

matsgerðum milli umdæma, og hann hafi ekki látið reyna á það til þrautar, að fasteignamat Aratúns 17 yrði lagfært.

Gerðarþoli rökstyður kröfur sínar í málinu með því, að fasteignagerðir þær, sem fyrir liggja í málinu, séu gersamlega óhafandi sem álagningargrundvöllur vegna gróflegs misræmis sín á milli. Hann minnir á framangreindar upplýsingar um söluverð íbúðarinnar í Álfheimum 58 og kaupverð hússins Aratúns 17, á brunabótamat eignanna og á stærðarhlutföll þeirra og sé íbúðin nánast 100 m^2 að flatarmáli en 393 m^3 að rúmmáli, en einbýlishúsið sé um 140 m^2 að flatarmáli, en 462^3 að rúmmáli. Þrátt fyrir þetta sé mat íbúðarinnar kr. 82.531.00, en einbýlishússins kr. 66.500.00 að húsamati. Hér hafi matsnefndir á hvorum staðnum fyrir sig bersýnilega fylgt gerólíkum reglum, en almennar reglur laga skipi svo fyrir, að mat skuli miða við það verð, sem líklegt sé, að þær mundu hafa í kaupum og sölum, og bent á ýmis atriði, sem hafa skuli tillit til. Löggjafinn hljóti að hafa miðað reglu E liðar 7. greinar laga nr. 90/1965 við, að samræmi væri í fasteignamatsgerðum.

Telja verður, að gerðarþoli hafi ekki sýnt fram á, að mismunur á fasteignamati þessara tveggja eigna sé staðlaus.

Það er alkunna, að mjög lengi hefur verið misræmi í fasteignamati milli umdæma á eignum, sem annars eru svipaðar að stærð, fyrirkomulagi og búnaði. Ætla verður, að löggjafanum hafi verið ljóst þetta misræmi, er lög nr. 90/1965 voru sett, en E liður 7. greinar laganna er skýlaus um, að sölugróði skuli skattlagður og að einvörðungu skuli meta sölugróða eftir fasteignamati, eins og það liggur fyrir.

Verður þannig að telja, að skattayfirvöld hafi haldið sig innan valdmarka sinna og farið að lögum að öðru leyti, er þau úrskurðuðu tekjuskattsauka á hendur gerðarþola, svo sem að framan er lýst. Hið umbeðna lögtak verður látið ná fram að ganga samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð til tryggingar skattskuld gerðarþola, kr. 8.874.00, með 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. janúar 1970 til greiðsludags svo og til tryggingar kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Rétt þykir, að niður falli málskostnaður vegna lögtaksmáls þessa.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtak fer fram í eignum gerðarþola, Hreiðars Stefánsson-

ar, til tryggingar kr. 8.874.00 með 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1970 til greiðsludags svo og til tryggingar kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 10. maí 1971.

Nr. 218/1970. **Gunndór Sigurðsson og Ingibjörg Ingólfsdóttir**
(Brandur Brynjólfsson hdl.)
gegn
Jóni V. Jónssyni s/f
(Jóhann Steinason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteign. Kaup og sala. Greiðsludráttur. Innheimtulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. desember 1970 og gert þessar dómkröfur:

1. „Að héraðsdómi verði hrundið og breytt á þá leið, að áfrýjendur verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda í málinu ...“.

2. „Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum samtals kr. 66.380.00 með 8% ársvöxtum frá“ 16. september 1970 til greiðsludags.

3. „Að stefndi verði dæmdur til að gefa út afsal fyrir eigninni Garðaflöt 35 í Garðahreppi til áfrýjenda að viðlögðum dagsektum kr. 500.00 á dag, er renni til áfrýjenda, allt gegn því, að þeir gefi út skuldabréf í samræmi við ákvæði kaupsamnings milli aðilja fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, eins og þær eru í dag, eða fyrir kr. 175.001.00 til 3ja ára með 8% ársvöxtum frá 1. nóv. 1970, með gjalddaga 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1971, og fyrir kr. 40.000.00

til 2ja ára með 8% ársvöxtum frá 1. nóv. 1970, með gjalddaga 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1971. Bréf þessi verði tryggð með III. veðr. í eigninni Garðaflöt 35 og megi hvíla á undan þeim á I. og II. veðr. skuld allt að kr. 540.000.00".

Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum kr. 230.001.00 auk 8% ársvaxta af kr. 215.001.00 frá 1. nóvember 1970 til greiðsludags gegn útgáfu afsals fyrir húseigninni nr. 35 við Garðaflöt í Garðahreppi, en önnur ákvæði héraðsdóms verði staðfest. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Hinn 6. nóvember 1970 greiddu áfrýjendur stefnda samtals kr. 101.799.00, sem þeir töldu afborgun af skuldum þeim, sem um ræðir í 5. tl. kaupsamnings aðilja frá 27. október 1967, kr. 78.333.00, og vexti af þeim skuldum til 1. nóvember 1970, kr. 23.466.00. Veitti stefndi fé þessu viðtöku með fyrirvara. Hefur hann vegna þessara greiðslna lækkað kröfur sínar hér fyrir dómi frá því, sem í héraðsdómi greinir.

Áfrýjendur tóku við hinni seldu eign 1. nóvember 1967, svo sem ráð var fyrir gert í kaupsamningi aðilja. Fallast má á þau rök héraðsdóms, að vanefndir stefnda, þær sem í málinu greinir, hafi eigi verið slíkar, að réttlættu þann drátt, sem varð af hendi áfrýjenda á útgáfu skuldabréfanna, en ekki verður séð, að áfrýjendur hafi gert reka að því að fá afsal fyrir eigninni á þeim tíma, sem ráð var fyrir gert í kaupsamningi aðilja. Samkvæmt þessu og eins og hér stendur á þykir mega staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að stefndi eigi rétt á að fá nú þegar greiddar úr hendi áfrýjenda eftirstöðvar kaupverðsins gegn afsali fyrir hinni seldu eign. Aðiljar eru sammála um, að eftirstöðvar kaupverðsins nú séu kr. 215.001.00. Þá krefur stefndi áfrýjendur um kr. 15.000.00, innheimtulaun af greiðslum þeim, sem áfrýjendur inntu af hendi síðari hluta marzmánaðar 1969 og 10. nóvember 1969. Telja verður, að stefndi eigi rétt á innheimtulaunum þessum, en fjárhæð þeirra er viðurkennd.

Samkvæmt þessu verður áfrýjendum dæmt að greiða stefnda kr. 230.001.00 með vöxtum, svo sem krafizt er, gegn útgáfu afsals fyrir hinni seldu eign.

Að því er varðar kröfu áfrýjenda á hendur stefnda vegna galla á hinu selda húsi og kostnað af þeim sökum, þá þykir mega fallast á niðurstöðu héraðsdóms að öllu leyti.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Gunndór Sigurðsson og Ingibjörg Ingólfsdóttir, greiði stefnda, Jóni V. Jónssyni s/f, kr. 230.001.00 með 8% ársvöxtum af kr. 215.001.00 frá 1. nóvember 1970 til greiðsludags, og ber stefnda gegn þeirri greiðslu að gefa út afsal til áfrýjenda fyrir fasteigninni nr. 35 við Garðaflöt í Garðahreppi.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.

Að öðru leyti skal hinn áfrýjaði dómur vera óraskaður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 12. október 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. september s.l., hefur Jón V. Jónsson s/f, Hafnarfirði, höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu með framlagningu stefnu í dómi 16. september 1970 á hendur Gunndóri Sigurðssyni og Ingibjörgu Ingólfsdóttur, báðum til heimilis að Álfhólsvegi 109, Kópavogi. Stefndu létu sækja þing og samþykktu fyrirtöku málsins. Jafnframt var af þeirra hálfu lögð fram gagnstefna á hendur aðalstefnanda, Jóni V. Jónssyni s/f, Hafnarfirði.

Mál út af sama efni hafði áður verið rekið fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar, en það mál var hafið 16. september s.l.

Að loknum málflutningi fór dómarinn á vettvang og athugaði aðstæður við hús og lóð.

Dómkröfur.

I. Endanlegar dómkröfur aðalstefnanda í aðalsök eru, að aðalstefndu verði dæmd in solidum til að greiða aðalstefnanda kr. 308.334.00 auk 8% ársvaxta frá 1. nóvember 1969 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati dómsins, allt gegn útgáfu afsals fyrir eigninni nr. 35 við Garðaflöt í Garðahreppi.

Stefnufjárhæðina sundurliðar aðalstefnandi þannig, að frá skuld samkvæmt 5. tölulið kaupsamnings, kr. 450.000.00, dregur hann tvær greiðslur að fjárhæð kr. 78.333.00 hvor og bætir síðan við innheimtulaunum af þeim greiðslum, kr. 15.000.00, og kemur þá út stefnufjárhæðin.

Aðalstefndu krefjast sýknu af kröfum aðalstefnanda í aðalsök og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi aðalstefnanda.

II. Gagnstefnendur krefjast þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnendum kr. 66.380.00 með 8% ársvöxtum frá 16. september 1970 til greiðsludags, og að gagnstefndi verði dæmdur til þess að viðlögðum dagsektum til gagnstefnenda, kr. 500.00 á dag, að gefa út afsal fyrir eigninni nr. 35 við Garðaflöt í Garðahreppi, allt gegn útgáfu skuldabréfa fyrir eftirstöðvum kaupverðsins í samræmi við ákvæði kaupsamnings milli aðilja.

Þá er og krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum gagnstefnenda.

Málavextir.

I. Með kaupsamningi, dagsettum 27. október 1967, seldi aðalstefnandi aðalstefndu húseignina nr. 35 við Garðaflöt í Garðahreppi í fokheldu ástandi.

Ákvæði kaupsamnings um kaupverð eru svohljóðandi:

„Kaupverð alls hins selda er umsamið kr. 1.100.000.00 — ein milljón og eitt hundrað þúsund — og greiðist þannig:

1. Við undirskrift kaupsamnings þessa greiðir kaupandi . . . . . kr. 200.000.00
2. Kaupandi greiðir í peningum í síðasta lagi 15. marz '68 . . . . . — 300.000.00
3. Kaupandi greiðir í peningum þegar að fengnu húsnæðismálastjórnarláni, þó í síðasta lagi 1. 12. 1968 . . . . . — 150.000.00
4. Kaupandi tekur að sér að greiða þessar veðskuldir, er hvíla á hinni seldu eign: Engar.

5. Eftirstöðvar kaupverðsins greiðir kaupandi með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 5 og 6 árum. Greiðir hann 8% ársvexti af skuldinni, og skal hún tryggð með 3. veðrétti í hinni seldu eign. Bréfin skiptast þannig, að 100.000.00 þús. (sic) eru til 5 og 6 ára og kr. 350.000.00 til 6 ára. Gjalddagi og vextir bréfanna miðast við afhendingardag eignarinnar. kr. 450.000.00

Samtals kr. 1.100.000.00".

Aðalstefndu greiddu við undirskrift samnings kr. 200.000.00, sem ráð var fyrir gert. Þann 3. apríl 1968 greiddu þau greiðslu samkvæmt 2. tölulið kaupsamnings, kr. 300.000.00, og greiðslu samkvæmt 3. tölulið samningsins inntu aðalstefndu af hendi í tvennu lagi, kr. 100.000.00 31. október 1968 og kr. 50.000.00 11. desember 1968.

Aðalstefndu fengu eignina afhenta um 1. nóvember 1967, en ekki hefur enn verið gefið út afsal fyrir eigninni né heldur hafa skuldabréf samkvæmt 5. lið kaupsamnings verið gefin út, og verður nú nánar vikið að þessum atriðum.

II. Í kaupsamningnum var svohljóðandi ákvæði um ástand hinnar seldu eignar og skyldur seljanda þar að lútandi: „Seljandi skuldbindur sig til þess að selja og kaupandi til þess að kaupa neðanskráða eign seljanda: Húseignina alla að Garðaflöt nr. 35 í Garðahreppi. Húsið er nú í smíðum og selst í núverandi ástandi, sem kaupendur hafa kynnt sér við skoðun og sætt sig við (þ. e. fokhelt með frágengnu þaki). Seljandi tekur þó að sér að jafna lóðina í rétta hæð á sinn kostnað fyrir 15. des. n. k., og jafnframt tekur seljandi að sér að setja plast í glugga fyrir 15. nóv. n. k., á sinn kostnað.

Eignin er seld í því ástandi, sem hún er í nú og kaupandi hefur kynnt sér".

Ágreiningslaust er í málinu, að aðalstefnandi hafi lokið við að setja plast í glugga á réttum tíma. Aðalstefndu hafa orðað steypugalla á innveggjum og við vatnslás á útveggjum, en engar kröfur eru byggðar á þeim göllum.

Aðalstefndu hafa talið, að aðalstefnandi hafi vanefnt að láta jafna lóðina í rétta hæð. Það hafi ekki verið gert fyrir 15. desember 1967 og sé enn ógert.

Að tilhlutan aðalstefndu voru dómkvaddir matsmenn til að meta „kostnað við að aka nægilegu fyllingarefni og jafna því á lóðinni, svo sem teikningin sýnir og nánar verður gerð grein fyrir við skoðun matsmanna".

Niðurstaða matsmanna varð sú, að þeir töldu, að 104 m^3 skorti á til að fylla lóðina frá því, sem var við skoðun, og töldu þeir kostnað við að fylla og jafna nema kr. 9.880.00.

Niðurstöðu matsmanna hefur hvorki verið mótmælt né hnekkt.

III. Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, var nokkur dráttur á greiðslum samkvæmt 2. og 3. lið kaupsamningsins.

Greiðslan samkvæmt 2. tölulið var innt af hendi 3. apríl 1968, en ekki 15. marz, svo sem segir í samningnum.

Greiðslan samkvæmt 3. lið samningsins var innt af hendi í tvennu lagi, kr. 100.000.00 þann 31. október 1968 og kr. 50.000.00 þann 11. desember 1968, en skyldi innt af hendi í síðasta lagi 1. desember.

Aðalstefnandi tók við öllum þessum greiðslum án fyrirvara.

Samkvæmt 5. lið skyldu aðalstefndu gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðsins. Skyldu bréfin bera 8% ársvexti og tryggð með 3. veðrétti í húseigninni. Annað bréfanna skyldi vera að fjárhæð kr. 100.000.00 og vera til 5 ára, en hitt að fjárhæð kr. 350.000.00 og vera til 6 ára. Gjalddagar bréfanna og vextir skyldu miðast við afhendingardag eignarinnar, sem var í kaupsamningi ákveðinn 1. nóvember 1967, en afhending mun hafa farið fram um það leyti.

Samkvæmt því féll í gjalddaga 1. nóvember 1968 fyrsta greiðsla af veðskuldabréfum þeim, er aðalstefndu áttu að hafa gefið út.

Aðalstefndu inntu eigi þá greiðslu af hendi á réttum tíma. Fyrsta greiðslan af bréfunum nam samtals kr. 78.333.00 auk vaxta, kr. 36.000.00. Þá skyldu aðalstefndu einnig hafa greitt kr. 22.977.74 til viðbótar, sem eru 8% ársvextir af öllum öðrum greiðslum samkvæmt ákvæði í kaupsamningi.

Aðalstefndu inntu þessar greiðslur ekki af höndum né heldur gáfu þau út skuldabréf, eins og til var ætlazt.

Þann 22. marz 1969 ritaði lögmaður aðalstefnanda aðalstefndu bréf, þar sem þeim er tilkynnt, að aðalstefnandi hefði vegna vanefnda aðalstefndu á því að gefa út skuldabréfin og inna greiðslur af hendi á réttum tíma ákveðið að krefjast greiðslu á allri skuldinni.

Þessu bréfi svaraði lögmaður aðalstefndu með bréfi, dags. 25. marz s.l., dskj. nr. 5, þar sem hann mótmælir því, að aðalstefn-

andi geti gjaldfellt alla skuldina. Með þessu bréfi fylgdi kvittun Landsbanka Íslands fyrir innborgun á sparisjóðsbók nr. 16753 á nafn aðalstefnanda, að fjárhæð kr. 137.400.00, dags. 21. marz 1969. Bókin sjálf var þó ekki afhent umboðsmanni aðalstefnanda fyrr en nokkru síðar.

Í bréfi þessu kemur fram, að aðalstefndu töldu sig eiga kröfu á hendur aðalstefnanda vegna steypugalla og vanrækslu á að jafna lóð í rétta hæð, en að þessum göllum hefur áður verið vikið.

Með símskeyti þann 8. apríl 1969 tilkynnti aðalstefnandi aðalstefndu, að hann hefði ákveðið að rifta kaupunum.

Því var mótmælt af hálfu aðalstefndu með bréfi, dags. 9. apríl 1969, en jafnframt boðið upp á viðræður um frágang skuldabréfa og afsals.

Fram kom í málflutningi, að viðræður fóru fram milli aðilja um riftun samkvæmt samkomulagi, en ekki varð neinn árangur af þeim viðræðum.

Þann 27. júní 1969 ritaði umboðsmaður aðalstefnanda umboðsmanni aðalstefndu bréf, þar sem hann lýsti því yfir, að aðalstefnandi félli frá kröfu sinni um riftingu, en héldi fast við kröfu sína um greiðslu á eftirstöðvum kaupverðsins í peningum auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar. Í samræmi við þetta skýrði umboðsmaður aðalstefnanda frá, að innstæða í sparisjóðsbók nr. 16753, samtals kr. 139.911.40, hefði verið hafin og færð inn á kröfuna.

Þessu bréfi svaraði umboðsmaður aðalstefndu með bréfi, dags. 9. júlí 1969, þar sem því var mótmælt, að aðalstefndu væru í vanskilum við aðalstefnanda, og jafnframt mótmælt, að aðalstefnandi hefði heimild til þess að gjaldfella alla skuldina, þar sem ekki hefði verið um það samið, að greiðsludráttur hefði það í för með sér, að skuldin félli í gjalddaga, en jafnframt var ítrekað boð um að ganga frá skuldabréfum og afsali.

Meðan á rekstri málsins stóð, þann 10. nóvember 1969, greiddu aðalstefndu aðalstefnanda kr. 108.066.00, og var kvittað fyrir þeirri greiðslu með fyrirvara um innheimtuþóknun.

Málsástæður.

Aðalstefnandi telur, að aðalstefndu hafi vanefnt kaupsamninginn svo verulega, að það réttlæti, að hann gjaldfelli eftirstöðvar kaupverðsins.

Vanefndirnar telur hann felast í því í fyrsta lagi, að aðalstefndu hafi ekki greitt afborganir samkvæmt 2. og 3. lið á rétt-

um tíma, heldur hafi orðið dráttur á þeim greiðslum. Þá hafi aðalstefndu ekki gefið út skuldabréf samkvæmt 5. lið kaupsamningsins og felist í því veruleg vanefnd, þar sem aðalstefnanda hafi verið nauðsynlegt að fá bréfin til þess að hagnýta sér þau í viðskiptum. Aðalstefndu hafi borið skylda til að hafa frumkvæði að útgáfu skuldabréfanna og það, að útgáfudagur var af einhverjum ástæðum ekki tilgreindur í kaupsamningi, geti ekki orðið til þess, að aðalstefndu hafi átt rétt til þess að vanrækja útgáfu bréfanna í svo langan tíma. Minni háttar vanefnd aðalstefnanda á að jafna lóð breyti þar engu um.

Þá telur aðalstefnandi einnig, að sú staðreynd, að skuldabréfin hafa ekki verið gefin út, breyti því eigi, að aðalstefndu hafi verið skylt að greiða fyrstu afborgun af eftirstöðvum kaupverðsins, kr. 78.333.00, þann 1. nóvember 1968. Sú greiðsla hafi eigi borizt aðalstefnanda fyrr en í apríl 1969 og sé það eitt nægilegt til þess að veita aðalstefnanda rétt til að krefjast greiðslu á eftirstöðvum skuldarinnar.

Hvað varðar kröfugerð í gagnsök, telur aðalstefnandi, að aðalstefndu hafi átt að ganga frá lóðinni sjálf til þess að firra frekara tjóni, ef útlit væri fyrir, að tjón hlytist af þessari vanefnd. Það hafi aðalstefndu vanrækt, enda komi ekki til mála, að aðalstefndu eigi kröfu á hendur aðalstefnanda fyrir tapaða húsaleigu, enda sé sá kröfuliður með öllu órökstuddur.

Þá eigi aðalstefndu eigi rétt á útgáfu afsals, þar sem þau hafi eigi staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt kaupsamningi. Rátt á afsali eigi þau nú einungis, þegar þau hafi greitt að fullu eftirstöðvar kaupverðsins samkvæmt kröfu aðalstefnanda.

Af hálfu aðalstefndu er sýknukrafan byggð á því, að aðalstefnandi hafi vanefnt sinn hluta kaupsamningsins svo verulega með því að vanrækja að jafna lóðina í rétta hæð, að það jafngildi því, að húseignin hafi ekki enn verið afhent 1. nóvember 1967, og hafi raunverulega ekki verið afhent enn í því ástandi, sem eignin skyldi vera í samkvæmt kaupsamningnum. Þessi vanefnd hafi valdið aðalstefndu verulegum erfiðleikum, m. a. hafi rafmagn eigi fengizt tengt í húsið.

Aðalstefnandi hafi móttekið greiðslu samkvæmt 2. og 3. tölulið kaupsamningsins án nokkurs fyrirvara og geti hann því ekki nú borið fyrir sig, að vanefndir hafi orðið á þeim greiðslum, enda hafi þær vanefndir verið óverulegar.

Þá hafi aðalstefnanda borið að hafa frumkvæði að útgáfu afsals og skuldabréfs. Það sé venja, að seljandi fasteignar eða

umboðsmaður hans sjái um frágang allra skjala í sambandi við söluna. Af þessu leiði, að aðalstefnandi geti eigi borið fyrir sig, að aðalstefndu hafi eigi gefið bréfin út. Að vísu hafi smávægilegur dráttur orðið á greiðslu fyrstu afborgunar af eftirstöðvum kaupverðsins samkvæmt 5. lið kaupsamningsins, en það feli alls ekki í sér, að aðalstefnanda sé bært að gjaldfella eftirstöðvarnar, enda hafi alls ekki verið um það samið, að aðalstefnandi mætti neita slíkum aðgerðum, ef greiðsla drægist. Til þess þurfi skriflegan samning, en honum hafi eigi verið til að dreifa.

Kröfur sínar í gagnsök rökstyðja gagnstefnendur með því, að gagnstefnda hafi borið að jafna lóðina í rétta hæð samkvæmt kaupsamningnum, og beri honum að bæta gagnstefnendum það tjón, sem af þeirri vanefnd hans hafi hlotizt, en það sé niðurstaða matsins, auk matskostnaðar og taps vegna húsaleigu, er gagnstefnendur hafi þurft að greiða þann tíma, er þau hafi ekki getað hagnýtt sér eignina, en mikill dráttur hafi orðið á því, vegna þess að rafmagnstaug hafi eigi fengizt tengd, vegna þess að lóð var eigi jöfnuð í rétta hæð.

Álit dómsins.

I. Í aðalsök er ágreiningsefnið, hvort aðalstefnanda sé bært að krefjast greiðslu eftirstöðva kaupverðsins vegna vanefnda aðalstefndu á því að gefa út skuldabréfin, annars vegar og hins vegar vegna dráttar á greiðslum samkvæmt 2. og 3. svo og 5. tölulið kaupsamningsins.

Samningur sá, sem liggur frammi í málinu, er að nokkru óvenjulegur. Fyrsta afborgun af eftirstöðvum kaupverðs samkvæmt skuldabréfum skyldi greiða, mánuði áður en afsal skyldi gefið út, en í samningnum er ekkert ákvæði um, hvenær skuldabréfin skyldu gefin út.

Enginn fyrirvari var gerður um móttöku greiðslna samkvæmt 2. og 3. tölulið kaupsamningsins, enda var dráttur á þeim greiðslum svo óverulegur, að ástæðulaust þykir að fjalla frekar um þá málsástæðu.

Það er föst venja í fasteignaviðskiptum, að seljandi eða umboðsmaður hans gangi frá öllum skjölum varðandi sölu fasteignar. Hann útbýr afsal og skuldabréf og kallar á kaupanda til þess að undirrita skuldabréf og seljanda til að undirrita afsal.

Aðalstefndi Gunndór hefur borið fyrir réttinum, að ástæðan fyrir því, að ekki var gefið út afsal 1. desember 1968, hafi verið, að þá hafi komið upp vanefndir aðalstefnanda við að jafna lóðina.

Verður að telja, að sú vanefnd aðalstefnanda hafi verið svo

smávægileg miðað við kaupverð hússins, að hún réttlæti eigi þann drátt á útgáfu skuldabréfanna, sem orðið hefur. Þá hafa aðalstefndu eigi heldur réttlætt þann verulega drátt, sem varð á greiðslu fyrstu afborgunar af eftirstöðvum kaupverðsins. Þykir því rétt, þegar á allt þetta er litið, að taka til greina að fullu kröfur aðalstefnanda um greiðslur eftirstöðva skuldarinnar gegn útgáfu afsals fyrir húseigninni nr. 35 við Garðaflöt.

II. Samkvæmt kaupsamningi, dags. 27. aktóber 1967, skuldbatt gagnstefndi sig til að jafna lóð hússins nr. 35 við Garðaflöt í rétta hæð.

Með matsgerð, dags. 19. desember 1969, komust dómkvaddir matsmenn að þeirri niðurstöðu, að talsvert vantaði á, að lóðin væri í réttri hæð og að kostnaður við að fylla og jafna lóð í rétta hæð samkvæmt teikningu næmi kr. 9.880.00. Þeirri matsgerð hefur gagnstefndi ekki hnekkt né heldur fært nein rök fyrir kröfu sinni um sýknu af þeim lið. Þykir því rétt að leggja matsgerðina til grundvallar í málinu, og verður því þessi kröfuliður tekinn til greina að fullu. Þá þykir og rétt að taka til greina að fullu 2. og 3. lið í kröfugerð gagnstefnenda, kr. 6.000.00 og kr. 500.00.

Hvað varðar 4. lið í kröfugerð gagnstefnenda, kr. 50.000.00, fyrir tapaða húsaleigu vegna vanefnda gagnstefnda, þá hefur ekki verið reynt að færa fram nein gögn til stuðnings þeirri kröfu, og verður hún því eigi tekin til greina.

III. Úrslit í aðalsök verða því, að aðalstefndu verður gert að greiða aðalstefnanda óskipt kr. 308.334.00 auk 8% ársvaxta af eftirstöðvum höfuðstóls, kr. 293.334.00, frá 1. nóvember 1969 til greiðsludags gegn útgáfu afsals fyrir húseigninni nr. 35 við Garðaflöt í Garðahreppi.

Málskostnaður í aðalsök ákveðst kr. 45.000.00.

Í gagnsök verða úrslit þau, að gagnstefnda verður gert að greiða gagnstefnendum kr. 16.380.00 með 8% ársvöxtum frá 16. september 1967 til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Torfason dómsforseti ásamt meðdómsmönnunum Óla Val Hanssyni garðyrkjuráðunaut og Þorsteini Geirssyni lögfræðingi.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Gunndór Sigurðsson og Ingibjörg Ingólfsdóttir, greiði óskipt aðalstefnanda, Jóni V. Jónssyni s/f, kr. 308.334.00 auk 8% ársvaxta af kr. 293.334.00 frá 1. nóvember

1969 til greiðsludags gegn útgáfu afsals fyrir eigninni nr. 35 við Garðaflöt í Garðahreppi og kr. 45.000.00 í málskostnað.

Gagnstefndi, Jón V. Jónsson s/f, greiði gagnstefnendum, Gunndóri Sigurðssyni og Ingibjörgu Ingólfsdóttur, kr. 16.380.00 með 8% ársvöxtum frá 16. september 1970 til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað. Allar greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. maí 1971.

Nr. 6/1971. **Einar Sigurðsson**
(Sigurður Sigurðsson hrl.)
gegn
Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, og skipstjórarnir Angantýr Elíasson og Einar Guðmundsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1971. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 168.296.90 með 7% ársvöxtum frá 4. marz 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að spjöll þau á m/b Stellu, VE 27, sem í málinu greinir, hafi orðið með þeim atvikum, að hann geti krafið stefnda um vátryggingarbætur vegna þeirra til viðbótar þeim bótum, sem stefndi hefur

samþykkt að greiða og þegar innt af hendi. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Einar Sigurðsson, greiði stefnda, Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 19. nóvember 1970.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 30. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Einari Sigurðssyni, Bárugötu 2, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 25. febrúar 1969, birtri 21. marz 1969, á hendur Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja fyrir hönd félagsins þeim Marteini Tómassyni formanni, Laugarbraut 1, Vestmannaeyjum, Jónasi Jónssyni, Urðarvegi 16 s. st., Sigurgeir Ólafssyni, Boðaslóð 26 s. st., Sighvati Bjarnasyni, Brimhólabraut 18 s. st., og Jóni Sigurðssyni, Vestmannabraut 44 s. st., til greiðslu bóta fyrir tjón, sem bátur stefnanda, m/b Stella, VE 27, varð fyrir í Grindavíkurhöfn sumarið 1966, en báturinn er tryggður hjá stefnda.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi verður dæmdur til að greiða honum kr. 168.296.90 ásamt með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 4. marz 1967 til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins.

Stefndi lét mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans.

Í sjótjónsskýrslu, undirritaðri af Halldóri H. Jónssyni, skipstjóra á m/b Stellu, VE 27, segir á þessa leið:

„Mánudaginn 30. júlí erum á humarveiðum austur af Grindavík, þá bilar gír vélarinnar, og komumst við naumlega inn til Grindavíkur og vorum látnir leggjast við suðaustur garðinn, en þar lágum við næst garðinum.

Um nóttina hvessti, og mikill súgur kom í höfnina, og barðist báturinn nokkuð við garðinn og bátana, sem utan á voru, en

margir komu inn um kvöldið vegna veðurs, en við lágum þarna í þrjá daga með bilaða vél og gátum ekki hreyft okkur.

Báturinn virðist hafa laskazt eitthvað á báðum síðum".

Undir skýrslunni stendur: Reykjavík, 1966, en mánaðardagur ekki tilgreindur.

Síðan er nafn skipstjóra.

Í máli þessu krefst stefnandi bóta fyrir tjón, er báturinn varð fyrir í umrætt sinn. Engin sjópróf voru haldin vegna tjónsins, og er mál þetta hófst, voru ekki lögð fram önnur gögn um tildrög þess en sjótjónsskýrslan, sem nú hefur verið tilfærð.

Málið var lagt undir flutning, flutt og dómtekið 25. febrúar s.l., en með úrskurði, uppkveðnum 5. marz s.l., var aðiljum gefinn kostur á að koma að frekari upplýsingum og sérstaklega á það bent, að ástæða væri til, að réttarskýrslur væru teknar af skipstjóra og skipverjum um skemmdirnar, sem báturinn varð fyrir í Grindavíkurhöfn eftir komuna þangað 30. júlí 1966. Leiddi þetta til þess, að réttarskýrsla var tekin af skipstjóra í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 2. júlí s.l. Hins vegar voru engar réttarskýrslur teknar af öðrum skipverjum. Í réttarskýrslu sinni tók skipstjórinn fram, að hann hefði tekið við bátnum í maí 1966 og farið með skipstjórn fram í september s. á. Hann kvaðst hafa fyrir eigið frumkvæði samið og undirritað skýrsluna, sem hér að ofan er tilfærð, en hvenær mundi hann ekki, en taldi, að það hefði ekki verið löngu eftir 30. júlí 1966. Hann kvaðst hafa haldið dagbók og punktað þar niður, ef eitthvað sérstakt kom fyrir. Sú bók væri ekki lengur til, hún væri glötuð. Hann kvaðst minnast þess, að þegar skemmdirnar urðu á bátnum í Grindavíkurhöfn, hafi fríholtin slitnað af og engin fríholt verið á steinbryggjunni, sem báturinn lá við. Hann kvaðst eigi geta gert nánari grein fyrir skemmdunum á bátnum en gert er í skýrslu hans. Ekki kvaðst hann muna, hvort báturinn hefði þarfnast einhverrar endurnýjunar, áður en hann kom í Grindavíkurhöfn. Hann tók fram, að báturinn hefði verið sjófær eftir slysið, enda hafi áhöfnin ekki verið afskráð, sem ella hefði verið gert. Viðgerð fór fram á bátnum síðar á árinu, eins og nánar verður að vikið. Ekki kveðst skipstjórinn hafa fylgzt með þeirri aðgerð.

Vottorð frá Veðurstofunni liggur fyrir um vind og sjólag á Eyrarbakka og Reykjanesi dagana 30. júní til 3. júlí 1966. Á Reykjanesi var sjólítið og vindur norðlægur, 2—3 vindstig fram eftir deginum 30. júní, en dálítill sjór kl. 2400 og vindur 5 stig. 1. júlí var dálítill sjór og vindur úr norðri, 4—5 vindstig. 2. júlí

var sjólítið fyrri hluta dagsins, en síðan gráð og vindur norðlægur allan daginn, 1—2 vindstig. 3. júlí var gráð allan daginn og vindur oftast norðlægur, 1—2 vindstig. Á Eyrarbakka var talsverður sjór fram til kl. 1500 þann 30. júní, en síðan dálítill sjór. Vindurinn var norðlægur, 2—3 vindstig. 1. júlí var sjólítið allan daginn og vindur úr norðri, 2—6 vindstig. 2. júlí var gráð allan daginn og vindur NNV, SV og N, 1—3 vindstig. Hinn 3. júlí var gráð allan daginn og vindur sunnan og suðvestlægur, 1—4 vindstig.

Haustið 1966 framkvæmdi skipasmíðastöðin Dröfn h/f í Hafnarfirði viðgerð á m/b Stellu, VE 27. Með bréfi, dags. 25. desember 1966, sendi stefnandi hinu stefnda félagi reikninga yfir viðgerðina, sem virðist hafa numið kr. 431.008.31. Um svipað leyti eða ef til vill aðeins fyrr hafði félaginu borizt sjótjónsskýrsla skipstjóra, sem áður er getið um. Virðist það hafa verið fyrsta tilkynning um sjótjónið, sem félaginu barst. Félagið sendi virðingarmenn sína til Hafnarfjarðar til þess að kynna sér viðgerðina á skipinu. Skiluðu þeir skoðunar- og matsgerð, dags. 4. janúar 1967, á tjóni, sem félaginu kynni að vera skylt að bæta. Matsfjárhæðin nam kr. 195.820.00. Á stjórnarfundi í félaginu 12. janúar 1967 var samþykkt að bæta stefnanda tjónið í samræmi við niðurstöður virðingarmannanna, eða með kr. 176.238.00, en 10% skyldi stefnandi greiða sjálfur samkvæmt tryggingarskilmálum. Þessi fjárhæð, kr. 176.238.00, var síðan færð stefnanda til tekna á viðskiptareikningi hans hjá félaginu. Jafnframt var samþykkt að bæta tjón á skrúfu samkvæmt reikningi, sem fyrir lá, og virðist hafa numið kr. 30.839.60.

Lögfræðingur stefnanda svaraði með bréfi, dags. 1. febrúar 1967. Kvaðst hann mótmæla skoðunar- og matsgerðum frá 4. janúar og einnig ákvörðun félagsins um að bæta vélartjón með kr. 27.755.64 (90% af kr. 30.839.60), þrátt fyrir það að reikningar vegna þess næmu kr. 52.670.37. Vélartjónið virðist hafa átt sér stað 3. ágúst um sumarið. Krafðist stefnandi þess, að reikningar fyrir viðgerðina yrðu lagðir til grundvallar ákvörðun tjónbóta. Óskaði hann eftir svari fyrir 6. þ. m., en að þeim degi liðnum kvaðst hann leggja ágreining fyrir gerðardóm til úrskurðar, sbr. 32. gr. laga um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Stefndi svaraði með bréfi, dags. 9. febrúar 1967, og kvað ekkert tjón á bátnum hafa verið tilkynnt félaginu, þegar tjónið átti að hafa átt sér stað, nema skrúfutjónið. Hafi því verið brotið gegn 19. gr., 2. mgr., félagslega fyrir bátaábyrgðarfélagið. Engum

skýrslum skipstjóra um sjótjón var skilað félaginu fyrr en með bréfi, mótteknu 24. desember 1966, en því fylgdu ófullkomnar skýrslur. Þrátt fyrir þetta og umfram skyldu hafi félagið látið fara fram mat á meintum tjónum og gert upp miðað við mötin. Á það var bent, að ekki hafi verið krafizt yfirmats samkvæmt 15. gr. laga bátaábyrgðarfélagsins, sbr. 13. gr. laga Samábyrgðar Íslands. Frekar en þegar væri greitt kvað félagið sér óskylt að greiða, þar sem viðgerðin væri að öllu leyti vegna eðlilegs viðhalds bátsins, óviðkomandi bátaábyrgðarfélaginu sem vátryggjanda. Að lokum mótmælti félagið, að málið færi fyrir gerðardóm, eins og það væri vaxið.

Með bréfi, dags. 9. febrúar 1967, óskaði stefnandi eftir, að bæjarfógetinn í Hafnarfirði tilnefndi þrjá hæfa og óvilhalla menn til þess að framkvæma yfirmat samkvæmt 9. mgr. 13. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 61/1947 á mati virðingarmanna bátaábyrgðarfélagsins svo og vélartjóni, sem áður er rætt um. Með bréfi, dags. 22. febrúar 1967, óskaði stefnandi eftir, að bæjarfógeti legði yfirmatsmönnum fyrir að skoða og meta önnur tjón, sem á skipinu voru og gert hefði verið við, og segja til um líklegar orsakir þeirra. Í greinargerð sinni upplýsir umboðsmaður stefnanda, að fyrir honum hafi vakað að fá metið tjón á byrðingi við framstefnið, sem stefnandi taldi þó, að stefndi væri ekki bótaskyldur fyrir, en taldi sér hagkvæmt að fá metið um leið.

Yfirmatsmenn voru dómkvaddir 15. febrúar 1967, og skoðun á skipinu fór fram í dráttarbraut Drafnar h/f í Hafnarfirði þann 23. febrúar 1967. Umboðsmenn voru mættir af hálfu bátaábyrgðarfélagsins og stefnanda, og enn fremur var mættur umboðsmaður af hálfu skipasmíðastöðvarinnar. Umboðsmenn bátaábyrgðarfélagsins lýstu yfir, að félagið mundi greiða bætur fyrir tjón á skrúfu samkvæmt reikningi, og tóku yfirmatsmennirnir þar af leiðandi það atriði ekki til meðferðar. Þeir gengu frá matsgerð 4. marz 1967 í VI liðum, og eru þeir þessir:

I.	Byrðingur við framstefni .. .. kr.	37.464.00
II.	Kinnungur, stjórnborðsmegin .. .. —	92.503.00
III.	Öldustokkur aftan, stjórnborðsmegin .. .. —	36.914.00
IV.	Kinnungur, bakborðsmegin .. .. —	87.955.00
V.	Byrðingur, bakborðsmegin á miðsíðu .. .. —	75.597.00
VI.	Byrðingur, bakborðsmegin um sjómál .. .. —	54.292.00
	Alls kr.	384.725.00

Matsmennirnir tóku fram í matsgerð sinni, að þeir teldu sér ekki fært að segja fyrir um orsakir tjónanna, vegna þess að viðgerð var að mestu lokið, er skoðun fór fram.

Matskostnaður, þóknun til matsmanna, akstur o. fl. nam kr. 32.000.00.

Tæpum tveimur árum eftir að matið fór fram, eða hinn 26. janúar 1970, mættu matsmennirnir fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur og staðfestu matsgerð sína. Tveir þeirra voru spurðir að, hvernig þeir hafi greint á milli þeirra tjóna, sem rætt er um í matsbeiðnunum frá 9. febrúar og 22. febrúar 1967, og var svar annars þeirra á þá leið, að hver flokkur í matsgerðinni eigi við um sérstakt tjón, en ekki gæti hann svarað spurningunni án frekari umhugsunar eða viðtals við sammatsmenn sína, enda væru nær þrjú ár liðin, frá því að umrædd matsgerð var gerð. Hinn vísaði að öllu leyti til sundurliðunar í matsgerðinni sjálfri. Báðir kváðu þeir matskostnaðarreikninga þeirra ná yfir mat samkvæmt fyrri og síðari matsbeiðninni.

Með bréfi, dags. 15. marz 1967, sendi stefnandi matsgerðirnar til hins stefnda félags og krafðist greiðslu á matsfjárhæðinni, kr. 384.725.00, bóta fyrir vélartjón, slippleigu og matskostnaðar svo og innheimtulauna, allt að frádreginni þeirri upphæð, sem þegar hefur verið greidd upp í viðgerðarkostnaðinn, og að frádreginni samanlagðri skuld skipsins við félagið.

Af hálfu hins stefnda félags var bréfi þessu svarað með bréfi, dags. 18. marz 1967. Var kröfum stefnanda mótmælt, að undanskildum bótum fyrir vélartjón, sem félagið samþykkti að greiða samkvæmt reikningi. Aðrar kröfur taldi félagið að öllu leyti rangar. Stefnandi hafi vanrækt að tilkynna tjón á bátnum innan eðlilegs tíma og hafi þar af leiðandi glatað rétti til bóta, sem hann kynni að hafa átt. Þrátt fyrir það og umfram skyldu hafi félagið greitt honum bætur samkvæmt mati virðingarmanna félagsins. Yfirmatið, sem stefndi lét framkvæma, hafi ekkert gildi, m. a. vegna þess að það fór ekki fram innan lögmælts tíma.

Frekari bréfaviðskipti fóru fram milli aðilja. M. a. var rætt um, hvort málið skyldi fara fyrir gerðardóm, og urðu aðiljar ekki á eitt sáttir. Taldi félagið, að málinu væri þann veg farið, að það ætti ekki að fara fyrir gerðardóm, og neitaði að samþykkja þá meðferð. Höfðaði stefnandi svo mál þetta og gerði þær kröfur, sem áður segir. Kröfur sínar byggir hann á yfirmatinu, en fellir niður I. lið eða I. flokk í matsgerðinni.

Kröfur hans sundurliðast á þessa leið:

Viðgerðarkostnaður samkvæmt yfirmati II—VI, kr. 347.261.00, og hluti stefnda þar af 90%	kr. 312.534.00
Kostnaður við yfirmat	— 32.000.00
	kr. 344.534.00
Þar frá dregst greiðsla frá stefnda	— 176.238.00
Mismunur, skuld stefnda	kr. 168.296.90

Karl Guðmundsson, trúnaðarmaður Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, mætti sem vitni í málinu. Hann skýrði svo frá, að síðla árs 1966 hefði félaginu borizt reikningar og tjónsskýrsla út af tjóni, sem átti að hafa átt sér stað um vorið. Áður hafði félaginu engin tilkynning borizt um tjón þetta. Hann sagði, að báturinn hefði verið yfir 20 ára gamall, og kvaðst hann telja, að þegar viðgerð fór fram, hafi ýmislegt verið endurnýjað, sem var algerlega óviðkomandi tjóninu, sem varð á bátnum um vorið. Þá tók hann fram, að félaginu hefði ekki verið gefinn kostur á að fylgjast með viðgerðinni. Einnig skýrði hann svo frá, að Einar Gíslason ríkisskoðunarmaður hefði sagt honum, að hann hefði veitt athygli skemmdum á bátnum vegna íss, áður en hann var tekinn í tryggingu hjá bátaábyrgðarfélaginu. Einar Gíslason var ekki leiddur sem vitni.

Eins og áður er að vikið, eru í yfirmatinu ekki einungis teknar til meðferðar þær skemmdir á bátnum, sem rætt er um í mati virðingarmanna bátaábyrgðarfélagsins, heldur er einnig lagt mat á annað tjón á bátnum. Að öðrum þræði er því hér um undirmat að ræða. Svo er um I. flokk í yfirmatinu, kr. 37.464.00, sem sleppt er í kröfugerð. Svo er einnig um III. flokk, kr. 36.914.00, sem tekinn er með í kröfugerð. Hins vegar virðist II., IV., V. og VI. flokkur í yfirmatinu eiga við þær sömu viðgerðir, sem rætt er um í mati virðingarmanna bátaábyrgðarfélagsins. Yfirmatsmennirnir meta viðgerðina á kr. 310.347.00, en virðingarmenn bátaábyrgðarfélagsins á kr. 195.820.00. Mismunurinn nemur kr. 114.527.00 og liggur aðallega í vinnulaunum. Yfirmatsmenn áætla verðmæti efnis til viðgerða skemmdunum á kr. 42.793.00, en í undirmati er efnið áætlað kr. 36.890.00, eða kr. 5.903.00 lægra en gert er í yfirmati. Í undirmati er vélavinna, slippgjöld og vinnulaun áætluð kr. 158.930.00, en í yfirmati eru sömu liðir áætlaðir kr. 267.554.00, eða kr. 108.624.00 hærri en gert er í undirmati.

Bæði í lögum bátaábyrgðarfélagsins og í lögum um vátryggingarsamninga er vátryggðum lögð á herðar skylda að tilkynna bótaskylt tjón. Í 19. gr. laga um Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja segir, að í hvert sinn sem bátur í ábyrgð félagsins verði fyrir tjóni, sem félaginu er ætlað að bæta, skuli eiganda eða formanni bátsins skylt að afhenda þegar í stað skriflega skýrslu til félagsstjórnarinnar um skaðann og orsakir hans. Skýrslan skal vera undirrituð af skipstjóra og tveim skipverjum. Í 21. gr. laga um vátryggingarsamninga segir, að þegar vátryggingaratburður hafi gerzt, skuli vátryggður þegar í stað skýra félaginu frá því, ef hann ætli að hafa uppi kröfur á hendur því vegna hans. Síðar í greininni er rætt um afleiðingar þess, ef vátryggður vanrækir tilkynningarskyldu sína. Getur það í sumum tilfellum orðið til þess, að bótakröfur verði lækkaðar eða þær látnar falla niður.

Stefnandi lét með öllu undir höfuð leggjast að tilkynna tjón á bátnum á þeim tíma og á þann veg, sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lagagreinum. Tilkynning um vátryggingaratburðinn var ekki send þegar í stað, eftir að hann hafði gerzt, heldur löngu síðar og ekki fyrr en viðgerð á bátnum var að mestu lokið. Barst félaginu þá í hendur sjótjónsskýrsla skipstjóra, sem hér að framan er tilfærð. Sjótjónsskýrslan er ódagsett og undirrituð af skipstjóra einum, en ekki af skipstjóra og tveim skipverjum, eins og vera bar. Skýrsla þessi er ófullkomin. Gerð er raunar grein fyrir orsökum skaðans, en um skaðann eða skemmdirnar sjálfar segir aðeins: „Báturinn *virðist* hafa laskazt eitthvað á báðum síðum". Er skipstjórinn mætti fyrir rétti, meðan mál þetta var í gangi, lýsti hann því yfir, að hann gæti ekki gert frekari grein fyrir skemmdum á bátnum en gert er í skýrslu hans. Engir af skipverjum bátsins voru leiddir sem vitni þrátt fyrir gefið tilefni af hálfu réttarins. Ekki voru heldur önnur vitni leidd. Upplýsingar Veðurstofunnar um sjólag og veðurlag gefa ekki ástæðu til að ætla, að báturinn hafi orðið fyrir skemmdum í Grindavíkurhöfn í umrætt sinn. Fyrirliggjandi gögn færa því ekki sönnur á né leiða að því viðunandi líkur, að bótaskylt tjón hafi átt sér stað.

Áður er þess getið, að þegar bótakrafa stefnanda kom fram, hafi hið stefnda félag látið virðingarmenn sína skoða og meta skemmdir á bátnum, og að mati þeirra loknu samþykkti stjórn félagsins að greiða stefnanda bætur samkvæmt matinu. Af yfirmatinu má ráða, að mat virðingarmannanna muni vera lægra en sannvirði viðgerðanna nemur. Af hálfu stefnanda er þess

krafizt, að stefndi verði dæmdur samkvæmt yfirmatinu, og því m. a. haldið fram, að félagið hafi þegar samþykkt að greiða bætur fyrir skemmdirnar, sem rætt er um í mati virðingarmanna. Þessu er andmælt af hálfu stefnda. Raunar er viðurkennt, enda upplýst, að stefndi hafi gengizt inn á að greiða bætur, en því jafnframt haldið fram, að það hafi verið gert umfram skyldu og bundið við ákveðna fjárhæð eða þá fjárhæð, sem tilgreind er í mati virðingarmanna félagsins. Í máli þessu hefur stefnandi ekki, eins og fyrr segir, sýnt fram á, að réttmæt bótakrafa hafi verið fyrir hendi, og þykir þá ekki heimilt að líta svo á, að hið stefnda félag hafi tekið á sig skyldu til að greiða frekari bætur en þegar hafa verið inntar af hendi. Samkvæmt þessu verður stefndi sýknaður að öllu leyti af kröfum stefnanda.

Rétt þykir eftir atvikum að ákveða, að málskostnaður falli niður.

Uppsaga dómsins hefur dregizt vegna anna formanns dómsins við lögtök og innheimtur og daglega afgreiðslu.

Dómsorð:

Stefndi, Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Einars Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 11. maí 1971.

Nr. 9/1971. **Landeigendafélag Laxár og Mývatns** (Sigurður Gizurarson hrl.) gegn **Laxárvirkjun** (Friðrik Magnússon hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Gaukur Jörundsson, Þórður Björnsson yfirsakadómari og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Lögbannstrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1971. Dómkröfur hans eru þær, að lagt

verði fyrir fógetadóm Þingeyjarsýslu að leggja lögbann við því, að breytt sé rennsli Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, vatnsbotni hennar, straumstefnu eða vatnsmagni, án þess að áfrýjanda „verði gert að setja trygginargreiðslu sakir hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar“ áfrýjanda á lögbannsgerðinni. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja fyrir Hæstarétti bendir ekkert til þess, að stefndi hefji fyrr en haustið 1972 framkvæmdir þær, sem áfrýjanda var heimilað að fá lagt lögbann við með dómi Hæstaréttar frá 15. desember 1970. Hefur stefndi þannig enn nokkurt svigrúm til þess að fá úr því skorið í samræmi við ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, hvort og þá hverjar bótagreiðslur honum beri að tryggja eða inna af hendi, áður en hann ræðst í framkvæmdir þessar. Þegar þetta er virt og önnur atriði, er hér skipta máli, þá þykir trygging sú, sem áfrýjanda ber að setja samkvæmt fortakslausum ákvæðum 12. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949 hæfilega ákveðin tíu milljónir króna og sé hún peninga- eða bankatrygging.

Rétt er, að málskostnaður í héraði falli niður, en stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Áður en framangreint lögbann verður á lagt, ber áfrýjanda, Landeigendafélagi Laxár og Mývatns, að setja peninga- eða bankatryggingu að fjárhæð tíu milljónir króna.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar er staðfest.

Stefndi, Laxárvirkjun, greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 40.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Þingeyjarsýslu 18. janúar 1971.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 6. þ. m., hefur Sigurður Gizurarson héraðsdómslögmaður f. h. Félags landeigenda á Laxársvæðinu upphaflega höfðað með lögbannsbeiðni til sýslumannsins í Húsavík, Jóhanns Skaptasonar, dags. 30. maí 1970.

Kröfur gerðarbeiðanda fyrir fógetaréttinum eru nú þær, að lagt verði lögbann við því, að Laxárvirkjun eða Norðurverk h/f breyti rennsli Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, vatnsbotni hennar, straumstefnu eða vatnsmagni.

Jafnframt krefst gerðarbeiðandi þess, að lögbann þetta verði lagt á, án þess að gerðarbeiðanda verði gert að greiða tryggingarfjárhæðir vegna lögbannsins. Þá krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Gerðarþoli, Laxárvirkjun, hefur gert þær kröfur, að framangreint lögbann verði því aðeins lagt á, að gerðarbeiðandi setji tryggingu að fjárhæð kr. 145.000.000.00, er verði annað hvort peninga- eða bankatrygging. Þá krefst gerðarþoli málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda í þessum þætti málsins.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 60 frá 20. maí 1965 um Laxárvirkjun, 4. gr., var Laxárvirkjun heimilað að reisa allt að 12.000 KW raforkuver í Laxá við Brúar. Í 5. gr. sömu laga segir, að til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þurfi Laxárvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál.

Laxárvirkjun lét hanna raforkuver í Laxá. Er það svonefnd Gljúfurversvirkjun. Var hönnun virkjunar þessarar unnin á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens s/f. Samkvæmt áætlun um Gljúfurversvirkjun átti hún að verða samtals 54.6 KW að stærð og vinnast í fjórum áföngum. Áætlun um virkjun þessa var gefin út í janúar 1968.

Hinn 15. september 1969 ritaði Laxárvirkjun raforkumálaráðherra bréf með áætlun um Gljúfurversvirkjun í Laxá, þar sem óskað var leyfis ráðuneytisins til virkjunar í samræmi við þá áætlun. Ráðuneytið óskaði umsagnar orkumálastjóra um þetta erindi Laxárvirkjunar. Umsögn orkumálastjóra er dags. 16. september 1969. Þar sem þessi umsögn er málinu mjög til glöggvunar, þykir rétt að taka hana hér inn í úrskurðinn í heild:

„Með bréfi, dags. í dag, hefur hið háa ráðuneyti sent mér til umsagnar og athugunar erindi frá stjórn Laxárvirkjunar, sem

því barst í dag, ásamt áætlun yfir Gljúfurversvirkjun í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Áætlun sú, sem fylgir bréfi stjórnar Laxárvirkjunarinnar, er á ensku og nefnist: „Gljúfurver project. Definate project report" og er gefin út í janúar 1968.

Áætlunin er um virkjun efri hluta fallsins við Brúar í orkuveri með tveimur vélasamstæðum í neðanjarðarstöð, samtals 54,6 MW að stærð, og stíflu, er lyftir vatnsborði árinnar við núverandi stíflu um 46 m.

Gert er ráð fyrir því, að síðar megi veita Suðurá, sem nú fellur í Skjálfandafljót, í Kráká og þannig í Laxá, en þau veitumannvirki eru ekki innifalin í áætluninni.

Í bili er ekki ætlunin að framkvæma nema 1. áfanga af fjórum, sem áætlunin er um. Í honum verður engin ný stífla byggð, heldur notuð gamla stíflan í Laxá I og vatnsborð ekki hækkað frá því, sem nú er. Sett verður aðeins ein vélasamstæða. Hins vegar er gert ráð fyrir að gera vatnsgöngin nægilega víð, til þess að þau geti tekið vatn af báðum vélum, ef Suðurá verður síðan veitt í Laxá. Ennfremur að gera vélasamstæðuna þannig úr garði, að hún geti einnig unnið við 84 m fallhæð, en það verður fallhæðin, ef vatnsborð er síðar hækkað um 46 m alls. Vélasamstæðan verður gerð fyrir 24 MW við 84 m fall, en í fyrsta áfanga verður afl hennar aðeins um 7 MW. Loks er og innifalið í þessum áfanga að sprengja í bergið fyrir fullri stærð vélasalarins.

Annar áfangi, er síðar kæmi, er bygging stíflu, sem lyftir vatnsborðinu 21 m og eykur fallhæðina upp í 59,5 m. Þá mun vélasamstæðan geta látið í té 14,7 MW. Í fylgiskjali með áætluninni er gert ráð fyrir, að þessari stíflugerð þurfi að vera lokið haustið 1974 til þess að mæta vaxandi álagi á núverandi Laxársvæði, en ári fyrr, ef Norðurland vestra og Austurland eru tengd við Laxárvirkjunarsvæðið.

Þriðji áfangi er samkv. áætluninni hækkun stíflunnar, svo að fallhæð verði alls 84 m, og getur fyrri vélin þá skilað 24 MW að afli. Á fyrrnefndu fylgiskjali áætlunarinnar er ráðgert, að sú hækkun þurfi að vera framkvæmd fyrir haustið 1984 fyrir núverandi Laxársvæði eitt, en tveim árum fyrr, ef áðurnefnd orkusvæði vestan og austan bætast við.

Fjórði áfangi er samkvæmt áætluninni að setja seinni vélasamstæðuna, og fer þá afl stöðvarinnar upp í 54,6 MW, eins og áður er sagt.

Ef stíflan væri ekki hækkuð fram yfir það, sem ráðgert er í

2. áfanga, og fallhæðin þá 59,5 m, myndu tvær vélasamstæður með sömu vatnsnotkun láta samtals í té 35 MW að afli til.

Svo sem Orkustofnun hefur áður látið í ljós, fær hún ekki annað séð en sú virkjun, sem framangreind áætlun frá 1. janúar 1968 um Gljúfurversvirkjun, 54,6 MW, fallhæð 84 m, fjallar um, ásamt viðbótarveitu vatns í Laxá úr Suðurá, sem ekki er innifalin í áætluninni, en bent er á í greinargerð um hana, sé hin hagkvæmasta tilhögun virkjunar efri hluta fallsins við Brúar, sem komið verður auga á eftir mjög ítarlegar rannsóknir, sem staðið hafa yfir með nokkrum hléum í meir en einn tug ára.

Andmæli gegn framkvæmd Gljúfurversvirkjunarinnar hafa komið fram frá íbúum S.-Þingeyjarsýslu, byggð á ótta um, að hún geti haft fjölþætt skaðleg áhrif á búskaparaðstöðu og náttúrufar í Suður-Þingeyjarsýslu.

Sum af þeim rökum, sem andmælin eru byggð á, eru augljóslega á misskilningi byggð, önnur gefa tilefni til að láta nánari athuganir fara fram. Með andmælunum hefur þó ekkert sérstakt komið fram, sem athygli hafði ekki áður borizt að við rannsókn og áætlanagerð að virkjuninni. Vísast í því sambandi til áætlananna og greinargerða með þeim, sérstakrar greinargerðar Laxárvirkjunarstjórnar, sem birzt hefur í dagblöðum höfuðstaðains, og nefndarálits þeirrar þriggja manna nefndar (Haukur Tómasson, jarðfr., Sigurður Thoroddsen, verkfr., og Sigurjón Rist, forstm. vatnamælinga ríkisins), sem raforkumálastjóri skipaði 26. 6. 1964 til „að kanna, hvort og að hve miklu leyti fullvirkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar kynni að valda spjöllum á ánni og næsta umhverfi hennar og jafnvel beinu fjárhagslegu tjóni".

Í heildarkostnaðaráætlunum þeim, sem nú liggja fyrir, er í áætlunarliðum, er nefnast ýmislegt og ófyrirséð, gert ráð fyrir nokkrum kostnaði af bótum fyrir skaðleg áhrif á búskaparaðstöðu og af ráðstöfun til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif á náttúrufar. Að dómi Orkustofnunar eru ekki líkur fyrir, að fullnaðarathuganir á þessum atriðum og nánari útreikningar á kostnaði þeim, er hér getur orðið um að ræða, muni hagga þeirri niðurstöðu rannsóknar og áætlunargerða, sem til þessa hafa farið fram, að hin áætlaða Gljúfurversvirkjun sé hin hagkvæmasta virkjunartilhögun umræddsfalls í Laxá.

Núgildandi lög um Laxárvirkjun heimila ráðherra að veita Laxárvirkjun leyfi til að reisa allt að 12 þús. KW raforkuver í Laxá (sbr. 4. og 5. gr. laganna). Þessi heimild nægir til leyfis-

veitingar að fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, sem ekki verður nema um 7,000 KW að afli. Áður en leyfi er veitt fyrir næsta áfanga, myndi hins vegar þurfa að fá Laxárvirkjunarlögunum breytt á Alþingi.

Tíminn, sem líður, þar til hefjast þarf handa um annan áfanga, veitir tóm til að athuga nánar þau atriði, sem fram hafa verið færð sem rök gegn fyrirhugaðri tilhögun Gljúfurversvirkjunar. Og raunar líður þó enn lengri tími, sem nota má til þeirra athugana, áður en stífla yrði hækkuð í fulla hæð og ráðist í veitu Suðurár.

Hins vegar er svo miklu eftir að seilast, hvað hagkvæmni í virkjun snertir, að vænta má, að stjórn Laxárvirkjunar muni telja rétt að taka áhættuna af því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir fullvirkjun, þótt óvíst sé um niðurstöður umræddra athugana og leyfi ekki fengið fyrir fullvirkjun.

Leyfi það, er veitt var með bréfi ráðherra til stjórnar Laxárvirkjunarinnar, dags. 27. apr. 1967, var, svo sem að er vikið að framan, takmarkað við allt að 12,000 kílówatta stærð samkv. núgildandi lögum um Laxárvirkjun, og fyrsti virkjunaráfanginn, sem nú á að koma til framkvæmda, er að afli innan þeirra marka.

Með vísun til framanritaðs vill Orkustofnun mæla með því, að ráðherra veiti Laxárvirkjun leyfi til að framkvæma fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar samkvæmt framangreindri áætlun frá janúar 1968 með þeim fyrirvara, er leiðir af framanskráðu og samkvæmur er eðli málsins".

Þessa umsögn orkumálastjóra sendi atvinnumálaráðuneytið (raforkumálaráðherra) stjórn Laxárvirkjunar ásamt bréfi, dags. 23. september 1969. Í þessu bréfi atvinnumálaráðuneytisins segir m. a. svo:

„Í 4. og 5. gr. laga nr. 60/1965 um Laxárvirkjun er ráðherra heimilað að leyfa Laxárvirkjun að reisa allt að 12 þúsund KW raforkuver í Laxá við Brúar, og nægir þessi lagaheimild til að leyfa að framkvæma fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunarinnar, sem nemur um 7 þúsund KW að afli. Að óbreyttum lögum brestur ráðuneytið heimild til að leyfa framkvæmd annars áfanga téðrar virkjunar, sem gerir ráð fyrir að auka aflið upp í 14.7 þúsund KW.

Samkvæmt þessu vill ráðuneytið hér með leyfa Laxárvirkjun

að reisa fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar í Laxá með um 7 þúsund KW afli í samræmi við framangreinda áætlun.

Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun og taka þá áhættu, sem því er samfara, þá hefir ráðuneytið út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hins vegar skal það tekið fram, að engin fyrirheit eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir".

Hinar fyrirhuguðu virkjunarframkvæmdir við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ollu miklu hugarróti meðal ábúenda og landeigenda á Laxársvæðinu. Stofnuðu þessir aðiljar með sér félagsskap, Félag Landeigenda á Laxársvæðinu. Lögmaður gerðarbeiðanda hefur upplýst undir rekstri máls þessa, að 78 menn stæðu að þessum félagsskap. Í málinu hefur verið lagt fram skjal, sem nefnist: „Samþykktir landeigenda og ábúenda við Laxá í S.-Þing.". Í meginmáli skjals þessa segir m. a. svo: „Vér undirritaðir landeigendur og ábúendur við Laxá í S.-Þingeyjarsýslu höfum bundizt órofa samtökum einn fyrir alla og allir fyrir einn um að verja rétt vorn og framtíðarvelferð Laxár". Síðasta málsgrein þessa skjals hljóðar svo: „Fari svo, að byrjunarframkvæmdir verði ákveðnar við Gljúfurversvirkjun og framkvæmdir hafnar í andstöðu við oss, munum vér beita öllum tiltækum ráðum til að hindra þær".

Lögmaður gerðarbeiðanda hefur upplýst undir rekstri málsins, að félagið heiti nú ekki lengur Félag landeigenda á Laxársvæðinu, heldur Landeigendafélag Laxár og Mývatns.

Vegna þeirrar mótstöðu, sem hin fyrirhugaða virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu átti að mæta meðal landeigenda á Laxársvæðinu, leitaðist iðnaðarráðuneytið við að laða saman mismunandi skoðanir, sem fram höfðu komið. Hafði iðnaðarráðuneytið samráð við stjórn Laxárvirkjunar, sveitarstjórnarmeðlimi, fulltrúa héraðsnefndar Þingeyinga ásamt sýslumanni. Í bréfi, dags. 13. maí 1970, frá iðnaðarráðuneytinu til 7 aðilja, þ. á m. til stjórnar Laxárvirkjunar og til formanns Félags landeigenda á Laxársvæðinu, telur ráðuneytið, að í eftirfarandi yfirlýsingu þess sé fólgið viðunandi samkomulag aðilja, sem framhald málsins geti grundvallazt á:

„Svo sem kunnugt er, hefur ráðuneytið með bréfi, dags. 23. september 1969, heimilað stjórn Laxárvirkjunar að hefjast handa um viðbótarvirkjun í Laxá í samræmi við lög nr. 60/1965 um

Laxárvirkjun. Tekur þessi heimild þó aðeins til virkjunarframkvæmda, er veita munu um 8 MW afl. Lengra nær heimildin ekki.

Ráðuneytið telur vatnsborðshækkun um 20 m, sem kynni að felast í næsta áfanga, innan marka þess, sem unnt yrði að leyfa síðar, en þó verði ekki teknar endanlegar ákvarðanir um neina vatnsborðshækkun, nema að undangengnum alhliða rannsóknum og að höfðu samráði við íbúa Laxárdals, sem þar eiga nú búsetu, eða niðja þeirra, hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Félag landeigenda á Laxársvæðinu.

Þessi vatnsborðshækkun skal þó aldrei verða meiri en brýn nauðsyn krefur og framkvæmd vatnsmiðlunar jafnan hagað með fyllsta tilliti til lax- og silungsveiði á veiðisvæðinu, sem hún kynni að hafa áhrif á.

Ráðuneytið tilkynnir stjórn Laxárvirkjunar, að það sé forsenda fyrir áframhaldandi virkjunarframkvæmdum, umfram þann áfanga, sem þegar er leyfður (8 MW), að gerðar verði fullnægjandi sérfræðilegar rannsóknir á vatnasvæði Laxár, og mun ráðuneytið hafa forgöngu um tilhögun og umfang þeirra rannsókna í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, sýslunefnd S.-Þing., náttúrufræðistofnunina, veiðimálastofnunina og Félag landeigenda á Laxársvæðinu ásamt stjórn Laxárvirkjunar.

Samkomulag er um það milli stjórnar Laxárvirkjunar og ráðuneytisins, að horfið sé frá áformum um Suðurárveitu, og verður hönnun fyrirtækisins endurskoðuð þar af leiðandi.

Að gefnu tilefni vill ráðuneytið taka fram, að virkjunaráform í efri hluta Laxár og Kráká eru ekki á dagskrá.

Ráðuneytið mun beita sér fyrir, að hraðað verði eftir föngum rannsókn annarra virkjunarmöguleika, sem völ væri á, til að fullnægja raforkuþörf hlutaðeigandi héraða, svo sem virkjun Skjálfandafljóts við Ísólfsvatn, en jafnframt haldið áfram að rannsaka stærri virkjunarmöguleika með hliðsjón af stóriðju fyrir norðan, svo sem Dettifossvirkjun eða samtengingu við aðrar orkuveitur".

Jafnframt þessu telur ráðuneytið æskilegt, að leitað sé samkomulags um víðtækari aðild að virkjun Laxár en nú er, einkum með þátttöku þeirra hreppa, sem málið varðar nánast og Húsavíkurkaupstaðar.

Líkast til mundi samkvæmt framangreindu virkjað afl í Laxá allt að 15 MW með stíflu á síðara stigi af þeirri stærð, sem bæði sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og Búnaðarsamband sýslunnar

hafa tjáð sig um og talið, að gæti verið við hæfi. Í ályktun aðalfundar Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga 1969 segir m. a.:

„Þessvegna skorar fundurinn á stjórn Laxárvirkjunar, raforkumálastofnun ríkisins og raforkumálaráðherra að miða fyrirhugaðar framkvæmdir í Laxá í mesta lagi við 18—20 m vatnshækkun við efri stíflu í Laxárgljúfri frá því, sem nú er, og óbreytt vatnsrennsli, enda verði gengið frá nauðsynlegum samningum við héraðsbúa, áður en framkvæmdir hefjast".

Í ályktun sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, dags. 8. maí 1969, segir m. a.:

„Hins vegar vill sýslunefndin vekja athygli á, að hún telur héraðinu hagkvæmt, að raforkuframleiðsla verði aukin með viðbótarvirkjun þar, þótt hún hafi í för með sér hækkun vatns í Laxá ofan virkjunarinnar allt að 18 metrum".

Engu að síður myndi, áður en til þess kæmi, fara fram, svo sem vitnað er til, sérfræðileg rannsókn, sem ákvarðanir yrðu grundvallaðar á.

Svo kynni að reynast í framkvæmd, að virkjunarmannvirki gætu stuðlað að óbeinni og beinni aðstoð við aukna og öruggari fiskirækt í Laxá.

Eigi þarf að óttast, að neins yrði látið ófreistað til eðlilegrar verndar þessa merka og fagra vatnasvæðis, sem öllum ætti að vera jafn hugleikið, og aukið samstarf og vaxandi aðild Þingeyinga, svo sem að er vikið, ætti að stuðla að".

Þetta álit iðnaðarráðuneytisins reyndist þó eigi hafa við rök að styðjast, þar sem Félag landeigenda á Laxársvæðinu gat eigi sætt sig við þau sjónarmið, sem þar koma fram.

Hinn 21. maí 1970 gerði Laxárvirkjun verksamning við Norðurverk h/f á Akureyri, þar sem Norðurverk h/f tekur að sér að byggja fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar við Brúar. Fjárhæð þessa verksamnings nemur kr. 169.965.020.00. Auk þess er samið við Norðurverk h/f um verk unnin á tímakaupi að upphæð kr. 8.877.000.00. Þá mun Laxárvirkjun sjálf annast smáhluta af verkinu, sem kosta mun á milli 2—3 milljónir króna. Þessir verkhlutar kosta því samtals um kr. 181.000.000.00. Vélbúnaður og fleira er samkvæmt kostnaðaryfirliti áætlað, að kosta muni 165.2 milljónir króna. Samtals mun því kostnaður við þennan fyrsta áfanga virkjunarinnar nema um 346.2 milljónum króna. Er þá ekki með talinn kostnaður vegna vaxta á byggingartíma, sem áætlaður er um 28 milljónir króna, og ekki heldur undirbúnings-

kostnaður, sem hefur numið um 8.5 milljónum króna. 60% af samningsupphæð Norðurverks h/f við Laxárvirkjun er tryggður gegn breytingum á verðmiðli.

Með lögbannsbeiðni, dags. 30. maí 1970, óskaði gerðarbeiðandi upphaflega, að lagt yrði lögbann við framangreindum virkjunarframkvæmdum í Laxá.

Með úrskurði, uppkveðnum 3. júní 1970, vék hinn reglulegi fógeti, Jóhann Skaptason, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, sæti í máli þessu.

Hinn 18. júní 1970 var Magnús Thoroddsen borgardómari skipaður setudómari í Þingeyjarsýslu til að fara með og dæma fógetaréttarmál þetta. Hefur setudómarinn kvatt með sér í dóminn þá dr. Gunnar Sigurðsson og Ögmund Jónsson verkfræðinga.

Hinn 4. ágúst 1970 kvað fógetadómurinn upp úrskurð í málinu, þar sem synjað var um framgang hinnar umbeðnu lögbannsgerðar og málskostnaður látinn niður falla.

Gerðarbeiðandi vildi eigi una þessum úrslitum og áfrýjaði úrskurðinum til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnum hinn 14. og 28. september 1970.

Af hálfu Laxárvirkjunar og Norðurverks h/f var gagnáfrýjað til Hæstaréttar með stefnum 28. september og 14. október 1970.

Dómur gekk í málinu í Hæstarétti hinn 15. desember 1970. Þar urðu úrslit nokkuð á annan veg en fógetadómur hafði úrskurðað 4. ágúst 1970. Í forsendum hæstaréttardómsins segir m. a. svo: „Af gögnum málsins og málflutningi aðilja verður ráðið, að ákvörðun um framkvæmd fyrsta áfanga svonefndrar Gljúfurversvirkjunar, er í málinu greinir, hefur ekki verið kynnt landeigendum við Laxá né öðrum þeim, er kunna að eiga hagsmuni í húfi, á þann hátt, sem segir í c lið 1. málsgr. 144. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Hefur þessum aðiljum ekki, svo að viðhlítandi sé, verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna vegna fyrrgreindra framkvæmda. Af þessum sökum verður eigi talið, að gagnáfrýjandi Laxárvirkjun hafi sýnt ótvírætt fram á, að nefndur áfangi greindrar virkjunar hrófli ekki svo við rennsli Laxár, að bótaskylt tjón hljótist af. Ber að meta og bæta slíkt tjón eða setja tryggingu fyrir bótum í samræmi við nánari reglur í XV. og XVI. kafla vatnalaga nr. 15/1923, áður en rennsli Laxár er breytt með þeim hætti, sem virkjun árinnar í nefndum fyrsta áfanga hefur í för með sér. Af þessum ástæðum ber að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda að því leyti, sem krafizt er lögbanns við því, að

breytt sé rennsli Laxár, vatnsbotni hennar, straumstefnu eða vatnsmagni. Ber fógetadómi því að leggja á lögbann að þessu leyti gegn tryggingu af hálfu aðaláfrýjanda, sem fógetadómur metur gilda. Hins vegar verður ekki fallizt á, eins og á stendur, að rök séu til að leggja að öðru leyti lögbann við framkvæmdum þeim, sem nú eru hafnar við Laxá á umráðasvæði gagnáfrýjanda Laxárvirkjunar".

Hinn 18. desember 1970 ritaði formaður fógetadómsins lögmönnum málsaðilja bréf þess efnis, að fógetadómur mundi þinga í máli þessu, í samræmi við tilvitnaðan dóm Hæstaréttar, hinn 6. janúar 1971 í dómsal sýslumannsins í Húsavík.

Þann dag var málið tekið fyrir á ný í fógetadóminum. Af hálfu Norðurverks h/f var þá eigi sótt þing, en hins vegar var mætt bæði af hálfu gerðarbeiðanda og gerðarþola Laxárvirkjunar.

Í nefndu þinghaldi lögðu lögmenn nefndra málsaðilja báðir fram greinargerðir auk fleiri skjala. Af hálfu Laxárvirkjunar var m. a. lögð fram athugun á tryggingarupphæð vegna hugsanlegs lögbanns. Athugun þessi er gerð af Knúti Ottersted, framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar. Hún er dags. 23. desember 1970 og hljóðar svo:

„Hér er um tvær leiðir að velja, valkost 1, sem gerir ráð fyrir afl- og orkuskorti þann tíma, sem virkjunin er ekki nýtt, og valkost 2, þar sem gert er ráð fyrir, að raforkuþörf svæðisins verði fullnægt með bráðabirgðaráðstöfunum.

Valkostur 1, stöðvun í 1 ár.

1. Vextir af því fé, sem bundið er í mannvirkinu, 9% af 374 Mkr.		33,7 Mkr.
2. Sölutap:		
Aflvöntun 3000 kw á 2150 kr/kw ..	6,5	
Orkuskortur 2000 kw (meðaltal) í 4000 klst., eða 8 millj. kwst. á 0/16	1,3	
	——	7,8 —
3. Umframkostnaður í olíu, 7 millj. kwst. á 1/50		10,5 —
4. Fjölgun á starfsmönnum, 2 vélgæzlumenn á 0,5 Mkr.		1,0 —
5. Aukning á viðhaldskostnaði		1,0 —
		Samtals 54,0 Mkr.

Valkostur 1, stöðvun í 2 ár.		
1. Vextir af því fé, sem bundið er í mannvirkinu, 9% af 374 Mkr.		67,4 Mkr.
2. Sölutap:		
1. árið	7,8	
2. árið:		
Aflvöntun 4000 kw á 2150 kr/ks	8,6	
Orkuskortur 2500 kw (meðaltal) í 4000 klst., eða 10 millj. kwst. á 0/16	1,6	
		18,0 —
3. Umframkostnaður í olíu		
1. árið	10,5	
2. árið: 10 millj. kwst. á 1/50	15,0	
		25,5 —
4. Fjölgun á starfsmönnum		2,0 —
5. Aukning á viðhaldskostnaði		2,0 —
		Samtals 114,9 Mkr.
Valkostur 2, stöðvun í 1 ár.		
1. Vextir eins og í valkosti 1		33,7 —
2. Ný 3500 kw dísilvél	27,0	
Uppsetningarkostnaður	2,5	
Hús og tenging við kerfið	7,5	
		37,0 —
3. Umframkostnaður í olíu, 14 millj. kwst á 1/50		21,0 —
4. Fjölgun á starfsmönnum, 3 vélgæzlumenn á 0,5 Mkr.		1,5 —
5. Aukning á viðhaldskostnaði		1,0 —
		Samtals 94,2 Mkr.
Valkostur 2, stöðvun í 2 ár.		
1. Vextir eins og í valkosti 1		67,4 —
2. Ný 5000 kw dísilvél	37,0	
Uppsetningarkostnaður	3,0	
Hús og tenging við kerfið	9,0	
		49,0 —
3. Umframkostnaður í olíu:		
1. árið	21,0	
2. árið: 18 millj. kwst á 1/50	27,0	
		48,0 —

4. Fjölgun á starfsmönnum eins og að ofan	3,0 Mkr.
5. Aukning á viðhaldskostnaði	2,0 —
	Samtals 169,4 Mkr.

Skýringar.

Innifalið í stofnkostnaði eru vextir á byggingartíma, sem eru áætlaðir 28 Mkr. Ekki hefir verið reiknað með hækkun stofnkostnaðar vegna verðs- og launahækkana á byggingartíma.

Við ákvörðun á sölutapi hefir verið stuðzt við orkuspá, sem gerð hefir verið fyrir Laxársvæðið, og jafnframt tekið tillit til sérstakrar aukningar, sem orðið hefir nýlega á svæðinu eða er í vændum og ekki er innifalin í spánni. Má þar m. a. nefna 2000 kw. gufuketil í sútunarverksmiðju S. Í. S. á Akureyri, sem á næsta ári mun að líkindum nota um 6—8 millj. kwst. Stækkun Kísiliðjunnar h.f. um helming og nú mun Norðurlandssvæðið, austan Tjörness, tengjast Laxárvirkjun innan skamms.

Topporka, framleidd með olíu, hefir verið reiknuð út samkvæmt ákveðinni líkingu (Härlins), og einnig hefir verið stuðzt við topporkuframleiðslu undanfarinna ára.

Framleiðsla vegna truflana hefir verið áætluð og einnig þar stuðzt við undanfarin ár, en framleiðsla vegna truflana hefir verið miklum mun meiri en topporkuframleiðslan, sum árin jafnvel margföld topporkan.

Í valkosti 2 er gert ráð fyrir að gera þær ráðstafanir, sem þarf til þess, að ekki verði um afl- og orkuskort að ræða. Líklegasta lausnin verður væntanlega aukning á dísilafli, og hefir hér verið gert ráð fyrir því.

Dísilstöðin á Akureyri var stækkuð árin 1967 og 1968 um 3500 kw., og hefir kostnaður við þá framkvæmd verið hafður til hliðsjónar við ákvörðun stofnkostnaðar í þessu tilviki.

Gert er ráð fyrir því hér þrátt fyrir aukningu á afli, að um einhvern orkuskort verði að ræða, sem við frestun í eitt ár áætlast 1 millj. kwst. og við frestun í 2 ár 2 millj. kwst.

Á það má benda, að þessi aukning á dísilafli mun ekki verða notuð nema þann tíma, sem stöðvun á afnotum nýju virkjunarinnar varir, og því mun þessi viðbót standa lítt eða ekkert notuð í a. m. k. 10 ár, jafnvel lengur.

Í báðum valkostum hefir verið reiknað með verðlagi, eins og það er í dag, en verðhækkanir, t. d. á olíu, munu hafa veruleg áhrif á þessa athugun".

Munnlegur málflutningur fór fram um lögbannstrygginguna.

Málsástæður gerðarbeiðanda.

Svo sem áður er að vikið, krefst gerðarbeiðandi þess, að lagt verði á lögbann við breytingum á rennsli Laxár, vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmagni, án þess að gerðarbeiðanda verði gert að setja tryggingu vegna lögbannsins. Telur hann, að skilja beri ákvæði nefnds hæstaréttardóms á þann veg, að fógetadómurinn skuli úrskurða, hvort og hversu miklar tryggingar skuli setja. Með úrskurði fógetadómsins frá 4. ágúst 1970 hafi ekkert verið úrskurðað um tryggingar. Því hafi Hæstiréttur ekki getað úrskurðað um þær sem fyrsta dómstig. Hins vegar sé það aðalatriðið, að með hæstaréttardóminum frá 15. desember 1970 hafi verið lagður efnisdómur á málið að því leyti, að viðurkennt sé, að Laxá sé á eignarréttarsvæði landeigenda, einnig þar sem hún renni fram hjá Brúum. Þetta sé í samræmi við ákvæði vatnalaga nr. 15/1923. Það eigi sér aldrei stað, að menn séu skyldaðir til að setja tryggingar, þegar þeir krefjist lögbanns við því, að aðrir menn ráðist á eignir þeirra. Ef krafizt væri tryggingar vegna lögbanns við því, að Laxá væri tekin, þá væri það hið sama og krafizt yrði tryggingar vegna þess, að menn krefðust lögbanns við því, að ráðizt yrði inn í íbúðir þeirra. Tryggingar eigi menn einungis að setja, þegar þeir krefjast lögbanns, sem hróflar við hagsmunum annarra manna.

Enn fremur bendir gerðarbeiðandi á það, að nú þegar hafi verið höfðað almennt dómsmál til að fá framkvæmdir Laxárvirkjunar við Brúar dæmdar ólögmætar. Virkjunarframkvæmdum skuli ljúka á árinu 1972 og verði því naumast fyrr þörf á að hleypa vatni á vatnshverfla stöðvarinnar, sem verið er að reisa við Brúar. Allar líkur séu til, að hinu almenna dómsmáli verði lokið árið 1972, bæði fyrir undirrétti og Hæstarétti. Það verði því ekki fyrr sem Laxárvirkjun fari að bíða tjón vegna þess, að hún hafi ekki aflað sér nægra réttinda yfir vatninu í Laxá. Dómur í hinu almenna dómsmáli verði hins vegar kveðinn upp án allra tryggingargreiðslna, ef vatnstaka eða virkjunarframkvæmdir verða dæmdar ólögmætar. Af þessu telur gerðarbeiðandi augljóst, að engin ástæða sé til að krefjast tryggingar vegna lögbanns, sem ekki valdi neinu tjóni fyrr en hugsanlega árið 1972. Þá bendir gerðarbeiðandi og á það, að samkvæmt 12. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 18/1949 þá sé ekki skylt að setja lögbannstryggingu.

Málsástæður gerðarþola, Laxárvirkjunar.

Gerðarþoli heldur því fram, að lögbann í samræmi við dóm

Hæstaréttar frá 15. desember 1970 muni valda Laxárvirkjun fyrirsjáanlega stórkostlegu fjárhagstjóni, miska og kostnaði, ef virkjun sú, sem unnið er að, nýtist ekki um lengri eða skemmri tíma af völdum lögbannsins.

Beri fógetadóminum samkvæmt fyrirmælum hæstaréttardómsins að meta tryggingu, sem hann taki gilda, sem gerðarbeiðanda verði gert að setja fyrir greiðslu alls fjártjóns, miskabóta og kostnaðar, sem gerðarþola kunni að stafa af gerðinni. Tryggingin sé skilyrði fyrir því, að lögbannið nái fram að ganga, enda skuli fógetadómur krefja gerðarbeiðanda um tryggingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Vanræki fógetadómur það að krefjast þess, að nægileg trygging sé sett, þá sé það vítaverð embættisvanræksla af hans hálfu og hugsanlegt sé, að hann verði samábyrgur gerðarbeiðanda um greiðslu bóta fyrir tjón, er af gerðinni hlýzt.

Gerðin beinist að stöðvun virkjunar, sem áætlað sé, að kosti um 374 milljónir króna. Sölutap vegna afls- og orkuskorts samfara vaxtatapi af því fé, sem bundið er í mannvirkjum, umframkostnaði í olíunotkun, fjölgun starfsmanna vegna vélgæzlu í dísilrafstöð og aukningar á viðhaldskostnaði í eitt ár, nemi samtals samkvæmt athugun framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar, dags. 23. desember 1970, 54 milljónum króna. Sé þá ekki reiknað með hækkun stofnkostnaðar vegna verðs- og launahækkana á byggingartíma hins nýja orkuvers. Athugun þessi styðjist við orkuspá, sem gerð hafi verið fyrir Laxársvæðið, jafnframt sé tekið tillit til sérstakrar aukningar á raforkuþörf, sem orðið hafi nýlega á svæðinu eða sé í vændum, en eigi sé reiknað með í spánni, svo sem 2.000 KW gufukatli í sútunarverksmiðju S. Í. S. á Akureyri, stækkun Kísiliðjunnar h/f um helming, og enn fremur muni Norð-Austurlandssvæðið austan Tjörness tengjast Laxárvirkjun innan skamms.

Ef stöðvun yrði á rekstri nývirkjunarinnar í 2 ár sökum lögbannsins, mundi sölutap vegna afls- og orkuskorts aukast um 10.2 milljónir króna, umframkostnaður vegna olíunotkunar mundi aukast um 15 milljónir króna og aðrir kostnaðarliðir tvöfaldast. Tjón vegna stöðvunar í 2 ár mundi því nema 114.9 milljónum króna samkvæmt framangreindri athugun framframkvæmdastjóra Laxárvirkjunar frá 23. desember 1970.

Þessar athuganir framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar séu hins vegar við það miðaðar, að engar ráðstafanir verði gerðar af hálfu Laxárvirkjunar til að ráða bót á afls- og orkuskorti, sem stafaði

af því, að virkjunin nýttist ekki sökum lögbannsins. Þær ráðstafanir, sem til greina geti komið, séu kaup á nýrri dísilvél 3.500 KW eða 5.000 KW og fjölgun vélgæzlumanna til rekstrar hennar. Framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar áætli í athugun sinni frá 23. desember 1970, að kostnaður vegna slíks úrræðis til að bæta úr afls- og orkuskorti við stöðvun vatnsorkuversins í 1 ár muni nema 94.2 milljónum króna miðað við kaup á 3.500 KW dísilvél, en við stöðvun vatnsorkuversins í 2 ár 169.4 milljónum króna miðað við kaup á 5.000 KW dísilvél.

Gerðarþoli, Laxárvirkjun, bendir á það, að trygging, sem gerðarbeiðanda yrði gert að setja eftir mati fógetadóms til greiðslu bóta fyrir fjártjón, þar á meðal lántraustsspjöll, sem gerðarþoli kunni að líða sakir lögbannsgerðarinnar, miska og kostnað, þurfi að vera ríflega og unnt að greiða hana af hendi tafarlaust, þegar bætur bæri að greiða. Því sé sú krafa gerð af hálfu gerðarþola, Laxárvirkjunar, að tryggingarfjárhæðin verði metin 145 milljónir króna og verði peninga- eða bankatrygging. Byggir gerðarþoli, Laxárvirkjun, þessa kröfu sína á athugun framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar frá 23. desember 1970, sem rakin hefur verið hér að framan. Miðar gerðarþoli, Laxárvirkjun, við, að nýting nývirkjunarinnar geti dregizt vegna lögbannsins í allt að 2 árum. Að auki gerir gerðarþoli ráð fyrir bótum fyrir lántraustsspjöll, miska og kostnað.

Niðurstaða fógetadómsins.

Samkvæmt 12. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 18 frá 22. marz 1949, sbr. 27. gr. sömu laga, skal fógeti, áður en lögbann byrjar, krefja beiðanda hæfilegrar tryggingar fyrir greiðslu tjóns og miskabóta, sem gerðarþola kann að stafa af gerðinni, nema í undantekningartilvikum, sem ekki eiga við í máli þessu. Við mat þeirrar tryggingar ber að hafa í huga hugsanlegt tjón, bæði fjártjón og miska, sem gerðarþoli kann að líða vegna gerðarinnar. Heimildarlaust er að láta efnahag gerðarbeiðanda hafa áhrif á það mat.

Þegar hafðir eru í huga hagsmunir þeir, sem lögbannið beinist gegn, líkleg frestun á því, að orkuverið geti hafið orkuvinnslu vegna málaferla þessarra, sölutap á raforku, aukinn kostnaður vegna díselrafstöðva, kostnaður við þessi málaferli svo og lántraustsspjöll og miski, þykir trygging af hálfu gerðarbeiðanda hæfilega metin kr. 135.000.000.00. Skal trygging þessi vera peninga- eða bankatrygging. Ber að afhenda hana fógetadóminum, áður en hið umbeðna lögbann verður á lagt.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Magnús Thoroddsen, setudómari í máli þessu, kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdómendunum dr. Gunnari Sigurðssyni og Ögmundi Jónssyni verkfræðingum.

Úrskurðarorð:

Áður en hið umbeðna lögbann verður á lagt, skal gerðarbeiðandi, Sigurður Gizurarson héraðsdómslögmaður f. h. Landeigendafélags Laxár og Mývatns (áður Félags landeigenda á Laxársvæðinu), afhenda fógetadóminum tryggingu að fjárhæð kr. 135.000.000.00, er sé í formi peninga- eða bankatryggingar.

Málskostnaður fellur niður í þessum þætti málsins.

Miðvikudaginn 12. maí 1971.

Nr. 51/1971. **Herbert J. Stiefel**
(Hörður Ólafsson hrl.)
gegn
Álafossi h/f
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1971. Við þingfestingu málsins hinn 3. maí 1971 gerði stefndi þá kröfu, að áfrýjanda verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, er áfrýjanda kynni að vera dæmt að greiða.

Af hálfu áfrýjanda hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð um þennan þátt málsins. Hann er amerískur kaupsýslumaður, búsettur í New York. Í málinu krefur hann stefnda

um greiðslu á umboðslaunum að fjárhæð $ 2.267.59 auk vaxta og málskostnaðar. Samkvæmt 183. gr. laga nr. 85/1936 og 58. gr. laga nr. 57/1952 ber að taka til greina tryggingarkröfu stefnda, enda er ekki vitað til, að menn, búsettir á Íslandi, séu undanþegnir því að setja málskostnaðartryggingu í New York ríki. Þykir fjárhæð tryggingarinnar hæfilega ákveðin kr. 35.000.00. Skal það vera peninga- eða bankatrygging og ritara Hæstaréttar afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja mánaða frá uppsögu þessa úrskurðar.

Ályktarorð:

Áfrýjandi, Herbert J. Stiefel, ber að setja peninga- eða bankatryggingu, að fjárhæð kr. 35.000.00, fyrir greiðslu málskostnaðar stefnda, Álafoss h/f, innan tveggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Mánudaginn 17. maí 1971.

Nr. 48/1970. **G. Þorsteinsson & Johnson h/f**
(Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
Fálkanum h/f og Stáli h/f
(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaup og sala. Skaðabætur. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. marz 1970. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Þá krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Starfsmenn áfrýjanda gáfu stefndu ástæðu til að ætla, að vöruheitið Weatherban væri samheiti á þéttiefnum, sem innihéldu Thiocol-efni án þynnis, þeim, er áfrýjandi hafði á boðstólum, enda virðast starfsmenn áfrýjanda sjálfir hafa verið þessarar skoðunar. Áfrýjanda mátti því vera ljóst, að allt þéttiefni, sem stefndu keyptu af honum með heitinu Weatherban, átti að hafa eiginleika efnisins Weatherban 101, og verður við það að miða, að stefndu hafi fengið í hendur annað efni en um var samið, er þeim var fengið efnið Weatherban 202.

Gera verður þá kröfu til starfsmanna áfrýjanda, að þeir kunni glögg skil á vöru þeirri, sem áfrýjandi selur. Eins og á stóð, sviptir það stefndu eigi rétti á hendur áfrýjanda, þó að stefndu réðu það ekki af áletruninni Weatherban 202, er þeir fengu það efni í hendur, að það væri ekki Thiocol-þéttiefnið, sem um var samið, heldur butyl-þéttiefnið Ribbonseal Gun Grade. Var það villandi, að á reikningi áfrýjanda, dags. 24. ágúst 1967, var efnið aðeins nefnt Weatherban og reiknað á allt öðru verði en efnið Ribbonseal, sem stefndu einnig keyptu. Þá er og ekkert komið fram um það, að útlit efnisins sjálfs fyrir notkun hafi mátt vekja grunsemdir stefndu. Ber áfrýjandi samkvæmt þessu skaðabótaábyrgð gagnvart stefndu á því tjóni, er af mistökum starfsmanna hans hlutust.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi hreyft því, að réttur stefndu, ef einhver væri, sé fallinn niður fyrir of seina kvörtun samkvæmt 5 gr., sbr. 51. gr. laga nr. 39/1922. Málsástæða þessi var ekki höfð uppi í héraði og kemur þegar af þeirri ástæðu ekki til álita, auk þess sem áfrýjandi hreyfði henni aldrei í þeim viðræðum og bréfaskiptum, sem rakin eru í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt þessu og þar sem fjárhæð dómkröfu stefndu hefur eigi verið sérstaklega andmælt ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og fjárnámsgerð. Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi, G. Þorsteinsson & Johnson h/f, greiði stefndu, Fálkanum h/f og Stáli h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 8. desember 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. nóvember 1969, hefur Fálkinn h/f og Stál h/f, Laugavegi 24, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 6. febrúar 1968, á hendur G. Þorsteinsson & Johnson h/f, Grjótagötu 7, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 112.274.00 auk matskostnaðar, kr. 14.853.00, eða samtals kr. 127.127.00, auk 1% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. september 1967 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krefst aðallega algerrar sýknu af öllum kröfum stefnenda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara, að kröfur stefnenda verði lækkaðar til mikilla muna og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Mál þetta var upphaflega dómtekið 24. febrúar 1969, en endurupptekið til frekari gagnasöfnunar með samkomulagi aðilja. Við síðari flutning málsins gerðu aðiljar sömu dómkröfur og áður.

Stefnendur skýra svo frá málsatvikum í stefnu:

Þann 28. apríl 1967 hafi stefndi boðið stefnendum efni til þess að þétta með gluggarúður. Þetta efni hafi átt að nota til þess að þétta með rúður í byggingu, sem var í smíðum að Suðurlandsbraut 8 í Reykjavík, og enn fremur til þess að þétta tjaldvegg í sömu byggingu. Efnið var talið stirðna á 24 klst. og endanleg herzla væri komin á það eftir 5—7 daga. Var enn fremur tekið fram, að efnið innþornaði ekki. Þar sem þetta voru þeir eiginleikar, sem efnið þurfti að hafa vegna þeirrar notkunar, sem það var ætlað til, kveðast stefnendur hafa samþykkt að kaupa það.

Í byrjun ágúst 1967 var húsið tilbúið til glerísetningar, og kveðast stefnendur þá hafa beðið um, að þeim yrði afhent efnið. Þann 15. ágúst 1967 sendi stefndi þeim efnið, og var það notað.

Fljótlega eftir að glerið hafði verið sett í, kom í ljós, að þéttiefnið, sem notað var, hélzt mjúkt og innþornaði.

Stefndi var strax látinn vita um þetta, og kom starfsmaður frá honum á staðinn og gekk úr skugga um, að efnið reyndist ekki hafa þá eiginleika, sem búizt var við. Stefnendur gerðu stefnda þegar ljóst, að þeir mundu ekki sætta sig við þau mistök, sem orðið höfðu, og mundu krefjast fullra bóta, en ekki varð neitt samkomulag, og var því mál þetta höfðað.

Forsvarsmaður stefnenda, Bragi Ólafsson, kom fyrst fyrir dóm 21. október 1968. Hann skýrði svo frá, að Fálkinn h/f hefði keypt gluggaramma og tjaldvegg frá belgísku fyrirtæki. Á teikningu, sem fylgdi með, var merkt, hvernig undirburður ætti að vera í laginu, er hann væri kominn í gluggafölsin ásamt rúðunum. Á þessari teikningu var einnig merkt, að undir listunum ætti að vera Thiocol-efni. Þetta efni átti að þétta rúðuna gegn veðri og vatni. Að innanverðu og undir rúðunni sjálfri var merkt efni, sem nefnt var butyl-efni. Þegar Fálkinn h/f pantaði gluggana og gluggarammana, var undirburður ekki pantaður með.

Þegar að því kom að setja rúðurnar í rammana, var farið að athuga þéttiefnið. Kveðst hann þá hafa snúið sér til belgíska fyrirtækisins og beðið um tilboð í undirburðinn eftir þeirri lýsingu, sem fylgdi með gluggarömmunum. Belgíska fyrirtækið svaraði þeirri fyrirspurn þannig, að það bauð fram efni, 3-M Thiocol og 3-M butyl-efni.

Bragi Ólafsson skýrði svo frá, að sér hefði verið kunnugt um, að stefndi hefði umboð fyrir fyrirtækið 3-M Minnesota Mining And Manufacturing A/S Company. Hann hafi þess vegna hringt í stefnda og spurzt fyrir um þetta efni. Starfsmaður stefnda, Kristinn Wium, hafi svarað í símann, og kveðst hann hafa lesið fyrir hann innihald skeytisins frá belgíska fyrirtækinu og jafnframt spurt hann, hvort hann gæti boðið fram þessi efni. Jafnframt hafi hann sagt honum, til hvers ætti að nota þau.

Kristinn Wium hafi svarað þessu játandi og sagzt kannast vel við þessi efni, sem þeir seldu daglega í fyrirtækinu. Hann hafi jafnframt getið þess, að í þjónustu fyrirtækisins væri maður að nafni Ásgeir Einarsson, sem hefði kynnt sér sérstaklega þessi efni og meðferð þeirra. Mundi hann geta ráðlagt þeim allt í sambandi við þau. Að fengnum þessum upplýsingum kveðst Bragi Ólafsson hafa beðið Kristin að gera tilboð í efni, sem samsvaraði því, sem Belgíumennirnir hefðu boðið. Eftir þetta samtal hafi svo stefnendum borizt tilboð á dskj. nr. 3, en þar segi svo:

„Samkvæmt símtali leyfum við okkur að gefa yður eftirfarandi tilboð í 3-M þéttiefni:

a) Ribbonseal Gun Grade — í 20 l. fötum, verð pr. fötu ca. kr. 2.200.00.
b) Weatherban — One part Sealer í 20. l. fötum. Verð pr. fötu ca. kr. 8.000.00.
c) Weatherban — Two part Sealer í 20 l. fötum. Verð pr. ¾ fulla dós ca. kr. 970.00.
d) Weatherban — One part Sealer í túbum, 0333.I. Verð pr. túbu kr. 205.00.

Ofanrituð verð eru í öllum tilfellum án söluskatts.

Efni þau, sem hér að ofan eru boðin, eru samkvæmt meðfylgjandi lýsingum".

Eftir að Braga hafði borizt þetta bréf, kveðst hann hafa átt símtal við Kristin og innt hann eftir, hvaða efni hentaði þeim. Meðan á þessu samtali stóð, kveðst hann hafa ritað inn á dskj. nr. 3 skýringar á, að A væri þetta butyl-efni, enda sé þess einnig getið í lýsingunni, sem fylgdi tilboðinu. Varðandi Thiocol-efnið gat Kristinn þess, að það mundi vera með tvennu móti, þannig að í sumum tilfellum fylgdi með efninu í sérstökum umbúðum fljótandi efni, sem rétt fyrir notkun ætti að setja út í aðalefnið og hræra saman við. Þetta hefði þau áhrif, að efnið yrði gúmmíkennt eða vulganíseraðist. Hins vegar væri til efni, sem hann seldi aðallega og héti Weatherban 101 og væri Thiocol-efni. Þetta efni hefði þá eiginleika, að ekki þyrfti að hræra neinu saman við það, heldur væri í því herðir, þannig að það harðnaði sjálfkrafa. Vegna þessara skýringa kveðst Bragi hafa, um leið og símtalið fór fram, strikað yfir liði c) og d), en gert samsvarandi krossa við liði a) og b), sem merkti, að það væri það efni, sem þeir vildu nota. Í símtalinu hafi verið gengið út frá því, að stefndi tæki að sér að útvega þessi tvö efni, og var honum jafnframt tjáð nokkurn veginn, hvenær þeirra væri þörf. Bragi Ólafsson kveðst hafa skýrt Kristni frá, að hann mundi ekki vera á landinu, þegar nota þyrfti efnið, en verkstjóri þeirra á byggingarstað, Björn Gíslason járnsmiður, mundi hafa samband við stefnda og láta taka á móti efninu. Bragi kveðst svo hafa tilkynnt Birni Gíslasyni, hvað þeim Kristni hefði farið á milli, og beðið hann að framkvæma verkið í samræmi við það. Þá kveðst Bragi einnig hafa skýrt Birni frá, að Ásgeir Einarsson, starfsmaður stefnda, mundi veita honum allar upplýsingar og leiðbeiningar.

Við glerísetninguna kom fljótlega í ljós, að þéttiefnið í ytra falsi glugganna fékk ekki eðlilega herzlu, þannig að eigi var unnt að skera það til við gluggarammana og hreinsa glerið, eins og venja var. Þegar vika var liðin, frá því að verkinu var lokið, og efnið hafði ekki harðnað, segir Bragi, að hann hafi hringt til Kristins Wium og tjáð honum, hvernig málin stæðu. Taldi Kristinn þá, að sakir þurrviðris gæti þetta verið eðlilegt og mundi efnið harðna við vætu. Þegar þrjár til fjórar vikur voru liðnar, án þess að nokkur breyting hafði átt sér stað, var farið að athuga málið nánar. Kom þá í ljós, að notað hafði verið efni, sem merkt var Weatherban nr. 202, en ekki nr. 101, eins og beðið hafði verið um.

Þann 19. september 1967 rita stefnendur stefnda bréf, þar sem þeir taka fram, að þeir hafi tekið á móti efninu Weatherban 202 í stað nr. 101 og notað það í þeirri góðu trú, að þeir væru að nota efni það, sem samþykkt hafði verið að kaupa af stefnda og nota sem þéttiefni í glugga byggingarinnar. Krefjast þeir þess, að sérfræðileg rannsókn fari fram á því, hvort efnið Weatherban 202, sem stefndi hafi afhent, sé hæft til þess, sem það hafi verið ætlað til, og sé svo ekki, þá að stefndu endurgreiði allt ónothæft efni og greiði jafnframt skaðabætur, sem nemi öllum ísetningarkostnaði glersins, þar sem Weatherban 202 var notað.

Þessu bréfi svarar stefndi með bréfi, dags. 20. september 1967. Þar segir: „Vér viðurkennum, að þér hafið fengið afgreitt Weatherban 202 í stað Weatherban 101, eins og til stóð. En hér er um mistök að ræða, sem eiga upptök sín hjá framleiðanda, þar eð vér höfum aldrei pantað Weatherban 202. Athugun fer nú fram á eiginleikum Weatherban 202, og munum vér hafa samband við yður, strax og henni er lokið".

Þann 4. október 1967 rita stefnendur stefnda bréf, þar sem þeir gera kröfu til bóta, m. a. sem hér segir:

1. Endurgreiði það efni Weatherban, sem hann hafi þegar selt.
2. Að greiddur sé allur kostnaður við að hreinsa efnið burt af gluggakörmum og listum og klæðningu undir gluggum o. fl.
3. Að greiddur sé kostnaður, sem hlýzt af því, að vinnupallar verði að standa við húsið, þar til lokið er við að skipta um þéttiefni á gluggum ásamt fleiru.
4. Að greiddur sé kostnaður, sem af því hlýzt, að byggingu hússins seinkar.
5. Að þeir greiði hæfilegar bætur fyrir annan kostnað og óþæg-

indi, sem stefnendur verði fyrir, vegna þess að selt hafi verið óhæft efni, sem notað var í þeirri trú, að það hefði þá eiginleika, sem tilboð hljóðaði um.

Þann 9. október 1967 ritaði stefndi stefnendum bréf, þar sem segir m. a.: „Það hefur hingað til verið skilningur vor, að verkefni yðar og sem efnið var notað til, hafi verið venjuleg glerísetning og af þeim sökum sé vart ástæða til að óttast, að spjöll hafi verið gerð með notkun þess. Í þessu sambandi er e. t. v. rétt að taka fram, að Weatherban 101 er almennt ekki ætlað til glerísetningar nema með EC 1202 gúmmíborgum og þá aðeins með þunnu lagi á samskeytin að utanverðu. Hafa sölumenn vorir haldið sýnikennslu og leiðbeint þeim byggingameisturum, sem þess hafa óskað, hvernig þessi efni skulu notuð".

Ekki virðast frekari bréfaskipti hafa farið fram milli aðilja, sem verulegu máli skipta, en hér hefur verið greint frá.

Kristinn Wium, starfsmaður stefnda, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá málsatvikum:

Þann 28. apríl 1967 hafi Bragi Ólafsson, forstjóri Fálkans h/f, hringt í sig og óskað eftir upplýsingum um 3-M þéttiefni til glerísetningar. Sérstaklega hafi hann óskað eftir upplýsingum um svokölluð butyl- og Thiocol-efni. Kveðst hann hafa gefið Braga þessar upplýsingar og samdægurs verðtilboð í þessi efni. Þann 7. júní hafi Bragi hringt í sig á ný og óskað að panta hjá stefnda ca. 300—400 lítra af Ribbonseal og ca. 30 lítra af Weatherban. Hafi þeim Braga komið saman um, að pantaðar yrðu 20 × 5 gallon fötur af Ribbonseal og ein 5 gallon fata af Weatherban. Þeim hafi talazt svo til, að það magn, er þyrfti umfram þessi 5 gallon af Weatherban-efni, mundu þeir kaupa í smærri umbúðum, sem venjulega eru til fyrirliggjandi á lager hjá stefnda.

Þann 15. ágúst fékk Fálkinn h/f svo afgreiddar 10 fötur af Ribbonseal og eina 5 gallon fötu af Weatherban, er var úr vörusendingu, er nokkrum dögum áður hafði komið inn á vörulager stefnda. Nokkru síðar, eða, að því er hann minnir, um mánaðamótin ágúst—september, hringdi starfmaður Fálkans h/f til hans, að nafni Björn, og tjáði honum, að sér fyndist Weatherban-efnið ekki þorna eða harðna, eins og til var ætlazt. Hann kveðst hafa tjáð manni þessum, að þar sem hér hafði verið óvenju þurrt í veðri, gæti verið eðlilegt, að þornun efnisins væri hæg, og ráðlagði honum að strjúka yfir efnið, þar sem það stendur upp úr gluggafölsunum, með vatnsblautum pensli. Þann 15. september kveðst hann ásamt fleirum hafa farið á staðinn og skoðað glugg-

ana. Í ljós hafi þá komið, að starfsmenn þeir, er unnu að glerísetningunni, höfðu notað ca. 80 lítra, eða fjórar 5 gallon fötur af Weatherban, sem voru á staðnum og voru merktar Weatherban 202.

Við skoðun á glerísetningunni hafi þegar orðið ljóst, að ekki hafði verið farið eftir þeim ráðleggingum, sem fyrirtækið 3-M gaf um glerísetningu, þ. e. a. s. um notkun gúmmíborða EC 1202 til þess að styðja við glerið til varnar hreyfingum á því. Þess í stað hafi verið notað þeim mun meira af Weatherban-þéttiefninu og því ætlað við hörðnun að styðja glerið.

Þegar ljóst var, að efni það, sem afgreitt hafði verið, hagaði sér ekki eins og ætlazt var til, var 3-M í U. S. A. sent skeyti og óskað eftir tæknilegum upplýsingum um efni það, sem nefndist Weatherban 202.

Upplýsingar þessar bárust laugardaginn 23. september. Þann sama dag kveðst hann hafa farið á fund Braga Ólafssonar og afhent honum ljósritað afrit af upplýsingablaði því, sem borizt hafði.

Upplýsingar þessar hafi hins vegar ekki gefið til kynna, að efnið Weatherban 202 væri ónothæft til glerísetningar. Þess vegna hafi það orðið samkomulag milli hans og Braga Ólafssonar, að þeir skrifuðu 3-M og óskuðu álits þeirra á því, hvaða skaði gæti hafa orsakazt við að nota Weatherban 202 í stað Weatherban 101 við glerísetninguna.

Svar við þessari fyrirspurn til 3-M hafi borizt laugardaginn 30. september. Það hafi borið með sér, að væri Weatherban 202 notað á réttan tiltekinn máta, ætti enginn skaði að hafa skeð. Hins vegar var í svari þessu einnig tekið fram, að þeir (3-M) gætu ekki sagt til um slíkt, nema þeir hefðu upplýsingar um ýmis atriði varðandi glerísetningu, t. d. teikningu af gluggapóstum, stærð glugga o. s. frv. Þó hafi verið skýrt tekið fram, að ekki væri hægt að nota Weatherban 202 sem þéttiefni í svokallaða málmtjaldsveggi, þar sem vænta mætti breytinga á samskeytum.

Mánudaginn 3. október kveðst Kristinn hafa farið á fund Braga Ólafssonar og sýnt honum ofangreint svarbréf 3-M við fyrirspurn þeirra. Hann hafi tjáð honum, að þeir væru reiðubúnir að senda 3-M umbeðnar teikningar og upplýsingar, ef hann óskaði og léti þeim þær í té. Bragi hafi ekki óskað eftir, að þessar upplýsingar yrðu sendar, en ítrekað hins vegar fyrri óskir sínar um að ræða við fulltrúa frá stefnda með umboði til að semja um skaðabætur.

Þá tók Kristinn fram, að þegar hann og Bragi hafi rætt um

Weatherban-efni, hafi ávallt verið rætt um Weatherban 101. Enn fremur tók hann fram, að efnið Weatherban 202 hafi ekki verið pantað sem slíkt, heldur hafi verið pantað frá verksmiðju í Kaupmannahöfn eftnið Ribbonseal Gun Grade, en Weatherban 202 verið sent í staðinn eða sem hluti af Ribbonseal pöntun. Þá var Kristni sýnt dskj. nr. 3, og kannaðist hann við undirskrift sína undir því og sagði það vera pöntun þá, sem Fálkinn h/f hefði gert.

Björn Gíslason, starfsmaður stefnanda Fálkans h/f, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að glerið hafi verið sett þannig í, að fyrst hafi verið sprautað Ribbonseal-efni í allt falsið og notaðir gúmmíklossar undir rúðuna og innan við hana. Síðan var sprautað kringum rúðuna að utanverðu með Ribbonseal-efni, þannig að holrúmið milli rúðu og prófíls fylltist. Því næst voru gluggalistar settir, og jafnframt þeim voru settir fjögurra millimetra fjarlægðarklossar úr masóníti til þess að mynda pláss fyrir Weatherban-efnið. Weatherban-efninu var síðan sprautað í raufirnar að utan. Til þess var notuð þar til gerð loftþrýstisprauta. Þessi sama aðferð var notuð, þegar rúður voru settar í neðstu hæðina. Þá var Ribbonseal-efni notað að innan, en þanþéttiefni að utan. Ekki sagðist hann vita til, að neitt Weatherban-efni hefði verið notað innan við rúðurnar. Ekkert Ribbonseal-efni hafi verið notað til þéttingar að utanverðu á annarri og þriðju hæð hússins.

Vitnið kvaðst hafa beðið Ásgeir Einarsson, starfsmann stefnda, að koma á staðinn, áður en byrjað var að setja glerið í. Hann hafi viljað hafa hann með í ráðum, hvernig glerið væri sett í og hvernig væri frá því gengið.

Vitnið sagði, að Ásgeir hefði talað um að nota gúmmíborða til stöðvunar á glerinu. Hann kveðst þó ekki minnast þess, að Ásgeir hafi beinlínis lagt til, að þeir væru notaðir. Hann kveðst ekki hafa þekkt neitt til Weatherban-efnisins og ekki litið á vörumerkið. Hann kveðst ekki heldur minnast þess, að Ásgeir hafi sérstaklega skoðað Weatherban-efnið, og hann hafi aldrei gert athugasemd við það, hvernig þeir settu það í.

Ásgeir Einarsson, starfsmaður stefnda, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann hafi verið beðinn um að koma að Suðurlandsbraut 8 og átt þar tal við Björn Gíslason viðvíkjandi glerísetningu og þéttingu. Hann kveðst þá hafa sagt Birni í megindráttum, í hverju glerjunaraðferðir 3-M væru fólgnar, t. d. um notkun gúmmíborða EC 1202, og þá tjáð Birni samkvæmt fyrirspurn hans, að borðar þeir, sem til væru á lager fyrirtækisins,

væru ekki nægilega þykkir vegna gerðar þeirrar, sem notuð væri af prófíl í umræddu húsi. Björn hafi þá spurt sig, hvað langan tíma tæki að sérprenta borða fyrir þetta verkefni, og hafi hann svarað því til, að það tæki sex vikur. Hafi þá Björn sagt, að það væri allt of langur tími, því að glerið væri komið og að glerja þyrfti strax.

Hann kvaðst hafa verið spurður að því, hvort ekki væri í lagi að nota Ribbonseal og Weatherban-efni til glerjunar, og hafi hann svarað því, að hann þekkti ekkert annað efni betra þessu á markaðnum og væri á þeim forsendum rétt að nota efnið.

Nokkru síðar hafi Björn hringt í sig, eftir að glerjun var hafin, og borið sig upp í sambandi við meðferð á efninu af hálfu þeirra, er unnu að glerjuninni. Hafi Björn einkum átt við ofnotkun á butyl-efninu að innanverðu, sem kom fram í því, að efnið bullaði upp milli lista og glers og fór þannig til spillis. Enn fremur segir vitnið, að það geti ekki betur munað en að það hafi lagt áherzlu á við Björn, að notaðir væru gúmmíborðar. Vitnið kveðst svo aftur hafa komið að Suðurlandsbraut 8 og hitt Björn að máli og þá menn, er unnu við glerjunina. Honum hafi þá verið sýnt efni, sem hafi verið hnoðað í höndum, og hann spurður að, hvort þetta væri Weatherban, og hafi hann neitað því. Honum hafi þá verið sýndar fötur, þar sem efnið hafði verið tekið úr, og stóð á þeim Weatherban 202. Hann hafi þá sagt, að Weatherban 202 þekkti hann ekki og hér hlyti því að vera um einhver mistök að ræða. Hann hafi svo tekið sýnishorn af þessu efni og sýnt það Guðmundi Árnasyni, og telur hann sig ekki hafa haft frekari afskipti af þessu máli.

Þá hefur komið fyrir dóm Guðbjörn Guðmundsson trésmíðameistari. Hann kvaðst hafa verið húsasmíðameistari við byggingu hússins Suðurlandsbrautar 8 og hafa lagt til smiði við byggingunа. Aftur á móti hafi Björn Gíslason verið starfsmaður Fálkans h/f. Hann kveðst hafa stjórnað glerísetningunni ásamt Birni Gíslasyni og Kristni Guðmundssyni, sem var yfirsmiður. Sjálfur hafi hann ekki unnið við glerísetninguna. Hins vegar hafi verið haft samráð við sig um það, sem máli skipti.

Þegar verkið hófst, var Bragi Ólafsson, forstjóri Fálkans h/f, ekki staddur hér á landi. Áður en hann fór af landi burt, hafi þeir verið búnir að tala um ísetningu glersins og notkun undirburðarins, sem Bragi hafi sagt, að væri Ribbonseal og Weatherban-efni og mundi koma frá G. Þorsteinsson og Johnson h/f. Hann man ekki til, að Bragi tiltæki neitt ákveðið númer á Weatherban-

efninu, sem nota ætti að utanverðu á rúðurnar. Ekki kvaðst hann hafa séð pöntunarlista þann, sem Bragi gerði eða leiðbeiningar varðandi Weatherban-efnið. Ekki kvaðst hann hafa haft hugmynd um, að til væri tvenns konar Weatherban-efni. Þá kveðst vitnið muna til þess, að maður frá stefnda hafi komið til þeirra, áður en verkið byrjaði, og rætt við þá um ýmis atriði varðandi glerísetninguna. Ekki kveðst hann muna til þess, að maður þessi hafi skoðað sérstaklega undirburðarefnið. Þá segir hann, að hann hafi ekki sérstaklega brýnt það fyrir starfsmönnum sínum að fullvissa sig um, að notað væri rétt efni og aðgæta að vörumerki, því hann hafi vitað, að þeir hefðu lítið sem ekkert þekkt til þessarra efna og algerlega treyst því, að rétt efni yrði afhent.

Þann 18. október 1967 dómkvaður yfirborgardómarinn í Reykjavík þá Atla Ásbergsson efnaverkfræðing og Indriða Níelsson húsasmíðameistara til þess að meta efni, er skyldi hafa þá eiginleika að verða sem gúmmí, er það harðnaði, og bíta sig í málmramma og glerrúður og mynda þannig veður- og vatnshelda fyllingu, sem notuð var í hús, sem er í byggingu við Suðurlandsbraut 8 í Reykjavík, er hlutafélögin Fálkinn og Stál eiga, svo sem nánar greinir í beiðninni. Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er dagsett 6. nóvember 1967. Þar segir svo:

„Mánudaginn 30/10 1967 fóru matsmenn á staðinn aftur og skoðuðu nánar þéttingu rúðanna og eternitt fyllinganna. Víða sást, að efni hafði losað sig frá rúðum og fölsum. Einnig bar nokkuð á því, að rifur höfðu komið í þéttiefnið á milli eternitt fyllinganna. Í matsbeiðni Hauks Jónssonar, hrl., er farið fram á, að matsmenn láti í ljósi álit sitt og meti eftirfarandi atriði:

1. Eru eiginleikar þess efnis, sem afhent var, sömu og þess, sem lofað var.

Svar: Nei.

Efnin, sem hér er um að ræða, nefnast Weatherban 101, sem í upphafi var ákveðið að nota, og Weatherban 202, sem notað var. Í tæknilegum upplýsingapésum frá framleiðanda kemur allgreinilegur munur þessara efna í ljós, t. d. uppistaðan í Weatherban 101 „Thiocol"-efni, en í Weatherban 202 „Synthetic Elastromer". Weatherban 101 inniheldur engin þynningarefni, þar sem aftur á móti Weatherban 202 inniheldur ca. 20% þynningarefni, sem með tímanum rjúka burt og valda nokkurri rýrnun á þéttingum úr þessu efni. Varðandi frekari mismun á eiginleikum Watherban 101 og Weatherban 202 sjá svar við lið 2.

2. Hefur orðið tjón af því að nota Weatherban 202 í stað Weatherban 101?

Það, sem okkur virðist skipta meginmáli, er, hvort efni það, sem notað var (Weatherban 202) uppfyllti þær kröfur, sem upphaflega voru gerðar til þéttiefnisins, en þær voru, að efnið skyldi verða sem gúmmí, er það harðnaði, biti sig í málmramma og glerrúður og mynda varanlega veðurhelda og vatnshelda fyllingu (sbr. bréf Hauks Jónssonar til yfirborgardómara þ. 10/10 1967).

Af framkvæmd glerísetninga má og ráða, að efnið, sem notað var til þéttingar rúðanna að utan, hefur einnig átt að gegna því hlutverki að veita rúðunum stuðning og aðhald. Af fáanlegum upplýsingum um Weatherban 101 má ætla, að það efni hefði uppfyllt öll ofangreind skilyrði. Hvað mælir nú gegn notkun Weatherban 202 í ofangreindu tilviki?

Samkvæmt bréfi framleiðanda efnisins (Minnesota and Manufacturing Company) til G. Thorsteinssonar og Johnson þ. 28/9 1967 (Photokopía) skal ekki nota Weatherban 202 til fyllingar falsa og samskeyta, sem breiðari eru en $^3/_{16}$ úr tommu (tæpir 5 mm), einkum ef búast má við hreyfingu samskeytanna, þar sem hætta sé á, að Weatherban 202 muni bregðast sakir rýrnunar og skorts á fjöðrunarhæfni miðað við þéttingu úr Thiocol-efni. Nú voru samskeyti milli Eternit-plata í tjaldvegg og gluggafalsa óvíða meiri en 5 mm. En við skoðun okkar ca. tveimur mánuðum eftir glerísetningu hafði þéttiefnið Weatherban 202 víða rofnað frá rúðum og fölsum, eins og fyrr segir í þessari skýrslu. Einnig kom í ljós, að þéttiefnið hafði hvergi hlaupið í gúmmí, heldur ekki þar, sem það hafði fengið góða loftun (t. d. það, sem klemmzt hafði út milli rúðu og lista). Auðvelt var að spenna lista frá rúðum. Var efnið þar mjög mjúkt og innihélt ennþá talsvert magn þynningarefna. Bendir það greinilega til þess, að efnið á enn eftir að rýrna, og hætta er á, að þær sprungur, sem þegar hafa myndazt í þéttiefnið, eigi eftir að stækka. Geta má þess, að til þéttingar rúða á neðstu hæð hússins var notað Thiocol-þéttiefni (þanþéttikítti frá Málningu h.f.). Virðist það fylla upp öll sett skilyrði, og þar bar ekki á þeim göllum, sem fram hafa komið á þéttingum úr Weatherban 202 og að ofan hafa verið taldar. Samkvæmt ofansögðu er það álit okkar, að efnið Weatherban 202 uppfylli ekki þær kröfur, sem til þéttiefnisins voru gerðar, og sé ekki treystandi til að gegna því tvöfalda hlutverki að veita rúðunum þéttingu og aðhald. Hér hefur því verið tjón af notkun efnisins.

3. Með hverjum hætti er heppilegast að bæta úr því tjóni, sem orðið hefur?

Svar:

Gerum við nú grein fyrir nauðsynlegum endurbótum.

Á götuhæð eru 21 fylling
17 rúður á 3. hæð
19 — - 2. hæð,

sem þurfa endurbóta við. Taka þarf lista úr falsi og hreinsa hið ranga efni vel af hvorutveggju, setja síðan listana í falsið og sprauta viðurkenndu efni, „Thiocol"-efni, milli lista og rúðu.

Á bakhlið hússins og gafli er glerið sett í að innan, og verður því að taka lista og rúðu úr og hreinsa hið ranga efni vel í burtu af öllum flötum og setja síðan „Thiocol"-efnið að utan, en frá gluggum að innan, eins og áður var, og á þetta við um alla glugga á bakhlið og gafli (rúðutala 51 stykki).

4. Hve mikið seinkar byggingu hússins af notkun hins ranga eftis?

Svar:

Við teljum, að viðgerðin þurfi ekki að tefja framkvæmdir við bygginguna, þar sem auðvelt er að fá menn til þessara framkvæmda nú.

5. Lið 5 í matsgerðinni teljum við ekki á okkar verksviði.

Viðgerð þessa teljum við rétt metna á kr. 112.274.00. Eitthundrað og tólfþúsund tvöhundruðsjötíu og fjórar krónur".

Matsmaðurinn Atli Ásbergsson hefur komið fyrir dóm. Hann var spurður, hvort hann teldi rétta aðferð hafa verið notaða við að setja rúðurnar í, ef Thiocol-efni hefði verið notað. Því svaraði hann játandi og kvaðst hafa skoðað rúður í neðstu hæð til samanburðar. Þær rúður voru þéttar með þanþéttikítti, það er Thiocol-efni, og gat hann ekki fundið neina galla á þeirri ísetningu. Aðspurður kvaðst hann ekki geta tekið afstöðu til þess, hvort Weatherban 202 væri nothæft sem þéttiefni að utanverðu, hefði öðrum ísetningaraðferðum verið beitt.

Indriði Níelsson hefur einnig komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að við ísetningu glersins hefði verið notuð venjuleg aðferð, eins og tíðkazt hafi. Vitnið skýrði enn fremur svo frá, að ekki hefðu verið notaðir gúmmíborðar til þéttingar að innanverðu, og geti það ekki sagt um, hvort þeir hefðu komið að fullkomnu gagni, ef notaðir hefðu verið. Aftur á móti kvaðst vitnið sjálft hafa notað við glerísetningu annað hvort Thiocol-efni eða þankítti. Vitnið tók fram, að eftir sinni eigin reynslu sé Thiocol-efni

nægilegt út af fyrir sig til þess að halda rúðunni fastri. Ekki kvaðst vitnið þekkja eiginleika efnisins Ribbonseal Gun Grade.

Vitnið kvaðst aðspurt telja, að aðferðin við ísetningu glersins hefði verið rétt, ef notað hefði verið Thiocol-efni að utanverðu. Ekki kvaðst vitnið geta sagt um það, hvort Weatherban 202 hefði verið nothæft, ef öðrum ísetningaraðferðum hefði verið beitt. Vitnið kvaðst ekki þekkja eiginleika Weatherban 202.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að stefndi hafi afhent þeim rangt efni, Weatherban 202 í stað Weatherban 101. Þetta ranga efni hafi verið notað til þess að þétta með rúður í nýbyggingu þeirra að Suðurlandsbraut 8. Efnið, sem afhent var og reyndist Weatherban 202, hafi haft aðra eiginleika en efnið Weatherban 101, sem pantað var, og hafi því ekki komið að tilætluðum notum. Af þeim sökum hafi verkið orðið ónothæft.

Þessi mistök af hálfu stefnda hafi því valdið stefnendum tjóni, sem nemur stefnukröfu málsins. Tjón þetta beri stefnda að bæta þeim að fullu samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að efni þau, sem hann afhenti, hafi haft alla þá eiginleika, sem til var ætlazt, að þau hefðu, og að hann hafi fullkomlega staðið við afhendingarskyldu sína á pöntun stefnenda. Þó megi ef til vill segja, að mistök hafi orðið hjá afgreiðslumönnum stefnda, þegar ein fata af Weatherban 202 var afgreidd hinn 15. ágúst 1967, ef stefnendur hafa ætlazt til, að þá væri afgreidd til þeirra sú eina fata af Weatherban nr. 101, sem þeir pöntuðu.

Hins beri að gæta, að umbúðir beggja varanna voru merktar greinilega, þannig að það stóð með skýrum stöfum og stórum á Weatherban 202, að þar sé um þá vöru að ræða, en hins vegar var á Thiocol-efnið skráð skýrum stöfum Weatherban 101.

Starfsmenn stefnenda sjálfra hafi því getað gengið úr skugga um, hvort um rétta afgreiðslu væri að ræða, og áttu þá að skila aftur þeirri fötu eða nota hana í sama tilgangi og Ribbonseal Gun Grade-efnið.

Stefndi heldur því fram, að algerlega sé ósannað, að hann beri nokkra ábyrgð á bótum til stefnenda vegna þeirra svokölluðu galla, sem matsmenn hafi talið, að séu á ísetningu glersins í húsi stefnenda. Ef svo væri þó talið, að stefndi bæri einhverja ábyrgð, þá sé það raunverulega dómsins að skera úr um það, hvaða áhrif það gæti haft á meinta heildarfébótakröfu stefnenda, að stefndi ekki hefur afgreitt eina fötu af Weatherban 101 efninu.

Þá heldur stefndi því fram, að starfsmenn stefnenda hafi ekki

farið eftir þeim fyrirmælum, sem þeir fengu um meðferð efnisins. Starfsmenn stefnda hafi bent starfsmönnum stefnenda á, að efnið ætti ekki að nota til glerísetningar, nema með því að nota gúmmíborða EC 1202 til þess að styðja við glerið til varnar hreyfingu á því. Þetta hafi ekki verið gert, og er starfsmenn stefnda buðust til að útvega þessa gúmmíborða, þá hafi starfsmenn stefnenda neitað að nota þá. Í stað þess hafi þeir notað mun meira af Ribbonseal og Weatherban 202, en slíkt sé algerlega rangt með efnið farið og geti aldrei gert sama gagn.

Bæði það, að afgreiðsla stefnda á pöntun stefnenda var rétt, svo og hitt, að notkun efnisins var alröng og algerlega á ábyrgð starfsmanna stefnenda og þeirra sjálfra, leiði til þess, að sú meinta skaðabótaskylda, sem stefnendur vilja leggja á stefnda, eigi ekki við rök að styðjast, enda sé hér um alger verzlunarkaup að ræða, sem eigi ekkert skylt við samninginn á dskj. nr. 3.

Eins og hér að framan er greint frá, notuðu stefnendur efnið Weatherban 202 í stað Weatherban 101, sem þeir höfðu pantað. Samkvæmt tæknilegum upplýsingum, sem fylgja dskj. nr. 3, er Weatherban 101 Thiocol-efni, sem er 100% þurrefni, þykk fljótandi fyrir þéttingu og sem gúmmí eftir þéttingu.

Weatherban 202 inniheldur aftur á móti þynningarefni, sem er Xylol eftir þeim upplýsingum, sem prentaðar eru á umbúðir þess, og rýrnar því við þornun.

Hinir dómkvöddu matsmenn telja, að efnið Weatherban 202 uppfylli ekki þær kröfur, sem til þéttiefnisins voru gerðar í því tilviki, sem hér um ræðir, en það var að veita rúðunum þéttingu og aðhald. Hins vegar telja þeir, að samkvæmt fáanlegum upplýsingum hefði mátt ætla, að Weatherban 101 uppfyllti öll sett skilyrði. Ekkert hefur fram komið, sem hnekkir þessu áliti hinna sérfróðu manna.

Hinir dómkvöddu matsmenn hafa ekki treyst sér til að segja til um, hvort efnið Weatherban 202 hefði verið nothæft, ef öðrum ísetningaraðferðum glersins hefði verið beitt.

Það er álit hinna sérfróðu dómenda, að þótt notaðir hefðu verið gúmmíborðar til að styðja við glerið, hefði það ekki komið í veg fyrir þá galla, sem fram komu.

Þá hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendir til þess, að við ísetningu glersins hafi verið notaðar rangar aðferðir.

Samkvæmt þessu má telja nægilega sannað, að gallar þeir, sem fram hafa komið í sambandi við glerísetningu þá, sem hér um ræðir, verði eingöngu raktir til þess, að efnið Weatherban 202

var afhent og notað í stað efnisins Weatherban 101, sem pantað hafði verið.

Stefndi hefur haldið því fram, að starfsmönnum stefnenda hafi borið skylda til að kynna sér vörumerki efnisins, áður en byrjað var að nota það. Varan hafi verið greinilega merkt Weatherban 202, og hefði þeim því mátt vera ljóst, að verið var að nota rangt efni. Á þessari vanrækslu beri stefnendur sjálfir ábyrgð og megi þeir því sjálfum sér um kenna, hvernig fór.

Á þessa skoðun stefnda verður ekki fallizt. Upplýst er, að hvorki stefnendur né stefndi vissu, að Weatherban 202 hefði aðra eiginleika en Weatherban 101, og voru báðir í þeirri trú, að aðeins um eitt Weatherban-efni væri að ræða, sem væri að uppistöðu Thiocol án þynnis.

Stefnendur máttu treysta því, að stefndi, sem hafði sérfræðilega þekkingu á vörunni, afgreiddi það efni, sem þeim var boðið og samið var um að kaupa, sbr. dskj. nr. 3, og verður hann því að bera fébótaábyrgð á því tjóni, sem af afgreiðslumistökunum hlauzt, enda voru öll frekari viðskipti aðilja beint framhald af samningnum á dskj. nr. 3.

Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna á dskj. nr. 15 er tjón stefnenda metið sökum framangreindra mistaka kr. 112.274.00.

Matsgerðinni fylgir ítarleg sundurliðun á viðgerðarkostnaði á dskj. nr. 19. Hinir sérfróðu dómendur hafa yfirfarið þessa sundurliðun og finna ekkert athugavert við hana.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnendum kr. 112.274.00 auk 7% ársvaxta frá 1. september 1967 til greiðsludags og kr. 33.653.00 í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari, Hallgrímur Björnsson efnaverkfræðingur og Kristinn Sigurjónsson húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Stefndi, G. Þorsteinsson og Johnson h/f, Reykjavík, greiði stefnendum, Fálkanum h/f og Stáli h/f, Reykjavík, kr. 112.274.00 auk 7% ársvaxta frá 1. september 1967 til greiðsludags og kr. 33.653.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 6. febrúar 1970.

Ár 1970, föstudaginn 6. febrúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Grjótagötu 7 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Viggó Tryggvasyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A- 278/1970. Fálkinn h/f og Stál h/f gegn G. Þorsteinsson & Johnson h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 24/1968, svohljóðandi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður vegna Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 112.274.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1967 til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaðar, kr. 465.00, kr. 33.653.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola mætir Guðmundur Árnason, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki greiða, en samþykkir að gerðin fari fram hér.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsti fógeti yfir fjárnámi í húseigninni nr. 1 við Ármúla. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 17. maí 1971.

Nr. 56/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sigurjóni Hafnfjörð Siggeirssyni
(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1971.

Ár 1971, fimmtudaginn 1. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 164/1971: Ákæruvaldið gegn Sigurjóni Hafnfjörð Siggeirssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 18. marz 1971, gegn Sigurjóni Hafnfjörð Siggeirssyni, Bárugötu 22, Reykjavík, fæddum 4. maí 1946 í Reykjavík, „fyrir tékkafals, framið í Reykjavík miðvikudaginn 16. desember 1970, með því að standa að notkun eftirtalins tékka, útgefnum til handhafa, en við útgáfustað var stimplað: Þvottahús Vesturbæjar, á hlaupareikningsblað frá Búnaðarbanka Íslands. Tékka þennan falsaði ákærði Sigurjón og notaði tilbúin nöfn útgefanda og framseljanda, en af plaggi, sem ákærði fann í hlaupareikningstékkhefti því, er hann tók, varð ákærði þess vísari, að hlaupareikningsnúmer þvottahússins í bankanum var 1109, og skrifaði ákærði það númer á tékkann.

Tékkinn er: C. Nr. 30036, kr. 9.000.00, á hlaupareikning nr. 1109, dagsettur 18. des. 1970. Nafn útgefanda er ólæsilegt, nafn framseljanda Bogi Brynjar Jónsson. Tékka þennan seldi ákærði Búnaðarbanka Íslands og fékk hann greiddan að fullu.

Með þessum verknaði telst ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að hann verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar".

Árla morguns, eða um kl. 0600, þann 16. desember 1970 var ákærði á ferð um Ægisgötu, slæptur eftir drykkju. Brá hann sér inn í port þar til að kasta af sér vatni, og sá hann þá, að opið var inn í kjallara hússins, sem reyndist vera Þvottahús Vesturbæjar. Fór ákærði inn. Sá ákærði þar á borði liggja tékkhefti á Búnaðarbanka Íslands, og voru blöðin stimpluð með nafni Þvottahúss Vesturbæjar. Hafði ákærði tékkheftið á brott með sér. Seinna sama morgun, eða um kl. 1000, fór ákærði í Búnaðarbanka Íslands í Austurstræti og skrifaði þar einn tékka að fjárhæð kr. 9.000.00 úr hlaupareikningi þvottahússins nr. 1109, en það númer hafði hann séð á annarri ávísun, sem lá samanbrotin aftast í heftinu. Dagsetti hann ávísunina tvo daga fram í tímann, eða 18. desember 1970, og stílaði hana á handhafa. Undirskrift útgefanda er ólæsileg. Afhenti ákærði gjaldkeranum nú ávísunina, hann sendi ákærða með hana í bókun. Ákærði framseldi tékkann með nafninu Bogi Brynjar Jónsson. Fékk nú ákærði greiddar níu þúsund krónur, en þeirri fjárhæð eyddi ákærði í áfengi og skemmtanir.

Tékkheftið kveðst ákærði hafa rifið og fleygt í salernisskálina heima hjá sér.

Niðurstaða.

Með notkun tékkans með falsaðri nafnritun hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæru á hendur ákærða, Sigurjóni Hafnfjörð, fyrir skjalafals og þjófnað var hinn 22. júní 1964 frestað skilorðsbundið tvö ár. Síðan hefur hann sætt eftirtöldum refsidómum:

1965 8/11 7 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
1968 5/3 8 mánaða fangelsi fyrir gripdeild.
1969 1/12 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1970 10/6 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af fortíð hans ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Af hálfu Búnaðarbanka Íslands er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu tékkafjárhæðarinnar, og ber að taka kröfu þessa til greina.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði Búnaðarbankanum Íslands kr. 9.000.00.
Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1971.

Nr. 110/1970. **Fosskraft s/f**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Gústav Sigjónssyni
(Gunnar Möller hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kjarasamningar. Greiðsla fyrir akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí 1970, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu s. d. og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa gagna.

Kjarasamningar tókust eigi milli Bifreiðastjórafélagsins Mjölnis og áfrýjanda. Í reynd létu ráðamenn Bifreiðastjórafélagsins Mjölnis það viðgangast, að bifreiðastjórar félagsins framkvæmdu akstur þungaefnis fyrir áfrýjanda gegn þeirri gagngreiðslu, sem áfrýjandi bauð. Stefndi var einn þeirra bifreiðastjóra, sem í verki undirgekkst efnisflutning á vörubifreið sinni fyrir áfrýjanda undir nefndu skilorði. Hann tók við gagngjaldi því, sem áfrýjandi vildi af hendi inna fyrir aksturinn, og gaf áfrýjanda fyrirvaralausar kvittanir fyrir greiðslum. Þegar af ástæðum þeim, sem nú voru raktar, standa eigi lög til þess að taka bakreikninga hans á hendur

áfrýjanda til greina. Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda sýknu.

Rétt er að fella málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Fosskraft s/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Gústavs Sigjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 18. desember 1969.

Ár 1969, fimmtudaginn 18. desember, var á aukadómþingi Árnessýslu, sem haldið var í skrifstofu embættisins á Selfossi af fulltrúa sýslumanns, Snorra Árnasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 40/1969: Gústav Sigjónsson gegn Fosskraft s. e. f., sem dómtekið var hinn 11. þ. m.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 5. maí s.l., af Gústav Sigjónssyni bifreiðastjóra, Selfossi, á hendur firmanu Fosskraft s. e. f., Gnúpverjahreppi.

Gerir stefnandi í stefnu þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skuld að upphæð kr. 577.012.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júní 1968 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati réttarins. Við síðari meðferð málsins og útreikning Arngríms Guðjónssonar, forstjóra Vörubílastöðvar Selfoss, lækkaði stefnandi stefnukröfurnar í kr. 504.711.64.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hann hafi á árinu 1967 og fram til 1. júní 1968 ekið sandi fyrir stefnda úr Stapafelli á Reykjanesi og til Búrfellsvirkjunar fyrir kr. 719.002.00 árið 1967 og fyrir kr. 474.467.00 árið 1968 samkvæmt taxta Vörubílstjórafélagsins Mjölnis í Árnessýslu, en ekki fengið greitt nema kr. 384.200.00 árið 1967 og kr. 232.257.00 árið 1968, og vantaði því á, að hann hafi fengið greitt fyrir aksturinn samkvæmt taxta, kr. 577.012.00. Akstrinum lauk í maí 1968.

Síðastnefnd tala breyttist í kr. 504.711.64, sbr. áðurgreindan útreikning Arngríms Guðjónssonar, sem er á dómsskjali nr. 45, en hann er svohljóðandi:

„Ég undirritaður Arngrímur H. Guðjónsson framkv.stj., Birkivöllum 12, Selfossi, hefi yfirfarið alla reikninga yfir greiðslur Fosskraft s. e. f. til Gústavs Sigjónssonar bifreiðastjóra, Selfossi, snertandi akstur á sandi frá Stapafelli í Búrfell samkvæmt langferðataxta, sem lagður er fram í aukadómsmálinu í Árnessýslu nr. 40/1969: Gústav Sigjónsson gegn Fosskraft s. e. f. Hefi ég reiknað út að nýju hvern reikning miðað við gildandi langferðataxta (1. dálkur), sett greiðslur Fosskraft s. e. f. (2. dálkur) og loks mismun þessara tveggja talna (3. dálkur). Við hverja línu er vísað til viðeigandi dómsskjals:

	Akstur skv. taxta	Greiðsla Fosskrafts	Mismunur
Dskj. 19	40.597.20	20.981.52	19.615.68
— 20	48.146.40	26.129.00	22.017.40
— 21	20.062.80	10.332.00	9.730.80
— 22	102.754.80	55.384.55	47.370.25
— 23	26.920.80	14.273.00	12.647.80
— 24	20.516.40	11.123.00	9.393.40
— 25	46.983.60	24.791.76	22.191.84
— 26	47.750.40	21.495.56	26.254.84
— 27	52.761.60	30.240.00	22.521.60
— 28	14.522.40	8.210.16	6.312.24
— 29	36.259.20	20.255.76	16.003.44
— 30	68.162.40	37.926.00	30.236.40
— 31	21.988.80	12.448.80	9.540.00
— 32	42.152.40	22.987.00	19.165.40
— 33	77.320.80	41.352.24	35.968.56
— 34	31.053.60	15.004.00	16.049.60
— 35	67.194.00	30.785.65	36.408.35
— 36	99.648.00	44.886.24	54.761.76
— 37	59.680.80	30.348.00	29.332.80
— 38	59.155.20	29.819.72	29.335.48
— 39	21.312.00	14.414.40	6.897.60
— 43	26.409.60	16.459.20	9.950.40
d. 26. 6. 67			
Dskj. 42	27.828.00	14.822.00	13.006.00
d. 16. 09. 67			
	1.059.181.20	554.469.56	504.711.64

Niðurstaða:

Heildar akstur samkv. taxta vörubílstj.	kr.	1.059.181.20
Samanlagðar greiðslur Fosskraft s. e. f.	—	554.469.56
Mismunur kr.		504.711.64

Árið 1967 hefur Gústav Sigjónsson eftirtaldar tekjur hjá Fosskraft:

Af sandflutningum úr Stapafelli	kr.	312.432.51
Af tímavinnu reikn. d. 6. 6. '67	—	23.750.00
	kr.	336.173.51

Það ár gefur Fosskraft upp til skatts á launamiðum kr. 394.200.00.

Árið 1968 hefur Gústav í tekjur hjá Fosskraft kr. 242.046.05. Var það gefið upp til skatts á launamiða.

Selfossi, 6. desember 1969.

Arngrímur H. Guðjónsson".

Er þessum útreikningi ekki tölulega mótmælt af stefnda.

Nánari tildrög málsins eru samkvæmt greinargerð stefnanda þau, að stefnandi, sem verið hefur vörubifreiðastjóri á Selfossi og meðlimur í Vörubifreiðastjórafélaginu Mjölni í Árnessýslu, hefur rekið bifreiðina X 1806 og starfað að sandflutningum fyrir stefnda úr Stapafelli á Suðurnesjum og til Búrfellsvirkjunar 1967 og vorið 1968. Við þessa flutninga störfuðu þá fleiri bifreiðastjórar úr Vörubílstjórafélaginu Mjölni.

Vinnan var greidd með kr. 1.40 fyrir hvern tonn/km. Var greiðsla þessi að sögn stefnanda einhliða ákvörðuð af stefnda.

Voru þá auglýstir langferðataxtar Landssambands vörubifreiðastjóra þessir: „Kr. 18.34 pr. ekinn km að 7 tonnum = kr. 2.62 pr. tonn/km", sbr. dómsskjal nr. 7. Bifreið stefnanda ber 7 tonn, svo hún fellur undir þetta atriði taxtans. Munurinn á taxta og greiðslum stefnda eru því kr. 1.22 pr. tonn/km árið 1967. Taxtinn breytist frá og með 18. marz 1968, sbr. dómsskjal nr. 8, og verður þá kr. 21.45 pr. ekinn tonn/km með 7—7½ tonn, kr. 2.86 pr. tonn/km, og er þarna um mismun að ræða, kr. 1.46 pr. tonn/km.

Stefnandi telur sig ekki hafa gert samkomulag um þetta gjald við stefnda, en hann hafi hins vegar orðið að sætta sig við þessa greiðslu í bili, enda hafi hann verið sannfærður um, að stefndi mundi leiðrétta þetta síðar.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hann sé félagsmaður í Vörubifreiðastjórafélaginu Mjölni í Árnessýslu og sé bundinn af lögum þess og töxtum og að ekki hafi verið í gildi aðrir taxtar Landssambands vörubifreiðastjóra, sbrs. dómsskjal nr. 7 og 8, enda sé Mjölnir aðili að Landssambandi vörubifreiðastjóra, sem er í Alþýðusambandi Íslands.

Stefndi hefur byggt sýknukröfu sína á því, að samkomulag hafi verið gert við Vörubílstjórafélagið Mjölni í Árnessýslu um greiðslu á kr. 1.40 fyrir tonn/km, sbr. annan kafla á dómsskjali nr. 12, en 22. maí 1968 hafi gjald þetta hækkað í kr. 1.55.

Til stuðnings þessu hefur stefndi lagt fram óundirritaðan samning, dómsskjal 12, milli stefnda og Vörubílstjórafélagsins Mjölnis, en stefndi heldur því fram, að samningur þessi hafi að vísu aldrei verið undirritaður, en sé staðfesting á munnlegu samkomulagi stefnda og Vörubílstjórafélagsins Mjölnis.

Þá bendir stefndi og á það, að flestir reikningar frá stefnanda hafi verið í samræmi við ákvæði samningsins á dómsskjali nr. 12.

Í málinu hafa verið lögð fram af hálfu stefnda þrjú vottorð, dómsskjöl nr. 15—17.

Dómsskjal nr. 15 hljóðar svo:

„Það vottast hér með, að við undirritaðir, sem vorum í stjórn Vörubifreiðastjórafélagsins Mjölnis 1967, samþykktum taxta þá, er félagsmeðlimum voru greiddir af Fosskraft s. e. f. fyrir sandflutninga frá Keflavík til Búrfells á árinu 1967, þ. e. a. s. kr. 1.40 fyrir tonn/km.

Apríl 1969.

Sigurður Jónsson
Sveinn Sumarliðason".

Vottorðsgefandi Sigurður Jónsson hefur komið fyrir dóm hinn 8. september s.l. og staðfest undirskrift sína undir skjalinu og efni skjalsins sem rétt. Vitnið tók þá skýrt fram, að vottorðið sé gefið af honum sem einstaklingi, en ekki sem stjórnarmanni í Mjölni, en vitnið var stjórnarmeðlimur í Mjölni 1967—1968 og tók sem slíkt þátt í samningaviðræðum við stefnda.

Aðspurt í sama réttarhaldi, hvort samningur hafi náðst, sagði vitnið, að samningar hefðu ekki tekizt nema að nokkru leyti, þ. e. gagnvart tímavinnu, en ekki um sandflutning frá Stapafelli.

Þá hefur stefndi lagt fram vottorð, dómsskjal nr. 16, svohljóðandi:

„Það vottast hér með, að við undirritaðir tókum að okkur flutninga á steypusandi frá Keflavík að Búrfellsvirkjun fyrir Foss-

kraft s. e. f. fyrir umsaminn ákvæðistaxta, er nam á tonn/km kr. 1.40 árið 1967. Þáverandi stjórn Mjölnis var kunnugt um þetta samkomulag, enda tóku 5 af 7 stjórnarmeðlimum þátt í sandflutningunum. Þetta gjald, þ. e. a. s. kr. 1.40, gilti þar til á miðju ári 1968, að Vörubifreiðastjórafélagið Mjölnir samdi við Fosskraft s. e f. um nýjan taxta fyrir tonn/km, kr. 1.55.

Apríl 1969.

Þorsteinn Vigfússon, X 871
Sigurður Sigurðsson, X 573
Sverrir Sigmundsson, X 330
Sigurður Jónsson, X 191
Björn Kristjánsson, X 1947".

Enginn af vottorðsgefendum hefur komið fyrir dóm vegna vottorðs þessa nema fyrrgreindur Sigurður Jónsson.

Þá hefur stefndi lagt fram vottorð, dómsskjal nr. 17, svohljóðandi:

„Það vottast hér með, að við undirritaðir tókum að okkur flutninga á steypusandi frá Keflavík að Búrfellsvirkjun fyrir Fosskraft s. e. f. fyrir umsaminn ákvæðistaxta, er nam á tonn/km kr. 1.40 árið 1967. Þáverandi stjórn Mjölnis var kunnugt um þetta samkomulag, enda tóku 5 af 7 stjórnarmeðlimum þátt í sandflutningunum. Þetta gjald, þ. e. a. s. kr. 1.40, gilti þar til á miðju ári 1968, að Vörubifreiðastjórafélagið Mjölnir samdi við Fosskraft s. e. f. um nýjan taxta fyrir tonn/km kr. 1.55.

Apríl 1969.

Knútur Bjarnason
Bárður Brynjólfsson
Sveinn Sumarliðason
Sigurður Skúlason
Grímur Magnússon
Sigurður Guðmundsson".

Allir þessir vottorðsgjafar, að undanskildum Sveini Sumarliðasyni, hafa komið fyrir dóm og staðfest undirskriftir sínar og efni vottorðsins.

Vitnið Knútur Bjarnason segir m. a. svo fyrir dómi hinn 10. sept. s. l.:

„Vitnið segir, að keyrsla á sandi frá Stapafelli hafi byrjað síðasta laugardag í maí eða fyrsta laugardag í júní árið 1967. Fyrst var ekið á taxta, sem var 40% lægri en taxti fyrir langferðaakstur.

Vitnið segir, að Steinar Ólafsson hafi boðið sér og fleiri bíl-

stjórum hér á staðnum vinnuna á þessum ákveðnu kjörum. Vitnið segir, að ekki hafi verið um annað að ræða en taka boðinu, ella yrðu þeir atvinnulausir. Vitnið segir, að Steinar hafi snúið sér til þeirra bílstjóranna í Þorlákshöfn, 6 að tölu, og samið munnlega um aksturinn. Jafnframt töldu þeir sig fá meiri akstur hjá Fosskraft út á þetta, m. a. uppskipunarvinnu og flutning frá Þorlákshöfn, sem var greitt að mestu eftir langferðataxta. Pússningasandur, er var keyrður frá Þorlákshöfn, var fluttur að mestu leyti á langferðataxta.

Um sumarið 1967 var þeim vitninu og félögum þess í Þorlákshöfn, er þeir höfðu komið með sand að Búrfelli, sagt, að þeir gætu hætt akstri, því þeir væru búnir að fá tilboð um akstur fyrir kr. 1.40 pr. tonn/km. Var þeim þá gefinn kostur á að aka áfram fyrir 1.40 pr. tonn/km, og var það ákveðið.

Vitnið segir, að þegar þar var komið, hafi fleiri bílstjórar úr Mjölni verið farnir að aka sandi en þeir Þorlákshafnarmenn, og telur vitnið, að þeir hafi í öndverðu sett reikninga sína eins upp og Þorlákshafnarmenn og ef til vill fengið þá greidda þannig, en síðar hafi þeir orðið að sæta því, að gjaldið lækkaði í kr. 1.40 pr. tonn/km allan tímann.

Vitnið og félagar þess tóku þann kost að halda akstrinum áfram fyrir kr. 1.40 pr. tonn/km.

Vitnið og félagar þess hafa aldrei verið krafðir um endurgreiðslu á mismuni 40% afsláttar af langferðataxta og kr. 1.40 pr. tonn/km.

Vitnið segist hafa heyrt, að stjórn Mjölnis hafi gefið félögum innan Mjölnis heimild til að aka á þeim kjörum, sem þeir gætu hver fyrir sig fengið, eftir að stjórn Mjölnis hafði hætt samningaviðræðum.

Vitnið tekur fram, að þetta gæti verið sögusögn".

Lögð hefur verið fram í dóminum skýrsla vitnisins Steinars Ólafssonar tæknifræðings, starfsmanns stefnda, dómsskjal nr. 18, svohljóðandi:

Skýrsla Steinars Ólafssonar.

„20. 3. 1967 komu til mín á skrifstofu Fosskrafts í Búrfelli fjórir úr þáverandi stjórn Mjölnis og framkvæmdastjóri félagsins.

Var rætt um akstur í Búrfelli og einnig gert uppkast að samningi, þar sem gefinn var upp afsláttur af töxtum félagsins.

Þeir tóku fram, að þeir gætu ekki undirskrifað samninga, þar sem þeir fengju Landssambandið yfir sig, en allt, sem þeir segðu, stæðu þeir við.

Í apríl eða maí kom í ljós, að nauðsynlegt væri að sækja sand til Keflavíkur, og ég sneri mér þá til nokkurra bílstjóra úr Þorlákshöfn, og var samið um, að þeir ækju sandinum á taxta og gæfu 40% afslátt.

Það kom fljótlega í ljós, að verulegt magn þurfti að keyra, og það kom til athugunar að kaupa eigin bíla til sandflutninga.

Mjölnir hafði samband við okkur og óskaði eftir að taka að sér sandflutningana. Í ljós kom við akstur Þorlákshafnarbílanna, að tonn/km gjaldið var mjög mismunandi eftir stærð bílanna.

Við stungum þá upp á, að það yrði eitt fast km gjald, hvort sem bílarnir væru stórir eða litlir, sem næmi 1.40 aur. pr. tonn/km.

Eftir það var ekið á því gjaldi, þar til að það var hækkað á árinu 1968 með samningum við þáverandi stjórn Mjölnis.

Virðingarfyllst,

St. Ólafsson".

Skýrsluna staðfesti vitnið fyrir dómi hinn 8. september s.l., og segir í framhaldi af því m. a.:

„Aðspurður, hverjir hafi verið þeir fjórir úr þáverandi stjórn Mjölnis og framkvæmdastjóri, er komu til mætts, og segir hann, að það hafi verið þeir Róbert Róbertsson, Skúli Marteinsson, Sigurður Jónsson og framkvæmdastjóri Þór Þorbergsson. Nafn eins mannsins man mættur ekki nú, en kveðst geta upplýst það síðar. Er ekki viss um Skúla Marteinsson.

Aðspurður, hver hafi gert uppkast að umræddum samningi, segist mættur hafa ritað það niður, en samningur hafi ekki verið formlega saminn, heldur hafi mættur punktað hjá sér það, sem samkomulag náðist um. Mættur kveðst hafa verið einn af hálfu stefndu, þegar samkomulagið var gert.

Mættur segir, að það hafi verið þáverandi form. félagsins, Róbert Róbertsson, sem sagði:

„Við getum ekki skrifað undir, vegna þess að þá fáum við yfir okkur Landssambandið, en það, sem við segjum, stöndum við við".

Aðspurður segir mættur, að við þessa samningsgerð hafi ekki verið rætt um sandflutninga frá Stapafelli, enda hafi þeir ekki verið komnir til á þessum tíma.

Aðspurður segir mættur, að hann hafi snúið sér til Knúts Bjarnasonar í Þorlákshöfn varðandi vinnu bifreiðastjóra úr Þorlákshöfn og samið um milligöngu hans um, að þeir flyttu sand frá Stapafelli á 40% lægri taxta en langferðataxti Landssambands

vörubifreiðastjóra. Knútur hafði milligöngu milli mætts og bifreiðastjóranna í Þorlákshöfn.

Aðspurður, hvenær samkomulagið við Þorlákshafnarbifreiðastjóra féll niður, kveðst mættur ekki muna, hvenær það var, en getur upplýst það.

Aðspurður, hverjir af hálfu Mjölnis hefðu rætt við mættan til samkomulags út af sandkeyrslunni, segir mættur, að það hafi verið Róbert Róbertsson form. og Þór Þorbergsson framkv.stjóri. Viðtöl þessi fóru yfirleitt fram í síma.

Mættur telur, að þessir menn hafi samþykkt taxtann, kr. 1.40 pr. tonn/km.

Mættur segir, að framan af hafi Þór Þorbergsson komið með reikninga til Fosskrafts frá bifreiðastjórunum og fengið þá greidda þar.

Aðspurður um, hvaða competens mættur hafi haft við samningagerð við bifreiðastjórana, kveðst mættur hafa annazt samningsgerðina ásamt Páli Sigurjónssyni, en Bo Larsen hafi undirritað þá yfirleitt, enda hafi hann verið þeirra yfirmaður, sem tók ákvarðanir.

Aðspurður, hvaða tildrög urðu að gerð dómsskjals nr. 12, segir mættur, að Mjölnismenn hafi farið fram á hækkun á gildandi samkomulagi vegna aukins rekstrarkostnaðar bifreiða.

Krafan var borin fram af framkvæmdastjóra Mjölnis, Arngrími Guðjónssyni.

Viðræður um málið urðu, og voru Arngrímur Guðjónsson og Björgvin Sigurðsson frá Mjölni, en mættur og Páll Sigurjónsson f. h. Fosskrafts.

Aðspurður segir mættur, að hann og Páll hafi gert samning dskj. 12. Aðspurður um, af hverju samningur dskj. 12 var ekki undirritaður, segir hann, að hann viti það ekki fyrir víst, en vitnar til þess, er áður greinir.

Mjölnismenn vildu ekki undirrita vegna Landssambandsins, en tekur fram, að verið geti, að Páll Sigurjónsson geti upplýst þetta nánar.

Mættur tekur fram, að þar sem á dómsskj. 12 og í skýrslu hans á dómsskj. 18 sé rætt um Keflavík, sé átt við Stapafell í sambandi við sandflutningana.

Aðspurður kveðst mættur hafa samið dómsskjöl nr. 15—17. Aðspurður, hvort hann hafi gengizt í það að fá þau undirrituð, kveður hann það ekki svo, en Knútur Bjarnason hafi séð um undirskr. á dómsskj. 17, en Sigurður Jónsson hafi annazt hin.

Aðspurður, hvort Þorlákshafnarbílstjórar hafi haft meiri vinnu við virkjunarframkvæmdir en aðrir Mjölnismenn, kveðst mættur ekki geta sagt um það, nema athuga það nánar. Ráðningarmenn bíla voru Guðm. Axelsson og síðar Guðmundur Gíslason.

Aðspurður, hvort nokkrum þeirra manna, sem undirrituðu dómsskjöl 15—17, hafi verið boðin nokkur hlunnindi vegna þess, segir mættur, að svo sé ekki".

Hinn 10. september s.l. kom fyrir dóm vitnið Páll Sigurjónsson verkfræðingur, starfsmaður stefnda.

Vitnið staðfestir, að það og Steinar Ólafsson hafi samið samningsuppkastið, dómsskjal nr. 12, og segir það enn fremur m. a.:

„Vitninu er sýnt dómsskjal nr. 12. Kveðst vitnið ásamt Steinari Ólafssyni hafa samið samningsuppkastið. Taldi vitnið, að þá hefði verið búið að semja um þau atriði, er áður höfðu ekki legið ljós fyrir.

Vitnið óskaði eftir að fá samninginn undirritaðan, en af einhverjum ástæðum, sem vitninu eru ekki kunnar, vildu Mjölnismenn ekki undirrita hann.

Vitnið vill ekki fullyrða, að búið hafi verið að útbúa samningsuppkastið á fundinum. Vitnið telur, að ekki hafi verið efnislegur ágreiningur um uppkastið, en segir, að Mjölnismenn hafi fullyrt, að samningurinn væri í fullu gildi, þótt hann væri ekki undirritaður.

Vitnið segir, að aðalefni samningaviðræðnanna hafi upprunalega verið að semja um kjaraefnið, en síðan, strax á fyrsta fundi, hafi Mjölnismenn óskað eftir hækkun á gildandi samningi fyrir sandkeyrslur.

Vitninu var kynntur framburður Arngríms Guðjónssonar, þar sem hann telur, að ekki hafi náðst samningar milli Fosskrafts og Mjölnis, og kveður dómsskjal nr. 12 ekki í samræmi við það, sem rætt var á fundinum. Vitnið heldur fast við það, að það álíti, að samningar hafi tekizt, eins og dómsskjal nr. 12 segir um.

Dómsskjöl nr. 15—17 eru sýnd vitninu. Vitnið kveðst hafa séð þessi skjöl en ekki tekið þátt í því að semja þau né afla undirskrifta á þau. Vitnið vill ekkert tjá sig um efni skjalanna".

Að tilhlutan dómara var lagður fram í dóminum útdráttur úr fundagerðarbók Vörubílstjórafélagsins Mjölnis, dómsskj. 40.

Kemur þar í ljós, að á öllu tímabilinu frá 1966 til 1968 hefur mikið verið rætt bæði á stjórnarfundum og almennum félagsfundum um samningsumleitanir milli félagsins og stefnda, þar sem komið var fram, að stefndi greiddi ekki eftir auglýstum taxta

Landssambandsins, en í bókunum félagsins kemur hvergi fram, að samningar hafi náðst.

Vitnið Róbert Róbertsson kom fyrir dóm hinn 1. október s.l., og segir meðal annars svo í framburði þess:

„Vitnið mætir þá aftur og skýrir svo frá, að það hafi í marz 1967, dagana 16., 17. og 20., farið að Búrfelli til viðræðna við Fosskraft. Áður mun Fosskraft hafa hringt til Þórs Þorbergssonar og óskað eftir viðræðum. Alls fór vitnið 9 ferðir samtals í Búrfell, og í öllum tilfellum nema einu voru fleiri menn frá Mjölni.

Vitnið segir, að á þessum fundum hafi ekkert samkomulag náðst um garðavinnuna, en einhvers konar samkomulag varð um tímavinnu. Ekkert var skriflegt um þetta.

Varðandi sandkeyrsluna segir vitnið, að félagsmenn í Mjölni hafi samið bak við Mjölni um sandkeyrsluna og þannig gert stjórninni ómögulegt að standa að samningsgerð fyrir félagið. Vitnið segir, að engir samningar hafi verið gerðir milli Fosskrafts og Mjölnis um sandkeyrsluna.

Hafi einhverjir samningar verið gerðir, þá hafi það verði við einstaka félagsmenn, en ekki Mjölni.

Vitnið kveðst ekki muna glöggt þær umræður, sem urðu um sandkeyrsluna, en ekkert samkomulag náðist, og að lokum tilkynnti vitnið sem formaður Mjölnis, að sandkeyrslan væri hér með gefin með öllu frjáls. Þetta var 22. ágúst 1967, og tilkynnti vitnið Steinari Ólafssyni þetta. Um leið ukust flutningar eða fleiri bílar tóku þátt í þeim, og var eins og opnuð væri flóðgátt þar.

Nánar tiltekið er átt við, að stjórn Mjölnis hefði ekki frekari afskipti af málinu.

Ofanskráðar upplýsingar eru teknar úr dagbók vitnisins.

Vitnið segir aðspurt, að það hafi ekkert unnið hjá Fosskraft".

Vitnið var formaður Mjölnis tímabilið 13. febrúar 1966 til 28. janúar 1968.

Vitnið Steinar Ólafsson mætir fyrir dómi sama dag, samprófað við vitnið Róbert, og segir svo:

„Aðspurt, hvort vitnið muni eftir því samtali, sem hér að ofan greinir 22. ágúst 1967. Vitnið kveðst ekki muna eftir samtalinu, en kveðst ekki vefengja framburð vitnisins Róberts um, að það hafi átt sér stað.

Vitnin eru sammála um, að ekki hafi verið rætt um greiðslur fyrir sandflutninga milli Mjölnis og Fosskrafts, eftir að umrætt samtal fór fram, þar til Róbert lét af formannsstörfum".

Vitnið Þór Þorbergsson kom fyrir dóm 24. september, en það var framkvæmdastjóri Mjölnis frá því í marz 1965 til miðsumars 1967, og segir svo m. a.:

„Aðspurt kveðst vitnið hafa haft svo til engin afskipti af samningum um sandflutninga frá Stapafelli að Búrfelli.

Vitnið kveðst þó minna, að það hafi rukkað inn reikninga fyrir sandflutninga.

Skýrsla Steinars Ólafssonar, dómsskjal 18, er lesin upp fyrir vitninu.

Vitnið kveðst hafa verið á mörgum fundum með Steinari og þar verið rætt um ýmsan akstur, m. a. í varnargarð, og var leitað eftir samningum við Fosskraft. Vitnið kveðst ekki minnast þess, að sandflutningar frá Stapafelli hafi komið til umræðu þar. Vitnið taldi, að Fosskraft hefði sjálft samið við bílstjóra úr Þorlákshöfn um sandflutningana. Mikill úlfaþytur varð í félaginu út af sandflutningum Þorlákshafnarmanna. Fundur var haldinn í Mjölni, þar sem talað var um að reka Þorlákshafnarmenn úr félaginu, en síðan voru teknir fleiri bílar, og minnir vitnið, að Steinar hafi ráðið bíla til þessarar keyrslu. Vitnið minnir, að það hafi hringt í Arnar Árnason og Magnús Þorbergsson eftir beiðni frá Fosskraft og beðið þá að aka. Að öðru leyti kveðst vitnið ekki hafa haft afskipti af sandflutningunum. Vitnið hafði heyrt, hvaða taxti var notaður, og mun vitnið hafa greitt eitthvað af reikningum fyrir bílstjóra til Fosskrafts.

Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa handskrifað reikninga, dómsskjöl 22—39, en telur líklegt, að það hafi vélritað reikninga, dómsskjöl nr. 19—21.

Aðspurt segir vitnið, að félagið Mjölnir hafi ekki gert tilboð í sandkeyrslu á kr. 1.40, og vitnið kveðst ekki vita til þess, að neinir félagar úr Mjölni hafi gert það.

Vitnið segir, að sér hafi verið fullkunnugt um, að reikningar vegna sandflutninga væru gerðir með afslætti, eins og reikningarnir sýna, og var það eitt af starfi vitnisins að útbúa reikninga og innheimta þá, þegar óskað var.

Aðspurt kveðst vitnið hafa farið með reikninga til Fosskrafts, Fosskraft síðan breytt þeim á staðnum, svipað og fram kemur á dómsskjali nr. 24".

Vitnið Arngrímur Guðjónsson kom fyrir dóm 8. september s.l., en það hefur verið framkvæmdastjóri Mjölnis síðan í nóvember 1967, og segir það m. a. svo:

„Aðspurður um afskipti hans af samn. fyrir Mjölni um greiðslu

fyrir akstur, segir vitnið, að eftir að það tók við framkv.stjórn, hafi verið reyndir samningar milli Fosskrafts og Mjölnis, en þeir ekki tekizt.

Vitnið segir, að málið hafi verið rætt á nokkrum fundum og hafi verið komið samkomulag um viss atriði í væntanlegum samningi.

Síðan hafi Fosskraft sent Mjölni uppkast af samningi. Við athugun á samningi hafi komið í ljós, að hann var ekki í samræmi við það, sem rætt var á fundunum. Vitnið kveðst hafa farið með uppkastið til Steinars Ólafssonar og óskað eftir leiðréttingu á uppkastinu, en því hafi alveg verið hafnað. Dskj. nr. 12 er sýnt vitninu, og staðfestir það, að það sé hinn sami samningur, sem því var sendur. Aðspurt um, hvaða atriði í kafla 2 í samningum hafi valdið ágreiningi, segir vitnið, að það hafi aðallega verið liður 2,2, en gagnvart lið 2,1 ekki skipta miklu máli verðmismunurinn, þar sem því hafi áður verið lýst yfir, að sandkeyrslan væri svo til búin.

Aðspurt segir vitnið, að greiðslur af hálfu Fosskrafts s. e. f. hafi ekki farið fram skv. samningi, og telji vitnið, að um einhliða ákvörðun Fosskrafts hafi verið að ræða. Aðspurt kveður vitnið, að þegar það tók við starfi sínu hjá Mjölni, þá hafi ekki verið neinir samningar í gildi, að því er vitnið áleit, milli Fosskrafts og Mjölnis.

Aðspurt kveðst vitnið telja, að stjórn Mjölnis hafi verið kunnugt um það, á hvern hátt greiðslum til félagsmanna fyrir flutning á steypuefni frá Stapafelli til Búrfells hafi verið háttað, er það hóf störf hjá félaginu.

Vitnið segir, að sér sé ekki kunnugt um, að neinn félagsmaður Mjölnis hafi verið látinn sæta viðurlögum af þessu tilefni. Aðspurt, hvort greiðslur þær frá Fosskraft til bifreiðastjóra hafi verið taldar fullnaðargreiðslur, segir vitnið, að það telji líklegt, að Fosskraft hafi talið þetta fullnaðargreiðslur, en gagnvart félagsmönnum Mjölnis segist vitnið ekki geta um sagt, en tekur fram, að það álíti, að að minnsta kosti ekki allir félagsmenn hafi talið svo vera. Aðspurt, hvort vitnið hafi innheimt reikninga frá félagsmönnum í Mjölni á hendur Fosskraft, kveðst vitnið hafa gert það, en þó ekki nema að litlu leyti. Aðspurt kveðst vitnið í sumum tilfellum hafa útbúið reikninga fyrir félagsmenn Mjölnis á hendur Fosskraft. Aðspurt, hvernig útfærsla á þessum reikningum hafi verið háttað, t. d. í sambandi við sandflutningana, segir vitnið, að þá hafi verið lagt til grundvallar kr. 1.40 pr. tonn/km.

Aspurt, hvort vitnið telji, að reikningar, gerðir á öðrum grundvelli, hefðu verið greiddir, segist vitnið telja, að svo hafi ekki orðið. Aðspurt segir vitnið, eftir því sem það bezt veit, að það gildi sami taxti á félagssvæði Mjölnis og á félagssvæði Þróttar í Reykjavík.

Vitninu eru sýnd dskj. nr. 15—17, og aðspurt kveðst það aldrei hafa séð þau áður og félagið hafi ekki staðið að þessari undirskriftarsöfnun, og telur vitnið þau óviðkomandi félaginu og ekki bindandi fyrir það".

Eins og áður er rakið, byggir stefnandi kröfur sínar á gildandi langferðataxta Landssambands vörubifreiðastjóra, en stefndi sýknukröfu sína á því, að annar samningur hafi tekizt milli Vörubílstjórafélagsins Mjölnis, félags stefnanda, og stefnda um umrædda sandkeyrslu, en samkvæmt þeim samningi hafi stefndi fengið að fullu greitt fyrir vinnu sína sbr. dskj. nr. 12.

Úrlausnarefni þessa dóms verður því það atriði, hvaða samningur hafi verið í gildi milli aðilja á tímabili því, er stefnandi ók í þágu stefnda, og telur dómarinn sig hafa vald (competens) til þess að dæma það, sbr. dóm Hæstaréttar, dómasafn XL, bls. 916.

Eins og að framan er rakið, er það ljóst, að enginn skriflegur samningur hefur verið gerður milli Vörubílstjórafélagsins Mjölnis og stefnda um frávik frá auglýstum taxta Landssambands vörubifreiðastjóra, sem Vinnuveitendasamband Íslands hefur samþykkt, sbr. dómsskjal nr. 41, en samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 skulu allir samningar milli stéttarfélags og atvinnurekenda um kaup og kjör vera skriflegir.

Samkvæmt þessu lagaákvæði skiptir það ekki máli, hvort munnlegir samningar hafi tekizt milli Vörubílstjórafélagsins Mjölnis og stefnda, enda ósannað, að svo hafi verið.

Verður því að fallast á það með stefnanda, að taxtar Landssambands vörubifreiðastjóra hafi gilt á því tímabili, sem um ræðir í máli þessu, og eigi hann því kröfu á greiðslu á vinnu sinni samkvæmt taxtanum, þótt stefndi hafi talið, að hann væri búinn að samþykkja tilboð sitt um að aka á lægra gjaldi, þar sem 7. gr. laga nr. 80/1930 bannar samninga milli einstakra verkamanna við atvinnurekendur að svo miklu leyti sem þeir fara í bága við samninga stéttarfélagsins, enda hafi stéttarfélagið ekki samþykkt þá. Eins og fram hefur komið í málinu, hefur stéttarfélagið Vörubílstjórafélagið Mjölnir ekki samþykkt þá.

Verður því að taka kröfu stefnanda til greiðslu á kr. 504.711.60,

sem er ekki tölulega mótmælt, að fullu til greina ásamt 7% vöxtum frá 1. júní 1968 til greiðsludags og málskostnaði, kr. 75.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Fosskraft, s. e. f., greiði stefnanda, Gústav Sigjónssyni, kr. 504.711.60 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júní 1968 til greiðsludags og kr. 75.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1971.

Nr. 45/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ársæli Guðjónssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt fæðingarvottorði ákærða, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er hann fæddur 5. desember 1945.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðum 4. febrúar 1965, var ákærði dæmdur í 3.000.00 króna sekt fyrir ölvunarakstur og sviptur ökuleyfi 8 mánuði. Hefur brot þetta ítrekunaráhrif á brot það, sem um er fjallað í máli þessu, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar, en svipta ber ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærða ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00. Annar áfrýjunar-

kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, enda hefur af hálfu ákæruvalds verið fallið frá kröfu á hendur ákærða um greiðslu frekari áfrýjunarkostnaðar en málsvarnarlauna.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði, Ársæll Guðjónsson, er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00, en annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Neskaupstaðar 18. febrúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., er með ákæru, dags. 4. febrúar 1971, höfðað af saksóknara ríkisins á hendur Ársæli Guðjónssyni iðnnema, Blómsturvöllum 43, Neskaupstað, fæddum 5. desember 1945 í Reykjavík, fyrir að aka síðdegis mánudaginn 13. október 1969 undir áhrifum áfengis og neyta áfengis við akstur bifreiðinni N 306 frá Reyðarfirði um Eskifjörð til Neskaupstaðar og þar um götur í kaupstaðnum, unz lögreglan stöðvaði frekari akstur ákærða við kirkjugarðinn.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlag nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1965 4/2 í Reykjavík: Dómur: 3.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 8 mánuði, fyrir brot á fengislögum og umferðarlögum.

1965 6/3 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1965 21/10 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Mánudaginn 13. október 1969 var lögreglunni í Neskaupstað tilkynnt í síma, að grunur léki á því, að ákærði væri að aka bifreið sinni, N 306, undir áhrifum áfengis.

Hjálmar Ólafsson lögreglumaður hóf þegar leit að bifreiðinni og ákærða og fann hana eftir skamma stund við bifreiðaverkstæði Gylfa Gunnarssonar hér í Neskaupstað.

Áður en lögreglumaðurinn næði til að stöðva ákærða, ók hann út í kaupstað.

Lögreglumaðurinn ók á eftir ákærða, sem ók bifreiðinni N 306, í dálítilli fjarlægð. Ákærði ók að húsinu Þiljuvöllum 19 og hleypti þar farþega út, og ók ákærði síðan út að kirkjugarði og stöðvaði þar, en vegurinn lá ekki lengra.

Lögreglumaðurinn hafði þar tal af ákærða. Hafi ekki farið milli mála, að ákærði var töluvert ölvaður.

Lögreglumaðurinn óskaði eftir því, að ákærði kæmi til blóðrannsóknar, og var ákærði fús til þess.

Niðurstaða alkóhólrannsóknar var sú, að í blóði ákærða fundust reducerandi efni, er samsvara 1.70‰ af alkóhóli.

Lögreglumaðurinn kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu sína.

Ákærði kom fyrir dóminn og kvað skýrslu lögreglumannsins rétta.

Ákærði viðurkenndi að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Ákærði kvaðst muna óskýrt, hvort hann drakk við aksturinn, en rengdi ekki það, sem segir um drykkju við aksturinn frá Reyðarfirði, en í skýrslunni segir, að ákærði „kvaðst hafa drukkið á leiðinni heim".

Ákærði kvaðst hafa verið að koma frá Reyðarfirði og hafa ekið bifreiðinni.

Hafi hann ekið eitthvað út í Neskaupstað og síðan að verkstæði Gylfa Gunnarssonar. Þaðan að Þiljuvöllum 19 og síðan að kirkjugarðinum.

Svo sem að framan er rakið, er brot ákærða fullsannað, bæði með játningu hans sjálfs, framburði lögreglumannsins og niðurstöðu alkóhólrannsóknar.

Þykir brot ákærða varða við þau lagaákvæði, sem greind eru í ákæru. Verða því kröfur ákæruvaldsins teknar til greina að öllu leyti.

Svo sem fyrr greinir, var ákærði með dómi, uppkveðnum 4. febrúar 1965, sviptur ökuleyfi í 8 mánuði.

Ekki þykja ítrekunaráhrif því koma til greina hér.

Refsing sú, sem ákærði hefur til unnið, þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969 hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómarinn getur þess, að hann hafi fengið mál þetta í hendur 27. janúar 1971.

Gísli Einarsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Ársæll Guðjónsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. maí 1971.

Nr. 219/1970. **Rósa Guðnadóttir**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Halli Hallssyni, Amalíu Skúladóttur,
Skúla Hallssyni og Huldu M. Hallsdóttur
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1970 og krafizt þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið, synjað verði um framgang hinnar kröfðu gerðar og stefndu dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar úrskurðar fógeta og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Rósa Guðnadóttir, greiði stefndu, Halli Hallssyni, Amalíu Skúladóttur, Skúla Hallssyni og Huldu M. Hallsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 19. október 1970.

Gerðarbeiðendur, Hallur Hallsson, Vallargerði 38, Skúli Hallsson, Karfavogi 31, Amalía Skúladóttir, Vallargerði 38, og Hulda M. Hallsdóttir, hafa krafizt þess, að gerðarþoli, Rósa Guðnadóttir, verði borin út úr húsnæði, sem hún hefur undanfarið haft til afnota í húsinu nr. 8 við Brúnaveg hér í borg. Gerðarbeiðendur hafa krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar. Hún hefur krafizt þess, að gerðarbeiðendur verði in solidum úrskurðaðir til að greiða sér málskostnað. Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fór fram 30. september s.l.

Það er komið fram í málinu, að gerðarþoli, Rósa Guðnadóttir, og einn gerðarbeiðenda, Skúli Hallsson, gengu í hjónaband 23. október 1943. Þau fengu skilnað að borði og sæng með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 16. júní 1950, og hefur leyfisbréfið komið fram í máli þessu sem rskj. 12. Fram hefur verið lagt endurrit af hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur frá 24. maí s. á., þar sem fram kemur, að maðurinn samþykki forræði konunnar yfir börnum þeirra tveim og enn fremur, að hún héldi leigurétti að íbúð þeirra, óátalið af honum. Sjá hér rskj. 5.

Gerðarþoli hefur búið síðan í íbúð þessari, sem er í viðbyggingu við húsið Brúnaveg 8. Eru þetta 3 herbergi, eldhús og baðherbergi.

Þá liggur fyrir í máli þessu bréf, sem dagsett er 21. október

1963, rskj. 9. Þar er gerðarþola hótað uppsögn á húsnæði þessu frá og með 14. maí 1964, ef hún láti ekki af stöðugum „ófrið og ágangi", eins og í bréfinu segir. Hefur Magnús Fr. Árnason hæstaréttarlögmaður gefið vottorð hér að lútandi, sjá rskj. 10. Hann skýrir svo frá, að Hallur Hallsson tannlæknir, sem nú er látinn, hafi komið á sinn fund 21. október 1963 og beðið sig að skrifa Rósu Guðnadóttur, Brúnavegi 8, áminningarbréf vegna ófriðar og ágangs hennar og skyldi látið varða uppsögn pr. 14. maí 1964, ef áframhald yrði á því. Segist Magnús ekki vita betur en Hallur hafi sent Rósu bréf þetta, þegar það hafði verið ritað á skrifstofu hans (Magnúsar).

Þá liggur fyrir sem rskj. 2 uppsögn, undirrituð af öllum gerðarbeiðendum, dagsett 24. nóvember 1969, og er gerðarþola þar sagt upp til rýmingar 14. maí 1970 afnotum íbúðar þeirrar, sem hún hefur til afnota að Brúnavegi 8. Var uppsögn þessi birt gerðarþola með stefnuvottum 2. janúar 1970, sbr. vottorð stefnuvottanna, ritað á skjalið.

Byggist útburðarkrafan á uppsögn þessari. Gerðarþoli hafi engan eignarrétt á húsnæði þessu, enda þótt hún hafi aldrei verið krafin um leigu.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að gerð þessi nái fram að ganga. Hún skýrir svo frá, að þá er þau Skúli Hallsson gengu í hjónaband árið 1943, hafi verið reist fyrir þau viðbygging við húsið Brúnaveg 8 og hafi Skúli annazt bygginguna að nokkru. Þessi bygging hafi verið tilbúin haustið 1944 og var þeim hjónum þá afhent til íbúðar. Þau hafi ekki fengið formlega eignarheimild af hagkvæmnisástæðum, en aldrei hafi þau greitt neitt fyrir afnotin, meðan þau voru í hjónabandi. Nú hafi Skúli hlaupizt af heimilinu á árinu 1949 og nokkru síðar krafizt skilnaðar að borði og sæng og í því sambandi hafi forráð barnanna fallið í hennar hlut og að samkomulagi hafi svo orðið, að afnotaréttur að húsnæðinu félli til hennar við skilnaðinn. Hafi tengdaforeldrar hennar líka talið þetta sjálfsagt. Kveðst gerðarþoli síðan hafa haldið afnotarétti þessum óátalið af öllum. Um leigu hafi aldrei verið að ræða, enda hafi byggingin verið reist af Skúla og foreldrum hans í sameiningu, enda um að ræða framlag foreldra hans til heimilisstofnunar þeirra og til þess ætlazt, að þau og börn þeirra nytu þessa í sameiningu. Gerðarþoli getur þess, að hún muni ekki til að hafa fengið bréf samhljóða rskj. 9.

Guðni Guðnason héraðsdómslögmaður, bróðir gerðarþola, hefur gefið vottorð í málinu og mætt sem vitni. Hann kveðst hafa verið

umboðsmaður systur sinnar við skilnað hennar og Skúla Hallssonar. Hafi þá komið til umræðu réttur þeirra til húsnæðisins að Brúnavegi 8 og ákveðið, að hann félli til hennar og barnanna, og þetta hafi verið vilji tengdaforeldra hennar, þeirra Halls Hallssonar eldra og Amalíu Skúladóttur, að breyting yrði engin á högum hennar og barnanna við skilnaðinn. Skúli Hallsson hafi hvorki þá né síðar gert neitt tilkall til þessara réttinda í sínar hendur. Guðni segir, að byggingu þessa hafi þau Hallur og Amalía reist fyrir son sinn og tengdadóttur, er þau gengu í hjónaband, og afhent þeim til umráða og afnota. Ekki hafi verið um leiguafnot að ræða eða neinar greiðslur, hvorki meðan hjónaband þetta hélzt né síðan, heldur afnot þessi byggzt á sérstöku samkomulagi, og álit allra hafi verið, að því yrði ekki breitt nema með samþykki allra hlutaðeigandi. Guðni skýrir svo frá, að nægilegt hafi verið talið aðilja á milli, að skilnaðarskilmálar væru munnlegir, og liggja þeir því ekki fyrir skriflega.

Gerðarbeiðendur hafa skilað aðiljaskýrslu í máli þessu. Þau benda á, að Skúli Hallsson hafi ekki getað heitið gerðarþola neinu varðandi leigurétt í húsi, sem hann átti ekki sjálfur. Þau mótmæla þeim skilningi gerðarþola, að þótt húsið hafi í upphafi verið reist fyrir þau Skúla til íbúðar, gefi það henni ótímabundinn leigurétt án tillits til breyttra aðstæðna. Sú hafi heldur ekki verið skoðun fyrrverandi tengdaföður hennar, en hann hafi ritað henni bréf, þar sem henni var hótað uppsögn. Þá benda þau á það, að gerðarþoli hafi engar athugasemdir gert við uppsagnarbréfið á rskj. 2, sem hún fékk í janúarbyrjun s.l., fyrri en eftir það að rýmingardagur var liðinn.

Gerðarbeiðendur Hallur Hallsson og Skúli Hallsson hafa báðir mætt sem aðiljar í máli þessu. Gerðarþoli hefur skýrt svo frá, að hún telji, að gerðarbeiðandi Amalía Skúladóttir muni vera andsnúin úrburðarmáli þessu. Fyrir liggja í máli þessu læknisvottorð á rskj. 6, 13 og 14, og ber læknum þessum saman um, að Amalía sé ófær um það, heilsu sinnar vegna, að mæta fyrir rétti til skýrslugjafar. Þótti því ekki gerandi að leita eftir aðiljaskýrslu hennar, en hún hefur undirritað uppsögnina á rskj. 2, svo og hefur hún ritað undir umboð til Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, sem fer með mál þetta f. h. gerðarbeiðenda. Hefur Magnús sýnt umboð þetta í réttinum. Nafnritunum þessum hefur ekki verið mótmælt sem röngum. Upplýst er í málinu, að húseignin Brúnavegur 8 er öll þinglýst eign gerðarbeiðenda, allt frá árinu 1969, en áður var hún þinglýst eign Halls L. Hallssonar.

Enda þótt afnot gerðarþola að húsnæði þessu hafi nú staðið á þriðja áratug, leigulaust, þykir ekki fullyrðandi, að hún hafi með fullri vissu mátt vænta þess, að henni væru þar fyrirbúin afnot lengur en gerðarbeiðendum sýndist. Hefur hún heldur ekki getað sýnt fram á neina samninga eða viljayfirlýsingar hér að lútandi. Þykir ekki verða hjá því komizt að telja, að þessum afnotum gerðarþola hafi mátt slíta með tíðkanlegum uppsagnarfresti um íbúðir, miðað við venjulega flutningsdaga. Hefur slík uppsögn komið fram í máli þessu. Samkvæmt þessu verður útburðarkrafa gerðarbeiðenda tekin til greina.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðendum kr. 4.000.00 í málskostnað.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðenda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðendum kr. 4.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. maí 1971.

Nr. 55/1971. **Útvegsbanki Íslands**
gegn
Pétri Kjartanssyni og
Guðbjarti Pálssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Kyrrsetning. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 14. apríl 1971 hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði fógetadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp hinn 5. apríl 1971. Barst málið Hæstarétti 22. apríl 1971.

Krefst sóknaraðili, sem gerðist meðalgönguaðili í héraði, að synjað verði um framgang löghaldsins.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerðir né kröfur.

Kyrrsetning verðmæta þeirra, sem um er að tefla í málinu, var framkvæmd í fógetadómi Reykjavíkur hinn 16. marz 1971. Henni hefur eigi verið haldið til laga samkvæmt 20. gr. laga nr. 18/1949. Jafnvel þótt litið væri svo á, að hinn kærði úrskurður frá 5. apríl 1971 væri endurnýjun á áðurnefndri kyrrsetningargerð, þá hefur henni ekki heldur verið haldið til laga miðað við uppsögudag þess úrskurðar. Eðlilegast er að prófa kröfu sóknaraðilja í staðfestingarmáli, ef kyrrsetning verður reynd á nýjan leik. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er eigi efni til að framkvæma lausnargerð samkvæmt 25. gr. nefndra laga. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Sóknaraðili, sem gerðist meðalgönguaðili í máli þessu í héraði, krefst aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framgang löghaldsins, en til vara, að löghald verði aðeins heimilað í víxlum þeim, sem eru í vörzlum sóknaraðilja, og þá að geymdum betra rétti hans sem handveðshafa.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerðir.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa til Hæstaréttar, sbr. a og b liði 3. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Með þessum forsendum er ég sammála dómsorði meiri hluta dómenda.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 5. apríl 1971.

Þær réttarkröfur eru gerðar af hálfu gerðarbeiðanda, Péturs Kjartanssonar, Lindargötu 38, að löghald fari fram í eignum gerðarþolans, Guðbjarts Pálssonar, Bragagötu 38.

Eru löghaldskröfurnar þessar: Kr. 250.000.00 með 1% dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 2. marz 1971 á mánuði til greiðsludags, málskostnaður í væntanlegu staðfestingarmáli ásamt öllum kostnaði við gerð þessa, eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð, ef til kemur, til tryggingar tékkakröfunni að fjárhæð kr. 250.000.00, á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Samkvæmt samkomulagi lögmanns gerðarbeiðanda og gerðarþola var löghaldsmál þetta fyrst tekið fyrir á skrifstofu borgarfógeta 4. marz s.l. og síðan haldið áfram á sama stað.

Lögmaður gerðarbeiðanda, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, krafðist í fyrsta þinghaldi málsins löghalds í tveimur bifreiðum, annarri af tegundinni Mercedes Benz, árgerð 1966 eða 1967, og hinni af tegundinni Taunus-station, árgerð 1968, sem geymdar væru í A skála H/f Eimskipafélags Íslands við Reykjavíkurhöfn. Gerðarþoli samþykkti löghaldið í téðum bifreiðum og lofaði að koma með farmskírteini hinna tveggja bifreiða, þegar þingað yrði aftur í málinu 8. marz s.l. Málið var tekið fyrir 8. marz s.l., 10. marz s.l. og 12. marz s.l., og var eingöngu um fresti að ræða. Þegar þingað var í málinu 16. marz s.l., þá benti gerðarþoli samkvæmt kröfu lögmanns gerðarbeiðanda einnig á eftirfarandi eignir til löghalds:

A. Víxil, útgefinn af Gunnari Jenssyni og ábakinn af sama, en samþykktan af Kolbrúnu Svavarsdóttur, Selásdal, að fjárhæð kr. 194.000.00, með gjalddaga í maí n. k.

B. Víxil, útgefinn af gerðarþola, en samþykktan af Kolbrúnu Svavarsdóttur, Selásdal, að fjárhæð kr. 41.800.00, með gjalddaga 20. marz 1971.

C. Sparisjóðsbók gerðarþola við Útvegsbankann, Kópavogi, nr. 11621, með innstæðu nú kr. 51.499.00.

D. Fimm víxla, samþykkta af Oddi E. Ásgrímssyni, hvern að fjárhæð kr. 3.000.00, með gjalddögum 20. marz, 20. apríl, 20. maí, 20. júní og 20. júlí 1971, og einn víxil, samþykktan af sama, að fjárhæð kr. 4.000.00, með gjalddaga 20. ágúst 1971.

Samkvæmt upplýsingum gerðarþola eru ofangreindir víxlar og sparisjóðsbók undir liðum A-D incl. í vörzlum Útvegsbankans í Kópavogi.

Fógeti lýsti yfir löghaldi í framangreindum viðskiptabréfum samkvæmt ábendingu gerðarþola og kröfu lögmanns gerðarbeiðanda, og var málinu þar með lokið í fógetadóminum.

Gerðarþoli kom aldrei með í dóminn farmskírteini það, er hann

lofaði í fyrsta þinghaldi málsins, og gerði lögmaður gerðarbeiðanda enga athugasemd við það.

Málið var tekið upp að nýju 22. marz s.l. samkvæmt beiðni lögmanns gerðarbeiðanda með tilvísun til 20. gr. laga nr. 18/1949 og samþykki fógeta til að gefa Útvegsbanka Íslands kost á meðalgöngu, sbr. dskj. nr. 3.

Í þinghaldi 24. marz s.l. lagði Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður fram greinargerð í máli þessu. Rakti hann málavexti varðandi viðskiptabréf þau, er gerðarþoli vísaði á til löghalds og eru í vörzlum Útvegsbankans í Kópavogi, og gerði þær dómkröfur, að réttur Útvegsbanka Íslands sé því ekki til fyrirstöðu, að löghald umbjóðanda hans (gerðarbeiðanda) gangi fyrir hverjum þeim rétti, sem Útvegsbanki Íslands kann að telja sig eiga yfir fyrrgreindum viðskiptabréfum. Málskostnaðar er krafizt úr hendi gagnaðilja. F. h. meðalgönguaðiljans mætti í þessu þinghaldi Axel Kristjánsson hæstaréttarlögmaður. Í þinghaldi 25. marz s.l. lagði lögmaður Útvegsbanka Íslands fram greinargerð sína og gerði þær kröfur aðallega, að krafa gerðarbeiðanda um löghald í tilteknum víxlum og sparisjóðsbók, sem handveðsett sé umbjóðanda hans, nái ekki fram að ganga, en varakröfur eru þær, að löghald verði aðeins gert í hinum tilgreindu víxlum, og þá að geymdum betra rétti meðalgönguaðiljans sem handveðshafa. Málskostnaðar er krafizt in solidum úr hendi gerðarbeiðanda og gerðarþola. Lögmaður meðalgönguaðiljans heldur því fram, að gerðarþoli hafi afhent umbjóðanda hans umrædda víxla til tryggingar skuldum hjá Útvegsbanka Íslands í Kópavogi. Ekki telur lögmaðurinn neinn skriflegan gerning hafa verið gerðan um handveðsetningu víxlanna, enda óþarfi, þar sem afhending slíkra viðskiptabréfa sé nægileg til þess, að handveðsréttur stofnist. Sparisjóðsbókina kveður nefndur lögmaður undanþegna kyrrsetningu og vísar í því sambandi á 21. gr. laga nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands.

Málflutningur í máli þessu fór fram 30. marz s.l., og var málið að honum loknum tekið til úrskurðar.

Í málflutningi gerir lögmaður gerðarbeiðanda þær dómkröfur, að kveðið verði á um, að ekki hafi stofnazt handveð handa meðalgönguaðilja, og gangi því löghald það, sem gert var 16. marz s.l., fyrir hugsanlegum réttindum meðalgönguaðilja. Lögmaður meðalgönguaðilja ítrekaði aðalkröfur og varakröfur, sbr. dskj. nr. 7. Enginn málflutningur fór fram af hálfu gerðarþola. Lögmenn

gerðarbeiðanda og meðalgönguaðilja féllu frá málskostnaðarkröfum sínum.

Það, sem um er deilt í máli þessu, er, hvort meðalgönguaðilinn, Útvegsbanki Íslands, eigi handveðsrétt í víxlum þeim og sparisjóðsbók, sem löghald hefur verið gert í, eður ei og hvort meintur handveðsréttur eigi að koma í veg fyrir, að löghaldið í umdeildum viðskiptabréfum nái fram að ganga, og einnig hvort 21. gr. laga nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands beri að skilja á þá leið, að kyrrsetning sé óheimil í sparisjóðsbókinni.

Því hefur verið haldið fram af meðalgönguaðilja, að hann eigi handveðsrétt í téðum víxlum og nægi afhending þeirra til hans til, að handveðsréttur hafi stofnazt, og séu skriflegir gerningar óþarfir í því tilefni og eigi löghaldið því ekki fram að ganga. Fyrir utan að umrædd sparisjóðsbók sé handveðsett, telur meðalgönguaðili kyrrsetningu í henni óheimila, eins og fyrr segir.

Lögmaður gerðarbeiðanda telur, að handveðsréttur hafi ekki stofnazt, hvorki í víxlunum né í sparisjóðsbókinni, enda kvaðalausar eignir gerðarþola samkvæmt yfirlýsingu hans.

Í aðiljaskýrslu sinni lýsir gerðarþoli því yfir, að umræddir víxlar hafi verið til innheimtu í Útvegsbankanum og hvorki hafi verið samið um veðsetningu né bankinn óskað eftir slíkri veðsetningu. Einnig heldur gerðarþoli því fram, að sparisjóðsbókin hafi heldur ekki verið veðsett, og því óskar gerðarþoli þess, að löghaldsgerðin nái fram að ganga, og vitnar til umboðs síns til lögmanns gerðarbeiðanda, sbr. dskj. nr. 8.

Útibússtjóri Útvegsbanka Íslands í Kópavogi kom fyrir dóminn 29. marz s.l. Í skýrslu hans kemur fram, að hann telur umdeilda víxla ásamt bankabókinni vera að handveði við bankann, þar til gerðarþoli hafi greitt að fullu skuldir sínar við bankann. Aðspurður til tryggingar hvaða skuldum umrædd viðskiptabréf væru handveðsett bankanum, svaraði útibússtjórinn því, að þetta væri til tryggingar öllum skuldum og ábyrgðarskuldum gerðarþola við bankann, án þess að nefna neina fjárhæð.

Í munnlegum málflutningi taldi lögmaður gerðarbeiðanda, að sá, sem bæri fyrir sig handveðsrétt, yrði að sanna veðsamninginn og sérstaklega viljayfirlýsingu veðsalans. Aftur á móti taldi lögmaður meðalgönguaðilja, að handhöfnin ein veitti svo sterkar líkur fyrir stofnun handveðs viðskiptabréfs, að sá, sem neitaði því, að veð hefði stofnazt, bæri sönnunarbyrðina.

Um veðgerninga er ekki sett neitt skilyrði, að þeir skulu vera formbundnir, og getur munnlegur gerningur verið jafngildur

skriflegum. Fram hefur komið í málinu, að enginn skriflegur veðsamningur var gerður, en hvort munnlegur veðgerningur hafi stofnazt, er ekki vitað, því að þar stangast fullyrðing á móti fullyrðingu.

Dómurinn lítur svo á, að þar sem ekkert hefur komið fram um, að handveð hafi stofnazt í umdeildum víxlum eða sparisjóðsbók og hvorki neinar líkur né sannanir hafa komið fram fyrir viljayfirlýsingu gerðarþola um handveðsstofnun í téðum viðskiptabréfum, þá verði krafa meðalgönguaðiljans ekki tekin til greina um það atriði, og ekki getur dómurinn fallizt á þá skoðun, að afhending viðskiptabréfa í banka nægi til þess, að handveðsréttur stofnist.

Varðandi það umdeilda atriði, hvernig túlka skuli 21. gr. laga nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands, sem hljóðar svo: „Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar", þá er það álit dómsins með vísan til forsendna dóms Hæstaréttar í kærumálinu nr. 5/1967, sem upp var kveðinn 9. janúar 1967, að nefnd 21. grein komi ekki í veg fyrir, að löghald verði gert í sparisjóðsbók gerðarþola. Samkvæmt framanrituðu verða aðalkröfur og varakröfur meðalgönguaðiljans því ekki teknar til greina.

Löghaldsheimildir gerðarbeiðanda virðast fullnægja kröfum laga um, að löghaldið nái fram að ganga þrátt fyrir varnarástæður meðalgönguaðiljans, og verður löghaldið, sem gert var 16. marz s.l., því látið fram ganga í þeim viðskiptabréfum, sem þar eru greind og umdeild eru í máli þessu, á ábyrgð gerðarbeiðanda fyrir þeim kröfum, sem í gerðarbeiðninni greinir og eru í vörzlum Útvegsbanka Íslands í Kópavogi.

Fallið hefur verið frá málskostnaðarkröfum.

Haukur Davíðsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin löghaldsgerð í viðskiptabréfum þeim, er gerðarþoli vísaði á til löghalds í fógetadóminum 16. marz 1971 og eru í vörzlum Útvegsbankans í Kópavogi, fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Föstudaginn 28. maí 1971.

Nr. 40/1970. **Dánarbú Helga Benediktssonar**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Olíuverzlun Íslands h/f
(Magnús Fr. Árnason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Helgi Benediktsson látizt og dánarbú hans tekið við málinu.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 2. janúar 1970, en útivistardómur gekk í því máli 2. febrúar s. á. Áfrýjandi skaut málinu aftur til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1970 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962. Krefst áfrýjandi þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að dómsfjárhæðin lækki í kr. 80.571.88 auk vaxta og málskostnaðar sem í héraðsdómi greinir. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þar á meðal skýrslur löggiltra endurskoðenda um könnun á bókhaldi stefnda varðandi viðskipti aðilja.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Með skírskotun til þess, sem í héraðsdómi greinir og skýrslna hinna löggiltu endurskoðenda, verður lagt til grundvallar, að skuld áfrýjanda við stefnda, sem eigi hefur áður verið dæmt um, nemi kr. 80.571.88. Eigi eru sönnur að því leiddar, að krafa þessi sé niður fallin fyrir fyrningu, og

verður því áfrýjanda dæmt að greiða stefnda það fé með vöxtum, svo sem í héraðsdómi greinir.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, dánarbú Helga Benediktssonar, greiði stefnda, Olíuverzlun Íslands h/f, kr. 80.571.88 með 7% ársvöxtum frá 15. marz 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. nóvember 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. október s.l., hefur Olíuverzlun Íslands h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. marz 1966 og birtri 15. s. m., gegn Helga Benediktssyni kaupmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu eftirstöðva skuldar samkvæmt viðskiptareikningi, kr. 81.175.88, ásamt 7% ársvöxtum frá 15. marz 1962 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Í greinargerð á dskj. nr. 4 gerir stefndi upphaflega þær dómkröfur, að máli þessu verði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Hinn 27. desember 1967 var kveðinn upp úrskurður um frávísunarkröfuna, þar sem henni var hrundið.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar nú, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Umboðsmaður stefnanda lýsir málavöxtum svo, að haustið 1961 hafi stefnandi falið sér að innheimta fjóra víxla, samtals að fjárhæð kr. 114.500.00. Dómur hafi verið kveðinn upp í víxilmálunum þann 9. desember 1961 og stefndi dæmdur til að greiða víxlana ásamt vöxtum og kostnaði. Þá hafi stefnandi einnig falið sér að innheimta víxil að fjárhæð kr. 50.000.00 hjá stefnda og

hafi dómur gengið í því máli 2. júní 1962, þar sem stefndi hafi verið dæmdur til að greiða víxilinn með vöxtum og kostnaði. Enn segir hann, að stefnandi hafi nokkru síðar falið sér að innheimta hjá stefnda skuld samkvæmt viðskiptareikningi að fjárhæð kr. 304.812.31. Komið hafi í ljós, að framangreindir víxlar, sem dómar voru fengnir fyrir, hafi verið færðir stefnda til skuldar á viðskiptareikningnum. Þar sem viðskipti stefnanda við stefnda hafi haldið áfram um nokkurt skeið, eftir að dómar gengu í víxilmálunum, hafi stefndi haldið því fram, þegar gera hafi átt fjárnám fyrir kr. 114.500.00 samkvæmt fyrrgreindum dómi, að hann væri búinn að greiða þá víxla, sbr. dóm Hæstaréttar 3. júní 1964. Skuldina samkvæmt hinum dóminum, kr. 50.000.00, greiddi stefndi upp. Umboðsmaður stefnanda kveðst nú, þegar hann höfðaði mál gegn stefnda út af skuldinni á viðskiptareikningnum, hafa dregið frá höfuðstólnum kr. 114.500.00 og kr. 50.000.00 svo og kr. 1.348.00, sem verið hafi vextir og kostnaður af víxlunum. Stefnukrafan hafi þannig numið kr. 138.964.31. Héraðsdómur hafi nú dæmt stefnda til að greiða stefnanda þessa fjárhæð og hafi sá dómur verið staðfestur í Hæstarétti, en vegna þess, hvernig Hæstiréttur hafi dæmt í fjárnámsmálinu (dómur 3. júní 1964), þ. e. leyfi aðeins fjárnám fyrir kr. 33.324.12, en ekki allri kröfunni, kr. 114.500.00, en full fjárhæðin hafi verið dregin frá, áður en málið samkvæmt viðskiptareikningnum hafi verið höfðað, verði um mismun að ræða upp á kr. 81.175.88, en það sé einmitt stefnukrafan í máli þessu.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í máli þessu á því annars vegar, að með dómi Hæstaréttar 19. janúar 1966 hafi viðskipti stefnda við stefnanda verið endanlega upp gerð til ársins 1962. Hins vegar reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að ef um einhverja skuld kynni að vera að ræða, þá væri hún fyrnd, þar sem hann hafi eigi átt viðskipti við stefnanda síðan í desember 1961 samkvæmt dskj. nr. 2.

Skal fyrst vikið að hinu síðarnefnda atriði, sem stefndi reisir sýknukröfu sína á, þ. e. að ef um skuld væri að ræða, þá væri hún fyrnd.

Af viðskiptareikningi, sem lagður hefur verið fram sem dskj. nr. 2 í málinu, sést, að viðskipti málsaðilja hafa staðið frá marzbyrjun 1959 til 1. október 1962. Stefna er hins vegar útgefin í málinu 9. marz 1966. Samkvæmt þessu er fyrningarfrestur ekki liðinn, þegar stefnt er í málinu, en fyrningarfrestur er í þessu tilfelli 4 ár frá áramótum 1962—1963 að telja.

Skal þá athuguð hin fyrrgreinda ástæða, sem stefndi reisir sýknukröfu sína á, þ. e. að endanleg viðskipti málsaðilja til 1962 hafi verið gerð upp með uppkvaðningu dóms Hæstaréttar 19. janúar 1966. Samkvæmt áðurgreindum viðskiptareikningi stefnda hjá stefnanda á dskj. nr. 2, sem, eins og áður greinir, nær frá marzbyrjun 1959 til 1. október 1962, nemur skuld stefnda við stefnanda kr. 304.812.31. Hafi þá verið færðir til gjalda á reikningnum víxlar þeir, kr. 50.000.00 og kr. 114.500.00, sem dómar höfðu gengið um, auk vaxta og kostnaðar, kr. 1.348.00. Til tekna hafa aftur á móti verið færðar greiðslur, kr. 81.175.88, sem samkvæmt hæstaréttardóminum frá 3. júní 1964 skyldu ganga til lúkningar dómsskuldunum. Að leiðréttum viðskiptareikningnum um þessar fjárhæðir nemur skuld stefnda samkvæmt honum kr. 220.140.19 (þ. e. kr. 304.812.31 ÷ 50.000.00 ÷ 114.500.00 ÷ 1.348.00 + 81.175.88).

Af ástæðum, sem að framan hafa verið raktar, var af hálfu stefnanda aðeins stefnt fyrir kr. 138.964.31 af þessari skuld, og kemur þannig fram mismunur, kr. 81.175.88, sem er stefnukrafan í þessu máli (kr. 220.140.19 ÷ 138.964.31).

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður á hvoruga sýknuástæðu stefnda fallizt, enda hefur ekkert annað komið fram í málinu, sem leitt gæti til þeirrar niðurstöðu. Verða úrslit málsins því þau, að stefnukröfurnar verða teknar til greina, þó þannig, að vextir ákveðast 6% ársvextir frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00, og er þá tekið tillit til málskostnaðar í frávísunarþætti málsins.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Skaftasyni, löggiltum endurskoðanda, og Jóhanni J. Ólafssyni kaupmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Olíuverzlun Íslands h/f, kr. 81.175.88 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. marz 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. maí 1971.

Nr. 69/1970. **Halldór Gunnarsson**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Djúpbátnum h/f
(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1970. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða kr. 4.651.12 með 7% ársvöxtum frá 4. janúar 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Gegn andmælum stefnda eru ekki færðar sönnur að því, að svo hafi um samizt, að áfrýjandi skyldi vera kominn til Bergen hinn 19. október 1963. Hins vegar varð nokkur dráttur á afhendingu skipsins, sem áfrýjandi hafði ekki ástæðu til að gera ráð fyrir, þegar hann lagði af stað frá Ísafirði hinn 13. október. Þykir rétt að telja áfrýjanda til tekna í viðskiptum aðilja aukakostnað hans af þeim sökum, sem ákveðst kr. 2.500.00. Og eins og málum er háttað, verður að telja, að áfrýjanda beri laun og greiðsla fyrir uppihaldskostnað þá tvo daga, sem flugferðalag tók frá Ísafirði til Bergen um Reykjavík, samtals kr. 1.860.00 (1.000.00 + 60.00 + 800.00). Að öðru leyti ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um kröfu stefnda, en fjárkrafa áfrýjanda á hendur stefnda kemur því eigi til greina. Um málskostnað fer, svo sem síðar greinir.

Úrslit málsins verða því þau, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda kr. 9.728.88 (14.088.88 ÷ 2.500.00 og 1.860.00) með 7% ársvöxtum frá 17. apríl 1967 til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði

stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Halldór Gunnarsson, greiði stefnda, Djúpbátnum h/f, kr. 9.728.88 með 7% ársvöxtum frá 17. apríl 1967 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar 14. febrúar 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var laugardaginn 14. febrúar 1970, hefur Djúpbáturinn h/f, Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþingi Ísafjarðar með stefnu, útgefinni 22. marz 1967, gegn Halldóri Gunnarssyni skipstjóra, Austurvegi 13, Ísafirði.

Eftir ákvörðun formanns sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar og með samþykki málsaðilja var málið flutt úr bæjarþingi Ísafjarðar í sjó- og verzlunardóm Ísafjarðar, þar sem eðlilegra þótti, að málið væri rekið fyrir þeim dómstóli.

A. Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 14.088.88 auk 7% ársvaxta frá 1. desember 1963 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

B. Stefndi hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og gagnstefnt aðalstefnanda til greiðslu á kr. 4.651.12 með 7% ársvöxtum frá 4. janúar 1964 til greiðsludags svo og krafizt þess, að aðalstefnanda verði gert að greiða sér málskostnað í aðalsök og gagnsök að skaðlausu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum gagnstefnanda og að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í gagnsök samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Málavextir.

I. Um kröfur stefnanda á hendur stefnda.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld hafa stofnazt haustið 1963, er stefndi var ráðinn hjá stefnanda til þess að sækja sem skipstjóri m/s Fagranes, sem nýlokið var við að smíða í Florö í Noregi. Í ferð þessari hafi úttekt stefnda orðið hærri en laun hans, sem nemur stefnufjárhæðinni.

Stefnandi hefur lagt fram yfirlitsreikning á dskj. nr. 3, og samkvæmt honum er úttekt stefnda kr. 26.764.20, en innlegg kr. 12.675.32, og mismunur þessarar fjárhæðar er stefnukrafan.

Auk þess telur stefnandi, að stefndi skuldi Matthíasi Bjarnasyni í sambandi við þessa ferð kr. 4.992.00, en mál vegna þeirrar skuldar er nú rekið sérstaklega fyrir bæjarþingi Ísafjarðar og skuld þessi talin fram á dskj. nr. 10 af lögmanni stefnda svo og önnur úttekt, sem svarar til framangreindrar fjárhæðar.

Stefnandi byggir kröfur sínar á yfirlitsreikningi frá Matthíasi Bjarnasyni, forstjóra Djúpbátsins h/f, sem lagður hefur verið fram á dskj. nr. 3, og kemur hann heim og saman við framangreint yfirlit lögmanns stefnda að frádregnum áðurgreindum kr. 4.992.00 og nokkrum liðum, sem vikið verður að síðar.

Stefnandi kveðst hafa ítrekað gert tilraun til innheimtu á skuldinni svo og lögmaður hans, en stefndi ekki haft uppi neinar ákveðnar mótbárur gegn stefnukröfunum.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að þegar stefndi var ráðinn til þess að sækja m/s Fagranes, þá hafi hann farið að eigin ósk til Kaupmannahafnar þann 16. október 1963 og notað þann tíma, sem hann dvaldist þar, fyrir sjálfan sig og verið miklu lengur en þörf var á samgangna vegna og eigi því ekki rétt á launum fyrir þann tíma, sem hann dvaldist þar.

Stefnda sé reiknað kaup frá 30. október til 19. nóvember 1963, en hann hafi komið til Florö þann 29. október 1963.

Dagana þar á undan hafi stefndi verið á ferðalagi ásamt konu sinni um Kaupmannahöfn, Osló og Bergen og þann tíma ekki verið á launum hjá stefnanda.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi greitt allt fæði fyrir stefnda um borð í m/s Fagranesi svo og uppihaldskostnað stefnda og konu hans á Viktoria Hotell dagana 30. október til 5. nóvember 1963 og fyrir stefnda einan dagana 6.—11. nóvember s. á. og uppihald fyrir konu stefnda hafi verið greitt umfram skyldu að mestu leyti.

Stefnandi heldur því fram, að kaup stefnda hafi verið miðað við samninga, er giltu í október 1963 milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 14. febrúar 1961, og þá verið kr. 8.880.00 á mánuði. Með þeim hækkunum, sem orðið hefðu á þessu kaupi fram í október/nóvember 1963 var það komið upp í kr. 12.349.00 á mánuði, eða kr. 411.63 á dag auk 6% orlofs, en stefnda reiknaðar kr. 500.00 á dag auk orlofs samkvæmt dskj. nr. 3. Á sama tíma hafi verið

í gildi samningur milli stefnanda og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar, en þar séu engin ákvæði um flutning á skipum milli landa. Þegar samið hafi verið um kaup milli aðilja, hafi orlof verið samkvæmt landslögum 6% af launum. Þá heldur stefnandi því fram, að stefndi hafi engin rök fært að því, að aðrir samningar giltu um laun til stefnda aðrir en að framan getur.

II. Um gagnkröfur stefnda á hendur stefnanda.

Stefndi skýrir svo frá málsatvikum í aðalatriðum:

Hann kveðst hafa í byrjun októbermánaðar 1963 átt símtal við konu framkvæmdastjóra stefnanda og fengið þau skilaboð, að hann ætti sem skipstjóri að sækja m/s Fagranes til Florö í Noregi og vera kominn þangað 19. október 1963. Nefnd kona, Kristín Ingimundardóttir, kom fyrir dóminn sem vitni og kvaðst ekkert símtal hafa átt við stefnda um þetta leyti.

Þann 13. s. m. hafi hann farið frá Ísafirði til Reykjavíkur og átt pantað flugfar hjá Loftleiðum h/f þann 15. s. m. Þann dag var honum tilkynnt frá Loftleiðum, að hann kæmist ekki þann dag, en boðið far daginn eftir Kaupmannahöfn — Osló — Bergen fyrir sama verð og hann tekið því. Forstjóri stefnanda, Matthías Bjarnason, hafi fallizt á þessa breytingu á ferðaáætluninni.

Þegar stefndi var staddur í Reykjavík, átti hann viðtal við framangreindan framkvæmdastjóra stefnanda, og hafði hann þá óskað eftir því, þar sem búast mátti við töfum á afhendingu m/s Fagraness, að stefndi sneri aftur til Ísafjarðar, sem hann neitaði að gera, og þá hafi framkvæmdastjórinn fallizt á, að stefndi færi utan 16. október. Stefndi heldur því fram samkvæmt vottorði Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar á dskj. nr. 11, að skipstjóra, sem ferðast þar frá ráðningarstað til skips, beri laun frá og með þeim degi, er sú ferð hefst. Eigi hann því kröfu til launa frá 13. október 1963 og honum verði ekki kennt um, þótt ferðin hafi tekið lengri tíma en áætlað var, enda hafi komið í ljós, að smíði skipsins hafi seinkað.

Stefndi heldur því fram, að það hafi ekki verið samið sérstaklega um kaup við hann um að sækja skipið, enda giltu engir samningar á Ísafirði um það, er ráðning fór fram. Hann telur því, þar sem engir samningar hafi gilt fyrir aðilja málsins um launakjör sín, að honum sé heimilt að setja fram eigin kröfu um sanngjarnt kaup og vitnar þar til laga nr. 39/1922, 5. gr., og er krafa hans kr. 700.00 á dag. Þessa kröfu styður hann enn fremur þeim rökum, að sótzt hafi verið eftir að fá að sækja umrætt skip, og

þegar svo hátti til, sé þeim, sem ráðnir eru til verksins, betur launað, hvað sem öllum samningum líði.

Stefndi reiknaði sér í uppihaldskostnað kr. 400.00 á dag í 22 daga, eða samtals kr. 8.800.00.

Þá telur stefndi, að hann eigi rétt á þessum launum og uppihaldskostnaði allan tímann, sérstaklega vegna þess að hann hafi verið búinn að ráða annan mann í sinn stað vestur á Ísafirði.

Samkvæmt framanrituðu kveðst stefndi eiga gagnkröfu á hendur stefnanda, að frádregnum uppihaldskostnaði, að fjárhæð kr. 8.800.00, en upphaflega krafa hans í gagnstefnu var kr. 12.851.12. Enn fremur telur hann, að honum hafi sézt yfir að færa sér til tekna kr. 600.00 undir liðnum ýmislegt á dskj. nr. 3 og verði samkvæmt þessu stefnukrafan kr. 4.651.12 í gagnsök.

Gagnkröfu þessari hefur aðalstefnandi mótmælt. Hann telur, að yfirlitsreikningur á dskj. nr. 3 sé réttur, enda hafi hann engum andmælum sætt af hendi gagnstefnanda og gagnstefnandi aldrei talið til skuldar hjá aðalstefnanda vegna viðskipta þeirra fyrr en nú með gagnsök.

Aðalstefnandi hefur mótmælt kaupkröfu gagnstefnanda um kr. 700.00 á dag og lagt fram ljósrit af bréfi frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna á umræddu tímabili, eins og áður greinir, um kaup skipstjóra. Þá heldur aðalstefnandi því fram, að gagnkröfur gagnstefnanda séu of seint fram komnar, þótt hann hefði einhvern tíma átt einhvern rétt á þeim, og sérhver sjálfstæð krafa út af skiptum þessum, sem hér er dæmt um, sé fyrnd þann 12. febrúar 1968.

Gagnsök.

Með tilliti til þess, að gagnstefnandi lauk vinnu sinni hjá gagnstefnda þann 20. nóvember 1963 og að málsskjöl, sem gagnkrafan er gerð í, eru lögð fram þann 12. febrúar 1968 verður samkvæmt 1. tl. 3. gr. og 11. gr. laga nr. 14 frá 20. október 1905 að fallast á, að gagnkrafan, kr. 4.651.12, sé fyrnd, og ber því af þeirri ástæðu að sýkna aðalstefnanda af þessari kröfu gagnstefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Aðalkröfur.

Aðalstefnandi hefur lagt fram yfirlit um viðskipti aðilja á dskj. nr. 3, og hefur því ekki verið mótmælt sérstaklega, enda hefur aðalstefndi lagt það til grundvallar reikningi sínum til aðalstefnanda að öðru leyti en liði þá um kaup, orlof, uppihald og fargjald eiginkonu aðalstefnda með Loftleiðum h/f, og er því ekki deilt um aðra liði yfirlitsins.

Ósannað er, að mótmæli gegn þessum fjórum liðum hafi komið fram fyrr en í máli þessu í gagnstefnu. Rétt er þó að rekja rökstuðning aðalstefnanda varðandi þessa liði.

1. Kaup.

Aðalstefnandi reiknar aðalstefnda laun, kr. 500.00 á dag í 21 dag, frá 30. október til 19. nóvember 1963. Byggir hann útreikning sinn á samningi milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 14. febrúar 1961, sem gilti í október 1963. Kaup skipstjóra, er sóttu skip til útlanda, var við samningsgerðina kr. 8.880.00 á mánuði. Með þeim hækkunum, sem orðið höfðu á þessu kaupi fram í október—nóvember 1963, var það komið upp í kr. 12.349.00, sbr. dskj. nr. 18, eða kr. 411.63 á dag auk 6% orlofs. Þessa fjárhæð, kr. 411.63, hefur aðalstefnandi við útreikning sinn á kaupi aðalstefnda hækkað upp í kr. 500.00 á dag auk orlofs.

Fyrir dóminum hefur aðalstefndi lýst því yfir, að ekki hafi verið samið um kaup, áður en skipið var sótt.

Aðalstefnandi staðhæfði hins vegar fyrir dóminum, að miðað hefði verið við framangreinda samninga, sbr. dskj. nr. 18 og 19, þegar ráðning fór fram, og hefur mótmælt kröfu aðalstefnda um kr. 700.00 á dag í laun. Aðalstefndi hefur ekki mótmælt því, að hann hafi verið skráður sem skipstjóri hjá aðalstefnanda samkvæmt framangreindum samningum.

Aðalstefnda eru reiknuð laun fyrir tímabilið 30. október til 19. nóvember 1963. Hann kom til Florö í Noregi, þar sem hann átti að taka við m/s Fagranesi, að kvöldi 29. október og telur aðalstefnandi, að svo hafi verið um samið, að aðalstefndi tæki ekki laun, fyrr en hann mætti til skips.

Aðalstefndi heldur því hins vegar fram, að hann eigi rétt á launum frá þeim degi, sem hann fór frá Ísafirði, 13. október 1963, og vitnar til dskj. nr. 11, vottorðs Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar um, að skipstjóri, er ferðast þarf frá ráðningarstað til skips, eigi laun frá þeim degi, er sú ferð hefst. Hann hefur mótmælt því, að samningur á dskj. nr. 19 eigi við í þessu tilviki, þar sem aðiljar málsins eigi ekki aðild að honum, og þess vegna eigi hann með fullkomnum lagakröfum samkvæmt 5. gr. laga nr. 39/1922 rétt á að setja fram sanngjarnt kaup, kr. 700.00 á dag.

Samkvæmt ofangreindu og sérstaklega með tilliti til, að engir samningar giltu um kaup og kjör milli aðilja, telur dómurinn rétt að leggja til grundvallar samninga á dskj. nr. 19, enda aðal-

stefnda reiknuð hærri fjárhæð pr. dag en skylt er samkvæmt þeim.

Ber því að dæma aðalstefnda til að greiða aðalstefnanda kaup samkvæmt því.

2. Orlof.

Samkvæmt dskj. nr. 11 — 16 — 18 verður að telja, að orlof í umrætt sinn hafi verið 6%, og ber að dæma samkvæmt því.

3. Uppihaldskostnaður.

Aðalstefnandi greiddi allt fæði fyrir aðalstefnda um borð í m/s Fagranesi svo og uppihaldskostnað hans og konu hans á Victoria Hotell dagana 30. október til 5. nóvember og fyrir hann einan dagan 6. nóvember til 8. nóvember, og uppihaldskostnaður fyrir konuna var greiddur umfram skyldu og hefur ekki verið dreginn frá kaupi aðalstefnda. Aðalstefndi hefur gert kröfu um kr. 400.00 uppihaldskostnað á dag allan tímann frá 13. október til 20. nóvember 1963, en á þessum tíma voru umsamdir fæðispeningar kr. 60.00 á dag. Aðalstefnandi hefur mótmælt þessu, og fellst dómurinn á mótmæli hans.

4. Fargjald.

Samkvæmt uppgjöri á dskj. nr. 3 er aðalstefnda reiknað fargjald eiginkonu, kr. 4.992.00, til gjalda við að sækja skipið, en neðar á sama dskj. er þessi upphæð talin sem inneign Matthíasar Bjarnasonar framkvæmdastjóra aðalstefnanda og fjallað um hana í sjálfstæðu máli nefnds Matthíasar á hendur aðalstefnda. Er því ekki ástæða til að ræða þennan lið frekar.

Rétt þykir að dæma vexti frá stefnubirtingardegi.

Samkvæmt framanrituðu ber að dæma aðalstefnda, Halldór Gunnarsson, til að greiða aðalstefnanda, Djúpbátnum h/f, kr. 14.088.88 ásamt 7% ársvöxtum frá 17. apríl 1967 til greiðsludags.

Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Sátta var leitað, en reyndist árangurslaust.

Með bréfi, dags. 1. júní 1967, var Einar Gunnar Einarsson fulltrúi skipaður til þess sem setudómari á Ísafirði að fara með og dæma bæjarþingsmálið nr. 7/1967: Djúpbáturinn h/f gegn Halldóri Gunnarssyni, með því að hinn reglulegi dómari, Jóhann Gunnar Ólafsson bæjarfógeti, hefur með úrskurði 29. apríl 1967 vikið sæti í málinu, en mál þetta var síðar flutt í sjó- og verzlunardóm 13. september 1968.

Einar Gunnar Einarsson fulltrúi kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Guðmundssyni forstjóra og Símoni Helgasyni skipaskoðunarmanni.

Vegna óvenjulegra anna hefur framlagning sóknar og varnar svo og dómtaka málsins dregizt, og hefur því dómur eigi orðið kveðinn upp í málinu fyrr. Málið var flutt skriflega að ákvörðun dómsins.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Halldór Gunnarsson, aðalstefnanda, Djúpbátnum h/f, kr. 14.088.88 ásamt 7% ársvöxtum frá 17. apríl 1967 til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. maí 1971.

Nr. 156/1970. **Guðmundur Ákason**
(Örn Clausen hrl.)
gegn
Gunnari Pálmasyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1970. Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp 22. júlí 1970.

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 er kveðið svo á, að áfrýjunarfrestur skuli vera 4 vikur frá lokum dómsathafnar, en þó geti dómsmálaráðherra veitt leyfi til áfrýjunar næstu þrjá mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stendur á. Fjögurra vikna áfrýjunarfresturinn var liðinn, þegar áfrýjunarstefna var gefin út, og áfrýjandi hafði ekki aflað sér áfrýjunarleyfis.

Eins og málatilbúnaði fyrir Hæstarétti er háttað, verður málinu vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður fyrir Hæstarétti.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 22. júlí 1970.

Gunnar Sæmundsson héraðsdómlögmaður hefur gert þær réttarkröfur í máli þessu f. h. Gunnars Pálmasonar, Mánagötu 18, að sér verði greiddar af uppboðsandvirði íbúðar í húsinu nr. 29 við Bergþórugötu, þinglesinn eigandi Óskar Guðjónsson, en íbúð þessi var seld á nauðungaruppboði 6. febrúar 1970, kr. 145.720.00 með 7% ársvöxtum af kr. 9.010.00 frá 9. ágúst 1965 til 11. nóvember s. á., af kr. 15.760.00 frá þeim degi til 17. ágúst 1966, af kr. 17.150.00 frá þeim degi til 27. ágúst s. á., af kr. 25.789.00 frá þeim degi til 22. október s. á., af kr. 44.829.00 frá þeim degi til 5. nóvember s. á., af kr. 51.229.00 frá þeim degi til 3. júlí 1967, af kr. 52.513.00 frá þeim degi til 31. ágúst s. á., af kr. 60.781.00 frá þeim degi til 31. október s. á., af kr. 79.037.00 frá þeim degi til 24. nóvember s. á., af kr. 85.087.00 frá þeim degi til 29. ágúst 1968, af kr. 92.984.00 frá þeim degi til 28. október s. á., af kr. 110.456.00 frá þeim degi til 15. nóvember s. á., af kr. 116.156.00 frá þeim degi til 29. ágúst 1969, af kr. 123.682.00 frá þeim degi til 31. október s. á., af kr. 140.370.00 frá þeim degi til 14. nóvember s. á. og af kr. 145.720.00 frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi Guðmundar Ákasonar, Heiðmörk 2, Selfossi í Árnessýslu, en Guðmundur hefur látið mótmæla því, að þessar réttarkröfur nái fram að ganga.

Eru réttarkröfur Guðmundar Ákasonar þær, að framannefndum kröfum verði hrundið og að honum verði úrskurðaður málskostnaður.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 15. júní s.l. Uppkvaðning hefur dregizt mjög vegna annríkis fógeta.

Forsaga þessa deilumáls er sú, að með kaupsamningi, dags. 7. janúar 1965, seldi Ólafur Ásgeirsson, Víðihvammi 6 í Kópavogi, Gunnari Pálmasyni tveggja herbergja íbúð til vinstri í risi húss-

ins nr. 29 við Bergþórugötu hér í borg, og var kaupverð tiltekið kr. 425.000.00. Af þeirri fjárhæð greiddi Gunnar kr. 210.000.00 í peningum við undirskrift kaupsamnings. Hann tók að sér greiðslu áhvílandi veðskulda á 2. og 3. veðrétti, samtals kr. 78.000.00, en eftirstöðvarnar, kr. 137.000.00, skyldi hann inna af hendi með kr. 25.000.00 peningagreiðslu og með því að gefa út handhafabréf með veði í eigninni, kr. 112.000.00, og skyldi þetta gert hinn 15. maí 1965, en þá skyldi hann fá afsal fyrir eigninni. Þá átti og frágangi íbúðarinnar að vera lokið að fullu og öllum veðskuldum af henni létt, öðrum en þeim, sem Gunnar tók að sér að svara til, sbr. hér að ofan.

Íbúðin var ekki afhent á hinum tilskilda tíma, og gaf Gunnar Pálmason ekki út skuldabréf það, er hann hafði lofazt til, og greiddi aðeins kr. 5.000.00 í peningum. Það var fyrst 1. nóvember 1965, að hann fór inn í íbúðina, en til þess tíma bjó hann í leiguíbúð á kostnað Ólafs Ásgeirssonar. Upp úr þessu fór að skerast í odda með þeim aðiljum kaupsamningsins út af frágangi á íbúðinni. Lét Gunnar Pálmason meta galla á íbúðinni, og töldu matsmenn, að til þess að koma henni í viðunanlegt horf þyrfti til að kosta kr. 21.500.00.

Þá er komið fram í máli þessu, að Ólafur Ásgeirsson lét aflýsa veðskuldum þeim, sem Gunnar Pálmason tók ekki að sér að greiða samkvæmt áðurnefndum kaupsamningi þeirra, en lét í þeirra stað þinglýsa tveim veðskuldabréfum, samtals að fjárhæð kr. 112.000.00, hinn 29. desember 1965, og höfðu þau að geyma sömu lánskjör og þau bréf skyldu hafa, er Gunnar skyldi gefa út á afsalsdegi. Hér vísast til veðbókarvottorðs í máli þessu, en þessi bréf koma þar fram sem hvílandi á 1. og 4. veðrétti.

Um miðjan janúar 1966 ritar umboðsmaður Ólafs Ásgeirssonar Gunnari bréf, þar sem lýst er yfir riftingu hins gerða kaupsamnings þeirra á milli. Lét Gunnar þegar í stað mótmæla þessari riftingu, og hinn 4. apríl 1966 höfðaði hann mál fyrir bæjarþingi, og voru í meginatriðum þær dómkröfur uppi hafðar, að Ólafi yrði dæmt að afsala íbúðinni í samræmi við kaupsamning þeirra frá 3. janúar 1965 gegn því að fá kr. 112.000.00 veðskuldabréf í samræmi við samninginn og aflýsa þá jafnframt þeim veðskuldum, er samkvæmt samningnum áttu að vera stefnanda óviðkomandi. Var mál þetta þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 19. apríl 1966.

Hinn 19. marz 1966 selur Ólafur Ásgeirsson íbúðina, og var kaupandi Óskar Guðjónsson, sjá veðbókarvottorð á rskj. 9. Um

leið gaf Óskar út veðskuldabréf að upphæð kr. 230.000.00, og fékk sú skuld 5. veðrétt í eignarhlutanum, svo og annað veðskuldabréf, kr. 200.000.00, og var það tryggt með 6. veðrétti. Vísast hér enn til veðbókarvottorðs.

Gunnar Pálmason stefndi þeim Óskari Guðjónssyni, Áka Jakobssyni hæstaréttarlögmanni, sem hann taldi vera handhafa að 6. veðréttarbréfinu, og Þorvarði Ólafssyni, er talinn var handhafi 5. veðréttarbréfsins sakauka- og framhaldsstefnu, og voru stefnukröfur þær, að afsalið frá 19. marz 1966 til Óskars Guðjónssonar yrði dæmt ógilt og að nefndar veðsetningar yrðu dæmdar ógildar.

Er bæjarþingsmálið: Gunnar Pálmason gegn Ólafi Ásgeirssyni o. fl. enn til meðferðar við borgardómaraembættið í Reykjavík.

Viðskipti þeirra Gunnars Pálmasonar og Ólafs Ásgeirssonar hafa tvisvar legið fyrir uppboðsrétti Reykjavíkur, áður en sá ágreiningur hófst, sem hér er til úrskurðar. Í síðara skiptið var til úrskurðar krafa áðurnefnds Þorvarðs Ólafssonar, Þórsgötu 12, um, að margnefnd íbúð að Bergþórugötu 29 yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar 5. veðréttarskuldinni, svo og krafa Gjaldheimtunnar í Reykjavík, samkvæmt lögtaki. Var kröfu Gjaldheimtunnar vísað á bug í úrskurði uppboðsréttarins, uppkveðnum 23. október 1969, en krafa Þorvarðs var tekin til greina.

Að undangengnum tíðkanlegum auglýsingum um uppboðið og nokkrum fyrirtökum þess fór sala fram hinn 6. febrúar 1970. Þá lá fyrir sölubeiðni Guðmundar Ákasonar ásamt víxli og tryggingarbréfi. Enn fremur lá fyrir bréf Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, þar sem hann krafðist f. h. Gunnars Pálmasonar, að viðurkenndur yrði réttur hans til að taka að sér greiðslu af uppboðsandvirði, kr. samtals 145.720.00 ásamt vöxtum, svo og vegna alls kostnaðar, sem af uppboðinu kynni að leiða fyrir hann. Sjá hér bréf á rskj. 2. Þess skal einnig getið, að Gunnar Sæmundsson hafði áður, eða hinn 14. janúar s.l., lagt fram bréf, þar sem hann kvaðst munu gera þá kröfu, að viðurkenndur yrði veðréttur Gunnars Pálmasonar í eigninni vegna veðkrafna, er hann hefði innt af hendi til verndar lögmætum hagsmunum sínum.

Uppboðið fór þannig, að hæstbjóðandi varð Guðmundur Ákason, og bauð hann kr. 425.000.00 og krafðist útlagningar.

Hinn 6. maí þ. á. var uppboðsréttur haldinn til að taka ákvarðanir um úthlutun uppboðsandvirðis. Var þá enn ítrekuð kröfu-

gerð Gunnars Pálmasonar, sbr. rskj. 2, en umboðsmaður Guðmundar Ákasonar mótmælti henni. Var ákveðið, að sérstakt uppboðsréttarmál skyldi rekuð um þennan ágreining, og er það hér til úrskurðar.

Krafa Gunnars Pálmasonar í uppboðsandvirðið er á því byggð, að það sé almenn regla og eðli máls samkvæmt, að sá, er greiði veðskuld, annað hvort af því að hann hafi tekið það að sér eða hann hafi með greiðslunni verið að gæta lögmætra hagsmuna sinna, fái aðgangskröfu á hendur skuldara þeim, er hann greiddi fyrir, og fylgi þeirri kröfu þau sömu forréttindi og hin innleysta krafa naut. Eigi hvort tveggja við um þessa kröfu í uppboðsandvirðið. Heimtaugargjaldið hafi hann orðið að greiða til að forðast lokun hitavatns. Svo sé um veðskuldir þær, sem hafi hvílt á 1.—4. veðrétti, að hann hafi með kaupsamningnum, sem hann hefur krafizt staðfestingar á í dómsmáli, tekið að sér að greiða 2. og 3. veðréttarskuldirnar, en 1. og 4. veðréttarskuldirnar svari til þeirra veðskuldabréfa, sem hann skyldi gefa út við afsal, en sem Ólafur Ásgeirsson hafi síðar gefið út á eignina, eftir að í odda skarst með þeim. Hafi honum verið mjög brýn þörf á að koma í veg fyrir, að veðskuldir þessar kæmust í vanskil, svo að ekki yrði gerður að engu réttur hans samkvæmt kaupsamningnum.

Hefur komið fram vandleg sundurliðun af Gunnars hálfu á þeim upphæðum, er hann hefur greitt, og kvittanir þar að lútandi. Er sú útlistun í stærstu dráttum á þessa leið:

1. Greiðsla á heimæðargjaldi hitaveitu, kr. 2.674.00, en Ólafur Ásgeirsson hafði gert samkomulag við Hitaveitu Reykjavíkur um að borga þetta gjald, sbr. rskj. 5 með fylgiskjölum. Telur Gunnar sér lögveð í uppboðsandvirði vegna þessarar greiðslu, kr. 2.674.00 með 7% ársvöxtum af kr. 1.390.00 frá 17. ágúst 1966 til 3. júlí 1967, en af kr. 2.674.00 frá þeim degi til greiðsludags.

2. Greiðsla á afborgunum og vöxtum af 1. veðréttarskuld, sjá rskj. 6 og fylgiskjöl, kr. 31.900.00 með 7% ársvöxtum af kr. 8.500.00 frá 22. október 1966 til 31. október 1967, af kr. 16.650.00 frá þeim degi til 28. október 1968, af kr. 24.450.00 frá þeim degi til 31. október 1969 og af kr. 31.900.00 frá þeim degi til greiðsludags.

3. Greiðsla á afborgunum og vöxtum af 2. veðréttarskuldabréfi, sbr. veðskuldabréfið, sem hefur verið lagt fram kvittað á rskj. 11, sjá einnig rskj. 14, kr. 30.250.00 með 7% ársvöxtum af kr.

6.750.00 frá 11. nóvember 1965 til 5. nóvember 1966, af kr. 13.150.00 frá 5. nóvember 1966 til 24. nóvember 1967, af kr. 19.200.00 frá 24. nóvember 1967 til 15. nóvember 1968, af kr. 24.900.00 frá 15. nóvember 1968 til 14. nóvember 1969 og af kr. 30.250.00 til greiðsludags.

4. Greiðsla á afborgunum og vöxtum af 3. veðréttarbréfi, sbr. kvittanir á rskj. 15, kr. 41.340.00 með 7% ársvöxtum af kr. 9.010.00 frá 9. ágúst 1965 til 27. ágúst 1966, af kr. 17.649.00 frá 27. ágúst 1966 til 31. ágúst 1967, af kr. 25.917.00 frá þeim degi til 29. ágúst 1968, af kr. 33.814.00 frá þeim degi til 29. ágúst 1969 og af kr. 41.340.00 frá þeim degi til greiðsludags.

5. Greiðsla á afborgunum og vöxtum af 4. veðréttarskuldabréfi, sjá rskj. 6, kr. 39.556.00 með 7% ársvöxtum af kr. 10.540.00 frá 22. október 1966 til 31. október 1967, af kr. 20.646.00 frá 31. október 1967 til 28. október 1968, af kr. 30.318.00 frá 28. október 1968 til 31. október 1969 og af kr. 39.556.00 frá 31. október 1969 til greiðsludags.

Í greinargerð Guðmundar Ákasonar er því haldið fram, að honum beri sem uppboðskaupanda engin skylda til að borga nema áhvílandi skuldir samkvæmt veðbókarvottorði. Gunnar Pálmason hafi borgað umfram skyldu og geti því einskis krafizt af uppboðsandvirði, en hann geti máske höfðað sérstakt dómsmál til endurheimtu. Kveðst Guðmundur hafa greitt uppboðsandvirðið með því meðal annars að greiða að fullu 5. veðréttarbréf það, sem á eignarhlutanum hvíldi, og kveðst hann ekkert eiga að greiða Gunnari.

Það er komið fram í máli þessu og nokkuð rakið hér að framan, að Gunnar Pálmason gekk að kaupsamningi um margnefndan fasteignarhluta á Bergþórugötu 29 og tók eignarhlutann til afnota samkvæmt þeim kaupsamningi og bjó þar frá því í nóvemberbyrjun 1965, allt til þess er eignin hafði verið seld á nauðungaruppboði. Á þessum tíma var kaupsamningnum riftað við Gunnar, en hann hefur höfðað mál fyrir bæjarþingi til viðurkenningar á rétti sínum til að fá afsal fyrir eignarhlutanum, og er því máli enn ekki lokið fyrir borgardómi.

Á þessum tíma komu í gjalddaga reglulegar greiðslur af áhvílandi veðskuldum, og innti Gunnar þessar greiðslur af hendi eftir því sem þær féllu til. Var honum brýn nauðsyn að staðið yrði í skilum með þessar upphæðir á réttum gjalddögum til að verja lögmæta hagsmuni sína, svo sem þá, að sá réttur, sem hann taldi

sér og hafði leitað viðurkenningar á fyrir bæjarþingi, yrði ekki að engu gerður vegna lúkningaraðgerða veðskuldareigenda, en Gunnar hafði, eftir því sem að öðru leyti er fram komið, ekki verulega ástæðu til að ætla, að hinn þinglesni eigandi mundi sýna áhuga á að greiða þessar fjárhæðir.

Verður að fallast á það, að atvik þessa máls séu þau, að Gunnar Pálmason eigi endurkröfurétt fyrir upphæðum þeim, er hann innti af hendi upp í veðskuldir, og að sú endurkrafa njóti sama veðréttar og tilsvarandi veðskuld naut samhliða eftirstöðvum skuldarinnar, þar sem því er að skipta. Þá þykir og rétt, að Gunnar njóti hins lögákveðna lögveðréttar fyrir endurheimtu hitaveitugjalds, er hann greiddi.

Kröfugerð Gunnars, sem hér er til úrskurðar, kom fram á uppboðsþingi, áður en skorað hafði verið á menn að gera boð í eignarhlutann. Er rétt farið með tölur af Gunnars hálfu, sbr. framlögð fylgiskjöl, og verður krafa hans um greiðslu af uppboðsverði tekin til greina þannig, að hann fær greiddar kr. 145.720.00 ásamt 7% ársvöxtum af þeirri upphæð, frá því er hann gerði grein fyrir þessari fjárkröfu og krafðist greiðslu hennar, en það var á uppboðsþingi 6. febrúar þ. á.

Þá þykir rétt, að hann fái greiddan málskostnað af uppboðsverði, og þykir sú upphæð hæfilega tiltekin kr. 15.000.00.

Gjaldheimtustjóri hefur undir rekstri máls þessa sent uppboðsréttinum bréf, þar sem hann minnir á lögtakskröfu Gjaldheimtunnar í hinum selda eignarhluta í Bergþórugötu 29, og krefst hann greiðslu af uppboðsandvirði. Lögtak þetta fór fram 6. júní 1969 til tryggingar opinberum gjöldum Áka Jakobssonar, og kom fram í eftirfarandi uppboðsréttarmáli, að Áki kvaðst hafa aflað sér heimildar hins þinglýsta eiganda, Óskars Guðjónssonar, til að vísa á þessa eign til lögtaks. Var synjað um uppboð fyrir þessari kröfu Gjaldheimtunnar með úrskurði uppboðsréttarins, svo sem drepið er á hér að framan, og vísast hér til úrskurðar þessa, sem lagður er fram í máli þessu sem rskj. 17.

Gjaldheimtan í Reykjavíkur hefur að öðru leyti ekki gerzt aðili að máli þessu. Ekki var heldur mætt af hálfu Gjaldheimtunnar við sjálfa uppboðsgerðina 6. febrúar s.l. Virðist ekki unnt að sinna kröfu Gjaldheimtunnar til greiðslu af uppboðsverði, þegar á þetta er litið og jafnframt litið á stöðu hennar gagnvart uppboðskaupandanum.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gunnar Pálmason fær greiddar af uppboðsvirði kr. 145.720.00 ásamt 7% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 6. febrúar 1970 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Föstudaginn 28. maí 1971.

Nr. 2/1971. **Heildverzlun Guðlaugs Br. Jónssonar**
(Kristinn Einarsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Friðriksdóttur
(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1971. Krefst hann þess, að honum verði einungis gert að greiða stefnda kr. 2.552.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til þess, sem rakið er í héraðsdómi, er eigi í ljós leitt, að samizt hafi með aðiljum um greiðslu tímakaups fyrir störf stefnda eftir 1. maí 1968 né um starf hennar til ákveðins tíma. Að svo vöxnu þykir stefndi eiga rétt til fébóta úr hendi áfrýjanda vegna fyrirvaralausrar frávikningar úr starfi. Eins og málsatvikum er háttað, þykja bæturnar hæfilega ákveðnar kr. 15.000.00. Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi viðurkennt að skulda stefnda í laun og orlofsfé frá 1. desember 1967 til 1. maí 1968, samtals kr. 2.552.00.

Samkvæmt þessu ber áfrýjanda að greiða stefnda kr. 17.552.00 (15.000.00 + 2.552.00) með 7% ársvöxtum frá 1.

september 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 14.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Heildverzlun Guðlaugs Br. Jónssonar, greiði stefnda, Guðrúnu Friðriksdóttur, kr. 17.552.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1968 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var, að loknum munnlegum málflutningi, þann 18. þ. m., hefur Guðrún Friðriksdóttir, Drápuhlíð 35, Reykjavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. nóvember 1969, gegn Þorgrími Guðlaugssyni, Laugavegi 81, Reykjavík, f. h. Heildverzlunar Guðlaugs Br. Jónssonar, Laugavegi 81, Reykjavík.

Í stefnu málsins eru þær dómkröfur gerðar, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 46.253.00 með 12% ársvöxtum frá 1. september 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Í munnlegum málflutningi lækkaði stefnandi vaxtakröfu sína þannig, að hann krafðist 8% ársvaxta af sömu fjárhæð sama tíma, en gerði að öðru leyti sömu dómkröfur og í stefnu.

Stefndi hefur krafizt sýknu í málinu og að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati réttarins.

Sættir hafa verið reyndar í málinu án árangurs.

Málavextir eru þeir, að hinn 15. ágúst 1967 réðst stefnandi, sem er gagnfræðingur að mennt, til starfa á skrifstofu hjá stefnda um óákveðinn tíma gegn greiðslu mánaðarkaups, fyrst kr. 12.000.00 á mánuði, en síðan kr. 14.000.00 á mánuði. Ekki var gerður skriflegur samningur um ráðninguna. Með bréfi, dags. 31. janúar 1968, sagði stefndi stefnanda upp störfum með 3ja mánaða uppsagnarfresti, þannig að hún skyldi hætta störfum 1. maí 1968, en um atvik í því sambandi greinir aðilja málsins á. Báðir hafa þeir komið fyrir dóm og gefið skýrslu.

Stefnandi sagðist vera félagi í Verzlunrmannafélagi Reykjavíkur, en af samningum þess félags hafi hún ekki haft neina hliðsjón, þegar hún réðst til starfa hjá stefnda, og raunar ekki gert ákveðn-

ar launakröfur. Stefndi hafi borgað henni kr. 12.000.00 á mánuði fyrstu tvo mánuðina, en síðan hafi kaupið verið hækkað í kr. 14.000.00 á mánuði. Stefnandi sagðist hafa unnið hjá stefnda við gjaldkerastörf, símavörzlu, að skrifa út nótur og smávegis við bókfærslu.

Stefnandi sagði, að skömmu fyrir mánaðamótin apríl/maí 1968 hafi hún spurt Þorgrím Guðlaugsson að því, hvort hún ætti að halda áfram störfum eftir 1. maí, og hafi hann játað því. Hins vegar hafi hún ekki beðið Þorgrím um að fá að vera áfram. Stefnandi sagði og, að fyrir 1. maí 1968 hafi það komið fram í samtölum hennar og Þorgríms, að uppsögn samkvæmt uppsagnarbréfi, sbr. dskj. nr. 7, hafi aðeins verið varúðarráðstöfun af hálfu stefnda, þar sem samdráttur væri í fyrirtækinu. Um áframhaldandi ráðningu hafi ekki verið gerður skriflegur samningur og ekki hafi verið talað um, að hún ynni á tímakaupi eftir 1. maí. Þorgrímur hafi hins vegar talað um, að hún ætti að fá hærra kaup, og einnig hafi hann rætt um breytingu á vinnutíma, en henni hafi skilizt svo, að að öðru leyti yrðu ráðningarkjör hennar þau sömu og verið höfðu.

Stefnandi sagði enn fremur, að hún hefði ekki tekið neitt frí þann tíma, sem hún vann hjá stefnda, og um sumarfrí hefði ekki verið talað.

Stefnandi sagði og, að eftir að hún hætti störfum hjá stefnda, hafi hún unnið hjá Vörubílstjórafélaginu Þrótti í Reykjavík og hafi hún byrjað þá vinnu þann 11. júní 1968, að því er hana minnti. Þar hafi hún unnið frá kl. 1300 til kl. 1900 á daginn, óslitið um sumarið og veturinn næsta. Þar hafi hún fengið kr. 9.500.00 í kaup á mánuði.

Á dskj. nr. 6 er svohljóðandi kaupuppgjör:

„Reykjavík, 31. maí 1968.

Frk. Guðrún Friðriksdóttir, Melholti 10, R.

Í dag hefur Guðl. Br. Jónsson, Laugavegi 81, Rvík, greitt mér vinnulaun fyrir tímana í maí:

159 tímar á kr. 67.85	kr. 10.788.15
6½ tímar á kr. 100.84, kr. 655.46 ..	— 11.443.61
+ 7% orlof	— 801.05
	Kr. 12.244.66
÷ fyrirframgreiðsla	— 1.045.81
	Samtals kr. 11.198.85,

sem hér með kvittast fyrir. Guðrún Friðriksdóttir er þá hér með skuldlaus við okkur og við við hana. Fyrirvarar af hendi Guðrúnar *ekki* teknir til greina".

Neðst á skjali þessu er handskrifað eftirfarandi:

„Þar sem ég tel, að fullnaðargreiðsla hafi ekki farið fram, kvitta ég undir þetta með fyrirvara. Guðrún Friðriksd.".

Fyrir rétti hefur stefnandi sagt, að hún hafi skrifað undir umræddan fyrirvara með það í huga, að hún ætti m. a. rétt á orlofsgreiðslum og greiðslum fyrir 3ja mánaða uppsagnarfrest, en hins vegar sagðist hún ekki muna, hvort rætt hafi verið um 3ja mánaða uppsagnarfrest, er hún skrifaði undir fyrirvarann.

Þorgrímur Guðlaugsson verzlunarmaður, eigandi hins stefnda fyrirtækis, sagði fyrir dómi, að hann hefði ráðið stefnanda til reynslu um óákveðinn tíma fyrir mánaðarkaup, sem hann sagðist ekki alveg muna, hvert hafi verið. Um ráðninguna hafi ekki verið gerður skriflegur samningur.

Þorgrímur sagði, að stefnandi hefði komið til vinnu, eftir að uppsagnarfrestur var liðinn, og borið sig aumlega og óskað eftir því að fá að vinna áfram í nokkra daga. Þar sem svo lítið hafi verið að gera, hafi hann fallizt á það og sagt henni, að hún mundi fá tímakaup. Þorgrímur hélt, að ekki hafi verið rætt um ákveðna fjárhæð, en hann hafi gert upp við stefnanda með kr. 100.00 á tímann, að því er hann minnti.

Þá sagði Þorgrímur, að þegar 27. maí hafi verið kominn, hafi hann sagt stefnanda, að hún yrði að hætta, enda hafi hann þá átt völ á öðrum betri starfskrafti.

Þorgrímur sagði, að þegar hann hafi ætlað að gera upp við stefnanda, sbr. dskj. 6, hafi hún skrifað fyrirvara á uppgjörið og hafi hann þá ekki viljað ganga frá greiðslum og sent málið til lögfræðings.

Þorgrímur sagði, að stefnandi hefði sætt sig við að fá tímakaup og hafi ekki minnzt á, að hún teldi sig eiga 3ja mánaða uppsagnarfrest aftur.

Vitnið Matthías Gíslason, endurskoðandi bókhalds stefnda, sagði fyrir dómi, að hann hefði það eftir Þorgrími, að hann hefði sagt stefnanda upp störfum og hafi hún átt að hætta 1. maí 1968. Hann, Þorgrímur, hafi hins vegar beðið stefnanda að vinna áfram á tímakaupi, þar sem þýzk stúlka, sem unnið hafði hjá Þorgrími áður, mundi ef til vill fást til að koma aftur í vinnu einhvern tíma í maí.

Stefnandi heldur því fram, að eftir hina bréflegu uppsögn, er

miðaðist við 1. maí 1968, hafi hún verið látin halda áfram störfum án nokkurra skilyrða af hálfu stefnda, þar til hún hafi verið látin hætta fyrirvaralaust þann 27. maí 1968. Styður stefnandi kröfur sínar þeim rökum, að þar sem hún hafi unnið áfram hjá stefnda án nokkurra sérstakra skilyrða, eftir að hinn löglegi uppsagnarfrestur var liðinn og hún hafi ekki brotið af sér í starfi, sem réttlætti uppsögnina hinn 27. maí 1968, eigi hún rétt á bótum, er svari til launa fyrir 3ja mánaða uppsagnarfrest, og sé stefnukrafan við það miðuð.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að fullt samkomulag hafi verið um það, að stefnandi ynni hjá stefnda eftir 1. maí 1968 um óákveðinn tíma og að hún skyldi fá goldin laun samkvæmt tímavinnu. Hafi stefndi greitt stefnanda laun samkvæmt því, sbr. dskj. nr. 6. Á því dómsskjali komi skýrt fram, að fyrirvarar af hálfu stefnanda séu ekki teknir til greina. Í fyrirvara af hálfu stefnanda, sem ritaður sé á skjalið, sé þess eigi getið, að stefnandi geri kröfu um þriggja mánaða uppsagnarfrest, enda sé slíkt fjarri lagi. Enginn skriflegur ráðningarsamningur hafi verið gerður, enda hafi einungis verið um tímavinnu að ræða. Kröfur stefnanda séu því ólöglegar og þó sérstaklega ósanngjarnar.

Stefnandi sundurliðar kröfugerð sína í samræmi við útreikninga í greinargerð Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, sbr. dskj. nr. 3, þannig:

„1.	Ógr. kaup frá 27/5—31/5 '68, 5 dagar á 480.00	kr. 2.400.00
2.	Uppsagnarfrestur frá 1/6—31/8 '68, 3 mán. á 12.000.00	— 36.000.00
3.	Ógr. vísitala á laun, 3.39% frá 1/12 '67—3/18 '68, 470.00×9	— 3.663.00
4.	Ógr. vísitala á laun frá 18/3—1/6 '68, 300.00×2½	— 750.00
5.	Ógr. vísitala á laun frá 1/6—31/8, 138.00×3	— 414.00
		Kr. 43.227.00
6.	7% orlof á kr. 43.227.00	— 3.026.00
		Samtals kr. 46.253.00“.

Eins og mál þetta er lagt í dóm, er óhjákvæmilegt að líta svo á, að er stefnandi vann áfram hjá stefnda frá og með 1. maí 1968,

hafi stofnazt nýr starfssamningur sama efnis og sá, er féll niður fyrir uppsögn af hálfu stefnanda, miðað við sama tíma, enda er ósannað gegn andmælum stefnanda, að þá hafi verið samið um starf til ákveðins tíma, um greiðslu tímakaups og að starf stefnanda hjá stefnda hafi í nokkru breytzt eftir þann tíma.

Uppsögnin 27. maí 1968 hefur ekki verið réttlætt hér fyrir dómi, og á því stefnandi, sem var meðlimur í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur, rétt á bótum vegna fyrirvaralausrar starfsuppsagnar, miðað við mánaðamót, er svari til þriggja mánaða uppsagnarfrests á þeim launum, sem stefnandi hefði átt rétt á hjá stefnda, ef henni hefði ekki verið sagt upp, enda verður stefnandi talinn hafa haft nægilegan fyrirvara við móttöku á launum, sbr. dskj. nr. 6, og eigi hafa fyrirgert framangreindum rétti af þeim ástæðum.

Við munnlegan málflutning var kröfu stefnanda um orlofsfé mótmælt af hálfu stefnda með þeim rökum, að í kaupi stefnanda hafi það verið innifalið. Að svo hafi verið, er ósannað af hálfu stefnda, og þegar af þeirri ástæðu verður krafa stefnanda að þessu leyti tekin til greina.

Við munnlegan málflutning var kröfu stefnanda um vísitöluuppbót á launin mótmælt af hálfu stefnda. Þau mótmæli eru órökstudd, og verður krafa stefnanda því einnig tekin til greina að þessu leyti.

Við munnlegan málflutning benti lögmaður stefnda á, að stefnandi hefði aðeins verið atvinnulaus skamman tíma, þar sem hún hafi byrjað störf hjá öðrum 11. júní 1968.

Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í málinu nr. 91/1965, sbr. dómasafn réttarins 1966, bls. 70, verða eigi talin efni til að lækka bótafjárhæðina vegna launa, sem stefnandi hafði frá öðrum eftir 27. maí 1968.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða máls þessa sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 46.253.00 ásamt vöxtum, er ákveðast 7% ársvextir.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 9.600.00.

Dómari í málinu var Björn Þ. Guðmundsson.

Dómsorð:

Stefndi, Þorgrímur Guðlaugsson f. h. Heildverzlunar Guðlaugs Br. Jónssonar, greiði stefnanda, Guðrúnu Friðriksdóttur, kr. 46.253.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1968 til

greiðsludags og kr. 9.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. maí 1971.

Nr. 44/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ingólfi Kristjánssyni
(Ingi H. Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ný gögn, m. a. ljósrit af hlaupareikningi ákærða við Landsbanka Íslands. Ber það með sér, að hinn 18. marz 1969 er lagt inn á reikninginn kr. 7.000.00, og er innstæða á honum þá kr. 16.682.36. Næsta dag, 19. marz, greiðir bankinn þrjá tékka, er bera lægri númer en tékki sá, sem mál þetta er af risið. Er innstæða þá á reikningnum kr. 10.722.36 og nemur ekki kr. 15.000.00 eða hærri fjárhæð fyrr en 27. s. m., er ákærði leggur inn á reikninginn kr. 9.000.00, og er innstæða þá kr. 19.613.86.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til héraðsdóms þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en eftir atvikum þykir mega ákveða að fresta skuli ákvörðun um refsingu ákærða í eitt ár frá uppsögu dóms þessa að telja, og falli hún niður að þeim tíma liðnum, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Eins og málavöxtum er háttað, þykir rétt að vísa fjárkröfu Stefáns Jóhannssonar frá sakadómi, enda eðlilegast, að um hana verði fjallað í almennu dómsmáli í sambandi við riftunarkröfu ákærða á kaupum bifreiðarinnar H 158, ef til slíks máls kemur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Ingólfs Kristjánssonar, skal fresta og hún niður falla að einu ári liðnu frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Fjárkröfu Stefáns Jóhannssonar er vísað frá sakadómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Inga Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. janúar 1971.

Ár 1971, föstudaginn 22. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 99/1971: Ákæruvaldið gegn Ingólfi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 21. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 30. október f. á., gegn Ingólfi Kristjánssyni klæðskera, nú til heimilis Hrafnskálum 1 á Hellu, Rangárvöllum, fæddum 14. marz 1935 á Vopnafirði, „fyrir tékkabrot með því að hafa hinn 21. marz 1969 gefið út tékka að fjárhæð kr. 15.000.00, B. Nr. 210637, á hlaupareikning nr. 8326 (4736) við Landsbanka Íslands í Reykjavík, til Stefáns Jóhannssonar, sem skyldi vera greiðsla til nefnds Stefáns á kaupverði bifreiðar, en bankainnstæðu brast fyrir ávísun þessari við fram-

vísun hennar hinn 25. marz s. á. af Gunnari Jóhannessyni, enda hafði ákærði og er þá var komið tekið fé út af nefndum ávísanareikningi til að koma í veg fyrir greiðslu bankans á henni, þar sem hann hugðist þá rifta bifreiðarkaupunum, en Stefán hafði þá þegar framselt fyrrnefndum Gunnari Jóhannessyni ávísun þessa í skiptum fyrir tvær aðrar, kr. 5.000.00 og kr. 10.000.00, er hann hagnýtti sér í viðskiptum.

Telst ákærði með fyrrgreindu atferli hafa gerzt brotlegur samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlag nr. 19/1940, en til vara samkvæmt 261. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málsatvik.

Hinn 19. marz 1969 keypti kona ákærða, Ingibjörg Finnbogadóttir, notaða bifreið, H 158, af Stefáni Jóhannssyni, Sjafnargötu 8, fyrir hönd Ljósvakans h/f á Blönduósi, er var skráður eigandi bifreiðarinnar. Kaupverð bifreiðarinnar var kr. 15.000.00, og greiddi ákærði seljanda það með tékka á hlaupareikning 4736 í Landsbanka Íslands. Tékkinn var dagsettur 23. marz, og var gert ráð fyrir, að þá mætti sýna hann til greiðslu. Þegar tékkinn var sýndur í greiðslubankanum 25. marz, var innstæða ekki til fyrir honum. Hafði ákærði gert ráðstafanir til þess, að tékkinn yrði ekki greiddur, og tekið út innstæðu, er verið hafði á reikningnum. Enn fremur hafði Hilmar Ingimundarson lögfræðingur ritað Ljósvakanum h/f bréf hinn 24. marz og tilkynnt, að þar sem komið hefði í ljós, að umrædd bifreið hafi reynzt nær gerónýt, hafi kaupandi ákveðið að rifta kaupunum og hafi ráðstafanir verið gerðar til þess, að tékkinn yrði ekki greiddur. Í bréfinu er þess einnig krafizt, að tékkinn verði afhentur og muni lyklum bifreiðarinnar þá skilað.

Vitnið Stefán Jóhannsson segir, að ákærði eða kona hans hafi keypt bifreiðina í því ástandi, er hún var í, og ákærði hafi skoðað bifreiðina, áður en kaupin voru gerð. Bifreiðin hafi raunar verið léleg, en vél þó verið allgóð og nýtilegir snjóbarðar undir afturhjólum og sæmilegir undir framhjólum. Hafi bifreiðinni verið ekið frá Blönduósi til Reykjavíkur fáum dögum áður.

Stefán segir, að ákærði hafi beðið um, að tékkinn yrði ekki sýndur fyrr en eftir helgina, eftir að kaupin voru gerð. Skráður útgáfudagur tékkans, 23. marz, var sunnudagur.

Stefán seldi tékkann Gunnari Jóhannessyni útvarpsvirkja, Háagerði 71. Eftir að í ljós kom, að tékkinn fékkst ekki greiddur í

greiðslubankanum, hefur Stefán greitt Gunnari tékkafjárhæðina.

Í afsali, sem Stefán Jóhannsson gaf út fyrir bifreiðinni f. h. Ljósvakans h/f og kaupandi, Ingibjörg Finnbogadóttir, hefur undirritað, segir m. a. svo: „Bifreiðin selst í því ástandi, sem hún nú er, og kaupandi hefur þegar kynnt sér".

Ákærði hélt því fram við meðferð máls þessa, að Stefán Jóhannsson hefði ekkert umboð haft til þess að selja bifreiðina. Sönnur hafa þó verið færðar á, að Stefán hafði fullt umboð til sölunnar, og er umrædd staðhæfing ákærða tilhæfulaus.

Ákærði kveðst ekkert vita um afdrif bifreiðarinnar, en lögreglan muni hafa tekið hana og flutt hana til björgunarfélagsins Vöku.

Stefán Jóhannsson krefst þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 15.000.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 25. marz 1969 til greiðsludags.

Niðurstöður.

Ákærði notaði tékka þann, sem um er að ræða í máli þessu, til þess að greiða með honum bifreið, en sá svo um, að tékkinn fékkst ekki greiddur við sýningu. Viðtakanda tékkans var kunnugt um það við viðtöku, að ekki átti að sýna tékkann til greiðslu fyrr en eftir tiltekinn tíma. Þykir ákærði með notkun tékkans hafa brotið gegn 261. gr. hegningarlaga, og verður refsing ákærða, sem ekki hefur fyrr sætt refsingum, er hér skipta máli, ákveðin 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Af hálfu ákærða hefur fjárkröfu Stefáns Jóhannssonar verið mótmælt og því haldið fram, að krafan varði einkaréttarlegt ágreiningsefni, er eigi sé verkefni sakadóms að skera úr.

Krafa Stefáns varðar beinlínis bætur fyrir það tjón, er hann varð fyrir vegna brots þess, sem ákærði er nú dæmdur í refsingu fyrir. Ber því að dæma um kröfuna í máli þessu, og verður krafan tekin til greina að öllu leyti.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Kristjánsson, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga fyrir sektina, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði Stefáni Jóhannssyni kr. 15.000.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 25. marz 1969 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. júní 1971.

Nr. 37/1970. **Byggingavöruverzlun Tómasar Björnssonar h/f**
gegn
Gunnari Jónssyni, Pálma Jónssyni og Pétri Jónssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Byggingavöruverzlun Tómasar Björnssonar h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Gunnari Jónssyni, Pálma Jónssyni og Pétri Jónssyni, sem sótt hafa dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. júní 1971.

Nr. 108/1970. **Skúli Steinsson**
Páll Guðfinnsson
Marsellíus Bernharðsson og
Jón Friðgeir Einarsson
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands,
Útibúinu á Ísafirði
(Stefán Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Víxilmál. Afsagnargerðir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1970 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu sækir stefndi áfrýjendur til greiðslu á tveimur víxlum. Er annar víxillinn að fjárhæð kr. 500.000.00, en hinn að fjárhæð kr. 1.000.000.00. Báðir eru víxlarnir útgefnir hinn 20. júlí 1968 af Sigurlaugu M. Jónsdóttur og samþykktir af Hans W. Haraldssyni pr. pr. Fjöliðjan h/f. Ábaktir eru þeir af Sigurlaugu M. Jónsdóttur og áfrýjendum. Gjalddagi 500.000 króna víxilsins er „við sýningu 196 “, en gjalddagi 1.000.000 króna víxilsins er „Hinn 196 “. Á báða víxlana er ritað: „Víxillinn greiðist í Landsbanka Íslands, útibúinu á Ísafirði“.

Á 500.000 króna víxilinn hefur bæjarfógetinn á Ísafirði ritað: „Afsagður sökum greiðslufalls hinn 5. 4. 1969 kl. 1600. Notarius Publicus Björgvin Bjarnason“. Í viðfestri afsagnargerð víxils þessa segir, að hún hafi farið fram: „Ár 1969

5. 6. kl. 1600“ ... „í afgreiðslu“ ... Landsbanka Íslands, Ísafirði, „en samþykkjandi var þar ekki staddur eða neinn, er vildi innleysa víxilinn“.

Á 1.000.000 króna víxilinn hefur bæjarfógetinn ritað: „Afsagður sökum greiðslufalls hinn 5. 4. 1969 kl. 1600. Notarius Publicus Björgvin Bjarnason“. Í viðfestri afsagnargerð segir, að hún hafi farið fram: „Ár 1969 5. 4. kl. 1600“ ... „í afgreiðslu“ ... Landsbanka Íslands, Ísafirði, „en samþykkjandi var þar ekki staddur eða neinn, er vildi innleysa víxilinn“.

Samkvæmt vottorði frá Útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði 10. marz 1971 var útibúið „lokað 5. apríl 1969, og fóru því engar afgreiðslur fram þann dag“.

Í málinu hefur bæjarfógetinn á Ísafirði gefið svofellt vottorð 10. marz 1971: „Samkvæmt beiðni Landsbanka Íslands vottast hér með, að víxill, kr. 1.000.000.00, ein milljón krónur, útgefinn af Sigurlaugu Jónsdóttur 20. júlí 1968, samþykktur til greiðslu af Fjöliðjunni h.f. við sýningu og ábakinn af útgefanda, var afsagður 5. 6. 1969, og er um ritvillu að ræða í afsagnargerðinni. Átti að vera 5. 6. 1969 í stað 5. 4. 1969. Ennfremur vottast, að skrifstofa embættisins var lokuð laugardaginn 5. 4. 1969, og fór engin afsagnargerð fram þann dag“.

Hinn 10. marz 1971 hefur Landsbankaútibúið gefið svohljóðandi vottorð: „Það staðfestist hérmeð, að samkvæmt bókum útibúsins 5. júní 1969 eru bókfærðar greiðslur til bæjarfógetaembættisins, Ísafirði, kr. 360 vegna afsagnar tveggja tryggingarvíxla frá Fjöliðjunni h.f., beggja útgefinna 20. júlí 1969, kr. 500 þúsund og kr. ein milljón“.

Þá hefur ríkisendurskoðunin hinn 10. marz 1971 gefið eftirfarandi vottorð: „Samkvæmt beiðni yðar staðfestist hér með, að í aukatekjubók fyrir sýslumannsembættið á Ísafirði er skráð 5. júní 1969:

Landsbankinn. Afs. víxill	500.000.00	160.00
Landsbankinn. Afs. víxill	1.000.000.00	160.00“.

Í vottorði bæjarfógetans á Ísafirði 24. maí 1971 segir: „Engin notarialbók er haldin, en afrit af hverri afsagnargerð er geymt í réttri tímaröð“.

Það athugast, að laugardaginn 4. apríl 1969 voru bankastofnanir almennt lokaðar, og urðu afsagnargerðir eigi framkvæmdar að lögum þann dag, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 25/1968 um breyting á víxillögum nr. 93/1933.

Afsagnargerð hvorugs víxils þess, sem í málinu greinir, er þannig úr garði gerð, að hún fullnægi ákvæðum 91.—93. gr. víxillaga nr. 93/1933, enda verður eigi af afsagnargerðunum einum saman ráðið, að þær hafi verið framkvæmdar að lögum, sbr. lög nr. 25/1968, og ekki verður bætt úr ágöllum á þeim með skýrslum og sönnunargögnum, sem síðar er aflað. Verða nefndar réttarathafnir bæjarfógetans því eigi taldar hafa réttarverkanir lögmætra afsagnargerða. Leiðir af þessu, að stefndi hefur glatað víxilrétti sínum á hendur ábekingum áminnztra víxla, áfrýjendum máls þessa, sbr. 53. gr. víxillaga nr. 93/1933. Ber af þessum sökum að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda í málinu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Skúli Steinsson, Páll Guðfinnsson, Marsellíus Bernharðsson og Jón Friðgeir Einarsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Landsbanka Íslands, Útibúsins á Ísafirði, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Óvefengt er, að nöfn áfrýjenda hafi staðið á víxlum þeim, sem í málinu greinir, þegar þeir voru afsagðir, þótt þess sé eigi getið í afsagnargerðunum, svo sem rétt var samkvæmt 1. mgr. 93. gr. laga nr. 93/1933. Eru engar kröfur á því reistar, að afsagnargerðunum hafi verið áfátt að þessu leyti.

Samkvæmt afsagnargerðinni, sem fest er við einnar milljón króna víxilinn, var sá víxill afsagður vegna greiðslufalls 5. 4. 1969. Í áritun notarii publici um afsögnina á víxilinn sjálfan

er hann einnig sagður hafa verið afsagður sökum greiðslufalls 5. 4. 1969. Gögn þau, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt og rakin eru í atkvæði meiri hluta dómenda, hnekkja því ekki, að víxillinn hafi verið afsagður vegna greiðslufalls 5. apríl 1969. Sá dagur var laugardagur fyrir páska og bankastofnanir þá almennt lokaðar. Mátti afsögn því ekki fara fram þann dag samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 25/1968. Þar sem víxillinn hefur ekki verið löglega afsagður á þeim fresti, sem settur er í 3. mgr. 44. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 25/1968, getur stefndi ekki haft uppi kröfur á hendur áfrýjendum um greiðslu hans, sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 93/1933.

Víxillinn að fjárhæð kr. 500.000.00 var afsagður 5. 6. 1969 samkvæmt því, er segir í afsagnargerðinni, sem við hann er fest. Á sjálfan víxilinn hefur notarius publicus ritað, að hann hafi verið afsagður sökum greiðslufalls 5. 4. 1969. Rétt er að leggja til grundvallar í máli þessu, að víxillinn hafi verið afsagður 5. júní 1969, eins og segir í afsagnargerðinni. Hefur það og stuðning í þeim gögnum, er lögð hafa verið fyrir Hæstarétt. Útgáfudagur á víxlinum er 20. júlí 1968 og hefur víxillinn því verið afsagður vegna greiðslufallsins innan frests þess, sem 3. mgr. 44. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 25/1968, setur. Og þar sem þeirri vörn verður ekki komið að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936, að stefnda hafi verið óheimilt að rita á víxilinn þann útgáfudag, sem þar er greindur, þá ber að dæma áfrýjendur óskipt til að greiða stefnda víxilinn ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 5. júní 1969 til greiðsludags, kr. 1.380.00 í stimpil- og afsagnarkostnað svo og kr. 55.000.00 í málskostnað í héraði, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Skúli Steinsson, Páll Guðfinnsson, Marsellíus Bernharðsson og Jón Friðgeir Einarsson, greiði óskipt stefnda, Landsbanka Íslands, Útibúinu á Ísafirði, kr. 500.000.00 með 1% vöxtum á mánuði frá 5. júní 1969 til greiðsludags, kr. 1.380.00 í stimpil- og afsagnarkostnað og kr. 55.000.00 í málskostnað í héraði.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. marz 1970.

1.0.

1.1. Mál þetta var þingfest með samkomulagi aðilja á bæjarþingi Reykjavíkur þann 13. janúar 1970.

Munnlegur málflutningur fór fram í málinu 25. febrúar 1970, og var málið dómtekið á þeim degi.

Stefnandi málsins er Landsbanki Íslands, Útibúið á Ísafirði.

Stefndu eru Skúli Steinsson, til heimilis að Heiðargerði 19, Reykjavík, Marsellíus Bernhardsson, til heimilis að Austurvegi 7, Ísafirði, Jón Friðgeir Einarsson, til heimilis að Völusteinsstræti 16, Bolungarvík, og Páll Guðfinnsson, til heimilis að Aðalstræti 37, Patreksfirði.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 1.500.000.00 með 1% vanskilavöxtum á mánuði frá 5. júní 1969 til greiðsludags, kr. 3.960.00 í afsagnar- og stimpilkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Jafnframt hafa þeir krafizt þess, að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

1.2. Þann 26. júní 1969 þingfesti Landsbankinn, Útibúið á Ísafirði, á bæjarþingi Ísafjarðar mál út af sömu víxlum og hér er stefnt um á hendur útgefanda og ábekingum víxlanna. Málið var hafið á bæjarþingi Ísafjarðar þann 6. nóvember 1969, en þingfest að nýju á bæjarþingi Reykjavíkur þann 13. janúar 1970, eins og að framan er rakið.

Aðiljar og dómkröfur eru hér fyrir dómi þeir sömu og voru, meðan málið var rekið fyrir bæjarþingi Ísafjarðar, þó svo, að nú eru ekki gerðar kröfur á hendur útgefanda víxlanna, Sigurlaugu M. Jónsdóttur.

2.0.

2.1. Stefnukrafan er byggð á tveimur víxlum.

Báðir víxlarnir bera með sér útgáfudaginn 20. júlí 1968. Útgefandi beggja víxlanna er Sigurlaug M. Jónsdóttir, en samþykkjandi Hans W. Haraldsson pr. pr. Fjöliðjan h/f. Greiðslustaður beggja víxlanna var í Landsbanka Íslands, Útibúinu á Ísafirði.

Annar víxillinn var að fjárhæð kr. 500.000.00, en hinn að fjárhæð kr. 1.000.000.00. Ábekingar á báðum víxlunum voru Sigurlaug M. Jónsdóttir og stefndu í máli þessu, Páll, Skúli, Marsellíus og Jón.

Gjalddagi lægri víxilsins er svohljóðandi: „Hinn við sýningu 196 ", gjalddagi hærri víxilsins: „Hinn ... 196 ".

Báðir víxlarnir voru sýndir og afsagðir sökum greiðslufalls 5. apríl 1969.

2.2. Málavaxtalýsing sú, sem hér fer á eftir, styðst við framburði stefndu Skúla, Marsellíusar, Jóns Friðgeirs og Páls hér fyrir dómi, en stefndu voru allir hluthafar í Fjöliðjunni h/f á Ísafirði, framburð Einars B. Ingvarssonar, sem var útibússtjóri Landsbankans á Ísafirði á þeim tíma, sem hér skiptir máli, Ingvars S. Ingvarssonar, prókúruhafa og hluthafa Fjöliðjunnar h/f á Ísafirði, og Hans W. Haraldssonar, prókúruhafa Fjöliðjunnar h/f. Enn fremur verður stuðzt við önnur gögn málsins.

Forsaga máls þessa er sú, að Fjöliðjan h/f hafði yfirdráttarlán nokkurt hjá Landsbanka Íslands, Útibúinu á Ísafirði. Stefnandi máls þessa virðist hafa óskað eftir því við Fjöliðjuna h/f, að sett yrði trygging fyrir yfirdráttarláni þessu.

Á hluthafafundi í Fjöliðjunni h/f sunnudaginn 30. september 1962 var m. a. bókað eftirfarandi: „Að hluthafar gangi í ábyrgð fyrir félagið fyrir kr. 500.000.00 rekstrarláni við Landsbanka Íslands, Ísafirði. Ábyrgðin er solidarisk gagnvart bankanum, en ef einhvern tíma kann að koma til greiðslu hennar, skuldbinda hluthafar sig til að skipta greiðslu hennar á milli sín í hlutfalli við hlutafáreign sína í félaginu".

Lægri víxillinn í máli þessu, að fjárhæð kr. 500.000.00, er tilkominn í tilefni af ofangreindri fundarsamþykkt. Ekki er alveg ljóst, hvenær útgefandi og ábekingar hafa ritað nöfn sín á víxil þennan, en líklegast er, að þær áritanir hafi farið fram á árinu 1962 og/eða 1963. Á skjali, sem stefnandi hélt yfir handveð sín, er getið um víxil þennan. Á skjali þessu er merkt við víxilinn dagsetningin 13. júlí 1963, og hefur þáverandi útibússtjóri stefnanda, Einar B. Ingvarsson, talið það vera dag þann, sem víxillinn var afhentur stefnanda.

Upplýst er í málinu, að víxill þessi bar ekki útgáfudag, þegar hann var afhentur stefnanda til tryggingar, en á hinn bóginn var hann útfylltur að öðru leyti. Vitnið Einar B. Ingvarsson, þáverandi útibússtjóri stefnanda, hefur kannazt við að hafa sett útgáfudag á víxilinn og hafi ástæðan verið sú, að Fjöliðjan h/f á

Ísafirði hafi verið hætt starfsemi á þessum tíma (þ. e. 20. júlí 1968) og gjaldþrot blasað við, og því hafi hann viljað grípa til ábyrgðanna.

2.3. Síðari víxillinn, að fjárhæð kr. 1.000.000.00, er tilkominn á svipaðan hátt og sá fyrri. Eftir skjölum málsins verður að telja líklegt, að sá víxill hafi verið samþykktur, útgefinn og ábakinn eigi síðar en á árinu 1966. Á skjali því, sem um getur í 2.2. um handveðsetningar stefnanda, er þessa víxils getið og við hann skráð dagsetningin 14. marz 1966. Vitnið Einar B. Ingvarsson hefur talið, að þessi dagsetning sé miðuð við það, þegar víxillinn hafi verið afhentur stefnanda.

Á sama hátt og um víxil þann, sem um getur í 2.2., bar þessi víxill eigi útgáfudag, þá er hann var afhentur stefnanda. Áðurnefnt vitni, Einar B. Ingvarsson, þáverandi útibússtjóri stefnanda, hefur kannazt við að hafa fært útgáfudag inn á víxil þennan (20. júlí 1968) af sömu ástæðum og um getur í 2.2.

Víxill sá, sem hér um ræðir, varð til af þeim sökum, að skuldir Fjöliðjunnar h/f á Ísafirði við stefnanda höfðu aukizt vegna aukinna umsvifa Fjöliðjunnar h/f. Vitna- og aðiljaskýrslur veita vitneskju um það, að þáverandi útibússtjóri stefnanda, Einar B. Ingvarsson, hafi gert kröfur á hendur Fjöliðjunni h/f um hækkun ábyrgðarfjárhæðar af þessu tilefni. Sjálfur kvaðst nefndur Einar áreiðanlega hafa sett fram þessa ósk við Ingvar S. Ingvarsson, starfsmann Fjöliðjunnar h/f.

Aðilja greinir á um það, hve há þessi síðari ábyrgðartrygging hafi átt að vera. Stefndu halda því fram, að síðari víxillinn hafi átt að koma í stað fyrri víxilsins (og því ábyrgðin aðeins átt að hækka um kr. 500.000.00), en stefnandi heldur því fram, að síðari víxillinn hafi átt að vera viðbót við hinn fyrri.

Í framburði allra stefndu kemur það fram, að Ingvar S. Ingvarsson hafi annazt milligöngu á milli stefnanda og stefndu um að útbúa síðari víxilinn. Um þetta segir m. a. svo í framburði stefnda Skúla: „Um það bil ári seinna, eða á árinu 1965 (e. t. v. sumarið 1966), kveður mætti, að þeir ábekingar víxilsins hafi verið staddir á fundi hjá Fjöliðjunni h.f., Ísafirði, og hafi þá Ingvar S. Ingvarsson farið fram á það við ábekinga, að framangreindur víxill yrði hækkaður úr kr. 500.000.00 í kr. 1 milljón.

Mætti kveðst ekkert hafa séð óeðlilegt við það, enda hafi umsetning Fjöliðjunnar h.f. aukizt. Hins vegar kveðst mætti vera alveg viss um það, að síðari víxillinn hafi átt að vera hækkun á fyrri víxlinum, en ekki viðbót við hann, enda segir mætti, að

málið hafi verið lagt þannig fyrir ábekinga. ... Varðandi útgáfu síðari víxilsins skýrir mætti nánar svo frá, að hann og Jón F. Einarsson hafi gert athugasemd við Ingvar um það, hvort ekki væri unnt að hafa síðari víxilinn að fjárhæð kr. 500.000.00 og láta þá fyrri víxilinn standa áfram í bankanum. Hafi þá Ingvar S. Ingvarsson tjáð sér og Jóni, að það væri ósk bankasjórans, Einars Ingvarssonar, að síðari víxillinn yrði að fjárhæð kr. 1 milljón, en fyrri víxlinum yrði skilað. Kveðst þá mætti hafa látið til leiðast að rita á síðari víxilinn, enda hafi hann þá verið laus við alla tortryggni".

Í framburði stefnda Páls segir um þetta m.a. svo: „Síðan segir mætti, að víxillinn hafi verið sendur til sín í pósti, og kveðst þá mætti hafa tekið eftir því, að víxillinn var að fjárhæð kr. 1 milljón í stað 500.000.00, sem Ingvar hafi áður talað um. Kveðst mætti hafa gert við þetta athugasemd og hringt í Ingvar í því sambandi, en Ingvar hafi þá tjáð sér, að fyrri víxillinn myndi ganga til baka og verða ónýttur".

Í framburði stefnda Marsellíusar segir á þessa leið: „Mætti kveðst eigi muna einstök orðaskipti þeirra Ingvars, en mætti kveðst þó hafa sett það skilyrði til áritunar sinnar á víxilinn, að gamli víxillinn yrði eyðilagður. Hafi Ingvar tjáð sér, að það yrði örugglega gert. Kveðst mætti þá hafa áritað víxilinn".

Í framburði stefnda Jóns Friðgeirs segir m. a.: „Þá lýsir mætti því, að Ingvar S. Ingvarsson hafi komið með síðari víxilinn til sín til Bolungarvíkur og tjáð sér, að bankinn hafi óskað eftir meiri ábyrgðum og að þeir hjá Fjöliðjunni h.f. hefðu fallizt á að hækka þær ábyrgðir upp í eina milljón, en að fyrri víxillinn ætti að ganga til baka og ónýtast. Mætti kveðst hafa tekið þetta trúanlegt og áritað víxilinn".

Í framburði Hans W. Haraldssonar (en hann samþykkti báða víxlana f. h. Fjöliðjunnar h/f) segir á þá leið, að útibússtjóri stefnanda, Einar B. Ingvarsson, hafi farið þess á leit við sig og Ingvar S. Ingvarsson, að ábyrgðir yrðu hækkaðar úr hálfri milljón í eina milljón. Vitnið sagði, að þá er það hefði samþykkt f. h. Fjöliðjunnar h/f síðari víxilinn, þá hefði Einar Ingvarsson sjálfur vélritað meginmál þess víxils. Vitnið kveðst ekki hafa gert kröfu til þess að fá fyrri víxilinn til baka, þegar það samþykkti síðari víxilinn, en vitnið gaf þá skýringu á þessu, að á þeim tíma hafi ekki verið komin öll nöfn ábekinga á síðari víxilinn, og því hefði hann þá ekki verið enn útfylltur, eins og til hafi staðið. Vitnið kveðst heldur eigi síðar hafa gert kröfu til þess að fá síðari

víxilinn til baka, enda kvaðst vitnið þá hafa verið orðið laust við fyrirtæki Fjöliðjunnar h/f, enda þótt það hefði prókúruumboð að formi til.

Í framburði Einars B. Ingvarssonar um þetta atriði segir m. a.: „Nánar aðspurður um tildrög þess, að síðari víxillinn var útgefinn, ábakinn og afhentur bankanum, kveðst mætti halda, að engin orðaskipti hafi verið af hálfu bankans við Fjöliðjuna um það, hvort síðari víxillinn ætti að vera viðbót við þann fyrri eða koma í hans stað nema það, að mætti hafi átt tal við Ingvar S. Ingvarsson og hafi hann virzt vera sama sinnis og mætti um, að síðari víxillinn skyldi vera viðbót við þann fyrri. ... Mætti tekur þó fram til nánari skýringar, að það hafi verið skýrt í sínum huga, þá þegar ósk var sett fram um viðbótartrygginguna, að sá víxill, að fjárhæð kr. 1 milljón, ætti að vera viðbót við þann fyrri, og telur mætti áreiðanlegt, að hann hafi átt tal við Ingvar um þetta og að Ingvari hafi verið þetta ljóst".

Í framburði Ingvars S. Ingvarssonar segir um þetta atriði m. a. þannig: „Segir mætti, að Hans Haraldsson hafi samþykkt víxlana fyrir Fjöliðjuna h.f., og kveðst mætti gera ráð fyrir, að nefndur Hans hafi útbúið víxlana. Kveðst þó mætti gera ráð fyrir því, að nefndur Hans hafi átt skipti við bankann út af víxlum þessum, en sjálfur kveðst mætti ekki hafa gert það. ... Segir mætti, að af sérstökum ástæðum hafi rekstrarfjárþörf Fjöliðjunnar h.f. verið stóraukin á þessum tíma og hafi Hans Haraldssyni verið falið að vinna að aukningu rekstrarlána félagsins hjá viðskiptabanka þess. Mætti segir, að það sé augljóst, að slíkt hafi tekið töluverðan tíma, en mætti álítur þó, að síðari víxillinn sé tilkominn í sambandi við þetta. Mætti kveðst ekki treysta sér til að svara neinu ákveðnu um það, hvort síðari víxillinn hafi átt að vera hækkun á hinum fyrri eða viðbót við hann".

Eftir að stefndu var kunnugt, að stefnandi taldi þá vera í ábyrgðum fyrir kr. 1.500.000.00, fóru a. m. k. tveir til þrír hinna stefndu á fund þáverandi bankastjóra, Einars B. Ingvarssonar, og fóru fram á leiðréttingu, þar sem þeir töldu sig aðeins vera í ábyrgðum fyrir einni milljón króna. Ljóst er af málsskjölum, að báðir aðiljar hafi haldið fram sinni skoðun og stefndu eigi fengið umbeðna leiðréttingu.

3.0.

3.1. Eftir atvikum þykir rétt að gera fyrst grein fyrir varnarástæðum stefndu. Stefndu benda á, að lægri víxillinn, að fjár-

hæð kr. 500.000.00, hafi átt að greiðast við sýningu, en enginn gjalddagi hafi verið á hærri víxlinum. Þetta þýði, að hærri víxillinn sé einnig sýningarvíxill.

Hins vegar sé innihald víxlanna rangt, þar sem útgáfudagurinn hafi verið settur, löngu eftir að víxlarnir höfðu verið gefnir út, og auk þess tilgreindur rangur, þar sem útgáfudagur víxlanna sé tilgreindur 20. júlí 1968. Stefndu taka fram, að ekki sé ljóst, hvers vegna útgáfudagur hafi ekki strax verið settur á víxlana, en ástæðan hafi ugglaust verið sú, að þeir, sem rituðu nöfn sín á víxlana, hafi ekki átt heima á sama stað. Stefndu hafi ætlazt til þess, að útgfudagur yrði settur á víxlana, strax og þeir hefðu verið afhentir stefnanda, en alls ekki síðar. Verði stefnandi að sanna, að hann hafi haft umboð til að tilgreina útgáfudaginn 20. júlí 1968. Víxill sé mjög tímabundið skjal samkvæmt víxillögum og því um að ræða mikil afbrigði frá því venjulega, ef stefnandi teldist hafa heimild til að tilgreina útgáfudag svo miklu síðar en hinn raunverulega útgáfudag.

Útgefandi megi að vísu lengja sýningarfrest, ef hann taki það fram berum orðum, en það hafi útgefandi ekki gert í þessu tilfelli og taki því víxillögin af honum ómakið og ákveði eins árs sýningarfrest.

Í samræmi við framanritað halda stefndu því fram, að framangreindir víxlar hafi raunverulega verið gefnir út árið 1964 og 1966 og þar sem víxlarnir séu sýningarvíxlar, skuli sýna þá til greiðslu, áður en eitt ár sé liðið frá útgáfudegi, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 93/1933. Víxilrétturinn sé því þar með fallinn niður fyrir vangeymslu og leiði það til sýknu.

3.1.1. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þegar þeir hafi ritað nöfn sín á síðari víxilinn, að fjárhæð kr. 1 milljón, þá hafi þeir að sjálfsögðu ætlazt til þess, að stefnandi sendi þeim til baka hinn fyrri víxil, að fjárhæð kr. 500.000.00, um leið og hann fengi hinn síðari víxil. Hafa stefndu meðal annars vísað til framburðar Hans W. Haraldssonar um þetta efni, en hann var rakinn að nokkru í 2.3. Telja stefndu, að stefnandi eigi alla vega ekki hærri kröfu en 1 milljón á hendur þeim.

3.2. Stefnandi heldur því fram, að varnir þær, sem stefndu hafi uppi, komist ekki að í máli þessu, þar sem ekki hafi verið um fölsun á víxlunum að ræða. Um eyðuvíxla hafi verið að tefla, sem stefnandi hafi haft heimild til að útfylla. Stefndu hafi vitað, að þeir hafi verið að ganga í ábyrgð, þá þegar víxlarnir voru afhentir stefnanda, og því hafi útibússtjóri stefnanda verið í

góðri trú um það, að honum væri heimilt að setja útgáfudag á víxlana.

Þess vegna skipti ekki máli, hver hafi verið hinn raunverulegi útgáfudagur víxlanna, heldur beri að miða við þann dag, sem víxlarnir beri með sér.

3.2.1. Stefnandi heldur því fram, að síðari víxillinn hafi átt að vera viðbót við þann fyrri. Í því sambandi bendir hann sérstaklega á framburð þáverandi útibússtjóra, Einars B. Ingvarssonar, svo og skjal það, sem bankinn hafi haldið um handveð (sbr. 2.2.), en þar sé ekki annars getið en að síðari víxillinn hafi átt að vera viðbót við þann fyrri. Loks bendir stefnandi á, að stefndu hafi ekki gert reka að því að fá fyrri víxilinn til baka.

4.0.

4.1. Svo sem rakið hefur verið í 2.0., voru stefnanda afhentir báðir „víxlarnir" til tryggingar yfirdráttarláni Fjöliðjunnar h/f hjá stefnanda, útfylltir að öðru leyti en því, að útgáfudag vantaði á báða víxlana.

Stefndu var ljóst, í hvaða tilgangi átti að nota umrædd víxilplögg, og þeim mátti vera kunnugt um, miðað við þau skjöl, sem þeir rituðu nöfn sín á, að tilætlunin var sú að stofna til víxilskuldbindingar síðar. Var því hér um að tefla „blanko" víxla (eyðuvíxla), og verður samkvæmt framansögðu að telja, að stefnanda hafi verið heimilt að setja á þá útgáfudag.

Af þessum sökum er ekki um fölsun á víxlunum að tefla.

Sú málsástæða stefndu, að stefnanda hafi einungis verið heimilt að rita útgáfudag á víxlana sem næst hinum raunverulega útgáfudegi þeirra, er vörn um heimildarskort, sem fær eigi gegn andmælum stefnanda komizt að í máli þessu, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

4.2. Hinn síðari víxill, að fjárhæð kr. 1.000.000.00, hafði eigi að geyma neinar þær áritanir, sem gátu gefið til kynna heimildarbrest stefnanda að honum. Vörn stefndu um það, að stefnanda hafi verið kunnugt um það skilyrði þeirra til áritunar síðari víxilsins, að hinn fyrri skyldi ganga til baka, kemst því ekki að í víxilmáli þessu, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

4.3. Þar sem ekkert er að öðru leyti athugavert við form víxlanna, og þeim hefur verið haldið nægjanlega til laga, þykir mega taka stefnukröfuna til greina að öllu leyti.

Málskostnaður, þar með talinn ferðakostnaður dómsins til Ísafjarðar, þykir hæfilega ákveðinn kr. 140.000.00.

Það athugast, að aðiljum var gefinn kostur á að leiða útgefanda víxlanna, Sigurlaugu M. Jónsdóttur, fyrir dóm til skýrslugjafar, en þeir töldu þess ekki þörf.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Skúli Steinsson, Páll Guðfinnsson, Marsellíus Bernhardsson og Jón F. Einarsson, greiði in solidum stefnanda, Landsbanka Íslands, Útibúi Ísafirði, kr. 1.500.000.00 með 1% vanskilavöxtum á mánuði frá 5. júní 1969 til greiðsludags, kr. 3.960.00 í afsagnar- og stimpilkostnað og málskostnað kr. 140.000.00.

Ofangreindar fjárhæðir ber stefndum að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. júní 1971.

Nr. 196/1970. **Félag starfsfólks í veitingahúsum**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Smárakaffi h/f
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kjarasamningar. Sjúkrasjóðsgjald. Orlofsheimilisgjald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. október 1970 og krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 6.354.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 10. desember 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfest-

ur, og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Svo sem í héraðsdómi er rakið, er stefndi ekki aðili að Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, sem gert hefur kjarasamning þann við áfrýjanda, sem kröfur áfrýjanda í máli þessu eru á reistar. Starfsfólk stefnda á þeim tíma, sem málið varðar, var eigi aðili að samtökum áfrýjanda. Samkvæmt þessu og þar sem eigi er fram komið, að stefndi hafi sérstaklega skuldbundið sig til að greiða gjöld þau, er um er rætt í málinu, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Félag starfsfólks í veitingahúsum, greiði stefnda, Smárakaffi h/f, kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. september 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. september s.l., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 1. nóvember s.l., af Félagi starfsfólks í veitingahúsum, Reykjavík, gegn Smárakaffi h/f, Laugavegi 178, einnig í Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 6.354.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 10. desember 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og málskostnaðar úr hendi hans.

Sáttatilraunir dómarans báru eigi árangur.

Við fyrirtöku málsins 22. júní s.l. lýstu lögmenn aðilja því yfir, að þeir teldu eigi ástæðu til að aðiljar kæmu fyrir dóminn, þar sem þeir gætu eigi frekar útskýrt málavexti.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að skuldin sé sjúkrasjóðsiðgjald og orlofsheimilssjóðsiðgjald, sem veitingamönnum beri að greiða samkvæmt kjarasamningi Sambands veitinga- og gisti-

húsaeigenda og Félags starfsfólks í veitingahúsum (hér eftir nefndir S. V. G. og F. S. V.). Gjöldin séu lögð á árið 1967 fyrir árið 1966 og nemi sjúkrasjóðsiðgjaldið kr. 5.083.00, en orlofsheimilissjóðsiðgjaldið (sem nefnt er „orlofsgjald" í stefnu) nemi kr. 1.271.00, eða samanlagt stefnufjárhæðinni. Gjöldin séu reiknuð út af skattstofu Reykjavíkur samkvæmt beiðni samningsaðilja og hafi þau verið tilkynnt hinu stefnda félagi með bréfi, dags. 10. desember 1968. Hið stefnda félag hafi ekki greitt gjöldin þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að umræddur kjarasamningur, sem lagður hefur verið fram sem dskj. nr. 4, sé gerður af stefnanda annars vegar og S. V. G. hins vegar og gildi hann frá 1. júlí 1966, en stefndi hafi ekki þrátt fyrir umsókn fengið aðild að S. V. G. og ekkert af starfsfólki hans á árinu 1966 hafi verið í samtökum stefnanda. Þannig sé ljóst, að nefndur samningur bindi ekki stefnda, enda mundu greiðslur þær, sem stefnt er út af, ekki skapa starfsfólki hans neinn rétt.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefnanda yfir því, að því væri ekki mótmælt, að stefndi sé og hafi verið utan S. V. G., en hélt því jafnframt fram, að það skipti eigi máli fyrir gjaldskyldu stefnda í máli þessu. Rökstuddi hann þessa skoðun sína ítarlega, m. a. með því að benda á eftirfarandi: *Að* hið stefnda félag reki atvinnu þá, sem kjarasamningur S. V. G. og F. S. V. fjallar um. *Að* tilgangur sjúkrasjóðs og orlofsheimilasjóðs F. S. V. og annarra launþegafélaga sé hinn sami og með lögunum nr. 16 frá 1958 og nánast framhald þeirrar þróunar, sem þar hafi verið mörkuð um greiðslur í sjúkdóms- og slysatilfellum. Sé greiðslum úr sjúkrasjóði F. S. V. t. d. þannig háttað, að hér sé um dagpeninga að ræða, sem greiðast samanlagt í 84 daga á hverjum 6 mánuðum, og hefjist greiðslur, 7 dögum eftir að samningsbundinni eða lögbundinni kaupgreiðslu lýkur. *Að* tilgangurinn sé einnig sá, að veikinda- og sjúkdómstilfelli starfsfólks komi léttar niður á atvinnurekendum. *Að* ýmis hætta sé því samfara að telja þá atvinnurekendur, sem eru utan samtaka, eigi skylduga til að greiða slík gjöld, þar með talin lífeyrisgjöld, þar sem slíkt gæti t. d. leitt til upplausnar samtaka atvinnurekenda. Einnig taldi lögmaður stefnanda, að túlka mætti ýmis lagaákvæði þannig, að lagaskylda væri beinlínis fyrir hendi, að stefndi skuli greiða gjöld þessi. Þannig taldi hann að túlka mætti lög nr. 18 frá 1970, 2. gr., sbr. 4. og 6. gr., svo og lög nr. 54 frá 1960. Taldi hann dómvenju eigi fyrir hendi um þetta efni, en

benti á, að með dómi Hæstaréttar, XXXIX/182, Hörður Hjörleifsson gegn Veitingahúsinu Nausti h/f, væri staðfest, að samningsbundin launakjör séu lágmarkskjör, og hið sama hljóti að eiga við um samningsbundin hlunnindi. Reifaði hann og ítarlega sænskan hæstaréttardóm frá árinu 1968 um greiðslu sjúkrapeninga, en þar voru stúlku dæmdir dagpeningar úr hendi atvinnuveitenda hennar í samræmi við ákvæði í kjarasamningi stéttarfélags hennar, þótt atvinnuveitandinn væri ekki tengdur kjarasamningi þessum og ekkert hefði þeirra í milli verið samið um slíkt, er hún var ráðin til starfa. Að endingu vísaði lögmaðurinn í bréf frá Verkamannafélaginu Dagsbrún, dskj. nr. 10, þar sem því er lýst yfir að gefnu tilefni frá lögmanninum, að nær undantekningarlaust sé, að vinnuveitendur og aðrir kaupgreiðendur greiði samningsbundin gjöld til styrktarsjóðs Dagsbrúnarmanna og orlofssjóðs Dagsbrúnarmanna án tillits til þess, hvort þeir eru félagsbundnir í samtökum vinnuveitenda eða ekki eða sérstakir samningar hafi verið við þá gerðir. Í bréfi þessu er einnig sagt, að unnt sé að tilgreina tugi eða jafnvel hundruð einstaklinga og fyrirtækja, sem stunda atvinnurekstur, en eru þó ekki meðlimir Vinnuveitendasambands Íslands, sem greiða gjöld þessi reglulega. Taldi lögmaður stefnanda, að þetta sýndi, að venja hefði skapazt um greiðslur þær, sem stefnt er út af, og mundi sú venja skera úr, þótt eigi yrði fallizt á, að skyldu stefnda til að greiða mætti leiða af settum lögum eða dómsúrlausnum.

Lögmaður stefnda lýsti því yfir, að hann væri sammála málavaxtalýsingu lögmanns stefnanda, en jafnframt, að hann sæi ekki, að rétt væri, að stefnda væri gert að greiða gjöld þessi, þar sem slíkt mundi ekki skapa starfsfólki hans neinn rétt, vegna þess að það væri utan F. S. V. Benti hann á, að tilvik þau, er lögmaður stefnanda hefði fjallað um, hefðu verið þannig, að starfsfólkið hefði verið í félagssamtökum.

Niðurstaða.

Eins og rakið hefur verið hér að ofan, snýst mál þetta um kröfu launþegafélags, Félags starfsfólks í veitingahúsum, á hendur ákveðnum atvinnurekanda, Smárakaffi h/f, um, að hinn síðarnefndi greiði gjöld samkvæmt samningi, sem heildarsamtök atvinnurekenda í þessari grein, Samband Veitinga- og gistihúsaeigenda, gerði við stefnanda 1. júlí 1966, enda þótt stefndi sé ekki aðili að samningnum. Telja verður, að á sama hátt og atvinnurekendum er frjálst að vera utan samtaka stéttar sinnar, er þeim

sem utan standa, frjálst að taka á sig skyldur, sem væru þeir innan samtakanna, ef þeir kjósa svo. Þannig verður atvinnurekanda, sem er utan samtaka og kýs að greiða eigi gjöld þessi, ekki gert að gera það, þegar og er á það litið, að starfsfólk hans er eigi í stéttarfélagi því, sem greiðslurnar eiga að renna til. Af þessari ástæðu ber að taka sýknukröfu stefnda til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Dómari máls þessa var Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Stefndi, Smárakaffi h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags starfsfólks í veitingahúsum, í máli þessu. Stefnandi greiði stefnda kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. júní 1971.

Nr. 49/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Gísla Ásmundssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Sigmundur Böðvarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið háð framhaldsrannsókn í máli þessu. Kom þá fyrir sakadóm vitnið Pétur Stefánsson, fyrrverandi lögregluvarðstjóri. Staðfesti það skýrslur sínar um handtöku ákærða og yfirheyrslu á honum, en efni skýrslnanna er rakið í héraðsdómi. Kveður vitnið,

sem vann eið að framburði sínum, að liðið hafi um ein klukkustund og tuttugu mínútur, frá því að tilkynnt var um óheimila töku bifreiðarinnar V 104 og þar til blóðsýnishorn var tekið úr ákærða.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, m. a. fæðingarvottorð ákærða, og ber það með sér, að ákærði er fæddur 15. september 1950.

Hinn 13. febrúar 1969 var gerð dómssátt við ákærða, þar sem hann samþykkti að greiða kr. 2.500.00 sekt fyrir ölvunarakstur og verða sviptur ökuleyfi 5 mánuði, en þetta brot framdi ákærði 24. nóvember 1968. Hefur brot þetta ítrekunaráhrif á ölvunarakstursbrot ákærða, sem um er fjallað í máli þessu, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar, en svipta ber ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærða ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00. Annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, enda er af hálfu ákæruvalds ekki höfð uppi krafa á hendur ákærða um frekari greiðslu áfrýjunarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði, Gísli Ásmundsson, er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00, en annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 6. janúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins hinn 13. nóvember 1970, á hendur Gísla Ásmundssyni verkamanni,

Urðavegi 33, Vestmannaeyjum, fyrir að taka heimildarlaust laugardaginn 2. maí 1970 bifreiðina V 104 við hraðfrystihús Sigurðar Þórðarsonar og aka henni undir áhrifum áfengis inn á Hlíðarveg, en á móts við sambýlishúsið Hásteinsveg 60—64 stöðvaði ákærði og hvarf á braut, en lögreglan handtók hann skömmu síðar.

Í ákæruskjali er þetta talið varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Gísli Ásmundsson, er fæddur 15. september 1950 í Vestmannaeyjum og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1967 í Vestmannaeyjum: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 5. október 1967.

1967 26/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

1968 30/12 í Vestmannaeyjum: Kærður fyrir skemmdarverk í sundlaug. Málið fellt niður 24. júní 1969, enda greiði kærði kr. 2.417.00 í skaðabætur.

1969 19/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 13/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 5 mánuði frá 13. febrúar 1969.

1969 16/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 3/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 3/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 24/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1970 5/7 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1970 24/7 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1970 5/8 í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1970 13/9 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 2. maí 1970, kl. 1725, barst lögreglunni í Vestmannaeyjum tilkynning um, að tveir ölvaðir menn hefðu þá rétt áður farið inn í vörubifreiðina V 104, sem staðsett var við hraðfrystihús Sigurðar Þórðarsonar, og ekið henni suður Hlíðarveg. Lögreglumenn fóru á vettvang og fundu bifreiðina V 104 nokkru fyrir norðan sambýlishúsið Hásteinsveg 60—64, og tjáði Svanhildur Sigurðardóttir, Hásteinsvegi 62, sem stödd var hjá bifreiðinni, er lögreglumenn komu þar að, að ákærði og Þorvaldur Kristleifsson, Illugagötu 14, Vestmannaeyjum, hefðu verið í bifreiðinni og hefði ákærði setið undir stýri bifreiðarinnar og ekið henni.

Lögreglumennirnir sáu tvo menn hlaupa til austurs sunnan við Lifrarsamlag Vestmannaeyja, og veittu þeir mönnum þessum eftirför. Reyndist hér vera um framangreinda tvo menn að ræða, en nefndur Þorvaldur komst undan, en ákærði var færður í lögreglustöðina, þar sem læknir tók blóðsýnishorn úr ákærða kl. 1845 umræddan dag.

Fyrir lögregluvarðstjóra hinn 3. maí 1970 og fyrir sakadómi Vestmannaeyja sama dag viðurkenndi ákærði að hafa einn ekið bifreiðinni V 104 í umrætt sinn, og fyrir sama dómi hinn 11. júní 1970 kvaðst ákærði hafa ekið nefndri bifreið frá fiskverkunarhúsi Sigurðar Þórðarsonar (Eyjabergi) til vesturs inn á Hlíðarveg og síðan upp (norður) þá götu um 400 metra vegalengd, þar til hann stöðvaði bifreiðina á móts við sambýlishúsið Hásteinsveg 60—64, og slökkti hann þar á vél bifreiðarinnar. Kvaðst ákærði þá hafa reynt að fela sig hjá lýsistanki skammt frá Eyjabergi, en lögreglumenn hafi fundið hann, um 5—10 mínútum eftir að hann yfirgaf bifreiðina. Ákærði kvað bifreiðina hafa verið ólæsta, er hann tók hana í umrætt sinn, og hafi bæði hann og nefndur Þorvaldur verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn.

Blóðsýnishorn það, er tekið var úr ákærða í umrætt sinn, var sent til alkóhólákvörðunar, og fundust í því serucerandi efni, er samsvara 1.90‰ af alkóhóli.

Samkvæmt framansögðu þykir mega telja sannað, m. a. með játningu ákærða sjálfs, að hann hafi ekið bifreiðinni V 104, sem hann tók í heimildarleysi, hinn 2. maí 1970 um Hlíðarveg í Vest-

mannaeyjum og hafi ákærði verið undir áhrifum áfengis við akstur nefndrar bifreiðar í umrætt sinn, og hefur ákærði með því gerzt sekur um brot á öllum þeim lagaákvæðum, er í ákæru greinir og þar eru rétt tilgreind, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 40 daga.

Þá er ákærði sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá 11. júní 1970 að telja, en þá var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, og er sú bráðabirgðaökuleyfissvipting jafnframt felld úr gildi.

Þá þykir rétt, að ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Ásmundsson, sæti varðhaldi í 40 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá 11. júní 1970 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. júní 1971.

Nr. 78/1971. **Böðvar Páll Ásgeirsson**
(Ingi R. Helgason hrl.)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarstjórnar
(Jón G. Tómasson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um kosningarrétt.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1971. Krefst hann þess, að nafn hans verði

skráð á kjörskrá í Reykjavíkurkjördæmi við alþingiskosningar, sem fram eiga að fara 13. júní 1971.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, brestur áfrýjanda það skilyrði til kosningaréttar, að hann eigi lögheimili hér á landi, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 35/1960, en undantekningarákvæði 3. mgr. 2. gr. og 10. gr. sömu laga eiga hér eigi við. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júní 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 4. júní s.l., hefur Böðvar Ásgeirsson, sem telur sig til heimilis að Hjaltabakka 18 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarstjórnar til þess að fá viðurkenndan rétt sinn til þess að vera á kjörskrá í Reykjavíkurkjördæmi í alþingiskosningum þeim, sem fram eiga að fara þann 13. júní 1971. Málskostnaðar er ekki krafizt.

Stefndi hefur látið sækja þing og samþykkt fyrirtöku málsins, en mótmælt kröfugerð stefnanda.

Málavextir eru þeir, að nafn stefnanda var ekki tekið á kjörskrá þá í Reykjavík, sem gilda á við alþingiskosningar 13. júní 1971.

Fullt nafn stefnanda er Böðvar Páll Ásgeirsson, og er hann fæddur í Reykjavík 11. febrúar 1941, og er þjóðskrárnúmer hans 1491-8841.

Stefnandi kveður sig frá fæðingu hafa átt heimili í Reykjavík og vilji hafa þar lögheimili sitt, sem hann telur vera að Hjaltabakka 18 hér í borg, en hann er þinglesinn eigandi íbúðar í því húsi. Stefnandi er kvæntur Grétu Maríu Sigurðardóttur, og eiga þau 4 börn. Stefnandi hefur sveinsréttindi í trésmíði.

Stefnandi segir, að mestallt árið 1969 hafi ríkt mikið atvinnuleysi í starfsgrein sinni hér á landi. Atvinnuleysi þetta hafi mjög bitnað á honum og hafi valdið því, að hann hafi verið í hættu með íbúð sína. Hann hafi þá leitað fyrir sér um atvinnu í Svíþjóð og fengið tilboð um vinnu í starfsgrein sinni til tveggja ára. Að því tilboði fengnu hafi hann tekið saman búslóð sína, komið

henni fyrir í íbúðinni að Hjaltabakka 18 og farið síðan utan ásamt fjölskyldu sinni í október 1969. Hann hafi undirritað samnorræna flutningstilkynningu 9. október 1969, eða 9 dögum eftir gildistöku hins samnorræna samnings. Hann kveðst nú dveljast að Norbäcksgatan 30 í Malmö í Svíþjóð. Flutningsvottorð stefnanda og fjölskyldu hans liggur frammi í málinu. Flutningsvottorð þetta er í samræmi við auglýsingu um aðild Íslands að Norðurlandasamningi um almannaskráningu frá 24. febrúar 1969 og auglýsingu um flutning manna milli Íslands og annarra Norðurlanda frá 22. september 1969. Ákvæði auglýsingar þessarar komu til framkvæmda 1. október 1969, sbr. 10. gr. auglýsingarinnar.

Stefnandi hefur sérstaklega á það bent, að hann hafi ekki farið af landi burt í október 1969 í því skyni að flytjast búferlaflutningi til annarra landa, heldur hafi hann farið í tímabundna atvinnu til Svíþjóðar, þar sem hann hafi viljað fá borgið sér og fjölskyldu sinni með aflahæfi sínu í þeirri starfsgrein, sem hann hefur sérkunnáttu í. Að loknum 2ja ára starfstíma sínum í Svíþjóð muni hann koma heim með fjölskyldu sína og taka þá að búa í íbúðinni að Hjalatbakka 18. Hann vilji búa á Íslandi og eiga þar lögheimili. Hann telji sjálfur, að tengsl sín við Ísland hafi ekki rofnað vegna þessarar atvinnuleitar sinnar í Svíþjóð um 2ja ára skeið á þann hátt, að niður falli dýrmæt réttindi sín, sem fólgin eru í kosningarréttindum til Alþingis.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að eðli dvalar hans í Svíþjóð ætti að vega þyngra varðandi hinn stjórnarskrárbundna kosningarrétt hans heldur en þröngar lögskýringar á formsákvæðum laganna um lögheimili.

Var því haldið fram, að þröng lögskýring á ákvæðum 10. gr. laganna um lögheimili og ganályktun frá upptalningu þeirri, sem í greinni er gerð, sé ekki heimil í máli sem þessu.

Þá var því haldið fram, að hinn samnorræni samningur geri ráð fyrir því, að norrænn maður geti ekki átt lögheimili nema á einum stað á Norðurlöndum og hin samnorræna tilkynning eigi að koma í veg fyrir annað. Þetta þýði, að samkvæmt samningnum hafi stefnandi ekki getað setzt að í Svíþjóð til tímabundinnar atvinnu sinnar öðru vísi en að telja sitt lögheimili þar, meðan hann dveldist þar. Þetta hafi alfarið verið gegn eindregnum vilja hans.

Þá var því haldið fram, að samningur þessi hafi verið staðfestur af Íslands hálfu með löglegum hætti, birtur í Stjórnartíðindum

á sínum tíma, en hins vegar á það bent, að samningur þessi sé stjórnvaldsráðstöfun. Hann hafi aldrei verið borinn undir Alþingi og hafi þess vegna ekki lagagildi sem slíkur, hins vegar sé hann gildur að ríkisrétti, en þó einvörðungu sem stjórnvaldsráðstöfun, þ. e. a. s. samningur milli ríkisstjórna allra Norðurlandanna. Því sé hér harðlega mótmælt, að íslenzkt stjórnvald geti með samningi þessum gert að skilyrði gagnvart Íslendingi, að hann afsali sér þýðingarmiklum stjórnarskrárvernduðum réttindum eins og kosningarrétti til þess eins að geta leitað sér tímabundinnar atvinnu í öðru Norðurlandi. Rétt sé að benda á, að auðvitað fái stefnandi ekki kosningarrétt í Svíþjóð og Svíi, sem hingað kæmi í atvinnuleit, fengi þrátt fyrir hina samnorrænu tilkynningu að halda kosningarrétti sínum í Svíþjóð.

Þá var það tekið fram, að faðir stefnanda, sem gæta átti að því, hvort stefnandi væri á kjörskrá eða ekki, hafi ekki komið upplýsingum um þetta atriði til stefnanda, fyrr en kærufrestur til borgarstjórnar hafi verið liðinn.

Af hálfu stefnda var á það bent, að eins og fram komi hjá stefnanda, hafi hann tilkynnt lögheimili utan Reykjavíkur þann 9. október 1969. Því verði ekki talið, að hann fullnægi ákvæðum 1. mgr. 15. gr. laga nr. 52/1959, sbr. einnig ákvæði 10. gr. laga nr. 35/1960. Einnig var á það bent af hálfu stefnda, að í dreifibréfi dómsmálaráðuneytisins til sveitarstjórna um samning kjörskrárstofna 1971, dags. 10. febrúar 1971, sé þar tekið fram, að einstaklingar, sem samkvæmt upplýsingum þjóðskrár séu í atvinnu í einhverju hinna Norðurlandanna og hafi tilkynnt flutning samkvæmt samnorrænu flutningsvottorði eftir 1. október 1969, skuli ekki teknir á kjörskrá þar. Máli sínu til stuðnings hefur stefndi lagt fram ljósrit af dreifibréfi dómsmálaráðuneytisins.

33. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa íslenzkan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé eigi sviptur lögræði.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar".

Kosningarréttarskilyrðin er svo ítrekuð í 1. gr. laga nr. 52/1959, eins og þeim var breytt með lögum nr. 48/1968. Ekki er hér deilt um önnur kosningarréttarskilyrði en þau, hvort stefnandi eigi hér lögheimili, þannig að það eigi að taka hann á kjör-

skrá. Skýringu ákvæðis stjórnarskrár og kosningalaga um lögheimili þykir verða að byggja á lögum um lögheimili nr. 35/1960. Þessu þykir ekki breyta á neinn hátt samningur Norðurlandanna um almannaskráningu né auglýsing sú, sem áður hefur verið vitnað til frá 22. september 1969 um almannaskráningu við flutning milli Íslands og annarra Norðurlanda.

Í 2. gr. laga nr. 35/1960 kemur fram aðalreglan um lögheimili. Þar segir, að lögheimili manns sé þar, sem hann á heimili. Heimili manns sé sá staður, þar sem hann hefur bækistöð eða dvelst að jafnaði á í tómstundum sínum og hefur þá hluti, sem eru honum persónulega tengdir, svo sem fatnað, húsgögn, bækur o. fl.

Samkvæmt þessu á 2. gr. laganna ekki við stefnanda, og þar sem 10. gr. laganna um undantekningar vegna þeirra, sem dvelja erlendis, né aðrar reglur laganna þykja við hann eiga, þá verður ekki talið, að hann eigi lögheimili hér á landi.

Kröfu stefnanda er því synjað.

Dóm þennan kvað upp Hrafn Bragason.

Dómsorð:

Kröfu stefnanda, Böðvars Ásgeirssonar, um, að stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur, verði gert að taka hann á kjörskrá í Reykjavíkurkjördæmi í alþingiskosningum þeim, sem fram eiga að fara 13. júní 1971, er synjað.

Miðvikudaginn 9. júní 1971.

Nr. 79/1971. **Jón Björnsson**
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarstjórnar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 7. júní 1971, sem barst Hæstarétti sama dag, hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Af hálfu varnaraðilja hefur borizt greinargerð. Telur hann „eigi efni til að hafa uppi neinar kröfur vegna frávísunardóms í máli þessu".

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júní 1971.

Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 4. júní s.l. Það var dómtekið samdægurs, án þess að munnlegur málflutningur færi fram.

Stefnandi málsins er Jón Björnsson, fæddur 1. marz 1941, nafnnúmer 5116-5799. Hann telur lögheimili sitt vera að Vífilsgötu 9, Reykjavík.

Stefndi er borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að kosningarréttur hans við alþingiskosningar 13. júní næstkomandi verði viðurkenndur og nafn hans sett á kjörskrá í Reykjavík hið allra fyrsta og eigi síðar en fyrir í hönd farandi alþingiskosninga.

Stefndi hefur krafizt þess, að dómkröfum stefnanda verði hrundið.

Í sóknarskjölum er málavöxtum lýst svo, að samkvæmt upplýsingum Manntalsskrifstofunnar í Reykjavík hafi stefnandi flutzt af landi brott í október 1969 og farið til Svíþjóðar, þar sem hann hafi dvalizt til 3. maí 1971.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Manntalsskrifstofunnar í Reykjavík, en þar er vottað, að stefnandi hafi tilkynnt aðsetursskipti til Vífilsgötu 9, Reykjavík, þann 3. maí 1971.

Málsástæður stefnanda koma eigi fram berum orðum, en sýnast á því reistar, að stefnandi eigi nú lögheimili hér á landi og fullnægi því nú öllum kosningarréttarskilyrðum.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að stefnandi fullnægi ekki 1. mgr. 15. gr. laga nr. 52/1959, og því beri að hafna stefnukröfunum.

Upplýst er, að stefnandi kærði ekki mál þetta til borgarstjórnar, áður en til málssóknar þessarar kom. Um ástæður stefnanda til þess segir í stefnu m. a. svo: „Stefnanda var eigi kunnugt um, að hann væri ekki á kjörskrá, fyrr en eftir að frestur til að kæra til sveitarstjórnar, sbr. 20. gr. laga nr. 52/1962, var útrunninn, og vannst því eigi tími til kæru til Borgarráðs Reykjavíkur". Í greinargerð stefnanda er því bætt við, að stefnandi hafi verið nýkominn til landsins, er frestur til kæru fyrir borgarráð rann út, og því hafi ekki unnizt tími til kæru. Eins og sóknargögn eru úr garði gerð, verður að reisa dóm á því, að stefnandi hafi verið kominn hingað til landsins, þá er hann tilkynnti aðsetursskipti þann 3. maí 1971 samkvæmt framanrituðu.

Eftir ákvæðum 20. gr. laga nr. 52/1959 átti stefnandi kost á kæru til borgarstjórnar, þar til 3 vikur voru til kjördags. Eins og málsatvikum er hér háttað, hefur stefnandi því eigi fært sönnur á, að honum hafi hamlað þau forföll, sem getur í 24. gr. laga nr. 52/1959 um kæru til borgarstjórnar.

Er því óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá dómi, enda þótt krafa um það hafi ekki komið fram.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Miðvikudaginn 9. júní 1971.

Nr. 59/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Eggert Grímssyni Laxdal
(Sigurður Helgason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Barði Þórhallsson, fulltrúi bæjarfógeta Kópavogs, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Eggert Grímsson Laxdal, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Sigurður Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 20. nóvember 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. nóvember s.l., er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, dags. 5. febrúar 1970 á hendur Eggert Grímssyni Laxdal, Birkihvammi 3 í Kópavogi, fæddum 23. september 1924 í Tungu í Svalbarðsstrandarhreppi,

Suður-Þingeyjarsýslu, fyrir að aka síðdegis miðvikudaginn 31. desember 1969 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 22527 frá Skildingarnesvegi 32 við Skerjafjörð heim til sín að Birkihvammi 3, þar sem ákærði var handtekinn strax að akstri loknum.

Telst þetta varða við 22. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 31. desember 1969, um kl. 1740, var Guðjón Ásberg Jónsson lögregluvarðstjóri á bifreið sinni, Y 240, við benzínsöluna á Kópavogshálsi. Veitti hann þá athygli gulri Opel stationbifreið og Scout bifreið, sem stöðvað höfðu á Hafnarfjarðarvegi við Skjólbraut. Lögreglumaður nr. 2 var á stöðuvakt þarna skammt frá, ætlaði sýnilega að hafa tal af ökumönnum bifreiðanna, en þær óku áfram, áður en hann náði til þeirra. Scout bifreiðinni var ekið rakleitt að lögreglustöðinni, en Opel bifreiðin ók suður Hafnarfjarðarveg.

Þar sem Guðjóni fannst akstur Opel bifreiðarinnar tortryggilegur, veitti hann henni eftirför suður Lindarhvamm og að Birkihvammi 3, þar sem bifreiðinni var ekið inn í heimkeyrsluna. Stöðvaði Guðjón bifreið sína fyrir aftan Opel bifreiðina, sem ber skrásetningarnúmerið R 22527, og fór að ökumannshurð bifreiðarinnar, og sat þá undir stýri maður, sem hann bar kennsl á, ákærði í máli þessu. Bað Guðjón ákærða um skýringu á umferðartöf þeirri, sem hann hefði valdið við Skjólbraut, en hann sagði það sitt mál. Guðjón merkti það á mæli ákærða, að hann hefði neytt áfengis, og bar það á hann, en hann neitaði í fyrstu, en sagði svo, að það væri ekki svo mikið, að það kæmi að sök við akstur. Skoraði þá Guðjón á ákærða að koma með sér á lögreglustöðina, og féllst hann fljótlega á það. Ók Guðjón ákærða síðan á lögreglustöðina, þar sem Jóhann Kristjánsson aðstoðarvarðstjóri tók við honum og tók af honum öndunarpróf.

Er Guðjón fylgdi bifreiðinni R 22527 eftir að Birkihvammi 3, sá hann, að bifreiðinni var mikið ekið á vinstri vegarkanti og öðru hverju á milli vegarkanta, eins og ökumaður hefði ekki vald á akstri sínum.

Jóhann Kristjánsson tók síðan varðstjóraskýrslu af ákærða. Var þá farið með hann á slysavarðstofuna til blóðtöku. Ákærða var

tekið blóð kl. 1815, og var það merkt nr. 71/1969. Fóru lögreglumenn nr. 2 og 5 síðan með ákærða að Birkihvammi 3 og gerðu þar leit að víni í bifreið hans, R 22527, að beiðni Ásmundar Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns, og fundu þeir þar fjórar flöskur af víni, allar frá Áfengisverzlun ríkisins, og voru þær allar óáteknar.

Var síðan farið með ákærða til yfirheyrslu hjá Ásmundi Guðmundssyni rannsóknarlögreglumanni. Kveðst ákærði hafa farið um kl. 1400 að Skerjanesi í Skerjafirði til Bjarna Bjarnasonar. Kvaðst ákærði hafa verið að lagfæra hlut hjá Bjarna. Hann kveðst hafa verið hjá Bjarna Bjarnasyni, þar til hann fór beinustu leið heim og var þá tekinn af Guðjóni Ásberg varðstjóra.

Ákærði kvaðst hafa drukkið eina flösku af Egils pilsner, eftir að hann kom til Bjarna, og einnig eina flösku af Thule bjór. Hann kveðst þá hafa drukkið eina flösku af Carlsberg bjór, rétt áður en hann fór frá Bjarna. Ákærði kveðst hafa drukkið Carlsberg bjórinn í einum teyg. Hann kvaðst síðan hafa farið í bifreið sína og ekið áleiðis heim til sín. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa, er hann fór út í bifreiðina. Ákærði kvaðst hafa byrjað að finna til áfengisáhrifa í Fossvoginum. Hann kvaðst hafa ekið viðstöðulaust suður Reykjanesbraut og yfir Kópavogsháls. Hann kvaðst hafa ekið á vinstri vegarkanti eða vinstri akrein suður Reykjanesbraut og þegar hann hafi verið kominn að gatnamótum Digranesvegar, hafi jeppabifreið komið eftir hægri akrein og beygt fyrir sig til vinstri inn á Digranesveg. Kvað ákærði bifreiðarstjórann hafa stöðvað og talað við sig og sagt, að hann, það er ákærði, væri ekki löglegur, en ákærði kveðst hafa svarað honum og sagt, að það væri hann, sem ekki væri réttu megin. Kvaðst þá ökumaður jeppabifreiðarinnar ætla að kæra ákærða. Ákærði kvaðst hafa sagt honum að fara til lögreglunnar í Kópavogi og kæra sig, en það væri hann, þ. e. ákærði, sem ekki væri ólöglegur. Að þessu samtali loknu kvaðst ákærði síðan hafa ekið suður Reykjanesbraut og inn Hlíðarveg, suður Lindarhvamm og austur Birkihvamm og inn í innkeyrslu við hús sitt að Birkihvammi 3, en þegar hann kom út úr bifreiðinni, hafi lögreglumaðurinn komið og beðið sig að koma með sér á lögreglustöðina.

Ákærði kom fyrir sakadóm Kópavogs 22. janúar 1970. Kvaðst hann þá hafa verið að koma frá Skildinganesi 32 í Skerjafirði miðvikudaginn 31. desember 1969 um kl. 1740 á bifreið sinni, R 22527, er hann var stöðvaður á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar

og Skjólbrautar af ökumanni jeppabifreiðar, sem taldi ákærða í óréttu, en hann ók eftir vinstri akrein. Ákærði kvaðst hafa sagt ökumanninum, að ef honum þætti eitthvað athugavert við akstur hans, þá skyldi hann tala við lögregluna. Hann kvaðst síðan hafa ekið inn Hlíðarveg og niður Lindarhvamm og heim til sín að Birkihvammi 3, þar sem lögreglumaður kom mjög skömmu síðar að ákærða. Ákærði kvaðst hafa drukkið eitt glas af bjór, skömmu áður en hann ók af stað heim frá Skildingarnesi 32. Hann kvaðst hafa talið, að hann væri að drekka sterkan bjór, en húsráðandinn í Skildinganesi 32 hafi látið hann hafa drykk í glas. Ákærði kvaðst hafa fyrst fundið til áhrifa í Fossvoginum á leiðinni heim, sem hann hafi fundið í þyngslum yfir höfði. Hann kveðst ekki hafa neytt áfengis á leiðinni né eftir að akstri lauk í greint sinn.

Þann 25. febrúar 1970 kom fyrir sakadóm Kópavogs sem vitni Guðjón Ásberg Jónsson lögregluvarðstjóri.

Hann kvaðst hafa verið við bezínsöluna á Kópavogshálsi miðvikudaginn 31. desember 1969 um kl. 1740, er hann veitti athygli tveimur bifreiðum, sem staðnæmzt höfðu á gatnamótum Skjólbrautar og Hafnarfjarðarvegar. Hann kvaðst hafa séð, að lögreglumaður nr. 2, Pétur Sveinsson, sem var á varðstöðu við Hafnarfjarðarveginn, gekk í áttina að bifreiðunum. Vitnið kveðst þá hafa ekið frá benzínstöðinni í áttina að bifreiðunum og verið komið að lögreglumanninum, er bifreiðarnar óku af stað. Kvaðst vitnið þá hafa spurt lögreglumann nr. 2 um það, hvað hefði verið um að vera, en hann sagt, að hann vissi það ekki. Önnur bifreiðin fór suður Hafnarfjarðarveginn, en hin austur Digranesveginn að lögreglustöðinni. Vitnið kvaðst hafa tekið ákvörðun um að fylgja þeirri bifreið eftir, sem fór suður Hafnarfjarðarveg, er það sá, að hin bifreiðin, sem var rauður Scout jeppi, ók að lögreglustöðinni, þar sem vitninu hafi þá dottið í hug, að ökumaður þeirrar bifreiðar ætlaði að kæra ökumann hinnar bifreiðarinnar, sem var ljós Opel bifreið. Vitnið kveðst síðan hafa fylgt bifreiðinni eftir um Hlíðarveg og Lindarhvamm og að húsi nr. 3 við Birkihvamm. Vitnið kvað akstur bifreiðarinnar hafa verið nokkuð einkennilegan, þar sem bifreiðin rásaði nokkuð á veginum. Var bifreiðinni ekið inn í innkeyrslu við húsið nr. 3 við Birkihvamm, og þar kvaðst vitnið hafa haft tal af ökumanni bifreiðarinnar, sem það hefði þekkt sem ákærða. Vitnið kvaðst fljótt hafa séð, að ákærði var undir áhrifum áfengis, og hafi það borið það á ákærða, að hann hefði neytt áfengis, og ákærði

ekki þrætt fyrir það, en talið það magn, sem hann hefði drukkið, ekki koma að sök. Vitnið kvaðst síðan hafa ekið ákærða á lögreglustöðina.

Þann 30. september s.l. kom fyrir sakadóm Kópavogs sem vitni í máli þessu Bjarni Bjarnason, löggiltur endurskoðandi, Skildinganesi 32 í Skerjafirði.

Vitnið taldi það vel geta verið, að það hefði gefið ákærða 1 glas af sterkum bjór í greint sinn, en þó kvaðst það ekki muna sérstaklega eftir því, hvað það gaf ákærða að drekka.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að áfengisneyzlan, það er 1 glas af sterkum bjór, geti ekki samrýmzt niðurstöðu alkóhólrannsóknar í málinu, en hún sýndi 1.63‰ af alkóhóli í blóði ákærða í greint sinn. Er því haldið fram, að hér hljóti að hafa orðið mistök við rannsóknina og blóðsýnishorn ákærða brenglazt við blóðsýnishorn frá öðrum aðilja.

Þá er því haldið fram af hálfu ákærða, að ekki hafi réttur aðili staðið að handtöku hans og sá, sem hana framkvæmdi, hafi látið stjórnast af óvild til ákærða vegna fyrri afskipta, og þá er það gefið í skyn, að kunningsskapur á milli ökumanns þess, er stöðvaði akstur ákærða við gatnamót Hafnarfjarðarvegar og Skjólbrautar, og viðkomandi lögreglumanns hafi hér nokkru ráðið.

Samkvæmt öndunarprófi, er Jóhann Kristjánsson aðstoðarvarðstjóri tók af ákærða, sýndi það 4 stig.

Samkvæmt varðstjóraskýrslu var útlit og önnur einkenni ákærða sem hér segir: Áfengisþefur var talsverður af andardrætti. Andlit var þrútið. Fatnaður var snyrtilegur. Framkoma var kurteis. Augu voru dauf. Jafnvægi var óstöðugt. Málfar var skýrt, og framburður var greinargóður. Í athugasemd varðstjóra segir: „Árangurslaust var að spyrja Eggert frekar".

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar fundust í blóði ákærða reducerandi efni, er samsvara 1.63‰ af alkóhóli.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni, R 22527, í greint sinn frá Skildinganesi 32 í Skerjafirði og heim til sín að Birkihvammi 3 í Kópavogi.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa drukkið 1 glas af sterkum bjór, áður en hann hóf aksturinn.

Niðurstaða alkóhólrannsóknar sýndi 1.63‰ af alkóhóli, eins og áður greinir, en blóðsýni var tekið úr ákærða kl. 1815, eða um 25—35 mínútum eftir að greindur akstur átti sér stað.

Ekkert annað en ummæli ákærða sjálfs um áfengisneyzlu gera niðurstöðu alkóhólrannsóknar torkennilega. Verður því að byggja

á því, að niðurstaða alkóhólrannsóknarinnar sé rétt, þar sem ekki hafa komið í ljós mistök í sambandi við töku og rannsókn á blóðsýni úr ákærða.

Varðandi það, að ekki hafi réttur aðili staðið að handtöku ákærða, þar sem óeinkennisklæddur lögreglumaður stóð að henni, skal þess getið, að viðkomandi lögreglumaður skoraði á ákærða að koma með sér og fékk því talið hann á það, en þá hafði hann fengið grun um ölvun ákærða, en samkvæmt 2. mgr. 60. gr. laganna um meðferð opinberra mála nr. 82/1961 er einstökum manni heimilt að handtaka mann við vissar þar tilgreindar aðstæður, sem hér verður að telja hafa verið fyrir hendi.

Niðurstaða.

Telja verður sannað með játningu ákærða um akstur og áfengisáhrif og niðurstöðu alkóhólrannsóknar og önnur gögn máls þessa, að hann hafi gerzt sekur um brot það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali og er þar réttilega heimfært til refsiákvæða.

Ákærði hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1961 14/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 19. gr. umferðarlaga.

1962 19/1 í Reykjavík: Áminning fyrir óskoðaða bifreið.

1962 23/5 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.

1964 30/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1964 19/2 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1964 28/5 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1964 27/10 í Kópavogi: Áminning fyrir brot á 5. mgr. 45. gr. og 49. gr. umferðarlaga.

1967 18/2 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um stöðumæla.

1967 6/6 í Kópavogi: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. og 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuréttindum í 1 ár frá dómsbirtingu. (Dómsbirting 11/1 1968).

1968 16/9 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 51. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga.

Hæfilegt þykir með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga, að refsing ákærða verði varðhald í 15 daga.

Ákærði var með dómi þann 6. júní 1967 sviptur ökuréttindum í 1 ár. Verður því nú með hliðsjón af 81. gr. umferðarlaga og

1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Eggert Grímsson Laxdal, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði sakarkostnað allan, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. júní 1971.

Nr. 76/1971. **Hagtrygging h/f**
gegn
Haraldi Þórðarsyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Sáttatilraun. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 15. maí 1971, sem barst Hæstarétti 4. júní 1971, hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur.

Samkvæmt 5. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1950, og 84. gr. laga nr. 85/1936 var heimilt

að ganga framhjá sáttamönnum með sáttatilraun í málinu. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. maí 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrst 11. marz s.l., en endurupptekið og dómtekið á ný 14. apríl s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. desember s.l., af Hagtryggingu h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík, gegn Haraldi Þórðarsyni, Barónsstíg 16, Reykjavík, til endurgreiðslu greiddra skaðabóta að fjárhæð kr. 55.413.00 með 8% ársvöxtum frá 13. desember 1966 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins. Í greinargerð lækkaði stefnandi höfuðstól stefnukröfu í kr. 55.053.00.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að þann 19. ágúst 1966, kl. um 1950, hafi bifreiðinni R 13735, sem stefndi stjórnaði, verið ekið vestur Sætún í Reykjavík og aftan á bifreiðina R 19502, þar sem hún hafi staðið kyrrstæð við Sætún í Reykjavík. Við árekstur hafi orðið miklar skemmdir á bifreiðinni R 19502 auk þess sem ökumaður hennar og eigandi, Jóhann B. Jónsson, hafi slasazt, en hann hafi staðið aftan við R 19502 og orðið á milli bifreiðanna. Ökumaður R 19502 hafi verið búinn að stöðva bifreið sína og verið að athuga varahjólbarða hennar, sem var í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Hafi stefndi viðurkennt við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík að hafa neytt áfengis, rétt áður en hann hóf akstur í umrætt sinn, og hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Stefnandi heldur því fram í málinu, að ökuóhapp þetta hafi verið bein afleiðing af akstri stefnda undir áhrifum áfengis, og telur, að með því hafi hann öðlazt rétt til endurkröfu á hendur stefnda á þeirri fjárhæð, sem hann varð sem ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar R 13735 í umrætt skipti að greiða í skaðabætur

vegna tjóns á bifreiðinni R 19502 og ökumanni hennar. Endurkröfu sína byggir stefnandi á 73. gr. laga nr. 40/1968, áður lög nr. 26/1958, og a og d lið 9. gr. vátryggingarskilmála þeirra, sem hann hefur lagt fram í málinu.

Stefnandi hefur leitað úrskurðar endurkröfunefndar samkvæmt 76. gr. laga nr. 40/1968, áður lög nr. 26/1958, og nefndin úrskurðað, að endurkrafa væri heimil á kr. 55.413.00.

Stefndi hefur látið sækja þing, en þingsókn féll síðan niður af hans hálfu, án þess að andmæli kæmu fram.

Mál þetta verður því dæmt eftir ákvæðum 118. gr. laga nr. 85/1936.

Hvorki 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 46/1950, 1. gr., né aðrar réttarheimildir undanþiggja mál þetta sáttatilraun fyrir sáttamönnum.

Þar sem slík sáttatilraun fór ekki fram, áður en til málssóknar þessarar kom, er óhjákvæmilegt að vísa málinu frá dómi án kröfu.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Kristín Briem. Dómsuppkvaðning hefur dregizt vegna anna dómarans.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Fimmtudaginn 10. júní 1971.

Nr. 33/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Erni Jóhanssyni Steinssyni og
Ingólfi Sigurðs Ingólfssyni
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Verkfall opinberra sýslunarmanna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Vélstjórar þeir, sem lögðu niður vinnu í Elliðaárstöðinni hinn 2.—3. desember 1969, voru fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 59/1965 höfðu þeir réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna. Tóku því lög nr. 33/1915 til þeirra. Með þessari athugasemd og skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 25.000.00, og málsvarnarlaun verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Örn Jóhannsson Steinsson og Ingólfur Sigurðs Ingólfsson, greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000.00, og málsvarnarlaun verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 59/1965 er Landsvirkjun sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur, og á hvor sameignaraðili fyrirtækið að hálfu. Í 8. gr. laganna er greint, hvernig stjórn fyrirtækisins skuli skipuð, og í 9. gr. er þess getið, að stjórn fyrirtækisins skuli ráða því framkvæmdastjóra. Þá segir svo í 3. mgr. 9. gr. laganna: „Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna".

Í reglugerð fyrir Landsvirkjun, nr. 115/1966, segir í 1. mgr. 8. gr., að stjórn fyrirtækisins ráði framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra, yfirverkfræðing, rekstrarstjóra og aðra hliðstæða starfsmenn. Framkvæmdastjóri ráði hins vegar aðra fasta starfsmenn og segi þeim upp, hvort tveggja að fengnu samþykki stjórnarinnar. Stjórnin setji starfsreglur fyrir fasta starfsmenn og semji um starfskjör þeirra. Í 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar eru endurtekin ákvæði 3. mgr. 9. gr. laganna og í 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar er sagt, að fastráðnir starfsmenn geti valið um, hvort þeir gerist aðiljar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar. Í niðurlagi 9. gr. reglugerðar nr. 115/1966 er tekið fram, að framkvæmdastjóri fyrirtækisins ráði lausráðið starfsfólk og segi því upp.

Hinn 9. marz 1967 gerðu Vinnuveitendasamband Íslands, en Landsvirkjun er aðili að þeim samtökum, og Vélstjórafélag Íslands, samning „um kaup og kjör fastráðinna vélstjóra við störf í orkuverum Landsvirkjunar". Í 10. gr. samnings þessa er ákveðið, að gagnkvæmur uppsagnarfrestur vélstjóra skuli vera minnst þrír mánuðir miðað við mánaðamót, en Landsvirkjun geti þó áskilið sér lengri uppsagnarfrest, allt að sex mánuðum, ef svo margir leiti „lausnar samtímis, að til vandræða geti leitt, ef lausnarbeiðni hvers og eins yrði veitt". Í 24. gr. samningsins segir, að hann sé uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara. Samningi þess-

um sagði Vélstjórafélag Íslands upp með bréfi 28. ágúst 1967 frá 30. september s. á. að telja. Þrátt fyrir samningsuppsögn þessa héldu vélstjórar þeir, er hér skipta máli, áfram störfum með sömu kjörum og í samningnum greindi, en að viðbættum nokkrum launabótum. Dagana 2. og 3. desember 1969 gerðu fjórir vélstjórar, er störfuðu hjá Landsvirkjun, verkfall. Ákærðu, sem á þessum tíma voru stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Vélstjórafélags Íslands, höfðu á hendi undirbúning og skipulagningu verkfalls þessa.

Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna er lögð refsiábyrgð við þátttöku í verkfalli, „enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar". Í 2. gr. laganna er hins vegar lögð refsiábyrgð á þann, er veitir tilstyrk sinn til þess, að verkföll þau, sem um ræðir í 1. gr., hefjist eða haldi áfram.

Vélstjórar þeir, er verkfall hófu 2. desember 1969, voru, svo sem að framan er rakið, í þjónustu atvinnufyrirtækis, sem er sameign ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur. Launum þeirra og öðrum starfskjörum var ráðið með kjarasamningi milli stéttarfélags þeirra og vinnuveitendasamtaka, en kjarasamningur þessi var uppsegjanlegur með eins mánaðar uppsagnarfresti.

Eigi var gerður skriflegur samningur við hvern vélstjóra, og ætla verður, að framkvæmdastjóri Landsvirkjunar hafi ráðið þá til starfa, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 9. gr. reglugerðar nr. 115/1966. Í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 59/1965 er ekki skilgreint, hvað felist í ákvæðinu um, að fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar skuli hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, og ekki er þar vísað til ákvæða laga nr. 33/1915. Þegar litið er til ráðningarhátta, ráðningarkjara, eðlis starfs vélstjóra þeirra, er um er fjallað í máli þessu, og þess, að vinnuveitandinn er sjálfstætt sameignarfyrirtæki, sem eigendur, ríkissjóður og borgarsjóður Reykjavíkur, bera einungis einfalda ábyrgð á, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1965, verður ekki talið, að vélstjórar þessir falli undir þann hóp manna, sem um ræðir í 1. gr. laga nr. 33/1915, enda verður

að krefjast skýrra lagafyrirmæla til að fella ný fyrirtæki og starfshópa undir ákvæði þeirra laga.

Samkvæmt þessu veittu ákærðu ekki tilstyrk sinn til ólöglegs verkfalls samkvæmt 1. gr. laga nr. 33/1915, og ber því að sýkna þá af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að leggja allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærðu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Örn Jóhannsson Steinsson og Ingólfur Sigurðs Ingólfsson, eiga að vera sýknir af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1971.

Ár 1971, þriðjudaginn 23. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 111-112/1971: Ákæruvaldið gegn Erni Jóhannssyni Steinssyni og Ingólfi Sigurðs Ingólfssyni, sem tekið var til dóms 15. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 11. maí 1970, gegn:

1. Erni Jóhannssyni Steinssyni vélstjóra, Dælustöðinni Reykjum í Mosfellssveit, fæddum 26. maí 1921 í Reykjavík,
2. Ingólfi Sigurðs Ingólfssyni framkvæmdastjóra, Safamýri 13, Reykjavík, fæddum 31. desember 1928 á Akranesi, og er sakargiftum lýst þannig í ákæru:

„Er ákærðu báðum gefið að sök að hafa gerzt brotlegir samkvæmt 2. gr. laga nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna með því að hafa af hálfu samtaka vélstjóra átt hlut að því að stofna og boða til verkfalls fastráðinna vélstjóra við orkuver Landsvirkjunar með bréfi Vélstjórafélags Íslands, dagsettu

24. nóvember 1969, til Landsvirkjunar, eftir að stjórn og trúnaðarmannaráð félagsins, þ. á m. ákærðu báðir, höfðu samþykkt á fundi sínum 18. nóvember 1969 að fela samninganefnd félagsins að boða til þessarar vinnustöðvunar. Var Örn á þessum tíma formaður Vélstjórafélags Íslands, en Ingólfur Sigurðs framkvæmdastjóri þess. Kom síðan til verkfalls fjögurra vélstjóra við Gufuaflsstöðina við Elliðaár hinn 2. og 3. desember 1969 í samræmi við fyrrgreinda verkfallsboðun Vélstjórafélags Íslands frá 24. nóvember 1969, enda þótt fastráðnir vélstjórar við orkuver Landsvirkjunar teljist til opinberra sýslunarmanna og beri réttindi og skyldur sem slíkir, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 59/1965 og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 115/1966 um Landsvirkjun.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málsatvik.

Á árinu 1942 var stofnað Mótorvélstjórafélag Íslands, og voru félagar í því menn, sem lokið höfðu prófi frá vélstjóranámskeiðum Fiskifélags Íslands. Fyrir var þá Vélstjórafélag Íslands, en það veitti inngöngu þeim mönnum, sem tekið höfðu próf úr Vélskóla Íslands. Á árinu 1966 tók vélskólinn við allri kennslu vélstjóra, og eftir það hófust umræður milli vélstjórafélaganna tveggja um sameiningu félaganna. Samþykkti aðalfundur í Mótorvélstjórafélagi Íslands 28. desember 1967 að sameina félagið Vélstjórafélagi Íslands, og á aðalfundi vélstjórafélagsins 22. janúar 1968 var tilsvarandi samþykkt gerð. Ákveðið var, að fyrst um sinn skyldu stjórnir beggja félaganna taka sæti í stjórn hins nýja sameinaða félags, unz ný stjórn hefði verið kjörin. Samkvæmt þessu varð stjórnin þannig skipuð:

Frá vélstjórafélaginu: Örn Steinsson, Guðmundur Pétursson, Guðmundur Jónsson, Andrés Andrésson, Jón Hjaltested, Þór Birgir Þórðarson og Kristján Hafliðason.

Frá mótorvélstjórafélaginu: Daníel Guðmundsson, Guðjón Sveinbjörnsson, Jón Sigurður Pétursson, Kári Guðbrandsson og Sveinn Þorbergsson.

Stjórnin var þannig skipuð, er atburður sá varð, er mál þetta er risið af. Var ákærði Örn Steinsson formaður félagsins.

Ákærði Ingólfur Sigurðs Ingólfsson er framkvæmdastjóri Vélstjórafélags Íslands.

Hinn 9. marz 1967 var gerður samningur um kaup og kjör fastráðinna vélstjóra við störf í orkuverum Landsvirkjunar, og voru aðiljar að samningnum Vinnuveitendasamband Íslands fyrir

hönd Landsvirkjunar og Vélstjórafélag Íslands fyrir hönd vélstjóranna. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur kjarasamningsins var ákveðinn þrír mánuðir hið skemmsta miðað við mánaðamót, en Landsvirkjun gat þó áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að 6 mánuðum samkvæmt nánari ákvæðum samningsins.

Með bréfi, dags. 28. ágúst 1967, tilkynnti vélstjórafélagið Landsvirkjun, að það segði upp kjarasamningum þessum með eins mánaðar fyrirvara, þannig að samningar væru lausir 30. september. Segir í bréfinu, að með tilliti til þeirrar óvissu, er nú ríki í launamálum, þyki rétt að hafa samningana lausa.

Vélstjórar í þjónustu Landsvirkjunar héldu þó áfram störfum á sömu kjörum og í samningnum voru ákveðin að viðbættum nokkrum vísitöluuppbótum.

Sumarið 1969 hófust umræður milli Vinnuveitendasambandsins og vélstjórafélagsins um kaup og kjör umræddra vélstjóra.

Af hálfu vélstjórafélagsins tóku þátt í samningum þessum ákærðu báðir, Haukur Einarsson og Ólafur Bjarnason, vélstjórar í Gufuaflsstöðinni við Elliðaár, Einar Ingvarsson, vélstjóri við Írafossstöð, og Guðmundur Eiríksson, vélstjóri við Steingrímsstöð.

Hinn 18. nóvember 1969 var fundur haldinn í stjórn- og trúnaðarmannaráði vélstjórafélagsins. Fundinn sóttu 14 manns, meðal þeirra ákærðu báðir. Á fundi þessum var þessi ályktun gerð:

„Fundur stjórnar og trúnaðarmannaráðs samþykkir að fela samninganefnd félagsins að boða til vinnustöðvunar í orkuverum Landsvirkjunar, þar sem eindreginn vilji starfsmanna kemur fram í atkvæðagreiðslu, þar sem atkvæði féllu þannig, að 31 sögðu já en 2 nei".

Með bréfi, dags. 24. nóvember, tilkynnti Vélstjórafélag Íslands Landsvirkjun, að samþykkt hefði verið að boða til verkfalls í orkuverum Landsvirkjunar og mundi verkfallinu verða hagað þannig:

„1. Þriðjudaginn 2. des. 1969 kl. 0000 verður vinna lögð niður við gufukatla Gufuaflsstöðvarinnar v/Elliðaár, og varir vinnustöðvunin til kl. 2400 hinn 3. des. 1969.

2. Fimmtudaginn 4. des. 1969 kl. 0000 verða stöðvaðar allar vélar í Írafossstöð, og stendur stöðvunin til kl. 2400 hinn 5. des. 1969.

3. Föstudaginn 5. des. 1969 kl. 0000 verða stöðvaðar báðar vélar Steingrímsstöðvar, og stendur yfir til kl. 2400 hinn 5. des. 1969.

4. Mánud. 8. des. 1969 kl. 0000 verða stöðvaðar allar vélar Írafoss- og Steingrímsstöðvar án tímatakmörkunar".

Landsvirkjun svaraði bréfi þessu með bréfi, dags. 25. nóvember. Leggur Landsvirkjun þar áherzlu á, að fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafi ekki verkfallsrétt.

Verkfall það, sem vélstjórafélagið hafði boðað til, kom til framkvæmda á miðnætti aðfaranótt 2. desember. Lögðu þá vélstjórar í Elliðaárstöðinni niður vinnu, og stóð verkfallið tvo sólarhringa, eins og boðað hafði verið. Í verkfallinu tóku þátt fjórir vélstjórar, Haukur Einarsson, sem kvaðst hafa átt vakt kl. 0000 til 0500 og frá kl. 2000 2. desember til kl. 0005 3. desember og kl. 2000—2400 sama dag, Ólafur Bjarnason, sem kvaðst hafa átt dagvakt 3. desember, Árni Snæbjörn Valdimarsson, sem kvaðst hafa átt tvær dagvaktir, og Helgi Daníelsson, sem minnir, að hann kæmi ekki á tvær vaktir.

Félagið varð við óskum Landsvirkjunar um að fresta verkfalli í Írafosstöð, og kom aldrei til þess verkfalls né heldur í Steingrímsstöð, enda tókust nýir kjarasamningar, er undirritaðir voru 11. desember.

Ákærði Örn kveðst sem formaður vélstjórafélagsins hafa verið í fyrirsvari af hálfu félagsins í kjaradeilunni og við samningagerðir. Hann segir, að samninganefndin hafi boðað verkfallið, séð um skipulagningu þess og framgang. Hann segir, að hann og félagar hans hafi talið, að lög um bann við verkföllum tæki ekki til vélstjóranna, og hafi þeir stuðzt við álit lögfræðinga í því efni.

Ákærði Ingólfur kveðst hafa sem trúnaðarmaður samþykkt heimild til vinnustöðvunar og síðan séð sem framkvæmdastjóri um ýmis framkvæmdaatriði, svo sem að semja verkfallsáætlunina.

Úrslit máls þessa velta á því, hvort lög nr. 33/1915 eigi við um þá menn, sem þátt tóku í verkfallinu 2.—3. desember 1969.

Samkvæmt 1. gr. laga um Landsvirkjun nr. 59/1965 skulu ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur setja á stofn virkjanafyrirtæki, er nefnist Landsvirkjun, og er fyrirtæki þetta sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Ríkið og Reykjavíkurborg eiga hvort um sig helming fyrirtækisins.

Stjórn Landsvirkjunar er skipuð sjö mönnum (8. gr. laganna), og kýs sameinað Alþingi þrjá og borgarstjórn þrjá, en formann-

inn tilnefna ríkisstjórn og borgarstjórn sameiginlega, en Hæstiréttur, ef samkomulag verður ekki um skipun formannsins. Í 3. ml. 9. gr. laganna segir, að stjórnarmenn og fastir starfsmenn Landsvirkjunar hafi réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Ríkisstjórn Íslands og borgarstjórn Reykjavíkur gerðu 1. júlí 1965 sameignarsamning um Landsvirkjun.

Af hálfu ákærðu er því eindregið haldið fram, að lög nr. 33/1915 eigi ekki við um umrædda vélstjóra, er starfa hjá Landsvirkjun. Þeir njóti ekki ýmissa réttinda og friðinda, sem opinberum starfsmönnum séu veitt með lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Um laun þeirra fari ekki eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962. Landsvirkjun virðist hafa gerzt aðili að Vinnuveitendasambandinu og samningar þess við vélstjórana séu hliðstæðir öðrum samningum sambandsins við stéttarfélög. Er bent á ákvæði 10. gr. samninganna um uppsagnarfrest, er veiti vélstjórunum miklu minna atvinnuöryggi en ríkisstarfsmönnum sé veitt í lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Um samninga þessa hljóti að eiga að gilda ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur, þar á meðal um verkföll og verkbönn aðilja þeirra, sem að þeim standa.

Verjandi ákærðu hefur einnig bent á, að starfsmenn Landsvirkjunar séu ekki gerðir að opinberum starfsmönnum með ákvæðum 9. gr. laga nr. 59/1965, heldur segi þar, að fastráðnir starfsmenn hafi réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, og sé eigi í lögunum né greinargerð þeirra nein skýring á því, hvað átt sé við með þessu ákvæði. Sé eðlilegast að líta svo á, að ætlunin hafi verið að veita þessum mönnum einhver friðindi, sem opinberir starfsmenn hafa umfram aðra starfsmenn, svo sem lífeyrissjóðsréttindi, atvinnuöryggi o. s. frv., og að afbrot þeirra í starfi beri að meta sem afbrot opinberra sýslunarmanna, en þeir séu ekki með þessu gerðir að opinberum sýslunarmönnum gagnvart öðrum mönnum, þannig að 2. gr. laga nr. 33/1915 eigi ekki beint við um þá, sem hvetja eða tæla þá til verkfalls. Rétt sé að skýra ákvæði laga nr. 33/1915 þröngt, og virðist ekki hægt að beita 2. gr. með lögjöfnun um hina ákærðu í máli þessu. Þá hafi þeir hvorki „hvatt" né „tælt" menn til verkfalls, heldur einungis gert skyldu sína sem fyrirsvarsmenn vélstjóra og sé vafamál, hvort við slíkt sé átt í greininni, þar sem segir „eða veitir

á annan hátt tilstyrk sinn til þess, að slíkt verkfall hefjist eða haldi áfram". Verði ákærðu því ekki sakfelldir samkvæmt 2. gr. laga nr. 33/1915, jafnvel þótt sú yrði niðurstaðan, að talið væri, að þau lög tækju til vélstjóra í þjónustu Landsvirkjunar.

Verjandinn bendir enn á, að hvorki forráðamenn Áburðarverksmiðju ríkisins né Sementsverksmiðju ríkisins telji, að lög nr. 33/1915 takmarki verkfallsrétt vélstjóra sinna, þótt fyrirtæki þessi séu ríkiseign.

Niðurstöður.

Í 1. gr. laga nr. 33/1915 er refsiábyrgð lögð við þátttöku í verkfalli, „enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar". Starf vélstjóra þeirra, er lögðu niður vinnu í Elliðaárstöðinni 2.—3. desember 1969, var unnið í þágu landsins og borgarfélagsins. Þeir, sem tóku þátt í því, unnu því til refsingar samkvæmt nefndu ákvæði. Ákærðu veittu sem forsvarsmenn vélstjórafélagsins tilstyrk sinn til verkfalls þessa. Þeir hafa þannig bakað sér refsiábyrgð samkvæmt 2. gr. laga nr. 33/1915.

Lög nr. 33/1915 eru að ýmsu leyti ekki nægilega skýr í því efni, til hverra lögin taki. Starfsaðstaða vélstjóra hjá Landsvirkjun er á margan veg önnur en opinberra starfsmanna annarra, svo sem um ákvörðun kjaramála, og svo er að sjá sem forsvarsmenn annarra ríkisfyrirtækja, er líku máli gegnir um og Landsvirkjun, hafi í samningum við starfsmenn sína viðurkennt verkfallsrétt þeirra. Með hliðsjón af 3. tl. 74. gr. hegningarlaga þykir því rétt að fella niður refsingu á hendur hinum ákærðu, þótt þeir séu sakfelldir fyrir brot það, sem þeir eru ákærðir fyrir.

Rétt er samkvæmt 141. gr. laga nr. 82/1961 að dæma hina ákærðu til þess að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hæstréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Eins og fyrr greinir, var mál þetta höfðað með ákæru 11. maí 1970, en dómara þeim, er kveður upp dóm þennan, var ekki falin meðferð málsins fyrr en 11. október 1970.

Dómsorð:

Ákærðu, Örn Jóhannsson Steinsson og Ingólfur Sigurðs Ingólfsson, teljast hafa brotið gegn 2. gr. laga nr. 33/1915, en þeim verður eigi dæmd refsing.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1971.

Nr. 64/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Jóhanni Guðjónssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sigmundur Böðvarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Angantýr Elíasson og Einar Guðmundsson skipstjórar hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, m. a. vottorð bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, þar sem segir, að m/b Hannes Lóðs sé 64.61 rúmlest að stærð.

Um skráningu bátsins segir svo í bréfi Siglingamálastofnunar ríkisins, dags. 6. apríl s.l., til héraðsdómara:

„Að ósk yðar í símtali í dag varðandi skrásetningu m.s. „HANNES LÓÐS“ VE 7 (áður RE 15) á aðalskipaskrá skal þetta upplýst:

Þann 29. des. 1970 er undirrituð hér beiðni um skráningu skips á aðalskipaskrá, sem fylgir hér með í ljósriti. Í janúar s.l. barst svo hingað þinglýst afsal til handa nýjum eiganda.

Þessi skráningarskjöl eru hér ennþá, því ekki hefur unnizt tími til að mæla skipið upp, eins og lög mæla fyrir um, þegar eigendaskipti verða á skipum og bátum, og skipsskjöl

hafa þess vegna ekki verið gefin út handa m.s. „HANNES LÓÐS“, VE 7.

Það skal tekið fram, að venja er að leyfa skipseigendum að mála nafn og númer á báta sína, ef um breytingar er að ræða, þegar öll skráningarskjöl eru komin til Siglingamálastofnunarinnar, eins og hér á sér stað vegna „HANNES LÓÐS“.“

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsmanna 6. apríl s.l. og markað á sjóuppdrátt staði varðskipsins og m/b Hannesar Lóðs, VE 7, eftir þeim mælingum. Í álitsgerð skólastjórans, dagsettri 14. maí 1971, segir svo:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 32 staðarákvarðanir varðskipsins Þórs, eins og um getur í hæstaréttarmálinu nr. 876/1971 (sic): Ákæruvaldið gegn Jóhanni Guðjónssyni, skipstjóra á m/b Hannesi Lóðs, VE 7.

Staðir varðskipsins eru auðkenndir með svörtum lit, en staðir bátsins með rauðum lit.

Í kortinu eru:

A = staður varðskipsins kl. 1126 h. 6/4 '71. Þá mælist báturinn á stað *a* um 2,1 sml. frá landi, eða um 0,9 sml. innan bannsvæðismarkanna fyrir togveiðar.

B = staður varðskipsins kl. 1132. Þá mælist báturinn á stað *b* um 0,7 sml. innan bannsvæðismarkanna.

C = staður varðskipsins kl. 1138. Þá mælist staður bátsins á stað *c* um 0,2 sml. innan bannsvæðismarkanna.

D = staður varðskipsins kl. 1149 við hlið bátsins. Staður *D* mælist um 0,25 sml. utan bannsvæðismarkanna.

Hraði bátsins miðað við fjarlægðir milli mælistaða reiknast mér þannig: a—b um 5,8 sml., b—c um 5,0 sml. og c—D um 3,6 sml., og er þar miðað við tímann frá kl. 1138—1146, þegar varðskipsmenn sáu poka bátsins koma inn. Á þessum tíma hefur báturinn dregið inn vörpuna, svo hraðinn hefur samkv. því verið nokkru meiri, þar til hann byrjaði að hala inn vörpuna.

Þó reiknað væri með þeirri fjarlægðarskekkju og miðunarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur ratsjár varðskipsins viðurkenna, mundi það gefa stað bátsins við staðarákvarðanir a, b og c mest 0,1 sml. utar".

Samkvæmt gögnum málsins er sannað, að ákærði hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum á greindum báti innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem í máli þessu greinir. Varðar brot ákærða við lagaboð þau, er í ákæru getur.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 1. þ. m., jafngilda 100 gullkrónur 3.992.03 seðlakrónum.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jóhann Guðjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt atvikum málsins og svo því, að um er að tefla ítrekað brot ákærða, er refsing hans með tilliti til núverandi gullgildis íslenzku krónunnar hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 30 daga varðhald

í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þar sem ekki er sannað, að ákærði hafi framið brot sitt af ásettu ráði, verður honum ekki auk fésektar dæmd varðhaldsvist samkvæmt 6. gr. laga nr. 62/1967. Er þessi niðurstaða í samræmi við dómvenju Hæstaréttar áratugum saman.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Guðjónsson, greiði 60.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 30 daga varðhald í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 8. apríl 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins í dag, á hendur Jóhanni Guðjónssyni, Vallartúni við Austurveg, Vestmannaeyjum, skipstjóra á vélbátnum Hannesi Lóðs, RE 15, en nú auðkenndum á báðum bógum bátsins umdæmisstöfum og tölum VE 7 samkvæmt munnlegri heimild starfsmanns Siglingamálastofnunar ríkisins, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botn-

vörpuveiðum á nefndum báti, sem er 64 brúttórúmlestir að stærð, um hádegi þriðjudaginn 6. apríl 1971 út af Vík í Mýrdal á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum D1 og D2 liði 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Í ákæru er nefndur Jóhann Guðjónsson ákærður til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Jóhann Guðjónsson, er fæddur 4. september 1942 á Fáskrúðsfirði og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir, svo kunnugt sé:

1964 21/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1966 19/3 í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1966 13/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1970 10/5 í Vestmannaeyjum: Dómur: 40 þúsund kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 4. gr. laga nr. 62/1967, sbr. nú 5. gr. laga nr. 21/1969, sbr. reglugerð nr. 3/1961. Afli og veiðarfæri m/b Þrists, VE 6, gerð upptæk.

Í skýrslu skipherra á varðskipinu Þór, Helga Hallvarðssonar, dags. 6. þ. m., segir svo:

„Þriðjudaginn 6. apríl 1971 tók varðskipið m.b. HANNES LÓÐS, VE 7, að meintum ólöglegum veiðum innan þriggja sjómílna fiskveiðimarkanna út af Vík í Mýrdal. Skipstjóri Jóhann Guðjónsson, fæddur 4. september 1942 á Fáskrúðsfirði, til heimilis að Vallartúni, Vestmannaeyjum.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Þriðjudaginn 6. apríl 1971, er varðskipið var við eftirlitsstörf undan Hjörleifshöfða, sást bátur grunsamlega nærri landi og hafði stefnu skáhallt út. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Kl. 11.26 miðast báturinn r/v 278°5, fjarl. 5.7 sml.
Hjörleifshöfði, fjarl. 4.3 sml.
Reynisdrangar, fjarl. 10.0 sml.,
sem gefur stað bátsins 2.1 sml. frá landi.

Kl. 11.32 miðast báturinn í r/v 278°, fjarl. 4.1 sml.
Hjörleifshöfði, fjarl. 4.0 sml.
Reynisdrangar, fjarl. 9.0 sml.,
sem gefur stað bátsins um 2.25 sml. frá landi.
Kl. 11.35 virtist báturinn halda beint út.
Kl. 11.38 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á bátnum:
Báturinn
Dyrhólaeyjarviti 15°32, fjarl. 2.8 sml.
Hjörleifshöfði, fjarl. 3.9 sml.
Reynisdrangar, fjarl. 7.8 sml.,
sem gefur stað bátsins um 2.8 sml. frá landi.
Kl. 11.46 sást poki bátsins koma inn og menn á þilfari og á bakka. Um svipað leyti sást, að báturinn var HANNES LÓÐS, VE 7.
Kl. 11.49 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið bátsins, sem var með hlera á stb. síðu og net í sjó:
Dyrhólaeyjarviti
Hatta 30°36′
Hjörleifshöfði 69°28′ Dýpi 48 metrar,
sem gefur stað bátsins um 3.25 sml. frá landi.
Fór III. stýrimaður varðskipsins ásamt háseta yfir að bátnum og sótti skipstjóra hans.
Kl. 12.14 kom skipstjóri bátsins um borð í varðskipið. Viðurkenndi hann mælingar varðskipsmanna, en sagðist ekki hafa talið sig fyrir innan. Aðspurður sagðist hann hafa togað SA-togstefnu, þar til hann sló úr blökkinni. Var skipstjóranum sagt að fylgja varðskipinu til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði tekið til frekari rannsóknar. Var skipstjórinn síðan fluttur yfir í skip sitt.
Veður: V-4, sjór V-3-4, léttskýjað.
Mælingar voru gerðar af I., II. og III. stýrimanni undir umsjá skipherra, með Kalvin Hughes 14/9 ratsjá, sperry gyróáttavita og sextöntum.
Með skýrslu þessari fylgir úrklippa úr sjókorti nr. 32, þar sem staðir varðskipsins og bátsins eru markaðir".
Skipherra varðskipsins, Helgi Hallvarðsson, Melgerði 26 A, Kópavogi, 39 ára að aldri, kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja og staðfesti skýrslu sína með eiði, sem hann kvaðst hafa samið í samráði við stýrimenn sína. Þá kvaðst skipherra hafa sett staðarákvarðanir skipanna út í sjókortið á rskj. nr. 2 ásamt 1. og 2. stýrimanni. Einnig kom fyrir dóm 1. stýrimaður varðskips-

ins, Ásgrímur Ásgeirsson, Holtsgötu 21, Reykjavík, 48 ára að aldri, 2. stýrimaður varðskipsins, Friðgeir Olgeirsson, Hraunbæ 192, Reykjavík, 34 ára að aldri, og Sigurður Steinar Ketilsson, 3. stýrimaður varðskipsins, Hringbraut 75, Hafnarfirði, 23 ára að aldri, báru vætti og unnu eið að framburðum sínum. Kvaðst 1. stýrimaður hafa tekið þátt í öllum staðarmælingum, sem getur á rskj. nr. 1. 2. stýrimaður kvaðst hafa samið skýrsluna á rskj. nr. 1 ásamt skipherra og hafa sett út í sjókortið á rskj. nr. 2, og 3. stýrimaður kvaðst hafa tekið þátt í 3. staðarmælingunni og sett sextantmælinguna út í vinnukort. Allir kváðu stýrimennirnir skýrsluna á rskj. nr. 1 rétta.

Er ákærði kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja, kvaðst hann eigi hafa sett staðarmælingar á báti sínum út í kort í umrætt sinn, en radar bátsins hafi aldrei sýnt bátinn innan þriggja mílna markanna. Ákærði kveðst hafa litið í radarinn í bátnum, áður en hann fór yfir í varðskipið, og hafi radarinn þá sýnt 3.3 sml. í land. Ákærði kveðst hafa verið að hífa inn pokann, er varðskipið kom að bátnum. Ákærði kvaðst hafa kastað kl. um 1000 hinn 6. þ. m., en eigi vissi hann, hvar hann kastaði. Kvaðst hann hafa kastað í VNV, beygt í stjórn fljótlega, en togað síðan í u. þ. b. 2 klst. í SA og lét út 175 faðma. Toghraða bátsins kveður hann vera allt að 3 sml/klst. Eigi kveðst ákærði hafa tekið dýpi, er kastað var, en það var um 30 faðmar, er varðskipið kom að bátnum. Ákærði kvaðst á tímabilinu kl. 1126 til kl. 1149 umræddan dag hafa verið á SA togi og hafi hann reynt að halda sér rúmum 3 sml frá landi og hafi hann togað með 3 sml-línunni. Er varðskipið kom að bátnum, hafi ákærði þegar híft inn einn poka og var þá að hífa inn annan.

Samkvæmt áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna er toghraði bátsins ekki óeðlilegur milli punkta 1—4, sem settir eru út í sjókortið á rskj. nr. 2, sbr. rskj. nr. 1, og þar eð ákærða hefur eigi tekizt að hrinda eiðunnum vættum yfirmanna varðskipsins um staðarmælingar á m/b Hannesi Lóðs, VE 7, í umrætt sinn og þar eð ákærði hefur viðurkennt að hafa verið að veiðum í umrætt sinn, telur dómurinn sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um brot það, er í ákæru greinir og þar er rétt fært til lagaákvæða, og unnið til refsingar samkvæmt því, og þykir refsing ákærða hæfilega metin tveggja mánaða varðhald og kr. 40.000.00 í sekt, er renna skal í Landhelgissjóð Íslands, enda komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna.

Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, sem er

rskj. nr. 3 í máli þessu, var verðmæti veiðarfæra m/b Hannesar Lóðs, VE 7, í umrætt sinn kr. 28.300.00 og verðmæti afla kr. 40.421.50, og er hvort tveggja gert upptækt, og skal andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði Jóhann Guðjónsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði og greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa að telja, en sæti ella 20 daga varðhaldi í stað sektarinnar.

Allur afli og veiðarfæri m/b Hannesar Lóðs, VE 7, að verðmæti kr. 68.721.50, eru gerð upptæk til Landhelgissjóðs Íslands. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júní 1971.

Nr. 203/1970. **Gunnar Pálmason**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Guðmundi Ákasyni og
(Áki Jakobsson hrl.)
Óskari Jóni Guðjónssyni og til réttargæzlu Ólafi Ásgeirssyni, Gjaldheimtunni í Reykjavík og Þorvarði Ólafssyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með gagnáfrýjunarstefnu 9. nóvember 1970. Stefndi Guðmundur Áka-

son skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1970, en því máli var vísað frá Hæstarétti hinn 28. maí 1971.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Guðmundar Ákasonar.

Stefndi Guðmundur Ákason krefst þess, að úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur, sem gekk sinn 22. júlí 1970, verði felldur úr gildi. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu stefnda Óskars Jóns Guðjónssonar og réttargæzlustefndu var ekki sótt þing við munnlegan flutning málsins.

Eftir frávísun aðalsakar er eigi unnt að dæma um þá kröfu stefnda Guðmundar Ákasonar, að greindur úrskurður uppboðsdóms verði felldur úr gildi.

Stefndi Guðmundur Ákason hafði áfrýjað málinu af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína, og var því ástæða til, að áfrýjandi bæri málið undir Hæstarétt. Er því rétt, að stefndi Guðmundur Ákason greiði málskostnað hér fyrir dómi, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Ákason, greiði áfrýjanda, Gunnari Pálmasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 22. júlí 1970.

(Sjá bls. 618).

Föstudaginn 18. júní 1971.

Nr. 208/1970. **Möl og Sandur h/f** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Verki h/f (Egill Sigurgeirsson hrl.)
og til réttargæzlu Regni h/f (enginn)
og
Heilbrigðismálaráðherra (Sigurður Ólason hrl.)
og
Verk h/f
gegn
Möl og Sandi h/f.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1970 og gert þær dómkröfur, að lögbann, á lagt í fógetadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. ágúst 1970, verði staðfest og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 23. nóvember 1970 og krafizt þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti. Stefna á hendur heilbrigðismálaráðherra var gefin út 13. apríl 1971. Þá var áfrýjunarfrestur liðinn.

Rögnvaldur Þorkelsson verkfræðingur hefur hinn 20. febrúar 1971 gefið álitsgerð um nýtingu sand- og malarnámu þeirrar í Vífilsstaðalandi, sem í máli þessu greinir. Niðurstaða hans er: „Mitt álit er, að vinna beri þetta efni á þann hátt, að öllu malarefni, þvert yfir svæðið, sé blandað saman, t. d. með jarðýtu, svo að þunnu lögin blandist við þau þykku, en þykku lögin eru eingöngu, þar sem Verk h/f hefur ýtt

ofan af. Ég tel ekki rétt eða ráðlegt, að þetta malarnám verði nytjað af tveim sjálfstæðum aðiljum, það er að minnsta kosti líklegt, að þá verði meiri hluti efnisins ónothæfur.

Um hugsanlega vinnslu tveggja aðila tel ég ekki framkvæmanlega, nema að þeir vinni fullkomlega saman".

Með samningi 21. október 1961 við heilbrigðismálaráðuneytið öðluðust Möl og Sandur h/f og Reginn h/f rétt til um 15 ára skeið frá 1. júlí 1961 að telja að nýta sand- og malarnámu þá í Vífilsstaðalandi, sem um er deilt í máli þessu. Eigi liggja fyrir skýrslur um, hvernig aðaláfrýjandi, Möl og Sandur h/f, og Reginn h/f hugðust upphaflega haga samvinnu sinni um nýtingu og vinnslu námunnar, en reyndin varð sú, að aðaláfrýjandi vann námuna einn, unz Reginn h/f framseldi gagnáfrýjanda, Verki h/f, námurétt sinn á árinu 1970, að fengnu samþykki heilbrigðismálaráðuneytisins, sem bundið var því skilyrði, að ábyrgð Regins h/f á efndum samningsins frá 21. október 1961 gagnvart ráðuneytinu haldist.

Aðaláfrýjandi, Möl og Sandur h/f, og Reginn h/f áttu hvor um sig einungis samvinnslurétt til námunnar. Ef þeir, hvor um sig, hefðu viljað vinna námuna og samkomulag eigi verið fyrir hendi, hefðu þeir orðið að leita úrskurðar þar til bærs handhafa valds um námuréttindi sín á milli, áður en til vinnslu kom. Reginn h/f gat að vísu framselt rétt sinn til námunnar til þriðja aðilja með samþykki heilbrigðismálaráðuneytisins, en einungis með þeim takmörkunum, sem nú var lýst. Samkvæmt þessu er aðiljum máls þessa eigi rétt, hvorum um sig, að vinna námuna, unz ráðið er til lykta á löglegan hátt ágreiningi þeirra og kveðið á um rétt þeirra hvors um sig. Ber því að staðfesta lögbann það, sem í málinu greinir, að svo stöddu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Lögbann það, sem lagt var hinn 7. ágúst 1970 við

vinnslu gagnáfrýjanda, Verks h/f, á malar- og sandnámu í Vífilsstaðalandi í Garðahreppi, er staðfest að svo stöddu.

Gagnáfrýjandi, Verk h/f, greiði aðaláfrýjanda, Möl og Sandi h/f, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 80.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 9. nóvember 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. nóvember 1970, hefur hlutafélagið Möl og Sandur, Garðahreppi, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 11. ágúst 1970, á hendur hlutafélaginu Verki, Reykjavík, til staðfestingar á lögbanni, sem lagt var við starfsemi stefnda í malarnámu í landi Vífilsstaða í Garðahreppi 5. ágúst 1970. Enn fremur er krafizt málskostnaðar að skaðlausu, þar á meðal lögbannskostnaðar.

Hlutafélaginu Regni h/f, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, hefur verið stefnt til réttargæzlu, en engar kröfur eru gerðar á hendur því.

Af stefnda hálfu er þess krafizt, að synjað verði um staðfestingu lögbannsins og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu, þar á meðal lögbannskostnað.

Af hálfu réttargæzlustefnda hefur verið tekið undir kröfur stefnda og krafizt málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda í máli þessu.

Af hálfu réttargæzlustefnda var sótt þing við þingfestingu málsins 19. ágúst 1970. Þann 1. september 1970 var skilað greinargerð af hálfu réttargæzlustefnda. Þegar málið var tekið fyrir næst, þann 16. október 1970, var sótt þing af hálfu réttargæzlustefnda, en ekki síðan.

Málavextir.

Þann 21. október 1961 var undirritaður svohljóðandi samningur:

„Samningur um sand- og malarnám í landi Vífilsstaða.

Undirritaðir, skrifstofa ríkisspítalanna, Klapparstíg 29, Reykjavík, f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins (seljandi) og Reginn h.f.

og Möl og Sandur h.f., Garðahreppi (kaupandi), gera með sér eftirfarandi kaupsamning:

1. Hið selda er réttur til sand- og malartöku í landi Vífilsstaðahælis í sand- og malarnámu, sem kaupandi hefur þegar byrjað vinnslu í og er afmörkuð með rauðum línum á teikningu af námusvæðinu eftir Rögnvald Þorkelsson verkfræðing og fylgir hér með sem fylgiskjal nr. 1. Réttur fylgir ekki til sand- og malartöku á öðrum stöðum í landi Vífilsstaða. Nú óskar kaupandi að fá rétt til efnistöku í landi Vífilsstaða utan þess svæðis, sem tiltekið er í samningi þessum, og skal hann þá semja um það sérstaklega við seljanda hverju sinni. Hér er átt við rétt til sandtöku til að auka við sandmagn úr umræddri sand- og malarnámu til blöndunar á steypuefni, ef nauðsynlegt þætti.

Flutningar að og frá námusvæðinu skulu fara um landssvæði, sem seljandi samþykkir hverju sinni.

2. Gjald til seljanda skal vera kr. 2.00 — tvær krónur — fyrir hverja tunnu af steypuefni (sand og möl), sem kaupandi flytur burt af námusvæðinu. Skal kaupandi greiða gjald þetta mánaðarlega fyrir 10. dag hvers mánaðar, og þá fyrir efnistöku í næsta mánuði á undan. Fara skal eftir sölubókum kaupanda við uppgjör á efnismagni.

Seljandi mun ráða sérstakan eftirlitsmann, trúnaðarmann, sem mun annast eftirlit með sand- og malartökunni. Hefur eftirlitsmaðurinn aðgang að sölubókum kaupanda og öðrum gögnum um efnissölu. Þá hefur eftirlitsmaður rétt til mælinga á námusvæðinu og námunni til samanburðar við upplýsingar kaupanda um efnissölu. Þá mun eftirlitsmaður hafa afskipti af umgengni og hirðingu á námusvæðinu.

Með grein þessari er átt við gjald fyrir steypuefni. Óski kaupandi að flytja burt efni, sem ekki er nothæft í steypu, skal hann semja um það sérstaklega við seljanda. Hér er átt við efni til gatnagerðar o. s. frv.

3. Samkvæmt 2. gr. er gjald fyrir hverja tunnu af steypuefni ákveðið kr. 2.00. Þegar 5 ár eru liðin af samningstíma, skal endurskoða þetta verð og aftur að 10 árum liðnum, eða fyrir 1. júlí 1966 og 1. júlí 1971. Skulu aðilar reyna að koma sér saman um nýtt verð, ef ástæða er til breytts verðs, en takist það ekki, sker gerðardómur úr. Í gerðardóm þennan, sem skipaður skal 5 mönnum, tilnefnir hvor aðili einn mann, en borgardómarinn í Reykjavík þrjá.

Gjaldið, kr. 2.00 á tunnu, er miðað við verðgildi námunnar í dag. Við endurskoðun og ákvörðun verðs að 5 (og 10) árum liðnum skal taka tillit til breytinga á: almennu verðlagi, verðlagi á steypuefni, staðsetningu námunnar, vinnslukostnaði, gæða efnisins o. s. frv. Með öðrum orðum allra þeirra hluta, sem áhrif hafa á verðgildi námunnar á þeim tíma.

4. Seljandi óskar þess, að vinnslu námunnar verði hraðað eftir föngum. Kaupandi upplýsir, að árleg steypuefnissala sín hafi verið 100—150 þús. tunnur. Er gert ráð fyrir, að efnistaka kaupanda verði ekki minni en 100.000 tunnur á ári. Seljandi hefur rétt til að rifta samningi þessum, verði efnistaka kaupanda minni en 50.000 tunnur á ári. Skilyrði er þó, að opinberar hömlur, svo sem fjárfestingarbann, mikill lánsfjárskortur o. s. frv., stöðvi ekki notkun steypuefnis.

5. Til tryggingar greiðslu til seljanda á hverjum tíma fyrir steypuefni samþykkir kaupandi og gefur út tryggingarvíxil, er jafngildi ca. 6 vikna úttekt á efni úr námunni. Kaupandi er Reginn h.f. og Möl og Sandur h.f., Garðahreppi. Ábyrgjast Reginn h.f. og Möl og Sandur h.f. báðir in solidum framkvæmd samnings þessa. Seljandi mun ekki hafa afskipti af, hvernig Reginn h.f. og Möl og Sandur h.f. skipta með sér verkum við framkvæmd samnings þessa, enda er öll vinna við sand- og malartökuna algjörlega á ábyrgð kaupanda.

6. Seljandi hefur forgangsrétt til efniskaupa úr námunni, óski hann eftir að beina viðskiptum sínum til kaupanda.

7. Kaupandi skal árlega jafna allar gryfjur og hóla, sem lokið er við að vinna, og skila landinu eins sléttu og aðstæður leyfa í lok samningstímans.

Kaupandi skal flytja af námusvæðinu allar vélar og annan varning, sem á svæðið hefur verið fluttur, að samningstímanum loknum eða lokinni vinnslu námunnar.

8. Kaupanda er óheimilt að framselja öðrum aðilum nokkur réttindi til námuvinnslu, nema til komi samþykki seljanda.

9. Vanskil á greiðslum samkvæmt samningi þessum eða verulega vanefnd á öðrum samningsákvæðum af hendi kaupanda gefa seljanda rétt til riftunar samningsins.

10. Mál, sem rísa kann út af samningi þessum, má reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur án undangenginna sáttaumleitana milli aðila.

11. Samningur þessi er gerður til 15 ára. Hefst samningstíminn 1. júlí 1961 og endar 30. júní 1976.

Til staðfestu framanrituðum samningi rita seljandi og kaupandi nöfn sín í viðurvist tveggja votta.

Reykjavík, 21. október 1961".

Ekkert er upplýst um samninga Regins h/f og Malar og Sands h/f um hagnýtingu þeirra réttinda, sem þeim veittust með framanrituðum samningi. Framkvæmdastjóri stefnanda, Haraldur B. Bjarnason, Reynimel 28, Reykjavík, hefur lýst því yfir fyrir dóminum, að hann minnist þess ekki, að Möl og Sandur h/f og Reginn h/f hafi samið um, að rétt samkvæmt samningnum mætti ekki framselja.

Möl og Sandur h/f hóf þegar starfrækslu námunnar, en Reginn h/f hefur enga starfsemi haft í námunni.

Umboðsmaður stefnda hefur staðhæft í greinargerð, að verkfræðingur á vegum heilbrigðismálaráðuneytisins hafi áætlað heildarefnismagn við upphaf samningstímans 2 milljónir til 2.4 milljónir tunna af steypuefni.

Samkvæmt vottorði skrifstofu ríkisspítalanna hefur efnistaka Malar og Sands h/f numið 589.792 tunnum frá upphafi samningstímabilsins til áramóta 1970.

Á dómþingi, sem háð var 28. október 1970, lýsti framkvæmdastjóri stefnanda því yfir, að 40.000 til 50.000 tunnur af steypuefni hefðu verið teknar úr námunni á vegum stefnanda frá síðustu áramótum.

Í ofangreindu vottorði segir enn fremur, að samkvæmt mælingum Rögnvalds Þorkelssonar verkfræðings, staðfestum með bréfi, dags. 28. júlí 1970, sé heildarmagn Malar og Sands á samningssvæðinu nú áætlað 1.100.000 tunnur.

Í bréfi Regins h/f, dags. 23. maí 1970, til hreppsnefndar Garðahrepps er þess getið, að Verk h/f hafi óskað eftir að yfirtaka réttindi Regins h/f samkvæmt samningnum. Er þess síðan farið á leit með vísan til 8. greinar samningsins, þar sem Garðahreppur sé nú orðinn eigandi að Vífilsstaðalandi, að hreppsnefndin veiti samþykki sitt til, að Reginn h/f framselji Verki h/f rétt sinn.

Með bréfi, dags. 9. júlí 1970, er staðfest, að hreppsnefndin samþykki framsalið fyrir sitt leyti. Hreppsnefndin tekur þó fram, að afsal hafi ekki farið fram enn á landinu, þótt um kaup hafi verið samið.

Um þetta leyti mun Reginn h/f hafa framselt Verki h/f rétt sinn.

Snemma í júlímánuði kom Birgir G. Frímannsson, Túngötu 51, Reykjavík, framkvæmdastjóri Verks h/f, að máli við Harald

Bjarnason, framkvæmdastjóra Malar og Sands h/f, á athafnasvæði stefnanda við Álftanesveg í Garðahreppi. Í fylgd með Birgi var Knud Tetzchner, tæknifræðingur Verks h/f.

Fyrir dóminum hefur Birgir skýrt svo frá þessum fundi, að hann hafi tjáð Haraldi, að Verk h/f væri að undirbúa sand- og malarnám í Vífilsstaðagryfjum með leyfi Garðahrepps, hann væri að koma úr gryfjunum og gæti ekki vel áttað sig á, hvaða vinnslusvæði Möl og Sandur h/f hefði helgað sér, og óskaði eftir samvinnu við Harald um skipulagningu á efnistökunni. Hann kveður Harald hafa sagzt telja, að vélakostur Verks h/f væri svo stórvirkur, að fyrirtækið gæti tæmt gryfjurnar á tveimur eða þrem mánðum. Enn fremur kvað Birgir Harald hafa sagt, að Garðahreppur gæti ekki leyft efnistökuna. Loks kveður hann Harald hafa sagt, að Verk h/f sýndi fyrirtæki sínu yfirgang og tillitsleysi og að ekki þyrfti að ræða málið frekar.

Haraldur Bjarnason hefur kannazt við það fyrir dóminum, að þetta samtal hafi átt sér stað. Hann kveður Birgi þá hafa tilkynnt sér, að Verk h/f hyggðist hefja starfsemi í Vífilsstaðanámunni daginn eftir. Birgir hefur synjað fyrir að hafa sagt þetta. Haraldur segist hafa spurt Birgi um heimildir Verks h/f. Hann kveður Birgi hafa svarað því til, að hann væri með samning upp á vasann við Garðahrepp. Haraldur segist þá hafa tjáð Birgi, að hann hefði sínar heimildir frá ríkinu og fyrir því kæmu sér ekki við samningar hans við Garðahrepp. Hann kveður Birgi þá hafa lýst því yfir, að hann mundi hefja framkvæmdir. Haraldur kannaðist við það fyrir dóminum, að Birgir hefði spurt sig um, hvar Möl og Sandur hyggðist vinna á svæðinu, svo að Verk h/f gæti tekið tillit til þess. Ekki kvaðst hann kannast við, að Birgir hefði boðið til samvinnu.

Knud Tetzchner hefur skýrt svo frá þessu samtali, að Birgir hafi tjáð Haraldi, að Verk h/f hefði náð samningum við Regin h/f og ætti að byrja þegar í stað. Hann kveður Birgi hafa spurt Harald, hvorum megin hann vildi, að Verk h/f ynni í námunni. Hann kveður Harald engu hafa svarað þessu, en sagt, að Verk h/f ætti engan rétt til námunnar, og hótað að beita lögregluvaldi til að hindra starfsemi Verks h/f í námunni. Enn fremur kveður hann Harald hafa sagt, að ekki væri hægt að hafa samvinnu við Verk h/f, því að það mundi vinna svo mikið magn á svo skömmum tíma, að ekkert yrði eftir fyrir Möl og Sand h/f. Hann kveður Birgi hafa sagt, að nóg verkefni væri fyrir bæði fyrirtækin í fimm ár.

Fyrir dóminum hefur Birgir haldið því fram, að samkvæmt áætlunum fyrirtækis síns muni náman verða tæmd á tveimur til þremur árum.

Birgir kveðst hafa farið rakleitt til námunnar og valið stað í austurhluta hennar, þar sem honum virtist, að ekki hefði verið unnið lengi.

Samningssvæðið er að lögun sem óreglulegur ferhyrningur. Vesturhliðin liggur eftir höfuðáttum í norður og suður. Norðurhliðin myndar hvasst horn við vesturhliðina, þó þannig, að svæðið breikkar eftir því sem austar dregur. Suðurhliðin er töluvert lengri en norðurhliðin.

Um miðbik svæðisins hefur verið unnið til botns og þaðan að miklu leyti að vesturmörkum og að norðurmörkum vestanverðum. Töluvert er þó óunnið víðs vegar í norðvesturhluta námunnar. Hefur þar verið rutt moldarjarðvegi ofan af. Töluvert svæði er óunnið á austurhluta samningssvæðisins.

Samkvæmt framburði Haralds Bjarnasonar hafði Möl og Sandur h/f enga starfsemi haft í námunni frá áramótum 1969. Fyrir þann tíma kvað hann hafa verið unnið í austurhluta námunnar með skurðgröfu, sem fyrirtæki hans átti. Þessi skurðgrafa hafði verið biluð lengi, þegar þjófar komu á síðastliðnu vori eða snemma sumars, rifu hana að miklu leyti í sundur og höfðu sumt á brott með sér. Frá því um vorið 1969 kveður Haraldur hafa verið samið við nokkra aðilja um, að þeir flyttu efni úr námunni til athafnasvæðis Malar og Sands h/f við Álftanesveg. Þessir aðiljar hafa ekki unnið í austurhluta námunnar, enda hefur legið þar þykkt moldarlag ofan á steypuefninu alveg fram á brún malargryfjunnar.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi haft í hyggju að flytja tæki sín, mulnings- og hörpunarvél og steinsteypta efnisgáma, á athafnasvæði sitt í Vífilsstaðalandi. Kveður hann landeiganda vera farinn að amast við starfsemi sinni við Álftanesveginn. Hann kveðst hafa fengið loforð fyrir 500.000 króna láni úr Iðnlánasjóði til að kosta flutning tækjanna.

Föstudaginn 10. ágúst hófust undirbúningsframkvæmdir Verks h/f. Vélskófla Malar og Sands h/f var færð yfir í suðvesturhorn gryfjunnar. Vegur, sem legið hafði ofan í gryfjuna suðvestan til á svæðinu, var lagfærður. Undir rekstri málsins hefur komið í ljós, að þessi vegarlagning var framkvæmd án heimildar hreppsyfirvalda. Nokkur hluti gryfjubotsins var jafnaður, þar sem áætlað var að hafa athafnasvæði Verks h/f og efnisbirgðir.

Ýtt var moldarjarðvegi ofan af stóru svæði frá gryfjustálinu í átt að austurmörkum samningssvæðisins. Moldinni var hrannað upp til beggja handa, en sumu var steypt ofan í gryfjuna á einum stað. Að þessu var unnið dag og nótt fram á þriðjudagsmorgun 14. júlí.

Fimmtudaginn 16. júlí krafðist Möl og Sandur h/f þess, að lagt yrði lögbann við starfsemi Verks h/f. Beindust kröfur félagsins upphaflega bæði gegn Verki h/f og Regni h/f. Hætti þá Verk h/f þegar í stað starfsemi sinni á námusvæðinu.

Laugardaginn 18. júlí krafðist heilbrigðismálaráðuneytið lögbanns við starfsemi Verks h/f.

Lögbannsbeiðni Malar og Sands h/f var tekin fyrir í fógetadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 20. júlí 1970. Var málinu festað nokkrum sinnum til 31. júlí 1970, er málið var tekið undir úrskurð.

Í þinghaldi 24. júlí 1970 var fallið frá kröfum á hendur Regni h/f.

Með bréfi, dags. 22. júlí 1970, fór Reginn h/f þess á leit við heilbrigðismálaráðuneytið, að ráðuneytið staðfesti réttindaframsalið. Ráðuneytið synjaði þessari beiðni með bréfi, dags. 23. júlí 1970. Með bréfi, dags. 30. júlí 1970, samþykkti ráðuneytið framsalið með því skilyrði, að ábyrgð Regins h/f á efndum samningsins héldist óbreytt.

Þann 31. júlí 1970 gaf Reginn h/f út yfirlýsingu um, að félagið ábyrgðist efndir samningsins að óskiptu með Möl og Sandi h/f.

Þann 5. ágúst 1970 var að kröfu Malar og Sands h/f kveðinn upp úrskurður um lögbann við starfrækslu Verks h/f í malarnámu í landi Vífilsstaða í Garðahreppi gegn bankatryggingu að fjárhæð kr. 1.200.000.00.

Segir svo í úrskurðinum: „Rétturinn lítur svo á, að framkvæmdir gerðarþola á athafnasvæði gerðarbeiðanda svo og það að ýta mold ofan í malargryfjur gerðarbeiðanda kunni að skerða rétt gerðarbeiðanda það verulega, að þegar af þeirri ástæðu sé rétt af leyfa framgang gerðarinnar".

Þann 7. ágúst 1970 var af hálfu stefnanda lögð fram tilskilin trygging. Að því búnu lýsti fógeti yfir lögbanni.

Málsástæður.

Meginmálsástæða stefnanda er sú, að framsal á réttindum réttargæzlustefnda, Regins h/f, til stefnda, Verks h/f, sé óheimilt án samþykkis stefnanda, þar sem það varði stefnanda miklu, hver sé samaðili hans að samningnum við landeiganda um námurétt-

indin. Er aðstöðu stefnanda jafnað til þess, ef tveir menn hefðu saman íbúðarhúsnæði á leigu. Telur stefnandi, að öðrum samleigjendanna væri þá óheimil framleiga án samþykkis hins samkvæmt meginreglum laga. Sömu grunnreglu telur stefnandi eiga að leiða til þess, að fallizt verði á kröfu hans.

Stefnandi telur enn fremur, að ákvæði landskiptalaganna nr. 46 frá 1941 leiði til sömu niðurstöðu, þannig að stefnda sé óheimil starfsemi á samningssvæðinu, þar til landskipti hafi farið fram með samkomulagi aðiljanna eða endanlegum dómi.

Umboðsmaður stefnanda hefur lýst þeirri skoðun, að til að koma fram skiptum og fá létt af lögbanninu, hefði stefndi átt að höfða gagnsök til að fá dóm fyrir því, hver eignarhlutföll ættu að vera. Er því haldið fram, að rétt skipti ættu að vera helmingaskipti á því, sem eftir er.

Sérstaklega er á því byggt, að algerlega hafi verið óheimilt að nota gryfju stefnanda til að nálgast steypuefnið og ryðja mold ofan í hana.

Af stefnda hálfu er á því byggt, að hann hafi löglega gengið inn í réttindi réttargæzlustefnda samkvæmt samningnum frá 1. júlí 1961. Þar sem enginn samningur hafi verið gerður milli Malar og Sands h/f og Regins h/f um hið gagnstæða, hafi ekki þurft að leita samþykkis stefnanda til framsalsins. Er á það bent, að eina frambærilega ástæðan, sem stefnandi hefði getað fært fram gegn aðiljaskiptunum, sem sé sú, að það skipti máli, hver sé ábyrgur með honum fyrir efndum samningsins, sé fallin niður með því, að Reginn h/f hafi lýst því yfir, að ábyrgð félagsins sé óbreytt. Einnig er á það bent, að stefnandi hafi frá upphafi mátt vænta þess, að Reginn h/f hæfi fyrirvaralaust vinnslu í stórum stíl. Algerlega er vísað á bug staðhæfingu stefnanda um, að landskiptalög eigi við um skipti aðilja.

Loks er því haldið fram, að sá hluti malargryfjunnar, þar sem stefndi hóf framkvæmdir, hafi verið yfirgefinn af stefnanda, enda sé gryfjan til orðin sem eyða, þegar efnið hafi verið fjarlægt, og sé sú eyða einskis manns eign.

Af hálfu réttargæzlustefnda hefur því verið haldið fram, að honum hafi verið fullkomlega heimilt að framselja réttindi sín samkvæmt samningnum frá 21. október 1961, þegar samþykki rétts aðilja lægi fyrir. Er því haldið fram, að það fái með engu móti staðizt, að hægt sé að halda Regni h/f í óskiptri ábyrgð með stefnanda allt til loka samningstímans og neita honum

samtímis um rétt til þess að hagnýta sér samninginn og tryggja það, að félagið verði ekki fyrir stórfelldu fjártjóni.

Álit réttarins.

Ein af meginreglum íslenzks réttar er sú, að mönnum sé frjálst að ráðstafa réttindum sínum. Rétturinn til ráðstöfunar í lifenda lífi er ein af aðildum eignarréttarins, og eignarrétturinn er friðhelgur samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 frá 1944.

Ráðstöfunarrétturinn getur þó verið takmarkaður með ýmsum hætti, m. a. með samningum, eins og er um réttindi þau, sem um er deilt í þessu máli. Einnig getur framsal réttinda snert svo persónulega hagi annarra manna, að það geti ekki náð fram að ganga eða orðið virkt án samþykkis þeirra.

Stefndi hefur fengið samþykki rétts aðilja, heilbrigðismálaráðuneytisins, til framsalsins. Engir samningar voru milli stefnanda og réttargæzlustefnda um, að ekki mætti framselja réttindin.

Réttindi til malarnáms eru ekki persónulegs eðlis, heldur liggja þau á sviði framkvæmda og viðskipta. Aðiljar málsins eru lögpersónur, hlutafélög, og stefnandi mátti ávallt búast við því, að skipti yrðu á stjórn og hluthöfum í hlutafélaginu Regni, án þess að Möl og Sandur h/f fengi þar nokkuð að gert. Stefnandi mátti og hvenær sem var eiga von á, að Reginn h/f hæfi stórfelldar framkvæmdir í námunni.

Í Jónsbók, kaupabálki, 20. kapítula, segir svo: „Alla þá gripi, er menn eiga saman, hvárt sem þat er akr eða teigar, hús eða aðra hluti, þá er skipti fær á komit, þá skal sá skipti ráða, er skipta vill ...“.

Í landskiptalögum nr. 46/1941 segir svo í 3. mgr. 3. gr.: „Nú er ágreiningur um eignahlutföll óskipts lands eða landsnytja, og næst ekki samkomulag. Verður þá eigi úr því skorið nema með dómi ...“.

Stefnandi hefur ekki gert kröfu samkvæmt þessu ákvæði, og hann getur ekki lagt þá kvöð á stefnda, að hann hafi uppi slíka kröfu eða hlýti lögbanni ella. Í þessu máli hefur þannig ekki verið fjallað um eignahlutföll, og um þau hefur ekkert verið ákveðið. Því er ekki hægt að taka afstöðu til þess, hvort væntanlegur námurekstur stefnda fari í bága við þann hlutfallsrétt, sem stefnandi kann að eiga. Í þessu sambandi má hafa í huga, að Reginn h/f og Verk h/f hafa enn ekki unnið neitt efni úr námunni, en stefnandi setið einn að henni á tíunda ár.

Rétturinn lítur svo á, að það hagræði, sem stefnandi hefur

stofnað til með því að grafa víða gryfju á samningssvæðinu, þar sem koma má fyrir tækjum, geyma efnisbirgðir og komast að námuefninu í bröttu stáli, sé verðmæt lögvarin réttindi hans. Hins vegar er réttarsamband aðiljanna sem samaðilja að námuréttindunum svo náið, að þeir hljóta að þola afnot hvor annars að því hagræði, sem þeir hafa stofnað til hvor um sig, enda valdi framkvæmdir notandans ekki hinum verulegu óhagræði eða tjóni, enda komi sanngjörn greiðsla fyrir, eftir því sem atvik liggja til.

Að því er vegaframkvæmdir varðar, er það skoðun dómsins, að stefnandi eigi ekki aðild þeirrar sakar.

Ekki verður séð, að leifar þær af ámokstursvél, sem stefndi lét flytja til í gryfjunni, séu verr komnar þar, sem þær eru nú. Afnot stefnda af botni gryfjunnar fyrir tæki sín og vörubirgðir eru greinilega þess eðlis, að stefnandi verður að sætta sig við þau samkvæmt ofansögðu. Nóg rúm er í gryfjunni fyrir tæki þau, sem stefnandi hyggst flytja af Álftanesi, enda mun fljótt rýmkast enn frekar um, þegar stefndi hefur hafið malarnámið.

Hafa ber í huga, að stefnandi hefur ekkert efni unnið í þeim hluta námunnar, þar sem stefndi hóf framkvæmdir, hátt á annað ár.

Ef nýta á allt efni, sem á samningssvæðinu er að finna, hlýtur fyrr eða síðar að koma að því, að ýta verði mold ofan í gryfjurnar, enda virðist beinlínis gert ráð fyrir því í 7. grein samningsins, að jarðvegi, sem eftir verður, verði jafnað yfir svæðið.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda og fallast á kröfu stefnda um, að lögbannið verði fellt úr gildi.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda kr. 70.000.00 í málskostnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður til réttargæzlustefnda, sem hætt hefur að sækja þing í málinu, falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Snæbjörn Jónasson yfirverkfræðingur og Kristján Torfason lögfræðingur.

Dómsorð:

Lögbann, sem lagt var við starfsemi stefnda, Verks h/f, í malarnámu í landi Vífilsstaða í Garðahreppi 5. ágúst 1970, er fellt úr gildi.

Stefnandi, Möl og Sandur h/f, greiði stefnda, Verki h/f, kr. 70.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu

5. ágúst 1970.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 31. júlí s.l., kom fyrir fógetaréttinn 20. júlí s.l.

Í málinu hefur gerðarbeiðandi, Möl og Sandur h/f, gert þær réttarkröfur, að lögbann verði lagt við starfrækslu Verks h/f í malarnámu í landi Vífilsstaða í Garðahreppi á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarþola að skaðlausu.

Gerðarþoli, Verk h/f, gerir þær réttarkröfur, að umbeðið lögbann nái ekki fram að ganga og gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað að skaðlausu.

Til vara gerir gerðarþoli þær réttarkröfur, að ef hin umbeðna lögbannsgerð nái fram að ganga, verði gerðarbeiðanda áður gert að setja tryggingu að fjárhæð kr. 4.200.000.00.

Málavextir eru þeir, að Verk h/f hefur hafið undirbúningsframkvæmdir við malarnámu í landi Vífilsstaða í Garðahreppi. Rétt sinn til malartöku í umræddri námu byggir Verk h/f á samningi, dags. 21. október 1961, um sand- og malarnám í landi Vífilsstaða milli skrifstofu ríkisspítalanna f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins sem seljanda og Regins h/f og Malar og Sands h/f sem kaupanda. Reginn h/f hefur framselt Verki h/f rétt sinn samkvæmt ofangreindum samningi, en samkvæmt 8. gr. samningsins er kaupanda óheimilt að framselja öðrum aðiljum nokkur réttindi til námuvinnslu, nema til komi samþykki seljanda.

Undanfarið hafa staðið yfir samningar milli jarðeignadeildar ríkisins sem seljanda og hreppsnefndar Garðahrepps sem kaupanda um sölu á umræddu landi, en afsal hefur ekki enn farið fram á landi því, sem malargryfjurnar eru í.

Verk h/f leitaði samþykkis hreppsnefndar Garðahrepps fyrir umræddu framsali, og með bréfi, dagsettu 9. júlí s.l., samþykkti hreppsnefnd Garðahrepps fyrir sitt leyti, að Reginn h/f framseldi Verki h/f rétt sinn samkvæmt samningnum frá 21. október 1961, en tók þó fram, að afsal til Garðahrepps hefði enn ekki farið fram á landinu.

Upphaflega beindist lögbannsgerð þessi gegn Verki h/f og Regni h/f, en í réttarhaldi 24. júlí féll gerðarbeiðandi frá öllum kröfum gegn Regni h/f, þannig að gerðin beindist eingöngu gegn Verki h/f.

Með bréfi, dagsettu 22. júlí s.l., leitaði Reginn h/f samþykkis heilbrigðismálaráðuneytisins til að framselja rétt sinn samkvæmt samningnum frá 21. október 1961, og með bréfi, dagsettu 23. júlí s.l., var samþykkis ráðuneytisins synjað.

Í framhaldi af bréfinu frá 23. júlí ritaði ráðuneytið annað bréf til Regins h/f, dags. 30. júlí, þar sem ráðuneytið samþykkti fyrir sitt leyti framsal Regins h/f til Verks h/f samkvæmt samningnum frá 21. október 1961, þar sem tekið var fram, að synjunin hefði verið byggð á því skilyrði, að Regin h/f yrði leystur undan solidariskri ábyrgð samkvæmt samningnum, og samþykkti ráðuneytið umrætt framsal, ef ábyrgð Regins h/f samkvæmt samningnum yrði óbreytt. Því skilyrði var síðan fullnægt með yfirlýsingu Regins h/f, dags. 31. júlí s.l.

Við þingfestingu máls þessa lagði greðarbeiðandi fram 200.000.00 króna bankatryggingu.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á því, að réttur Malar og Sands h/f skerðist mikið við það, að nýr aðili gangi inn í samning þennan. Það skipti miklu máli fyrir hvern og einn, hver sé meðnotandi að hlut með manni. Réttur Malar og Sands h/f sé að engu orðinn við það, að annar aðili sé farinn að vinna inni á sama svæði og ýti mold ofan í malargryfjur gerðarbeiðanda. Einnig telur gerðarbeiðandi, að allar grundvallarreglur laga um samninga lúti á einn veg að því, að framsal sem þetta sé óheimilt án samþykkis meðnotanda (gerðarbeiðanda). Gerðarbeiðandi telur enn fremur, að tæki gerðarþola séu það stórvirk, að malarnám muni tæmast á stuttum tíma. Gerðarbeiðandi mótmælir algerlega tryggingarkröfu gerðarþola. Þegar hafi verið sett 200.000.00 kr. trygging og sé hún algerlega fullnægjandi, þar sem gerðarþoli hafi aðgang að öðrum námum og þurfi því ekki til vinnustöðvunar að koma vegna lögbanns þessa.

Gerðarþoli reisir kröfur sínar á því, að samkvæmt 26. grein laga nr. 18/1949 verði athöfn að raska á ólögmætan hátt rétti gerðarbeiðanda, til þess að hann geti fengið lagt lögbann við henni. Telja verði samkvæmt 8. gr. samningsins frá 21. október 1961, að samþykki seljanda um framsal sé fullnægjandi og þurfi ekki annað samþykki til að koma, enda geri samningurinn ekki ráð fyrir því.

Hingað til hafi gerðarbeiðandi einn haft aðgang að námunni og hafi hann alltaf mátt reikna með því, þar sem kaupendur í samnuingi þessum séu tveir, að réttur hans mundi eitthvað skerðast.

Gerðarþoli telur 200.000.00 króna tryggingu algerlega ófullnægjandi, þar sem um enga aðra námu sé að ræða, sem félagið hafi aðgang að. Það muni taka að minnsta kosti mánuð að útvega og undirbúa til vinnslu aðra námu. Tugir bifreiða og alls konar tækja og tugir starfsmanna yrðu verkefnalausir, jafnframt því að ekki yrði unnt að standa við umsamda samninga um afhendingu steypu og bótakröfur vegna afhendingardráttar yrði að fá greiddar af tryggingu gerðarbeiðanda.

Rétturinn lítur svo á, að framkvæmdir gerðarþola á athafnasvæði gerðarbeiðanda svo og það að ýta mold ofan í malargryfjur gerðarbeiðanda kunni að skerða rétt gerðarbeiðanda það verulega, að þegar af þeirri ástæðu sé rétt að leyfa framgang gerðarinnar.

Rétturinn telur enn fremur, að ósannað sé, að gerðarþoli hafi aðgang að nokkurri annarri malarnámu, og þykir því viðbótartrygging hæfilega ákveðin krónur 1.000.000.00 — ein milljón, — þannig að heildartrygging verði krónur 1.200.000.00. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kvað upp Guðm. Karl Jónsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn því, að hann setji viðbótartryggingu að fjárhæð kr. 1.000.000.00.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 18. júní 1971.

Nr. 23/1971. **Gunnar Viggó Frederiksen**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Vilborgu Kristjánsdóttur sjálfri og vegna ólögráða barna hennar, Guðrúnar Jóhannsdóttur, Heiðu Elínar Jóhannsdóttur og Jóhanns Gísla Jóhannssonar, og
Kristjáni Jóhannssyni og gagnsök
(Sigurður Sigurðsson hrl.)
svo og
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Ragnari Jónssyni og (sjálfur)
Sigurði Sigurðssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Dánarbætur. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. febrúar 1971 og krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og að lögmanni hans „verði ákveðin málsvarnarlaun, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál", en aðaláfrýjanda, sem hafði gjafvörn í héraði, var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti 1. júní 1971.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 23. febrúar 1971. Krefjast þeir þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim samtals kr. 3.920.064.00 með 7% ársvöxtum frá 9. maí 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gagnáfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti 26. febrúar 1971.

Gagnáfrýjandinn Kristján Jóhannsson er nú orðinn fullráða og hefur sjálfur tekið við máli sínu fyrir Hæstarétti.

Með stefnu 30. apríl 1971 áfrýjaði fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs máli þessu. Krefst hann þess, að dæmd málflutningslaun skipaðra lögmanna aðilja máls þessa fyrir héraðsdómi verði lækkuð.

Stefndu í þessum þætti málsins, Ragnar Jónsson og Sigurður Sigurðsson, krefjast þess aðallega, að þessum þætti málsins verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum meðalgönguaðilja. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hans hendi.

I.

Í málinu er komið fram, að meðalgönguaðili greiddi án fyrirvara gjafsóknar- og gjafvarnarlaun þau, er í héraðsdómi greinir, Sigurði Sigurðssyni hinn 19. febrúar 1971 og Ragnari Jónssyni hinn 9. marz 1971. Fyrirvaralaus greiðsla hinna dæmdu fjárhæða samrýmist ekki áfrýjun meðalgöngusakar, og ber því að vísa henni frá Hæstarétti. Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

II.

Málsatvikum er réttilega lýst í héraðsdómi.

Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjandi beri fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjenda, sem þau hafa beðið vegna fráfalls Jóhanns Gíslasonar hinn 9. maí 1968.

Kröfur sínar sundurliða gagnáfrýjendur þannig:

A. Kröfur Vilborgar Kristjánsdóttur:

1.	Bætur fyrir missi framfæranda	kr. 2.194.499.00
2.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	— 250.000.00
3.	Þjáningabætur	— 150.000.00
		Samtals kr. 2.594.499.00

B. Kröfur Guðrúnar Jóhannsdóttur:

1.	Bætur fyrir missi framfæranda	kr. 9.064.00
2.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	— 150.000.00
3.	Þjáningabætur	— 150.000.00
		Samtals kr. 309.064.00

C. Kröfur Heiðu Elínar Jóhannsdóttur:

1. Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	59.433.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	150.000.00
3. Þjáningabætur	—	150.000.00
Samtals kr.		359.433.00

D. Kröfur Jóhanns Gísla Jóhannssonar:

1. Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	207.068.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	150.000.00
Samtals kr.		357.068.00

E. Kröfur Kristjáns Jóhannssonar:

1. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	kr.	150.000.00
2. Þjáningabætur	—	150.000.00
Samtals kr.		300.000.00

Um A. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur 21. nóvember 1970 reiknað með líkindatölum fjárhagstjón gagnáfrýjanda Vilborgar Kristjánsdóttur vegna missis eiginmanns hennar, miðað við, að hún hefði notið helmings af atvinnutekjum hans. Taldist tryggingafræðingnum svo til, að tjónið næmi alls kr. 2.273.448.00. Til viðbótar þessu hefur Vilborg reiknað sem sitt tjón helming verðmætis risnufjár og helming verðmætis bifreiðarstyrks, er eiginmaður hennar naut frá vinnuveitanda sínum, samtals kr. 420.589.00. Frá tjóninu, þannig reiknuðu, hefur Vilborg dregið verðmæti slysabóta, mæðralauna og ekkjulífeyris, sem hún nýtur frá almannatryggingunum, samtals kr. 499.538.00.

Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að risnufé og bifreiðarstyrkur geti ekki talizt til framfærslueyris í þessu sambandi.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var Jóhann heitinn félagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna, og nýtur ekkja hans nokkurs lífeyris þaðan. Hefur tryggingafræðingurinn áætlað verðmæti þessa lífeyris í hennar hendi kr.

210.613.00. Eins og hér stendur á, þykja ekki efni til að draga fjárhæð þessa frá tjóni Vilborgar.

Eins og heimilishögum Vilborgar er nú háttað, þykir ekki ástæða til að lækka bótakröfur hennar vegna væntanlegra tekna af vinnu utan heimilis. Fallast má á niðurstöðu héraðsdóms varðandi greiðslu vinnuveitanda Jóhanns heitins til Vilborgar, en vinnuveitandinn hefur lýst því, að hann muni eigi krefja þetta fé síðar úr hendi aðaláfrýjanda. Þá má fallast á niðurstöðu héraðsdóms um slysatryggingafé það, er Vilborg hefur fengið greitt.

Þegar gætt er þeirra atriða, sem hér eru að framan rakin, og annars þess, sem hér skiptir máli, þykja bætur til gagnáfrýjanda Vilborgar Kristjánsdóttur fyrir missi fyrirvinnu hæfilega ákveðnar kr. 900.000.00.

Bætur til hennar fyrir röskun á stöðu og högum þykja hæfilega ákveðnar kr. 125.000.00. Fallast má á niðurstöðu héraðsdóms, að því þjáningabætur varðar.

Um B, C og D. Bætur til ófjárráða barna gagnáfrýjanda Vilborgar Kristjánsdóttur, þeirra Guðrúnar Jóhannsdóttur, Heiðu Elínar Jóhannsdóttur og Jóhanns Gísla Jóhannssonar, fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum þykja hæfilega ákveðnar í héraðsdómi kr. 65.000.00 til Guðrúnar, kr. 90.000.00 til Elínar Heiðu og kr. 160.000.00 til Jóhanns Gísla. Fallast má á niðurstöðu héraðsdóms um sérstakar þjáningabætur þeim til handa.

Um E. Ætla má, eins og fjárhag og atvinnutekjum Jóhanns heitins var háttað, að gagnáfrýjandi Kristján Jóhannsson hefði notið nokkurs fjárstyrks frá honum til framfærslu. Fallast má á, að Kristján hafi orðið fyrir nokkurri röskun á stöðu og högum við fráfall föður síns. Eru bætur til hans af þessu efni hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00. Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um sérstakar þjáningabætur honum til handa.

Aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjendum 7% ársvexti af dæmdum fjárhæðum frá 9. maí 1968 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda

til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 200.000.00 og renni í ríkissjóð.

Bæði aðaláfrýjandi og gagnáfrýjendur höfðu gjafsókn og gjafvörn í máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti. Ber því að dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað máls þessa bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málssóknar- og málsvarnarlaun lögmanna beggja aðilja, sem ákveðast kr. 200.000.00 til hvors fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Kröfum fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs á hendur Ragnari Jónssyni og Sigurði Sigurðssyni er vísað frá Hæstarétti, en málskostnaður í þeim þætti málsins fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Gunnar Viggó Frederiksen, greiði gagnáfrýjanda Vilborgu Kristjánsdóttur sjálfri kr. 1.025.000.00, f. h. Guðrúnar Jóhannsdóttur kr. 65.000.00, f. h. Heiðu Elínar Jóhannsdóttur kr. 90.000.00, f. h. Jóhanns Gísla Jóhannssonar kr. 160.000.00 og svo Kristjáni Jóhannssyni kr. 60.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 9. maí 1968 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í máli þessu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 200.000.00, sem renni í ríkissjóð.

Kostnaður málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.000.00, og laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. febrúar 1971.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 12. febrúar 1970. Munnlegur málflutningur fór fram í því 18. febrúar, og var málið dómtekið að honum loknum.

Stefnendur málsins eru Vilborg Kristjánsdóttir, Tómasarhaga 25, Reykjavík, f. h. sjálfrar sín og barna sinna, Kristjáns Jóhannsonar, fædds 1. janúar 1951, Guðrúnar Jóhannsdóttur, fæddrar 9. desember 1952, Heiðu Elínar Jóhannsdóttur, fæddrar 7. september 1955, og Jóhanns Gísla Jóhannssonar, fædds 26. apríl 1968, allra til heimilis á sama stað.

Stefndi er Gunnar Viggó Frederiksen, til heimilis að Karfavogi 18, Reykjavík, en nú til dvalar að Litla-Hrauni, Árnessýslu.

Dómkröfur stefnenda voru upphaflega að fjárhæð samtals kr. 3.494.322.00, en voru hækkaðar við munnlegan flutning málsins með samkomulagi aðilja í kr. 3.920.064.00. Krefjast stefnendur þeirrar fjárhæðar auk 8% ársvaxta frá 9. maí 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að mati réttarins, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál. Um nánari sundurliðun stefnukrafnanna vísast til 3.2.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda, en til vara, að hann verði sýknaður að verulegu leyti og bætur ákveðnar að mati dómsins. Loks krefst stefndi, að umboðsmanni hans verði ákveðin málsvarnarlaun, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 21. maí 1969, var stefnendum veitt gjafsókn í máli þessu.

Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 1. apríl 1970, var stefnda veitt gjafvörn hér fyrir dómi í máli þessu.

Sáttatilraunir hafa verið reyndar, en ekki borði árangur.

2.0.

2.1. Málavextir eru þeir, að árla morguns þann 9. maí 1968 lézt Jóhann Gíslason, Tómasarhaga 25, Reykjavík, af völdum áverka, sem stefndi veitti honum. Nefndur Jóhann var eiginmaður stefnanda Vilborgar Kristjánsdóttur og faðir barnanna Kristjáns, Guðrúnar, Heiðu Elínar og Jóhanns Gísla, sem eru meðstefnendur í máli þessu, svo sem áður greinir.

Jóhann heitinn Gíslason var sviptur lífi á heimili sínu í viðurvist stefnanda Vilborgar og þriggja elztu barna hennar.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 27. nóvember 1968, var

höfðað opinbert mál á hendur stefnda út af framangreindu atviki. Í ákæruskjali er brot stefnda heimfært undir 211. gr. almennra hegningarlag nr. 19/1940.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 19. marz 1969, var stefndi dæmdur til 16 ára fangelsisvistar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Í forsendum dómsins segir m. a. svo:

„Með framburðum ákærða og vitna svo og öðrum gögnum málsins, sem rakin hafa verið í fyrri köflum dómsins, er sannað, að ákærði svipti Jóhann heitinn Gíslason lífi af ásettu ráði, eins og greinir í ákæru. Varðar það atferli hans við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kemur þá sérstaklega til athugunar, hversu styrkur og einbeittur vilji ákærða til verknaðarins var.

Ekkert hefur komið fram í þá átt, að ákærði hafi borið óvildarhug til Jóhanns Gíslasonar, áður en ákærði fór til Bandaríkjanna í maí 1967.

Ákærði gat ekki sætt sig við það, að flugþjálfun hans var svo hagað, að henni var ekki lokið, er þota Flugfélagsins hélt til Íslands 23. júní 1967, og hrapaði hann þá að því að fara við svo búið heim með þotunni í heimildarleysi. Varð það til þess, að ákærði var látinn hætta starfi sínu hjá Flugfélaginu, og er ljóst, að hann tók það mjög nærri sér.

Ákærði hélt, að Jóhann Gíslason hefði átt sök á því, að ákærði gat ekki lokið flugþjálfun sinni í tæka tíð, svo og að Jóhann hefði lagt til, að ákærði yrði látinn víkja úr starfi. Hefur þó alls ekkert komið fram í málinu, er renni stoðum undir þessa skoðun ákærða. Ákærði lagði af þessum sökum hatur á Jóhann, og jókst það eftir því sem stundir liðu fram. Hvarflaði jafnvel að honum í fáein skipti að vinna á Jóhanni, án þess þó að til þess ræki.

Hugur ákærða snerist stöðugt um það að komast aftur í flugstjórastarf sitt. Kannaði hann möguleika á því og virtist um áramótin 1967—1968 hafa verið vongóðir um, að úr því gæti orðið. Síðar, máske í marz 1968, kveðst ákærði hafa hitt mann, er hann hafði vænzt, að yrði sér hljáplegur í þessu efni, og hafi maðurinn þá sagt honum, að það þýddi víst ekkert að eiga við þetta mál. Hafi þetta orðið sér mikil vonbrigði. Þegar svo ákærði eftir kvöldverðarhóf og neyzlu áfengis hitti sama mann aðfaranótt 9. maí f. á., kveðst hann hafa spurt hann að því, hvað gert hefði verið honum til stuðnings, og þá fengið staðfest, að ekkert hefði verið gert. Hafi samtali þeirra lokið með rifrildi.

Ákærði hélt síðan heim til sín þessa nótt, tók fram skammbyssu,

er hann hafði haft undir höndum rúmt ár, og hlóð hana 9 skotum. Ók hann síðan vestur að Tómasarhaga 25 í því skyni að hitta Jóhann, og kveðst ákærði hafa haft byssuna með sér til að skjóta Jóhann, ef svo bæri undir. Skaut ákærði svo umsvifalaust á Jóhann, þegar er hann sá hann inni í húsinu.

Ekki þykir fullvíst, að sá ásetningur ákærða að ráða Jóhanni bana hafi verið orðinn til fyrr en aðfaranótt 9. maí, en sá ásetningur hefur verið ákveðinn að fullu eigi síðar en þegar ákærði lagði af stað heiman að frá sér áleiðis að Tómasarhaga 25 með hlaðna byssu.

Það þykir ekki vera skilyrði til þess að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 74. gr., 4. tl., né 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940".

Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 18. júní 1969, var héraðsdómurinn staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

3.0.

3.1. Stefnendur telja það viðurkennda reglu íslenzks bótaréttar, að sá, sem með refsiverðum verknaði baki öðrum tjón, sé bótaábyrgur gegn tjónþola. Sé þetta án nokkurs vafa, þegar um brot sé að ræða á þeim ákvæðum laga, sem sett séu til verndar lífi manna, eignum og æru. Stefnendur telja bótaskyldu í tilviki því, sem hér um ræðir, taka bæði til fjárhagslegs og ófjárhagslegs tjóns og sé hún beinlínis lögboðin í 264. gr. laga nr. 19/1940.

3.2. Svohljóðandi grein er nú gerð fyrir stefnukröfunum:

a. Krafa Vilborgar Kristjánsdóttur:

Fyrir missi framfæranda	kr.	2.194.499.00	
Fyrir röskun á stöðu og högum	—	250.000.00	
Þjáningabætur	—	150.000.00	kr. 2.594.499.00

b. Krafa Kristjáns Jóhannssonar:

Fyrir röskun á stöðu og högum	kr.	150.000.00	
Þjáningabætur	—	150.000.00	— 300.000.00

c. Krafa Guðrúnar Jóhannsdóttur:

Fyrir missi framfæranda	kr.	9.064.00	
Fyrir röskun á stöðu og högum	—	150.000.00	
Þjáningabætur	—	150.000.00	— 309.064.00

d. Krafa Heiðu Elínar Jóhannsdóttur:

Fyrir missi framfæranda	kr.	59.433.00	
Fyrir röskun á stöðu og högum	—	150.000.00	

Þjáningabætur	kr.	150.000.00 kr.	359.433.00
e. Krafa Jóhanns Gísla Jóhannssonar:			
Fyrir missi framfæranda	kr.	207.068.00	
Fyrir röskun á stöðu og högum	—	150.000.00 —	357.068.00

Alls kr. 3.920.064.00

Kröfur fyrir missi framfæranda reisa stefnendur (nema Kristján Jóhannson) á því, að þeir hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna missis hans. Til grundvallar kröfum þessum liggja útreikningar Guðjóns Hansens tryggingafræðings. Útreikningar þessir eru tveir. Hinn fyrri er dags. 21. janúar 1969, en hinn síðari 21. nóvember 1970. Endanlegar fjárkröfur eru miðaðar við síðari útreikninginn. Engu að síður verður hér að rekja meginefni beggja þessara skjala, þar sem fyrri útreikningurinn hefur að geyma forsendur fyrir þeim síðari.

Í aðalatriðum er útreikningurinn frá 21. janúar 1969 svohljóðandi:

„Bætur vegna fráfalls Jóhanns Gíslasonar.

Að beiðni yðar, herra hæstaréttarlögmaður, hef ég gert eftirfarandi útreikninga í sambandi við tjón frú Vilborgar Kristjánsdóttur, Tómasarhaga 25, Reykjavík, og barna hennar vegna missis fyrirvinnu, en eiginmaður Vilborgar, Jóhann Gíslason, beið bana 9. maí 1968.

Jóhann var sagður fæddur 1. maí 1925 og var samkvæmt því 43 ára að aldri, er hann lézt. Ekkja hans er sögð fædd 29. marz 1930 og hefur því verið 38 ára að aldri, er hún missti mann sinn, og samkvæmt upplýsingum yðar eru börn þeirra hjóna fjögur, þ. e. Kristján, f. 4. janúar 1951, Guðrún, f. 9. desember 1952, Heiða Elín, f. 7. september 1955, Jóhann Gísli, f. 26. apríl 1968.

A. Bætur til barna.

Venja er að miða útreikninga á bótum til barna vegna dauða fyrirvinnu við barnalífeyri almannatrygginga. Hef ég reiknað árlegan barnalífeyri sem hér segir: ...

Sé reiknað með ofangreindum bótum til þeirra þriggja barna, sem voru innan 16 ára aldurs við fráfall Jóhanns, fram til fullnaðs 16 ára aldurs þeirra, reiknast mér verðmæti bótanna á slysdegi nema:

... Tekið skal fram, að barnalífeyrir hefur á undanförnum árum hækkað minna en ýmsar aðrar bætur almannatrygginga, en í staðinn hefur verið tekin upp aukin greiðsla mæðralauna, og

enn fremur eru fjölskyldubætur nú greiddar samtímis barnalífeyri gagnstæt því, sem áður gilti.

B. Bætur til ekkju.

Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum Jóhanns heitins fyrir starfsárin 1964—1967 voru launatekjur hans þau ár sem hér segir:

Árið	1964	kr. 226.748.40
—	1965	— 271.057.00
—	1966	— 330.262.00
—	1967	— 360.597.00

Starfsárin 1965—1967 er talin fram risna, kr. 30.000.00 árið 1965, en kr. 35.000.00 hvort áranna 1966 og 1967. Þá er talinn fram bifreiðastyrkur árið 1965, kr. 42.000.00, en ekki er getið um slíkan styrk á framtölum fyrir hin árin.

Allar framangreindar tekjur eru fyrir störf hjá Flugfélagi Íslands h.f. Ég hef umreiknað launatekjur til kauplags, eins og það hefur verið undanfarið ár, með hliðsjón af breytingum á kauptöxtum verzlunarmanna. Reiknast mér meðalárslaun 1965—1967, þ. e. þriggja heilla starfsára fyrir fráfall Jóhanns, umreiknuð á þann hátt, nema kr. 353.519.00. Er þá ekki reiknað með neinum vísitöluuppbótum samkvæmt samningi frá 18. marz 1968, enda eru árstekjur svo háar, að slíkar uppbætur koma vart til greina. Þegar tillit er tekið til kauplagsbreytinga, virðast árstekjurnar fara hægt vaxandi á umræddu tímabili. Má því ætla, að annað hvort hafi aukastörf verið vaxandi eða föst laun hækkað meira á tímabilinu en taxti verzlunarmanna gefur til kynna (hin umreiknuðu meðalárslaun eru lítið eitt lægri en launatekjur ársins 1967).

Af framangreindum árstekjum, kr. 353.519.00, er fyrst tekinn framfærslueyrir barnanna þriggja, jafnhár barnalífeyri almannatrygginga, fram til 16 ára aldurs hvers barns, en síðan er ekkjunni reiknaður helmingur þeirra tekna, sem eftir verða. Verðmæti slíks framfærslueyris til handa Vilborgu Kristjánsdóttur reiknast mér nema á dánardegi Jóhanns: ...

Oft er litið á bifreiðastyrki og risnufé sem kaupuppbætur, og kemur því til álita, hvort rétt sé að taka tillit til slíkra greiðslna að meira eða minna leyti við ákvörðun bóta fyrir fráfall fyrirvinnu. Sé ekkjunni reiknaður helmingur risnufjár, kr. 35.000.00 á ári, sbr. skattframtöl fyrir starfsárin 1966 og 1967, reiknast mér verðmæti á slysdegi nema kr. 191.177.00. Sé henni reiknaður

helmingur bifreiðastyrks, eins og hann er tilgreindur á framtali fyrir starfsárið 1965 (kr. 42.000.00 á ári), reiknast mér verðmæti á slysdegi nema kr. 229.412.00. ...

Við framangreinda útreikninga hefur ekki verið tekið tillit til hugsanlegra starfa Vilborgar utan heimilis, en tekjur af slíkum störfum eru taldar fram fyrir árin 1966 og 1967, kr. 10.600.00 fyrrnefnda árið, en kr. 19.124.00 síðarnefnda árið. Aðstaða Vilborgar að þessu leyti hefur að sjálfsögðu breytzt við það, að hún eignaðist fjórða barn sitt á árinu 1968, og hlýtur áætlun um slíkar tekjur í framtíðinni að vera ótraust. Ekki er heldur tekið tillit til giftingarlíkna í framtíðinni. ...

Töflur þær, sem notaðar hafa verið við útreikningana, miðast við starfsorkulíkur samkvæmt sænskri reynslu, dánarlíkur samkvæmt íslenzkri reynslu 1951—1960 og 7% vexti p. a.".

Síðari útreikningurinn hljóðar svo:

„Reykjavík, 21. nóvember 1970.

Hr. Sigurður Hafstein, hdl., Reykjavík.

Bætur vegna fráfalls Jóhanns Gíslasonar.

Að beiðni yðar, herra héraðsdómslögmaður, hef ég endurskoðað útreikning minn frá 21. janúar 1969, sem gerður var fyrir Sigurð Sigurðsson, hrl., vegna fráfalls Jóhanns Gíslasonar, Tómasarhaga 25, Reykjavík. Við endurskoðunina hefur verið tekið tillit til hækkana, sem orðið hafa á launum og bótagreiðslum almannatrygginga, og enn fremur er gerð grein fyrir atriðum, sem sérstakar óskir hafa verið látnir í ljós um, að fá tekin með.

A. Bætur til barna.

Frá dánardegi Jóhanns hefur árlegur barnalífeyrir almannatrygginga verið sem hér segir:

Árið 1968	kr. 16.134.00
Árið 1969	— 18.876.00
Janúar—júní 1970	— 19.860.00
Eftir þann tíma	— 23.832.00

Þegar þessar fjárhæðir eru lagðar til grundvallar, reiknast mér bætur til þriggja barna Jóhanns verða sem hér segir:

Til Guðrúnar	kr. 9.064.00
— Heiðu Elínar	— 59.433.00
— Jóhanns Gísla	— 207.068.00

B. Bætur til ekkju.

Svo sem tekið var fram í fyrri útreikningi, voru tekjur Jóhanns árin 1965—1967 umreiknaðar til kauplags, eins og það var frá slysdegi til þess tíma, er útreikningur fór fram, með hliðsjón af breytingum á kauptöxtum verzlunarmanna. Í samningi frá 18. marz 1968 var tekið fram, að engar hækkanir skyldu koma á laun, er voru umfram tiltekið hámark. Í samningi frá 19. maí 1969 var hins vegar tekið fram, að samningurinn tæki ekki til slíkra launa, en framkvæmd mun hafa orðið sú, að frá þeim tíma hafi verðlagsuppbót almennt verið greidd. Hjá Flugfélagi Íslands hef ég fengið þær upplýsingar, að frá 1. júlí 1970 hafi verið greidd 15% launahækkun og frekari hækkun hafi verið til athugunar, en engin ákvörðun hafi verið tekin í því efni. Hef ég því reiknað með 15% hækkun 1. júlí og hinni almennu verðlagsuppbót, 4.21%, 1. september s.l. Með því móti reiknast mér árstekjur þær, sem lagðar voru til grundvallar við fyrri útreikning, verða sem hér segir:

Frá slysdegi til 19/5 1969	kr. 353.519.00
— 20/5 til 31/8 1969	— 367.919.00
— 1/9 til 30/11 1969	— 372.119.00
— 1/12 1969 til 28/2 1970	— 374.543.00
— 1/3 til 31/5 1970	— 376.907.00
— 1/6 til 30/6 1970	— 382.283.00
— 1/7 til 31/8 1970	— 439.625.00
— 1/9 1970	— 458.133.00

Með því að skipta ofangreindum tekjum eftir sömu aðferð og notuð var við fyrri útreikning reiknast mér verðmæti framfærslueyris ekkjunni til handa nema á dánardegi Jóhanns kr. 2.273.448.00.

Ég hef ekki talið vera grundvöll fyrir endurskoðun á fyrri útreikningi á verðmæti risnufjár og bifreiðastyrks.

Árlegar fjárhæðir mæðralauna og ekkjulífeyris frá almannatryggingum reiknast mér vera sem hér segir:

Árið 1968	kr. 35.035.00
Árið 1969	— 20.496.00
Janúar—júní 1970	— 21.564.00
Júlí 1970—sept. 1971	— 25.872.00
Okt. 1971—apríl 1984	— 4.764.00
Maí 1984—marz 1997	— 23.292.00

Árlegar slysabætur (8 ára bætur) til ekkju eru sem hér segir:

Árið 1968	kr. 46.104.00
Árið 1969	— 53.940.00
Jan.—júní 1970	— 56.748.00
Eftir þann tíma	— 68.100.00

Verðmæti framangreindra bóta almannatrygginga á slysdegi reiknast mér nema:

Verðmæti 8 ára slysabóta	kr. 376.369.00
Verðm. mæðralauna og ekkjulífeyr.	— 123.169.00

Óskað hefur verið eftir útreikningi á verðmæti tekna ekkjunnar af vinnu utan heimilis, miðað við störf hennar fyrir slysið. Svo sem tekið var fram við fyrri útreikning, námu launatekjur hennar kr. 10.600.00 árið 1966 og kr. 19.124.00 árið 1967. Ef meðaltekjur þessara tveggja ára, umreiknaðar með tilliti til kauplagsbreytinga (með hliðsjón af breytingum á almennum tekjum verkamanna), eru lagðar til grundvallar, reiknast mér árstekjur verða sem hér segir:

Frá slysdegi til 19/5 1969 (meðaltal)	kr. 16.632.00
frá 20/5 1969 til 31/8 1970 (meðaltal)	— 20.075.00
Eftir þann tíma	— 24.737.00

Verðmæti hálfra þessara tekna (miðað við, að tekjurnar komi nú allar í hlut ekkjunnar, en hefðu ella skipzt milli hjónanna á sama hátt og tekjur mannsins, sbr. framanritað) reiknast mér nema á slysdegi kr. 128.704.00.

C. Lífeyrisréttindi.

Við fyrri útreikning var drepið á réttindi Jóhanns í lífeyrissjóði, en útreikningur ekki gerður í því sambandi. Hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna hef ég fengið þær upplýsingar, að börn Jóhanns njóti barnalífeyris úr sjóðnum frá 1. júní 1968 til loka þess mánaðar, er barnið verður 16 ára, og sé lífeyririnn 25% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Verðmæti þessa barnalífeyris er því 25% hærra en verðmæti það, sem tilgreint er í A-lið hér að framan.

Ekkja Jóhanns fær ekkjulífeyri úr sama sjóði, kr. 30.768.00 á ári. Sé til frádráttar verðmæti þessa lífeyris reiknað verðmæti

hans, hálft verðmæti áunninna ellilífeyrisréttinda Jóhanns og 6% framlag vinnuveitanda frá slysdegi af umreiknuðum þeim launum, sem iðgjöld til sjóðsins voru greidd af (allir frádráttarliðir eru við það miðaðir, að Jóhann hefði haldið lífi), reiknast mér verðmæti nettó nema á slysdegi kr. 210.613.00.

Tekið skal fram, að hér er um fremur grófa reikningsaðferð að ræða.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, skírskotast til fyrri útreiknings".

Stefnandi Vilborg telur sig eiga rétt á bótum samkvæmt ofangreindu að fjárhæð kr. 2.273.448.00, að viðbættum helming af verðmæti risnufjár að fjárhæð kr. 191.177.00 og bifreiðarstyrks að fjárhæð kr. 229.312.00, eins og rakið er í fyrri útreikningi.

Stefnandi Vilborg fellst á, að þessu til frádráttar eigi að koma verðmæti bóta, sem hún fær úr almannatryggingum, þ. e. verðmæti 8 ára slysabóta og verðmæti mæðralauna og ekkjulífeyris, að fjárhæð samtals kr. 499.538.00, eins og rakið er í útreikningi tryggingafræðingsins frá 21. nóvember 1970.

Kemur þá út hin endanlega krafa stefnanda Vilborgar fyrir missi framfæranda að fjárhæð kr. 2.194.499.00.

Eins og um getur í útreikningum tryggingafræðingsins, hefur stefnandi Vilborg unnið utan heimilis á árunum 1966 og 1967. Eins og þar getur, er verðmæti hálfra þessara teknar talið nema kr. 128.704.00.

Samkvæmt sama útreikningi á stefnandi Vilborg rétt á ekkjulífeyri úr Lífeyrissjóði verzlunarmanna að nettóverðmæti kr. 210.613.00. Hún telur, að þessar fjárhæðir eigi ekki að koma að neinu leyti til frádráttar bótakröfum sínum samkvæmt framansögðu.

Lögmaður stefnenda hefur upplýst, að stefnandi Vilborg fái greiðslur frá vinnuveitanda eftir lát Jóhanns heitins.

Um þetta segir nánar í bréfi vinnuveitandans, dags. 28. janúar 1971:

„2. Eftir lát Jóhanns ákvað stjórn Flugfélagsins, að ekkju hans skyldu greidd „eftirlaun", svo sem hér greinir:
1968 (1/6—31/12): Fullt kaup Jóhanns.
1969: Helming þeirrar upphæðar, er kaup og kjör Jóhanns hefði numið.
1970: Þriðjung hliðstæðrar upphæðar.
1971: Fjórða hluta hliðstæðrar upphæðar.

Allar framangreindar greiðslur eru umfram skyldu félagsins, og engar frekari greiðslur til Vilborgar eru ráðgerðar.

3. Greiðslur þessar eru sem hér greinir:

v/1968 (júní—des.)	kr. 275.207.00
v/1969	— 273.633.00
v/1970	— 212.993.00
v/1971 (áætlað)	— 180.000.00
	Alls kr. 941.833.00".

Lögmaður stefnenda telur fjárhæð þessa hafa verið greidda umfram skyldu og án fyrirvara um endurkröfu á hendur tjónvaldi og því eigi hún heldur ekki að koma til frádráttar framangreindri bótakröfu.

Loks hefur umboðsmaður upplýst, að við fráfall Jóhanns heitins hafi stefnandi Vilborg fengið greidda slysatryggingu að fjárhæð kr. 800.000.00, en þessa tryggingu kveður hann Jóhann hafa keypt á frjálsum markaði. Hann kveðst heldur ekki geta á það fallizt, að þessi fjárhæð eigi að skerða bótarétt stefnanda Vilborgar samkvæmt framansögðu.

Allir stefnendur gera kröfu um bætur fyrir röskun á stöðu og högum. Þau telja ómótmælanlegt, að við fráfall Jóhanns heitins Gíslasonar hafi orðið miklar breytingar á högum og stöðu ekkjunnar og barnanna til hins verra. Þau benda á, að myndazt hafi dómvenja hjá dómstólunum um að dæma bætur í svipuðum tilvikum og hér um ræði.

Loks gera stefnendur (nema Jóhann Gísli) sérstakar kröfur til þjáningabóta, eins og vikið er að. Er hún á því reist, að stefndi hafi svipt Jóhann heitinn Gíslason lífi á heimili sínu í viðurvist stefnenda, Vilborgar og þriggja elztu barnanna. Hafi allt atferli hans verið þannig, að óhjákvæmilegt sé annað en að það hafi haft mikil áhrif á stefnanda Vilborgu og þau börn, sem hafi verið vitni að atburðinum.

3.3. Sýknukrafa stefnda er á því reist, að stefnendur hafi ekki komið fram með bótakröfu sína í refsimálinu á hendur stefnda, eins og skylt hafi verið. Eigi hafi það heldur verið kunnugt, að slík bótakrafa mundi koma fram síðar.

Þetta hafi valdið því, að refsing hafi orðið þyngri en ella og af þessum sökum hafi stefendur firrt sig rétti til þess að krefja bóta af því tilefni.

Stefndi telur, að eldri refsilöggjöf hafi boðið, að refsikrafa og fjárkrafa yrðu að fara saman út af broti á samsvarandi ákvæði og 211. gr. laga nr. 19/1940 fjalli nú um. Jafnframt er því mótmælt, að ákvæði laga nr. 19/1940 hafi breytt reglunni að þessu leyti.

3.4. Til lækkunar bótakröfunum hefur stefndi vísað í rök þau, sem fjallað var um í 3.3. Í því sambandi víkur stefndi að því, að 2. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 heimili aðeins að dæma bætur, en engin skylda sé lögð á dómara að dæma þær og því síður fullar bætur. Þá telur stefndi, að 2. mgr. 264. gr. nefndra laga heimili ekki aðeins að taka tillit til aðstæðna stefnenda, heldur einnig stefnda. Þannig bendir stefndi á, að hann hafi nú verið dæmdur til 16 ára fangelsisvistar og sé nú að taka út þá refsingu. Það sé þyngsta refsing, sem tíðkanleg sé hér á landi. Hann verði þannig ófrjáls maður bezta hluta ævi sinnar. Auk þess sé á það að líta, að stefndi eigi fjögur börn, sem fædd séu á árunum 1949, 1952, 1955 og 1960.

Stefndi telur heimildarlaust að reikna bifreiðarstyrk og risnu Jóhanns heitins til tekna hans, því að þar sé ekki um laun að ræða. Hann bendir enn fremur á, að til lækkunar fjárhagslegu tjóni stefnenda eigi að koma: nettóverðmæti lífeyrisgreiðslu frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, að fjárhæð kr. 210.613.00, slysatryggingafé, sem stefnandi Vilborg hafi hlotið, að fjárhæð kr. 800.000.00, framlag frá vinnuveitanda Jóhanns eftir lát hans, að fjárhæð samtals um kr. 941.833.00, og helmingur af verðmæti vinnutekna Vilborgar, að fjárhæð kr. 128.704.00.

Þá er þess krafizt, að frá bótakröfunni verði virt til frádráttar það hagræði að fá eingreiðslu, skattfrelsi bótanna og önnur atriði, sem venja sé að taka tillit til. Að endingu hefur vaxtafæti verið mótmælt sem of háum.

Fjárkröfum stefnenda fyrir röskun á stöðu og högum er mótmælt. Telur stefndi að rökstyðja þurfi þá fjárupphæð, sem krafizt er í þessu tilviki.

Fjárkröfum stefnenda vegna sérstakra þjáningabóta er mótmælt, þar sem stefndi telur lagaheimild bresta til að dæma slíka kröfu. Telur stefndi óheimilt að dæma bætur fyrir þjáningar, hvort sem það er beint eða óbeint.

4.0

4.1. Atvik þau, sem leiddu til dauða Jóhanns heitins Gíslasonar, hafa verið rakin í 2.0.

Eins og þar greinir, var stefndi dæmdur í Hæstarétti Íslands til 16 ára fangelsisvistar fyrir að vera valdur að dauða Jóhanns heitins.

Þessi atvik verða nú lögð til grundvallar í bótamáli stefnenda á hendur stefnda, enda hefur þeim ekki verið sérstaklega mótmælt hér fyrir dómi.

Samkvæmt þessu og með skírskotun í 264. gr. laga nr. 19/1940 verður talið, að stefndi beri óskipta fébótaábyrgð gagnvart stefnendum á dauða Jóhanns heitins Gíslasonar.

Svo sem vikið er að í 3.3., hefur stefndi mótmælt því, að krafa sú, sem hér er um deilt, hafi verið sett fram í sakamálinu á hendur stefnda. Krefst hann sýknu af stefnukröfunum af þeim sökum.

Samkvæmt 145. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 3. gr. sömu laga, á sá, sem beðið hefur tjón á háttsemi þeirri, sem sökunautur er borinn, þess kost að koma bótkröfu sinni að í væntanlegu refsimáli, ef krafan fullnægir þeim skilyrðum, sem nánar eru rakin í áður tilvitnaðri lagagrein. Ekki er hér um skyldu að tefla, heldur þeim, sem fyrir órétti hefur orðið, veitt visst réttarfarshagræði.

Hvorki verður talið, að 264. gr. laga nr. 19/1940 né aðrar réttarheimildir haggi framangreindu. Eigi hefur heldur verið sýnt fram á, að stefnendur hafi með öðrum hætti firrt sig bótarétti á hendur stefnda.

Af þessum sökum eru eigi efni til þess að taka sýknukröfu stefnda til greina.

4.2. Hér verða teknir til meðferðar einstakir fjárkröfuliðir í sömu röð og þeir hafa verið raktir í 3.2.

Um lið a. Við mat á fjárbótum til stefnanda Vilborgar um missi fyrirvinnu þykir mega miða við verðmæti framfærslueyris ekkjunnar á dánardægri Jóhanns, að fjárhæð kr. 2.273.448.00, sbr. 3.2.

Hins vegar verður eigi fallizt á, að verðmæti risnufjár og bifreiðarstyrks geti talizt til framfærslueyris ekkjunnar, enda ekki hér um launagreiðslur að ræða.

Upplýst er, að Jóhann heitinn var sjóðsfélagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Sjóðsfélagar geta aðallega orðið þeir, sem eru fullgildir meðlimir Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og fullra 18 ára að aldri. Við lát Jóhanns öðlaðist stefnandi Vilborg rétt til greiðslna úr sjóðnum, sem eru miðaðar við starfstíma Jóhanns

og ákveðið hlutfall meðalárstekna hans miðað við nokkur síðustu starfsárin, að nettóverðmæti kr. 210.613.00.

Varðandi þessar bætur þykir rétt að beita grunnreglunni í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 og virða þær til frádráttar á kr. 120.000.00, sbr. 264. gr. laga nr. 19/1940.

Af hinum framlögðu skattframtölum verður ráðið, að stefnandi Vilborg hefur haft tekjur utan heimilis á árinu 1966 og 1967, en af framtölum á árunum 1965 og 1966 verður eigi séð, að slíkar tekjur hafi verið taldar fram. Jafnframt er upplýst, að hún eignaðist fjórða barn sitt á árinu 1968. Tekjur þessar þykja svo óverulegar og óvissar með hliðsjón af framanrituðu, að ekki þykir rétt að draga frá stefnukröfunni helming verðmætis þeirra. Hins vegar má hafa hliðsjón af þeim við ákvörðun bótanna.

Svo sem rakið er í 3.2., fær stefnandi Vilborg greiddan frá vinnuveitanda Jóhanns heitins hluta af launum hans á árunum 1968—1971, að fjárhæð samtals um kr. 941.833.00. Þessar fjárgreiðslur eru inntar af hendi án beinnar skyldu. Stefnandi hefur haldið því fram, að eigi hafi verið gerður neinn fyrirvari varðandi endurgreiðslu varðandi fjárhæð þessa. Þessi fullyrðing hefur ekki sætt rökstuddum andmælum.

Fjárhæð sú, sem hér greinir, er þess eðlis, að eigi ber að draga hana frá bótakröfum stefnanda Vilborgar. Á hinn bóginn má hafa fjárhæð þessa í huga, þegar bætur eru ákveðnar.

Eigi verður fallizt á það með stefnda, að slysatryggingafé það, sem vikið var að í 3.2., eigi að koma til frádráttar bótakröfum stefnanda Vilborgar. Um það fjárframlag þykir rétt að beita grunnreglunni í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954. Hins vegar þykir rétt að hafa fjárhæð þessa í huga, þegar bætur eru ákveðnar.

Þegar allt framanritað er virt og haft í huga skattfrelsi bótanna, það hagræði að fá þær greiddar í einu lagi og önnur atriði, sem hér þykja skipta máli, þykir óbætt fjárhagstjón stefnanda Vilborgar hæfilega ákveðið kr. 1.050.000.00.

Ljóst þykir, að stefnandi Vilborg hafi orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum við það atvik, er Jóhann heitinn var sviptur lífi. Sé litið til aldurs stefnanda Vilborgar, þess, sem upplýst er um hag hennar, og jafnframt höfð í huga atvik að láti Jóhanns heitins, þykja bætur til hennar af þessum sökum hæfilega ákveðnar kr. 150.000.00. Hins vegar bresta lagarök til þess að taka til greina sérstaka kröfu um þjáningabætur, sbr. 2. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940.

Um lið b. Kristján Jóhannsson þykir eiga rétt til bóta fyrir röskun á stöðu og högum úr hendi stefnda. Þykja þær bætur hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00, en sérstakar þjáningabætur verða ekki teknar til greina samkvæmt ofansögðu.

Um liði c–e. Telja verður, að þau Guðrún, Heiða Elín og Jóhann Gísli eigi rétt á bótum úr hendi stefnda vegna missis framfæranda, sem fari fram úr hinu lögskipaða meðlagi frá almannatryggingum og þeim lífeyri, sem þau eigi að öðru leyti von á, sbr. 3.2.

Verður að reikna með, að verðmæti þeirrar framfærslu, sem þau hefðu notið frá föðurnum, hefði numið hærri upphæð en því nemur. Þegar þau atriði eru virt, sem hér þykir skipta máli, þykja bætur hæfilega ákveðnar í einu lagi fyrir missi fyrirvinnu og röskun á stöðu og högum kr. 65.000.00 til Guðrúnar, kr. 90.000.00 til Heiðu Elínar og kr. 160.000.00 til Jóhanns Gísla, en kröfu þeirra um sérstakar þjáningabætur verður ekki sinnt.

Samkvæmt framanrituðu verður stefndi dæmdur til þess að greiða Vilborgu Kristjánsdóttur sjálfri kr. 1.200.000.00, f. h. Kristjáns kr. 60.000.00, f. h. Guðrúnar kr. 65.000.00, f. h. Heiðu Elínar kr. 90.000.00 og f. h. Jóhanns Gísla kr. 160.000.00 ásamt vöxtum, sem þykja hæfilega ákveðnir 7% á ári frá 9. maí 1968 til greiðsludags.

Þar sem bæði hefur verið veitt í málinu gjafvörn og gjafsókn, er eigi efni til þess að dæma málskostnað, en málflutningslaun lögmanna aðilja, Sigurðar Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns og Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, sem greiðast úr ríkissjóði, þykja hæfilega ákveðin kr. 150.000.00 til hvors um sig.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Viggó Frederiksen, greiði stefnanda Vilborgu Kristjánsdóttur sjálfri kr. 1.200.000.00, f. h. Kristjáns Jóhannssonar kr. 60.000.00, f. h. Guðrúnar Jóhannsdóttur kr. 65.000.00, f. h. Heiðu Elínar Jóhannsdóttur kr. 90.000.00 og f. h. Jóhanns Gísla Jóhannssonar kr. 160.000.00, allt með 7% ársvöxtum frá 9. maí 1968 til greiðsludags.

Málflutningslaun skipaðs lögmanns stefnanda, Sigurðar Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, og skipaðs lögmanns stefnda, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.000.00 til hvors um sig, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. júní 1971.

Nr. 37/1971. **Gísli Jónsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs og gagnsök
(Jóhann Ragnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Samningar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. marz 1971. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 408.112.00 með 7% ársvöxtum af kr. 222.010.00 frá 1. janúar 1968 til 1. september 1968 og af kr. 408.112.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. apríl 1971. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Á þeim tíma, sem um er fjallað í máli þessu, veitti aðaláfrýjandi viðtöku án fyrirvara launum frá gagnáfrýjanda, sem ákveðin voru í samræmi við ákvæði III. kafla gerðardómsins frá 19. ágúst 1963 að viðbættum almennum hækkunum og verðlagsbótum. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 23. febrúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 19. þ. m., hefur Gísli Jónsson rafveitustjóri, Brekkuhvammi 4, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 14. október 1968, á hendur Kristni Ó. Guðmundssyni bæjarstjóra, Álfaskeiði 82, Hafnarfirði, f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar til greiðslu vangreiddra launa samkvæmt ráðningarbréfi fyrir tímabilið 1. janúar 1967 til 31. ágúst 1968, vangreiddrar þóknunar fyrir fasta yfirvinnu samkvæmt ákvörðun rafveitunefndar fyrir tímabilið 1. janúar 1967 til 31. marz 1968 og ógreiddrar þóknunar fyrir sama fyrir tímabilið 1. apríl til 31. ágúst 1968, en samtals nema hinar umkröfðu greiðslur kr. 408.112.00 auk vaxta og málskostnaðar.

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 408.112.00 með 8% ársvöxtum af kr. 14.757.00 frá 1. janúar 1967 til 1. febrúar s. á., af kr. 29.514.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 33.203.00 frá þeim degi til 1. marz s. á., af kr. 47.960.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 51.649.00 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 66.406.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 70.095.00 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 84.852.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 88.541.00 frá þeim degi til 1. júní s. á., af kr. 103.298.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 106.987.00 frá þeim degi til 1. júlí s. á., af kr. 121.744.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 125.433.00 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., af kr. 140.190.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 143.879.00 frá þeim degi til 1. september s. á., af kr. 158.636.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 162.325.00 frá þeim degi til 1. október s. á., af kr. 177.082.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 180.771.00 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af kr. 195.528.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 199.217.00 frá þeim degi til 1. desember s. á., af kr. 214.500.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 218.189.00 frá þeim degi til 1. janúar 1968, af kr. 233.472.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 237.293.00 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., af kr. 252.576.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 256.397.00 frá þeim degi til 1. marz s. á., af kr. 271.680.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 275.501.00 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 290.784.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 294.605.00

frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 309.888.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 320.363.00 frá þeim degi til 1. júní s. á., af kr. 335.646.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 346.121.00 frá þeim degi til 1. júlí s. á., af kr. 361.404.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 371.879.00 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., af kr. 387.162.00 frá þeim degi til 10. s. m., af kr. 397.637.00 frá þeim degi til 10. september 1968 og af kr. 408.112.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af stefnda hálfu er þess aðallega krafizt, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og stefnandi dæmdur til greiðslu málsvarnarlauna að mati dómsins, en til vara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður þá látinn niður falla.

Aðalliðir stefnukröfunnar eru í fyrsta lagi vangreidd laun samkvæmt ráðningarbréfi fyrir tímabilið 1. janúar 1967 til 31. ágúst 1968 og í öðru lagi vangreidd þóknun fyrir fasta yfirvinnu samkvæmt ákvörðun rafveitunefndar fyrir tímabilið frá 1. janúar 1967 til 31. marz 1968 og ógreidd þóknun fyrir tímabilið 1. apríl til 31. ágúst 1968.

Verður fjallað um þessa liði hvorn í sínu lagi.

I. Um föst mánaðarlaun stefnanda samkvæmt ráðningarbréfi.

Stefnandi í máli þessu, Gísli Jónsson rafmagnsverkfræðingur, hóf störf sín hjá stefnda hinn 15. apríl 1961.

Í málinu liggur frammi svofellt bréf til stefnanda, dags. 13. apríl 1961, undirritað af bæjarstjóranum í Hafnarfirði:

„Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hinn 11. apríl s.l. var samþykkt að ráða Gísla Jónsson, rafmagnsverkfræðing, Kársnesbraut 13, Kópavogskaupstað, rafveitustjóra Rafveitu Hafnarfjarðar, og taki hann til starfa nú í aprílmánuði.

Jafnframt gegni hann starfi slökkviliðsstjóra.

Launakjör verði: Yfirverkfræðingslaun samkvæmt núgildandi samningi Stéttarfélags verkfræðinga.

Greiðsla fyrir notkun eigin bifreiðar verði samkvæmt I. flokki.

Þetta tilkynnist yður hér með".

Í skriflegri aðiljaskýrslu stefnanda, sem hann lýsti rétta fyrir dóminum, segir stefnandi m. a. svo:

„Þess er fyrst að geta, að í ráðningarbréfi mínu, dskj. nr. 5, er ranglega talað um þágildandi kjarasamning Stéttarfélags verkfræðinga, en á þeim tíma var slíkur samningur ekki fyrir hendi. Það er hins vegar ágreiningslaust, að ákvæði ráðningarbréfsins

bæri þá að skilja á þann hátt, að ég hefði samsvarandi laun og þáverandi bæjarverkfræðingur, og samkvæmt því voru launin til að byrja með kr. 10.000.00 á mánuði auk kr. 5.000.00 á ári fyrir störf í rafveitunefnd og bílastyrk af 1. flokki".

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að upphaflega hafi, þrátt fyrir orð ráðningarbréfsins, laun stefnanda átt að miðast við laun bæjarverkfræðings. Ekki telur þó stefnandi, að laun sín hafi lengi fylgt launum bæjarverkfræðings, og í nóvember 1962 hafi laun bæjarverkfræðings verið orðin mun hærri. Sneri stefnandi sér þá til bæjarráðs með bréfi, dags. 22. nóvember 1962. Segir þar m. a.:

„Með vísun til samtals við bæjarstjórann, hr. Hafstein Baldvinsson, leyfi ég mér að fara fram á, að laun mín verði hækkuð til samræmis við laun bæjarverkfræðings.

Þegar ég var ráðinn rafveitustjóri og jafnframt slökkviliðsstjóri, var ég spurður um launakröfur, en þá var enginn kjarasamningur í gildi hjá Stéttarfélagi verkfræðinga, gerði ég kröfur um laun, sambærileg launum bæjarverkfræðings. Þar sem samið hafði verið nýlega við hann, taldi ég ekki eðlilegt, að samið yrði við mig um hærri laun. Ennfremur taldi ég óeðlilegt og ósanngjarnt, að ég fengi lægri laun en hann".

Bréfinu lýkur stefnandi með þessum orðum:

„Þar sem störf mín eru alls ekki umfangsminni né ábyrgðarminni heldur en störf bæjarverkfræðings, vænti ég þess, að háttvirt bæjarráð sé mér sammála um, að það sé sanngjörn krafa, að ég hafi laun, sambærileg launum bæjarverkfræðings og að mér reiknist þau yfir sama tímabil og hann hefur haft sín núverandi laun".

Í bréfi þessu kemur einnig fram, að laun stefnanda höfðu „hækkað til samræmis við hækkun launa annarra fastra starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar" og voru orðin kr. 12.663.00 á mánuði auk nefndalauna að fjárhæð kr. 6.331.50 á ári og bílastyrks að fjárhæð kr. 25.000.00 á ári.

Á fundi sínum hinn 22. nóvember 1962, þ. e. sama dag og framangreint bréf stefnanda var ritað, samþykkti bæjarráð að vísa þessu erindi stefnanda til stjórnar Rafveitu Hafnarfjarðar. Hinn 10. desember 1962 var erindið tekið fyrir í rafveitustjórn, en afgreiðslu þess þá frestað og síðan nokkrum sinnum, án þess að það fengi afgreiðslu að öðru leyti en því, að hinn 22. júlí 1963 var samþykkt að greiða stefnanda kr. 15.000.00 upp í væntanlega launauppbót.

Næst gerist það í launamálum stefnanda, að hinn 19. ágúst 1963 tók gildi ákvörðun gerðardóms um launakjör verkfræðinga. Gerðardómurinn var skipaður samkvæmt lögum nr. 64/1963. Virðist hafa orðið samkomulag um, að stefnandi tæki laun eftir honum frá 1. júlí 1963. Stefnanda var fyrst í stað greitt eftir II. lið þess gerðardóms, en sá liður fjallar um mánaðarlaun og kjör fastráðinna verkfræðinga hjá bæjar- og sveitarfélögum, sem njóta hliðstæðra lífeyrisréttinda og annarrar aðstöðu sem fastir starfsmenn Reykjavíkurborgar. Eru þessum aðiljum raunar skömmtuð sömu laun og fastráðnum verkfræðingum hjá Reykjavíkurborg, þannig að meiningin virðist hafa verið, að allir fastráðnir verkfræðingar hjá bæjar- og sveitarfélögum sætu við sama borð, enda nytu þeir sambærilegra leyfissjóðsréttinda og annarrar aðstöðu og fastráðnir verkfræðingar hjá Reykjavíkurborg.

Ekki vildi stefnandi una þessu, enda varð hann þess var, að bæjarverkfræðingi og hafnarstjóra, sem einnig var verkfræðingur, voru greidd laun eftir III. lið gerðardómsins, en hann fjallar um alla aðra verkfræðinga en þá, sem fastráðnir eru hjá bæjar- og sveitarfélögum, og ákveður þeim nokkru hærri laun en fastráðnum verkfræðingum hjá sveitarfélögum.

Rök stefnanda fyrir kröfu sinni um laun eftir III. lið gerðardómsins koma fram í bréfi, er hann ritaði Starfsmannafélagi Hafnarfjarðarbæjar hinn 4. nóvember 1963, en þar segir m. a.:

„Þegar ég var ráðinn rafveitustjóri hjá Rafveitu Hafnarfjarðar í apríl 1961, var tekið fram, að ég skyldi jafnframt gegna starfi slökkviliðsstjóra og að launakjör yrðu yfirverkfræðingslaun skv. samningi Séttarfélags verkfræðinga.

Nú hefur gerðardómur, sem skipaður var í verkfræðingadeiluna skv. bráðabirgðalögum nr. 64 frá 17. ágúst 1963, kveðið upp dóm sinn og ákvarðað laun verkfræðinga. Nú skilst mér, að lífeyrissjóðsréttindi í eftirlaunasjóði Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og Lífeyrissjóði verkfræðinga séu lakari en lífeyrissjóðsréttindi fastráðinna starfsmanna Reykjavíkurborgar, t. d. hvað varðar tryggingu á eftirlaunagreiðslum gegn verðbólgu.

Með hliðsjón af ofanrituðu tel ég, að mér beri yfirverkfræðingslaun skv. 3. lið í fyrrnefndum gerðardómi".

Á fundi stjórnar Rafveitu Hafnarfjarðar hinn 25. nóvember 1963 var svo eftirfarandi bókað:

„Með tilliti til ráðningarsamnings þess, er gerður var við Gísla Jónsson, er hann var ráðinn rafveitustjóri, samþykkir stjórnin að verða við kröfum hans á þann hátt, að laun hans hækki á

tímabilinu frá 1. ágúst 1962 til 1. júlí 1963 um kr. 3.000.00 á mánuði. Jafnframt falli stjórnarlaun hans niður fyrir sama tíma".

Enn eru launamál stefnanda tekin fyrir á fundi rafveitustjórnar hinn 7. desember 1964 og þá bókað:

„Formaður rafveitunefndar upplýsir, að samkomulag hafi orðið í launanefnd bæjarins og bæjarstarfsmanna, að rafveitustjóri skuli taka laun samkvæmt 3. lið í gerðardómi um launakjör verkfræðinga frá ágúst 1963 og gildi það frá og með 1. júlí 1963".

Mismun launa samkvæmt II. og III. lið gerðardómsins fyrir tímabilið frá 1. júlí 1963 til ársloka 1964 fékk stefnandi svo greiddan í desember 1964 og síðan laun í samræmi við III. lið gerðardómsins með tilheyrandi vísitöluuppbótum og grunnkaupshækkunum allan þann tíma, er hann starfaði hjá stefnda, þ. e. til októberloka 1969. Gerðardómurinn var aðeins bindandi til ársloka 1965, en þrátt fyrir það voru laun stefnanda, eins og fyrr greinir, áfram reiknuð út á grundvelli hans.

Hinn 24. maí 1967 rituðu verkfræðingar þeir, er voru í þjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar, bæjarstjóra bréf, þar sem þeir krefjast þess, að þeim verði greidd laun í samræmi við laun verkfræðinga hjá Reykjavíkurborg, en þeir verkfræðingar höfðu samið við borgina í desember 1966. Nokkru áður, eða hinn 8. marz 1967, hafði Stéttarfélag verkfræðinga sent Hafnarfjarðarbæ bréf, þar sem á það er bent, að „engir kjarasamningar hafi verið í gildi að undanförnu" milli þessara aðilja, þrátt fyrir það að félagsmenn stéttarfélagsins séu starfandi í þjónustu bæjarins.

Býður stéttarfélagið bænum upp á gerð sams konar samnings um kjör verkfræðinga í þjónustu hans og það hafði áður gert við Reykjavíkurborg.

Bæjarráð Hafnarfjarðar ákvað að fresta afgreiðslu framangreinds erindis verkfræðinganna, þar eð gerð heildarkjarasamnings við Starfsmannafélag Hafnarfjarðarkaupstaðar stæði fyrir dyrum. Taldi bæjarráðið eðlilegt, að launakjör starfandi verkfræðinga hjá bænum yrðu ráðin í sambandi við væntanlega samninga. Þessari málsmeðferð mótmælti stefnandi, m. a. í bréfi, dags. 19. september 1967, þar sem hann krefst þess, að málið verði tekið fyrir í starfskjaranefnd bæjarins og afgreiðslu þess hraðað þar, en verkefni starfskjaranefndar var að taka til meðferðar ágreiningsmál varðandi laun og önnur kjör starfsmanna bæjarins, og var nefndin þannig skipuð, að Starfsmannafélag Hafnarfjarðarkaupstaðar tilnefndi tvo menn í nefndina og Hafnarfjarðarbær

tvo. Ekki var þessu erindi stefnanda sinnt. Hinn 1. janúar 1968 gekk svo kjarasamningur í gildi milli Starfsmannafélags Hafnarfjarðarkaupstaðar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Það er ágreiningslaust með aðiljum, að ekki var ætlazt til, að stefnandi tæki laun samkvæmt þeim kjarasamningi, þótt rafveitustjóra væri skipað þar í 26. launaflokk, en að öðru leyti umdeilt, hvort samningurinn tæki til hans, eins og síðar verður greint. Þau laun hefðu orðið nokkru lægri en laun þau, sem stefnandi raunverulega tók, en þau voru, eins og fyrr getur, reiknuð út á grundvelli III. liðar gerðardómsins frá 19. ágúst 1963.

Hinn 2. janúar 1968 ritar svo lögmaður stefnanda stefnda bréf, þar sem hann krefur um þau laun, er umbjóðandi hans telur vangoldin.

Stefnandi byggir kröfu sína vegna vangreiddra launa samkvæmt ráðningarbréfi á því, að orðið „Yfirverkfræðingslaun" í bréfi bæjarstjóra verði ekki skilið á annan veg en þann, að þar sé átt við yfirverkfræðingslaun, eins og þau eru almennt á hverjum tíma. Telur stefnandi sig í máli þessu hafa leitt sönnur á það, hver þau hafi verið á þeim tíma, sem um er fjallað í máli þessu. Verður síðar að þeim gögnum vikið.

Stefndi mótmælir þeim skilningi stefnanda á ráðningarbréfi hans frá 13. apríl 1961, að hann skyldi almennt hafa „yfirverkfræðingslaun", eins og þau yrðu á hverjum tíma. Þvert á móti hafi verið ákveðið, að launakjör hans skyldu vera „yfirverkfræðingslaun samkvæmt *núgildandi samningi* Stéttarfélags verkfræðinga". Til þess að þau skyldu breytast í krónutölu, hefði því þurft nýjan samning og jafnan síðan nýjan samning, er launakjör skyldu breytast, nema ef ákvæðin hefði verið einhver önnur skipan.

Slíkan samning telur stefndi, að komizt hafi á, þegar sú skipan var ákveðin, að stefnandi tæki laun samkvæmt III. lið gerðardóms um launakjör verkfræðinga, samanber áður tilvitnaða bókun rafveitustjórnar hinn 7. desember 1964. Bendir stefndi m. a. á, að báðir aðiljar hafi undirritað þá bókun.

Í greinargerð stefnda segir svo:

„Sá samningur var gerður á miðjum gildistíma áður tilvitnaðs gerðardóms og hefði auðvitað verið markleysa, ef hann væri ekki skilinn sem gildur samningur milli aðila þessa máls um launakjör stefnanda, enda er aðdragandi þeirrar bókunar, eins og fram kemur í fundargerð rafveitunefndar á dskj. nr. 16, sá, að „formaður rafveitunefndar upplýsir, að samkomulag hafi orðið í

launanefnd bæjarins og bæjarstarfsmanna, að rafveitustjóri skuli taka laun samkvæmt lið 3 í gerðardómi um launakjör verkfræðinga frá ágúst 1963 ...". Með þessu verður að telja, að komizt hafi á samningur milli umbj. míns og stefnanda þessa máls. Er sá samningur, þó að launakjör samkvæmt honum séu miðuð við laun samkvæmt gerðardómi, að sjálfsögðu óháður því, hve lengi sá gerðardómur heldur sjálfstæðu gildi sínu. Ef þessi nýi samningur hefði ekki komið til, hefði að sjálfsögðu þurft að semja við stefnanda að nýju, er gerðardómurinn féll úr gildi. Þess þurfti þó ekki, þar sem áður hafði verið um það samið, að ákvæði gerðardómsins um fjárhæð launanna skyldu gilda áfram, eftir að gerðardómurinn sem slíkur félli úr gildi.

Þannig gilti þessi nýi samningur málsaðiljanna, sem staðfestur var með áður greindri bókun á fundi rafveitunefndar hinn 7. desember 1964, allt til ársloka 1967.

Hinn 1. janúar 1968 tók hins vegar gildi nýr samningur milli umbj. míns og stefnanda þessa máls. Er það kjarasamningur Hafnarfjarðarkaupstaðar við Starfsmannafélag Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem gildir frá 1. janúar 1968. Liggur hann frammi sem dskj. nr. 17 í máli þessu. Samkvæmt þeim samningi skal rafveitustjóri taka laun samkvæmt 26. launaflokki samningsins. Þau laun eru kr. 25.414.00 á mánuði eftir 12 ára starf. Stefnandi hefir hins vegar haldið mánaðarlaunum sínum, kr. 26.617.00, óskertum".

Því er eindregið mótmælt af stefnanda, að hann hafi nokkru sinni afsalað sér launakjörum samkvæmt ráðningarbréfi sínu, en samkvæmt því hafi laun hans verið ákveðin „Yfirverkfræðingslaun". Ekki hafi verið um nýjan samning að ræða um launakjör, er tekið var að greiða stefnanda eftir III. lið margnefnds gerðardóms, heldur leiðréttingu á launakjörum hans í fullu samræmi við ráðningarbréfið, enda hafi m. a. bæjarverkfræðingur og hafnarstjóri fengið greidd laun samkvæmt III. lið gerðardómsins á undan stefnanda.

Breytingin hafi því raunverulega verið staðfesting á því, að stefnandi ætti að hafa samsvarandi laun og aðrir yfirverkfræðingar, og beri því að túlka hana sem launaleiðréttingu í samræmi við fyrri samning, en ekki sem nýjan samning um launakjör.

Til stuðnings þessum skilningi bendir stefnandi á, að hinn 13. maí 1969 var bæjarráðsmaðurinn Vigfús Sigurðsson, sem sat bæði í starfskjaranefnd og rafveitustjórn á þeim tíma, sem um umrædda launabreytingu var fjallað, spurður um það hér fyrir

dómi, hvað hann teldi, að falizt hefði í því, er tekið var að greiða stefnanda samkvæmt III. lið gerðardómsins. Hann kvaðst frekast telja, að um launaleiðréttingu hefði verið að ræða.

Hinn 13. maí 1969 kom fyrir dóminn Friðþjófur Sigurðsson, sem átti sæti í starfskjaranefnd á umræddu tímabili. Hann var spurður um afgreiðslu umræddra atriðis í starfskjaranefnd. Hann taldi sig muna óglöggt eftir henni og gat lítið um málið sagt, er á væri byggjandi. Hinn 24. nóvember sama ár kom hann aftur fyrir dóminn, og var þá bókað:

„Vitnið segir, að stefnandi hafi þegið laun skv. II. lið gerðardóms verkfræðinga, en það hafi verið á forsendu ákvæðisins um lífeyrissjóð, sem ákveðið hafi verið að telja, að Gísli ætti að taka laun eftir III. flokki, og var þá einkum tekið tillit til þess, að lífeyrissjóðurinn var ekki verðtryggður. Vitnið segir, að þetta hafi verið með fyrstu fundum starfskjaranefndar og ekki hafi verið bókað neitt um þetta atriði. Tveir bæjarfulltrúar hafi átt sæti í nefndinni".

Fjárhæð kröfu sinnar í þessum þætti málsins miðar stefnandi við mismun á þeim launum, er hann fékk greidd, og þeim launum, er hann telur, að Landsvirkjun, Reykjavíkurborg, Akureyrarbær og Kópavogskaupstaður hafi greitt verkfræðingum sínum á þessum tíma.

Telur hann það hina eðlilegu viðmiðun við mat á því, hvað felist í hugtakinu „Yfirverkfræðingslaun".

Þarna sé um að ræða þrjú stærstu bæjarfélög landsins og auk þeirra þann aðilja, sem hvað flesta verkfræðinga hafi í þjónustu sinni, og megi því telja þetta hin almennu yfirverkfræðingslaun í landinu.

Hinn 24. nóvember mætti hér fyrir dóminum sem vitni Hinrik Guðmundsson, framkvæmdastjóri Verkfræðingafélags Íslands. Honum sagðist þá svo frá:

„Í maí 1966 gerði Stéttarfélag verkfræðinga samning við samtök verkfræðilega ráðunauta. Það var rammasamningur, sem gerði ráð fyrir, að fram færi árleg launakönnun, sem síðan yrði gefin út til afnota fyrir félaga stéttarfélagsins og vinnuveitendur þeirra. Jafnframt var gerður samningur við Hagstofuna um, að hún framkvæmdi launakönnunina og gæfi út niðurstöðuna. Þessi samningur við ráðunautana er enn í gildi, en sérstakur starfsmaður við Hagstofuna hefur tekið að sér launakönnun í stað Hagstofunnar sem slíkrar og hefur gert það undanfarin 2 ár.

Næsti kjarasamningur, sem gerður var, var við Reykjavíkur-

borg. Það var einnig rammasamningur, sem tiltekur allt annað en laun, en jafnframt var gerður munnlegur samningur um að fylgja launastiga Landsvirkjunar. Jafnframt var gerður skriflegur ráðningarsamningur við hvern og einn verkfræðing, þar sem launastiginn kom fram, að því er hann varðaði. Vitnið tekur fram, að munnlegi samningurinn sé óaðskiljanlegur hluti kjarasamningsins. Vitnið segir, að auk þess hafi Stéttarfélag verkfræðinga fengið yfirlýsingu frá Kópavogsbæ og Akureyrarbæ um, að verkfræðingar þar yrðu ráðnir samkvæmt kjarasamningi við Reykjavíkurborg, að munnlega samningnum meðtöldum, auk þess hafi Framkvæmdanefnd byggingaráætlunarinnar ráðið verkfræðinga samkvæmt sama samningi án milligöngu stéttarfélagsins. Vitnið segist hafa frétt af samningi Landsvirkjunar snemma á árinu 1966, um það leyti sem samið var við ráðgefandi verkfræðinga. Þau kjör hafi verið einhliða ákveðin af Landsvirkjun án tilhlutunar stéttarfélagsins. Vitnið segir, að það séu starfandi milli 5 og 10 verkfræðingar hjá Landsvirkjun og séu sumir þeirra félagar í stéttarfélaginu, en aðrir ekki, en aðalmeðlimir stéttarfélagsins séu um 130.

Aðspurt af lögmanni stefnda um, hvað gerðist, ef Landsvirkjun breytti launastiganum einhliða, um samninga við Reykjavíkurborg, sagði vitnið, að það gerði ráð fyrir því, að taka yrði upp samninga að nýju, en tók fram, að það gæti ekki sagt um, hver yrði afstaða Reykjavíkurborgar. Vitnið tekur fram, að launastigi Landsvirkjunar hafi legið frammi við samningagerð við Reykjavíkurborg og launastiginn sé hluti af samningum, sem breytist ekki, þótt Landsvirkjun breytti launastiga sínum. Vitnið segir, að yfirvinnuákvæðið í 4. gr. gildi jafnt fyrir alla verkfræðinga, almenna, deildar- og yfirverkfræðinga.

Vitnið lýsti því yfir, að stéttarfélagið hafi ekki afskipti af skriflegum ráðningarsamningum ráðgjafaverkfræðinga. Vitnið gerir ekki ráð fyrir, að launastigi Landsvirkjunar hafi fylgt með bréfinu á dskj. 19 (bréf Stéttarfél. verkfræðinga, dags. 8. 3. 1967), en stéttarfélagið hafi gefið sínum meðlimum upplýsingar um launastigann. Hafnarfjarðarbær hafi hinsvegar verið innan handar að fá upplýsingar um launastigann frá Reykjavíkurborg.

Vitnið gerir ráð fyrir, að bréf til Akureyrarbæjar og Kópavogsbæjar hafi verið sent sama dag og bréfið á dskj. 19 og þeir kaupstaðir hafi tekið upp sama samning, eins og áður er getið, en yfirlýsingarnar hafi borizt nokkru síðar".

Í málinu liggur frammi ráðningarsamningur við bæjarverkfræð-

inginn á Akureyri, þar sem segir í 3. grein: „Laun og kjör verkfræðingsins eru í aðalatriðum samkvæmt kjarasamningi milli Reykjavíkurborgar og Stéttarfélags verkfræðinga frá 28. desember 1968, líkt og er um næstu undirmenn borgarverkfræðings í Reykjavík, sem eru opinberir starfsmenn". Enn fremur liggur frammi yfirlýsing frá Akureyrarbæ um, að sami samningur gildi við rafveitustjóra þar. Því er ómótmælt, að Kópavogskaupstaður hafi í samningum við verkfræðinga sína miðað við launakjör hjá Reykjavíkurborg.

Frammi liggur í málinu bréf Hinriks Guðmundssonar, dags. 24. júní 1969, þar sem fram kemur margnefndur launastigi Landsvirkjunar. Í bréfinu segir svo:

„Um Landsvirkjunarkjör.
Alm. verkfræðingur.

	Gr. I	Gr. II	Með 19,16% vísitöluálagi óbreytt frá 1/12 1967
Byrjunarlaun	15.500x1,15	= 17.825	21.240 kr./mán.
Laun eftir 1 ár	17.500x1,15	= 20.125	23.981 — —
— — 3 —	19.500x1,15	= 22.425	26.722 — —
— — 6 —	21.500x1,15	= 24.725	29.462 — —
— — 10 —	23.500x1,15	= 27.025	32.203 — —

Deildarverkfræðingur.

	Gr. I	Gr. II	Með 19,16% vísitöluálagi óbreytt frá 1/12 1967
Byrjunarlaun	18.700x1,15	= 21.505	25.625 kr./mán.
Laun eftir 1 ár	21.200x1,15	= 24.380	29.051 — —
— — 3 —	23.600x1,15	= 27.140	32.340 — —
— — 6 —	26.000x1,15	= 29.900	35.629 — —
— — 10 —	28.400x1,15	= 32.660	38.918 — —

Mitt á milli almenns verkfræðings og deildarverkfræðings er launastigi fyrir verkfræðing með sérþekkingu, en um launakjör yfirverkfræðings hjá Landsvirkjun er undirrituðum ókunnugt.

Hjá Reykjavíkurborg eru verkfræðingar ráðnir samkvæmt launastiga Landsvirkjunar fyrir almenna verkfræðinga. Deildarverkfræðingar fá þar 15% álag á launastiga almennra verkfræð-

inga, og gert er ráð fyrir, að yfirverkfræðingar þar fái 30% álag á sama launastiga, þegar slík ráðning félagsmanna Stéttarfélags verkfræðinga fer fram.

Launastigarnir eru byggðir þannig upp, að fyrst eru grunnlaun I (Gr. I), síðan kemur 15% álag á þau fyrir, að verkfræðingur taki ekki að sér verkefni fyrir aðra nema með samþykki vinnuveitanda síns. Það verða grunnlaun II (Gr. II), en við þau bætist vísitöluálag skv. lögum nr. 63/1964, meðan þau lög voru í gildi og óbreytt síðan. Mánaðarlaun greiðast í heilum hundruðum króna. Launabætur til viðbótar: + 1.200 kr. frá 1/6 '69 + 350 kr. frá 1/9 '69".

Hinn 24. nóvember 1969 kom fyrir dóminn Ragnar Árnason verkfræðingur, starfsmaður hjá Reykjavíkurborg.

Eftir honum var bókað:

„Vitnið segir, að þegar samningar stóðu yfir, hafi þeim verið sýndur launaskali Landsvirkjunar og hafi verið farið eftir honum að öðru leyti en því, að laun deildarverkfræðinga og yfirverkfræðinga yrðu önnur. Var samið um, að deildarverkfræðingar hefðu 15% álag, en yfirverkfræðingar hefðu 30% álag. Vitnið segir, að það minni, að samkvæmt Landsvirkjunarkjörum hafi deildarverkfræðingar haft 20% álag, en um yfirverkfræðinga hafi ekki verið getið.

Vitnið segir, að um 20 verkfræðingar séu ráðnir á þessum kjörum hjá Reykjavíkurborg.

Vitnið segir, að yfirvinna deildar- og yfirverkfræðinga hafi verið reiknuð skv. 4. gr. kjarasamningsins við Reykjavíkurborg, en ekki hafi verið mikið um yfirvinnu eftir þeirri grein, heldur meira þannig, að menn hafi tekið að sér ákveðin verkefni í ákvæðisvinnu utan vinnutíma.

Vitnið telur, að Landsvirkjunarlaunaskalinn hafi ekki fylgt með bréfinu á dskj. 19 til Hafnarfjarðarbæjar.

Undir vitnið er nú borin skrá yfir Landsvirkjunarkjör á dskj. nr. 34, og tekur vitnið fram, að þar sé um sömu tölur að ræða og vitnið man eftir úr kjarasamningum við Reykjavíkurborg, en tekur fram, að það hafi ekki aðstöðu til að fullyrða nokkuð um reikningslegu hliðina.

Vitnið telur sig geta fullyrt, að ekki sé um aðra kjarasamninga að ræða af hálfu stéttarfélagsins en við Reykjavíkurborg og ráðgefandi verkfræðinga.

Vitnið segir, að vísitöluuppbót hafi verið óbreytt á tímabilinu frá 1/12 1967 til 1/6 1969.

Vitnið tekur fram, að það taki ekki afstöðu til launa deildarverkfræðinga á dskj. nr. 34.

Vitnið segir, að það hafi séð launamiða hjá einum af yfirverkfræðingum Hitaveitunnar og hafi ekki séð betur en þau laun væru í samræmi við kjarasamninginn við Reykjavíkurborg, enda þótt starfsmaðurinn væri fastráðinn starfsmaður Reykjavíkurborgar, en ekki meðlimur í Stéttarfélagi verkfræðinga.

Vitnið tekur fram, að ráðningarsamning verði að gera við hvern einstakan verkfræðing skv. kjarasamningnum".

Stefndi heldur því fram, að jafnvel þótt fallizt yrði á sjónarmið stefnanda um það, hvers konar ráðningarsamningur hafi gilt á þeim tíma, sem launakröfur hans miðast við, þá sé stefnanda með engu móti fært að beita launastiga Landsvirkjunar um kjör sín, enda væri honum þá beitt með allt öðrum hætti en tíðkazt hefur hjá þeim aðiljum, er launastigann nota. Stefnandi krefjist yfirverkfræðingslauna, en umræddur launastigi fjalli aðeins um almenna verkfræðinga og deildarverkfræðinga, eins og eftirfarandi orð í áður tilvitnuðu bréfi Hinriks Guðmundssonar sýni: „Mitt á milli almenns verkfræðings og deildarverkfræðings er launastigi fyrir verkfræðing með sérþekkingu, en um launakjör yfirverkfræðings hjá Landsvirkjun er undirrituðum ókunnugt".

Vitnið Ragnar Árnason hafi fyrir dóminum talið, að yfirverkfræðinga sé ekki getið á launastiga Landsvirkjunar, enda muni það vera staðreyndin, að margnefndur launastigi fjalli alls ekki um þá. Þá eigi launastiginn eingöngu við lausráðna verkfræðinga, en stefnandi hafi verið fastráðinn opinber starfsmaður. Heldur stefndi því fram, að Reykjavíkurborg noti alls ekki launastigann um slíka fastráðna starfsmenn sína, svo sem rafveitustjóra. Vegna framburðar Ragnars Árnasonar, sem rakinn er hér að framan, tekur stefndi fram, að sögusögn eins manns um það, hvað hann hafi séð á launamiða annars ótilgreinds aðilja, sé að sínum dómi haldlítil sönnun fyrir því, hver séu launakjör fastráðinna verkfræðinga hjá Reykjavíkurborg.

Í heild séu ofangreindar upplýsingar um launakjör verkfræðinga í þjónustu Landsvirkjunar, Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar og Kópavogskaupstaðar svo ófullkomnar, að á þeim verði ekki byggt. Þá séu samningar Verkfræðingafélags Íslands við önnur sveitarfélög Hafnarfjarðarbæ óviðkomandi, þar sem bærinn hafi ekki gert neina slíka samninga við Stéttarfélag verkfræðinga.

Niðurstaða.

Þegar stefnandi réðst til stefnda á árinu 1961, sömdu aðiljar svo með sér, að laun stefnanda skyldu vera „yfirverkfræðingslaun samkvæmt núgildandi samningi stéttarfélags verkfræðinga". Upplýst er, að slíkur samningur var þá ekki til.

Það er ágreiningslaust, að laun stefnanda miðuðust upphaflega við laun bæjarverkfræðings. Laun stefnanda og laun bæjarverkfræðings fylgdust eigi að nema skamman tíma. Eftir það sömdu aðiljar jafnan sérstaklega sín á milli um ákveðnar launahækkanir stefnanda til handa, allt þar til hinn lögbundni gerðardómur tók gildi um kjör hans.

Þannig virðast aðiljar eigi hafa túlkað ákvæði ráðningarsamningsins eða beitt þeim með þeim hætti, að stefnandi geti síðar byggt á þeim kröfu til „yfirverkfræðingslauna, eins og þau eru í landinu á hverjum tíma".

Bráðabirgðalögin nr. 64/1963 tóku gildi 17. ágúst 1963. Staðfestingarlögin nr. 47/1964 höfðu tímabundið gildi. Talið verður þó, að við gildistöku laganna nr. 64/1963 hafi allir eldri kjarasamningar þeirra verkfræðinga, er lögin tóku til, endanlega fallið úr gildi um þau atriði, er ákvörðun gerðardómsins tók lögum samkvæmt til, enda var lögunum samkvæmt forsendum fyrir setningu bráðabirgðalaganna ætlað að hafa þau áhrif, að launakjör verkfræðinga þróuðust í samræmi við launakjör opinberra starfsmanna.

Eftir að gildistíma gerðardómsins lauk, hélt stefnandi áfram að taka laun á grundvelli hans með öllum almennum hækkunum grunnlauna og verðlagsbóta, enda verður ekki talið, að hann hafi átt rétt til hærri launa, þar sem honum tókst ekki að ná nýjum samningum við vinnuveitanda sinn.

Samkvæmt framnsögðu ber því að sýkna stefnanda af þessum kröfulið.

II. Um yfirvinnu.

Kröfu stefnanda vegna yfirvinnunnar má skipta í tvo þætti, annars vegar vangreidda þóknun fyrir yfirvinnu á tímabilinu frá 1. janúar 1967 til 31. marz 1968 og hins vegar ógreidda þóknun fyrir yfirvinnu fyrir tímabilið frá 1. apríl 1968 til 31. ágúst sama ár.

Kröfugerðin vegna yfirvinnu fram til 31. marz 1968 byggist á því, að þar sem stefnandi hafi ekki fengið þau föstu laun, er honum hafi borið, og tímakaup í yfirvinnu sé reiknað út frá föstum mánaðarlaunum, þ. e. fyrir hverja yfirvinnustund sé greitt brot af mánaðarlaunum, þá beri, um leið og mánaðar-

launin séu leiðrétt, að leiðrétta tímakaupið í yfirvinnunni með sama hætti.

Dómurinn hefur sýknað í þeim þætti málsins, sem fjallar um vangoldin föst mánaðarlaun. Þar af leiðandi verður krafa stefnanda vegna vangreiddrar yfirvinnu fram til 31. marz 1968 ekki tekin til greina.

Kemur nú til athugunar krafa stefnanda vegna ógreiddrar yfirvinnu frá 1. apríl 1968 til 31. ágúst sama ár. Í aðiljaskýrslu sinni segir stefnandi m. a.:

„Á fundi rafveitunefndar hinn 18. október 1965 var samþykkt að greiða mér fasta þóknun fyrir yfirvinnu, sem næmi 25 klukkustundum á mánuði, enda félli þá niður sérstök greiðsla fyrir setu á stjórnarfundum. Eins og fram kemur á dskj. nr. 10, var þetta gert með tilliti til þess, að aðrir verkfræðingar bæjarins höfðu þá þegar fengið slíka greiðslu, og að upplýst var, að yfirvinna þessi var raunverulega unnin.

Á þessum tíma var í gildi „Samkomulag um vinnutíma fastráðinna bæjarstarfsmanna, yfirvinnu þeirra, yfirvinnukaup og önnur kjör" frá 29. október 1963, en þar segir í 15. gr., 2. mgr.: „Forstöðumenn stefnanda eiga ekki rétt á yfirvinnugreiðslu skv. 1. málsgrein. Þurfi þeir þó að vinna verulega yfirvinnu vegna embættisanna, er heimilt að greiða þeim sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum þeirra. Slíka greiðslu ákveður bæjarráð með samkomulagi við viðkomandi starfsmann og vitund Starfsmannafélags Hafnarfjarðarkaupstaðar . . .".

Í samræmi við umrætt ákvæði vísaði 125. stjórnarfundur rafveitunefndar, sem haldinn var 6. september 1965, beiðni minni um fasta greiðslu fyrir yfirvinnu til bæjarráðs, og var hún tekin fyrir á fundi ráðsins 9. september, en afgreiðslu þá frestað. Svo virðist sem bæjarráð hafi síðan án þess að gera um það bókun vísað málinu aftur til rafveitunefndar til afgreiðslu þar, því ekkert finnst frekar um það í bókum bæjarráðs, en á fundi rafveitunefndar 18. október sama ár er málið endanlega afgreitt, eins og áður segir.

Formaður afveitunefndar var þá Vigfús Sigurðsson, sem einnig átti sæti í bæjarráði. Með tilliti til þess, sem á undan var gengið, virðist mér enginn vafi geta leikið á því, að Vigfús hafi haft fullt umboð bæjarráðs til þess að afgreiða málið í rafveitunefnd, og í sömu átt bendir, að bæjarstjóri undirritar athugasemdalaust bókunina varðandi afgreiðslu málsins, sbr. dskj. nr. 10. Mér virðist því augljóst, að málið hafi fengið lögformlega afgreiðslu og sam-

þykktin um yfirvinnugreiðsluna sé þegar af þeirri ástæðu bindandi og óafturkallanleg, að óbreyttum aðstæðum, fyrir stefndan".

Fram hefur verið lagt í málinu endurrit úr fundargerðabók rafveitustjórnar, þar sem segir m. a.:

„125. stjórnarfundur, 6. sept. 1965, liður 1. Tekin fyrir beiðni rafveitustjóra um fasta greiðslu fyrir eftirvinnu, 3000—3500 kr. á mánuði. Samþykkt að vísa málinu til bæjarráðs samkv. kjarasamningum bæjarstarfsmanna frá 29. okt. 1963.

127. stjórnarfundur, 18. okt. 1965, liður 4. Tekin fyrir að nýju beiðni rafveitustjóra um greiðslu fyrir fasta yfirvinnu. Með tilliti til þess, að verkfræðingar bæjarins hafa fengið greidda eftirvinnu, er nemur 1 klst. á hvern vinnudag, eða 25 klst. á mánuði, og með tilliti til þeirra upplýsinga, er rafveitustjóri hefur gefið nefndinni, þar sem hann upplýsti, að hann hafi á liðnu ári hafið vinnu ýmist kl. 7,30 eða 8,00 að morgni og unnið til kl. 6 að kvöldi, telur nefndin, að rétt sé að verða við óskum rafveitustjóra um, að hann fái greidda yfirvinnu, sem nemi 25 klst. á mánuði, enda falli niður sérstök greiðsla fyrir setu hans á stjórnarfundum. Greiðsla þessi fari fram frá 1. ágúst 1965".

Hinn 31. janúar 1968 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar m. a. að beina því til rafveitunefndar: „Að rafveitunefnd afnemi fasta greiðslu fyrir yfirvinnu til rafveitustjóra, þar sem bæjarstjórn lítur svo á, að slíkar greiðslur brjóti í bága við ríkjandi venjur um launagreiðslur forstöðumanna bæjarfyrirtækja. Telur bæjarstjórn, að slíkar greiðslur komi eigi til, nema að fengnu samþykki bæjarstjórnar".

Hinn 11. marz 1968 var svo bókað á fundi rafveitustjórnar: „Bæjarstjóri leggur fram svofellda tillögu: Samkvæmt framkominni tilkynningu bæjarstjórnar frá 30. janúar s.l. til rafveitunefndar lítur nefndin svo á, að bæjarstjórn ætlist til þess, að eftirvinna Gísla Jónssonar rafveitustjóra verði felld niður. Samkvæmt því skal yfirvinna rafveitustjóra falla niður frá 1. apríl n. k.

Varðandi óskir rafveitustjóra um bætt launakjör lítur nefndin svo á, að rafveitustjóra beri að snúa erindi sínu þar að lútandi til bæjarstjórnar. Rafveitustjóri óskar bókað: Varðandi síðasta lið tillögu bæjarstjóra vil ég minna hann á bréf mitt til hans, dags. 24. maí 1967, um bætt launakjör, en svar hefur ennþá eigi borizt við því. Ég tel, að föst venja hafi skapazt fyrir því, að einstökum bæjarstofnunum sé heimilt að ákveða sérstakar greiðslur til forstöðumanna fyrir yfirvinnu og aukastörf án þess að leita

til þess samþykkis bæjarstjórnar eða bæjarráðs. Auk þess vil ég benda á, að meðal þeirra, er stóðu að samþykktinni frá 18. okt. 1965, voru þáverandi bæjarstjóri og bæjarfulltrúinn Vigfús Sigurðsson. Það er fullljóst, að langt er síðan bæjarstjórn var kunnugt um yfirvinnugreiðslur til rafveitustjóra og hafnarstjóra, og mun athugasemdum ekki hafa verið hreyft af því tilefni fyrr en nú og þá einungis varðandi rafveitustjóra. Ég tel því mjög vafasamt, að heimilt sé að fella niður þessar greiðslur nú og án þess að færa fyrir því nein sérstök rök, nema síður sé, þar sem bæjarstjóri hefur á síðasta fundi upplýst, að ekki væri gert ráð fyrir því, að það mundi hafa nein áhrif á vinnutíma rafveitustjóra, þótt yfirvinnugreiðslan yrði tekin af, og áskil ég mér því allan rétt til að hafa uppi kröfur á hendur viðkomandi yfirvöldum af þessu tilefni".

Í greinargerð stefnanda segir m. a.:

„Krafa umbjóðanda míns um laun fyrir fasta yfirvinnu er á því byggð, að samþykkt rafveitunefndar frá 18. október 1965 sé skuldbindandi fyrir bæjarsjóð. Umrædd samþykkt er vel rökstudd og gerð með sama hætti og ákvörðun hafnarnefndar, sem fyrir liggur í máli þessu á dskj. nr. 13, en á þá ákvörðun hafnarnefndar hefur bæjarstjórn nú lagt blessun sína með því að hækka greiðslur til hafnarstjóra fyrir fasta yfirvinnu mjög verulega. Loks er þess að geta, að gegn því að fá þessa föstu yfirvinnugreiðslu afsalaði umbjóðandi minn sér þóknun fyrir setu á fundum rafveitunefndar. Því er eindregið mótmælt, að rafveitunefnd hafi síðar getað fellt þessar greiðslur niður með einhliða ákvörðun og án alls rökstuðnings annars en tilvísunar til bæjarstjórnarsamþykktar, sem rökstudd er með því, að slíkar greiðslur brjóti í bága við ríkjandi venjur, þótt sú sama bæjarstjórn hefði þá skömmu áður samið við bæjarverkfræðing um fasta yfirvinnugreiðslu, er nemur kr. 12.500,00 á mánuði, og semdi nokkru síðar við hafnarstjóra um sömu greiðslu, eins og áður segir".

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki verði dregin í efa heimild stefnda til að fella niður yfirvinnugreiðslur til stefnanda. Stefndi minni á, að í framangreindri tillögu bæjarstjóra frá 11. marz 1968 segi:

„Samkvæmt því skal *yfirvinna* rafveitustjóra falla niður frá 1. apríl n. k.".

Með samþykktinni hafi stefnandi ekki verið sviptur greiðslu fyrir unnin störf, heldur hafi samþykktin beinzt að því að óska

þeirra starfa ekki lengur og að greiðslan félli niður sem afleiðing af því.

Í aðiljaskýrslu sinni víkur stefnandi m. a. að tillögu bæjarstjóra á fundi rafveitustjórnar hinn 11. marz 1968: „Í umræðum þeim, er þarna fóru fram, upplýsti ég, að það mundi ekki hafa nein áhrif á vinnutíma minn, þótt yfirvinnugreiðslan væri tekin af, þar eð ég mundi eftir sem áður vinna þá vinnu, sem þyrfti, meðan ég gegndi starfinu. Bæjarstjóri svaraði því þá til, að „Það væri gert ráð fyrir því". Ég benti þá á, að ljóst væri samkvæmt þessari yfirlýsingu bæjarstjóra, að tilgangurinn með samþykkt bæjarstjórnar væri ekki sá, að ég minnkaði yfirvinnu mína, heldur að laun mín fyrir óbreyttan vinnutíma yrðu lækkuð. Þessu andmælti bæjarstjóri ekki. Ég benti þá ennfremur á, að ef yfirvinnugreiðslan yrði afnumin, mundi ég hafa laun sem væru rúmlega kr. 11.000,00 lægri á mánuði en laun bæjarverkfræðings og rúmlega kr. 6.000,00 lægri á mánuði en laun hafnarstjóra, og upplýsti bæjarstjóri þá, að verið væri að semja við hafnarstjóra um sömu laun og bæjarverkfræðingur hefði.

Á fundi sínum hinn 11. marz 1968 samþykkti svo rafveitunefnd tillögu frá bæjarstjóra, sem rakin er á dskj. nr. 12, um að fella niður yfirvinnugreiðsluna frá 1. apríl s. á. að telja. Ég mótmælti þá strax, að heimilt væri að fella niður yfirvinnugreiðsluna og áskildi mér allan rétt til að hafa uppi kröfur á hendur viðkomandi yfirvöldum af þessu tilefni, og er bókun mín í þessu sambandi rakin í dskj. nr. 12". (Þ. e. bókun vegna tillögu bæjarstjóra á fundi rafveitustjórnar hinn 11. marz).

Í þinghaldi hinn 24. nóvember 1969 var m. a. bókað eftir Kristni Ó. Guðmundssyni bæjarstjóra:

„Mætti segir, að tilmælin um yfirvinnu séu komin frá bæjarstjórn og hafi verið send í formi tilmæla til rafveitunefndar um að reyna að skera niður eins mikla yfirvinnu og kostur væri á. Mættur segist eiga sæti í rafveitunefnd, án atkvæðisréttar, sem bæjarstjóri. Ummæli stefnanda í aðiljaskýrslu á dskj. 20, bls. 5. . . . „Á fundi rafveitunefndar hinn 4. marz 1968 — til — mér yfirvinnugreiðslunni", eru borin undir bæjarstjórann.

Hann segir, að þetta hafi verið gert vegna þess, að reikningar rafveitunnar báru það með sér, að um mjög mikla yfirvinnu var að ræða hjá flestu skrifstofufólki rafveitunnar. Hann segist ekki hafa beint þessu til stefnanda sérstaklega, heldur hafi verið átt við, að margt starfsfólk á skrifstofu rafveitunnar hefði óeðli-

lega mikla yfirvinnu. Mætti segir, að það hafi verið eðlilegast, að rafveitunefnd hlutaðist til um að minnka yfirvinnu starfsfólksins eftir því sem kostur væri á, að öðru leyti vísar mætti til fundargerðar á dskj. nr. 11. Mætti segir, að þegar talað var um að afnema greiðslu fyrir yfirvinnu, hafi verið álitið, að yfirvinnu þyrfti ekki að vinna. Mætti mótmælir gagnstæðum skilningi í greinargerð stefnanda. Mætti mótmælir jafnframt þeim orðum, sem höfð eru eftir honum á dskj. 20, í aðiljaskýrslu stefnanda á bls. 6, þar sem segir, að „bæjarstjóri svaraði því þá til, að „það væri gert ráð fyrir því",“ og öllum útlistunum stefnanda þar.

Mætti segir, að það hafi verið haft í huga, að stefnandi lét af slökkviliðsstjórastarfi á árinu 1965, en því hafði hann gegnt án sérstakrar aukaþóknunar. Mætti tekur fram, að þessar aðgerðir vegna yfirvinnu hafi verið vegna reikninga ársins 1966.

Mætti segir í tilefni spurningar frá lögmanni stefnanda vegna fundarsamþykktar frá 18. okt. 1965, að stefnandi muni hafa látið af starfi sem slökkviliðsstjóri á miðju ári 1965, en ítrekar, að það hafi ekki verið gert ráð fyrir því að mati bæjarstjórnar, að hann hafi þurft að vinna þessa yfirvinnu, enda sé sér ekki kunnugt um, að hann hafi gert það.

Mætti segir, að eftir að hann tók við starfi bæjarstjóra, hafi rafveitunefndarfundir yfirleitt verið haldnir kl. 1700 og þá venjulega hálfsmánaðarlega, yfirleitt ekki oftar, en stundum sjaldnar. Þeir hafi oft staðið fram á kvöld. Mætti segir, að síðar hafi verið teknar upp greiðslur til stefnanda fyrir vinnu vegna setu á stjórnarfundum í rafveitunefnd. ...

Mætti segir að gefnu tilefni frá lögmanni stefnanda vegna 4. töluliðar á dskj. nr. 11, að föst yfirvinna hafi verið greidd til tveggja forstöðumanna bæjarfyrirtækja, hafnarstjóra og bæjarverkfræðings. Mætti segir, að fyrir setu á nefndarfundum fái enginn starfsmaður greitt nema bæjarstjóri, en um það sé önnur samþykkt frá því um þetta leyti, en rafveitunefnd hafi seinna samþykkt, að rafveitustjóri fengi greiðslu fyrir fundarsetu ...“.

Í sama þinghaldi var bókað eftir stefnanda:

„Mætti segist hafa lýst því yfir, að hann myndi sinna sinni vinnu eftir því sem þyrfti, þrátt fyrir það að greiðsla fyrir yfirvinnu væri afnumin.

Mætti tekur fram, að það hafi ekki verið sérstök verkefni, sem hafi orsakað yfirvinnuna, heldur hafi starfið verið það mikið, að eigi hafi verið unnt að ljúka því á dagvinnutíma.

Mætti segir, að það hafi komið fyrir, að hafi verið um alvarlegar

bilanir á veitukerfinu að ræða, að þá hafi verið kallað á sig, en segir, að yfirvinnan hafi minnst legið í því, heldur aðallega hinu, hve starfið var umfangsmikið.

Mætta minnir, að samþykkt hafi verið að greiða yfirvinnuna frá 1. jan. 1969 fyrir setu á fundum rafveitunefndar utan venjulegs vinnutíma, en það kunni að vera, að samþykkt hafi verið að greiða þessa þóknun frá 1. apríl 1968.

Mætti tekur það einnig fram, að engar þær breytingar á starfsmannahaldi hjá rafveitunni hafi orðið, er kynnu að hafa orðið til þess að vinna rafveitustjóra minnkaði".

Niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, samþykkti rafveitustjórn hinn 18. október 1965 að verða við kröfu stefnanda um greiðslu fastrar yfirvinnu, 25 klst. á mánuði miðað við 1. ágúst 1965. Greiðslur þessar voru óháðar tímabundnu vinnuálagi.

Er stefnandi hafði notið þessara föstu yfirvinnugreiðslna í meira en 2½ ár, voru yfirvinnugreiðslur til hans felldar niður frá 1. apríl 1968 að telja með samþykkt bæjarstjórnar hinn 31. janúar 1968 og samþykkt rafveitustjórnar hinn 11. marz sama ár, án þess að fram komi, að breyting á starfi rafveitustjóra hafi verið gerð.

Með tilliti til þess, hvernig launakjörum stefnanda var háttað, verður að telja, að umræddar yfirvinnugreiðslur hafi verið slíkur þáttur í launakjörum hans, að stefndi hafi eigi getað einhliða og gegn mótmælum stefnanda fellt þessar greiðslur niður, nema með því að segja upp starfssamningi aðilja. Ber samkvæmt þessu að taka kröfu stefnanda um umræddа yfirvinnugreiðslu fyrir tímabilið frá 1. apríl 1968 til 31. ágúst sama ár til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 20.000.00.

Dóm þennan kvað upp meiri hluti dómenda, þeir Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógeta, forseti dómsins, og meðdómsmaðurinn Steingrímur Pálsson, launaskrárritari ríkisins.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Gísla Jónssyni, kr. 33.270.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 6.654.00 frá 10. maí 1968 til 10. júní sama ár, en af kr. 13.308.00 frá þeim degi til 10. júlí sama ár, en af kr. 19.962.00 frá þeim degi til 10. ágúst sama ár, en af kr. 26.616.00 frá þeim degi til 10. september sama ár, en af kr. 33.270.00 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 20.000.00 í málskostnað,

allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

meðdómsmannsins dr. Odds Benediktssonar verkfræðings.

Ég er sammála þeirri niðurstöðu meiri hluta dómenda að taka beri til greina kröfu stefnanda um þóknun vegna ógreiddrar yfirvinnu fyrir tímabilið 1. apríl 1968 til 31. ágúst sama ár.

Að því er varðar kröfu stefnanda til vangoldinna fastra launa, er niðurstaða mín þessi:

Þegar stefnandi réðst til stefnda á árinu 1961, sömdu aðiljar svo með sér, að laun stefnanda skyldu vera „yfirverkfræðingslaun samkvæmt núgildandi samningi Stéttarfélags verkfræðinga".

Á þessum tíma var ekki í gildi neinn heildarkjarasamningur við Stéttarfélag verkfræðinga, en ágreiningslaust er, að laun stefnanda voru í upphafi miðuð við laun bæjarverkfræðings í Hafnarfirði, enda var hann sá yfirverkfræðingur, sem nærtækast var að miða við. Það athugast, að bæjarverkfræðingurinn hafði þá nýlega samið um kjör sín við stefnda, og er því ómótmælt, að laun hans hafi verið í samræmi við þau launakjör, sem yfirverkfræðingar almennt höfðu á þessum tíma.

Af gögnum málsins má ráða, að stefnanda hefur allt það tímabil, er hann starfaði í þjónustu stefnda, byggt launakröfur sínar á þessum upprunalega samningi og aldrei afsalað sér rétti samkvæmt honum.

Meðan gerðardómurinn frá 19. ágúst var í gildi, voru laun stefnanda lögbundin, og tók hann þá laun sem yfirverkfræðingur. Eftir að gildistíma gerðardómsins lauk í árslok 1965, tók stefnandi áfram laun í samræmi við hann, enda ekki önnur launaviðmiðun fyrir hendi fyrst í stað.

Hinn 28. desember 1966 gerði Stéttarfélag verkfræðinga kjarasamning við Reykjavíkurborg, er gildi tók hinn 1. janúar 1967. Akureyrarbær og Kópavogskaupstaður sömdu síðan við sína verkfræðinga á sama grundvelli. Sá launaskali, sem lagður var til grundvallar, er umrædd bæjarfélög sömdu við verkfræðinga sína, var launaskali Landsvirkjunar.

Með því að upplýsa, hver launakjör verkfræðinga voru hjá þrem stærstu bæjarfélögum landsins og Landsvirkjun, þykir stefnandi hafa sýnt nægilega fram á, hverra launakjara yfirverkfræðingar nutu í störfum hliðstæðum starfi stefnanda. Þar

eð túlka verður ráðningarsamning stefnanda á þann veg samkvæmt framansögðu, að samið hafi verið um, að hann nyti yfirverkfræðingslauna, og stefnandi hefur aldrei afsalað sér þeim og telst, m. a. með tilliti til bréfs verkfræðinga í þjónustu stefnda frá 24. maí 1967, hafa áskilið sér rétt til hærri launa en hann veitti viðtöku, ber að taka kröfur hans í þessum þætti málsins til greina að öðru leyti en því, að stefnandi telst eigi eiga rétt til 15% þóknunar fyrir að taka eigi að sér aukastörf.

Dómsorð mitt verður því:

Stefndi, bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Gísla Jónssyni, kr. 273.362.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 9.457.00 frá 1. janúar 1967 til 1. febrúar sama ár, en af kr. 18.914.00 frá þeim degi til 10. febrúar s. á., en af kr. 21.278.00 frá þeim degi til 1. marz s. á., en af kr. 30.735.00 frá þeim degi til 10. marz s. á., en af kr. 33.000.00 frá þeim degi til 1. apríl s. á., en af kr. 42.556.00 frá þeim degi til 10. apríl s. á., en af kr. 44.920.00 frá þeim degi til 1. maí s. á., en af kr. 54.377.00 frá þeim degi til 10. maí s. á., en af kr. 56.741.00 frá þeim degi til 1. júní s. á., en af kr. 66.198.00 frá þeim degi til 10. júní s. á., en af kr. 78.019.00 frá þeim degi til 10. júlí s. á., en af kr. 80.383.00 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., en af kr. 89.840.00 frá þeim degi til 10. ágúst s. á., en af kr. 92.204.00 frá þeim degi til 1. september s. á., en af kr. 101.661.00 frá þeim degi til 10. september s. á., en af kr. 104.025.00 frá þeim degi til 1. október s. á., en af kr. 113.482.00 frá þeim degi til 10. október s. á., en af kr. 115.846.00 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., en af kr. 125.303.00 frá þeim degi til 10. nóvember s. á., en af kr. 127.667.00 frá þeim degi til 1. desember s. á., en af kr. 137.450.00 frá þeim degi til 10. desember s. á., en af kr. 139.814.00 frá þeim degi til 1. janúar 1968, en af kr. 142.260.00 frá þeim degi til 10. janúar s. á., en af kr. 152.043.00 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., en af kr. 161.826.00 frá þeim degi til 10. febrúar s. á., en af kr. 164.272.00 frá þeim degi til 1. marz s. á., en af kr. 174.055.00 frá þeim degi til 10. marz s. á., en af kr. 176.501.00 frá þeim degi til 1. apríl s. á., en af kr. 186.284.00 frá þeim degi til 10. apríl s. á., en af kr. 188.730.00 frá þeim degi til 1. maí s. á., en af kr. 198.513.00 frá þeim degi til 10. maí s. á., en af kr. 207.613.00 frá þeim degi til 1. júní s. á., en af kr. 217.396.00 frá þeim degi til 10. júní s. á., en af kr. 226.496.00 frá þeim

degi til 1. júlí s. á., en af kr. 236.279.00 frá þeim degi til 10. júlí s. á., en af kr. 245.379.00 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., en af kr. 255.162.00 frá þeim degi til 10. ágúst s. á., en af kr. 264.262.00 frá þeim degi til 10. september s. á., en af kr. 273.362.00 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 45.000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. júní 1971.

Nr. 122/1970. **Kári Einarsson og**
Agnar Árnason (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Gesti Gíslasyni (Jón N. Sigurðsson hrl.)
og til réttargæzlu skiptaráðandanum í Barðastrandarsýslu (enginn) **vegna dánarbús Bjarna Arngrímssonar og Sigríðar Ólafsdóttur, Málmfríði Bjarnadóttur, Steinunni G. Helgadóttur, Þórarni Björnssyni, Skúla Páli Helgasyni, Andrési B. Helgasyni, Sigþrúði Helgadóttur, Jónasi E. Helgasyni, Einari Sigurjónssyni vegna sjálfs sín og ófjárráða dóttur sinnar, Helgu Einarsdóttur, Hildi Einarsdóttur, Gunnari Einarssyni, Garðari Einarssyni og Sverri S. Einarssyni** (Ingi Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1970. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og viðurkenndur verði réttur þeirra til að fá uppboðsafsal fyrir jörðinni Trostansfirði í Suðurfjarðarhreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu, enda ljúki þeir

greiðslu uppboðsandvirðis, uppboðskostnaðar og fullnægi að öðru leyti settum uppboðsskilmálum. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæzlustefndu eru engar kröfur gerðar.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Máli þessu var upphaflega skotið til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1970, en því máli var vísað frá Hæstarétti.

Réttargæzlustefndu, aðrir en skiptaráðandinn í Barðastrandarsýslu, hafa látið sækja þing, en engar kröfur gert og eigi heldur skiparáðandinn í Barðastrandarsýslu. Þá hefur Bjarni S. Helgason, sem eigi var stefnt fyrir Hæstarétt, látið sækja þing, en hann er talinn erfingi í dánarbúi Bjarna Arngrímssonar og Sigríðar Ólafsdóttur. Hefur hann engar kröfur gert.

Málinu hefur ekki verið áfrýjað, að því er varðar Bjarna Helgason. Breytir þingsókn af hans hendi, að liðnum áfrýjunarfresti og án áfrýjunarleyfis, engu þar um.

Öðrum erfingjum, að fráskildum stefnda Gesti Gíslasyni, hefur einungis verið stefnt til réttargæzlu, en eigi til að þola dóm. Er þessi háttur eigi nægilegur, þar sem dómur í máli þessu verður eigi kveðinn upp á hendur þeim.

Að svo vöxnu ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1970. Áfrýjunarmáli þessu, hæstaréttarmálinu nr. 44/1970, var vísað frá Hæstarétti með dómi 16. júní 1970, þar sem hvorki skiptaráðandanum í Barða-

strandarsýslu vegna dánarbúsins né erfingjum í dánarbúinu hafði verið stefnt fyrir Hæstarétt og þannig eigi verið veittur kostur á að gæta réttar síns þar.

Áfrýjandi hefur nú áfrýjað úrskurði uppboðsdómsins af nýju með stefnu 26. júní 1970. Auk stefnda í hæstaréttarmálinu nr. 44/1970 hefur áfrýjandi nú stefnt fyrir Hæstarétt til réttargæzlu þeim skiptaráðandanum í Barðastrandarsýslu vegna dánarbús Bjarna Arngrímssonar og Sigríðar Ólafsdóttur, Málmfríði Bjarnadóttur, Steinunni G. Helgadóttur, Þórarni Björnssyni, Skúla Páli Helgasyni, Andrési B. Helgasyni, Sigþrúði Helgadóttur, Jónasi E. Helgasyni, Einari Sigurjónssyni vegna sjálfs hans og ófrjárráða dóttur hans, Helgu Einarsdóttur, Hildi Einarsdóttur, Gunnari Einarssyni, Garðari Einarssyni og Sverri S. Einarssyni.

Telja verður, að ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 taki til áfrýjunarmáls þessa, og var því áfrýjunarfrestur liðinn, er áfrýjunarstefnan í máli þessu var gefin út. Áfrýjandi styður málskot sitt við ákvæði 36. gr. laga nr. 57/1962 um áfrýjun máls af nýju innan mánaðar frá uppsögu dóms um frávísun þess. Lagaboð þetta þykir hins vegar eiga að skýra þannig, að í því felist heimild til endurnýjunar máls, sé öðrum lagaskilyrðum fullnægt, einungis gegn þeim, sem fyrra áfrýjunarmálið tók til, en eigi jafnframt eða sjálfstætt að áfrýjunarfresti liðnum til nýrrar áfrýjunar gegn áður óstefndum aðiljum. Samkvæmt þessu ber að vísa málinu frá Hæstarétti, að því er varðar alla þá aðilja, sem stefnt hefur verið til réttargæzlu. Að svo komnu verður eigi lagður dómur á sakarefnið og málinu í heild vísað frá Hæstarétti.

Með þessum forsendum er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Úrskurður uppboðsdóms Barðastrandarsýslu 11. febrúar 1970.

Ár 1970, miðvikudaginn 11. febrúar, kl. 1600, var í uppboðsrétti Barðastrandarsýslu, sem haldinn var í félagsheimilinu á Bíldudal, Suðurfjarðarhreppi, af hinum reglulega uppboðshaldara, Jóhannesi Árnasyni sýslumanni, kveðinn upp úrskurður í uppboðsmálinu nr. 5/1969 vegna forkaupsréttarkröfu Gests Gíslasonar bónda, Trostansfirði, á jörðinni Trostansfirði, er seld var

á uppboði 23. október 1969, en úrskurðarmál þetta var endanlega tekið til úrskurðar 4. þ. m.

Málsatvik eru sem hér segir:

Hinn 23. október 1969 var jörðin Trostansfjörður í Suðurfjarðarhreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu, seld á opinberu uppboði, er fram fór á eigninni sjálfri. Jörðin var eign dánarbús Bjarna Arngrímssonar og konu hans, Sigríðar Ólafsdóttur, er lengi höfðu búið í Trostansfirði, en létust bæði árið 1929. Fór uppboðið fram samkvæmt ákvörðun skiptafundar í dánarbúinu 25. ágúst s.l., en opinber skipti fara fram á dánarbúi þessu í skiptarétti Barðastrandarsýslu og hófust á s.l. ári.

Hæstbjóðendur á uppboðinu urðu Kári Einarsson og Agnar Árnason, Bíldudal, með boði að upphæð kr. 1.120.000.00. Þá þegar og áður en uppboðsrétti var slitið, tók Gestur Gíslason bóndi, Trostansfirði, fram og lét bóka í uppboðsbókina, að hann áskildi sér rétt til að nota réttindi sín sem ábúanda til að ganga inn í hæsta boð á uppboðinu.

Tók uppboðshaldari sér tilskilinn 14 daga frest til að taka afstöðu til boðsins.

Þegar næsta dag eftir uppboðið var uppboðshaldara tilkynnt af hálfu Gests Gíslasonar, að hann gerði kröfu um, að honum yrði heimilað að ganga inn í hæsta boð, sem gert var í jörðina á uppboðinu, og jafnframt að út yrði gefið afsal honum til handa fyrir nefndri jörð.

Af hálfu hæstbjóðenda var þessi réttur Gests Gíslasonar vefengdur og neitað að verða við kröfu hans.

Kom ágreiningsefni þetta því til sérstakrar meðferðar í uppboðsréttinum.

Sækjandi máls þessa, Gestur Gíslason, kveðst byggja kröfu sína fyrst og fremst á 3. gr. laga nr. 40/1948 um kauprétt á jörðinni, en samkvæmt því lagaákvæði sé leiguliða veittur réttur til að ganga inn í kaupin á þann hátt, sem krafizt hefur verið. Hann kveðst hafa búið á jörðinni síðan árið 1960, fyrst með konu sinni, Filippíu Bjarnadóttur, til ársins 1967, er hún lézt, en frá þeim tíma einn.

Varðandi ábúðarrétt sinn hefur sækjandi bent á, að er hann kvæntist Filippíu árið 1950, hafði hann gengið inn í bú hennar, er þá jókst verulega, enda hafi hann komið með veruleg verðmæti í búið. Hafi kona hans þá staðið fyrir búi í Trostansfirði, ýmist á allri jörðinni eða hluta hennar, allt frá árinu 1929, fyrst búi foreldra sinna, en síðan eigin búi. Hafi hún á þessum árum

annazt greiðslur á skuldum foreldra sinna, bæði að því er varðaði andvirði jarðarinnar, er enn hafði ekki verið greitt, svo og ýmsar verzlunarskuldir. Hafi hún smám saman losað sig við lausafé og bústofn foreldra sinna og greitt með andvirðinu skuldir dánarbúsins, en það hafi þó ekki dugað til. Hafi hún þá með veðleyfi samerfingja sinna tekið nýtt lán út á jörðina til greiðslu á helztu skuldum dánarbúsins svo og til að ljúka við byggingu íbúðarhúss á jörðinni, er verið hafði í smíðum, þegar foreldrar hennar létust. Þá hafi hún enn fremur leyst til sín skuld við Landsbanka Íslands árið 1936, er jörðin skyldi seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuldinni. Allt hafi þetta verið gert með vitund samerfingja hennar. Hins vegar hafi Filippía ekki haft byggingarbréf fyrir jörðinni, en þar fyrir hafi ábúðarréttur hennar verið óvefengjanlegur samkvæmt ákvæðum ábúðarlaga, enda hafi samerfingjar hennar aldrei gert neinar athugasemdir við setu hennar á jörðinni fyrr eða síðar. Sé tvímælalaust, að hún hafi setið sem ábúandi í eigin búi á jörðinni, en ekki í búi dánarbús foreldra sinna, enda megi það með ólíkindum teljast, að samerfingjarnir hefðu ekki krafið hana reikningsskila, ef þeir hefðu verið í þeirri trú, að hún sæti í búi foreldra þeirra.

Allan þann tíma, sem þau hjónin, sækjandi og kona hans Filippía, hafi búið á jörðinni, hafi þau, eins og Filippía hafði gert ein áður, greitt alla skatta og skyldur af jörðinni, enn fremur vexti og afborganir af áhvílandi lánum og yfirleitt haldið uppi af jörðinni fullum lögskilum, svo sem ábúanda ber að gera, og þó nokkuð umfram það, enda hafi fyrst Filippía og síðan sækjandi verið talin ábúandi jarðarinnar í öllum opinberum skýrslum. Af hálfu annarra erfingja í dánarbúi Bjarna og Sigríðar hafi allan þennan tíma aldrei verið gerðar athugasemdir við ábúð hans og konu hans á jörðinni. Hafi samerfingjarnir þvert á móti á þessu tímabili veitt þeim hjónum heimild til veðsetningar á jörðinni vegna töku nauðsynlegra lána til framkvæmda á jörðinni. Þá hafi nú eftirlifandi erfingjar Bjarna og Sigríðar gert kröfu á hendur sækjanda um greiðslu landskuldar, en landskuld greiði hins vegar enginn annar en ábúandi. Ætti ekki hvað sízt af því að mega ráða viðurkenningu á ábúðarrétti sækjanda á jörðinni.

Af hálfu hæstbjóðenda á uppboðinu, verjenda í máli þessu, þeirra Kára Einarssonar og Agnars Árnasonar, er kröfu sækjandans, Gests Gíslasonar, eindregið mótmælt. Gera þeir þá kröfu, að þeim verði slegin jörðin fyrir kr. 1.200.000.00 og þeim síðan

gefið afsal fyrir jörðinni að fullnægðum greiðsluskilmálum, en þeir hafi fram til þessa að öllu leyti staðið við boð sitt. Þá er þess og krafizt, að Gesti bónda Gíslasyni verði gert að greiða hæfilegan málskostnað.

Mótmæla verjendur því eindregið, að sækjandinn, Gestur Gíslason, sé nú eða hafi verið ábúandi jarðarinnar í lagalegum skilningi. Sé það viðurkennt, að eiginkona hans, Filippía, sem nú er látin, hafi ekki haft byggingarbréf fyrir jörðinni og byggingarréttur sækjanda ekki meiri en sá, að hann kvæntist konu þessari árið 1950. Eftir að hún andaðist, 25. febrúar 1967, sé ekki vitað til þess, að sækjandi hafi stundað á jörðinni sjálfstæðan búrekstur né heldur greitt eða boðið fram lögskil af jörðinni til jarðeiganda, dánarbúsins. Þá telja verjendur, að þó svo kunni að vera, sem að vísu er mótmælt, sbr. framanritað, að sækjandi hafi haft ábúðarrétt, þá hafi hann með beiðni um opinber skipti á búinu án nokkurs fyrirvara og án þess að láta þess getið, þegar jörðin var auglýst til sölu, að hann ætti þar ábúðarrétt, afsalað sér öllum slíkum rétti þá og um framtíð. Það hafi verið þá fyrst, þegar uppboðsréttur hafði verið settur og menn komnir til að bjóða í jörðina, að hann lætur bóka, „að hann hyggist nota ábúðarrétt sinn í öllum greinum". Hafi hann síðan verið einn þeirra, er buðu í jörðina á uppboðinu, en er hann varð ekki hæstbjóðandi, hafi hann áskilið sér rétt til að nota réttindi sín sem ábúanda og ganga inn í hæsta boð í uppboðinu.

Er þessu eindregið mótmælt af hálfu verjenda. Benda þeir einnig á, að sækjandi hafi ekki sýnt fram á, hvorki á uppboðsþinginu né síðar, að hann hafi á uppboðsþingi verið fær um að greiða ¼ hluta kaupverðsins á uppboðinu eða greiða uppboðskostnað.

Leitað var um sættir með aðiljum, en sáttaumleitun reyndist árangurslaus.

Lögð hafa verið fram í málinu auk greinargerða af hálfu aðilja 14 vottorð opinberra aðilja í Suðurfjarðarhreppi og víðar og núverandi og fyrrverandi bænda í hreppnum. Enn fremur greinargerð erfingja Trostansfjarðar og aflað verið aðiljaskýrslu sækjanda.

Samkvæmt vottorði sóknarprestsins í Bíldudalsprestakalli á dskj. nr. 21, dags. 4. nóvember s.l., er staðfest, að Gestur Gíslason, fæddur 24. júlí 1901, hafi kvænzt Ólínu Filippíu Bjarnadóttur í Trostansfirði hinn 23. júlí 1950.

Samkvæmt vottorði sveitarstjóra Suðurfjarðarhrepps á dskj.

nr. 16, dags. 7. nóvember s.l., hefur Gestur Gíslason átt lögheimili í Trostansfirði allt frá árinu 1949. Þá segir enn fremur, að samkvæmt þeim fjallskilaseðlum, sem eru í bréfasafni hreppsins, hafi Gestur Gíslason verið gangna- og réttarstjóri á Trostansfjarðarleitarsvæði frá árinu 1950. Samkvæmt vottorði sama aðilja á dskj. nr. 25, dags. 22. desember s.l., hefur Gestur Gíslason allt frá árinu 1950 innt af hendi öll lögskil af jörðinni Trostansfirði.

Samkvæmt vottorði hreppstjóra Suðurfjarðarhrepps á dskj. nr. 15, dagsettu 20. nóvember s.l., hefur Gestur Gíslason búið á jörðinni Trostansfirði frá árinu 1950 ásamt konu sinni, Filippíu Bjarnadóttur, þar til hún lézt fyrst á árinu 1967, en síðan einn. Er ekki til þess vitað, að ábúðarréttur Gests hafi verið vefengdur, í það minnsta ekki á meðan kona hans lifði. Samkvæmt vottorði sama aðilja á dskj. nr. 25, dags. 23. desember s.l., er staðfest, að Gestur Gíslason hafi innt af hendi öll lögskil af jörðinni Trostansfirði frá árinu 1950.

Með vottorði skattstjóra Vestfjarðaumdæmis á dskj. nr. 22, dags. 5. nóvember s.l., er staðfest, að samkvæmt skattframtölum 1963—1969 hefur Gestur Gíslason átt heima í Trostansfirði og verið bóndi þar, nema hvað skráð er á landbúnaðarskýrslu með framtali 1968, að bústofni hafi verið fargað. Eldri skattframtöl eru ekki sögð vera í vörzlu skattstofunnar.

Með vottorði Brynjólfs Eiríkssonar, umboðsmanns Brunabótafélags Íslands á Bíldudal, á dskj. nr. 23, dags. 19. nóvember s.l., hefur nefndur umboðsmaður staðfest, að Gestur Gíslason hafi greitt honum brunabótaiðgjöld af jörðinni Trostansfirði síðastliðin 11 ár.

Í vottorði Sigurðar Guðmundssonar, bónda í Otradal og hreppsnefndarmanns í Suðurfjarðarhreppi, á dskj. nr. 14, dags. 16. nóvember s.l., segir svo: „... Ég hefi aldrei talið vafa leika á um það, að Gestur Gíslason, bóndi í Trostansfirði í Suðurfjarðarhreppi, væri ábúandi á nefndri jörð, allt frá því að hann og Filippía Bjarnadóttir, sem nú er látin, gengu í hjónaband árið 1950, enda hef ég aldrei heyrt neinn telja ábúðarrétt hans á téðri jörð vafasaman. Að nefndur Gestur hafi verið ábúandi Trostansfjarðar síðan 1950 má og ljóst vera af því, að allt frá þeim tíma hefur hann orðið að gegna skyldum, sem sveitar- og sýslufélag leggur hverjum ábúanda jarðar á herðar, og má þar t. d. nefna fjallskil, smölun lands jarðarinnar og réttarhald. Þá vil ég og að gefnu tilefni taka það fram, að eftir því sem ég

hefi bezt vit á, hefur Gestur setið jörðina með ágætum, enda ber öll umgengni um hús og annað á jörðinni þess vott. Þá má og nefna, að ræktun, sem Gestur framkvæmdi á jörðinni á mjög svo erfiðu landi, tókst vel".

Í vottorði Halldórs G. Jónssonar, bónda á Hóli, á dskj. nr. 17, dags. 12. nóvember s.l., segir svo: „1. Veit ekki betur en að Gestur Gíslason hafi verið ábúandi í Trostansfirði síðan árið 1950. Aldrei heyrt ábúðarrétt hans vefengndan. 2. Tel Gest Gíslason hafa setið jörðina óaðfinnanlega, t. d. hefur hann aukið þar ræktað land. 3. Aldrei orðið var annars en að honum hafi verið gert að inna af höndum fjallskil og hafa á hendi umsjón smölunar og réttarhalds".

Í vottorði Ester Gísladóttur og Matthíasar Leós Jónssonar, ábúenda á Fossi, segir svo: „1. Við höfum aldrei talið vafa á né heyrt aðra telja, að Gestur Gíslason væri ábúandi í Trostansfirði frá 1950 með fullum rétti. 2. Sem ábúanda teljum við Gest hafa setið jörðina ágætlega. 3. Okkur er kunnugt um, að Gestur hefur innt af hendi fjallskil í Trostansfirði, svo sem ábúendur annarra jarða".

Í vottorði Björns Ólafssonar bónda, Dufansdal, á dskj. nr. 20, dags. 17. nóvember s.l., segir svo: „Í 1. lagi: Ég hefi aldrei heyrt neinn efast um ábúðarrétt Gests Gíslasonar í Trostansfirði, og enginn hefur mér vitanlega efast um, að hann hafi haft þann rétt. Í 2. lagi: Það er augljóst öllum kunnugum, að Gestur Gíslason hefur stórbætt jörðina bæði að húsum og ræktun svo og með beitilandsgirðingu. Í 3. lagi: Það er öllum hér kunnugt, að Gesti Gíslasyni hafa verið gerð fjallskil til jafns við aðra ábúendur hér og réttarstjórn í sambandi við þau, og nægir í því sambandi að vísa til fjallskilaseðils Suðurfjarðarhrepps".

Í vottorði Gunnars Ólafssonar frá Reykjafirði á dskj. nr. 19, dags. 19. nóvember s.l., segir: „Ég undirritaður lýsi því hér með yfir, að ég tel, að Gestur Gíslason hafi með langvarandi búskap í Trostansfirði verið orðinn löglegur ábúandi þar".

Í vottorði Ásgeirs Jónassonar, fyrrverandi bónda á Litlu-Eyri, nú hreppsnefndarmanns í Suðurfjarðarhreppi, segir: „Ég hefi aldrei efast um ábúðarrétt hans (þ. e. Gests) á Trostansfirði, eftir að hann giftist ábúanda jarðarinnar, Filippíu Bjarnadóttur. Ekki hefi ég heldur heyrt aðra efa þann rétt hans. Sem ábúanda tel ég hann hafa setið jörðina eins og almennt gjörist. Mér er kunnugt, að honum hafa verið gjörð fjallskil eins og öðrum ábúendum í Suðurfjarðarhreppi".

Af hálfu verjenda hefur vottorðum þessum verið mótmælt sem þýðingarlausum og þeir lagt fram dskj. nr. 27, „Greinargerð erfingja Trostansfjarðar", dags. 15. desember 1969. Greinargerð þessi er undirrituð af Málmfríði Bjarnadóttur, systur Filippíu, konu sækjanda, og manni hennar, Ólafi Bjarnasyni, Bíldudal, samkvæmt umboði erfingja.

Í greinargerð þessari er því haldið fram, að sækjandi hafi árið 1950 setzt í óskipt bú systkinanna Arngríms Bjarnasonar og Filippíu Bjarnadóttur, er þá bjuggu í Trostansfirði, og annarra erfingja að jörðinni. Þá um haustið hafi sækjandi lagt andvirði allra dilka undan búfénu, sem fargað var, í reikning hjá sér og tekið öll búsforráð af nefndum Arngrími. Síðan hafi nefndur Arngrímur verið flæmdur burtu af jörðinni árið 1955. Þá er það álit látið í ljós, að hvorki Filippía né sækjandi hafi öðlazt neinn ábúðarrétt á jörðinni, en Filippía aðeins fengið að vera þar. Þá er á það bent, að haustið 1967 hafi sækjandi fargað skepnunum og þar með brotið allan rétt sinn, ef einhver hefur verið, en eftir það heyjað á jörðinni og hirt hlunnindin. Þá hafi sækjandi ekki borgað af tileknu láni 1967 og 1968.

Greinargerð þessari hefur sækjandi mótmælt sem rangri.

Greinargerð þessi er undirrituð „samkvæmt umboði erfingja". Slíkt umboð af hálfu erfingja hefur hins vegar ekki verið lagt fram í máli þessu, enda eru erfingjarnir ekki aðiljar að úrskurðarmáli því, sem hér er til meðferðar vegna forkaupsréttarkröfu sækjanda.

Fullyrðingar þær, er fram koma í greinargerðinni varðandi ábúð og ábúðarrétt sækjanda og konu hans á jörðinni, þykja vera órökstuddar að verulegu leyti, enda mótmælt af sækjanda sem röngum. Er því ekki talið fært að leggja upp úr þeim nema að takmörkuðu leyti við úrlausn þess atriðis, hvort sækjandi teljist hafa ábúðarrétt á jörðinni eða ekki.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og gögnum málsins, þ. á m. aðiljaskýrslu sækjanda, er hann hefur staðfest í dómi sem rétta, þykir sannað, að sækjandi máls þessa, Gestur Gíslason, hafi tekið við búsforráðum í Trostansfirði árið 1950, er hann kvæntist Filippíu Bjarnadóttur, en hún hafði þá um 20 ára skeið lengst af í reynd staðið fyrir búi á jörðinni, ýmist allri jörðinni eða hluta hennar, ásamt systkinum sínum, upphaflega búi foreldra þeirra, en síðan eigin búi. Verður að telja, að grundvöllurinn að búrekstri sækjanda á jörðinni við hjúskaparstofnun árið 1950 hafi þá verið lagður með samruna eigna þeirra hjóna í

gangandi fé og öðru lausafé. Hefur sækjandi alla tíð síðan verið skrifaður fyrir búi í Trostansfirði sem ábúandi og þau hjón og hann yfirleitt haldið uppi venjulegum lögskilum af jörðinni, svo sem ábúanda ber lögum samkvæmt að gera.

Á því tímabili, sem sækjandi býr á jörðinni, eru sléttaðir og ræktaðir rúmlega 4 hektarar af túninu og ræktun nokkuð á veg komin á 2 hekturum í viðbót, byggt var fjárhús fyrir 120 fjár árið 1957, enn fremur hænsnahús, og í smíðum var fjós fyrir 12—14 kýr, er byrjað var á árið 1965. Fjár til þessara framkvæmda á jörðinni var m. a. aflað með nýjum lánum með veði í jörðinni, og var það gert með samþykki og veðleyfum annarra erfingja í hinu óskipta dánarbúi, er jörðin tilheyrði og fyrr getur. Verður að álykta sem svo, að í þeirri afstöðu umræddra erfingja í dánarbúinu hafi verið fólgin viðurkenning á rétti til handa sækjanda og konu hans til búrekstrar á jörðinni og nauðsyn á eðlilegri uppbyggingu og framkvæmdum þar með það fyrir augum, að jörðin yrði nytjuð til búrekstrar á eðlilegan og skynsaman hátt sem lögbýli í fulkominni ábúð. Hefur heldur ekkert komið fram í máli þessu, er bendir til þess, að ábúðarréttur þeirra hjóna eða sækjanda sérstaklega hafi á umræddu tímabili verið vefengdur af hálfu jarðeiganda á formlegan hátt og löglegan hátt eða yfirleitt nokkrar athugasemdir, er gildi gætu haft að lögum, verið gerðar við ábúðarrétt þeirra hjóna eða setu á jörðinni af hálfu þeirra aðilja, er afskipti geta haft af ábúð jarða samkvæmt ábúðarlögum nr. 8/1951 eða nr. 36/1961.

Upplýst er í málinu, að eftir lát konu sinnar árið 1967 fargar sækjandi skepnunum um haustið, sbr. dskj. nr. 22 og 27 og aðiljaskýrslu sækjanda. Var bústofninn þá 70 ær, 11 kýr, naut og um 200 hænsni. Ástæðu fyrir þeirri ráðstöfun kveður sækjandi hafa verið þá, að hann hafi ekki treyst sér einn síns liðs til vetursetu á jörðinni undir þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi voru. Hafi hann ekki haft tök á að afla heyja fyrir skepnurnar um sumarið, enda átt fullt í fangi með að komast yfir hirðingu skepnanna og koma mjólk og öðrum afurðum frá búinu á markað.

Vegna þess ástands og deilna, er síðan hafa skapazt vegna skipta á dánarbúi Bjarna og Sigríðar, og þeirrar óvissu, er af þeim sökum hefur ríkt um, hvað verða mundi um jörðina og þar með áframhaldandi ábúð sækjanda þar, hafi hann ekki séð sér fært að endurreisa bústofninn. Hins vegar er upplýst, að sækjandi hefur á árunum 1968 og 1969 borið á tún, heyjað á jörðinni, eftir því sem aðstæður hafa leyft, og selt heyið. Enn

fremur stundað þar garðrækt og nytjað æðarvarp. Húsum og mannvirkjum hefur verið haldið við eftir beztu getu. Á þessum tveimur undanförnum árum hefur hann verið á jörðinni frá því á vorin og fram í nóvember eða desember. Hinn hluta ársins, þ. e. yfir vetrarmánuðina, hefur hann verið á Bíldudal. Sækjandi hefur verið tekjurýr á þessum tveimur árum, en aðaltekjur hans, auk ellilífeyris, eru af hlunnindum jarðarinnar.

Verður eftir atvikum að telja, að samdráttur þessi í búskap á jörðinni s.l. tvö ár byggist á afsakanlegum ástæðum vegna millibilsástands og þurfi því engu að breyta um ábúðarrétt sækjanda, enda jörðin nytjuð af honum á meðan að öðru leyti eftir föngum.

Þá er upplýst í málinu, að sækjandi hefur aldrei haft byggingarbréf fyrir jörðinni. En þar sem um svo langan ábúðartíma hefur verið að ræða, og telja verður, að ábúðin hafi í reynd verið viðurkennd af jarðeigendum, verður ekki talið, að vöntun á byggingarbréfi eigi að breyta neinu um rétt sækjanda í þessum efnum, enda verður það leitt af 7. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961, að aðili geti notið fullra réttinda sem ábúandi á jörð, enda þótt sérstakt byggingarbréf hafi ekki verið gefið út honum til handa fyrir jörðinni. Verður og að telja, að skyldan til útgáfu byggingarbréfs fyrir jörð hvíli á landsdrottni, og í því tilviki, sem hér um ræðir, vandséð, hvaða aðili hefði átt að annast útgáfu byggingarbréfs fyrir jörðinni Trostansfirði til handa sækjanda.

Ekki verður fallizt á það sjónarmið verjenda, að sækjandi hefði þurft, vildi hann byggja á ábúðarrétti sínum, að setja fram forkaupsréttarkröfu þá, er mál þetta snýst um, fyrr en á uppboðsþingi, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 40/1948, er gerir ráð fyrir þriggja sólarhringa fresti í þessu skyni, frá því uppboðsþingi er slitið. Var heldur ekki unnt fyrir sækjanda að fá úr því skorið fyrr en á uppboðsþingi, hvort hann þyrfti að setja kröfuna fram. Hlaut það eðlilega að fara eftir því, hvernig boð féllu á uppboðinu. Aðdragandi þess, að jörðin er seld á uppboði, getur engu breytt í þessu tilliti.

Þegar allt það, er nú hefur verið rakið, er virt, verður að telja, að langvarandi búseta og búskapur sækjanda, Gests Gíslasonar, á jörðinni hafi verið með þeim hætti, að hann teljist hafa haft og hafa ábúðarrétt á jörðinni, er veiti honum rétt til að ganga inn í hæsta boð á uppboðinu á nefndri jörð hinn 23. október 1969 sem forkaupsréttarhafa samkvæmt 2. mgr., sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 40/1948. Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps hafði áður afsalað sér forkaupsrétti að jörðinni.

Verða kröfur sækjanda því teknar til greina, enda fullnægi hann að öllu leyti uppboðsskilmálum þeim, er við uppboðið giltu. Eftir þessum úrslitum verður málskostnaðarkrafa verjenda ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Viðurkenndur er réttur Gests Gíslasonar til að ganga inn í hæsta boð, kr. 1.120.000.00, í jörðina Trostansfjörð í Suðurfjarðarhreppi á uppboði, er fram fór á eigninni sjálfri hinn 23. október 1969, enda fullnægi hann að öllu leyti uppboðsskilmálum þeim, er við uppboðið giltu.

Þriðjudaginn 22. júní 1971.

Nr. 109/1970. **Guðfinna Ásta Strandberg**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Jóni Ágúst Strandberg
(Árni G. Finnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ættarnafn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að leggja niður ættarnafnið Strandberg og til að greiða honum miskabætur, kr. 15.000.00 með 7% ársvöxtum frá birtingardegi sáttakæru til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að áfrýjanda verði gert að greiða honum máls-

kostnað í héraði. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu. Ber því að vísa frá Hæstarétti kröfu hans um málskostnað í héraði.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þar á meðal vottorð þjóðskrárinnar um, að stefndi sé skráður með ættarnafninu Strandberg í íbúaskrá Hafnarfjarðar.

Ætla verður eftir sakargögnum og málflutningi aðilja, að faðir stefnda, Sigmundur Bergur Sigmundsson, hafi tekið sér ættarnafnið Strandberg árið 1901 eða 1902 og borið það síðan og sjálfur hafi stefndi, sem skírður er Jón Ágúst Strandberg, alla ævi notað nafnið sem ættarnafn. Ekki aflaði faðir stefnda sér heimildar samkvæmt 9. gr. laga nr. 41/1913 til að bera ættarnafnið, eftir að þau lög tóku gildi, né heldur tilkynnti hann nafnið og lagði bann við, að aðrir notuðu það, samkvæmt a lið 7. gr. sömu laga. Tók faðir áfrýjanda upp sama ættarnafn árið 1916 með heimild í 6. gr., sbr. 8. gr. laganna. Er áfrýjanda því heimilt samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1925 að bera ættarnafn sitt.

Er þá úrlausnarefni, hvort áfrýjandi geti bannað stefnda notkun nafnsins, þar sem sú notkun brjóti gegn nafnrétti hans. Samkvæmt orðum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1925 var stefnda, sem fæddur er 31. ágúst 1919, óheimilt að halda ættarnafni sínu eftir gildistöku þeirra laga. Ekki er þó komið fram, að stjórnvöld hafi nokkru sinni átalið, að stefndi notaði ættarnafnið, né gert að því reka, að hann legði það niður. Hins vegar hefur verið leitt í ljós fyrir Hæstarétti, að stjórnvöld hafa notað ættarnafn stefnda við útgáfu ýmissa persónuskilríkja honum til handa svo og skráð hann með ættarnafninu í þjóðskrá samkvæmt lögum nr. 54/1962. Er og alkunna, að mjög mikill misbrestur hefur verið á því, að lögum nr. 54/1925 væri framfylgt.

Áfrýjandi hefur viðurkennt, að sjálfur hafi hann fyrir árið 1940 fengið vitneskju um, að stefndi bæri ættarnafnið Strandberg. Eigi að síður hafðist hann ekkert að til að fá stefnda til að leggja niður nafnið fyrr en með höfðun máls þessa. Er augljóst, að bagi stefnda af því að leggja niður það nafn,

sem hann hefur alla ævi borið og margháttuð réttindi hans eru tengd, verður því meiri sem lengra líður.

Þegar gætt er tómlætis áfrýjanda um nafnrétt sinn og höfð í huga sú afstaða stjórnvalda, sem áður er lýst, svo og það, að stefndi hefur borið ættarnafn sitt frá því fyrir gildistöku laga nr. 54/1925, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara

í hæstaréttarmálinu nr. 109/1970: Guðfinna Ásta Strandberg gegn Jóni Ágúst Strandberg Sigmundssyni.

Lög nr. 54/1925 um mannanöfn, sem nú gilda, leystu af hólmi lög nr. 41/1913 um mannanöfn, sem veittu mönnum rétt til að taka upp ættarnafn. Í 1. gr. laga nr. 54/1925 segir, að hver maður, þ. e. íslenzkur þegn, skuli heita einu nafni eða tveimur og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla ævi. Í 2. gr. laganna er lagt bann við því, að íslenzkir menn taki upp ættarnöfn eftir gildistöku laganna. Frá banninu eru í 3. gr. laganna gerðar þær undantekningar, sem nú verða raktar:

1. Íslenzkir þegnar og niðjar þeirra mega halda ættarnöfnum, sem upp hafa verið tekin fyrir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), sbr. 7. gr., a lið, laga nr. 41/1913.
2. Íslenzkir þegnar og niðjar þeirra, sem bera ættarnöfn, tekin upp eftir síðustu aldamót og fram til gildistöku laga nr. 41/1913, mega halda þeim, enda hafi þeir fengið heimild til að nota þau með konunglegu leyfisbréfi, sbr. 9. gr. laga nr. 41/1913.
3. Íslenzkir þegnar og börn þeirra, sem við gildistöku laga

nr. 54/1925 báru ættarnöfn, sem upp voru tekin síðan lög nr. 41/1913 komu í gildi, mega halda þeim alla ævi. Konur þeirra manna, sem rétt hafa til að bera ættarnöfn, svo sem að framan segir, mega nefna sig ættarnafni manns síns.

Reglur laga nr. 54/1925 um nafngiftir eru óhjákvæmilegs réttar eðlis, og varðar brot gegn þeim refsingu samkvæmt 7. gr. laganna. Handhafar opinbers valds, aðrir en löggjafinn, hafa ekki vald til, hvorki með athöfnum né athafnaleysi, að veita mönnum rétt til upptöku ættarnafna. Rétthafi ættarnafns, sem lög nr. 54/1925 láta haldast, hefur eigi heldur, hvorki með athöfnum né athafnaleysi, vald til að veita mönnum, sem lögin fyrirmuna notkun ættarnafnsins, heimild til að bera það.

Það er eigi sannað, að faðir stefnda hafi tekið upp nafnið Strandberg fyrir síðastliðin aldamót, og eigi aflaði faðir stefnda sér konunglegs leyfis fyrir nafninu, sbr. 3. gr. laga nr. 54/1925 og 9. gr. laga nr. 41/1913. Brestur stefnda því samkvæmt skýrum ákvæðum laga nr. 54/1925, sem dómstólar mega ekki kasta fyrir róða, heimild til að bera ættarnafnið.

Faðir áfrýjanda fékk árið 1916 samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1913 leyfi stjórnarráðsins til að taka upp ættarnafnið Strandberg. Áfrýjandi á því rétt til nafnsins samkvæmt 3. gr. laga nr. 54/1925 og svo saksóknarrétt í máli þessu. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, ber að dæma stefnda óheimilt að bera ættarnafnið Strandberg.

Eins og notkun stefnda á nafninu Strandberg er til komin og henni er háttað, eru ekki nægileg efni til að dæma hann til að greiða áfrýjanda skaðabætur vegna notkunar þess fram til þessa.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Stefnda, Jóni Ágúst Sigmundssyni, er óheimilt að bera ættarnafnið Strandberg.

Stefndi á að vera sýkn af skaðabótakröfu áfrýjanda, Guðfinnu Ástu Strandbergs, í málinu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 18. september 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. september s.l., var upphaflega dómtekið 23. júní s.l., en síðan endurupptekið til frekari aðiljaskýrslna, hefur Guðfinna Ásta Strandberg, Víðihvammi 6, Kópavogi, höfðað fyrir dóminum, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun, með kröfu um fyrirtekt málsins á bæjarþingi hinn 3. október 1967, þar sem mætt var af hálfu beggja málsaðilja.

Stefnandi hefur haft uppi þær dómkröfur, að stefndi verði skyldaður með dómi til að leggja niður ættarnafnið Strandberg og að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 15.000.00 í miskabætur fyrir misnotkun nafnsins ásamt 7% ársvöxtum frá birtingardegi sáttakæru svo og málskostnað að mati réttarins.

Stefndi hafði upphaflega þær dómkröfur aðallega, að málinu væri vísað frá dómi, en krafðist til vara sýknu auk málskostnaðar að mati réttarins. Í greinargerð sinni, framlagðri í réttinum hinn 25. júní 1968, féll stefndi frá kröfu sinni um frávísun, en hafði að öðru leyti uppi sömu dómkröfur og áður.

Tildrög máls þessa eru þau, að árið 1916 tók faðir stefnanda, Árni Jónsson bakari, upp ættarnafnið Strandberg samkvæmt heimild í lögum nr. 44 frá 10. nóvember 1913. Var nafnið auglýst í B deild Stjórnartíðinda árið 1916, bls. 386—387. Stefnandi, sem fædd er 23. október 1911, tók upp ættarnafnið Strandberg árið 1916 eins og faðir hennar og hefur notað það síðan. Telur stefnandi, að sér beri réttur til ættarnafnsins samkvæmt 3. gr. laga nr. 54 frá 27. júní 1925.

Stefndi í máli þessu er fæddur 31. ágúst 1919 og skírður 24. desember sama ár nafninu Jón Ágúst Strandberg. Hefur hann borið það nafn síðan. Faðir stefnda var fæddur 25. júlí 1863 og skírður 28. júlí sama ár nafninu Sigmundur Bergur Sigmundsson. Sigmundur keypti hús á Seyðisfirði árið 1898. Nefndi hann húsið eftir kletti, sem það stóð við og bar örnefnið Strandberg.

Telur stefndi, að faðir sinn hafi tekið að kenna sig við húsið og þannig tekið upp nafnið Strandberg sem ættarnafn.

Upplýst er, að samkvæmt aðalmanntali í Seyðisfjarðarkaupstað 1. nóvember 1901 er faðir stefnda skráður Sigmundur Bergur Sigmundsson, búsettur á Strandbergi í Seyðisfjarðarkaupstað. Þá er og upplýst, að árið 1902, er Sigmundur flutti í Þingeyrarhrepp í Dýrafirði, bar hann nafnið Sigmundur Strandberg. Ekki lét Sigmundur skrá nafn sitt sem ættarnafn samkvæmt lögum nr. 41 frá 10. nóvember 1913.

Hinn 20. september 1967 ritaði lögmaður stefnanda stefnda bréf, þar sem þess er farið á leit, að hann felldi niður nafnið Strandberg sem ættarnafn, þar sem þessi notkun stefnda á nafninu bryti gegn rétti stefnanda til nafnsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að faðir hennar hafi árið 1916 tekið upp ættarnafnið Strandberg samkvæmt lögum nr. 41/1913 og hafi upptaka nafnsins lögum samkvæmt verið birt í B deild Stjórnartíðinda árið 1916. Með lögum nr. 54 frá 1925 hafi lög nr. 41 frá 1913 verið afnumin, en í 3. gr. þeirra laga hafi þeim, er tekið höfðu upp ættarnöfn samkvæmt fyrri lögunum, og börnum þeirra verið heimilað að halda þeim, á meðan þeir lifðu. Það tiltæki stefnda að taka upp nafnið Strandberg sem ættarnafn sé því brot gegn rétti stefnanda auk þess sem upptaka ættarnafns sé beint brot gegn núgildandi lögum um mannanöfn nr. 54 frá 1925.

Stefnandi telur, að sér hafi verið gerður miski með því, að ættarnafn hennar hafi verið með ólögmætum hætti notað. Telur stefnandi, að kr. 15.000.00 séu hæfilegar miskabætur sér til handa vegna hinnar ólögmætu notkunar á ættarnafni hennar.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að faðir sinn hafi þegar verið búinn að taka upp ættarnafnið Strandberg árið 1902, er hann hafi flutzt frá Seyðisfirði til Þingeyrar. Telur stefndi vel hugsanlegt, að faðir sinn hafi verið búinn að taka þetta ættarnafn fyrir síðustu aldamót, enda þótt eigi hafi tekizt að afla gagna um það lengra aftur en til 1902. Hafi Sigmundur eigi látið birta nafn sitt samkvæmt lögum nr. 41 frá 1913, og telur stefndi eigi ósennilegt, að faðir sinn hafi eigi talið þess þörf sökum þess, hversu lengi hann hafi verið búinn að bera þetta ættarnafn, er umrædd lög hafi tekið gildi. Enn fremur byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að hann hafi borið nafnið Strandberg átölulaus um 48 ára skeið.

Upplýst er í máli þessu, að stefnandi var að Kalmannstjörn

í Höfnum árin 1937—1940, og enn fremur, að stefndi stundaði sjómennsku frá Höfnum veturinn 1936 eða 1937. Hefur stefnandi og borið, að hún hafi frá þeim tíma vitað um tilvist stefnda og að hann bæri nafnið Strandberg.

Telja verður sennilegt, að faðir stefnda hafi eigi verið búinn að taka upp nafnið Strandberg fyrir 1. janúar 1901. Enda bendir manntalsskráningin í Seyðisfjarðarkaupstað 1. nóvember 1901 til þess, en þar var hann skráður með nafninu Sigmundur Bergur Sigmundsson, eins og að framan greinir.

Í 3. gr. laga nr. 54 frá 1925 segir: „Þeir íslenzkir þegnar og niðjar þeirra, sem bera ættarnöfn, sem eldri eru en frá þeim tíma, er lög nr. 41, 10. nóv. 1913, komu í gildi, mega halda þeim, enda hafi þau ættarnöfn, sem yngri eru en frá síðastliðnum aldamótum, verið tekin upp með löglegri heimild, sbr. 9. gr. þeirra laga". Í 9. gr. laga nr. 41 frá 1913 segir: „Ættarnöfn eða kenningarnöfn, sem upp hafa verið tekin án löglegrar heimildar eftir síðustu aldamót (1. jan. 1901), má því aðeins nota eftirleiðis, að sá, er í hlut á, fái heimild til að nota þau með konunglegu leyfisbréfi".

Faðir stefnda gerði ekki reka að því að fá hið konunglega leyfi til þess að öðlast lögvarinn rétt til ættarnafnsins Strandbergs, en með því að stefndi hefur notað ættarnafnið Strandberg átölulaust um svo langt skeið sem raun ber vitni, lítur rétturinn svo á, að stefndi hafi með hinni langvarandi notkun nafnsins unnið til hefðar á ættarnafninu Strandberg.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Jón Ingvarsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Strandberg, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 22. júní 1971.

Nr. 199/1970. **Katrín Guðjónsdóttir og**
Friðrika Guðmundsdóttir
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Karli Júlíussyni og
Guðrúnu Jakobsen og gagnsök
(Kristinn Einarsson hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteign. Kaup og sala. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. nóvember 1970. Krefjast þær sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda, að viðurkennd verði riftun á kaupum þeim, sem málið fjallar um, og að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða óskipt kr. 295.881.12 með 12% ársvöxtum af kr. 75.000.00 frá 8. apríl 1969 til 30. maí 1969, af kr. 175.000.00 frá þeim degi til 5. júní 1969, af kr. 203.151.12 frá þeim degi til 22. september 1969 og af kr. 295.881.12 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefjast þær kr. 86.875.00 með 7% ársvöxtum frá 8. apríl 1969 til greiðsludags. Þá krefjast þær og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr höndum gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 25. nóvember 1970. Krefjast þau sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjenda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti og:

„a) Að aðaláfrýjendur verði, in solidum, dæmdar til að greiða kr. 25.000.00 með 1% dráttarvöxtum pr. mán. frá 1/10 1969 til greiðsludags.

b) Að aðaláfrýjendum verði báðum gert að gefa út og undirrita skuldabréf að fjárhæð kr. 212.000.16, sem greitt skal á næstu 7 árum með jöfnum árlegum afborgunum. Skuldabréfið skal vera tryggt með 2. veðrétti í risíbúð til hægri í húsinu nr. 21 við Víðimel í

Reykjavík. Skuldabréf þetta skal bera 7½% ársvexti, sem reiknast frá 1. maí 1969, en gjalddagi bréfsins skal vera 10. okt. ár hvert, í fyrsta sinn 10. október 1970. Vextir greiðast eftir á í sömu gjalddögum og afborganir.

c) Að aðaláfrýjendum verði, in solidum, gert að greiða skaðabætur að fjárh. kr. 100.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1/10 1969 til greiðsludags.

d) Að aðaláfrýjendum verði báðum gert að uppfylla að öðru leyti allar skuldbindingar sínar samkv. kaupsamningi, dags. 8. apríl 1969, um risíbúð til hægri í húseigninni nr. 21 við Víðimel í Reykjavík. ...

e) Allar ofanritaðar dómkröfur eru við það miðaðar, að aðaláfrýjendur fái afhent afsal fyrir risíbúð til hægri í húsinu nr. 21 við Víðimel í Reykjavík, samtímis því er þær hafa uppfyllt allar skuldbindingar sínar".

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að aðfararfrestur telst frá lögbirtingu dóms þessa.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Aðaláfrýjendur fengu hinn 13. maí 1971 gjafsókn fyrir Hæstarétti, þó þannig, að gjafsóknin var takmörkuð við kr. 15.000.00, og skylt var að hafa uppi málskostnaðarkröfu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Ber að ákveða, að fjárhæð þessi renni til lögmanns aðaláfrýjenda í málfærslulaun.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að aðfararfrestur er ákveðinn frá lögbirtingu dóms þessa.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður úr ríkissjóði, kr. 15.000.00, greiðist lögmanni aðaláfrýjenda, Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. október 1970.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 20. nóvember 1969. Munnlegur málflutningur fór fyrst fram í málinu 12. júní 1970, en síðast 1. október 1970, og var málið dómtekið á þeim degi.

Aðalstefnendur málsins eru Karl Júlíusson, Steinagerði 16, Reykjavík, og Guðrún Jacobsen, Laugavegi 67 A, Reykjavík.

Aðalstefndu eru Katrín Guðjónsdóttir og Friðrika Guðmundsdóttir, til heimilis að Ránargötu 34, Reykjavík.

Sátt hefur verið reynd í málinu í öllum sökum, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

1.2. Í aðalsök eru gerðar eftirfarandi dómkröfur:

„Nr. 1: Að stefndu verið, in solidum, dæmdar til að greiða kr. 25.000.00 með 1% dráttarvöxtum frá 1/10 1969 til greiðsludags.

Nr. 2: Að stefndu verði báðum gert að gefa út og undirrita skuldabréf að fjárhæð kr. 212.000.16, sem greitt skal á næstu 7 árum með jöfnum árlegum afborgunum. Skuldabréfið skal vera tryggt með 2. veðr. í risíbúð til hægri í húsinu nr. 21 við Víðimel í Reykjavík. Skuldabréf þetta skal bera 7½% ársvexti, sem reiknast frá 1. maí 1969, en gjalddagi bréfsins skal vera 10. okt. ár hvert, í fyrsta sinni 10. október 1970. Vextir greiðast eftir á í sömu gjalddögum og afborganir.

Nr. 3: Að stefndu verði, in solidum, gert að greiða skaðabætur að fjárh. kr. 100.000.00 með 1% dráttarv. fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1/10 1969 til greiðsludags.

Nr. 4: Að stefndu verði báðum gert að uppfylla að öðru leyti allar skuldbindingar sínar skv. kaupsamningi, dags. 8. apríl 1969, í risíbúð til hægri í húseigninni nr. 21 við Víðimel í Reykjavík, en kaupsamningur þessi var undirritaður af stefnanda Karli Júlíussyni annars vegar og stefndu hins vegar.

Nr. 5: Að stefndu verði, in solidum, gert að greiða málskostnað að skaðlausu skv. mati réttarins.

Nr. 6: Allar ofanritaðar dómkröfur eru við það miðaðar, að stefndu fái afhent afsal fyrir risíbúð til hægri í húsinu nr. 21 við Víðimel í Reykjavík, samtímis því er þær hafa uppfyllt allar skuldbindingar sínar".

Í aðalsök gera stefndu þær dómkröfur, að þær verði sýknaðar

af öllum kröfum aðalstefnenda og að þeim verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

1.3. Aðalstefndu höfðuðu gagnsök með stefnu, þingfestri 15. janúar 1970. Í gagnsök þessari gera gagnstefnendur þær kröfur, að viðurkennd verði riftun á þeim kaupum, sem hér um ræðir, og að gagnstefndu, Karl Júlíusson og Guðrún Jacobsen, verði dæmd til að greiða in solidum kr. 231.111.12 með 12% ársvöxtum af kr. 75.000.00 frá 8. apríl 1969 til 30. maí s. á., af kr. 175.000.00 frá þeim degi til 5. júní 1969, af kr. 203.151.12 frá þeim degi til 29. september 1969 og af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Nánar eru dómkröfur þessar í gagnsökinni sundurliðaðar þannig:

	Debet	Credit
„An. 1. útborgun	75.000.00	
— 2. útborgun	100.000.00	
— Afborgun og v.	28.151.12	
— 2 dómkv.	960.00	
— 2 matsgerðir	14.000.00	
— 2 matsbeiðnir	3.000.00	
— Húsnæðisröskun	10.000.00	
Pr. Jöfnuður		231.111.12
	Alls kr. 231.111.12	231.111.12“.

Í gagnsök þessari hafa gagnstefndu krafizt algerrar sýknu af kröfum gagnstefnanda og að þeim gerði tildæmdur málskostnaður í gagnsök.

1.4. Með stefnu, þingfestri hinn 12. júní s.l., höfðuðu gagnstefnendur aðra gagnsökina í máli þessu. Segir í gagnsök þessari, að komið hafi upp, að tjón gagnstefnenda hafi verið meira en krafizt hafi verið í fyrstu gagnsökinni. Dómkröfur gagnstefnenda eru hér þær, að gagnstefndu, Karl Júlíusson og Guðrún Jacobsen, verði dæmd til að greiða in solidum kr. 64.770.00 með 12% ársvöxtum frá 22. september 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Gagnstefndu hafa krafizt algerrar sýknu í sök þessari og málskostnaðar að mati réttarins.

1.5. Með stefnu, þingfestri 18. september 1970, höfðuðu gagnstefnendur þriðju gagnsökina í máli þessu. Af málflutningi gagn-

stefnenda má ráða, að skoða beri sök þessa sem varakröfu í málinu.

Í sök þessari gera gagnstefnendur þær dómkröfur, að gagnstefndu verði in solidum dæmd til að greiða kr. 86.875.00 með 7% ársvöxtum frá 8. apríl 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Gagnstefndu krefjast algerrar sýknu af sök þessari og málskostnaðar að mati réttarins.

2.0.

2.1. Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dags. 8. apríl 1969, seldi aðalstefnandi Karl Júlíusson aðalstefndu risíbúð til hægri í húsinu nr. 21 við Víðimel í Reykjavík. Kaupsamningur þessi hljóðar svo:

„Við undirrituð, Karl Júlíusson, Hvassaleiti 30, Reykjavík, sem seljandi og Katrín Guðjónsdóttir og Friðrika Guðmundsdóttir, báðar til heimilis að Hjaltabakka 8, Reykjavík, sem kaupendur gerum með okkur svofelldan kaupsamning:

Seljandi lofar að selja og kaupandi lofar að kaupa 2ja herb. íbúð til hægri í rishæð hússins nr. 21 við Víðimel í Reykjavík ásamt öllu, sem fylgir og fylgja ber, þar með hlutdeild í leiguloðarréttindum, en eignarhlutinn telst 7% allrar húseignarinnar.

Kaupverð íbúðarinnar, kr. 550.000.00 — fimmhundruð og fimmtíuþúsund krónur — greiða kaupendur þannig:

1. Við undirskrift samnings þessa .. .. kr. 75.000.00
2. Í síðasta lagi h. 1. júní n. k. .. .. — 100.000.00
3. Í síðasta lagi h. 1. okt. n. k. .. .. — 25.000.00
4. Kaupendur taka að sér að greiða eftirstöðvar 9 veðskuldabréfa, upphaflega samtals að fjárh. kr. 230.000,00 (8 x kr. 25.000,00 + kr. 30.000,00), en bréfin eru öll gefin út af seljanda h. 13. júlí '62 og tryggð samhliða með 1. veðrétti í hinu selda (nú til 5 ára) .. .. — 137.999.84
5. Eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 212.000.16, greiða kaupendur á næstu 7 árum með jöfnum árlegum afborgunum og gefa út fyrir þeim skuldabréf, er tryggt verður með II. veðrétti í hinni seldu eign. Skuldabréfið ber 7½% ársvexti, sem greiðast frá 1. maí 1969, en gjalddagi þess skal vera 10. okt.

ár hvert, í fyrsta sinn 10. okt. '70. Vextir greiðast eftir á í sömu gjalddögum og afborganirnar kr. 212.000.16

Kr. 550.000.00

Eignin selst í því ástandi, sem hún nú er í og kaupendur hafa kynnt sér með skoðun og sætt sig við að öllu leyti.

Kaupendur taka við íbúðinni h. 1. maí n. k., og miðast uppgjör vaxta, fasteignagjalda og annarra gjalda af íbúðinni við þann dag.

Er kaupendur hafa innt af hendi greiðslu skv. 3. tl. hér að framan, eiga þeir rétt á afsali sér til handa, enda gefa þeir þá út skuldabréf skv. 5. tl.

Mál, sem rísa kunna út af samningi þessum, skulu rekin fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og þarf ekki að leggja þau til sátta fyrir sáttamenn.

Reykjavík, 8. apríl 1969.

Karl Júlíusson
Katrín Guðjónsdóttir
Friðrika Guðmundsdóttir

Vottar:
Árni Halldórsson
Ásta Úlfarsdóttir".

Aðalstefndu fluttust inn í ofangreinda íbúð, eins og til stóð, þann 1. maí 1969. Svo virðist sem aðalstefndu hafi fljótlega haft eitthvað við ástand íbúðarinnar að athuga, og þann 15. september 1969 fluttust aðalstefndu úr íbúðinni, þar sem þær töldu hana óíbúðarhæfa.

Þann 19. júní 1969 ritaði lögmaður aðalstefndu bréf til aðalstefnenda. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Til mín hafa leitað frú Katrín Guðjónsdóttir og Friðrika Guðmundsdóttir, Víðimel 21 í Reykjavík, og falið mér að krefjast riftunar á kaupsamningi, er þær gerðu við ykkur hjónin 8. apríl þ. á., um tveggja herbergja íbúð til hægri í rishæð hússins nr. 21 við Víðimel. Jafnframt er krafizt endurgreiðslu þess, er greitt hefir verið upp í kaupverð, kr. 203.151,12, svo og skaðabóta fyrir tilkostnað og endurbætur auk vaxta og innheimtukostnaðar.

Ástæða til riftunar er sú, að þakið lekur, og er talið gerónýtt og þurfa algerrar endurnýjunar, þ. e. byggja nýtt þak. Má nærri

geta, að skjólstæðingar mínir myndu ekki hafa gert kaupin, ef þeim hefði verið þetta ljóst, en um þetta getur yður ekki hafa verið ókunnugt".

Lögmaður aðalstefndu ítrekaði riftunarkröfu sína með bréfi, dags. 22. september 1969, en þeirri riftunarkröfu var vísað á bug með bréfi aðalstefnanda Guðrúnar, dags. 25. september 1969.

Á bæjarþingi Reykjavíkur 2. september 1969 voru útnefndir tveir matsmenn að beiðni aðalstefndu til að skoða og meta skemmdir á íbúðinni. Í matsbeiðninni er verkefni matsmanna nánar lýst svo:

„Jafnframt því sem ég sendi yður, herra borgardómari, hjálagt bréf skjólst. m., frú Friðriku Guðmundsdóttur og frú Katrínar Guðjónsdóttur, Víðimel 21, til mín, dags. í gær, út af tjóni af völdum leka í íbúð þeirra í rishæð hússins og skemmdum á teppum í íbúðinni af völdum mölflugu leyfi ég mér hér með að fara þess á leit, að þér dómkveðjið tvo hæfa og óvilhalla menn til að skoða og meta skemmdir þessar, segja til um orsakir lekans og meta til fjár, hvað kosta muni fullkomin viðgerð á húsinu og spjöllum á teppum.

Skjólst. m. telja, að asbestþak muni hafa brotnað, e. t. v. við umgang út á þakið, og að vatn komist þar í gegn, en öruggt sé, að seljendur íbúðarinnar hafi vitað um þennan galla svo og um mölfluguna, þegar kaup gerðust, en á hvorugt var minnzt við kaupin. Þá þykir og rétt í öryggisskyni að beina matsgerð þessari að öðrum eigendum húseignarinnar Víðimelur 21 svo og þeim, er byggði húsið.

Þess er beiðzt, að matsmenn skili rækilega rökstuddri og sundurliðaðri matsgerð".

Matsgerð matsmanna þessara er dags. 19. september 1969. Hljóðar hún m. a. svo:

„Athugaðir voru allir gluggar og frágangur þeirra bæði að utan og innan. Einnig var farið út á þakið út um glugga á austurstofu sunnan megin og þakið ásamt portþaki athugað.

Athuguninni var einkum beint að þeim stöðum, þar sem kvartað var um leka.

Þegar athugunin fór fram, var þurrviðri, þannig að á þeim tíma var ekki mögulegt að leki sæist, en aftur á móti sáust greinileg merki um leka á nokkrum stöðum, en orsakir hans teljum við vera eftirtalið:

1. Illa kittaðar rúður í þakglugum.
2. Of lítið yfirfelldir opnanlegir gluggar.

3. Rýrnun á hornum glugga og karmstykkja, sem kemur fram sem rifur.
4. Blýþekjuumgerðir um glugga víða sprungnar.
5. Blýþekja á samskeytum aðalþaks og ports á suðurhlið sprungin á nokkrum stöðum.
6. Á asbestplötum þaks hússins eru sprungur og víða horn brotin af plötunum.

Til þess að fyrirbyggja áframhaldandi leka teljum við nauðsynlegt að bæta úr þeim göllum, sem taldir eru undir lið 1—6.

Ekki er óeðlilegt, að kostnaður við viðgerðir þessar nemi kr. 17.100.00.

Viðvíkjandi skemmdum á gólfteppunum skal tekið fram:

Gólfteppin eru af Axminster gerð, ofin úr gráspreng du garni, en undirleggið er þéttur svampdúkur.

Við athugun kom í ljós, að melfluga hafði hreiðrað sig meðfram teppajöðrunum og maðkurinn síðan skriðið inn í teppið og étið ullina, svo að floslykkjur losnuðu, og höfðu myndazt berir blettir, sumir nokkuð stórir.

Sýnishorn voru tekin á staðnum og rannsökuð í rannsóknarstofu, og staðfesti það álit okkar.

Til þess að fyrirbyggja frekari skemmdir vegna melflugu er nauðsynlegt að meindýraeyðir framkvæmi nauðsynlegar meleyðingarráðstafanir.

Hreinsa þarf teppin, en mögulegt mun vera að gera við skemmdirnar.

Kostnaður af þessum ráðstöfunum munu vera kr. 4.000.00".

Í matsbeiðni, dags. 3. desember 1969, var enn farið fram á útnefningu tveggja matsmanna til að meta meinta galla á íbúðinni. Matsbeiðendur voru aðalstefndu. Segir í matsbeiðninni á þá leið, að komið hafi upp, að einangrun á íbúðinni sé lítil eða engin. Er farið fram á, að metið sé til fjár, hvað kosta muni að bæta úr þeim göllum, svo að við megi hlíta.

Til þess að fullnægja beiðni þessari voru matsmenn útnefndir á bæjarþingi Reykjavíkur þann 5. desember 1969. Skiluðu þeir matsgerð sinni 23. desember 1969. Í þeim atriðum, sem hér þykja skipta máli, hljóðar hún svo:

„Íbúð Friðriku, sem er til hægri á 5. hæð hússins (þakhæð), er tvö herbergi, eldhús, bað og kompa auk gangs. Íbúðin er undir súð með 110 cm portvegg, klædd innan með gibsonítplötum, nema hvað steinveggur er á milli húsanna. Gibsonítið er klætt á tommu grind. Fyrir utan portið er einangrað með spón-

um, ca. 12—15 cm þykku lagi, eins og oft tíðkaðist á þeim tíma, sem hús þetta var byggt, en það mun hafa verið í kringum 1946. Samskonar spónalag var ofan á gibsonítplötum á lofti íbúðarinnar. Á portveggjum og súð var hins vegar engin einangrun finnanleg.

Í þeirri byggingarsamþykkt Reykjavíkur, sem gilti á þeim tíma, er hús þetta var byggt, og tók gildi 1. okt. 1945, segir m. a. svo í 23. gr.: „Alla útveggi íbúðarherbergja skal einangra gegn hitatapi, þannig að tapið verði ekki meira en 1 hitaeining á klukkustund um 1 fermetra stóran veggjaflöt fyrir hvert hitastig, er mismunar úti og inni. Sama gildir um kjallaragólf í íbúðarherbergjum og loft- og gólfplötur, sem útiloft liggur að".

Óhætt er að fullyrða, að kröfum þessum er ekki uppfyllt í því tilfelli, sem hér um ræðir. Í skilgreiningunni felst, að svokölluð kólnunartala, eða k-gildi, skuli ekki vera hærra en 1.0, en samkvæmt útreikningum mun hún vera hér mun hærri, eða allt að 1.4—1.5. Þá má benda á athugasemdir um einangrun þaka í ritinu Einangrun íbúðarhúsa eftir Guðmund Halldórsson, verkfræðing, bls. 45, en þar segir svo: „Vegna tiltölulega hærra hitastigs og meiri varmageislunar við þök en veggi er hagkvæmast að einangra þök allmiklu betur en veggi. Mun hæfilegt að létt þök (aðalefni tré) hafi k-gildi 0.3—0.4 kcal/m^{2}h°C, en steinsteypt þök k-gildi 0.4—0.5 kcal/m^{2}h°C". Að vísu eru þær kröfur, sem í ritinu eru fram settar, mun meiri en gerðar voru á þeim tímum, er hús þetta var bygt, en þær varpa þó skýru ljósi á það, hve langt frá okkar tíma kröfum einangrun íbúðarinnar er í raun og veru.

Matsmenn telja, að úr lélegri einangrun íbúðarinnar verði auðveldast bætt með 2" glerullareinangrun á portveggi og súð hennar. Sá flötur, er þyrfti að einangra, er nærri 50 m^2. Kostnaður við þessar endurbætur nemur að mati okkar kr. 15.000 krónum — fimmtán þúsund. — Að slíkum endurbótum loknum ætti íbúðin vissulega að fullnægja þeim kröfum, sem gerast um einangrun á íbúðarhúsnæði".

Aðalstefndu báðu um yfirmat á báðar framangreindar undirmatsgerðir. Yfirmatsgerðin er dags. 15. júlí 1970. Þau atriði í yfirmatsgerðinni, sem hér skipta mestu máli, hljóða svo:

„Eins og greinir í yfirmatsbeiðninni, er um tvær undirmatsgjörðir að ræða. Fyrri matsbeiðirnar fylgdu ekki.

Matsgjörð Indriða Níelssonar og Óttars P. Halldórssonar, dags. 23. 12. 1969 (matsmálið nr. 154/1969).

Matið fjallar um hitaeinangrun íbúðarinnar, en hún er í risi. Íbúðinni er greinilega lýst. Göllum, afleiðingum þeirra og leiðum til úrbóta ítarlega lýst. Erum við því sammála og höfum engu við að bæta.

Kostnað teljum við hæfilega metinn á kr. 20.800.00.

Matsgjörð Péturs Sigurjónssonar og Kristins Sigurjónssonar, dags. 19. sept. 1969 (matsmálið nr. 107/1969).

Matið fjallar um tvö atriði, leka á þaki og með gluggum og skemmdir á teppum.

1. Leki á þaki og með gluggum.

Þurrviðri var við skoðun, og sáum við því engan leka. Í undirmatinu er sagt, að greinileg merki hafi sézt um leka á nokkrum stöðum. Við skoðun skáru þau merki sig ekki úr, en íbúðinni er illa við haldið og erfitt um aðgreiningu.

Í undirmatinu eru taldar upp sex lekaorsakir (tölusettar). Síðan matið fór fram, hefur verið gert við þakið og það málað. Er því búið að bæta úr orsökum nr. 4, 5 og 6, og fundum við ekkert við það að athuga. Viðgerðir þessar eru á húsinu að utan og munu því teljast til sameiginlegs viðhalds og vera skipt niður eftir eignarhlutföllum. — Við teljum ekki ástæðu til mats. — Um gallana nr. 1, 2 og 3 erum við undirritaðir sammála. Úr þessum göllum hefur ekki verið bætt. Kostnað teljum við hæfilega metinn á kr. 4.000.00. Hvort hér er að einhverju leyti um sameiginlegt viðhald að ræða, er ekki okkar að meta. Gallalýsingu undirmatsins teljum við nægilega skýra.

2. Skemmdir á teppum.

Teppi eru á öðru herberginu og á ganginum. Samanlögð stærð þeirra er ca. 18,00 m^2.

Við erum í öllu sammála undirmatinu, einnig hvað kostnað varðar".

Þá er rétt að geta þess, að undir rekstri málsins sýnast aðalstefndu hafa komizt á snoðir um það, að hin umdeilda íbúð hefði eigi leyfi byggingaryfirvalda. Af því tilefni var enn á ný beðið um útnefningu matsmanna. Matsbeiðendur voru aðalstefndu og matsbeiðni þeirra dags. 23. júní 1970. Í matsbeiðni þessari er farið fram á, að með þeim sé sú verðrýrnun, sem af því kunni að leiða, að íbúðin er ósamþykkt, svo og hvert hafi talizt hæfilegt kaupverð hennar þann 8. apríl 1969.

Matsmenn skiluðu matsgerð, dags. 25. ágúst 1970, og er aðalefni hennar svohljóðandi:

„Við skoðun reyndist húsnæði það, sem meta átti, vera 1 stofa,

1 svefnherbergi, eldhús, bað, kompa og innri forstofa. Samkvæmt teikningu á hér að vera um að ræða 3 stúlkaherbergi, geymslu, W.C. og innri forstofu (gang). Stúlknaherbergin hafa verið notuð sem stofa, svefnherbergi og eldhús. Á húsnæðinu eru eingöngu þakgluggar. Innrétting í eldhúsi er lítil og ekki fastur fataskápur í svefnherbergi. Stærð húsnæðisins mun vera nálægt því að vera í samræmi við teikningu svo og lofthæð og hæð á porti. Húsnæðið er allt klætt innan með gibsonitplötum, nema hvað steinveggur er á milli húsanna. Húsnæðið á hlutdeild í þvottahúsi í kjallara.

Samkvæmt matsbeiðni, dags. 23/6 1970, er óskað eftir mati á eftirgreindum 2 atriðum:

1. „Verðrýrnun, er af því kann að leiða, að íbúðin er ósamþykkt".
2. „Hvert hafi talizt hæfilegt kaupverð hennar 8. apríl 1969".

Um 1. Ljóst er, að það skiptir talsverðu máli, hvort húsnæði það, sem hér um ræðir, er samþykkt af byggingaryfirvöldum sem sjálfstæð íbúð eða 3 stúlknaherbergi, W.C., geymsla og gangur, eins og teikning segir. Þyngstur á metunum í þessu sambandi er hinn skerti möguleiki til að fá lán, sem á að tryggjast með veði í húsnæðinu. Í þessu sambandi viljum við nefna: Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis lánar ekki út á svokallaðar ósamþykktar íbúðir. Eftir athugun höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að nú orðið veita stærstu lífeyrissjóðirnir, sem fólk búsett í Reykjavík á kost á að fá lán úr og við höfum kynnt okkur, lán út á ósamþykktar íbúðir. Yfirleitt gera lífeyrissjóðirnir þá meiri kröfur til veðsins. Sumir lána þá eingöngu út á 1. veðrétt.

Enginn efi er á því, að markaðshæfni ósamþykktrar íbúðar er nokkru minni en samþykktrar íbúðar, burt séð frá skertum lánsmöguleikum.

Með hliðsjón af öllum atriðum, sem þarna skipta máli, og þar á meðal stærð og gerð húsnæðisins, teljum við hæfilegt að meta verðmismun á því, að framangreint húsnæði er samþykkt eins og teikning sýnir, og um samþykkta sjálfstæða íbúð væri að ræða kr. 25.000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur. —

Um 2. Við mat okkar á hæfilegu kaupverði húsnæðisins þann 8. apríl 1969 höfum við haft til samanburðar kaupverð á litlum ris- og kjallaraíbúðum og markaðsverð almennt á þeim tíma. Með hliðsjón af öllum atriðum, sem hafa áhrif á íbúðarverð, teljum við kaupverðið eðlilegt kr. 550.000.00. Er þá miðað við samþykkta íbúð, sem ekki er haldin neinum sérstökum göllum.

Ennfremur er hafður í huga byggingatími hússins, staðsetning þess í borginni, greiðsluskilmálar og annað, sem máli skiptir".

2.2. Í aðiljaskýrslum Guðrúnar Jacobsens kom fram, að hún og þáverandi eiginmaður hennar, Karl Júlíusson, hafi keypt umrædda íbúð á árinu 1962 fyrir kr. 285.000.00. Þau hafi búið í íbúðinni, þar til hún var seld aðalstefndu. Hún sagði, að aðalstefnandi Karl hafi verið á sjó og hafi hún haft umboð fyrir hans hönd til þess að selja framangreinda íbúð. Aðalstefndu hefðu komið og skoðað íbúðina, fyrst Katrín, síðan báðar og síðan Friðrika tvisvar sinnum, að því er Guðrúnu minnti. Kvaðst Guðrún hafa sýnt þeim íbúðina og bent þeim sérstaklega á nauðsyn þess að gera við glugga íbúðarinnar, enda kvaðst Guðrún sjálf hafa tekið eftir því, að gluggar láku, þó mismunandi eftir því, á hvaða átt hann stóð. Hún kvaðst aldrei hafa tekið eftir því, að geymslur út við útveggi hafi lekið. Hún kvaðst hafa notað þær geymslur undir barnadót, bækur og málverk og fleira. Í geymslu út við útvegg í eldhúsi kvaðst Guðrún hafa geymt bala og fleira þess háttar, en ekki kvaðst hún hafa orðið vör við neinn leka í þeirri geymslu. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir því, að vindgangur væri í íbúðinni, ef hvassviðri væri, en gluggar hafi stundum getað opnazt í sviptivindum.

Í aðiljaskýrslu Guðrúnar er því lýst, að teppi hafi verið á gólfum horn í horn og pinnuð niður. Gólfdúkur hafi verið undir teppum þessum. Hún kveðst hafa tjáð aðalstefndu, að teppin mættu fylgja með í kaupunum, ef aðalstefndu vildu. Kvaðst Guðrún hafa gefið aðalstefndu teppin, enda hefðu þau ekki haft nein áhrif á kaupverðið. Sjálf kveðst hún ekki hafa haft neitt við teppi þessi að gera og litið svo á, að það kynni að koma sér vel fyrir kaupanda að hafa teppi þessi. Hún kveðst hafa tekið eftir því seinni part vetrar, að mölur var í teppi því, sem var í stofunni, í einu horninu. Kvaðst Guðrún hafa reynt að útrýma honum.

Þegar Guðrún var spurð að því, hvort henni hafi verið kunnugt um, að íbúðinni hafi verið áfátt að einangrun að einhverju leyti, kvaðst hún ekkert vit hafa haft á því.

Hún kvaðst hafa heyrt um það talað, veturinn áður en íbúðin var seld, að það kynni að vera, að byggingameistari hússins hefði breytt rishæðinni í öllum stigagöngum á þann hátt, að úr þeim hafi verið gerðar íbúðir. Samkvæmt teikningu hafi átt að vera einstaklingsherbergi og hafi herbergi þessi átt að fylgja hæðunum. Kvaðst Guðrún hafa skrifað bréf til byggingaryfirvalda

og beðið um, að gluggum íbúðarinnar yrði breytt, en þeirri beðni hafi verið synjað.

Svarbréf byggingarfulltrúa við þessari beiðni hefur verið lagt fram í málinu. Er það dags. 3. marz 1969 og hljóðar svo:

„Á fundi byggingarnefndar 27. febrúar s.l. var lagt fram bréf yðar varðandi breytingu á þakhæð hússins nr. 21 við Víðimel.

Í rishæðinni hafa verið samþykkt herbergi, sem gert var ráð fyrir, að tilheyrðu íbúðum hússins, en ekki íbúð.

Húsnæðið er á engan hátt löglegt sem sjálfstæð íbúð, og getur nefndin því ekki fallizt á umbeðna breytingu".

Aðalstefnandi Karl Júlíusson mun nú dveljast erlendis. Óformleg aðiljaskýrsla hans hefur verið lögð fram í réttinum. Í henni kveðst hann hvorki hafa vitað, að einangrun íbúðarinnar var áfátt að einhverju leyti eða hlotið samþykki byggingaryfirvalda né hafa kynnt sér það. Í aðiljaskýrslu þessari segir m. a. svo:

„Frá því að ég fór síðast úr íbúðinni og þar til hún var seld, liðu nær því tvö ár. Þegar ég skildi þar við, var þetta hlýleg og þokkaleg íbúð, sem við höfðum hlúð að sem hér segir: Sett teppi á stofu og gang, baðker var sett upp, og einnig var íbúðin máluð, ennfremur sem sameignin í blokkinni lét gera. Var gangur málaður, póstkassar settir upp og plan fyrir framan blokkina malbikað, enda samkomulag við alla aðila í blokkinni Víðimel 21 með afbrigðum gott. Tildrög sölunnar voru þau, að Guðrún Jacobsen skrifar mér til Spánar, að mig minnir, þar sem ég var í siglingum vegna stöðu minnar sem bryti hjá S. Í. S. Guðrún fór þar fram á að selja íbúðina, kvaðst vera þreytt á að ganga upp alla þessa stiga, eins og hún komst að orði, enda bættist við ungbarn í hópinn, og vildi þar með fá sinn hlut til að kaupa eitthvað heppilegra. Í þessu tilfelli skildi ég Guðrúnu vel, skrifaði henni um hæl og gaf henni heimild til að selja íbúðina. Um það leyti er ég kom til landsins (Íslands), fékk ég skeyti frá Guðrúnu þess efnis, að hún hefði kaupendur að íbúðinni, og var ég þar beðinn að mæta á skrifstofu Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmanns við Klapparstíg í Reykjavík á tilsettum tíma til að samþykkja söluna skriflega, sem ég svo gerði, og þar sá ég tilvonandi kaupendur í fyrsta sinn, sem voru mæðgur. Ég ávarpaði þá eldri og spurði, hvort þær vildu ekki, að við skoðuðum íbúðina saman, með mér sem eiganda íbúðarinnar, enda öll mætt tímanlega. Konan svaraði því til, að hún væri búin að koma oft til Guðrúnar og kynna sér íbúðina, og bætti við, að hún væri kunnug í þessari blokk frá gamalli tíð og þekkti þar

vel til og þyrfti því ekki að ónáða mig til þeirra hluta, eins og hún komst að orði. Annað töluðumst við ekki meira við. Var svo samningurinn gerður. Þær lofuðu að kaupa, og ég lofaði að selja, og sé ég enga ástæðu til að rifta þessum kaupsamningi".

Í aðiljaskýrslu aðalstefndu Friðriku Guðmundsdóttur segir á þá leið, að þær aðalstefndu hafi komið og litið á íbúðina tvisvar til þrisvar sinnum, áður en kaupsamningur hafi verið gerður. Hafi þær átt tal við Guðrúnu Jacobsen í bæði eða öll skiptin. Hafi Guðrún bent þeim á nauðsyn þess að mála glugga, en ekkert annað hafi verið tekið fram við þær aðalstefndu um hugsanlega galla á íbúðinni. Enginn sérfræðingur hafi verið til aðstoðar þeim aðalstefndu um kaupin og engar teikningar af íbúðinni hafi legið fyrir, áður en kaupin hafi verið gerð. Eftir að þær aðalstefndu höfðu flutt í íbúðina, hafi verið það þeirra fyrsta athugasemd við seljendur um ástand íbúðarinnar, að eldhúsinu hafi ekki verið skilað hreinu, eins og þó hafi verið um samið. Enn fremur kemur fram í aðiljaskýrslu Friðriku, að nokkrum dögum eftir að þær aðalstefndu hafi verið komnar inn í íbúðina, hafi gert rigningu og þá hafi þær aðalstefndu fyrst orðið varar við leka. Hafi lekið í gegnum eldhúsglugga, þar sem rúðan hafi ekki náð yfir gluggann að öllu leyti. Kvaðst hún hafa fengið viðgerðarmann til þess að bæta úr þessu og hafi hann gert við þennan glugga ásamt öllum gluggum íbúðarinnar. Kvaðst Friðrika hafa greitt fyrir viðgerð þessa, en viðgerðarkostnaður hafi numið kr. 2.770.00. Síðar kvaðst Friðrika hafa tekið eftir því, að íbúðin hafi einnig lekið á öðrum stöðum, m. a. hafi verið mikil bleyta í geymslu við útvegg undir súð í svefnherbergi, þegar rignt hefði. Sama hefði verið uppi á teningnum með sams konar geymslu í eldhúsinu. Kvaðst Friðrika hafa rætt um þetta við Þorstein Júlíusson hæstaréttarlögmann, en hann hafi haft með höndum innheimtu á kröfum samkvæmt 4. lið kaupsamningsins. Einnig hafi hún haft samband við Guðrúnu Jacobsen og kvartað við hana út af leka á þessum tíma, sem Friðrika taldi vera í maí 1969.

Í skýrslu Friðriku kemur fram, að með í kaupunum hafi fylgt teppi á gólfum, horn í horn, hafi það verið límt niður og neglt á ganga og stofu. Hún kvaðst hafa tekið eftir því, skömmu eftir að þær aðalstefndu voru fluttar í íbúðina og búnar að setja hana í stand, að teppin hafi verið mölétin og mölur reyndar verið í teppi þessu og um alla íbúðina. Aðalstefndu hafi reynt að útrýma honum, en þær tilraunir hafi eigi tekizt. Hún kvað þær

aðalstefndu hafa flutt úr íbúðinni 15. september 1969. Ástæðan hafi verið sú, að aðalstefndu hafi ekki getað haldizt við þar lengur fyrir leka, og auk þess hafi þeim fundizt íbúðin óíbúðarhæf í öðru tilliti. Hafi þær aðalstefndu flutt að Ránargötu 34 í leiguíbúð, þar sem þær búi enn, fyrir kr. 6.000.00 í leigugjald á mánuði. Tilefni til þess, að einangrun íbúðarinnar hafi verið metin, sagði Friðrika það, að trekkur hafi verið mikill í íbúðinni og kuldi, eftir að líða tók á haustið. Meðal annars hafi lúgur á framangreindum geymslum við útveggi opnazt, þegar hvasst hafi verið.

Friðrika kvaðst að vísu ekki hafa vitað um aldur íbúðarinnar nákvæmlega, en henni hafi verið ljóst, að um gamalt hús var að tefla. Kvaðst hún áður hafa búið í næsta stigahúsi á neðstu hæð í sömu blokk. Á þeim tíma hafi verið búið í risíbúð í því stigahúsi.

3.0.

3.1. Úrslit aðalsakar (sbr. 1.2.) og tveggja fyrstu gagnsaka (sbr. 1.3. og 1.4.) eru háðar því, hvort skilyrði riftunar séu fyrir hendi.

Aðalstefnendur telja, að skilyrði riftunar séu eigi fyrir hendi. Þeir telja fráleitt, að þeir hafi sýnt af sér nokkur svik í sambandi við sölu íbúðarinnar umrætt sinn. Þeir hafa bent á það, að hér hafi verið um gamalt hús að tefla og hafi aðalstefndu verið um það kunnugt. Þær hafi skoðað íbúðina og sætt sig við hana að öllu leyti. Aðalstefnendur telja einnig, að leka- og einangrunargallarnir hafi allir verið sýnilegir við skoðun og að sumu leyti alls ekki fram yfir eðlilega rýrnun íbúðarinnar og það, sem kaupendur hefðu mátt búast við. Aðalstefnendur hafi ekki verið byggjendur íbúðarinnar og hafi af þeim sökum enga vitneskju eða þekkingu haft um það, hvort einangrun íbúðarinnar hafi verið áfátt að einhverju leyti. Umrædd teppi hafi eigi fylgt með í kaupunum, heldur verið gefin aðalstefndu síðar.

Þá fullyrða aðalstefnendur, að þeir hafi eigi sýnt af sér sviksamlega launung varðandi það atriði, að íbúðin hafði ekki hlotið samþykki byggingaryfirvalda. Þeir hafi eigi gert sér grein fyrir þessu atriði og telja raunar, að hér sé ekki um neinn galla á íbúðinni að ræða. Þeir benda auk þess á, að aðalstefndu hafi vitað, hvernig ástatt var með umrædda íbúð, þar sem þær hefðu áður búið í sama húsi.

Loks telja aðalstefnendur, að alla vega séu umræddir gallar

svo smávægilegir, að riftun komi ekki til greina af þeim sökum.

Aðalstefndu telja skilyrði riftunar vera fyrir hendi.

Þær halda því fram, að um sviksamlega launung hafi verið að ræða. Í fyrsta lagi hafi verið um að ræða leka auk skemmda á gólfteppum, sem fylgja hafi átt með í kaupunum, í öðru lagi hafi komið upp, að einangrun í íbúðinni hafi verið ófullnægjandi samkvæmt þeim lágmarkskröfum, sem gerðar hafi verið, þegar húsið var byggt. Í þriðja lagi hafi aðalstefnendur leynt því við kaupin, að íbúðin hafði ekki hlotið samþykki byggingaryfirvalda.

3.2. Aðalstefnendur styðja einstaka kröfuliði sína í aðalsök (sbr. 1.2.) við kaupsamninginn, nema lið nr. 3, en þar er um skaðabótakröfu að ræða, sem þó ekki hefur verið nánar rökstudd.

Aðalstefndu telja alla kröfuliði í aðalsök órökstudda og enga grein gerða fyrir tjóni samkvæmt 3. tölulið.

Einstakir fjárkröfuliðir í gagnsökinni (sbr. 1.3.) eru við það miðaðir, að riftun nái fram að ganga. Fyrstu 3 liðirnir miðast við endurgreiðslu á því fé, sem aðalstefndu telja sig þegar hafa greitt, auk vaxta, næstu 3, útlagður kostnaður, og síðasti liðurinn, húsnæðisröskun að fjárhæð kr. 10.000.00, telja aðalstefndu bótakröfu. Í framhaldsgagnsök (sbr. 1.4.) hafa aðalstefndu hækkað skaðabótakröfu sína. Þær telja sig greiða í húsaleigu, frá því að þær fluttust úr hinni umdeildu íbúð, kr. 6.000.00 á mánuði. Gera þær nú kröfu, sem svarar til árs leigu, eða kr. 72.000.00, að frádregnum þeim kr. 10.000.00 fyrir húsnæðisröskun, sem getið var hér að framan. Við þessa fjárhæð hafa aðalstefndu bætt kr. 2.770.00, en það telja þær útlagðan kostnað sinn í sambandi við viðgerð á gluggum á hinni umdeildu íbúð.

Aðalstefnendur hafa ekki mótmælt einstökum kröfuliðum í fyrstu gagnsökinni (sbr. 1.3.). Á hinn bóginn er bótakröfunum í framhaldsgagnsökinni (sbr. 1.4.) mótmælt sem röngum.

3.3. Þriðja gagnsökin (sbr. 1.5.) er varakrafa, miðuð við það, að riftunarkrafa gagnstefnenda verði eigi tekin til greina.

Eins og rakið var í 3.1., telja aðalstefnendur, að þeir séu ekki bótaskyldir. Vísast til þess, sem þar er rakið um málsástæður aðilja.

Bótakröfur gagnstefnenda eru hér þannig sundurliðaðar:

Samkvæmt matsgerð 19. september 1969, sbr. 2.1. . .	kr. 21.100.00
Samkvæmt matsgerð 23. desember 1969 og yfirmatsgerð, dags. 15. júlí 1970	— 20.800.00
Samkvæmt matsgerð, dags. 25. ágúst 1970	— 25.000.00

Þóknun til matsmanna ..... kr. 19.000.00
Annar kostnaður í sambandi við útnefningu matsmanna ..... — 975.00

Samtals kr. 86.875.00

Aðalstefnendur hafa mótmælt öllum áðurgreindum matsgerðum sem röngum, hvað upphæð fébóta snertir. Þá telja aðalstefnendur, að í stað einnar undirmatsgerðar hafi verið framkvæmdar þrjár. Slíkt hafi verið algerlega óþarft og beri að taka tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar.

4.0.

4.1. Dómendur hafa gengið á vettvang og skoðað íbúð þá, sem hér er um deilt og þau missmíði, sem á henni eru talin vera.

Matsgerð sú, sem dagsett er 19. september 1969, sbr. 2.1., fjallar um lekaorsakir og galla á teppum á gólfum. Sumir galla þessara blasa við eftir lauslega skoðun, en flestir eru þess eðlis, að þeir fara eigi fram úr því, sem búast mátti við, miðað við aldur hússins og augsýnilegs ástands íbúðarinnar. Hvorki hefur heldur verið sýnt fram á, að svikum hafi verið beitt í sambandi við áðurgreind atriði né að þau hafi heldur verið sérstaklega áskilin við kaupin.

Framangreind matsgerð verður því eigi talin skjóta neinum stoðum undir kröfur gagnstefnenda í gagnsök.

Öðru máli gegnir um hitaeinangrun íbúðarinnar. Þar eru gæðafrávik meiri en búast hefði mátt við.

Aðalstefnendum, sem búið höfðu í íbúðinni um árabil, hlaut að vera kunnugt um, eins og aðstæður eru í íbúðinni, að einangrun hennar var áfátt. Þeim bar því að vekja athygli á þessum göllum við kaupin. Þar sem þetta var ekki gert, bera aðalstefnendur ábyrgð á vanbúnaði þessum.

Íbúðin hafði ekki samþykki byggingaryfirvalda, þá er sala fór fram, eins og rakið hefur verið. Sannað er, að aðalstefnanda Guðrúnu Jacobsen hafi verið um þetta kunnugt.

Dómendur eru þeirrar skoðunar, að aðalstefndu hafi mátt gera ráð fyrir því, að íbúðin hefði tilskilin leyfi byggingaryfirvalda. Hér var því einnig um galla að ræða, sem aðalstefndu bar að vekja athygli á við kaupin. Vanræksla á því hefur hins vegar í för með sér einnig hér ábyrgð fyrir aðalstefnendur.

Dómendur eru sammála mati yfirmatsmanna um úrbætur á

einangrunargöllunum og kostnað við þær úrbætur, þ. e. kr. 20.800.00.

Einnig þykir það rýra verðgildi íbúðarinnar, að hún hafði ekki hlotið samþykki byggingaryfirvalda. Dómendur eru sammála niðurstöðu áðurgreindrar matsgerðar, dags. 25. ágúst 1970 (sbr. 2.1.) um, að tjón af þessum sökum sé hæfilega metið á kr. 25.000.00.

Aðalstefndu hafa á hinn bóginn ekki sýnt fram á, að sviksamlegri launung hafi verið beitt við umrædd kaup. Gallar, sem íbúðin var haldin, eru heldur eigi svo stórfelldir né framkoma aðalstefnenda það vítaverð með hliðsjón af því, að ástæða þyki til að taka riftunarkröfu gagnstefnenda til greina, eins og málum er hér háttað.

Afleiðingin af framansögðu er sú, að gagnkröfur þær, sem raktar hafa verið í 1.3. og 1.4., verða ekki teknar til greina, en kröfugerð í báðum tilvikum er miðuð við riftun íbúðarinnar.

4.2. Kröfur aðalstefnenda í aðalsök nr. 1, 2, 4 og 6 (sbr. 1.2.) eru alfarið reistar á kaupsamningi aðilja. Þær þykir mega skilja sem kröfu um viðurkenningu á skyldu aðalstefndu til að efna loforð sitt samkvæmt áðurgreindum kaupsamningi, dags. 8. apríl 1969, og jafnframt um aðfararhæfan dóm um kröfuliði nr. 1 og 2, sbr. 6. Samkvæmt því, sem rakið er í 4.1., má taka þessa kröfuliði til greina, þó svo, að vextir ákveðast 7% á ári af kr. 25.000.00 frá 1. október 1969 til greiðsludags.

Krafa aðalstefnenda í aðalsök nr. 3 (sbr. 1.2.) er skaðabótakrafa. Þessi krafa hefur eigi verið viðhlítandi rökstudd, og eigi er hún neinum gögnum studd. Er því ekki unnt að taka hana til greina.

Kröfu aðalstefnenda, sem voru sameigendur umræddrar íbúðar, er kaupin fóru fram, ber því að taka til greina í aðalsökinni í samræmi við framanritað.

Dæma ber aðalstefndu til að greiða málskostnað í aðalsökinni, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

4.3. Gagnstefndu eru bótaskyld vegna galla þeirra, sem íbúðin var haldin. Samkvæmt því, sem rakið var í 4.1., nemur tjón gagnstefnenda af þessum sökum kr. 45.800.00, og verður þriðja gagnsökin tekin til greina með þeirri upphæð, sbr. 1.5.

Tekið verður tillit til matskostnaðar við ákvörðun málskostnaðar í gagnsök þessari, en hann þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Vextir ákveðast 7% á ári frá 8. apríl 1969, eins og krafizt er.

Gagnstefnendur höfðuðu þriðju gagnsökina, eftir að málið hafði verið dómtekið og endurupptekið á ný og gagnasöfnun í málinu var nær lokið. Sá málatilbúnaður var, eins og hér er háttað, andstæður 2. mgr. 70. gr., 110. gr. og 111. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem þessi málatilbúnaður olli þó ekki verulegum réttarfarsþyngslum, þótti ekki alveg nægjanleg ástæða að vísa sök þessari frá dómi án kröfu.

Dóm þennan kvað upp Stefán M. Stefánsson borgardómari ásamt meðdómendunum Diðrik Helgasyni byggingameistara og Braga Þorsteinssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Í aðalsök er aðalstefndu, Katrínu Guðjónsdóttur og Friðriku Guðmundsdóttur, skylt að efna loforð sitt samkvæmt framanrituðum kaupsamningi, dagsettum 8. apríl 1969. Gegn afhendingu afsals að risíbúð til hægri í húsinu nr. 21 við Víðimel, Reykjavík, er aðalstefndu, Katrínu Guðjónsdóttur og Friðriku Guðmundsdóttur, skylt að greiða óskipt aðalstefnendum, Karli Júlíussyni og Guðrúnu Jacobsen, kr. 25.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1969 til greiðsludags og að gefa út skuldabréf að fjárhæð kr. 212.000.16, sem greitt skal á 7 næstu árum með jöfnum árlegum afborgunum. Skuldabréfið skal vera tryggt með 2. veðrétti í risíbúð til hægri í húsinu nr. 21 við Víðimel í Reykjavík. Skuldabréfið skal bera 7½% ársvexti, sem reiknast frá 1. maí 1969, en gjalddagi bréfsins skal vera 10. október ár hvert, í fyrsta sinn 10. október 1970. Vextir skulu greiðast eftir á í sömu gjalddögum og afborganir. Aðalstefndu, Katrín Guðjónsdóttir og Friðrika Guðmundsdóttir, greiði aðalstefnendum, Karli Júlíussyni og Guðrúnu Jacobsen, kr. 25.000.00 í málskostnað í aðalsök.

Í gagnsök greiði gagnstefndu, Karl Júlíusson og Guðrún Jacobsen, gagnstefnendum, Katrínu Guðjónsdóttur og Friðriku Guðmundsdóttur, kr. 45.800.00 með 7% ársvöxtum frá 8. apríl 1969 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað.

Aðfararfrestur í báðum sökum er 15 dagar frá lögbirtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1971.

Nr. 88/1970. **Flugstöðin h/f**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Sólrúnu Hafsteinsdóttur sjálfri og vegna ófjárráða dóttur hennar, Gunnhildar Fjólu Valgeirsdóttur, og gagnsök
(Jón Skaftason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Flugslys. Dánarbætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. apríl 1970. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. apríl 1970. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum samtals kr. 1.514.485.00 með 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en gagnáfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, hefur einnig fengið gjafsókn hér fyrir dómi með leyfi dómsmálaráðuneytisins 1. júlí 1970.

I.

Með úrskurði Hæstaréttar 21. desember 1970 var aðiljum veittur kostur á að afla nokkurra nýrra gagna í málinu, og verður þeirra getið hér.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands eru á veðurathugunarstöðinni í Æðey „gerðar veðurathuganir klukkan 0900, 1200, 1500 og 1800 eftir íslenzkum staðaltíma. Samkvæmt reglum Veðurstofunnar er veðurathugunarmanni heimilt að hefja athuganir tíu mínútum fyrr. Veðurskeyti um þessar

athuganir berast til Veðurstofunnar í Reykjavík í langflestum tilfellum innan tuttugu mínútna eftir framangreinda tíma.

Á athugunarstöðinni á Reykhólum eru athuganir gerðar klukkan 0900, 1500 og 1800 IST. Veðurskeyti eru ekki send þaðan til Veðurstofunnar, heldur aðeins skýrslur mánaðarlega".

Vitnið Páll Bergþórsson veðurfræðingur hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Kveðst hann eigi minnast símtals þess við Marinó Þ. Jónsson, sem í héraðsdómi er rakið, enda sé mikið um slíkar fyrirspurnir. Við athugun á veðurkortum frá 15. júlí 1968 hefur Páll tekið þetta fram: „Um morguninn hafi verið þoka víðast hvar á Vestfjörðum, en þó bjart í Ísafjarðardjúpi og norður um Breiðafjörð. Klukkan 15.00 var þoka í grennd við Æðey. Klukkan 18.00 er aftur léttskýjað í Æðey, gott skyggni og talið flugfært suður um Glámuhálendi og Reiphólsfjöll og yfir hálendið upp af Langadalsströnd.

Í Flatey var $\frac{6}{8}$ skýjað í hæðinni 300—600 m, og samkvæmt því er það alveg á mörkum, að fært muni að fljúga sjónflug þaðan og norður í Ísafjarðardjúp. Reynslan er líka sú, að frá Æðey er erfitt að dæma um flugskilyrði á þessum heiðum vegna mikillar fjarlægðar. Álit mitt á flugskilyrðum á þessari leið hefur því sennilega verið það, að hugsanlegt væri að fljúga sjónflug yfir í Ísafjarðardjúp og þaðan til Ísafjarðar. Hins vegar væri þar hætt við þoku, eins og veðrið á Galtarvita og Hornbjargsvita benti til, enda færi kvöld í hönd.

Í framhaldi af þessu tekur vitnið fram, að af hálfu þeirra, sem þessar upplýsingar gefa, sé reiknað með því, að þær séu metnar af þeim, sem við þeim taka, og þá tekið tillit til þess, hvort um vana eða óvana flugmenn sé að ræða".

Þá hefur Páll getið þess, að þegar sagt sé í veðurvottorðum í málinu „Bjart til Glámuhálendis, Reiphólsfjalla og hálendis upp á Langadalsströnd. Vel fært flugvélum", sé það álit byggt á veðurathugunum í Æðey.

Hinn 11. janúar 1971 og 25. janúar 1971 voru þeir Borgþór H. Jónsson veðurfræðingur og Magnús Guðmundsson flugstjóri dómkvaddir til að segja álit sitt um það, „hvort ógætilegt hafi verið, að flugvélin TF-DGF færi ferð þá til Ísafjarðar, sem í málinu greinir, þegar gætt er flugkunnáttu og reynslu flugmannsins, flugtímans, upplýsinga um veður og veðurhorfur á flugleiðinni, þess, að fjarskiptastöð á Ísafirði var ekki opin, og annars þess, sem máli kann að skipta um ákvörðun um ferðina og undirbúning hennar".

Í álitsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dagsett er 11. febrúar 1971, segir svo m. a.: „Ekki er talið, að ógætilegt hafi verið að leyfa flug flugvélarinnar TF-DGF til Ísafjarðar um kvöldið 15. júlí 1968.

Eftirfarandi atriði styðja þetta álit: Mat á flugskilyrðum byggist fyrst og fremst á veðurkortinu frá því kl. 18, 15. júlí 1968, þar eð flugvélin fór frá Reykjavík kl. 20.23.

Um vestanvert landið var víðast hvar hægviðri allan daginn, 15. júlí 1968, og á Vestfjörðum var þoka við ströndina og yfir hafinu úti fyrir, a. m. k. fyrri hluta dagsins, en þegar leið á daginn létti þokunni víða, þó ekki á Hornbjargsvita, og á Galtarvita skánaði veður ekki fyrr en milli kl. 18 og 21 um kvöldið.

Háloftaathugunin kl. 12 þennan dag gaf vísbendingu um það, að mikið hitauppstreymi væri í neðstu 1000 metrum lofthjúpsins, a. m. k. yfir landi, þar sem yfirborðshitinn var 12 til 15 stig kl. 18.

Yfir hafinu mun þetta uppstreymi hafa verið lítið, en yfir landi mátti búast við einhverri kviku vegna þessa uppstreymis í neðstu 1000 metrunum. Annars var lofthjúpurinn á flugleiðinni í mjög stöðugu jafnvægi ofan við 1000 metra. Frostmarkslínan var í 9100 fetum, eða tæpum 3000 metrum. Það þarf því ekki að gera ráð fyrir ísingu á ytra borði vélarinnar. ...

Flugveðrinu má skipta í þrjá kafla á flugleiðinni:

1. Frá Reykjavík norður fyrir Klofning á Breiðafirði var mjög gott flugveður til sjónflugs. Kl. 18 var léttskýjað og gott skyggni í Reykjavík, Stykkishólmi og Búðardal, en

veðurlýsing frá Haukatungu kl. 15 tilgreindi þar léttskýjað, 20 km. skyggni, og flugskilyrði í Sátudal, Heydal og yfir fjallinu Sátu voru hin beztu, þ. e. bjart yfir dölunum og Sáta sást öll vel. Vel fært flugvélum. Það er því óhætt að slá því föstu, að veður til sjónflugs frá Reykjavík norður að Klofningi hefur verið mjög gott. Eins var útlit fyrir, að sama góða veðrið mundi haldast þarna, þar til fluginu lyki í Reykjavík a. m. k.

2. Annar kafli flugleiðarinnar er frá Klofningi og yfir hálendið, sem fljúga verður yfir til að komast yfir í Ísafjarðardjúp. Þar gat sjónflug verið vafasamt. Kl. 18 var veður í Flatey á Breiðafirði sem hér segir: VSV-2. Skýjað og skyggni 35 km. Hiti var 10.5 stig. ⅝ hlutar himins huldir flákaskýjum í 300—600 metra hæð.

Þetta gefur tilefni til þess að halda, að sjónflug geti verið vafasamt yfir hálendið norður af Barðaströndinni og Reykhólum, en þar sem veðurathugun frá Æðey kl. 18 sýndi, að þar var léttskýjað og skyggni 50 km og aðeins ⅜ hlutar himins huldir skýjum í 1500—2000 metra hæð, einnig voru flugskilyrði yfir Glámuhálendi, Reiphólsfjöllum og hálendinu upp af Langadalsströnd tilgreind sem hin beztu („bjart til Glámuhálendis, Reiphólsfjalla og hálendisins upp af Langadalsströnd. Vel fært flugvélum"), þá verður ekki talið annað en vel hafi verið reynandi að fljúga sjónflug þennan kafla.

3. Með hliðsjón af ofangreindum atriðum verður að álíta, að veðurskilyrði hafi ekki verið svo slæm, að ógætilegt sé veðurs vegna að reyna sjónflug áðurnefnda flugleið".

Þá segir svo í álitsgerðinni: „Um lokun fjarskiptastöðvarinnar á Ísafirði er álit undirritaðra, að flughæð og fjarlægð flugvélarinnar TF-DGF í umræddu flugi hafi verið slík, að ekki hefði verið um fjarskipti að ræða, eins og flugið fór fram, þótt fjarskiptastöðin hefði verið opin á Ísafirði".

Hinir dómkvöddu menn hafa staðfest álitsgerð sína fyrir dómi. Hefur Magnús Guðmundsson borið, að álitsgerðin sé byggð á almennum reglum um skyggni og skýjahæð, miðað við sjónflugsskilyrði. Samkvæmt veðurlýsingu frá Flatey kl. 1800 hafi skyggni verið betra heldur en sjónflugsskilyrði

krefjast, en hins vegar hafi skýjahæð verið í lágmarki. Borgþór H. Jónsson hefur borið, að frá Æðey sé ekki hægt að draga ályktun um veður sunnan hálendisins, sem fljúga átti yfir, miðað við neðstu 1000 metrana.

Þá hefur Helgi Jónsson flugmaður, sem einnig rekur flugskóla, komið fyrir dóm, en eins og rakið er í héraðsdómi, flaug hann frá Reykjavík 15. júlí 1968 kl. 2125 til Selárdals í Arnarfirði og lenti þar kl. 2225. Flaug síðan aftur eftir fimm mínútur til Reykjavíkur og lenti þar kl. 2331. Fyrir ferðina kveðst Helgi hafa átt símtal við Pál Bergþórsson veðurfræðing og fengið hjá honum upplýsingar um veður á flugleiðinni og hafi þær verið miðaðar við veðurathuganir frá kl. 1800. Þá hafi hann átt símtal við bóndann í Selárdal, sem hafi gefið þær upplýsingar, að ský lægju á fjöllum, en bjart úti fyrir og hægur vindur. Enn fremur hafi hann átt símtal við umboðsmann sinn á Bíldudal, sem hafi sagt, að ský væru á fjöllum, en bjart yfir Hornatám og vel fært yfir í Arnarfjörð. Hins vegar væru skúrir í dalbotnum. Helgi kvaðst hafa flogið sjónflug ofar skýjum. Þá skýrði Helgi frá því, að flugnemi með einkaflugpróf og um 120—130 flugtíma hefði þá um kvöldið óskað eftir að fá flugvél leigða til að fljúga vestur á land, en hann hafi verið að safna flugtímum. Kvaðst Helgi hafa synjað honum um vélina, þar sem hann taldi „veðrið ekki nægilega gott fyrir mann með ekki meiri reynslu".

II.

Samkvæmt skýrslu framkvæmdastjóra aðaláfrýjanda, sem rakin er í héraðsdómi, er starfsemi félagsins þríþætt: Það rekur flugskóla, það stundar leiguflug, þ. e. flytur farþega og farm með flugvélum fyrirtækisins, sem stjórnað er af starfsmönnum þess. Þá leigir það flugvélar án flugmanns þeim flugmönnum, sem rétt hafa til að fljúga þeirri gerð flugvéla. Aðaláfrýjandi leggur þá til flugvélina með öllum búnaði og svo eldsneyti gegn gjaldi, sem miðað er við floginn tíma. Framkvæmdastjóri aðaláfrýjanda hefur lýst því, að aðaláfrýjandi „hafi sem leigusali endanlegt úrskurðarvald um það, hvort flugferð á flugvélum félagsins sé farin". „Upp-

lýsingar um veður á fyrirhugaðri flugferð sé eitt af þeim atriðum, sem sú ákvörðun byggist á". Gísli heitinn Axelsson hafi einn staðið að samningum um leigu flugvélarinnar. Fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda hafi verið kunnugt um, að Gísli heitinn ætlaði að taka farþega í ferðina til Ísafjarðar, og ekkert haft við það að athuga, en Gísli mun hafa haft réttindi til að fljúga með farþega. Flugáætlun fyrir ferðina var gerð af starfsmönnum aðaláfrýjanda. Samkvæmt bréfi samgönguráðuneytisins 20. marz 1970 hafði aðaláfrýjandi eigi fengið formlegt leyfi til flugrekstrar á þeim tíma, er slys þetta varð, en rekið starfsemi sína „með vitund og samþykki flugyfirvalda og ráðuneytisins". Flugráð hafi mælt með flugrekstrarleyfi til aðaláfrýjanda 29. nóvember 1967 og ráðherra samþykkt leyfisbeiðnina 7. desember 1967. Hinn 26. ágúst 1968 veitti samgönguráðuneytið aðaláfrýjanda samkvæmt ákvæðum 82. gr. laga nr. 34/1964 „leyfi til kennslu- og leiguflugs hér á landi".

Þegar litið er til skipta aðaláfrýjanda og Gísla heitins Axelssonar um flugferð þá, er hér um ræðir og að framan er lýst, þá þykir mega telja aðaláfrýjanda, sem er loftferðafyrirtæki samkvæmt ákvæðum 97. gr. laga nr. 34/1964, bera samkvæmt 113. gr. laga nr. 34/1964 fébótaábyrgð á tjóni því, sem gagnáfrýjandi hefur beðið vegna fráfalls Valgeirs heitins Stefánssonar, enda þykir aðaláfrýjandi ekki hafa leitt fullar sönnur að því, að gerðar hafi verið allar nauðsynlegar ráðstafanir til að afstýra slysi þessu, sbr. 116. gr. laga nr. 34/1964.

Þá hefur aðaláfrýjandi engin rök að því leitt, að Valgeir heitinn Stefánsson hafi á nokkurn hátt tekið þátt í undirbúningi flugferðarinnar eða stjórnað flugvélinni á ferðinni. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um fébótaábyrgð aðaláfrýjanda.

III.

Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

A. Bætur til Sólrúnar Hafsteinsdóttur:

1. Bætur fyrir missi framfæranda .. .. kr. 1.233.792.00

2. Bætur fyrir röskun
á stöðu og högum kr. 150.000.00
kr. 1.383.792.00

B. Bætur til Gunnhildar Fjólu Valgersdóttur:
1. Bætur fyrir missi
framfæranda .. .. kr. 76.193.00
2. Bætur fyrir röskun
á stöðu og högum — 50.000.00
kr. 126.193.00

C. Kostnaður við tjónreikning .. .. .. kr. 4.500.00

Um A. Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknað af nýju með líkindareikningi fjárhæðir í máli þessu, miðað við hækkanir þær, sem orðið hafa á launatöxtum, frá því að hann framkvæmdi reikninga sína 20. desember 1968. Samkvæmt skýrslu hans 14. nóvember 1970 eru niðurstöður þeirra reikninga þessar:

„1. Verðmæti taps Sólrúnar hækkar úr kr. 1.233.792.00 í kr. 1.844.519.00.
2. Verðmæti hagnaðar Sólrúnar hækkar úr kr. 338.558.00 í kr. 506.144.00.
3. Verðmæti mæðralauna hækkar úr kr. 30.823.00 í kr. 44.847.00.
4. Verðmæti barnalífeyris vegna Gunnhildar Fjólu hækkar úr kr. 152.387.00 í kr. 212.580.00.
5. Verðmæti ekkjubóta frá Tryggingastofnun ríkisins er óbreytt, kr. 36.203.00".

Með skírskotun til gagna málsins þykja hæfilegar bætur til Sólrúnar fyrir missi framfæranda kr. 850.000.00, og hafa þá verið frá dregnar ekkjubætur og mæðralaun. Bætur til hennar fyrir röskun á stöðu og högum eru hæfilega ákveðnar kr. 100.000.00.

Um B. Með vísun til gagna málsins þykja bætur til Gunnhildar Fjólu hæfilega ákveðnar kr. 125.000.00 í heild.

Um C. Tekin verður afstaða til þessa kröfuliðar við ákvörðun málskostnaðar.

Úrslit máls þessa verða því þau, að aðaláfrýjandi verður

dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda Sólrúnu sjálfri kr. 950.000.00 (850.000.00 + 100.000.00) og vegna Gunnhildar Fjólu kr. 125. 000.00, hvor tveggja fjárhæðanna með 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1968 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skulu standa óröskuð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 130.000.00, og ber skipuðum talsmanni gagnáfrýjanda, Jóni Skaftasyni hæstaréttarlögmanni, af því fé kr. 100.000.00 í málflutningslaun.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Flugstöðin h/f, greiði gagnáfrýjanda, Sólrúnu Hafsteinsdóttur sjálfri, kr. 950.000.00, og vegna ófjárráða dóttur hennar, Gunnhildar Fjólu Valgeirsdóttur, kr. 125.000.00, hvor tveggja fjárhæðanna með 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1968 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eru staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 130.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, og ber skipuðum talsmanni gagnáfrýjanda, Jóni Skaftasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 100.000.00 af því fé í málflutningslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara og Ármanns Snævars prófessors.

Við vísum til þess, er greinir í I. þætti atkvæðis meiri hluta dómenda um gögn, sem aflað hefur verið eftir uppsögu héraðsdóms.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, reisir gagnáfrýjandi kröfur sínar á hendur aðaláfrýjanda í fyrsta lagi á 113. gr., sbr. 116. gr. og 1. mgr. 97. gr. loftferðalaga nr. 34/1964. Er flugvélin TF-DGF fórst hinn 15. júlí 1968 og með henni

eiginmaður gagnáfrýjanda, var hún í leiguumráðum flugmannsins, Gísla G. Axelssonar. Leigusamningur hans við eiganda flugvélarinnar, aðaláfrýjanda máls þessa, tók aðeins til flugvélarinnar sjálfrar, búinnar til flugs.

Gísli tók flugvélina á leigu og fór flugferðina í því skyni að safna flugtímum undir atvinnuflugmannspróf, en hvorki starfaði hann hjá aðaláfrýjanda né var á þessum tíma nemi í flugskóla hans. Hann samdi einn við aðaláfrýjanda um leigu flugvélarinnar, og átti hvorki eiginmaður gagnáfrýjanda né aðrir farþegar nokkurn hlut þar að. Ekkert er fram komið, sem bendir til þess, að það hafi skipt máli um leigugjald til aðaláfrýjanda eða önnur leigukjör, að flugmaðurinn leyfði farþegum för með sér. Vera þeirra í flugvélinni byggðist alfarið á samkomulagi þeirra og leigutakans, sem í því efni hafði ákvörðunarvald, enda hafði aðaláfrýjandi ekki næga ástæðu til að setja það skilyrði fyrir leigu flugvélarinnar, að ekki yrðu teknir farþegar, svo sem flugréttindum leigutakans var háttað.

Eiginmaður gagnáfrýjanda hafði sjálfur stundað flugnám, og með honum og Gísla G. Axelssyni var kunningsskapur. Verður ekki annað ætlað en að honum hafi verið fullljóst, hvernig umráðum Gísla yfir flugvélinni var háttað, og að hann flaug flugvélinni á sjálfs sín vegum, en ekki aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, verður ekki talið, að aðaláfrýjandi hafi verið flytjandi í merkingu 113. gr. laga nr. 34/1964, er flugvélin TF-DGF fórst. Aðaláfrýjandi var að vísu eigandi flugvélarinnar, en ekki ræður það úrslitum, þar sem lagaákvæði þetta leggur bótaábyrgðina á flytjandann án tillits til þess, hvort hann er eigandi loftfarsins eða ekki. Getur gagnáfrýjandi samkvæmt þessu ekki krafið aðaláfrýjanda um skaðabætur vegna fráfalls eiginmanns síns á grundvelli nefndrar 113. greinar loftferðalaganna. Haggar það ekki þessari niðurstöðu, þó að einn þáttur í starfsemi aðaláfrýjanda sé sá að flytja farþega með eigin flugvélum, þegar flutningar bjóðast.

Þá hefur gagnáfrýjandi í öðru lagi haldið því fram, að

aðaláfrýjandi sé skaðabótaskyldur, hvað sem líður fyrrgreindum ákvæðum loftferðalaganna, þar sem það hafi verið óvarlegt að fá Gísla G. Axelssyni flugvélina í hendur til flugs til Ísafjarðar, eins og veðurútliti og öðrum aðstæðum var háttað.

Í atkvæði meiri hluta dómenda eru rakin þau gögn, sem gagnáfrýjandi hefur aflað eftir uppsögu héraðsdóms þessu til styrktar. Svo sem þar greinir, er það niðurstaða dómkvaddra manna, sérfróðra um veðurfræði og flug, þeirra Borgþórs H. Jónssonar veðurfræðings og Magnúsar Guðmundssonar flugstjóra, að „ekki er talið, að ógætilegt hafi verið að leyfa flug flugvélarinnar TF-DGF til Ísafjarðar um kvöldið 15. júlí 1968".

Álitsgerð þessari, sem styrkt er af vætti Páls Bergþórssonar veðurfræðings, hefur ekki verið hnekkt með yfirmati eða á annan hátt. Hefur gagnáfrýjandi ekki sannað, að um hafi verið að tefla nokkra þá vanrækslu af hendi aðaláfrýjanda eða starfsmanna hans, er renni nægum stoðum undir bótakröfur þær, sem gerðar eru í málinu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 190.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Flugstöðin h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sólrúnar Hafsteinsdóttur vegna hennar sjálfrar og ófjárráða dóttur hennar, Gunnhildar Fjólu Valgeirsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Skaftasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 190.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. marz 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 23. f. m., hefur Sólrún Hafsteinsdóttir, Auðbrekku, Skriðuhreppi, Eyjafjarðarsýslu, höfðað vegna sín og fyrir hönd ófjárráða dóttur sinnar, Gunnhildar Fjólu, með stefnu, dags. hinn 3. febrúar 1969, á hendur Flugstöðinni h/f hér í borg til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.514.485.00 með 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1968 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. hinn 14. nóvember 1969, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar að mati dómsins og verði málskostnaður þá látinn niður falla.

Stefnandi hefur stefnt Tryggingu h/f til réttargæzlu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar dómkröfur gerðar, og af hans hálfu eru eigi hafðar uppi kröfur í málinu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 15. júlí 1968 tók Gísli G. Axelsson á leigu hjá stefnda flugvélina TF-DGF af gerðinni Piper PA-28, Cherokee 140, og var fyrirhugað að fljúga frá Reykjavík til Ísafjarðar og til Reykjavíkur aftur. Í flugvélinni voru þrír farþegar, og var Valgeir Stefánsson einn þeirra. Flugvélin fór frá Reykjavíkurflugvelli kl. 2023, og var áætlað, að hún lenti á Ísafirði kl. 2213. Var viðdvöl á Ísafirði áætluð 30 mínútur, og áætlunarkomutími til Reykjavíkur aftur var kl. 0033 um nóttina. Er flugvélin kom ekki fram eftir áætlaðan komutíma til Reykjavíkur, var farið að grennslast eftir henni. Kom þá í ljós, að hún hafði ekki komið til Ísafjarðar. Hófst nú mikil leit að flugvélinni, og um kl. 1045 hinn 17. júlí fannst flak hennar á svonefndri Brunnhæð á Látrabjargi. Voru allir látnir, sem í flugvélinni voru. Sólrún Hafsteinsdóttir, ekkja Valgeirs Stefánssonar, sem fengið hefur leyfi til setu í óskiptu búi, hefur höfðað mál þetta til heimtu bóta, sem hún telur sig og einkabarn þeirra Valgeirs, Gunnhildi Fjólu, hafa beðið við fráfall hans.

Loftferðaeftirlit ríkisins framkvæmdi rannsókn á atvikum að slysinu. Einnig framkvæmdi rannsóknarnefnd flugslysa samkvæmt 141. gr. laga nr. 34/1964 slíka rannsókn. Um síðargreindu rannsóknina og ályktanir, sem af henni voru dregnar, segir svo í skýrslu nefndarinnar:

„SKÝRSLA UM FLUGSLYS.

FLUGVÉL: Piper PA-28, Cherokee 140 TF-DGF.
HREYFILL: Lycoming 0-320-E2A, 150 hestöfl.
EIGANDI: Flugstöðin h.f., Reykjavík.
FLUGMAÐUR: Gísli G. Axelsson, látinn.
FARÞEGAR: Þrír — látnir.
SLYSSTAÐUR: Brunnhæð á Látraheiði, V.-Barðastrandarsýslu.
DAGUR/STUND: 15. júlí 1968, um kl. 2200?

YFIRLIT.

Þann 15. júlí 1968 tók Gísli G. Axelsson á leigu hjá Flugstöðinni h.f. í Reykjavík flugvélina TF-DGF í þeim ásetningi að fljúga til Ísafjarðar og til baka, en hann var að safna flugtímum undir atvinnuflugmannspróf. Með honum í flugvélinni voru 3 farþegar, þar af einn, sem hafði svipaða reynslu í flugi.

Flugið hófst frá Reykjavíkurflugvelli kl. 20.23, og áætlað var að fljúga sjónflug og lenda á Ísafjarðarflugvelli eftir 1.50 klst.

Þar sem flugvélin kom ekki fram eftir áætlaðan komutíma til Reykjavíkur (16.0033), hófst eftirgrennslan um ferðir flugvélarinnar, og kom þá í ljós, að hún hafði ekki lent á Ísafirði. Síðar fréttist, að sézt hefði til hennar við Arnarfjörð, Látra og síðast kl. liðlega 22.00 frá bænum Lambavatni á Rauðasandi.

Umfangsmikil leit hófst, og var henni haldið áfram, þar til flak flugvélarinnar fannst á Brunnhæð þ. 17. júlí um kl. 10.45.

Allir, sem í flugvélinni voru, voru látnir, og flugvélin hafði gjöreyðilagst.

1. RANNSÓKNIN.

1.1. UM FLUGIÐ.

Hinn 15. júlí 1968 tók Gísli Guðmundur Axelsson á leigu hjá Flugstöðinni h.f. í Reykjavík einshreyfils flugvél af gerðinni Piper PA-28 (Cherokee), TF-DGF, í þeim tilgangi að fljúga til Ísafjarðar og til baka eftir 30 mínútna viðdvöl á Ísafjarðarflugvelli.

Áætlað var að fljúga sjónflug.

Flugtíminn Reykjavík—Ísafjörður var áætlaður 1.50 klst., og til baka var áætlaður sami flugtími. Flugþol flugvélarinnar var 4.30 klst.

Flugturninn í Reykjavík hafði eðlilegt talsamband við flugvélina fyrir og eftir flugtak, síðan var ekkert talsamband við hana. Þegar flugvélin kom ekki til Reykjavíkur á áætluðum tíma

(16.0033), og ekkert var vitað um ferðir hennar, frá því að flugturinn í Reykjavík hafði síðast talsamband við hana, hófust fyrirspurnir um ferðir hennar. Kom þá í ljós, að flugvélin hafði ekki lent á Ísafjarðarflugvelli. Starfsmaður flugmálastjórnarinnar þar vissi ekkert um ferðir hennar. Reynt var að spyrjast fyrir um flugvélina, ef vera kynni, að einhver hefði séð hana á flugi. Þá fréttist um ferðir flugvélar, sem flaug út Arnarfjörð um kl. 21.30. Um kl. 22.00 sást hún frá Látrum, og flaug hún þá suður með. Kl. liðlega 22.00 sáu tveir piltar frá bænum Lambavatni á Rauðasandi, hvar einshreyfils flugvél flaug í stefnu austur, síðan kom hún til baka og flaug í vesturátt og hvarf þeim sjónum. Þetta er það síðasta, sem vitað er um ferðir flugvélarinnar.

Skipulögð leit hófst frá Reykjavík þ. 16. um kl. 03.40. Leitað var svæðið allt frá Reykjavík sem leið liggur að Vestfjörðum og allur Vestfjarðakjálkinn. Aðaláherzlan var lögð á Vestfirðina, nánar tiltekið þar, sem síðast sást til ferða flugvélarinnar. Einnig fór leitarflokkur um Látraheiði frá Látrum, en vegna þoku þar var erfitt um leit.

Hinn 17. júlí 1968 fundu leitarmenn flak flugvélarinnar um kl. 10.45 S.A. í Brunnahæð á Látraheiði í V.-Barðastrandarsýslu. Flakið var í um 400 metra hæð frá sjávarfleti.

Samtals tóku 20 flugvélar þátt í leitinni og flugu samtals 116 klst.

Á þriðja hundrað manns leituðu í skipulögðum gönguflokkum auk fjölda annarra, sem leituðu á fjörum, á vegum og í nálægð heimkynna sinna.

1.2. SLYS Á MÖNNUM.

	Áhöfn.	Farþegar.
Dauði:	1	3

1.3. SKEMMDIR Á FLUGVÉLINNI.

Flugvélin gjöreyðilagðist.

1.4. AÐRAR SKEMMDIR.

Engar.

1.5. UPPLÝSINGAR UM ÁHÖFNINA.

Gísli Guðmundur Axelsson, Álfhólsvegi 43, Kópavogi, f. 3. apríl 1947, 21 árs.

Hlaut skírteini flugnema nr. 909 8. júlí 1966 og skírteini einkaflugmanns 15. ágúst 1966.

Hann lauk bóklegu prófi fyrir blindflugsréttindi hinn 7. júní 1968 og fyrir atvinnuflugsréttindi 15. júlí 1968.

Hann hafði um 130 flugtíma, þar af 30 klst. á Piper PA-28-140.

Skírteini hans var í gildi til 16. apríl 1969.

1.6. UPPLÝSINGAR UM FLUGVÉLINA.

Flugvélin Piper PA-28 (Cherokee 140) er fjögurra sæta, einshreyfils lágþekja, sem er smíðuð úr málmi. Þrjú hjól eru undir flugvélinni (nefhjól og tvö aðalhjól), sem ekki er unnt að taka upp á flugi.

TF-DGF var smíðuð árið 1967 hjá PIPER AIRCRAFT CORPORATION, Lock Haven í U.S.A. Framleiðslunúmer hennar var 28.22872. Hún kom ný til Íslands og var skrásett hér 9. maí 1967 eign Flugstöðvarinnar h.f. í Reykjavík. Lofthæfnisskírteini hennar var síðast endurnýjað 14. maí 1968, og var það í gildi til 13. maí 1969.

Flugvélinni hafði verið flogið samtals í 1251.40 klst.

Hreyfillinn var frá Lycoming verksmiðjunum af gerðinni 0-320.E2A, 150 hestöfl, og hafði hann verið í notkun í samtals 1251.40 klst.

Allar skoðanir á flugvélinni fóru fram á réttum tíma.

1.7. VEÐURSKILYRÐI.

(i) Veðurstofan gaf eftirfarandi veðurlýsingu á flugleiðinni Reykjavík—Ísafjörður 15. júlí 1968 frá kl. 22.30 til 16.0200:

SSV 3—8 hnútar, skyggni gott, skýjafar 6, 5/8, SC og CV., hæð neðstu skýja um 500—700 m., toppar 1400—2000 m., vindur frá yfirborði upp í 3300 m. 270 gráður 10 hnútar (270/10), frostmark í 3000 m.

(ii) Að sögn manna á Vestfjörðum var dimmra yfir suðvesturhluta Vestfjarða og til heiða, þegar nær dró miðnætti hinn 15. júlí.

(iii) Helgi Jónsson flugmaður, sem flaug frá Reykjavík þ. 15. kl. 21.25 til Selárdals í Arnarfirði, segir:

„Mánudaginn 15. júlí 1968 flaug ég undirritaður frá Reykjavík til Selárdals í Arnarfirði á flugvélinni TF-HOF PIPER PA-23. Lagt var af stað frá Reykjavík kl. 21.25 og lent í Selárdal kl. 22.25. Stanzað var í um það bil 5 mínútur og flogið til Reykjavíkur aftur og lent kl. 23.31.

Veðurlýsing á flugleiðinni er í stórum dráttum þessi: Vindur á flugleiðinni var suðvestan ca. 5 hnútar. Frá Reykjavík og vestur á Mýrar var léttskýjað. Flogið var í 5000 feta hæð.

Frá Mýrum og vestur yfir Snæfellsnes var þunnt lag af stratustæjum ca. 500 feta þykkt, og sást víða niður í gegn. Þegar komið var að Snæfellsnesi, var Hvammsfjörður að sjá auður, þunnt skýjalag yfir Klofningi og vestur á Breiðafjörð norður

undir Flatey. Þar var léttskýjað á nokkuð stóru svæði vestur undir Sigluneshlíðar og austur undir Reykhóla.

Alskýjað var að sjá yfir Vestfjarðakjálkann og skýjatoppar ca. 3000 fet. Bjart var yfir í Arnarfjörðinn um Hornatær.

Þegar komið var vestur undir Vatnsfjörð, var flugið lækkað niður í 2000 fet, þaðan séð virtust heiðar norður um til Ísafjarðar vera lokaðar. Bjart var að sjá vestur með ströndinni, en ský lágu með fjöllum rétt niður fyrir fjallatoppa.

Þegar komið var niður í Arnarfjörðinn, var bjart að sjá út allan fjörðinn, ský lágu í fjallatoppum og rigningaskúrir í dalabotnum, og virtist hvergi vera að sjá neina þokumyndun. Þegar komið var yzt í Arnarfjörðinn, var að sjá bjart norður með núpum og suður fyrir Kóp og vel brotið í fjarðarmynninu. Fór ég þar upp í bakaleiðinni, og virtist skýjalagið vera um 500 fet að þykkt.

Flogið var sömu leið til baka, og veðrið virtist vera óbreytt".

1.9. FJARSKIPTI.

Eðlilegt talsamband var haft við flugturninn í Reykjavík, fyrir og skömmu eftir flugtak. Eftir það var ekkert talsamband haft við flugvélina, svo vitað sé.

1.10. FLUGVÖLLURINN OG ÚTBÚNAÐUR HANS.

Óháð slysinu.

1.11. FLUGRITI (Flight Recorder).

Enginn flugriti var í flugvélinni.

1.12. FLAKIÐ.

Fyrst hefur vinstri vængendi rekizt í, síðan hefur flugvélin stungizt á nefið í lágan urðarkamb, og þar hefur skrúfan brotnað af ásamt ýmsum smáhlutum. Síðan hefur flakið runnið um 9 m, þar til það stöðvaðist.

Vinstri vængur var svo til alveg rifinn af skrokknum, og hefur hann bognað yfir hann vegna hitans frá eldinum, er kviknaði í flakinu. Báðir vængirnir voru illa útleiknir af eldi.

Skrokkurinn lá svo til á hvolfi. Hann var nokkuð boginn fyrir aftan vængi, framhluti hans frá nefi aftur fyrir farþegaklefa var mjög illa brunninn.

Stél flugvélarinnar var heilt. Þess má geta, að gler yfir ljós það, sem er efst á hliðarstýrisugga, var óbrotið. Það gefur til kynna, að stélið hefur ekki rekizt í jörðina, heldur hefur skrokkurinn bognað við hitann og stélið svo rólega sigið til jarðar.

Hreyfillinn var mjög illa brunninn og brotinn. Skrúfan var

brotin og undin, en hún hefur snert jörð á miklum snúningshraða.

1.13. ELDUR.

Mikill eldur kom upp í framhluta flugvélarinnar. Var hreyfillinn, stjórn- og farþegaklefi verst farið. Einnig voru vængir mikið brunnir. Afturhluti skrokksins var óbrunninn.

1.14. ATRIÐI VARÐANDI BJÖRGUN.

Mikil leit var gerð að flugvélinni, en vegna þoku á Látraheiði fannst hún ekki fyrr en eftir 36 klukkustundir.

Allir, sem í flugvélinni voru, munu hafa látizt samstundis.

1.15. RANNSÓKN Á FLAKINU.

Litla rannsókn var unnt að framkvæma á flakinu, sökum þess hve mikið það var brotið og brunnið.

Öll mælitæki og stjórntæki voru gjörónýt og brunnin svo og allt annað í stjórn- og farþegaklefa.

Hreyfillinn var mikið brotinn og skemmdur af eldi.

Skemmdir á skrúfublöðum sýndu, að skrúfan hafði verið á miklum snúningshraða, er hún snerti jörð.

2. ÁLYKTANIR OG NIÐURSTÖÐUR.

2.1. ÁLYKTANIR:

Nefndin álítur, að flugmaðurinn hafi flogið sjónflug undir skýjum sem leið liggur norður með Mýrum yfir Rauðamelsheiði og yfir Breiðafjörð vestan Klofnings að Barðaströnd. Skyggni mun hafa verið allgott við norðanverðan Breiðafjörð, en skýjað yfir Vestfjarðakjálkanum og skýin legið að mestu á hálendinu allt frá Reiphólsfjöllum vestur um Þingmannaheiði til Dynjandisheiðar og því ekki sjónflugsskilyrði þar yfir til Ísafjarðar.

Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir hendi eru, munu ský ekki hafa legið það lágt, er vestar dró, að vel hefur sézt niður í suðurfirði Arnarfjarðar, þegar komið var yfir Vatnsfjörð. Þetta er sú leið, sem flugmaðurinn hefur farið og sennilega álitið sig vera að koma ofan í Ísafjarðardjúp, en stefnan frá Arngerðareyri að Ögri er nálægt því sú sama og út Arnarfjörðinn. Ekki er ósennilegt, að fjallaskúrir og þoka í dalbotnum hafi aukið á erfiðleika flugmannsins að staðsetja sig. Um kl. 21.30 sást til flugvélarinnar frá Selárdal, þar sem hún flaug út Arnarfjörðinn nálægt suðurströndinni.

Næst sást til flugvélarinnar frá Hvallátrum, og var hún þá á suð-vesturleið. Það síðasta, sem sást til hennar, svo vitað sé, var laust eftir kl. 22.00 frá bænum Lambavatni á Rauðasandi. Kom

flugvélin lágt úr vestri, en sneri við skammt austan Lambavatns og tók norð-vestlæga stefnu í átt að Látraheiði.

Nefndin álítur, að flugmaðurinn hafi ekki gert sér grein fyrir, hvaða leið hann flaug, fyrr en eftir að hafa flogið framhjá Látrabjargi og yfir Rauðasand og þá breytt um stefnu og ákveðið að halda áfram fluginu til Ísafjarðar.

Til að forðast fugla og lélegt veður við Látrabjarg og einnig til að stytta sér leið hafi hann hugsað sér að fljúga yfir Látraheiðina, en þar er vitað, að ský lágu á fjöllum.

2.2. NIÐURSTÖÐUR:

a) *Það, sem kom í ljós.*

(i) Lofthæfnisskírteini flugvélarinnar TF-DGF var í gildi.

(ii) Skoðanir höfðu verið framkvæmdar á réttum tímum skv. bókum.

(iii) Flugvélin hafði verið tekin á leigu hjá Flugstöðinni h.f. til Ísafjarðar, en flugmaðurinn var að safna yfirlandsflugtímum fyrir atvinnuflugmannspróf.

(iv) Ekki er vitað, að neitt athugavert hafi verið við flugvélina, áður en flugið hófst.

(v) Hleðsla og þungamiðja flugvélarinnar voru innan takmarka við flugtak.

(vi) Flugmaðurinn hafði réttindi til að stjórna þessari gerð flugvéla.

(vii) Flugmaðurinn hafði flogið milli 30—40 klst. í yfirlandsflugi.

(viii) Flugmaðurinn hafði enga þjálfun hlotið í blindflugi.

(ix) Starfsmaður Flugmálastjórnarinnar á Ísafirði vissi ekki um ferðir flugvélarinnar, og talstöðin þar var ekki opin.

(x) Eftirgrennslan hófst ekki fyrr en eftir þann tíma, sem flugmaðurinn hafði áætlað að lenda aftur í Reykjavík, en þá kom í ljós, að flugvélin hafði aldrei lent á Ísafirði.

b) *Orsök eða líkleg orsök slyssins.*

Orsök slyssins telur nefndin vera eftirfarandi:

Sökum ókunnugleika á staðháttum og takmarkaðri reynslu í flugi í veðurskilyrðum, sem þarna voru, hafi flugmaðurinn snúið of seint við, lent inni í skýjum, en þar sem hann hafði ekki fengið þjálfun í blindflugi, hafi það orðið honum ofviða að komast út úr þeim örðugleikum, sem hann var kominn í.

Hvort áreksturinn var í mjög krappri vinstri beygju eða eftir ofris, er ekki unnt að fullyrða".

Í málinu liggur fyrir vottorð Veðurstofu Íslands um veður á

Reykhólum, Lambavatni, Flatey, Hvallátrum, Kvígindisdal, Galtarvita og Æðey, hinn 15. júlí 1968. Er vottorðið svohljóðandi:

„Dags. 1968	Tími	Vindátt og veðurhæð	Mest veðurhæð milli athugana	Veður	Skyggni km.
				Reykhólar (1)	
15.7.	21	VSV 1	2	Skýjað	20—50
				Lambavatn (1)	
—	21	V 1	1	Alskýjað	2—4
				Flatey á Breiðafirði	
—	18	VSV 2	2	Skýjað	35
—	21	VSV 2	3	Skýjað	28
				Hvallátrar	
—	18	SV 2	2	Alskýjað, þoka á síðustu 6 klst.	65
—	21	SSV 2	2	Alskýjað, úði	4,5
				Kvígindisdalur	
—	18	SSV 2	2	Skýjað, þoka á síðustu 6 klst.	65
				Galtarviti	
—	18	SV 3	3	Þoka í grennd	1,5
—	21	SV 4	4	Skýjað	Meira en 30
				Æðey	
—	18	VNV 5	5	Léttskýjað	50

	Hiti C°:	Skýjahæð:
Reykhólar,	9.9	
Lambavatn,	10.9	Þoka á fjöllum.
Flatey á Breiðafirði,	10.5	300—600 m.
	9.6	200—300 m.
Hvallátrar,	9.4	600—1000 m.
	10.0	100— 200 m.
Kvígindisdalur,	11.0	300—600 m.
Galtarviti,	8.0	0—50 m.
	9.8	600—1000 m.
Æðey,	8.3	1500—2000 m.

Bjart til Glámuhálendis, Reiphólsfjalla og hálendis upp af Langadalsströnd. Vel fært flugvélum".

---

1) Veðurathuganir eru gerðar á tilteknum tímum á Lambavatni og Reykhólum, en veðurskeyti ekki send þaðan.

Elíeser Jónsson, framkvæmdastjóri stefnda, hefur skýrt svo frá, að flugferð sú, sem hér er fjalað um, hafi staðið fyrir dyrum í nokkra daga og hafi Gísli Axelsson verið búinn að ræða um ferðina við sig. Kveður hann Gísla hafa ætlað að fljúga til Ísafjarðar með einn eða fleiri kunningja sína. Einnig hafi Gísli verið búinn að óska eftir þessari sérstöku flugvél og hafi verið búið að skrá það hjá stefnda. Hafi Gísli einn verið um flugvélina. Elíeser kveður það hafa verið sökum lélegra veðurskilyrða, að ekki var flogið fyrr en þennan dag, og hafi það verið í samráði við starfsmenn stefnda. Elíeser kveður starfsmenn stefnda við daglegan rekstur hafa vitað, að flugferð þessi stóð fyrir dyrum. Elíeser kveður það vera einn af þáttum starfsemi stefnda að leigja flugvélar til einkaflugs til þeirra aðilja, sem hafi réttindi til slíks flugs. Kveður hann leiguflug ekki aðeins taka til þeirra tilvika, að flugvél sé leigð og henni fljúgi flugmaður, sem sé starfsmaður stefnda, heldur taki það einnig til leigu á flugvélum til þeirra, sem hafi réttindi til að fljúga flugvélum af þeirri gerð. Elíeser kveður Gísla hafa haft einkaflugmannsréttindi og kveður hann hafa stundað nám hjá stefnda til að ná þeim réttindum. Elíeser kveður einkaflugmenn taka flugvélar á leigu til að halda við og auka réttindi þau, sem þeir hafa öðlazt. Elíeser kveður umrædda flugvél hafa verið kennsluflugvél með tvöföldum stjórntækjum og hafi verið tvö sæti fremst í flugvélinni. Því hafi verið hægt að stjórna henni úr hvoru sætinu sem var. Elíeser kveður flugvélina að öllu leyti hafa verið búna til flugsins og kveður hana hafa haft eldsneyti til 4½ klst. flugs, þ. e. flugs til Ísafjarðar og til Reykjavíkur aftur að viðbættum lágmarksflugtíma. Elíeser kveður flug milli Ísafjarðar og Reykjavíkur taka 1½—2 klst. hvora leið. Við allar flugferðir kveður Elíeser gerðar flugáætlanir og hafi svo einnig verið í þetta skipti. Elíeser kveður það fasta reglu að leita upplýsinga um veður á fyrirhugaðri flugleið, áður en flogið er. Kveður hann upplýsingar um veður, sem byggt hafi verið á við þessa flugferð, hafa verið samkvæmt veðurathugunum, sem teknar hafi verið kl. 1800, og hafi þær verið fengnar hjá Veðurstofunni. Ekki kveðst Elíeser sjálfur hafa aflað þessara upplýsinga, því að hann hafi þá verið staddur úti á landi. Elíeser kveður ekki hafa verið hægt að fá nýrri upplýsingar um veður, áður en flugferðin hófst, nema með sérstökum hringingum út á land, en það sé aðeins gert í sérstökum tilvikum. Hann kveður skilyrði til sjónflugs hafa verið góð á flugleiðinni samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir lágu á grundvelli veður-

athugana kl. 1800, en hann kveður veður geta breytzt mjög mikið á tveimur klukkustundum. Elíeser kveður það aðeins vera Reykjavíkurflugvöll og Keflavíkurflugvöll, sem hafi opið fjarskiptasamband allan sólarhringinn, svo séu aðrir flugvellir, t. d. á Ísafirði, sem hafi fjarskiptavaktir ákveðinn tíma á sólarhring. Þegar svo áætlað sé flug á þeim tíma, sem fjarskiptasamband á lendingarstað sé opið, þá tilkynni flugturninn á brottfararstað brottfarartíma og áætlaðan lendingartíma til viðkomandi flugvallar. Ef áætlað er flug utan þess tíma, sem fjarskiptasamband er opið, þá kveður Elíeser slíkt flug leyfilegt, án þess að haft sé fjarskiptasamband við lendingarstað, en viðkomandi flugmaður geti oftast fengið aukavakt til fjarskipta, ef óskað er, en slíkt þurfi þá að greiða sérstaklega. Elíeser kveður það yfirleitt vera viðkomandi flugmann, sem óski eftir slíkri aukavakt. Kveður hann starfsmenn stefnda ekki hafa afskipti af slíku, ef öll skilyrði til flugsins eru nógu góð án slíks útkalls. Ef kalla þurfi út sérstaka vakt til fjarskiptaþjónustu vegna reynsluleysis flugmanns, þá kveður Elíeser stefnda ekki leyfa flugið. Elíeser kveður stefnda sem leigusala hafa endanlegt úrskurðarvald um það, hvort flugferð sé farin í flugvél hans, og kveður hann upplýsingar um veður á flugleiðinni vera eitt af þeim atriðum, sem sú ákvörðun byggist á. Ekki kveðst Elíeser vita, hversu mikið Gísli Axelsson hafi flogið um Vestfirði.

Vitnið Marinó Þórður Jónsson, starfsmaður stefnda, hefur skýrt svo frá, að sér hafi verið kunnugt um, að Gísli Axelsson hafi átt pantaðan tíma til flugs vestur á Ísafjörð um nokkurn tíma, áður en umrædd flugferð var farin. Vitnið kveður ástæðuna til þess, að ekki var flogið fyrr, hafa verið þá, að ekki hafi verið veðurskilyrði til þess að dómi starfsmanna stefnda. Þegar flugmenn eru að fljúga til að safna tímum, kveður vitnið það vera ýmist, að þeir fljúgi með kennara, þeir fljúgi einir eða þeir taki með sér farþega. Kveður vitnið það vera á valdi viðkomandi flugmanns í samráði við starfsmenn stefnda, hver háttur sé hafður á þessu. Vitnið kveðst hafa farið með Gísla út á veðurstofu á Reykjavíkurflugvelli, skömmu áður en flugferðin hófst, og þar hafi þeir aflað upplýsinga um veður á hinni fyrirhuguðu flugleið. Kveður vitnið þá hafa fengið upplýsingar um veður samkvæmt veðurathugunum, sem teknar hafi verið kl. 1800. Kveður vitnið upplýsingar þessar hafa gefið til kynna, að góð flugskilyrði væru á þessari leið. Vitnið kveðst hafa lagt fyrir Gísla að fljúga vestur Mýrar, vestur yfir Sátu og fyrir Klofning,

síðan fyrir vestan Reykjanes og fara síðan þaðan og niður í Ísafjörð í Ísafjarðardjúp og svo út Ísafjarðardjúp og til Ísafjarðarflugvallar. Kveðst vitnið hafa lagt á það áherzlu við Gísla, að ef hann kæmist ekki þessa leið, þá ætti hann að snúa við. Vitnið kveður það alltaf geta komið fyrir í flugferðum, að veður breytist, og kveðst það því hafa það fyrir fasta reglu að beina því til flugmanna, sem fá flugvélar stefnda til afnota, að snúa við, ef þeir komast ekki þá leið, sem fyrirhuguð er. Vitnið kveður búið hafa verið að loka flugturninum á Ísafirði á þeim tíma, er umrædd flugferð var farin, og því hafi ekki verið fjarskiptasamband við hann, en það kveður heimilt að fljúga sjónflug til Ísafjarðar, án þess að vakt sé í flugturninum þar. Ekki kveður vitnið það hafa komið til tals milli þeirra Gísla, að ástæða væri til að fá aukavakt í flugturninn á Ísafirði til fjarskipta. Eftir að flugvél er komin á loft, kveður vitnið starfsmenn stefnda ekki hafa tök á að sjá til þess, að farið sé eftir fyrirmælum, sem þeir hafa gefið. Vitnið kveður engan varning hafa verið með flugvélinni í umræddri ferð og kveður flugmanninn og farþega ekki hafa flutt með sér farangur. Kveður vitnið sér hafa verið kunnugt um, að með þeirri hleðslu, sem á flugvélinni var, hafi þyngdarpunktur hennar verið innan marka. Vitnið kveðst hafa kennt Gísla Axelssyni til flugprófs ásamt öðrum kennurum stefnda. Kveður það Gísla hafa verið mjög góðan nemanda og kveður hann hafa staðið sig vel í námi sínu.

Í greinargerð og við munnlegan flutnings málsins voru kröfur stefnanda sundurliðaðar þannig:

A. Bætur til hennar sjálfrar:

1. Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	1.233.792.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	150.000.00
	Kr.	1.383.792.00

B. Bætur til Gunnhildar Fjólu:

1. Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	76.193.00	
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	50.000.00	
	Kr.	126.193.00	kr. 126.193.00
C. Kostnaður við tjónaútreikning			— 4.500.00
			Kr. 1.514.485.00

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að samkvæmt ákvæði 113. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964 beri stefndi fébótaábyrgð á tjóni þeirra vegna missis framfæranda þeirra við andlát Valgeirs Stefánssonar. Er bent á í því sambandi, að stefndi hafi haft af því atvinnu að leigja flugvélar til þeirra, sem réttindi höfðu til flugs. Í tilviki því, sem hér er fjallað um, hafi stefndi leigt Gísla Axelssyni greinda flugvél til flugs til Ísafjarðar, en ekki liggi fyrir skriflegur samningur um það efni. Ljóst sé þó, að Gísli hafi ekki haft leyfi til flutnings samkvæmt ákvæði 82. gr. loftferðalaga, sbr. ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 13/1947. Er því haldið fram, að umráð Gísla yfir flugvélinni hafi eigi verið slík, að unnt sé að líta á hann sem flytjanda í skilningi laga nr. 34/1964. Er því haldið fram, að félög, sem hafa það að atvinnu að leigja út flugvélar, hljóti að teljast flytjendur í skilningi laga um loftferðir, enda kaupi þau sér vátryggingu sem slík. Því verði að líta svo á, að flug með farþega í umrætt sinn hafi verið framkvæmt á ábyrgð stefnda. Þá er á það bent af hálfu stefnanda, að samkvæmt ákvæði 117. gr. laga um loftferðir sé sönnunarbyrðinni snúið við og lagt á flytjanda að færa sönnur á, að hann beri ekki ábyrgð á tjóni, og verði slík sönnun að vera ótvíræð. Það hafi stefnda ekki tekizt í máli þessu. Er á það bent í þessu sambandi, að Gísli Axelsson hafi lært flug hjá stefnda. Hann hafi ekki haft reynslu í blindflugi og hafi starfsmönnum stefnda verið um þetta kunnugt. Það hafi því verið óverjandi af þeim að leigja Gísla flugvélina til flugs til Ísafjarðar við þau veðurskilyrði, sem þá voru á þeirri leið. Er því og haldið fram í því sambandi, að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi borið að láta starfsmenn flugmálastjórnarinnar á Ísafirði hafa opið fjarskiptasamband.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að ekkert það hafi komið fram í máli þessu, sem bent geti til þess, að þeir menn, sem stefndi ber ábyrgð á, hafi í nokkru sýnt af sér vanrækslu eða að þeir hafi með nokkru móti getað afstýrt slysinu. Þvert á móti bendi allt til þess og verði að teljast sannað, að orsök slyssins verði eingöngu rakin til veðurs og reynsluleysis flugmannsins. Er á það bent af hálfu stefnda, að Valgeir Stefánsson hafi sjálfur verið flugmaður og muni hafa haft sams konar réttindi og Gísli Axelsson, og sé jafnvel ekki vitað, hvor þeirra hafi setið undir stýri, er slysið varð. Er því mótmælt af hálfu stefnda, að hann verði talinn flytjandi samkvæmt ákvæðum IX. kafla laga um loftferðir. Einnig er því mótmælt, að Gísli Axelsson verði talinn hafa verið

starfsmaður stefnda. Er því haldið fram, að enginn af starfsmönnum stefnda hafi haft nokkur þau afskipti af því, að umrædd flugferð var farin, sem valdið geti húsbóndaábyrgð stefnda. Í því sambandi er því haldið fram, að flugvélin hafi verið í fullkomnu lagi. Samkvæmt þessu er því haldið fram af hálfu stefnda, að hvorki lagareglur né lagarök leiði til þess, að fébótaábyrgð verði á hann lögð.

Hinn 7. desember 1967 hafði samgöngumálaráðherra samþykkt flugrekstrarleyfi til stefnda.

Það verður að telja, sbr. 82. gr. laga um loftferðir, að stefndi sé loftferðafyrirtæki, sem annist loftflutninga samkvæmt IX. kafla loftferðalaga, þótt ekki muni vera þar um reglubundnar loftferðir að ræða. Það er ágreiningslaust, að ekki hafi verið gerður skriflegur samningur um leigu Gísla Axelssonar á umræddri flugvél. Rekstur loftferðafyrirtækja er allumfangsmikil og margþætt starfsemi, og er stjórn loftfars aðeins þáttur hennar, þótt veigamikill sé. Fyrirsvarsmaður og starfsmaður stefnda hafa lýst afskiptum þeirra af undirbúningi ferðarinnar. Þegar atriði þessi eru virt, þá verður að telja, að umráð Gísla Axelssonar yfir flugvélinni hafi ekki verið svo sjálfstæð, að hann verði talinn fyltjandi í skilningi 113. gr. loftferðalaga nr. 34/1964. Þykir því verða að líta svo á, að flutningur farþega í flugvélinni í umrætt sinn hafi verið framkvæmdur af stefnda sem loftferðafyrirtæki, og því beri stefndi ábyrgð samkvæmt ákvæði 113. gr. laganna sem flytjandi gagnvart farþegum þeim, sem í flugvélinni voru. Af hálfu stefnda hafa ekki verið færðar að því sönnur, að starfsmenn hans hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að afstýra tjóni eða að það hafi ekki verið á þeirra valdi, sbr. ákvæði 116. gr. loftferðalaganna. Í málinu hefur af hálfu stefnda ekki verið byggt á ákvæði 117. gr. laganna. Samkvæmt þessu verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna andláts Valgeirs Stefánssonar felld á stefnda.

Verður nú afstaða tekin til einstakra kröfuliða dómkrafnanna.

Um A 1. Fjárhæð kröfuliðar þessa er byggð á útreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings, dags. hinn 20. desember 1968. Um grundvöll útreiknings og niðurstöðu segir svo í bréfi tryggingafræðingsins:

„Valgeir Stefánsson lézt í flugslysi 15. júlí 1968.

Valgeir er sagður fæddur 10. júní 1948 og hefur því verið 20 ára á slysadegi. Hann lét eftir sig ekkju, Sólrúnu Hafsteinsdóttur, sem sögð er fædd 17. nóvember 1947, og hefur hún því einnig

verið 20 ára á slysadegi. Eitt barn áttu þau, Gunnhildi Fjólu, fædda 5. febrúar 1968.

Áætlun vinnutekna fyrir Valgeir:

Þegar slysið varð, vann Valgeir hjá Loftleiðum h.f., en þar hóf hann störf 14. júní 1967. Þar sem Valgeir var einungis 20 ára á slysdegi, verður ekki byggt á skattframtalstekjum hans við áætlun framtíðartekna.

Ég mun nota upplýsingar Loftleiða h.f., en samkvæmt þeim voru launakjör Valgeirs þessi:

Hann fékk greitt samkvæmt 6. taxta Verzlunarmannafélags Reykjavíkur að viðbættum 15%. Í fastalaunum hans voru innifaldar að auki 22 eftirvinnustundir og 5 eftirvinnustundir á mánuði. Mánaðarlaun hans á slysdegi námu kr. 14.674.00. Hann átti ekki von á sérstökum hækkunum við starf það, er hann vann, en hefði að sjálfsögðu notið hækkana á vísitölu og vegna starfsaldurs. Loftleiðir greiddu vegna Valgeirs í laun á þessu ári alls kr. 147.987.00, og reiknuðust launin til 15. október s.l.

Á þessum grundvelli hef ég áætlað framtíðartekjur, svo sem sýnt er í næstu töflu. Á það skal bent, að Valgeir mun hafa fengizt við flugnám, og er hugsanlegt, að það hefði aukið tekjur hans, er fram liðu stundir:

	Áætlaðar vinnutekjur:
1. árið eftir slysið	kr. 138.568.00 (9 mánuðir)
2. — — —	— 186.492.00
3.—6. — — —	— 194.040.00
7.—11. — — —	— 202.044.00
Síðan árlega	— 210.024.00

Tap Sólrúnar:

Að venju er gert ráð fyrir, að Sólrún hefði notið tekna manns síns til jafns við hann. Þar sem hjónum ber jöfn skylda til að framfæra börn sín, geri ég ráð fyrir, að til framfærslu barns þeirra hefði runnið frá tekjum hvors hjónanna sem svarar hálfum barnalífeyri. Árlegur barnalífeyrir er nú kr. 16.134.00.

Tap Sólrúnar áætlast því:

1. árið eftir slysið	kr. 61.222.00
2. — — —	— 85.234.00
3.—6. — — —	— 88.958.00
7.—11. — — —	— 92.960.00
12.—15. — — —	— 96.950.00

16. árið eftir slysið .. .. kr. 100.306.00
Síðan árlega .. .. — 105.012.00

Verðmæti þessa taps reiknast mér nema á slysadegi: Kr. 1.233.792.00.

Við útreikning verðmætisins er notuð lífrenta á líf beggja hjónanna og gert ráð fyrir starfshæfu lífi fyrir hann.

Áætlun vinnutekna fyrir Sólrúnu:

S.l. ár vann Sólrún utan heimilis, eftir að hún giftist 2. september, en eftir að dóttir hennar fæddist, mun hún ekki hafa unnið utan heimilis. Ekki verður þó hjá því komizt að áætla henni tekjur fyrir vinnu utan heimilis. Ég geri ráð fyrir hálfum dagvinnutekjum á Iðjutaxta fyrir slíka vinnu. Áætlaðar vinnutekjur verða þá:

1. árið eftir slysið .. .. kr. 61.835.00
Síðan árlega .. .. — 63.120.00

Hagnaður Sólrúnar:

Þegar tekið er tillit til framfærslu barnsins og gert ráð fyrir, að maður Sólrúnar hefði notið tekna hennar til jafns við hana, fæst eftirfarandi áætlun hagnaðar:

1. árið eftir slysið .. .. kr. 22.856.00
2.—15. — — — .. .. — 23.498.00
16. — — — .. .. — 26.854.00
Síðan árlega .. .. — 31.560.00

Verðmæti þessa hagnaðar reiknast mér nema á slysadegi: Kr. 338.558.00.

Hér hefur verið notuð lífrenta á líf beggja og reiknað með starfshæfu lífi fyrir hana.

Bætur frá Tryggingastofnun ríkisins:

Sólrún á rétt á ekkjubótum frá Tryggingastofnun ríkisins. Í 3 mánuði kr. 3.842.00 og síðan í 9 mánuði kr. 2.881.00.

Verðmæti þessara bóta á slysadegi nemur: Kr. 36.203.00.

Auk þess á hún rétt á mæðralaunum, þar til dóttir hennar verður 16 ára, kr. 3.227.00 á ári. Verðmæti mæðralaunanna á slysadegi nemur: Kr. 30.823.00.

Barnalífeyrir:

Ég hef að lokum reiknað út verðmæti barnalífeyris vegna Gunnhildar Fjólu, og reyndist það á slysadegi: Kr. 152.387.00.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla og kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu".

Er fjárhæð kröfuliðar þessa byggð á þeim hluta útreikningsins, sem tekur til framtíðartekna Valgeirs Stefánssonar. Af hálfu stefnda er fjárhæð þessa kröfuliðar mótmælt sem of hárri. Er bent á það, að við ákvörðun bóta sem þessara beri að taka tillit til þess, að þær séu undanþegnar álagningu tekjuskatts og tekjuútsvars, og einnig beri að hafa hliðsjón af því hagræði, sem stefnandi hafi af eingreiðslu bótanna. Með hliðsjón af útreikningi tryggingafræðingsins og með tilliti til þeirra atriða, sem rétt þykir að hafa í huga við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykja bætur þær hæfilega ákveðnar kr. 650.000.00, og hafa þá verið dregnar frá kr. 67.026.00 sem reiknað verðmæti ekkjubóta og mæðralauna á slysadegi.

Um A 2. Af hálfu stefnda hefur fjárhæð þessa kröfuliðar verið mótmælt sem of hárri. Þegar virt er það, sem fram er komið um hagi stefnanda, þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 80.000.00.

Um B 1 og 2. Fjárhæð bóta fyrir missi framfæranda er byggð á útreikningi tryggingafræðingsins á verðmæti barnalífeyris með Gunnhildi Fjólu, og er fjárhæð kröfuliðarins helmingur niðurstöðufjárhæðar þess útreiknings. Af hálfu stefnda hefur fjárhæðum þessum verið mótmælt sem of háum. Með hliðsjón af útreikningi tryggingafræðingsins og með tilliti til annarra þeirra atriða, sem rétt þykir að hafa í huga við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 110.000.00.

Um C. Rétt þykir að taka afstöðu til þessa liðar við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt upphafsákvæði 118. gr. loftferðalaga er hámark ábyrgðar flytjanda vegna hvers einstaks farþega bundið við kr. 36.000.00, en samkvæmt niðurlagsákvæði greinarinnar skulu skaðabætur reiknaðar eftir gullgildi, og skal hámarksfjárhæð bóta breytast í samræmi við þá breytingu, sem orðið hefur á gullgildi íslenzkrar krónu frá gildistöku laga nr. 34/1964 til dómsuppsögudags. Samkvæmt bréfi Seðlabanka Íslands í dag jafngilda 36.000.00 krónur nú kr. 1.437.454.80, miðað við þær breytingar, sem orðið hafa á gullgildi íslenzkrar krónu frá 1. janúar 1965 til dagsins í dag. Eru því skaðabætur þær, sem

ákvarðaðar hafa verið stefnanda, innan marka ábyrgðar stefnda samkvæmt 118. gr. loftferðalaga.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnandanum Sólrúnu sjálfri kr. 730.000.00 (650.000.00 + 80.000.00) og Sólrúnu fyrir hönd ófjárráða dóttur, Gunnhildar Fjólu, kr. 110.000.00, hvort tveggja með 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1968 til greiðsludags, svo og málskostnað, samtals kr. 96.500.00. Þar af hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Jón Skaftason hæstaréttarlögmaður, kr. 90.000.00 í málflutningslaun.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendum Birni Guðmundssyni flugstjóra og Karli Eiríkssyni flugmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Flugstöðin h/f, greiði stefnandanum, Sólrúnu Hafsteinsdóttur sjálfri, kr. 730.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1968 til greiðsludags. Stefndi greiði stefnandanum, Sólrúnu Hafsteinsdóttur f. h. Gunnhildar Fjólu Valgeirsdóttur, kr. 110.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1968 til greiðsludags. Stefndi greiði stefnandanum, Sólrúnu Hafsteinsdóttur sjálfri og fyrir hönd Gunnhildar Fjólu, samtals kr. 96.500.00 í málskostnað og af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður þeirra, Jón Skaftason hæstaréttarlögmaður, kr. 90.000.00 í málssóknarlaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. júlí 1971.

Nr. 86/1971. **Veiðifélag Mývatns f. h. eigenda og umráðamanna jarða, er lönd eiga að Mývatni, Ragnar Steinbergsson f. h. eigenda og umráðamanna tiltekinna jarða í Skútustaðahreppi, sem ekki eiga lönd að Mývatni, Hreppsnefnd Skútustaðahrepps og Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

gegn

Jóhanni Skaptasyni sýslumanni, Birni Friðfinnssyni bæjarstjóra og Friðriki Magnússyni hæstaréttarlögmanni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds og Benedikt Sigurjónsson og Bjarni K. Bjarnason borgardómari, prófessor Gaukur Jörundsson og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Kvaðning samdómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Skaptason sýslumaður og samdómendurnir Björn Friðfinnsson bæjarstjóri og Friðrik Magnússon hæstaréttarlögmaður hafa kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 8. júní 1971 hafa sóknaraðiljar samkvæmt heimild í a lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið til Hæstaréttar úrskurði aukadómþings Þingeyjarsýslu, sem kveðinn var upp 4. júní 1971, þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um, að dómendur vikju sæti í máli milli sóknaraðilja. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 28. júní 1971.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og breytt á þann veg, að dómendum verði gert að víkja úr dómarasæti í framangreindu máli.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borizt kröfur né greinargerðir.

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, er hinn reglulegi héraðsdómari, Jóhann Skaptason sýslumaður, oddviti sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu. Sýslusjóður Suður-Þingeyjarsýslu er hluthafi í Kísiliðjunni h/f, en iðnaðarráðuneytið

hefur heimilað því fyrirtæki töku efna úr botni Mývatns. Framangreint mál milli sóknaraðilja fjallar m. a. um eignarrétt að botnefnum þessum. Ljóst er, að atvinnurekstur Kísiliðjunnar h/f hefur verulega fjárhagsþýðingu fyrir sýsluna. Þegar þess er gætt, bar hinum reglulega héraðsdómara að víkja úr dómarasæti í málinu, sbr. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936. Að svo vöxnu máli er kvaðning hans á samdómendum ógild.

Dómsorð:

Hinn reglulegi héraðsdómari, Jóhann Skaptason, víkur sæti í máli þessu.

Kvaðning samdómendanna Björns Friðfinnssonar og Friðriks Magnússonar er ógild.

Úrskurður aukadómþings Þingeyjarsýslu 4. júní 1971.

Ár 1971, föstudaginn 4. júní, klukkan 1400, var á aukadómþingi Þingeyjarsýslu, sem haldið var í sýsluskrifstofunni í Húsavík af Jóhanni Skaptasyni, sýslumanni og bæjarfógeta, og meðdómsmönnum Birni Friðfinnssyni og Friðriki Magnússyni lögfræðingum, kveðinn upp úrskurður um það, hvort dómendur í málinu nr. 21/1969: Veiðifélag Mývatns í umboði eigenda og umráðamanna jarða, er land eiga að Mývatni, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, gagnsök og meðalgöngusökum skulu víkja sæti samkvæmt fram kominni kröfu allra málflytjendanna.

Málflytjendur hafa lýst því yfir í viðtali við forseta dómsins, að þeir óski ekki eftir sérstökum málflutningi um kröfuna um, að dómararnir víki sæti.

Mál þetta er upphaflega höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni 25. ágúst 1969, af Veiðifélagi Mývatns í umboði eigenda og umráðamanna jarða, er lönd eiga að Mývatni. Málið er þá höfðað gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að botn Mývatns sé hluti af landareign þeirra jarða, er lönd eiga að Mývatni, og að engu eign stefnda. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, og með stefnu, útgefinni 18. október 1969, gagnstefnir fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs stefnanda í aðalsök og auk þess nafngreindum eigendum og umráðamönnum 21 jarðar í Skútustaðahreppi, sem ekki

eiga land að Mývatni, og oddvita hreppsins f. h. hreppsfélagsins til réttargæzlu. Í gagnsök eru gerðar þær dómkröfur af hálfu gagnstefnanda, að ríkissjóði verði dæmdur eignarréttur að botni Mývatns utan netlaga einstakra jarða, og fylgir í kröfu þessari óskoraður eignarréttur að öllum námum og hvers kyns verðmætum á, í og undir vatnsbotninum. Jafnframt er þess krafizt, að frumstefnandi verði dæmdur til þess að greiða gagnstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök.

Stefndi í gagnsök krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda.

Með stefnu, útgefinni 14. október 1970, meðalgöngustefnir hreppsnefnd Skútustaðahrepps fyrir hönd hreppsins öllum málsaðiljum í gagnsök og gerir þær dómkröfur, að þeim verði gert að þola meðalgöngu Skútustaðahrepps í málinu og að hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins verði dæmt sakarefnið, þ. e. eignarréttur að botni Mývatns utan netlaga einstakra jarða, þar með talinn óskoraður eignarréttur að öllum námum og hvers kyns verðmætum á, í eða undir vatnsbotninum. Þá krefst meðalgöngustefnandi málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefndu.

Með stefnu, dagsettri 28. janúar 1971, höfða eigendur og/eða umráðamenn 21 jarðar í Skútustaðahreppi, sem ekki eiga land að Mývatni (eða þeir sömu, sem stefnt var í gagnsök ásamt Veiðifélagi Mývatns og Skútustaðahreppi til réttargæzlu) meðalgöngusök á hendur öðrum aðiljum í máli þessu og sem áður hafa verið upp taldir. Þeir gera þær dómkröfur á hendur meðalgöngustefndu, að þeim verði gert að þola meðalgöngu sína. Í öðru lagi krefjast þeir þess, að viðurkennt verði með dómi, að Mývatn utan netlaga sé byggðaralmenningur og hvers konar gæði á, í eða undir vatnsborði utan netlaga einstakra jarða skuli vera eign sveitarfélagsins og þar með um leið eign meðalgöngustefnenda.

Í þriðja lagi krefjast þessir meðalgöngustefnendur, að viðurkenndur verði með dómi veiðiréttur í Mývatni utan netlaga fyrir allar þær jarðir í Mývatnssveit, sem ekki eiga land að Mývatni, en hafa frá fornu fari átt veiðirétt í vatninu og stundað þar veiði.

Loks krefjast meðalgöngustefnendur málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefndu.

Greinargerðir í meðalgöngusökum liggja ekki enn fyrir í málinu.

Í þinghaldi hinn 18. maí 1971 báru lögmenn aðilja í máli þessu

bæði í aðalsök, gagnsök og meðalgöngusökum fram kröfu um, að allir dómendur á aukadómþinginu vikju sæti úr dóminum. Krafan er fram sett á dómsskjali nr. 117, sem er svohljóðandi:

„Við undirritaðir lögmenn í máli eigenda og ábúenda við Mývatn gegn ríkissjóði og eigendum nokkurra jarða í grennd við Mývatn svo og Skútustaðahreppi, en síðast nefndu aðiljarnir tveir hafa höfðað meðalgöngumál á hendur upphaflegum málsaðiljum, þ. e. Páll S. Pálsson, hrl., vegna eigenda og ábúenda jarða við Mývatn, Sigurður Ólason, hrl., vegna fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Ragnar Steinbergsson, hrl., vegna eigenda nokkurra jarða í grennd við Mývatn, og Guðmundur Skaftason, hrl., vegna Skútustaðahrepps, höfum komizt að þeirri niðurstöðu, að mjög sé viðsjárvert vegna framgangs þessa mikilvæga máls, að dómurinn sé svo skipaður sem hann er nú.

Eigi er það svo, að við vefengjum hæfni hinna þriggja dómara, en okkur þykir, að þeir séu um of viðriðnir málefni málsaðilja, til þess að unnt sé að treysta því, að Hæstiréttur líti svo á, að dómararnir séu algerlega hlutlausir.

1. Formaður dómsins, Jóhann Skaptason, er oddviti sýslunefndar S.-Þingeyjarsýslu. Sýslunefnd var gert bréflega aðvart til þess að gæta réttar sýslunnar í máli þessu. Eigi var mætt af hálfu sýslunnar á dómþingi, er málið var tekið fyrir, en sýslumaðurinn mætti þar sem forseti dómsins. Þá mun komið hafa fram í dagblöðum á s.l. ári í sambandi við aðalfund Kísilgúrverksmiðjunnar h.f., að þar var mættur sem fulltrúi sýslunnar Jóhann Skaptason, sýslumaður. Vegna þess að ríkissjóður hefur leigt Kísilgúrverksmiðjunni h.f. afnot Mývatnsbotns í skjóli þess, að ríkissjóður sé eigandi botnsins, en það er einmitt deilt í máli þessu um þann eignarrétt, má segja, að sýslan hafi hagsmuna að gæta af því sem og aðrir hluthafar í Kísilgúrverksmiðjunni h.f., að þessi leigusamningur haldi.
2. Björn Friðfinnsson er bæjarstjóri Húsavíkurkaupstaðar, og Húsavík á hlut í Kísilgúrverksmiðjunni h.f., en hann mætti þar á síðasta fundi sem fulltrúi kaupstaðarins, og gildir því um hann það sama og sagt var hér að ofan um oddvita sýslunefndar.
3. Friðrik Magnússon, hrl., er lögmaður Laxárvirkjunar í harðvítugu máli, er nú stendur yfir á milli þeirrar stofnunar annars vegar og bænda við Mývatn og við Laxá hins vegar. Þannig telja bændur við Mývatn, að vafi geti á því leikið,

hvort litið yrði svo á af Hæstarétti, að hann geti verið alveg hlutlaus sem dómari í máli, er varðar eignarrétt þeirra manna, er hann berst gegn í Laxárvirkjunarmálinu, að botni Mývatns, er einnig blandast inn í það mál, og þá verður eigi heldur hjá því komizt að viðurkenna, að ríkið á hlut í Laxárvirkjun og þess vegna verði lögfræðingur í Laxárvirkjunarmálinu, eins og nú standa sakir, varla talinn hlutlaus dómari í málinu vegna botns Mývatns.

Við lögmenn óskum eftir því, að hið allra fyrsta verði til tekinn þingdagur og fyrirtökutími í ofangreindu máli á þingstað Skútustaðahrepps að Skjólbrekku og verði þar tekin til úrskurðar krafa okkar um, að dómararnir víki sæti".

Í upphafi kröfu sinnar segja málflytjendur: „Eigi er það svo, að við vefengjum hæfni hinna þriggja dómara, en okkur þykir, að þeir séu um of viðriðnir málefni málsaðilja, til þess að unnt sé að treysta því, að Hæstiréttur líti svo á, að dómararnir séu algerlega hlutlausir".

Síðan er vikið að þeim einstöku atriðum, sem krafan er reist á.

Málflytjendurnir telja, að formaður dómsins, Jóhann Skaptason, eigi að víkja sæti vegna þess, að honum hafi verið af málflutningsmanni ríkissjóðs gert bréflega aðvart til þess að gæta réttar sýslunnar (Suður-Þingeyjarsýslu) í máli þessu.

Sýslan hefur ekkert skipt sér af máli þessu og ekki talið sig hafa þar hagsmuna að gæta.

Þá er bent á það, að Þingeyjarsýslur séu hluthafar í Kísiliðjunni h/f og að dómsformaðurinn hafi setið aðalfund félagsins sem fulltrúi sýslnanna. Sýslurnar hafi hag af því, að sá samningur sé gildur, sem ríkissjóður hafi gert við Kísiliðjuna h/f um rétt til kísilgúrtöku á botni Mývatns, en í máli þessu sé deilt um eignarrétt að botninum.

Hlutafé Kísiliðjunnar h/f er samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra félagsins 380 milljónir króna. Þar af eiga Þingeyjarsýslur samtals kr. 450.000.00, eða 0.1184%.

Stjórn félagsins er kosin af Alþingi og erlendu eigendunum. Fulltrúi sýslnanna situr því aðalfund Kísiliðjunnar h/f raunverulega aðeins sem áheyrnarfulltrúi til að kynnast starfsemi félags, sem veitir mikla atvinnu í héraðinu og hefur nokkra þýðingu í þjóðfélaginu.

Dómurinn telur, að rekstur Kísiliðjunnar h/f sé það óháður sýslufélögunum, að dómsformaðurinn, Jóhann Skaptason sýslumaður, þurfi ekki að víkja sæti vegna hinnar lítilfjörlegu þátt-

töku sýslnanna í félaginu, enda er Kísiliðjan h/f ekki aðili máls þessa.

Þá telja málflytjendur, að dómarinn Björn Friðfinnsson, sem er bæjarstjóri í Húsavík, eigi að víkja sæti vegna hlutafjáreignar Húsavíkurkaupstaðar í Kísiliðjunni h/f.

Húsavíkurbær á kr. 500.000.00 hlutafé í Kísiliðjunni h/f, eða 0.132% hlutafjárins.

Um þetta atriði gildir því allt hið sama, sem tekið var fram varðandi hlutafjáreign sýslnanna.

Dómurinn telur því, að dómarinn Björn Friðfinnsson bæjarstjóri eigi ekki að víkja sæti vegna hlutafjáreignar Húsavíkurkaupstaðar í Kísiliðjunni h/f.

Málflytjendur benda á, að dómarinn Friðrik Magnússon lögfræðingur sé lögmaður Laxárvirkjunar í harðvítugu máli, er nú standi yfir á milli þeirrar stofnunar annars vegar og bænda við Mývatn og við Laxá hins vegar. Telji bændur við Mývatn, að vafi geti á því leikið, að hann geti verið alveg hlutlaus sem dómari í máli, sem varðar eignarrétt þeirra manna að botni Mývatns, er hann berjist gegn í Laxárvirkjunarmálinu.

Þá er á það bent, að ríkið eigi hlut í Laxárvirkjun og þess vegna verði lögfræðingur í Laxárvirkjunarmálinu, eins og nú standi sakir, varla talinn hlutlaus dómari í máli um botn Mývatns.

Hér er um að ræða mann, sem um áratugi hefur stundað málflutningsstörf. Það er álit dómsins, að hann sé ekki í þeim tengslum eða aðstöðu gagnvart málsaðiljum, að álíta megi, að hætt sé við, að hann geti ekki verið hlutlaus sem dómari í máli, er varðar eignarrétt að botni Mývatns.

Ekki verður séð, að deilan um Laxárvirkjun varði eignarrétt að botni Mývatns eða blandist inn í það mál. Eignaraðild ríkissjóðs að 35% í Laxárvirkjun, sem er sjálfstæð stofnun undir sérstakri stjórn, virðist ekki valda því, að þessi meðdómandi skuli víkja sæti í málinu.

Dóminum virðist því, að ekki sé tilefni til, að Friðrik Magnússon víki sæti í þessu máli vegna afstöðu sinnar gagnvart aðiljum máls þessa og Laxárvirkjun.

Samkvæmt framanskráðu er það álit dómsins, að engum dómenda beri að víkja sæti í máli þessu.

Því úrskurðast:
Dómendur víkja ekki sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 28. júlí 1971.

Nr. 94/1971. **Valdstjórnin**
gegn
Birni Hallgrími Gíslasyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Gæzluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 12. júlí 1971, sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Greinargerðir hafa ekki borizt af hálfu varnaraðilja né saksóknara ríkisins.

Sakarefni eru slík, að ástæða er til rannsóknar á geðheilsu varnaraðilja, sbr. 2. tl., d lið, 75. gr. laga nr. 82/1961.

Samkvæmt þessu ber með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. júlí 1971.

Ár 1971, sunnudaginn 11. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að í ágúst og september í fyrra bárust lögreglunni nokkrar kærur á hendur Birni Hallgrími Gíslasyni fyrir ýmis hegningar- og umferðarlagabrot. Eru það aðallega kærur fyrir réttindaleysi við akstur, akstur undir áhrifum lyfja, skjalafals og bílþjófnað. Þessum málum hefur ekki verið lokið sökum fjarvistar kærða úr höfuðborginni, en hann hefur til skamms tíma róið á báti, sem gerður var út frá Súgandafirði.

Eftir að Björn kom suður, sem mun hafa verið í maímánuði

s.l., hefur hann lagzt í óreglu, og leikur grunur á, að hann hafi verið í akstri bifreiðar, enda keypti hann sér bifreið, er hann kom suður.

Dómaranum er kunnugt um, að samkvæmt spjaldskrá lögreglunnar hefur hann a. m. k. einu sinni í maí verið kærður fyrir réttindaleysi við akstur, en ekki hefur sú skýrsla enn borizt dóminum, svo vitað sé.

Föstudaginn 9. júlí s.l. kom faðir Björns, Gísli Björnsson, til rannsóknarlögreglunnar og kærði yfir framferði Björns, sem hann kvað vera stórhættulegan umhverfi sínu.

Eins og fram kemur í skýrslu Gísla Björnssonar, hefur Björn hótað foreldrum sínum líkamsmeiðingum.

Með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961 þykir nauðsyn til bera að úrskurða kærða Björn Hallgrím Gíslason í gæzluvarðhald, enda eru skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar því ekki til fyrirstöðu.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Rétt þykir að ákveða með vísan til 2. tl., d liðar, 75. gr. laga nr. 82/1961, að Björn Hallgrímur gangist undir rannsókn á andlegri heilbrigði sinni, á meðan hann sætir gæzluvarðhaldi.

Úrskurðarorð:

Kærði, Björn Hallgrímur Gíslason, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum og gangist undir rannsókn á andlegri heilbrigði sinni á gæzluvarðhaldstímanum.

Mánudaginn 9. ágúst 1971.

Nr. 101/1971. **Valdstjórnin**
gegn
Herði Ólafssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 21. júlí 1971, sem barst Hæstarétti 22. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga

nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 82/1961, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Hvorki kröfur né greinargerð hafa borizt frá saksóknara ríkisins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 20. júlí 1971.

Árið 1971, þriðjudaginn 20. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Hreini Sveinssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau eftir gögnum málsins, að lögreglubifreið með þrem lögreglumönnum veitti bifreiðinni R 5674 eftirför um nokkrar götur í Reykjavík í byrjun nætur 30. maí s.l. Virtist lögreglumönnunum of margir farþegar vera í bifreiðinni, og var því gefið stöðvunarmerki og bifreiðin stöðvuð á Kalkofnsvegi. Segir í skýrslu lögreglunnar, að haft hafi verið tal af ökumanni, sem sýndist vera undir áhrifum áfengis. Auk þess hafi verið í bifreiðinni 5 sjóliðar. Var ætlaður ökumaður færður fyrir aðalvarðstjóra á lögreglustöðina og kvaðst þar aðspurður heita Hörður Ólafsson, til heimilis að Álfheimum 56, fæddur 12. september 1921. Í skýrslu varðstjóra er skráð jákvætt svar við spurningu hans um það, hvort yfirheyrði hafi verið að aka bifreið, en neikvætt svar við spurningunni um undanfarandi vínneyzlu.

Í blóðsýnishorni, merktu 333 og talið er varða nefndan Hörð Ólafsson, fundust „reducerandi“ efni, er samsvara 1.17‰ af alkóhóli.

Við yfirheyrslu í sakadóminum hafa 2 af lögreglumönnum þeim, sem stóðu að stöðvun bifreiðarinnar R 5674 í greint sinn, borið, að Hörður Ólafsson hafi ekið henni, en hinn þriðji telur, að sá, sem handtekinn var, hafi ekið henni, hann muni þó ekki nákvæmlega eftir atvikum. Þá hafa 2 af fyrrgreindum lögreglu-

mönnum borið, að hann hafi haft lítils háttar ölvunareinkenni.

Engin deili eru kunn á sjóliðum þeim, sem í bifreiðinni R 5674 voru í greint sinn, hvorki nöfn þeirra né heimili.

Hörður Ólafsson hefur við yfirheyrslu í sakadóminum viðurkennt vínneyzlu fyrir og vináhrif við gagnsetningu, sem hann framkvæmdi á vél bifreiðarinnar R 5674 skömmu fyrir handtöku sína í greint sinn, en hann neitar því að hafa ekið bifreiðinni þá. Var hann með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík sviptur ökuleyfi til bráðabirgða hinn 29. júní s.l. Hefur hann óskað úrskurðar sakadóms um þá ákvörðun.

Mál þetta er enn á rannsóknarstigi, en með vísan til gagna málsins, framburða vitna og magns þeirra „reducerandi" efna, sem mældust í blóðsýnishorni, merktu 333, úrskurðast hér með, sbr. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaganna nr. 40/1968, að fyrrgreind ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík frá 29. júní s.l. um ökuleyfissviptingu Harðar Ólafssonar til bráðabirgða skuli óbreytt standa.

Ályktarorð:

Bráðabirgðaökuleyfissvipting Harðar Ólafssonar, Álfheimum 56, Reykjavík, gerð af lögreglustjóranum í Reykjavík 29. júní s.l., skal óbreytt standa.

Miðvikudaginn 22. september 1971.

Nr. 129/1971. **Landeigendafélag Laxár og Mývatns**
gegn
Laxárvirkjun.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl., c., sbr. e., laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar

með kæru 5. ágúst 1971, sem Hæstarétti barst 10. september 1971. Krefst hann þess, að úrskurði aukadómþings Þingeyjarsýslu, sem kveðinn var upp hinn 18. júní 1971, verði hrundið, að því leyti sem synjað er, að bornar verði fram vitna- og aðiljaspurningar þær, sem raktar eru í hinum kærða úrskurði, og að Hæstiréttur heimili, að allar þessar spurningar verði bornar fram í málinu. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Umboðsmaður sóknaraðilja fékk vitneskju um uppsögu hins kærða úrskurðar eigi síðar en hinn 21. júlí 1971. Eins og áður segir, var úrskurðurinn kærður hinn 5. ágúst 1971. Kærufrestur samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1962 var þá liðinn. Ber því að vísa kærumáli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 8.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Landeigendafélag Laxár og Mývatns, greiði varnaraðilja, Laxárvirkjun, kr. 8.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Þingeyjarsýslu 18. júní 1971.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 2. þ. m., hefur Sigurður Gizurarson héraðsdómslögmaður upphaflega höfðað f. h. Félags landeigenda á Laxársvæðinu með stefnu, birtri 25. júlí 1970, á hendur stjórn Laxárvirkjunar.

Hinn 2. otkóber 1970 var nafni sóknaraðilja breytt, og nefnist hann nú Landeigendafélag Laxár og Mývatns í stað Félags landeigenda á Laxársvæðinu.

Dómkröfur stefnanda voru upphaflega þær, að staðfest verði með dómi:

I. Að framkvæmdir þær, sem Laxárvirkjun er að hefja til virkjunar Laxár við Brúar í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu, brjóti í bág við íslenzk lög og séu óheimilar.

II. Að lokuvirki þau, sem Laxárvirkjun hefur reist, þar sem

útfallskvíslar Laxár renna úr Mývatni, skorti lagastoð og brjóti því í bág við íslenzk lög.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 16. marz 1971, í máli þessu er II. dómkröfu stefnanda vísað frá dómi.

Í stefnu hefur stefnandi áskilið sér allan rét til þess að höfða síðar önnur mál til heimtu skaðabótagreiðslna vegna tjóns þess, sem Laxárvirkjun hafi þegar valdið landeigendum á Laxársvæðinu, og vegna tjóns, sem hún kynni að valda síðar.

Auk þess krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans að skaðlausu eftir framlögðum reikningi eða mati dómara.

Með úrskurði, uppkveðnum 4. ágúst 1970, vék hinn reglulegi dómari, Jóhann Skaptason, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, úr dómarasæti í máli þessu.

Með bréfi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 26. ágúst 1970, var Magnús Thoroddsen borgardómari skipaður setudómari í Þingeyjarsýslu til að fara með og dæma aukadómþingsmál þetta.

Setudómarinn þingaði fyrst í máli þessu hinn 30. september 1970 á Húsavík. Í því þinghaldi kom fram krafa af hálfu stefnanda þess efnis, að setudómarinn viki úr dómarasæti í málinu. Var þeirri kröfu hrundið með úrskurði 5. október 1970. Sá úrskurður var staðfestur af Hæstarétti með dómi hinn 17. nóvember 1970.

Setudómarinn hefur leitazt við að koma á sáttum í máli þessu. Sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 60 frá 20. maí 1965 um Laxárvirkjun, 4. gr., er Laxárvirkjun heimilað að reisa allt að 12.000 KW raforkuver í Laxá við Brúar. Í 5. gr. sömu laga segir, að til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þurfi Laxárvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál.

Laxárvirkjun lét hanna raforkuver í Laxá. Var það svonefnd Gljúfurversvirkjun. Var hönnun virkjunar þessarar unnin á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens s/f. Samkvæmt áætlun um Gljúfurversvirkjun átti hún að verða samtals 54.6 KW að stærð og vinnast í fjórum áföngum. Áætlun var gefin út um virkjun þessa í janúar 1968.

Hinn 15. september 1969 ritaði Laxárvirkjun raforkumálaráð-

herra bréf með áætlun um Gljúfurversvirkjun í Laxá, þar sem óskað var leyfis ráðuneytisins til virkjunar í samræmi við þá áætlun. Ráðuneytið óskaði umsagnar orkumálastjóra við nefnt erindi Laxárvirkjunar. Umsögn orkumálastjóra er dags. 16. september 1969. Þar sem umsögn þessi er málinu mjög til glöggvunar, þykir rétt að taka hana hér inn í úrskurðinn í heild sinni:

„Með bréfi, dags. í dag, hefur hið háa ráðuneyti sent mér til umsagnar og athugunar erindi frá stjórn Laxárvirkjunar, sem því barst í dag, ásamt áætlun yfir Gljúfurversvirkjun í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Áætlun sú, sem fylgir bréfi stjórnar Laxárvirkjunarinnar, er á ensku og nefnist: „Gljúfurver project. Definate project report" og er gefin út í janúar 1968.

Áætlunin er um virkjun efri hluta fallsins við Brúar í orkuveri með tveimur vélasamstæðum í neðanjarðarstöð, samtals 54,6 MW að stærð, og stíflu, er lyftir vatnsborði árinnar við núverandi stíflu um 46 m.

Gert er ráð fyrir því, að síðar megi veita Suðurá, sem nú fellur í Skjálfandafljót, í Kráká og þannig í Laxá, en þau veitumannvirki eru ekki innifalin í áætluninni.

Í bili er ekki ætlunin að framkvæma nema 1. áfanga af fjórum, sem áætlunin er um. Í honum verður engin ný stífla byggð, heldur notuð gamla stíflan í Laxá I og vatnsborð ekki hækkað frá því, sem nú er. Sett verður aðeins ein vélasamstæða. Hins vegar er gert ráð fyrir að gera vatnsgöngin nægilega víð, til þess að þau geti tekið vatn að báðum vélum, ef Suðurá verður síðar veitt í Laxá. Ennfremur að gera vélasamstæðuna þannig úr garði, að hún geti einnig unnið við 84 m fallhæð, en það verður fallhæðin, ef vatnsborð er síðar hækkað um 46 m alls. Vélasamstæðan verður gerð fyrir 24 MW við 84 m fall, en í fyrsta áfanga verður afl hennar aðeins um 7 MW. Loks er og innifalið í þessum áfanga að sprengja í bergið fyrir fullri stærð vélasalarins.

Annar áfangi, er síðar kæmi, er bygging stíflu, sem lyftir vatnsborðinu 21 m og eykur fallhæðina upp í 59,5 m. Þá mun vélasamstæðan geta látið í té 14,7 MW. Í fylgiskjali með áætluninni er gert ráð fyrir, að þessari stíflugerð þurfi að vera lokið haustið 1974 til þess að mæta vaxandi álagi á núverandi Laxársvæði, en ári fyrr, ef Norðurland vestra og Austurland eru tengd við Laxárvirkjunarsvæðið.

Þriðji áfangi er, samkv. áætluninni, hækkun stíflunnar, svo að fallhæð verði alls 84 m, og getur fyrri vélin þá skilað 24 MW

að afli. Á fyrrnefndu fylgiskjali áætlunarinnar er ráðgert, að sú hækkun þurfi að vera framkvæmd fyrir haustið 1984 fyrir núverandi Laxársvæði eitt, en tveim árum fyrr, ef áðurnefnd orkusvæði vestan og austan bætast við.

Fjórði áfangi er samkvæmt áætluninni að setja seinni vélasamstæðuna, og fer þá afl stöðvarinnar upp í 54,6 MW, eins og áður er sagt.

Ef stíflan væri ekki hækkuð fram yfir það, sem ráðgert er í 2. áfanga, og fallhæðin þá 59,5 m, myndu tvær vélasamstæður með sömu vatnsnotkun láta samtals í té 35 MW að afli til.

Svo sem Orkustofnunin hefur áður látið í ljósi, fær hún ekki annað séð en að sú virkjun, sem framangreind áætlun frá janúar 1968 um Gljúfurversvirkjun, 54,6 MW, fallhæð 84 m, fjallar um, ásamt viðbótarveitu vatns í Laxá úr Suðurá, sem ekki er innifalin í áætluninni, en bent er á í greinargerð um hana, sé hin hagkvæmasta tilhögun virkjunar efri hluta fallsins við Brúar, sem komið verður auga á eftir mjög ítarlegar rannsóknir, sem staðið hafa yfir með nokkrum hléum í meir en einn tug ára.

Andmæli gegn framkvæmd Gljúfurversvirkjunarinnar hafa komið fram frá íbúum S.-Þingeyjarsýslu, byggð á ótta um, að hún geti haft fjölþætt skaðleg áhrif á búskaparaðstöðu og náttúrufar í Suður-Þingeyjarsýslu.

Sum af þeim rökum, sem andmælin eru byggð á, eru augljóslega byggð á misskilningi, önnur gefa tilefni til að láta nánari athuganir fara fram. Með andmælunum hefur þó ekkert sérstakt komið fram, sem athygli hafði ekki áður borizt að við rannsókn og áætlanagerð að virkjuninni. Vísast í því sambandi til áætlananna og greinargerða með þeim, sérstakrar greinargerðar Laxárvirkjunarstjórnar, sem birzt hefur í dagblöðum höfuðstaðarins, og nefndarálits þeirrar þriggja manna nefndar (Haukur Tómasson, jarðfr., Sigurður Thoroddsen, verkfr., og Sigurjón Rist, forstm. vatnamælinga ríkisins), sem raforkumálastjóri skipaði 26. 6. 1964 til „að kanna, hvort og að hve miklu leyti fullvirkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar kynni að valda spjöllum á ánni og næsta umhverfi hennar og jafnvel beinu fjárhagslegu tjóni".

Í heildarkostnaðaráætlunum þeim, sem nú liggja fyrir, er í áætlunarliðum, er nefnast ýmislegt og ófyrirséð, gert ráð fyrir nokkrum kostnaði af bótum fyrir skaðleg áhrif á búskaparaðstöðu og af ráðstöfun til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif á náttúrufar. Að dómi Orkustofnunar eru ekki líkur fyrir, að fullnaðarathuganir á þessum atriðum og nánari útreikningar á

kostnaði þeim, er hér getur orðið um að ræða, muni hagga þeirri niðurstöðu rannsókna og áætlunargerða, sem til þessa hafa farið fram, að hin áætlaða Gljúfurversvirkjun sé hin hagkvæmasta virkjunartilhögun umræddra falls í Laxá.

Núgildandi lög um Laxárvirkjun heimila ráðherra að veita Laxárvirkjun leyfi til að reisa allt að 12 þús. KW raforkuver í Laxá (sbr. 4. og 5. gr. laganna). Þessi heimild nægir til leyfisveitingar að fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, sem ekki verður nema um 7.000 KW að afli. Áður en leyfi er veitt fyrir næsta áfanga, myndi hins vegar þurfa að fá Laxárvirkjunarlögum breytt á Alþingi.

Tíminn, sem líður, þar til hefjast þarf handa um annan áfanga, veitir tóm til að athuga nánar þau atriði, sem fram hafa verið færð sem rök gegn fyrirhugaðri tilhögun Gljúfurversvirkjunar. Og raunar líður þó enn lengri tími, sem nota má til þeirra athugana, áður en stífla yrði hækkuð í fulla hæð og ráðist í veitu Suðurár.

Hins vegar er svo miklu eftir að seilast, hvað hagkvæmni í virkjun snertir, að vænta má, að stjórn Laxárvirkjunar muni telja rétt að taka áhættuna af því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir fullvirkjun, þótt óvíst sé um niðurstöður umræddra athugana og leyfi ekki fengið fyrir fullvirkjun.

Leyfi það, er veitt var með bréfi ráðherra til stjórnar Laxárvirkjunarinnar, dags. 27. apr. 1967, var, svo sem að er vikið að framan, takmarkað við allt að 12.000 kílówatta stærð samkv. núgildandi lögum um Laxárvirkjun, og fyrsti virkjunaráfanginn, sem nú á að koma til framkvæmda, er að afli innan þeirra marka.

Með vísun til framanritaðs vill Orkustofnun mæla með því, að ráðherra veiti Laxárvirkjun leyfi til að framkvæma fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar samkvæmt framangreindri áætlun frá janúar 1968 með þeim fyrirvara, er leiðir af framanskráðu og samkvæmur er eðli málsins".

Þessa umsögn orkumálastjóra sendi atvinnumálaráðuneytið (raforkumálaráðherra) stjórn Laxárvirkjunar ásamt bréfi, dags. 23. september 1969. Í þessu bréfi atvinnumálaráðneytisins segir m. a. svo:

„Í 4. gr. og 5. gr. laga nr. 60/1965 um Laxárvirkjun er ráðherra heimilað að leyfa Laxárvirkjun að reisa allt að 12 þúsund KW raforkuver í Laxá við Brúar, og nægir þessi lagaheimild til að leyfa að framkvæma fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunarinnar,

sem nemur um 7 þúsund KW að afli. Að óbreyttum lögum brestur ráðuneytið heimild til að leyfa framkvæmd annars áfanga téðrar virkjunar, sem gerir ráð fyrir að auka aflið upp í 14.7 þúsund KW.

Samkvæmt þessu vill ráðuneytið hér með leyfa Laxárvirkjun að reisa fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar í Laxá með um 7 þúsund KW afli í samræmi við framangreinda áætlun.

Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun og taka þá áhættu, sem því er samfara, þá hefir ráðuneytið út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hins vegar skal það tekið fram, að engin fyrirheit eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir".

Hinar fyrirhuguðu virkjunarframkvæmdir við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ollu miklu hugarróti meðal ábúenda og landeigenda á Laxársvæðinu. Finnst sóknaraðiljum stjórn Laxárvirkjunar hafa oftast farið fram af miklu tillitsleysi og hörku gagnvart landeigendum á Laxársvæðinu. Stofnuðu þessir aðiljar með sér félagsskap, Félag landeigenda á Laxársvæðinu.

Svo sem áður getur, var nafni félags þessa breytt í Landeigendafélag Laxár og Mývatns hinn 2. október 1970. Samþykktir fyrir samfélagsskap voru þó eigi lagðar fram í máli þessu fyrr en 2. júní 1971.

Vegna þeirrar andstöðu, sem hin fyrirhugaða virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu átti að mæta meðal landeigenda á Laxársvæðinu, leitaðist iðnaðarráðuneytið við að laða saman mismunandi skoðanir, sem uppi höfðu verið í sambandi við virkjunarframkvæmdir á þessum slóðum. Hafði iðnaðarráðuneytið samráð við stjórn Laxárvirkjunar, sveitarstjórnarmeðlimi, fulltrúa héraðsnefnda Þingeyinga ásamt sýslumanni. Í bréfi, dags. 13. maí 1970, frá iðnaðarráðuneytinu til sjö aðilja, þar á meðal til stjórnar Laxárvirkjunar og til formanns Félags landeigenda á Laxársvæðinu, telur ráðuneytið, að í eftirfarandi yfirlýsingu þess sé fólgið viðunandi samkomulag aðilja, sem framhald málsins geti grundvallazt á:

„Svo sem kunnugt er, hefur ráðuneytið með bréfi, dags. 23. september 1969, heimilað stjórn Laxárvirkjunar að hefjast handa um viðbótarvirkjun í Laxá í samræmi við lög nr. 60/1965 um Laxárvirkjun.

Tekur þessi heimild þó aðeins til virkjunarframkvæmda, er veita mundu um 8 MW afl. Lengra nær heimildin ekki.

Ráðuneytið telur vatnsborðshækkun um 20 m, sem kynni að felast í næsta áfanga, innan marka þess, sem unnt yrði að leyfa síðar, en þó verði ekki teknar endanlegar ákvarðanir um neina vatnsborðshækkun, nema að undangengnum alhliða rannsóknum og að höfðu samráði við íbúa Laxárdals, sem þar eiga nú búsetu, eða niðja þeirra, hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Félag landeigenda á Laxársvæðinu.

Þessi vatnsborðshækkun skal þó aldrei verða meiri en brýn nauðsyn krefur og framkvæmd vatnsmiðlunar jafnan hagað með fyllsta tilliti til lax- og silungsveiði á veiðisvæðum, sem hún kynni að hafa áhrif á.

Ráðuneytið tilkynnir stjórn Laxárvirkjunar, að það sé forsenda fyrir áframhaldandi virkjunarframkvæmdum umfram þann áfanga, sem þegar er leyfður (8 MW), að gerðar verði fullnægjandi sérfræðilegar rannsóknir á vatnasvæði Laxár, og mun ráðuneytið hafa forgöngu um tilhögun og umfang þeirra rannsókna í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, sýslunefnd S.-Þing., náttúrufræðistofnunina, veiðimálastofnunina og Félag landeigenda á Laxársvæðinu ásamt stjórn Laxárvirkjunar.

Samkomulag er um það milli stjórnar Laxárvirkjunar og ráðuneytisins, að horfið sé frá áformum um Suðurárveitu, og verður hönnun fyrirtækisins endurskoðuð þar af leiðandi.

Að gefnu tilefni vill ráðuneytið taka fram, að virkjunaráform í efri hluta Laxár og Kráká eru ekki á dagskrá.

Ráðuneytið mun beita sér fyrir, að hraðað verði eftir föngum rannsókn annarra virkjunarmöguleika, sem völ væri á til að fullnægja raforkuþörf hlutaðeigandi héraða, svo sem virkjun Skjálfandafljóts við Ísholsvatn, en jafnframt haldið áfram að rannsaka stærri virkjunarmöguleika með hliðsjón af stóriðju fyrir norðan, svo sem Dettifossvirkjun, eða samtengingu við aðrar orkuveitur".

Jafnframt þessu telur ráðuneytið æskilegt, að leitað sé samkomulags um víðtækari aðild að virkjun Laxár en nú er, einkum með þátttöku þeirra hreppa, sem málið varðar nánast, og Húsavíkurkaupstaðar.

Líkast til mundi samkvæmt framangreindu virkjað afl í Laxá allt að 15 MW með stíflu á síðara stigi af þeirri stærð, sem bæði sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og Búnaðarsamband sýslunnar

hafa tjáð sig um og talið, að gæti verið við hæfi. Í ályktun aðalfundar Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga 1969 segir m. a.:

„Þessvegna skorar fundurinn á stjórn Laxárvirkjunar, raforkumálastofnun ríkisins og raforkumálaráðherra að miða fyrirhugaðar framkvæmdir í Laxá í mesta lagi við 18—20 m vatnshækkun við efri stíflu í Laxárgljúfri frá því, sem nú er, og óbreytt vatnsrennsli, enda verði gengið frá nauðsynlegum samningum við héraðsbúa, áður en framkvæmdir hefjast".

Í ályktun sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, dags. 8. maí 1969, segir m. a.:

„Hins vegar vill sýslunefndin vekja athygli á, að hún telur héraðinu hagkvæmt, að raforkuframleiðsla verði aukin með viðbótarvirkjun þar, þótt hún hafi í för með sér hækkun vatns í Laxá ofan virkjunarinnar allt að 18 metrum".

Engu að síður myndi, áður en til þess kæmi, fara fram, svo sem vitnað er til, sérfræðileg rannsókn, sem ákvarðanir yrðu grundvallaðar á.

Svo kynni að reynast í framkvæmd, að virkjunarmannvirki gætu stuðlað að óbeinni og beinni aðsoð við aukna og öruggari fiskirækt í Laxá.

Eigi þarf að óttast, að neins yrði látið ófreistað til eðlilegrar verndar þessa merka og fagra vatnasvæðis, sem öllum ætti að vera jafn hugleikið, og aukið samstarf og vaxandi aðild Þingeyinga, svo sem að er vikið, ætti að stuðla að".

Þetta álit iðnaðarráðuneytisins reyndist þó ekki hafa við rök að styðjast, þar sem Félag landeigenda á Laxársvæðinu gat eigi sætt sig við þau stjónarmið, sem þar koma fram. Síðari sáttatilraunir, sem þetta ráðuneyti hefur beitt sér fyrir í máli þessu, hafa heldur eigi borið árangur.

Hinn 25. maí 1970 gerði stjórn Laxárvirkjunar verksamning við Norðurverk h/f á Akureyri, þar sem Norðurverk h/f tekur að sér að byggja fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar í Laxá við Brúar. Fjárhæð þessa verksamnings nemur kr. 169.965.020.00. Auk þess er samið við Norðurverk h/f um verk, unnin á tímakaupi, að fjárhæð kr. 8.877.000.00. Þá mun Laxárvirkjun sjálf annast smáhluta af verkinu, sem kosta mun á milli 2 til 3 milljónir króna. Þessir verkhlutar kosta því samtals kr. 181.000.000.00. Vélbúnaður o. fl. er samkvæmt kostnaðaryfirliti áætlað, að kosta muni kr. 165.2 milljónir. Samtals mun því kostnaður við þennan fyrsta áfanga virkjunarinnar nema 346.2 milljónum króna. Er þá ekki með talinn kostnaður vegna vaxta á byggingartíma, sem áætl-

aður er um 28 milljónir króna, og ekki heldur undirbúningskostnaður, sem hefur numið um 8.5 milljónum króna. Þá er 60% af samningsupphæð Norðurverks h/f við Laxárvirkjun tryggð gegn breytingum á verðmiðli.

Hinn 18. marz 1971 ritaði setudómarinn lögmanni stefnanda bréf. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Er ég þingaði í máli þessu 30. sept. 1970, afhentuð þér mér handskrifaðan lista með nöfnum 20 manna, er þér hugðust leiða fyrir réttinn til skýrslugjafar. Óska ég þess, að þér sendið mér, sbr. 2. mgr. 133. gr. eml. nr. 85/1936, skriflegar spurningar þær, er þér viljið bera upp, svo sjá megi, hvort menn þessir eru skyldir til að koma fyrir dóm til vitnisburðar, sbr. 4. tl. 125. gr. eml., eða hvort vottorð úr embættisbók eða opinberu skjali nægir eftir atvikum".

Samkvæmt þessari beiðni setudómara hefur lögmaður stefnanda lagt fram skriflegar spurningar í máli þessu. Eru spurningar þessar dags. 31. marz og 1. maí 1971.

Af hálfu stefnda hafa komið fram andmæli gegn þeim spurningum, er stefnandi hyggst bera upp.

Hinn 2. júní 1971 fór fram munnlegur málflutningur í máli þessu út af þessum ágreiningi. Að loknum þeim málflutningi var þetta ágreiningsefni tekið til úrskurðar í málinu.

Þær spurningar, sem lögmaður stefnanda óskar, að Jakob Gíslason orkumálastjóri svari, eru þessar:

„a) Í bréfi Orkustofnunar til Atvinnumálaráðuneytis, dags. 16. sept. 1969, virðist einungis koma fram mat á hagkvæmni Gljúfurversvirkjunar skoðaðrar í heild. Þess vegna spyr ég: Er í bréfi þessu einungis tekin afstaða til hagkvæmni Gljúfurversvirkjunar að viðbættri Suðurárveitu? Er í bréfinu tekin nokkur afstaða til hagkvæmni 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar eins út af fyrir sig?

b) Samkvæmt 8. gr. laga nr. 58/1967 sendir ráðherra Orkustofnun kostnaðar- og rekstraráætlun fyrirhugaðs raforkuvers til umsagnar. Þess vegna spyr ég: Var kostnaðar- og rekstraráætlun 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar send Orkustofnun? Ef hún var send, getur orkumálastjóri þá útvegað hana til að leggja fram í málinu, sbr. 6. gr. laga nr. 58/1967.

c) Samkvæmt greinargerð Karls Ragnars, yfirmanns Jarðhitadeildar Orkustofnunar, dags. 13. marz s.l., segir, að yrði sett ný aflvél í stað þeirrar gömlu, mætti auka afköst gufuaflsstöðvar-

innar í Bjarnaflagi úr 2,4 megawöttum upp í 7,7 megawött. Karl Ragnars segir enn fremur, að byggingartími rafstöðvar af þessari gerð sé að verulegu leyti háður afgreiðslufresti á vélasamstæðunni, en hann sé 1 til 2 ár.

Þess vegna spyr ég orkumálastjóra: Hvers vegna hefur orkumálastjóri ekki mælt með þessari lausn á raforkumálum Norðurlands, úr því að sérfræðingar stofnunar hans telja hana bæði skjótvirka og ódýra?

e) Í skýrslu Sveins S. Einarssonar verkfræðings til raforkumálastjóra í júní 1967 segir: „Talið er varlega áætlað, að úr Námafjallssvæðinu megi vinna 7.000—10.000 MW ára orku, eða sem svarar 70—100 MW í 100 ár".

Ennfremur segir: „Orkukostnaður minni jarðgufuaflsstöðvanna er sambærilegur við orkukostnað hagstæðustu stórvirkjana vatnsafls, en fyrir stærri stöðvarnar er hann mun lægri, og mun vandfundin nokkur önnur tegund aflstöðva, er hefur sambærilegan orkukostnað.

Jarðgufuaflstöð af þessum gerðum væri hægt að byggja á rúmum 2 árum frá því, að boranir hefjast. Væru boranir hafnar við Námafjall sumarið og haustið 1967, gæti stöðin verið tilbúin til notkunar haustið 1969.

Auk þess sem jarðgufuaflstöðvar eru svo ódýrar í byggingu og hafa svo lágan orkukostnað, sem sýnt hefur verið í töflunum að framan, hafa þær aðra reksturseiginleika, sem eru sérlega hagkvæmir, ef um er að ræða orkuvinnslu, þar sem þörf er á stöðugu grunnafli árið um kring, svo sem fyrir orkufrekan iðnað. Má þar nefna óvenjulegt rekstursöryggi (stöðvarnar eru lítt háðar veðurfarstruflunum, frosti o. s. frv.) og möguleika á lengri nýtingartíma mestaafls en hægt er að jafnaði að fá í vatnsaflsstöðvum með viðráðanlegum miðlunarmannvirkjum.

Þá er það ekki síður mikilvægt fyrir Íslendinga, að hægt er að fá svo lágan orkukostnað í litlum stöðum, sem hægt er að byggja að vild í hæfilegum áföngum í samræmi við vöxt hinnar almennu raforkunotkunar".

Þess vegna spyr ég: Hvers vegna hefur orkumálastjóri ekki fremur mælt með því, að hveraorkan í Bjarnarflagi og við Kröflu sé virkjuð fremur en Laxá, þar sem hveraorkan samkvæmt sérfræðilegu áliti hefur mun lægri orkukostnað, meira rekstursöryggi og hefur ekki í för með sér eyðileggingu á gróðurlendi og fiskræktarmöguleikum? Hvers vegna er þessi leið

ekki farin fremur en sú, sem hefur í för með sér stórkostlegt og afar dýrt eignarnám á verðmætum, sem stjórnarskráin nr. 33/1944 heimilar ekki nema almenningsþörf krefjist þess, en bannar, ef aðrar leiðir án eignarnáms eru fyrir hendi?

f) Í 2. tl. 2. gr. laga nr. 57/1967 segir um hlutverk Orkustofnunar: „Að annast: Yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra; yfirlitsrannsóknir í orkubúskap þjóðarinnar, er miði að því, að unnt sé að tryggja, að orkuþörf þjóðarinnar sé fullnægt og orkulindir landsins hagnýttar á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma".

Í 4. tl. 2. gr. segir um hlutverk Orkustofnunar: „Að vinna að áætlunargerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda landsins. Um þetta skal Orkustofnun hafa samvinnu við aðrar ríkisstofnanir og aðila, sem vinna að áætlunargerð til langs tíma".

Ég vil vísa til frekari ákvæða í 2. gr. laga nr. 58/1967 og spyrja um leið: Hvernig hefur Orkustofnun komizt hjá því að mæla fremur með hveravirkjum í Bjarnarflagi eða línu norður yfir hálendið, þegar það er hlutverk hennar að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu orkulinda landsins? Hefur Orkustofnun gert samanburð á hinum ýmsu kostum, sem fyrir hendi hafa verið til að fullnægja orkuþörf Norðurlands? Stafa meðmæli Orkustofnunar með 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar af því, að einungis hafi verið litið á hagkvæmni hennar sem heildar að viðbættri Suðurárveitu?

g) Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur hefur reiknað út fyrir Landeigendafélag Laxár og Mývatns til samanburðar annars vegar rafmagnsverð frá 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar og hins vegar frá háspennulínu norður yfir hálendið frá Búrfelli. Útreikningum Guðmundar má skipta í tvennt, annars vegar með gufuaflsstöðinni í Bjarnarflagi, rekinni sem grunnstöð, og hins vegar með gufuaflsstöðinni, rekinni sem toppstöð.

Niðurstöður Guðmundar eru reistar á forsendum fengnum samkvæmt vitneskju frá Árna Snævarr ráðuneytisstjóra, Orkustofnun, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Landsvirkjun. Notuð er Orkuspá I í áliti Raforkunefndar Norður- og Austurlands frá 1966—1967, þó með nokkurri aukningu á raforkunotkun til kísilgúrvinnslu.

Þessi orkuspá var notuð við áætlanir um virkjun Laxár í S.-Þing. Niðurstöður voru í aðalatriðum, sem hér segir:

1) Gufuaflsstöðin í Bjarnarflagi, rekin sem grunnstöð:

Verð á kílówattstund frá 1. áfanga 6,5 MW í Laxá, áætluðum kosta 400 millj. .. .. kr. 1,17
Ef áfanginn kostar 500 millj. .. .. — 1,42

Frá 50 MW háspennulínu frá Búrfelli, áætlaðri kosta 204 milljónir:

Ef rafm. inn á línu við Búrfell kostar 30 aura .. .. kr. 0,66
— — — - — — — — 40 — .. .. .. — 0,76
— — — - — — — — 50 — .. .. .. — 0,86
— — — - — — — — 60 — .. .. .. — 0,97

2) Gufuaflsstöðin í Bjarnarflagi, rekin sem toppstöð:
Verð á kílówattstund frá 1. áfanga í Laxá með sömu forsendum að öðru leyti.

Ef áfanginn er áætlaður kosta 400 millj. .. .. kr. 0,86
— — - — — 500 — .. .. — 1,05

Frá 50 MW háspennulínu frá Búrfelli.

Ef rafm. inn á línu kostar 30 aura .. .. kr. 0,56
— — — - — — 40 — .. .. — 0,65
— — — - — — 50 — .. .. — 0,74
— — — - — — 60 — .. .. — 0,83

Í tilefni þessara útreikninga vil ég spyrja orkumálastjóra:
Landsvirkjun mun hafa boðið Laxárvirkjun rafmagn til sölu með háspennulínu norður yfir hálendið frá Búrfelli. Hvenær var þetta boðið og með hvaða kjörum? Hver voru svör Laxárvirkjunar? Telur orkumálastjóri vera verjandi að neita slíku tilboði með hliðsjón af því, að Landsvirkjun hafði í upphaflegum áætlunum sínum um orkusölu lagt til, að lína yrði lögð norður, og með hliðsjón af ónytjaðri umframorku Búrfells? Vil ég í þessu efni vitna til ummæla Eiríks Briem, framkvæmdastjóra Landsvirkjunar, í dagblaðinu „Vísi“ hinn 12. marz 1971.

h) Við Laxá í S.-Þing. er unnið að framkvæmdum við 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar, enda hefur ekki verið veitt virkjunarleyfi til annarra framkvæmda. Í dagblaðinu „Vísi“ hinn 18. marz s.l. segist Knútur Otterstedt, framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar, við útreikning á rafmagnsverði frá þessum 1. áfanga leggja til grund-

vallar 19 MW virkjun, Laxá III svonefnda, sem komið hafi fram í sáttatillögum í Laxárdeilunni. Þess vegna spyr ég orkumálastjóra: Er það ekki að áliti orkumálastjóra óleyfileg forsenda að leggja til grundvallar 19 megawatta virkjun, þegar reikna skal út rafmagnsverð frá 6 megawatta virkjun, og gefa það verð út sem raunhæft verð á rafmagni frá Laxá til neytenda? Ber hér ekki að hafa í huga, að engin fyrirheit hafa af hálfu ráðuneytis verið gefin um frekari virkjanir en þá, sem heimiluð var í 7 megawatta leyfi Atvinnumálaráðuneytisins hinn 23. sept. 1969? Hefur orkumálastjóri fengið rekstrar- og kostnaðaráætlun Laxár III til umsagnar og mælt með henni, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1967? Ef svo er, þá hvenær?

i) Orkumálastjóra vil ég enn fremur spyrja:

Hafði Orkustofnun eða raforkumálastjóri í upphafi umráð yfir hverasvæðinu í Bjarnarflagi, eða hafði þau umráð Jarðhitadeild ríkisins? Voru boranir upphaflega framkvæmdar á vegum þessara aðilja, og höfðu þessir aðiljar upphaflega ráðgert að setja þar upp gufuvirkjun? Hvenær og með hvaða hætti komust þessi mál í hendur Laxárvirkjunar? Var það Laxárvirkjun, sem ein réð því, að yfir 30 ára gamlar vélar voru keyptar í gufuvirkjunina í Bjarnarflagi en ekki nýjar vélar?

j) Á Akureyri eru uppi raddir um það, að framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar og orkumálastjóri hafi ekki alls fyrir löngu verið sammála um, að hagkvæmasta lausnin á raforkumálum Norðurlands væri lína norður yfir hálendið frá Búrfelli. Hafi þessir tveir menn undirritað stutta greinargerð í þessu efni. Þess vegna spyr ég orkumálastjóra: Er þetta satt? Ef svo er, bið ég orkumálastjóra að leggja fram þetta skjal".

Lögmaður stefnda hefur vegna þessara spurninga bent á, að orkumálastjóri er embættismaður. Vitnaskylda hans sem embættismanns fari að lögum eftir 4. tl. 1. mgr. 125. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Honum sé óskylt að gefa skýrslu fyrir dómi um atvik, sem gerzt hafi í embætti hans og upplýsa megi með vottorði úr embættisbók eða með opinberu skjali. Raforkumálastjóri hafi gefið orkumálaráðherra ítarlega umsögn um umsókn Laxárvirkjunar um leyfi til 7 MW virkjunar við Brúar í Laxá, dags. 15. september 1969. Umsögnin sé dagsett 16. september 1969. Hún sé opinbert skjal og lögð fram í málinu sem fylgiskjal með leyfi ráðherra, sbr. dskj. nr. 13.

Í umsögn orkumálastjóra komi fram, að áætlunin, sem umsóknin um virkjunarleyfið byggist á, sé um virkjun í efra hluta

fallsins í Laxá við Brúar. Það sé tekið fram, að veita frá Suðurá og mannvirki hennar sé ekki fólgin í áætluninni.

Lögmaður stefnda telur, að allar spurningar lögmanns stefnanda til orkumálastjóra séu þess eðlis, að embættismaður verði ekki krafinn svars við þeim í einkamáli. Þær miði ekki að upplýsingum málavaxta, heldur því einu að vefja málið með þrefi um aðra möguleika til virkjunar á öðrum stöðum og á annan hátt en hagkvæmast er fyrir orkuveitusvæði Laxárvirkjunar.

Um hina einstöku þætti spurninganna til orkumálastjóra hefur lögmaður stefnda sett fram athugasemdir á þessa lund:

Um a. Spurningin í þessum lið um hagkvæmni Gljúfurversvirkjunar að viðbættri Suðurárveitu sé óþörf, Suðurárveita sé ekki í virkjunaráætluninni. Varðandi hagkvæmni fyrsta áfanga Gljúfurversáætlunarinnar út af fyrir sig beri þess að gæta, að samkvæmt lögum nr. 60/1965 sé gert ráð fyrir, að virkjunin sé aukning þeirra aflstöðva Laxárvirkjunar, sem fyrir séu við Brúar, og nýr áfangi falli inn í þá heild, sem fyrir er virkjuð. Telur lögmaður stefnda því, að þessi hluti spurningarinnar sé tilefnislaus og eigi ekki rétt á sér.

Um b. Varðandi þessa spurningu vísar lögmaður stefnda í umsögn sína um a lið hér að ofan um virkjun í áföngum. Hann telur spurninguna og kröfu um framlagningu kostnaðar- og rekstraráætlunar þessa eina áfanga út af fyrir sig ekki eiga rétt á sér.

Um c. Greinargerð Karls Ragnars sé gerð að beiðni stefnda og gefi aðeins tilefni til staðfestingar höfundar á henni fyrir dómi og vættis af hans hálfu, ef ástæða þykir til.

Um e og f. Báðar þessar spurningar telur lögmaður stefnda falla undir ákvæði 3. mgr. 133. gr. einkamálalaganna. Þær beinist að orkumálastjóra persónulega um framkvæmd embættisstarfa hans og gefi í skyn, að hann gangi fram hjá heppilegustu og hagkvæmustu virkjunarmöguleikum. Spurningar þessar eigi því ekki rétt á sér.

Um g. Lögmaður stefnda telur, að orkumálastjóri verði ekki krafinn álits, umsagnar eða skýringar fyrir dómi á áliti og athugun, sem verkfræðingur hefur unnið eftir beiðni stefnanda með notkun sem sönnunargagn í málinu fyrir augum. Staða slíks manns sé staða vitnis. Ekki verði orkumálastjóri heldur krafinn um álit eða umsögn um nefnt tilboð opinberra rafmagnsvirkjana um viðskipti sín á milli. Spurningin eigi því heldur ekki rétt á sér.

Um h. Orkumálastjóra sem embættismanni sé óskylt að láta

í té það álit, sem spurningin krefji af honum. Vitnar lögmaður stefnda einnig til þess, sem hann hefur áður sagt varðandi a og b lið spurninganna hér að ofan.

Um i. Þessa spurningu telur lögmaður stefnda málinu óviðkomandi.

Um j. Þessi spurning og krafa henni samfara falli undir ákvæði 133. gr., 3. mgr., einkamálalaga. Hún byggist á dylgjum um viðræður, sem eigi að hafa farið fram í samtölum orkumálastjóra og framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar og sem séu ósannaðar með öllu.

Niðurstaða dómsins varðandi spurningar til orkumálastjóra, Jakobs Gíslasonar:

Þegar mál þetta var munnlega flutt 2. þ. m. vegna ágreinings út af spurningum, lagði lögmaður stefnda fram fjárhagsáætlanir frá Laxárvirkjun, tímasettar í apríl 1969. Þetta skjal var lagt fram sem rskj. nr. 103. Sagði lögmaður stefnda af því tilefni, að þessar fjárhagsáætlanir hefðu verið sendar raforkumálaráðherra með umsókn um virkjunarleyfi. Hins vegar gat lögmaðurinn ekki upplýst um það, hvort orkumálastjóri hafi haft þessar fjárhagsáætlanir undir höndum, er hann samdi umsögn sína til raforkumálaráðherra, dags. 16. september 1969, sem fjallar um umsókn stjórnar Laxárvirkjunar um leyfi til 7 MW virkjunar við Brúar í Laxá.

Lögmaður stefnanda benti á það við munnlegan flutning málsins, að nauðsynlegt væri, að fyrir lægi, hvaða rekstrar- og kostnaðaráætlanir hafi legið fyrir orkumálastjóra, er hann gaf umsögn sína, til þess að unnt sé að ganga úr skugga um það, hvort umsögnin og þar með leyfið hafi verið byggt á röngum forsendum. Þykir verða að fallast á það með lögmanni stefnanda, að rétt sé að upplýsa, hvaða kostnaðar- og rekstraráætlun orkumálastjóri hafi stuðzt við, er hann gaf umsögn sína til raforkumálaráðherra, dags. 16. september 1969, um fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar.

Varðandi aðrar spurningar sínar til orkumálastjóra hélt lögmaður stefnanda því fram við munnlegan flutning málsins, að sú leið, sem hér hafi verið valin með virkjun í Laxá við Brúar, hafi í för með sér stórkostlegt og afar dýrt eignarnám á verðmætum, sem stjórnarskráin nr. 33/1944 heimili ekki, nema almenningsþörf krefjist þess, en banni, ef aðrar leiðir án eignarnáms séu fyrir hendi.

Íslenzkir dómstólar eru ekki bærir um að endurmeta mat lög-

gjafans á hugtakinu „almenningsþörf“ samkvæmt 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33 17. júní 1944. Spurningar lögmanns stefnanda, er lúta að öðrum virkjunarmöguleikum en þeim, sem hér er um fjallað, teljast því ekki hafa þýðingu fyrir úrslit þessa máls. Verður orkumálastjóri því ekki krafinn svara við þessum spurningum, sbr. 3. mgr. 133. gr. einkamálalaga nr. 85 23. júní 1936.

Um spurningu h.

Spurning, er lýtur að raforkuverði frá Laxá III, hefur ekki þýðingu fyrir úrslit þessa máls. Raforkumálastjóra er sem embættismanni óskylt að láta í té álit, sem spurningar undir þessum lið krefja af honum.

Um i lið spurninganna.

Þessi spurning er máli þessu óviðkomandi og verður þegar af þeirri ástæðu ekki borin upp í máli þessu.

Um j lið spurninganna.

Þessi spurning og krafa henni samfara hafa enga þýðingu fyrir úrslit þessa máls, sbr. 3. mgr. 133. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Spurningar lögmanns stefnanda til Árna Snævarrs, ráðuneytisstjóra í iðnaðarráðuneytinu, eru svohljóðandi:

„1) Hvert var það vald, sem Iðnaðarráðuneyti fékk nefnd þeirri, sem ráðuneytið hafði forgöngu um, að skipuð yrði til rannsókna á Laxár og Mývatnssvæðinu, sumarið 1970. Hvað sagði í skipunarbréfi nefndarmanna? Voru þau öll eins orðuð? Skyldu venjulegar reglur stjórnsýsluréttar gilda um valdsvið nefndarinnar og það, hvernig ákvarðanir yrðu teknar innan hennar, eða gerði ráðuneytið þar einhverja undantekningu á frá því, sem venjulega gerist um slík stjórnvöld? Er unnt að fá skipunarbréfin lögð fram?

2) Samkvæmt 8. gr. laga nr. 58/1967 skulu umsóknir um leyfi til að reisa og reka raforkuver eða stækka sendar ráðuneyti raforkumála ásamt uppdráttum, kostnaðar- og rekstraráætlun hins fyrirhugaða raforkuvers. Í leyfi Atvinnuráðuneytis frá 23. september 1969 til virkjunar samkvæmt áætlun um 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar segir, að engin fyrirheit séu gefin um frekari virkjunarframkvæmdir en þá 7 MW virkjun, sem heimiluð er í leyfinu.

Þess vegna fer ég fram á það við hr. Árna Snævarr, að hann láti dóminum í té kostnaðar- og rekstraráætlun fyrir þessa 7 MW virkjun, sem ráðuneytið ætti samkvæmt 8. gr. laga nr. 58/1967

að hafa fengið í hendur. Í kostnaðar- og rekstraráætluninni ætti áætlað rafmagnsverð frá virkjuninni að koma fram.

3) Laxárvirkjunarstjórn er nú farin að tala um, að hún sé að reisa raforkuver, er nefnist „Laxá III". Samkvæmt yfirlýsingu hr. Knúts Otterstedts í dagblaðinu „Vísi" hinn 18. marz s.l. er „Laxá III" 19 MW virkjun.

Þess vegna spyr ég ráðuneytisstjórann: Hefur Iðnaðarráðuneyti veitt virkjunarleyfi til að smíða 19 MW virkjun, er nefnist „Laxá III"? Hefur ráðuneytið fengið í hendur rekstrar- og kostnaðaráætlun þeirrar virkjunar, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1967, og hefur ráðuneytið leitað umsagnar Orkustofnunar um þau gögn?

4) Í bréfi frá hr. Ófeigi Eiríkssyni til hr. Hermóðs Guðmundssonar, dags. 1. febrúar s.l., segir, að á vegum Orkustofnunar og Landsvirkjunar hafi verið unnið að athugun á flutningskostnaði orku til Laxársvæðisins, annars vegar frá Búrfelli, en hins vegar frá Lagarfossvirkjun. Niðurstöður þessara aðila hafi verið þessar um orkuverð:

Laxá III	64—68	aurar kwst.
Búrfell	105—135	— —
Lagarfossvirkjun . . .	95—110	— —

Síðan segir í bréfinu, að nánari upplýsingar um þetta sé að fá hjá Árna Snævarr ráðuneytisstjóra.

Þess vegna spyr ég: Fer hr. Ófeigur Eiríksson hér rétt með? Hafa Orkustofnun og Landsvirkjun unnið að slíkum athugunum? Getur ráðuneytisstjórinn lagt útreikninga þessara aðila fram? Hvaða skýringu er unnt að gefa á þeim mismun, sem kemur fram í ofangreindri tölu um rafmagnsverð frá Lagarfossvirkjun „95—110 aurar kwst." og í þeirri tölu, sem kemur fram í bréfi Rafmagnsveitna ríkisins til Hermóðs Guðmundssonar, dags. 4. febrúar s.l., en þar segir, að verð á hverri kílówattstund frá Lagarfljótsvirkjun gæti orðið kr. 0,62—0,66 aurar (kílówattstund) komið til Akureyrar?

5) Í dagblaðinu „Vísi" segir Eiríkur Briem, framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, að Landsvirkjun hafi í upphaflegum áætlunum sínum um orkusölu lagt til, að háspennulína yrði lögð norður yfir hálendið og að Laxárvirkjun gæti hvenær sem er gerzt meðeigandi í Landsvirkjun. Í greininni í „Vísi" segir enn fremur, að 50 MW lína norður myndi kosta um 200 milljónir króna. Þá segir og, að við núverandi og væntanlegan markað fyrir raforku frá

Landsvirkjun sé ljóst, að allmikil umframorka við Búrfell muni renna óbeizluð til sjávar.

Þess vegna spyr ég: Hefur Iðnaðarráðuneytið reynt nokkuð til að koma á samningum milli Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar um orkusölu? Ef svo er ekki, hvers vegna þá ekki, þegar hafðar eru í huga þær upplýsingar í ofannefndri grein, að rekstur á línunni norður yrði um 25 milljónir á ári, og þyrfti vart að reikna með miklum kostnaði af raforku norður, meðan verið væri að greiða línuna niður, — línu, sem nauðsynleg verður innan fárra ára til samtengingar á raforkusvæðum landsins?"

Athugasemdir lögmanns stefnda við þessum spurningum til Árna Snævarrs eru eftirfarandi:

Um 1. spurningu.

Lögmaður stefnda bendir á, að Félag landeigenda á Laxársvæðinu, núverandi Landeigendafélag Laxár og Mývatns, eigi fulltrúa í nefnd þeirri, sem iðnaðarráðuneytið hafi haft forgöngu um, að skipuð yrði til að undirbúa og skipuleggja sérfræðilegar rannsóknir á vatnasvæði Laxár. Væntanlega sé skipunarbréf fulltrúans í höndum félagsins. Störf nefndarinnar séu ekki í beinum tengslum við málið. Því virðist spurningarnar ekki varða málið og því ekki eiga rétt á sér, og er spurningunni mótmælt.

Spurning, er lýtur að nefndarskipun á sumrinu 1970 til rannsókna á Laxár- og Mývatnssvæðinu, hefur enga þýðingu fyrir úrslit þessa máls, þar sem beiðzt er dómsúrskurðar um lögmæti virkjunarleyfis í Laxá við Brúar frá 23. september 1969. Spurning þessi verður því ekki borin upp í málinu.

Um spurningu nr. 2 bendir lögmaður stefnda á, að samkvæmt lögum nr. 60/1965 sé gert ráð fyrir því, að sú virkjun, allt að 12 MW, sem þar sé leyfð, (virkjunin, sem nú er unnið að, 7 MW, er innan þeirra marka), sé aukning þeirra aflstöðva, sem fyrir eru í Laxá við Brúar og falli inn í þá heild, sem fyrir er virkjuð. Telur lögmaður stefnda spurningu þessa villandi og tilefnislausa og að hún eigi ekki rétt á sér. Þá benti lögmaður stefnda enn fremur á það við munnlegan flutning málsins, að hann hefði lagt fram fjárhagsáætlanir fyrir Gljúfurversvirkjun, sbr. rskj. nr. 103. Þessar fjárhagsáætlanir hafi verið sendar raforkumálaráðherra, áður en virkjunarleyfið frá 23. september 1969 hafi verið veitt.

Af hálfu lögmanns stefnanda var því ekki við munnlegan flutning málsins mótmælt, að fjárhagsáætlanirnar á rskj. nr. 103 hefðu verið sendar raforkumálaráðherra, áður en virkjunarleyfið frá 23. september 1969 var veitt. Af þessum sökum þykir ekki vera

tilefni til þess að bera upp í málinu spurningu lögmanns stefnanda nr. 2 til Árna Snævarrs ráðuneytisstjóra.

Lögmaður stefnda bendir á varðandi spurningu nr. 3, að umsókn til virkjunarleyfis fyrir virkjun, er nefnist Laxá III, hafi verið send til iðnaðarráðuneytisins, dags. 4. maí 1971. Sú umsókn ásamt kostnaðar- og rekstraráætlun hefur nú verið lögð fram í máli þessu. Verður því að fallast á það með lögmanni stefnda, að þessi spurning sé óþörf. Verður þessi spurning því ekki borin fram í málinu.

Lögmaður stefnda hefur haldið því fram, að bæði 4. og 5. spurning til Árna Snævarrs ráðuneytisstjóra eigi ekki rétt á sér í máli þessu.

Rétturinn fellst á það með lögmanni stefnda, að spurningar nr. 4 og 5 til Árna Snævarrs ráðuneytisstjóra hafi enga þýðingu fyrir úrslit þessa máls, sbr. röksemdir dómsins, sem raktar eru hér að framan, þegar fjallað er um spurningar til Jakobs Gíslasonar orkumálastjóra varðandi aðra virkjunarmöguleika heldur en þann, sem um ræðir í máli þessu. Spurningar þessar verða því ekki bornar upp í máli þessu við Árna Snævarr ráðuneytisstjóra.

Lögmaður stefnanda óskar, að eftirfarandi spurningum sé beint til Eiríks Briems, framkvæmdastjóra Landsvirkjunar:

„1) Hefur Landsvirkjun boðið Laxárvirkjun að gerast meðeigandi að Landsvirkjun? Hefur Landsvirkjun jafnframt boðið Laxárvirkjun rafmagn frá Búrfelli? Ef svo er, hvenær var þetta boðið og með hvaða kjörum? Hver voru svör Laxárvirkjunar? Hver er skýringin á því, að þessi leið var ekki farin?

2) Í dagblaðinu „Vísi“ hinn 12. marz s.l. segist blaðið hafa aflað sér þeirrar vitneskju, að háspennulína fyrir flutning á 50 þús. KW frá Búrfelli norður á svæði Laxárvirkjunar mundi kosta um 200 milljónir króna. Þessar upplýsingar eru greindar í frétt, sem segir frá viðtali við Eirík Briem, framkvæmdastjóra Landsvirkjunar.

Þess vegna spyr ég: Eru þessar upplýsingar fengnar frá Eiríki Briem?

3) Enn fremur segir í Vísisgreininni, að upphaflega hafi verið gert ráð fyrir og lagt til í áætlunum Landsvirkjunar um orkusölu, að háspennulína sú, sem greint er hér frá, yrði lögð norður.

Þess vegna spyr ég: Er hér rétt með farið? Hvenær var þetta og hvers vegna voru ákvæði um þetta ekki sett í lög um Landsvirkjun?

4) Þá segir í Vísisgreininni, að við núverandi og væntanlegan

markað fyrir raforku frá Landsvirkjun sé ljóst, að allmikil umframorka við Búrfell muni renna óbeizluð til sjávar.

Þess vegna spyr ég: Er hér rétt með farið? Ef svo er, hversu mikil er þessi umframorka?

5) Loks segir í Vísisgreininni, að rekstur línunnar norður yrði 25 milljónir á ári, og þyrfti vart í fyrstu að reikna með miklum kostnaði af raforku norður, meðan verið væri að greiða línuna niður, — línu, sem nauðsynleg verður innan fárra ára til samtengingar raforkusvæða landsins.

Þess vegna spyr ég: Er hér rétt með farið? Hversu miklum kostnaði af raforku norður væri eðlilegt að reikna með? Hvenær nánar tiltekið ætti lína þessi að verða nauðsynleg vegna samtengingar raforkusvæðanna?

6) Hr. Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur hefur gert samanburð á áætluðu raforkuverði frá þeirri 6,5 megawatta-virkjun, sem nú er verið að smíða við Laxá í S.-Þingeyjarsýslu, og frá 50 megawatta háspennulínu norður yfir hálendið frá Búrfelli. Guðmundur gerir ráð fyrir í útreikningum sínum, að virkjunin við Laxá muni kosta um 400 milljónir, en línan norður um 204 milljónir. Hinar ýmsu reiknistærðir, sem ganga inn í útreikningana sem forsendur, eru fengnar samkvæmt upplýsingum frá Árna Snævarr ráðuneytisstjóra, Orkustofnun, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Landsvirkjun. Niðurstöður Guðmundar varðandi 50 megawatta háspennulínu frá Búrfelli eru sem hér segir:

I.

Frá gufuaflsstöð í Bjarnarflagi, rekinni sem grunnstöð:
Ef rafmagn inn á línu við Búrfall kostar 30 aura, þá kostar það fyrir norðan . . . . . kr. 0.66
Ef rafmagn inn á línu við Búrfall kostar 40 aura, þá kostar það fyrir norðan . . . . . — 0,76
Ef rafmagn inn á línu við Búrfall kostar 50 aura, þá kostar það fyrir norðan . . . . . — 0.86
Ef rafmagn inn á línu við Búrfall kostar 60 aura, þá kostar það fyrir norðan . . . . . — 0.97

II.

Gufuaflsstöð í Bjarnarflagi, rekin sem toppstöð:
Ef rafm. inn á línu við Búrfell kostar 30 aura, þá kostar það fyrir norðan . . . . . kr. 0.56

Ef rafm. inn á línu við Búrfell kostar 40 aura, þá kostar það fyrir norðan ..... kr. 0.65
Ef rafm. inn á línu við Búrfell kostar 50 aura, þá kostar það fyrir norðan ..... — 0.74
Ef rafm. inn á línu við Búrfell kostar 60 aura, þá kostar það fyrir norðan ..... — 0.83

Í tilefni þessara útreikninga vil ég spyrja framkvæmdastjóra Landsvirkjunar: Eru tölurnar, sem Guðmundur telur í útreikningum þessum, hugsanlegar sem verð á rafmagninu frá Búrfelli inn á línu raunhæfar? Hvaða rafmagnsverð telur framkvæmdastjórinn vera líklegt, sérstaklega með hliðsjón af því, sem sagt er, að talsverð umframorka muni ella renna óbeizluð til sjávar, ef ekki verður lögð lína norður?

6) Í dagblaðinu „Vísi" hinn 18. marz s.l. segir framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar, að verð inn á línu við Búrfell geti hugsanlega orðið 20% ódýrara en kílówattstundin, komin til Reykjavíkur á 82 aura.

Þess vegna vil ég spyrja: Hefur Knútur Otterstedt leitað álits stjórnar Landsvirkjunar á hugsanlegu verði á rafmagni inn á línu við Búrfell? Hefur fullyrðing hans um hugsanlegt rafmagnsverð við Búrfell við rök að styðjast, þegar haft er í huga, að talsverð umframorka streymir óbeizluð til sjávar frá Búrfelli sakir skorts á eftirspurn? Er samanburður hans við verðið á rafmagni komið til Reykjavíkur eðlilegur eða líklegur til að gefa rétta hugmynd um rafmagnsverð frá Búrfellsvirkjun? Hvað er verðið á kílówattstund til annarra kaupenda á rafmagni frá Landsvirkjun?"

Lögmaður stefnda hefur eftirfarandi athugasemdir fram að færa við spurningum lögmanns stefnanda til Eiríks Briems, framkvæmdastjóra Landsvirkjunar:

Við 1. spurningu. Lögmaður stefnda vitnar í bréf Landsvirkjunar til lögmanns stefnanda, dags. 9. september 1970, þar sem upplýst er, að Landsvirkjun hafi ekki haft með höndum áætlanir um virkjanir utan Þjórsársvæðisins og heldur ekki áætlanir um kostnað í þessu sambandi. Mótmælir lögmaður stefnda þessari spurningu sem tilefnislausri.

Um spurningar nr. 2—5, þá heldur stefndi því fram, að þær verði ekki lagðar fyrir forstjóra Landsvirkjunar sem embættismanns, sbr. lög nr. 85/1936, 125. gr., 4. tl.

Um 5. spurningu. Lögmaður stefnda bendir á það, að álitsgerð og samanburður Guðmundar G. Þórarinssonar verkfræðings um

raforkuverð frá línu yfir hálendið frá Búrfellsvirkjun og hagnýtingu gufuaflstöðvar í Bjarnarflagi hafi verið gerð að beiðni stefnanda. Opinber embættismaður verði ekki krafinn vættis í þessu máli í tilefni af þessum útreikningi. Mótmælir lögmaður stefnda spurningu þessari.

Um spurningu nr. 6, bls. 4, bendir lögmaður stefnda á, að einsætt sýnist, að framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar gefi vottorð um þau atriði, sem spurningin fjallar um, samkvæmt 4. tl. 125. gr. laga nr. 85/1936 eða öðru opinberu skjali, áður en forstjóri Landsvirkjunar verði krafinn vættis um atriði á forsendum, sem lögmaður stefnanda byggir spurningu sína á. Mótmælir lögmaður stefnda því spurningunni.

Rétturinn lítur svo á, að ekkert af spurningum þeim, sem lögmaður stefnanda vill beina til Eiríks Briems, forstjóra Landsvirkjunar, geti haft þýðingu fyrir úrslit þessa máls. Ber því þegar af þeirri ástæðu að synja því, að spurningar þessar verði bornar upp í málinu. Varðandi rökstuðning fyrir þessari synjun vísar rétturinn til röksemda sinna, þar sem fjallað er um aðra virkjunarmöguleika heldur en þann, sem hér um ræðir varðandi spurningar þær, er beint var til Jakobs Gíslasonar orkumálastjóra.

Lögmaður stefnanda beinir eftirfarandi spurningum til Knúts Otterstedts, framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar:

„1) Samkvæmt 8. gr. laga nr. 58/1967 skulu umsóknir um leyfi til að reisa og reka raforkuver eða stækka sendar ráðuneyti raforkumála ásamt uppdráttum, kostnaðar- og rekstraráætlun hins fyrirhugaða raforkuvers.

Þess vegna spyr ég: Hver var sú kostnaðar- og rekstraráætlun, sem Laxárvirkjun sendi Atvinnumálaráðuneyti vegna framkvæmda við 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar? Ég bið um að leggja hana fram.

2) Á fskj. 26 í „Greinargerð Laxárnefndar til orkumálastjóra“ og á dskj. nr. 9, sem lögmaður Laxárvirkjunar lagði fram í (auka) fógetamáli Þingeyjarsýslu nr. 1/1970, er yfirlit yfir 1. og 2. áfanga Gljúfurversvirkjunar.

Um 1. áfanga segir:

„Upp verður sett ein vélasamstæða 23,9 MW fyrir endanlega fallhæð, 84 m. Hún mun nýta 38 m fall og skila 6,5 MW.“.

Um 2. áfanga segir m. a.:

„Hafin verður stíflugerð. Stíflan nái upp í 135 m hæð y. s., og venjulegt vatnsborð verður í 129 m hæð y. s. Samstæðan mun þá nýta 59,5 m fallhæð og skila 14,5 MW.“.

Á fskj. nr. 26 í greinargerð Laxárnefndar segir síðan um 3. áfanga:

„Stíflan verður hækkuð í endanlega hæð með venjulegu vatnsborði í 153,5 m hæð y. s. Vélasamstæðan mun nýta 84 m fallhæð og skila 23,9 MW.“.

Samkvæmt því, sem hér greinir um virkjunaráætlunina, nemur samanlagt afl 1. og 2. áfanga Gljúfurversvirkjunar 6,5 MW, sem er 1. áfangi, með aukningu afls í 2. áfanga, þannig að aflið fari upp í 14,5 MW. Með stíflu 2. áfanga er fallhæðin aukin um 59,5 m ÷ 38 m = 21,5 metra. Í áætluninni um 2. áfanga er gert ráð fyrir, að stíflan nái með gerð þess áfanga upp í 135 m hæð y. s., en venjulegt vatnsborð verði hins vegar um 129 m hæð y. s., eða m. ö. o., gert er ráð fyrir, að stíflan verði um 6 metrum hærri en vatnsborðið.

Í grein í blaðinu „Verkamanninum“ á Akureyri hinn 20. júní 1970, sem nefnist „Lokasvar stjórnar Laxárvirkjunar til Hermóðs Guðmundssonar“, segir orðrétt:

„Hið sanna í máli þessu er það, að raforkuverð frá þeirri virkjun, sem nú er ákveðin, er á bilinu 66—76 aurar á kwst. og með um 20 m vatnsborðshækkun fást rúm 19 þús. KW, og verður orkuverðið þá um 40 aurar“.

Þess vegna spyr ég: Hvernig tekst stjórn Laxárvirkjunar í útreikningum sínum á rafmagnsverði að fá næstum 5 MW meira rafmagn frá öðrum áfanga með um 20 metra vatnsborðshækkun en gert er ráð fyrir í Gljúfurversáætluninni? Er ætlunin að gera það með öðrum vélum eða að leggja niður gömlu virkjanirnar, sem fyrir eru í Laxá?

3) Á sáttafundi í lok nóvember 1970 var lagt fram plagg, sem kallað var „ný áætlun — hönnun — um viðbótarvirkjun í Laxá, Laxá III“.

Á minnisblaði, sem lagt var fram á sáttafundi hinn 23. nóv. 1970, segir m. a. um „Laxá III“:

„Viðbótarafl yrði þá 12 MW, þar með heildarafl Laxárvirkjana, það sem fyrir er: 12 MW + 19 MW, samtals 31 MW“.

Síðan segir:

„Hins vegar er hægt síðar að fá aukið afl, um 19 MW, með því að bæta við vélasamstæðuna í Laxá III. Með því yrði Laxá III í heild 38 MW“.

Í grein, sem Jón Jónasson, Þverá, Laxárdal, reit í dagblaðið „Tímann“ hinn 6. marz s.l., segir m. a.:

„Á þeim fundi lagði Laxárvirkjunarstjórn fram áætlun, Laxá

III, sem felur í sér uppsetningu tveggja vélasamstæðna, er þurfi 70 m^3 af vatni á sek. til að skila fullri orku. Jafnframt á að taka vatn á vélar Laxár I, þar eð hún er á sama falli. Þarf því allt að 90 m^3 til að nýta vélar þessar að fullu. Meðalrennsli Laxár er 43 m^3 á sek. á virkjunarstað. Til þess að virkjunin fái starfsgrundvöll, þarf því meira en að tvöfalda vatnsmagn árinnar".

Þess vegna spyr ég: Hvernig fer framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar að því að fá samræmi í orð áætlunarinnar um Laxá III og fullyrðingar Jóns Jónassonar, Þverá, Laxárdal?

4) Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur hefur gert með útreikningi samanburð á orkuverki á Laxársvæðinu, annars vegar frá 6,5 MW virkjun (Laxá III) og hins vegar frá 50 MW línu yfir hálendið frá Búrfelli. Að upphafi útreikninganna gerir Guðmundur grein fyrir aðferðum sínum og segir m. a.:

„Útreikningar eru að mestu gerðir með rafreikniforskrift Orkustofnunar. Miðað er við sömu forsendur, þ. e. orkuspá, rennslistölur, orkustuðla o. s. frv., og Orkustofnun hefur notað til ákvörðunar á orkukostnaði fyrir Laxársvæðið frá hlutfallslega stórum orkuöflunarvalkostum. Hinar ýmsu reiknistærðir, sem ganga inn í reikningana sem forsendur, eru fengnar samkvæmt upplýsingum frá Árna Snævarr ráðuneytisstjóra, Orkustofnun, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Landsvirkjun.

Við reikningana er tekið tillit til þess, að orkuvinnslugeta (ekki afl) 6,5 MW virkjunar í Laxá nýtist smám saman í samræmi við vöxt orkuþarfar og við reikninga á orkuverði því jafnframt reiknað með vöxtum af þeim hluta fjármagns virkjunarinnar, sem svarar til ónotaðrar vinnslugetu á hverjum tíma. Rafreikniforskriftin tekur tillit til þessa vaxtakostnaðar með því að beita „afvöxtunarreikningi (diskonteringu)", þ. e. færa kostnað, er til fellur á mismunandi tímum, að sameiginlegum tímapunkti með (því að beita) afvöxtun og fá kostnaðartölurnar á þann hátt sambærilegar og samleggjanlegar.

Forsenda reikninganna er, að orkuþörf á Laxársvæðinu muni á næstu áratugum vaxa samkvæmt Orkuspá I í áliti Raforkunefndar Norður- og Austurlands frá 1966—'67, þó með nokkurri aukningu á raforkunotkun til kísilgúrvinnslu. En orkuspá þessi er í góðu samræmi við orkunotkun í dag. Orkuspáin er greind í þrjá notkunarflokka".

Í dagblaðinu „Vísi" eru hafðar eftir Knúti Otterstedt, framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar, nokkrar athugasemdir við útreikninga Guðmundar G. Þórarinssonar. Hann segir þar, að Guðmundur

G. Þórarinsson hafi gefið sér rangar forsendur til þess að fá „staðreyndirnar“ á sitt band.

Þess vegna vil ég hér byrja á því að spyrja framkvæmdastjórann, hvort rétt sé eftir honum haft í dagblaðinu „Vísi“ hinn 18. marz s.l.

a) Fyrsta athugasemd Knúts hljóðar svo í dagblaðinu: „Landeigendur styðjast við of lága orkuspá fyrir (Laxársvæðið) svæði Laxárvirkjunar. Frestur á framkvæmdum er því óraunhæfur“.

Um þessa athugasemd segir Guðmundur G. Þórarinsson í gagnathugasemdum sínum í dagblaðinu „Vísi“ hinn 26. marz 1971:

„Framkvæmdastjórinn telur, að stuðzt sé við of lága orkuspá. Aðdragandi þessara útreikninga var, að sáttasemjari fékk landeigendafélaginu í hendur tölur um orkuverð frá nokkrum orkuvalkostum. Stuðzt er við sömu orkuspá og lögð var til grundvallar þessum tölum, enda hefur sú orkuspá verið notuð við áætlanir um virkjun í Laxá. Framkvæmdastjórinn hefur hins vegar gert nýja orkuspá með tilliti til tengingar Axarfjarðar og Þistilfjarðar við Laxársvæðið, og er sú spá eðlilega hraðari og væntanlega réttari með tilliti til þessara forsenda.

Orkuspáin hefur hins vegar ekki áhrif á samanburðargildi reikninganna um, hvort hagstæðara orkuverð fáist með virkjun eða línu. Þess er og að gæta, að spá er jú spá og felur óneitanlega í sér nokkra ónákvæmni. Þannig gæti raunveruleikinn jafnvel fylgt eldri spánni betur“.

Útreikningar Guðmundar G. Þórarinssonar verða sendir Knúti Otterstedt ásamt spurningum þessum.

Í tilefni ummæla Knúts og Guðmundar vil ég leyfa mér að spyrja Knút:

1) Er það rétt með farið hjá Guðmundi G. Þórarinssyni, að sú orkuspá, sem hann notaði og Knútur telur of lága, sé sú sama og notuð var við áætlanir um virkjun Laxár?

2) Er sú orkuspá, sem Knútur Otterstedt telur vera rétta, gerð, eftir að byrjað var á virkjunarframkvæmdum í júní 1970 eða eftir að samningur við verktaka var undirritaður í lok maí 1970 eða eftir að virkjunarleyfið hinn 23. sept. 1969 var veitt? Hefur Knútur gert þesa nýju orkuspá sjálfur eða einhver annar?

3) Er frestur á framkvæmdum við Laxá raunhæfur að áliti Knúts, ef miðað er við þá orkuspá, sem Guðmundur G. Þórarinsson notar, miðað við hinn 18. marz s.l.?

4) Er hin nýja, hraðari, orkuspá Knúts miðuð við, að Axarfjarðar og Þistilfjarðarsvæðið verði tengt Laxársvæðinu?

5) Hafði, áður en framkvæmdir hófust við virkjunina við Brúar í júní 1970, náðst samkomulag við yfirstjórn raforkumála á Axarfjarðar- og Þistilfjarðarsvæðinu um raforkuverð og sölusamningar þá verið gerðir um sölu á rafmagni til þessa svæðis?

6) Er það rétt með farið hjá Guðmundi G. Þórarinssyni, að það hafi engin áhrif á samanburðargildi útreikninga Guðmundar varðandi orkuverð frá virkjun eða línu norður, hvort notuð er hin hægari orkuspá Guðmundar eða hin hraðari orkuspá Knúts?

b) Önnur athugasemd Knúts Otterstedts í dagblaðinu „Vísi" hinn 18. marz s.l. hljóðaði svo:

„Reiknað er með verðlagshækkunum við áætlun um byggingu vatnsaflsstöðvarinnar. Kostnaðurinn við lagningu línu frá Búrfelli, 204 milljónir, er hins vegar miðaður við verðlag í ársbyrjun 1970".

Gagnathugasemd Guðmundar G. Þórarinssonar í dagblaðinu „Vísi" hinn 26. marz s.l. hljóðar hins vegar svo:

„Útreikningarnir eru gerðir fyrir mismunandi stofnkostnað beggja valkosta og þar enginn dómur lagður á endanlegan stofnkostnað. Á fundinum á Húsavík reiknaði ég hins vegar áætlanir um virkjun og línu til verðgildis í árslok 1972 og þar saman orkuverð frá 400 millj. kr. virkjun og 216 millj. kr. línu".

Vegna þessa vil ég spyrja: Minnist Knútur Otterstedt þess ekki, að Guðmundur hafi á fundinum á Húsavík notað þær tölur, sem hann nefnir í dagblaðinu „Vísi" hinn 26. marz? Telur hann tölur þessar geta farið nærri sönnu verði á virkjun og línu í árslok 1972?

c) Þriðja athugasemd Knúts Otterstedts í dagblaðinu „Vísi" hinn 18. marz s.l. hljóðar svo:

„Eingöngu er stuðzt við áfangann í Laxá, sem unnið er að núna. Stjórn Laxárvirkjunar miðar hins vegar að gerð vatnsaflsvirkjunar í samræmi við sáttatillöguna. — Laxá III getur þá framleitt 19 MW í stað 6.5 MW, sem bændur reikna með, en kostnaðurinn er áætlaður 540 millj. Miðað við 6.000 klukkustunda nýtingartíma árlega yrði því framleiðslan 115 millj. kw-stunda, þ. e. verðið á kílówattstund um 42 aurar. — Stöðin gæti hins vegar framleitt 155 millj. kwst. með rekstri toppstöðva og 8000 klst. nýtingartíma, sem þýðir, að verðið færi niður í 31 eyri".

Í leyfi Atvinnumálaráðuneytis til að virkja Laxá með því að reisa fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, dags. 23. sept. 1969, segir orðrétt:

„Samkvæmt þessu vill ráðuneytið hér með leyfa Laxárvirkjun

að reisa fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar í Laxá með um 7 þúsund KW afli í samræmi við framangreinda áætlun.

Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun og taka þá áhættu, sem því er samfara, þá hefir ráðuneytið út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hins vegar skal það tekið fram, að engin fyrirheit eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir".

Í 1. mgr. 4. gr. laga um Laxárvirkjun nr. 60/1965 segir orðrétt:

„Laxárvirkjun er heimilt að reisa allt að 12 þús. KW raforkuver í Laxá við Brúar".

Í bréfi Iðnaðarráðuneytis, dags. 13. maí 1970, segir orðrétt:

„Ráðuneytið tilkynnir stjórn Laxárvirkjunar, að það sé forsenda fyrir áframhaldandi virkjunarframkvæmdum, umfram þann áfanga, sem þegar hefur verið leyfður (8 MW), að gerðar verði fullnægjandi sérfræðilegar rannsóknir á vatnasvæði Laxár, og mun ráðuneytið hafa forgöngu um tilhögun og umfang þeirra rannsókna . . .".

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, vil ég spyrja Knút Otterstedt:

1) Hvernig getur stjórn Laxárvirkjunar reiknað út framleiðsluverð á rafmagni frá þeirri virkjun, sem verið er að reisa, með hliðsjón af því, hversu ódýrt rafmagn 19 megawatta virkjun getur gefið, þegar skýrt er tekið fram í virkjunarleyfi Atvinnumálaráðuneytis, að engin fyrirheit séu gefin um leyfi til stærri virkjunar en 12 megawatta samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 60/1965? Hvernig getur stjórn Laxárvirkjunar talið slíka útreikninga vera raunhæft verð á rafmagni frá þeirri virkjun, sem verið er að reisa og ráðuneytið hefur heimilað? Eða hefur verið veitt virkjunarleyfi umfram það, sem lög nr. 60/1965 leyfa?

2) Hvernig getur stjórn Laxárvirkjunar talið vera raunhæft að reikna rafmagnsverð frá þeirri virkjun, sem nú er verið að reisa, miðað við 19 megawatta virkjun, þegar í ráðuneytisbréfinu frá 13. maí 1970 segir afdráttarlaust, að ekki verði virkjað meira en sú 6,5 megawatta virkjun, sem nú er í smíðum, ef niðurstöður rannsókna á vatnasvæði Laxár verða neikvæðar, hvað viðvíkur frekari virkjunarframkvæmdum? Hefur ekki fulltrúi Laxárvirkjunar í nefnd þeirri, sem skal skipuleggja rannsóknirnar, samþykkt í desember 1970, að frekari virkjunarframkvæmdir skuli vera háðar niðurstöðum rannsókna?

d) Fjórða athugasemd Knúts Otterstedts í dagblaðinu „Vísi" hinn 18. marz s.l. hljóðar svo:

„Reiknað er með, að dieselstöð yrði keyrð á toppinum, ef keypt yrði orka frá Búrfellslínu. Þar er aðeins gert ráð fyrir einum toppi á ári. Hins vegar má búast við, að toppunum fjölgi í fjóra. Ef það yrði gert, þyrfti að framleiða svo mikla orku með dieselstöðvum, að dæmið yrði óraunhæft. Þetta er veigamikið atriði í útreikningunum, þó að það sé kannski óskiljanlegt flestum. Auk þess er í þessu atriði ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á olíu, sem er fyrirsjáanlegt, að verði veruleg í nánustu framtíð".

Guðmundur G. Þórarinsson segir í gagnathugasemdum sínum um þetta atriði Knúts:

„Það er misskilningur hjá framkvæmdastjóranum, að útreikningarnir geri ráð fyrir að keyra afltoppana af með dieselstöð, ef orka yrði keypt frá Búrfelli.

Á fundinum á Húsavík skýrði ég það, að útreikningarnir sýna orkuverð á Lavársvæðinu, miðað við mismunandi verð inn á línu við Búrfell.

Þetta var reiknað þannig vegna þess, að verðskrá Landsvirkjunar er í endurskoðun. Jafnframt er verðskránni þannig háttað, að hentugra yrði fyrir Laxársvæðið að keyra afltoppana af með dísil og láta vatnið renna framhjá Búrfelli á meðan, þótt lína væri til staðar yfir hálendið, sem flutt gæti alla nauðsynlega orku.

Þannig getur niðurstaðan orðið, þegar opinber fyrirtæki skipta sín á milli.

Vera má, að framkv.stj. hafi misskilið þessar skýringar mínar.

Hins vegar gera útreikningarnir ráð fyrir, að afltoppar umfram ástimplað afl virkjana yrðu keyrðir með dísil, ef virkjunin yrði valin, sem og ístruflanir. Hækkandi olíuverð gerir því þann valkost óhagstæðari".

Vegna þessara ummæla Guðmundar og Knúts leyfi ég mér að spyrja: 1) Telur framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar raunverulega sjálfur nauðsynlegt að keyra afltoppa Laxársvæðisins af með dísilrafstöð, ef háspennulína yrði lögð norður? Telur hann enga von til þess að komast að samningi við Landsvirkjun um verðskrá á rafmagni frá Búrfelli, sem kæmi í veg fyrir slíkt fyrirkomulag, sérstaklega þegar haft er í huga, að næg umframorka er til við Búrfell til að anna einnig afltoppunum á Laxársvæðinu? Hefur framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar kannað viðhorf Landsvirkjunar í þessu efni? 2) Telur framkvæmdastjórinn geta komið til þess, sem gert er ráð fyrir í útreikningum Guðmundar G. Þórar-

inssonar, að afltoppar umfram ástimplað afl þeirrar 6,5 megawatta virkjunar, sem nú er í smíðum, kunni að verða keyrðir af með díselrafstöð, sem og ístruflanir, þannig að sá valkostur (virkjunin) verði óhagstæðari fyrir þá sök?

e) Í fimmtu athugasemd sinni segir Knútur Otterstedt í dagblaðinu „Vísi" hinn 18. marz s.l.:

„Í útreikningunum er reiknað með fjórum möguleikum á verði inn á línu við Búrfell, eða 30—60 aurum. Í fyrra verðið á kílówattstund komið til Reykjavíkur 82 aurar. Verðið inn á línu við Búrfell gæti hugsanlega orðið 20% ódýrara. Ekki er raunhæft að reikna með lægra verði en því, þ. e. eitthvað rúml. það, sem landeigendur gefa sér hæst, eða 60—70 aurar".

Í gagnathugasemdum sínum segir Guðmundur G. Þórarinsson:

„Orkukaup Reykjavíkurborgar voru óhagstæðari en annarra viðskiptavina Landsvirkjunar. Nýtingartíminn aðeins um 4300 stundir. Reykjavíkurborg á hins vegar 50% í Landsvirkjun, þannig að fyrir hana verða kaupin ekki eins óhagstæð og ella.

Ekki verður séð, hvers vegna skuli fremur miða við Reykjavíkurborg en aðra kaupendur.

Við orkuverð frá 19 MW virkjun miðar framkv.stj. við 6000—8000 klst. nýtingartíma, en þegar kemur að athugun á línunni, telur hann eðlil. að miða við orkuverð, sem fengist með 4300 klst. nýtingartíma. Ekki virðist mér samræmi í því".

Vegna þessara ummæla Knúts og Guðmundar vil ég leyfa mér að spyrja framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar:

1) Hver er nú nýtingartími Laxársvæðisins? Hvernig rökstyður Knútur Otterstedt þá fullyrðingu sína, að verð inn á línu frá Búrfelli til sölu norðanlands gæti hugsanlega orðið 20% ódýrara en verðið á kílówattstund til Reykjavíkurborgar, 82 aurar, en ekki lægra? Hvers vegna ber framkvæmdastjórinn ekki verðið inn á línu við Búrfell saman við verð á rafmagni frá Landsvirkjun til annarra kaupenda, þar sem nýtingartími er nær þeim tíma, sem hann miðar við?

2) Hver er skýring framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar á því, að hann miðar orkuverð frá 19 megawatta virkjun við Laxá við 6—8000 klst. nýtingartíma, en þegar að línunni frá Búrfelli kemur, þá miðar hann orkuverðið við 4300 klst. nýtingartíma? Eða fer Guðmundur G. Þórarinsson hér ekki með rétt mál?

f) Í þriðju athugasemd sinni sagði Knútur Otterstedt m. a. í dagblaðinu „Vísi" hinn 18. marz s.l.:

„Stjórn Laxárvirkjunar miðar hins vegar að gerð vatnsafls-

virkjunar í samræmi við sáttatillöguna. — Laxá III getur þá framleitt 19 MW í stað 6,5 MW, sem bændur reikna með, en kostnaðurinn er áætlaður 540 millj. Miðað við 6000 klukkustunda nýtingartíma árlega, yrði því framleiðslan 115 millj. kw-stunda, þ. e. verðið á kílówattstund um 42 aurar. Stöðin gæti hins vegar framleitt 155 millj. kwst. með rekstri toppstöðva og 8000 klst. nýtingartíma, sem þýðir, að verðið færi niður í 31 eyri".

Gagnathugasemd Guðmundar G. Þórarinssonar verkfræðings hljóðar svo:

„Við útreikning á orkuverði frá virkjun þarf að taka tillit til þess, að virkjunin getur aðeins selt orku í samræmi við orkuþörf. 400 millj. kr. virkjun, sem fyrstu árin getur aðeins framleitt og selt hluta af því, sem hún mest getur framleitt, framleiðir því eðlilega dýrari orku fyrstu árin en hin síðari, er hún er fullnýtt. Fyrstu árin liggur stór hluti stofnkostnaðar aðgerðalaus í virkjuninni, ef svo má segja. Endanlegt orkuverð er fundið sem meðalverð yfir afskriftatímann, 40 ár.

Tölur framkvæmdastjórans sýna hins vegar orkuverðið, eftir að fullnýtingu verður náð, sem væntanlega verður ekki fyrr en 1985".

Vegna þessara ummæla Knúts og Guðmundar vil ég leyfa mér að spyrja Knút Otterstedt:

1) Er það rétt með farið hjá Guðmundi G. Þórarinssyni, að tölur Knúts Otterstedts sýni aðeins orkuverðið frá 19 megawatta virkjun við Laxá, eftir að fullnýtingu er náð?

2) Er það rétt með farið hjá Guðmundi G. Þórarinssyni, að fullnýtingu þeirrar 19 megawatta virkjunar, sem Knútur Otterstedt miðar útreikninga sína við, verði væntanlega ekki náð fyrr en árið 1985? Hvenær telur framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar fullnýtingu slíkrar virkjunar verða náð miðað við sína hraðari orkuspá annars vegar og hins vegar miðað við orkuspá Orkustofnunar, sem Guðmundur notar?

3) Í ofangreindum gagnathugasemdum sínum lýsir Guðmundur G. Þórarinsson ákveðinni aðferð við útreikning á orkuverði frá virkjunum. Hann talar um „endanlegt orkuverð", sem hann segir finnast með því að finna meðalverð yfir afskriftartímann, 40 ár.

Telur framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar reikningsaðferð Guðmundar G. Þórarinssonar vera ranga, eða er sú aðferð önnur en Orkustofnunin notar til að finna orkuverð? Er reikningsaðferð Knúts hin rétta og venjulega, þ. e. að taka ekki tillit til þess,

að fyrstu árin getur virkjunin ekki selt nema lítinn hluta af þeirri orku, sem hún getur framleitt?

5) Uppi eru raddir um það á Akureyri, að Knútur Otterstedt og Jakob Gíslason orkumálastjóri hafi saman skrifað undir plagg, þar sem þeir hafi látið í ljós þá skoðun sína, að rétt væri að bíða með Gljúfurversvirkjun, en leggja frekar línu yfir hálendið norður.

Þess vegna spyr ég:

Vill Knútur Otterstedt leggja þetta skjal fram? Hvenær var þetta plagg samið og undirritað? Hvað hefur breytzt í viðhorfum til þessara mála síðan?

6) Í útreikningum Guðmundar G. Þórarinssonar er gerður greinarmunur á því, hvort gufuaflstöðin í Bjarnarflagi sé rekin sem grunnstöð eða toppstöð. Um þetta atriði segir í greinargerð Landeigendafélags Laxár og Mývatns, sem nefnist „Tillögur til lausnar á deilunni um Laxá" og birtist í dagblöðum í marz s.l.:

„Það kom fram í niðurstöðum Guðmundar G. Þórarinssonar, að Laxárvirkjun gerir í sínum útreikningum ráð fyrir því, að gufuaflsstöð hennar í Bjarnarflagi sé rekin sem toppstöð, þ. e. hún sé eins og dísilrafstöðvar, aðeins sett í gang, þegar álagið er mest. Hins vegar munu flestir á einu máli um, að næg gufuorka sé til staðar í borholum gufuvirkjunarinnar og afköst Námaskarðsjarðhitasvæðisins næg til þess að reka miklu stærri gufuvirkjun þarna með verulegu rekstraröryggi. Stjórn Laxárvirkjunar hefur rökstutt þessa rekstrartilhögun gufustöðvarinnar með því, að hún þurfi að kaupa gufu til að framleiða hverja kílówattstund á verði, sem Jarðvarmadeild ríkisins ákveði. Hún þurfi að kaupa afl þessarar stöðvar með sama hætti og hún væri að kaupa dísilolíu. Þetta telur Landeigendafélag mjög óeðlilegt og þjóðhagslega óhagkvæmt, þar sem það er hreint bókhaldsatriði milli tveggja ríkisstofnana, á hverju verði gufan úr borholunum er keypt. Þjóðhagslega er hagkvæmast, að gufuvirkjunin sé látin ganga allan sólarhringinn, úr því að hún hefur á annað borð verið reist. Rafstöð, sem gengur allan sólarhringinn, er kölluð grunnstöð".

Vegna þessara orða leyfi ég mér að spyrja framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar:

Hefur Laxárvirkjun freistað þess að komast að hagkvæmari samningum um gufukaup frá Jarðvarmadeild ríkisins, þannig að gufuaflsstöðin í Bjarnarflagi geti nýtt alla þá orku, sem streymir úr borholunum, og gengið allan sólarhringinn? Getur Knútur

ekki hugsað sér, að það gæti orðið hagur beggja, Jarðvarmadeildarinnar og Laxárvirkjunar? Hefur Laxárvirkjun freistað þess að fá borholurnar keyptar eða teknar eignarnámi?

7) Hinn 13. marz s.l. sendi Orkustofnun, Jarðhitadeild, frá sér „Greinargerð um gufuaflsstöðvar á jarðhitasvæðum", en greinargerð þessi mun vera samin af hr. Karli Ragnars verkfræðingi, yfirmanni stofnunarinnar.

Hann segir m. a. í greinargerðinni:

„Gufuaflstöðin í Námafjalli framleiðir nú um 2400 KW, og til þess fær hún gufu frá þrem borholum, sem gefa 50 tn/klst. Við þann þrýsting (6,8 kg/cm^2), sem aflstöðin vinnur við".

Karl segir um þá hugmynd að setja nýja aflvél í stað gömlu aflvélarinnar í gufuaflsstöðinni:

„Áætlað er, að ný aflvél, sem ynni með eimþéttingu og inntaksþrýsting gufunnar 4 kg/cm^2 gæti afkastað 7,7 MW miðað við, að hún fengi gufu frá þeim þrem borholum, sem nú eru notaðar í Námafjalli. Er þá miðað við, að gufumagn sé 20% meira við þrýstinginn 4,0 kg/cm^2 en 6,8 kg/cm^2. Samkvæmt þeim mælingum, sem gerar hafa verið á honum (þannig), er hér varlega áætlað, en til marks um það má nefna, að þótt heildarrennsli ykist ekkert, eykst gufumyndun um 14% vegna þrýstingsmismunarins".

„Byggingartími rafstöðvar af þessari gerð er að verulegu leyti háður afgreiðslufresti á vélasamstæðunni, en hann er 1 til 2 ár".

Vegna þessara ummæla Karls Ragnars vil ég leyfa mér að spyrja framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar:

1) Samkvæmt ofangreindri greinargerð yfirmanns Jarðhitadeildar Orkustofnunar er unnt að auka afl gufuaflsstöðvarinnar í Bjarnarflagi úr 2,4 MW upp í 7,7 MW með því að setja nýjar aflvélar. Telur framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar Karl Ragnar fara með rétt mál í þessu efni? Hvers vegna hefur Laxárvirkjun ekki farið þessa leið, ef svo er?

2) Karl Ragnars telur byggingartíma nýrrar gufuaflsstöðvar í Bjarnarflagi vera háðan að verulegu leyti afgreiðslufresti á vélasamstæðunni, sem sé 1 til 2 ár. Telur Knútur Otterstedt Karl fara hér með rétt mál, eða telur hann afgreiðslutímann vera lengri? Með hverju rökstyður Knútur þá skoðun sína?

8) Sveinn S. Einarsson verkfræðingur samdi fyrir raforkumálastjóra „Álitsgerð um jarðgufuaflstöðvar með sérstöku tilliti til virkjunar við Námafjall". Var álitsgerð þessi gefin út í júní 1967.

Á bls. 2 í álitsgerðinni segir m. a.:

„Línuritið á mynd (7) sýnir samanburð á áætluðum orkukostnaði 5,10 og 15 MW jarðgufuaflsstöðva við Námafjall og 22,8 MW vatnsvirkjunar í Gljúfurveri við Laxá í Þingeyjarsýslu.

Orkukostnaður minni jarðgufuaflsstöðvanna er sambærilegur við orkukostnað hagstæðustu stórvirkjana vatnsafls, en fyrir stærri stöðvarnar er hann mun lægri, og mun vandfundinn nokkur önnur tegund aflstöðva, er hefur sambærilegan orkukostnað.

Jarðgufuaflstöð af þessum gerðum væri hægt að byggja á rúmum 2 árum frá því, að boranir hefjast. Væru boranir hafnar við Námafjall sumarið og haustið 1967, gæti stöðin verið tilbúin til notkunar haustið 1969.

Auk þessa, sem jarðgufuaflstöðvar eru svo ódýrar í byggingu og hafa svo lágan orkukostnað, sem sýnt hefur verið í töflunum að framan, hafa þær aðra reksturseiginleika, sem eru sérlega hagkvæmir, ef um er að ræða orkuvinnslu, þar sem þörf er á stöðugu grunnafli árið um kring, svo sem fyrir orkufrekan iðnað. Má þar nefna óvenjulegt rekstursöryggi (stöðvarnar eru lítt háðar veðurfarstruflunum, frosti o. s. frv.) og möguleika á lengri nýtingartíma mesta afls en hægt er að jafnaði að fá í vatnsaflsstöðvum með viðráðanlegum miðlunarmannvirkjum.

Þá er það ekki síður mikilvægt fyrir Íslendinga, að hægt er að fá svo lágan orkukostnað í tiltölulega litlum stöðvum, sem hægt er að byggja að vild í hæfilegum áföngum í samræmi við vöxt hinnar almennu raforkunotkunar.

Með jarðgufuaflstöðvum er hægt að nýta orkuforðann í jarðgufusvæðum landsins, en þau eru talin geta staðið undir sambærilegri orkuvinnslu og möguleg eru í öllum virkjanlegum vatnsföllum landsins.

Með tilliti til ákvarðana um raforkuvirkjanir í framtíðinni er því mjög áríðandi, að byggð verði jarðgufuaflstöð hér á landi hið fyrsta, svo reynsla fáist af rekstri slíkra stöðva við íslenzkar aðstæður".

Á mynd (7) í álitsgerðinni er sýnt fram á, að orkukostnaður 5,10 og 15 MW jarðgufuaflstöðva er mun minni en orkukostnaður 22,8 MW virkjunar í Gljúfurveri.

Vegna þessarar álitsgerðar Sveins S. Einarssonar verkfræðings vil ég leyfa mér að spyrja framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar:

1) Telur framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar fullyrðingar Sveins S. Einarssonar um hinn lága orkukostnað gufuvirkjana fá staðizt? Ef svo er ekki, hvers vegna þá ekki?

2) Sveinn talar um óvenjulegt rekstursöryggi gufuaflstöðva. Telur framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar fullyrðingar Sveins um rekstursöryggið fá staðizt? Ef hann telur ekki vera svo, hvers vegna þá ekki?

3) Sveinn segir, að jarðgufuaflstöð sé unnt að byggja á rúmum 2 árum frá því, að boranir hefjast. Hvað vill framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar segja um þá fullyrðingu Sveins?

4) Hvers vegna varð sú niðurstaðan í stjórn Laxárvirkjunar að taka fremur þann kost að reisa virkjun í Laxá en gufuaflstöð í Námafjalli eða við Kröflu þrátt fyrir fullyrðingar sérfræðinga eins og Sveins S. Einarssonar um lægri orkukostnað gufuaflstöðva?

5) Hvers vegna fór stjórn Laxárvirkjunar fremur þá leið að reisa virkjun í Laxá, sem hefur í för með sér mikil eignaspjöll og nauðungarafhendingu lands og vatnsréttinda, ef slík virkjun verður ekki dæmd brjóta í bág við 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944?

9) Gerir stjórn Laxárvirkjunar ráð fyrir skaðabótagreiðslum til eigenda lands og vatnsréttinda sakir spjalla af völdum 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar, sem nú er í smíðum? Ef svo er, þá hversu miklum? Hefur hún reiknað kostnað inn í rafmagnsverð?

10) Gerir stjórn Laxárvirkjunar ráð fyrir skaðabótagreiðslum til eigenda lands og vatnsréttinda sakir spjalla af völdum 19 megawatta virkjunar þeirrar, sem hún ráðgerir? Ef svo er, þá hversu miklum? Hefur hún reiknað slíkan kostnað inn í áætlað framleiðsluverð rafmagns?

11) Hefur framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar trú á, að niðurgönguseiði lax og hoplax komist framhjá virkjunarmannvirkjum eða í gegnum þrýstivatnsgöng og vatnshverfla þeirrar virkjunar, sem nú er í smíðum? Hefur framkvæmdastjórinn kannað þetta mál? Hefur hann verið beðinn að kanna þetta mál? Hvernig rökstyður hann skoðanir sínar í þessu efni? Hefur framkvæmdastjórinn trú á, að niðurgönguseiði og hoplax komist á leið til sjávar fram hjá eða í gegnum þrýstivatnsgöng og vatnshverfla þeirra virkjana, sem þegar hefur verið komið fyrir í farvegi Laxár?"

Lögmaður stefnda bendir á það, að lögmaður stefnanda reki í löngu máli sem forsendur fyrir spurningum sínum efni þeirra álitsgerða og skrifa, sem hann byggi á. Vitnaspurningar skuli hins vegar vera gagnorðar og skýrar, en vegna málalenginga og útlistana, sem lögmaðurinn hafi að undanfara hverrar spurn-

ingar, reynist þær villandi og veiðandi. Þær séu tilraun til að vefja málið með þrefi um arðsemimöguleika til virkjana á öðrum stöðum og á annan hátt en hagkvæmast er fyrir Laxárvirkjun, aðstöðu hennar og orkuveitusvæði.

Um hingar einstöku spurningar til Knúts Otterstedts framkvæmdastjóra hefur lögmaður stefnda þetta að segja:

Um. 1. spurningu.

Lögmaður stefnda bendir á, að samkvæmt lögum nr. 60/1965 sé gert ráð fyrir því, að sú virkjun, allt að 12 MW, sem þar er leyfð, (virkjunin, sem nú er unnið að, 7 MW, er innan þeirra marka), sé aukning þeirra aflstöðva, sem fyrir eru í Laxá við Brúar og falli inn í heild þá, sem fyrir er virkjuð. Telur lögmaður stefnda spurningu þessa því villandi og tilefnislausa, að því er varðar fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, og því eigi spurningin ekki rétt á sér. Enn fremur bendir lögmaður stefnda á það, að hann hafi þegar lagt fram fjárhagsáætlanir frá Laxárvirkjun, sem gerðar séu í apríl 1969, sbr. rskj. nr. 103.

Þar sem lögmaður stefnda hélt því fram við munnlegan flutning málsins, að fjárhagsáætlun þessi hafi verið send raforkumálaráðherra með umsókn um virkjunarleyfi samkvæmt fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, og fjárhagsáætlanir þessar hafa nú verið lagðar fram í málinu, sbr. rskj. nr. 103, hefur spurningu þessari þegar verið svarað.

Um 2. spurningu.

Lögmaður stefnda hefur lýst yfir því, að fyrir þessari spurningu verði gerð grein skriflega. Það sé ekki ágreiningur um þessa spurningu.

Um 3. spurningu.

Lögmaður stefnda vísar til áætlunar um virkjun Laxár III, bls. 6, 2. mgr., sem hann kveðst munu leggja fram í málinu.

Þar sem ágreiningur er ekki um þetta atriði í málinu, kemur það ekki sérstaklega til úrskurðar hér. Hitt er annað mál, að ekki verður séð, að áætlanir um virkjun Laxár III hafi þýðingu fyrir úrslit þessa máls, þar sem deilt er um lögmæti þeirra virkjunarframkvæmda, sem nú er unnið að.

Um 4. spurningu hefur lögmaður stefnda það að segja, að Knútur Otterstedt, framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar, verði sem opinber embættismaður ekki krafinn vættis í tilefni útreikninga Guðmundar G. Þórarinssonar verkfræðings um samanburð á orkuverði frá 6,5 MW virkjun frá Laxá III og 50 MW línu frá

Búrfelli. Og spurningum þar að lútandi er mótmælt af hálfu lögmanns stefnda.

Spurningar undir þessum lið þykja ekki hafa þýðingu fyrir úrslit þessa máls. Um röksemdir fyrir þessari niðurstöðu vísast til þess, sem segir fyrr í úrskurðinum varðandi spurningar til Jakobs Gíslasonar orkumálastjóra, er fjalla um aðra virkjunarmöguleika heldur en þann, sem hér um ræðir.

Um 5. spurningu.

Lögmaður stefnda mótmælir þessari spurningu. Hún byggist á dylgjum um viðræður, sem eigi að hafa farið fram í samtölum orkumálastjóra og framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar og séu ósannaðar með öllu. Þessi spurning og krafa hafi því ekki þýðingu fyrir málið, sbr. 3. mgr. 133. gr. einkamálalaga.

Spurning þessi og kröfugerð varðandi hana hefur enga þýðingu fyrir úrslit málsins, og verður hvorugt borið fram í máli þessu.

Um 6. spurningu.

Lögmaður stefnda hefur mótmælt þessari spurningu. Ber að fallast á þau mótmæli, þar sem spurningar þessar teljast þýðingarlausar fyrir úrslit þessa máls. Varðandi röksemdir vísast til þess, sem fyrr getur í úrskurðinum um aðra virkjunarmöguleika heldur en þann, sem um ræðir í þessu máli. Þessar spurningar verða því ekki bornar upp í málinu.

Um 7. spurningu.

Lögmaður stefnda hefur bent á það, að greinargerð Karls Ragnars verkfræðings hafi verið unnin að beiðni stefnda. Karl Ragnars hafi gefið yfirlýsingu, dags. 7. apríl 1971, er sýni, að sú ráðstöfun að skipta um aflvél og rafal í gufuaflsstöðinni muni taka nokkur ár og auk þess verði að telja þá ráðstöfun óarðbæra. Yfirlýsing þessi hefur verið lögð fram. Spurningum í tilefni af greinargerð Karls Ragnars er mótmælt af hálfu stefnda.

Rétturinn lítur svo á, að spurningar þessar hafi ekki þýðingu fyrir úrslit þessa máls. Verða þær því ekki bornar upp. Um röksemdir fyrir þessari ákvörðun vísast til þess, sem fyrr er sagt í dóminum varðandi spurningar um aðra virkjunarmöguleika en þann, sem um er fjallað í máli þessu.

Um 8. spurningu.

Lögmaður stefnda bendir á það, að jarðgufustöðin í Bjarnarflagi sé byggð sem tilraunastöð. Sveinn S. Einarsson verkfræðingur hafi bent á og ráðlagt kaup á þeirri vél, sem þar er notuð. Gufuvirkjunin hafi ekki þótt henta og eigi verið unnt að reka hana á hagkvæman hátt. Athugasemdir Sveins S. Einarssonar

verkfræðings gefi því ekki tilefni til þeirrar yfirheyrslu yfir framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar, sem lögmaður stefnanda hyggist stofna til með spurningum undir þessum tölulið. Af þeim sökum mótmælir lögmaður stefnda þessum spurningum.

Rétturinn lítur svo á, að spurningar undir þessum tölulið varðandi aðra virkjunarmöguleika en þann, sem um er fjallað í máli þessu, hafi ekki þýðingu fyrir úrslit þessa máls. Verða þær því ekki bornar upp í málinu. Um röksemdir fyrir þessari ákvörðun vísast til þess, sem fyrr segir í úrskurðinum varðandi spurningar um aðra virkjunarmöguleika en þann, sem hér er um fjallað.

Um spurningar 9, 10 og 11.

Af hálfu stefnda hefur þessum spurningum ekki verið andmælt. Spurningar 9 og 11 geta haft þýðingu fyrir úrslit þessa máls. Verða þær því bornar upp fyrir framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar.

Að því er varðar spurningu nr. 10, þá snýst hún um 19 MW virkjun, sem stjórn Laxárvirkjunar ráðgerir. Í þessu máli er ekki fjallað um slíka virkjun. Spurningar undir þessum tölulið hafa því ekki þýðingu fyrir úrslit þessa máls og verða því ekki bornar upp.

Niðurstaðan í þessum þætti málsins verður því þessi:

Rétt er, að upplýst sé í málinu, hvaða kostnaðar- og rekstraráætlun orkumálastjóri hafi haft undir höndum, er hann gaf atvinnumálaráðuneytinu umsögn sína um virkjun þessa, dags. 16. september 1969.

Rétt er, að leitað sé svara hjá Knúti Otterstedt, framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar, við spurningum þeim, sem upp eru bornar undir tölulið 9 og 11 í spurningalistanum til hans á rskj. nr. 84.

Aðrar spurningar úr spurningalistunum á rskj. nr. 82 og 84 en að framan getur verða ekki bornar upp í máli þessu.

Hinn 2. júní 1971 lagði lögmaður stefnanda m. a. fram eftirfarandi réttarskjöl: nr. 90, 91, 92 og 98.

Rskj. nr. 90 eru tillögur til lausnar á deilunni um Laxá frá stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns, dags. 16. marz 1971. Tillögur þessar, sem eru fimm vélritaðar síður, voru gefnar út að loknum viðræðum, sem fram fóru á Húsavík að tilhlutan iðnaðarmálaráðuneytisins milli Laxárvirkjunar og Landeigendafélags Laxár og Mývatns, og voru þær ætlaðar til birtingar fyrir almenningi.

Á rskj. nr. 91 er fjallað um tryggingar, sem virkjunaraðiljar

skulu setja. Skjal þetta er komið frá stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns og er 7 foliosíður.

Rskj. nr. 92 hefur að geyma útdrætti úr nokkrum norrænum dómum, er lögmaður stefnanda telur, að varpa kunni ljósi á Laxármálið. Réttarskjal þetta er 7½ vélrituð foliosíða.

Rskj. nr. 98 er útdráttur úr nokkrum dómum Hæstaréttar Íslands um lögbann, skipulag og stjórnsýslu, er lögmaður stefnanda telur, að skipta kunni máli hér. Réttarskjal þetta er um 9 vélritaðar síður.

Samtals eru þessi réttarskjöl því um það bil 29 vélritaðar blaðsíður.

Við munnlegan flutning þessa þáttar málsins mótmælti lögmaður stefnda rskj. nr. 90, 91, 92 og 98 sem skriflegum málflutningi, er ekki væri viðeigandi í þessu máli.

Það er að vísu rétt hjá lögmanni stefnda, að skjöl þessi hafa að geyma skriflegan málflutning. En þar sem Hæstiréttur Íslands hefur með dómi sínum frá 16. marz 1971 í þessu máli heimilað lögmanni stefnanda að leggja fram skjöl, „sem fela í sér nokkurn skriflegan málflutning og varða að hluta eigi sakarefnið", ber setudómaranum að hlýða þeirri ákvörðun Hæstaréttar Íslands.

Af hálfu aðilja hefur eigi verið krafizt málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Magnús Thoroddsen, setudómari í Þingeyjarsýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Rétt er, að upplýsti sé í máli þessu, hvaða kostnaðar- og rekstraráætlun Jakob Gíslason orkumálastjóri hafi haft undir höndum, er hann gaf atvinnumálaráðuneytinu umsögn sína um Gljúfurversvirkjun, sem dagsett er 16. september 1969, sbr. rskj. nr. 13.

Rétt er, að leitað sé svara hjá Knúti Otterstedt, framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar, við spurningum nr. 9 og 11 á rskj. nr. 84.

Að öðru leyti en nú hefur verið getið verða spurningarnar á rskj. nr. 82 og 84 ekki bornar upp í máli þessu.

Föstudaginn 1. október 1971.

Nr. 22/1971. **Sigtryggur Flóvent Albertsson**
gegn
Halli Jónassyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigtryggur Flóvent Albertsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. október 1971.

Nr. 40/1971. **Baldvin V. Jóhannsson**
gegn
Jóni Ásgeiri Guðmundssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Baldvin V. Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Jóni Ásgeiri Guðmundssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. október 1971.

Nr. 68/1971. **Jarlinn h/f**
gegn
Rafni Kolssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jarlinn h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Rafni Kolssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. október 1971.

Nr. 89/1971. **Helgi Halldórsson**
gegn
Þorkeli Skúlasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Halldórsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. október 1971.

Nr. 120/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Valgeiri Magnússyni
(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður. Hylming.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Valgeir Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. maí 1971.

Ár 1971, föstudaginn 7. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 221–222 1971: Ákæruvaldið gegn Herði Sævari Símonarsyni og Valgeiri Magnússyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjölum saksóknara ríkisins gegn ákærðu Herði Sævari Símonarsyni sjómanni, Kleppsvegi 42 í Reykjavík, fæddum þar í borg 27. marz 1942, og Valgeiri Magnús-

syni sjómanni, Sjónarhóli í Hafnarfirði, fæddum 1. maí 1947 í Reykjavík, svo sem hér segir:

Með ákæru, dagsettri 8. janúar s.l., á hendur báðum ákærðu „fyrir að brjótast, mánudagsnóttina 23. nóvember 1970, inn í verzlunina Þingholt, Grundarstíg 2 í Reykjavík, og stela þar 45 vindlingakartonum og 20 vindlapökkum.

Þykir þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til vara telst þáttur ákærða Valgeirs Magnússonar í broti þessu vera hylming samkvæmt 254. gr. sömu laga, í því fólginn að aðstoða við flutning þýfisins, notfæra sér það og taka þátt í að selja það.

Þess er krafizt, að hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar, skaðabótagreiðslu og greiðslu sakarkostnaðar".

Með ákæru, dagsettri 21. janúar s.l., á hendur ákærða Herði Sævari „fyrir að stela, sunnudaginn 27. desember 1970, ljósum karlmannsrykfrakka af fatahengi í Hótel Esju í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar".

Loks er málið höfðað með ákæru, dagsettri 28. janúar s.l., gegn ákærða Herði Sævari „fyrir að stela, miðvikudaginn 9. desember 1970, rafmagnsrakvél og loðhúfu úr sölubúð Kaupfélags Dýrfirðinga á Þingeyri.

Telst þetta varða við 244 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sakarkostnaðargreiðslu".

Samkvæmt sakavottorði ákærða Harðar Sævars hefur hann hlotið refsidóma sem hér segir:

1965 18/12 í Reykjavík: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 217. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1966 26/1 í Reykjavík: 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki).

1966 23/11 í Reykjavík: 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1968 13/3 í Reykjavík: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki).

1968 24/5 í Reykjavík: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, en refsing ekki dæmd.

1969 16/5 í Reykjavík: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

1969 25/6 í Reykjavík: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1969 25/9 í Reykjavík: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 248. gr. hegningarlaga.

Þá hefur ákærði 45 sinnum undirgengizt sektir með dómssátt, aðallega fyrir ölvun, er nema frá 100—4.000 kr. hverju sinni.

Ákærði Valgeir hefur samkvæmt sakavottorði sínu hlotið eftirtalda refsidóma:

1967 29/12 í Reykjavík: 7 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1969 5/3 í Reykjavík: 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. og 155. gr. hegningarlaga. (Dæmd refsing fyrir brot þau, sem um ræðir í dómi, uppkveðnum 29/12 1967, auk þeirra, sem ákærði er nú dæmdur fyrir).

1969 15/10 í Reykjavík: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki).

1970 19/6 í Reykjavík: 20 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

1970 9/10 í Reykjavík: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 254. gr. hegningarlaga.

Hinn 14. febrúar 1968 undirgekkst ákærði með dómssátt 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og var skiptur ökuleyfi í 6 mánuði.

Loks hefur ákærði 13 sinnum undirgengizt sektir með dómssátt, aðallega fyrir ölvun, er nema frá 150—1.000 kr. hverju sinni, og hlotið tvisvar áminningar.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburðum ákærðu og öðrum gögnum í máli þessu:

Ákæra, dags. 8. janúar 1971.

Mánudaginn 23. nóvember 1970 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt, að nóttina áður hefði verið brotizt inn í verzlunina Þingholt að Grundarstíg 2 hér í borg. Hafði hurð verzlunarinnar verið brotin upp með litlu kúbeini og síðan farið inn í vörugeymslu verzlunarinnar. Þar hafði verið stolið, að sögn verzlunareiganda, Torfa Torfasonar, pappakassa með 45 lengjum af vindlingum af ýmsum tegundum og 20 pökkum af vindlum. Kúbein það, sem notað hafði verið við innbrotið, fannst inni í vörugeymslunni.

Ákærði Hörður Sævar Símonarson hefur viðurkennt að hafa framið umræddan þjófnað. Kveðst ákærði hafa verið við drykkju heima hjá Sigurpáli Garðarssyni að Bergstaðastræti 45 ásamt

meðákærða Valgeiri og fleira fólki framangreinda nótt. Hafi sér dottið í hug að fremja innbrotsþjófnað og fundið kúbein heima hjá Sigurpáli til að nota í því skyni. Ákærði kveður meðákærða Valgeir hafa farið með sér að verzluninni Þingholti, Grundarstíg 2. Eigi minnist hann þess, að þeir hafi verið búnir að ræða saman um að fremja innbrot þar. Ákærði braut sjálfur upp hurð verzlunarinnar með kúbeininu og fór inn í hana. Ákærði minnist þess ekki, að meðákærði hafi á neinn hátt aðstoðað sig við innbrotið, og hann fór ekki inn í verzlunina með honum. Ákærði stal í verzluninni einum kassa með 45 vindlingakartonum og 20 vindlapökkum. Báru ákærðu kassann saman að Bergstaðastræti 45. Ákærði kveður þá hafa farið saman út síðar um nóttina með um 20 karton af vindlingum, að hann telur, og selt þau leigubifreiðarstjórum og fleirum. Var fé því, sem þeim áskotnaðist með þessu, varið til áfengiskaupa. Daginn eftir settu ákærðu það, sem eftir var af vindlingunum, í sjópoka og reyndu að selja þá í einu lagi, en það tókst ekki. Ákærði telur, að fleiri, sem voru þarna, hafi selt af vindlingunum.

Ákærði Valgeir kveðst hafa verið við drykkju að Bergstaðastræti 45 hjá Sigurpáli Garðarssyni ásamt meðákærða, Herði Sævari, og fleira fólki umrædda nótt. Einhvern tíma um nóttina fóru ákærðu saman út. Eigi minntust þeir neitt á innbrot, og eigi varð hann þess var, að meðákærði hefði meðferðis kúbein. Ákærðu fóru niður í miðborgina og voru þar um tíma, en síðan héldu þeir áleiðis að Bergstaðastræti 45. Ákærði kveður þá hafa orðið viðskila, en hitzt aftur skömmu síðar, annað hvort er þeir voru á leiðinni að Bergstaðastræti 45 eða í portinu fyrir utan húsið. Var meðákærði með kassa, er í voru vindlingakarton og vindlapakkar. Ákærði kveðst eigi hafa aðstoðað meðákærða neitt við að bera varninginn að Bergstaðastræti 45. Meðákærði minntist ekki á það, hvar hann hefði fengið umræddar tóbaksvörur. Ákærði kveður þá hafa selt af tóbakinu bæði um nóttina og eins daginn eftir og fólk það, er var að Bergstaðastræti 45, hafi einnig selt eitthvað. Var fé því, er ákærðu áskotnaðist, varið til áfengiskaupa og einnig til greiðslu fyrir leigubifreiðar.

Ákærði neitar að hafa átt nokkurn þátt í innbrotsþjófnaðinum að Grundarstíg 2. Hann viðurkennir hins vegar að hafa selt tóbaksvörurnar ásamt meðákærða, en hann hafi ekki gert sér ljóst vegna ölvunar, að meðákærði hefði stolið þeim.

Í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni skýrði ákærði Valgeir frá á talsvert annan hátt en nú hefur verið rakið, en skýrslu

þessa gaf hann, áður en hann mætti í dómi. Kvað hann hafa vantað áfengi og vindlinga í samkvæmið að Bergstaðastræti 45. Hafi ákærðu farið saman út um nóttina og ætlað að vita, hvort þeir hittu ekki einhvern, sem ætti vindlinga eða áfengi, en eigi man hann til þess, að ætlunin hafi verið að brjótast inn. Ákærði man ekki til þess, að þeir hafi tekið með sér kúbein eða annað verkfæri. Hann kveðst muna eftir því, að þeir hafi farið að verzluninni að Grundarstíg 2 og hafi hann ekki vitað fyrr til en meðákærði var búinn að brjóta upp hurð verzlunarinnar. Fór meðákærði inn í verzlunina, en ákærði kveðst hafa verið að kasta af sér vatni á meðan, að hann minnir. Meðákærði kom svo allt í einu út úr verzluninni með kassa af vindlingum, er eigi var fullur. Ákærðu fóru með kassann að Bergstaðastræti 45 og seldu af innihaldi hans, eins og í framburði ákærða fyrir dómi greinir.

Sigurpáll Garðarsson kveður ákærðu hafa verið heima hjá sér umrædda nótt við drykkju ásamt fleira fólki. Sigurpáll kveður sig minna, að ákærði Valgeir hafi verið með ákærða Herði Sævari, er hann kom með kassa með vindlingum í, en þó þori hann ekki að fullyrða um það. Hann kveðst ekki hafa vitað um innbrotsþjófnaðinn fyrr en síðar.

Þuríður Sigurjónsdóttir, Ásgarði 95, var í samkvæminu að Bergstaðastræti 45 margnefnda nótt. Kveðst hún hafa verið mikið ölvuð. Rámar hana í, að ákærðu hafi farið saman á brott úr húsinu. Einnig kveðst hún muna eftir því, að þeir hafi komið saman til baka og verið þá með kassa með vindlingum í, sem hún hafi heyrt, að þeir hafi selt.

Með játningu ákærða Harðar Sævars og öðrum gögnum í máli þessu telst sannað, að hann hafi framið umræddan þjófnað í verzluninni Þingholti að Grundarstíg 2. Varðar þessi verknaður hans við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gegn neitun ákærða Valgeirs svo og þegar virtur er framburður ákærða Harðar Sævars þykir ekki sannað, að ákærði Valgeir hafi verið þátttakandi í margnefndum þjófnaði, og ber að sýkna hann af ákærunni að því leyti. Hins vegar telst sannað með framburði ákærða Valgeirs hjá rannsóknarlögreglunni, framburði meðákærða og öðrum gögnum, að ákærði Valgeir hafi aðstoðað ákærða Hörð Sævar við að flytja þýfið af innbrotsstaðnum, veitt aðstoð við að selja það og hagnýtt sér af andvirðinu. Varðar þetta atferli ákærða við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Torfi Torfason, eigandi verzlunarinnar Þingholts, hefur gert skaðabótakröfu á hendur ákærðu sem hér segir:

20 lengjur af Camel vindlingum á 480.00 lengjan ..	kr.	9.600.00
10 lengjur af Raghleigh vindlingum á 444.00 lengjan	—	4.444.00
10 lengjur af Winston vindlingum á 500.00 lengjan ..	—	5.000.00
5 lengjur af Cool vindlingum á 500.00 lengjan	—	2.500.00
20 pk. af Ritmaster vindlum á 62.00 pakkinn	—	1.240.00
	Alls kr.	22.780.00
Viðgerð á hurð	—	2.500.00
	Samtals kr.	25.280.00

Ákærði Hörður Sævar hefur samþykkt kröfu þessa, en ákærði Valgeir mótmælt henni og borið því við, að hann hafi ekki framið innbrotið í verzlunina Þingholt. Þar sem krafa þessi þykir vera á rökum reist samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að taka hana til greina.

Þykir rétt, að ákærði Hörður Sævar greiði Torfa Torfasyni einn kr. 2.500.00 fyrir viðgerð á hurðinni, en ákærðu báðir greiði honum óskipt andvirði tóbaksins, kr. 22.780.00.

Ákæra, dags. 21. janúar 1971.

Sunnudaginn 27. desember 1970, um hádegisbilið, var ljósum karlmannsrykfrakka stolið úr fatahengi á Hótel Esju hér í borg. Ákærði Hörður Sævar hafði dvalizt á hótelinu ásamt öðrum manni, og var talið, að hann hefði verið þarna að verki. Ákærði var handtekinn daginn eftir og var þá í frakkanum. Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi stolið frakkanum úr fatahenginu, þegar hann var að fara á brott frá Hótel Esju um hádegi framangreindan dag. Ákærði kveðst hafa verið með svipaðan frakka, sem honum hafi verið gefinn, en hann hafi verið orðinn óhreinn og hafi hann hent honum. Var hann frakkalaus og hafi hann gripið til þess ráðs að taka frakkann. Frakkanum, sem kostaði nýr um kr. 2.300.00, var skilað til eiganda, og hefur hann ekki haft uppi skaðabótkröfu á hendur ákærða.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með játningu hans og öðrum gögnum í máli þessu, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæra, dags. 28. janúar 1971.

Miðvikudaginn 9. desember 1970 var ákærði Hörður Sævar

staddur á Þingeyri við Dýrafjörð ásamt öðrum manni. Voru þeir báðir með áhrifum lyfja, sem þeir höfðu aflað sér. Fóru þeir saman inn í sölubúð Kaupfélags Dýrfirðinga. Á meðan ákærði dvaldist þar inni, tók hann ófrjálsri hendi rafmagnsrakvél, er kostaði kr. 757.00, og loðhúfu. Ákærði faldi þýfið, en það kom í leitirnar og var skilað til eiganda, sem hefur ekki haft uppi skaðabótakröfu gegn ákærða.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með játningu hans og öðrum gögnum í máli þessu, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða Harðar Sævars þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og með tilvísun til 72. og 255. gr. sömu laga 1 árs fangelsi.

Refsing ákærða Valgeirs þykir hæfilega ákveðin með tilvísun til 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 4 mánaða fangelsi.

Ákærða Valgeir ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Hauki Jónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 5.000.00, en annan sakarkostnað ber að dæma ákærðu til að greiða óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Hörður Sævar Símonarson sæti fangelsi í 1 ár.

Ákærði Valgeir Magnússon sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Hörður Sævar greiði Torfa Torfasyni kr. 2.500.00, og ákærðu greiði honum óskipt kr. 22.780.00.

Ákærði Valgeir greiði Hauki Jónssyni hæstaréttarlögmanni, skipuðum verjanda sínum, kr. 5.000.00 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aför að lögum.

Föstudaginn 1. október 1971.

Nr. 122/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Karli Eron Sigurðssyni og Maríu Haukdal
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
og Unnsteini Jónssyni
(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærðu Karl Eron Sigurðsson og Maríu Haukdal ber að dæma til að greiða óskipt laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, og ákærða Unnstein Jónsson laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 10.000.00, greiði öll hin ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu Karl Eron Sigurðsson og María Haukdal greiði óskipt laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Ákærði Unnsteinn Jónsson greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 10.000.00, greiði ákærðu óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. júní 1971.

Ár 1971, Þriðjudaginn 1. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 259–261/1971: Ákæruvaldið gegn Karli Eron Sigurðssyni, Maríu Haukdal og Unnsteini Jónssyni, sem tekið var til dóms 28. maí s.l.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 29. marz s.l., gegn:

1. Karli Eron Sigurðssyni verkamanni, Melabraut 63, Seltjarnarnesi, fæddum 3. desember 1940 í Reykjavík,

2. Maríu Haukdal, Melabraut 63, Seltjarnarnesi, fæddri 3. marz 1941 í Reykjavík,

3. Unnsteini Jónssyni verkamanni, Baldursgötu 7, nú Hjaltabakka 4, fæddum 15. janúar 1939 að Skárastöðum í Miðfirði, og er sakarefnum lýst þannig í ákæru:

„Gegn ákærða Karli Eron Sigurðssyni er málið höfðað fyrir þjófnað eða gripdeild og skjalafals, en gegn ákærðu Maríu Haukdal og Unnsteini Jónssyni fyrir skjalafals.

I. Þjófnaður eða gripdeild.

Mánudagskvöldið 7. september 1970 var Jón Helgi Sigurðsson, Hjarðarhóli 6 á Húsavík, á dansleik í Þórscafé í Reykjavík, og glataði hann þar seðlaveski sínu, sem í voru um kr. 2.200.00 í peningum, tékkhefti á Útibú Samvinnubankans á Húsavík og ýmis persónuskilríki.

Á þessum dansleik var ákærði Karl Eron Sigurðsson, og sá hann, þegar maður missti veskið við veitingaborð hans (ákærða). Ákærði tók veskið ásamt innihaldi þess og sló á það eign sinni. Peningunum eyddi hann, en hefur endurgreitt þá, og veskinu hefur hann skilað.

Þykir ákærði hafa með töku veskisins ásamt innihaldi gerzt brotlegur við 244. gr. eða 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Skjalafals.

Daginn eftir, þriðjudaginn 8. september 1970, fölsuðu ákærðu Karl Eron Sigurðsson og María Haukdal heima hjá sér að ákærða Unnsteini Jónssyni ásjáandi tékka á eyðublað úr hinu stolna tékkhefti, sbr. I. ákærulið, A, nr. 32979, kr. 56.000.00, til handhafa, á ávísanareikning nr. 428, dagsettan 8. september 1970. Falsaði ákærði Karl Eron Sigurðsson nafn útgefanda: Jón Helgi Sigur (sic) (virðist vanta aftan á síðasta orðið), en ákærða, María

Haukdal, falsaði nafn framseljanda: Ólafur Guðmundsson, Ljósvallagötu 22.

Með falstékkann fóru svo hin ákærðu, öll þrjú, í bifreið í Þingholtsstræti í grennd við Samvinnubankann, Bankastræti 7, í því skyni að selja tékkann í bankanum, og biðu ákærðu Karl Eron Sigurðsson og María Haukdal í bifreiðinni, meðan ákærði Unnsteinn Jónsson fór með tékkann í Samvinnubankann, vitandi um, að um falsskjal var að ræða, og framvísaði honum þar til sölu. Hafði þá eigandi tékkheftisins, Jón Helgi Sigurðsson, tilkynnt bankanum, að hann hefði glatað tékkheftinu, og var tékkinn ekki keyptur, en lögreglan tilkölluð og handtók hinn ákærða Unnstein Jónsson í bankanum og þau ákærðu Karl Eron Sigurðsson og Maríu Haukdal í bifreiðinni í Þingholtsstræti.

Þykja öll hin ákærðu hafa með þessu atferli gerzt brotleg við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að hin ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar".

Málsatvik.

Að kvöldi 7. september f. á. var ákærði Karl Eron á dansleik í Þórscafé. Þar kom maður að borði hans og missti þar veski sitt án þess að verða þess var. Ákærði Karl stakk á sig veskinu. Í veskinu voru um 2.200.00 kr. í peningum, og eyddi ákærði þeim.

Í veski þessu var einnig tékkhefti með eyðublöðum. Næsta dag ritaði ákærði Karl tékka á eitt af eyðublöðunum. Undir tékkann, sem var að fjárhæð kr. 56.000.00 og útgefinn á reikning 428 í Útibúi Samvinnubankans á Húsavík, ritaði ákærði nafnið Jón Helgi Sigur(ðsson). Ákærða María, sem er eiginkona Karls Erons, var viðstödd, og ritaði hún aftan á tékkann framsalið Ólafur Guðmundsson, Ljósvallagötu 22. Ákærði Unnsteinn Jónsson var einnig viðstaddur, og tók hann að sér að selja tékkann. Fóru ákærðu nú öll þrjú frá Melabraut 63 í leigubifreið niður í miðborg. Ákærði Unnsteinn fór með tékkann í Samvinnubankann í Bankastræti, en Karl og María biðu í leigubifreiðinni. Unnsteinn hafði meðferðis nafnskírteini Ólafs Guðmundssonar, Ljósvallagötu 22, er Karl Eron hafði fengið honum, en Karl kveðst ekki muna, hvernig skírteinið hafi komizt í vörzlur hans. Unnsteinn ætlaði nú að fá tékkann greiddan í Samvinnubankanum, en þangað hafði áður verið tilkynnt um hvarf tékkheftisins. Var því kallað til lögreglu og Unnsteinn handtekinn og síðan þau Karl og María eftir tilvísun hans. Kom þannig ekki til þess, að bankinn greiddi tékkann.

Við rannsókn málsins greiddi ákærði Karl Eron bætur til eiganda veskisins, kr. 2.200.00.

Niðurstöður.

Með því að slá eign sinni á veski með ýmsum verðmætum, er Jón Helgi Sigurðsson missti við borð í Þórslafé, hefur ákærði Karl Eron gerzt sekur um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Með því að reyna að selja tékka með fölsuðum nafnritunum hafa hin ákærðu brotið gegn 155. gr. almennra hegningarlaga, og verða þau öll að teljast aðalmenn að broti þessu.

Öll hin ákærðu hafa áður sætt refsingu.

Karl Eron hefur sætt þessum refsidómum:

1956 9/11 10 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 155., 244. og 259. gr. hegningarlaga.
1957 8/3 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1957 16/4 sakfelldur fyrir umferðarbrot, refsing ekki dæmd.
1957 7/5 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 254. gr. hegningarlaga.
1957 30/8 15 daga varðhald fyrir bifreiðalagabrot.
1958 3/7 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1962 7/6 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 247. gr. hegningarlaga.
1965 29/3 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1966 16/3 30 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot.
1967 14/11 60 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot.
1969 20/11 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.
1970 15/4 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 244. og 246. gr. hegningarlaga.

Ákærði Karl Eron er samkvæmt því, sem nú var sagt, vanaafbrotamaður, og ber að refsa honum samkvæmt 72. gr. almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 77. gr. sömu laga með fangelsi 8 mánuði.

Ákærða María Haukdal var 3. ágúst 1965 dæmd í 7 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals og svik. Hún stóðst skilorð þess dóms tilskilinn tíma (3 ár). Refsing hennar verður nú ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Ákæru á hendur Unnsteini Jónssyni fyrir þjófnað var 7. apríl 1958 frestað skilorðsbundið 2 ár, og 10. maí 1959 var ákæru á

hendur honum fyrir sams konar brot einnig frestað 2 ár. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

1960 19/2 60 daga fangelsi fyrir þjófnað.
1960 14/10 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1963 26/6 60 daga fangelsi fyrir þjófnað.
1965 27/3 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1967 22/3 9 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
1967 31/8 30 daga fangelsi (hegningarauki) fyrir skjalafals.
1968 6/2 sakfeldur fyrir þjófnað, refsing ekki dæmd.
1968 4/10 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1969 3/2 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1969 7/7 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1969 3/12 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1970 30/1 sakfelldur fyrir skjalafals, refsing ekki dæmd.

Ákærði sætir nú refsidómi í þrettánda sinn og verður því talinn vanaafbrotamaður, sbr. 72. gr. hegningarlaga. Verður refsing hans ákveðin fangelsi 8 mánuði. Hann hefur sætt gæzluvarðhaldi síðan 19. f. m., og er rétt, að vist þessi, 13 dagar, dragist frá refsingu ákærða, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákveða ber, að ákærði Unnsteinn skuli greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 4.500.00, en að annan sakarkostnað skuli ákærðu greiða in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Karl Eron Sigurðsson sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærða, María Haukdal, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Unnsteinn Jónsson sæti fangelsi 8 mánuði. Frá refsingu hans dragist gæzluvarðhaldsvist hans í 13 daga.

Ákærði Unnsteinn Jónsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 4.500.00. Annan kostnað sakarinnar greiði hin ákærðu öll in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. október 1971.

Nr. 69/1971. **Bergur Sverrisson og**
Theodór Kjartansson (enginn)
gegn
Þorvaldi Þórarinssyni og
Þorvaldur Þórarinsson (sjálfur)
gegn
Bergi Sverrissyni
Theodór Kjartanssyni og
Einari M. Jóhannessyni
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aðalsök felld niður. Víxilmál. Veðréttur. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Er málið var tekið þar fyrir hinn 1. október 1971, var þing eigi sótt af hendi aðaláfrýjenda. Ber því að fella aðalsök í máli þessu niður, sbr. 39. gr. laga nr. 57/1962.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 28. maí 1971. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða héraðsdóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Þá krefst hann og málskostnaðar úr höndum aðaláfrýjenda.

Stefndi hefur engar kröfur haft uppi.

Með því að engir annmarkar eru á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum, ber að staðfesta þær.

Málskot aðaláfrýjenda, sem eigi sóttu þing í héraði, var gersamlega ófyrirsynju og veitti gagnáfrýjanda efni til áfrýjunar málsins einnig af sinni hálfu. Er því rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 17.000.00.

Dómsorð:

Aðalsök máls þessa fyrir Hæstarétti er felld niður.

Í gagnsök er hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð staðfest.

Aðaláfrýjendur, Bergur Sverrisson og Theodór Kjartansson, greiði gagnáfrýjanda, Þorvaldi Þórarinssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 17.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 13. febrúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. janúar 1971, hefur Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum gegn Bergi Sverrissyni, Laufskógum 7, Hveragerði, og Theodór Kjartanssyni, Bláskógum 3, Hveragerði, með stefnu, bitri 16. janúar 1971, og gegn Einari M. Jóhannessyni, Dalshrauni 5, Hafnarfirði, með stefnu, birtri 25. janúar 1971. Krefst stefnandi þess, að stefndu verði gert að greiða að óskiptu kr. 200.000.00 auk 1% vaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 100.000.00 frá 1. október 1970 til 1. nóvember 1970, af kr. 150.000.00 frá þeim degi til 1. desember 1970, en af kr. 200.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 580.00 í stimpilkostnað, kr. 740.00 í afsagnar- og bankakostnað auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Jafnframt er krafizt viðurkenningar á 1. veðrétti í vörubifreiðinni X 2461 af gerðinni Volvo 475, árgerð 1965, til tryggingar öllum dæmdum fjárhæðum.

Skuld þessi er samkvæmt þremur víxlum, sem allir eru útgefnir og ábaktir af stefnda Theodór. Stefndi Einar er ábekingur á öllum víxlunum, en samþykkjandi er stefndi Bergur. Víxlunum er réttilega lýst í stefnu þannig:

1. Víxill, kr. 100.000.00, útgefinn 13. júlí 1970, í gjalddaga 1. október 1970. Víxill þessi var afsagður sökum greiðslufalls 5. október 1970.
2. Víxill, kr. 50.000.00, útgefinn 13. júlí 1970, með greiðsludegi 1. nóvember 1970. Víxill þessi var afsagður sökum greiðslufalls 3. nóvember 1970.
3. Víxill, kr. 50.000.00, útgefinn 13. júlí 1970, með greiðsludegi 1. desember 1970. Víxill þessi var afsagður sökum greiðslufalls 3. desember 1970.

Greiðslustaður allra víxlanna var Búnaðarbanki Íslands, Úti-

búið í Hveragerði, og fóru afsagnargerðir fram í afgreiðslusal bankans þar.

Af hálfu hinna stefndu hefur ekki verið sótt þing í málinu, og er þeim þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, og hann hefur lagt fram frumrit víxlanna með formlega löglegri heimild sér til handa, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 23.000.00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bergur Sverrisson, Theodór Kjartansson og Einar M. Jóhannesson, greiði stefnanda, Þorvaldi Þórarinssyni, kr. 200.000.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 100.000.00 frá 1. október 1970 til 1. nóvember 1970, af kr. 150.000.00 frá þeim degi til 1. desember 1970, en af kr. 200.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 480.00 í stimpilkostnað, kr. 740.00 í afsagnarkostnað og bankakostnað og kr. 23.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Viðurkenndur er 1. veðréttur í bifreiðinni X 2461 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Árnessýslu 30. marz 1971.

Ár 1971, þriðjudaginn 30. marz, var fógetaréttur Árnessýslu háður að Ölfusborgum, Ölfushreppi, með undirrituðum vottum, af fulltrúa sýslumanns, Jakob J. Havsteen. Fyrir var tekið: Málið nr. F. 9/1971: Þorvaldur Þórarinsson gegn Theodór Kjartanssyni o. fl.

Fógeti leggur fram nr. 1 til 2 gerðarbeiðni og dómsendurrit, svohljóðandi.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, og krefst fjárnáms fyrir skuld samkvæmt dómi, að fjárhæð kr. 200.000.00, með 1% mánaðarvöxtum af kr. 100.000.00 frá 1. október 1970 til 1. nóvember 1970, af kr. 150.000.00 frá þeim degi til 1. desember 1970, en af kr. 200.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, ásamt banka-, stimpil- og afsagnarkostnaði, kr. 1.220.00, endurrits- og birtingarkostnaði, kr. 370.00, og málskostnaði, kr. 23.000.00, auk alls kostnaðar við gerð þessa

og eftirfarandi innheimtuaðgerðir, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda og að geymdum betra rétti þriðja manns.

Af hálfu gerðarþola mætir Bergur Sverrisson, sem starfar hér, og gætir fógeti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættum, sem er ólöglærður. Áminntur um sannsögli kveðst gerðarþoli ekki geta greitt. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu gerðarþola lýsti fógeti yfir fjárnámi til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda í eftirtöldum eignum gerðarþola:

Bifreiðinni X 2461, sameign mætta og Theodórs Kjartanssonar. Bifreiðin er af Volvo gerð, árgerð 1965.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti bryndi þýðingu gerðarinnar fyrir talsmanni gerðarþola og ábyrgð hans í því sambandi.

Miðvikudaginn 6. október 1971.

Nr. 150/1970. **Haraldur Böðvarsson & Co. h/f**
(Gunnar I. Hafsteinsson hdl.)
gegn
Bæjarstjóranum á Akranesi f. h. bæjarsjóðs
(Þorsteinn Geirsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1970 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um hina kröfðu útburðargerð. Hann krefst málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eðlilegur skilningur á viðskiptum aðilja er sá, að áfrýjandi hafi öðlazt rétt til að hafa fiskhjalla á lendum þeim, sem í

málinu greinir, unz stefnda var nauðsyn að ráðstafa lendum þessum vegna skipulags byggðarinnar. Er eigi vefengt, að sú nauðsyn sé nú fyrir hendi. Að þessu athuguðu ber að staðfesta útburðargerð þá, sem krafizt er.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að réttast er að reka slík mál sem þetta fyrir hinum almennu dómstólum.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um útburð staðfestast.

Málskostnaður fyrir fógetadómi og Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Akraness 16. júní 1970.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 12. júní s.l., er höfðað fyrir fógetarétti Akraneskaupstaðar af bæjarstjóranum á Akranesi vegna bæjarsjóðs Akraness með beiðni um útburð, dags. 10. febrúar 1970, á hendur Haraldi Böðvarssyni & Co. h/f, Akranesi. Segir svo í beiðninni:

„Á sínum tíma, þ. e. líklega árið 1946, gaf ráðsmaður Garðalands á Akranesi út samninga fyrir ræktunarlöndunum nr. 45-46-47 og 48.

Þáverandi samningshafar framseldu rétt sinn til Haralds Böðvarssonar & Co., þannig:

Land nr. 45 Guðbjarni Sigmundsson, vesturhluti, dags. 19. 4. '53.

Land nr. 45 Guðlaugur V. Sigurjónss., eystri hluti, dags. 27. 4. '53.

Land nr. 46 Pétur Sigurbjörnsson, allt, dags. 7. 3. '53.

Land nr. 47 Brynjólfur Guðmundsson, allt, dags. 27. 1. 1953.

Land nr. 48 Oddur Sveinsson, allt, dags. 29. 1. 1953.

Með því að Haraldur Böðvarsson & Co. hefur ekki nýtt landið á þann hátt, sem samningar um löndin segja til um, og eigi hafa náðst við fyrirtækið neinir samningar um lönd þessi, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, vegna skilyrða þar um og engin leiga hefur

verið greidd af þeim frá 1953, leyfi ég mér f. h. bæjarsjóðs Akraness, sem er eigandi umræddra ræktunarlanda, að biðja yður, hr. bæjarfógeti, að bera út (fjarlægja) fisktrönur (skreiðarhjalla) fyrirtækisins af umræddum ræktunarlöndum, svo fljótt sem unnt er.

Gerðin fari fram á kostnað gerðarþola, Haralds Böðvarssonar & Co., en á ábyrgð umbj. m., bæjarsjóðs Akraness".

Af hálfu gerðarþola hefur því verið mótmælt, að umbeðin gerð næði fram að ganga, og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Málavextir eru þessir:

Svo sem rakið er í gerðarbeiðni, keypti gerðarþoli í máli þessu, Haraldur Böðvarsson & Co., lönd nr. 45, 46, 47 og 48 í Garðalandi á Akranesi á árinu 1953, en rétt sinn til þessara landa byggðu seljendur á samningum, útgefnum af ráðsmanni Garðalands, líklega á árinu 1946. Í málinu hefur verið lagður fram slíkur samningur um land nr. 46, dags. 22. nóvember 1946, og er ágreiningslaust, að slíkir samningar giltu um öll þessi lönd. Samkvæmt þessum samningi var landið leigt á erfðafestu til 75 ára til ræktunar. 1. gr. samningsins hljóðar svo:

„Landið er leigt á erfðafestu til 75 ára, eða til þess tíma, er ákveðinn kann að verða um erfðafestu með lögum.

Leigutaka er frjálst að nota landið til fóðurs- og matjurtaræktar. Önnur afnot af landinu eru leigutaka óheimil.

Byggingar á landinu má því aðeins gera, að fengið sé sérstakt leyfi hreppsnefndar til þess".

Með bréfi til bæjarstjórnar Akraness, dags. 11. febrúar 1953, óskaði gerðarþoli eftir að fá leyfi til að reisa fiskhjalla á erfðafestulöndum sínum nr. 47 og 48 upp af Langasandi. Var óskað eftir svari þann sama dag eða hinn næsta. Bæjarstjóri svarar beiðni þessari með bréfi, dags. 14. febrúar 1953, þar sem segir svo:

„Í tilefni af beiðni yðar um heimild til þess að reisa fiskþurrkunartrönur á löndunum nr. 47 og 48 í Garðalandi samþykkti bæjarstjórn eftirfarandi á fundi sínum í gær:

„Samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga nr. 54/1942 um erfðaleigulönd fellur erfðafesturéttur niður, þegar landið er tekið til annarra nota en jarðræktar. Með tilvísun til þessa samþykkir bæjarstjórn að heimila Haraldi Böðvarssyni & Co. að reisa fiskþurrkunartrönur á löndunum nr. 47 og 48 í Garðalandi og felur

ráðsmanni Garðalands að semja um afnotin í samráði við bæjarstjóra og bæjarráð".

Þetta tilkynnist yður hér með"."

Með bréfi, dags. 20. marz 1953, óskaði gerðarþoli eftir því að mega reisa fiskhjalla á landi nr. 46. Á fundi bæjarráðs hinn 22. marz var þessi beiðni tekin fyrir, og var bókað eftirfarandi:

„Beiðni Haralds Böðvarssonar og Co. um heimild til þess að reisa fiskþurrkunarhjalla á landinu nr. 46 í Garðalandi. Frestað, þar til samningur hefir verið gerður um lönd nr. 47 og 48".

Af þessum tilefnum munu hafa átt sér stað nokkrar viðræður milli gerðarbeiðanda og gerðarþola um leigusamninga um umrædd lönd, og munu þær hafa farið fram öðru hverju á næstu árum, en báru ekki árangur, og engir nýir samningar voru gerðir um löndin. Af hálfu gerðarbeiðanda voru gerð samningsuppköst, en gerðarþoli féllst ekki á þau og samningar því ekki undirskrifaðir. Lenti málið þannig í undandrætti. Í samningsuppköstum gerðarbeiðanda var gert ráð fyrir, að löndin yrðu leigð í ekki skemmri tíma en 5 ár, en að þeim tíma liðnum yrði hvorum aðilja um sig heimilt að segja samningum upp, „enda hafi skrifleg tilkynning þar um borizt fyrir jól, og er landið þá laust frá næstu fardögum þar á eftir, að öðrum kosti framlengist samningur þessi frá ári til árs". Tvö slík uppköst að samningum hafa verið lögð fram í málinu af hálfu gerðarbeiðanda. Mun hið eldra gert af Guðmundi Jónssyni Garðaráðsmanni í samráði við Svein Finnsson bæjarstjóra þegar á árinu 1953 í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar. Síðara uppkastið er dagsett 8. desember 1955 og er gert af Daníel Ágústínussyni, þáverandi bæjarstjóra. Í eldra uppkastinu er gert ráð fyrir leigugjaldi kr. 1.500.00 fyrir ha á ári, en í hinu síðara er gert ráð fyrir kr. 800.00 fyrir ha í leigugjald. Þá er fest við síðara uppkastið handskrifað blað með ákvæði um endurgjald fyrir vegi, sem gerðarþoli hefur látið gera á landinu, eftir mati dómkvaddra manna, að svo miklu leyti sem þeir kæmu að gagni, þegar landið yrði skipulagt til íbúðarbygginga.

Gerðarþoli lét reisa umrædda fiskhjalla á löndunum og hefur notað þá til fiskherzlu til þessa dags. Á árinu 1958 tók gerðarbeiðandi ræmu af umræddu landi undir íþróttavöll án athugasemdar af hálfu gerðarþola eða með samþykki hans. Á árinu 1968 ræddust fulltrúar gerðarbeiðanda og gerðarþola við, þar eð fjarlægja þurfti fiskhjalla vegna íbúðarhúsabygginga, og varð samkomulag um þær aðgerðir.

Á árinu 1969 hófust viðræður milli gerðarbeiðanda og gerðarþola vegna áætlaðra frekari framkvæmda gerðarbeiðanda á landinu. Af því tilefni ritaði lögmaður gerðarþola bæjarráði Akraness bréf, dags. 24. júní 1969, þar sem segir svo m. a.:

„Eins og háttvirtu bæjarráði er kunnugt, þá keypti Haraldur Böðvarsson & Co. ofangreind lönd á árinu 1953 af þáverandi eigendum þeirra. Áður hafði Akraneskaupstaður fallið frá forkaupsrétti, sem var skilyrði fyrir eigendaskiptunum. Nokkru eftir að fyrirtækið keypti lönd þessi, hófust á þeim framkvæmdir við að byggja fiskhjalla. Var sótt um leyfi til framkvæmda þessara til yðar, sbr. bréf Haralds Böðvarssonar & Co. frá 11. febrúar 1953 til bæjarstjórnar Akraness. Reistir voru fjölmargir fiskhjallar á löndum þessum, en áður en það yrði gert og um leið og framkvæmdir stóðu yfir, þurfti að aka miklu magni af möl og sandi í lönd þessi, svo unnt væri að nota þau. Fiskhjallar þessir hafa verið notaðir af fyrirtækinu allt frá fyrstu tíð og þeir endurnýjaðir og endurbættir á hverju ári síðan.

Samkvæmt upplýsingum hr. bæjarstjóra þá mun hafa verið ákveðið, þegar samþykkt var að veita Haraldi Böðvarssyni & Co. leyfi til að nota lönd þessi undir fiskhjalla, að gera sérstakan samning við fyrirtækið, en úr þeirri samningsgerð mun aldrei hafa orðið.

Hefur því fyrirtækið byggt upp aðstöðu sína á fyrrgreindum löndum í þeirri trú, að það fengi að vera á löndum þessum með starfsemi sína óáreitt. Lönd þessi hafa reynzt mjög hentug til þessarar starfsemi.

Á s.l. ári mun fyrst hafa verið rætt um það við forstjóra fyrirtækisins, að rýma þyrfti einhvern hluta landanna vegna skipulags bæjarins og fyrirhugaðra byggingaframkvæmda íbúðarhúsa.

Án formlegra viðræðna úthlutaði Akraneskaupstaður síðan byggingalóðum af löndum þessum, og skömmu síðar hófust byggingaframkvæmdir, en áður voru fiskhjallar rifnir niður af starfsmönnum yðar. Eftir þetta hefur fyrirtækið orðið fyrir ýmsum óþægindum vegna framkvæmda yðar á löndum þessum svo og byggingaframkvæmdum.

Eins og fyrr segir, þá hef ég undirritaður ásamt Sigurði Gíslasyni, starfsmanni Haralds Böðvarssonar & Co., átt nokkrar viðræður við hr. bæjarstjóra Björgvin Sæmundsson út af máli þessu. Hef ég lýst þeirri skoðun minni, að finna verði einhverja lausn á máli þessu, og bent á, að Haraldur Böðvarsson & Co. eigi rétt til bóta fyrir lönd sín svo og framkvæmdir á löndunum.

Með tilvísun til framanritaðs og með vísan til viðræðna við hr. bæjarstjóra þá leyfi ég mér að tilkynna yður f. h. Haralds Böðvarssonar & Co., að eigi verður unað við frekari framkvæmdir á löndum fyrirtækisins, áður en endanleg lausn liggur fyrir".

Gerðarbeiðandi, bæjarstjórinn á Akranesi, svaraði þessu bréfi með bréfi, dags. 22. júlí 1969, og segir þar m. a.:

„Það er ekki rétt í bréfi yðar, að á s.l. ári hafi fyrst verið rætt um það við forstjóra fyrirtækisins, að rýma þyrfti einhvern hluta landanna vegna skipulags bæjarins og byggingaframkvæmda. Þegar árið 1958 rýmdi fyrirtækið hluta af löndunum vegna byggingar íþróttavallar, og var þá þegar rætt um, að innan tíðar myndi ný byggð og fleiri íþróttamannvirki þurfa æ meira af þessum löndum.

Árið 1961 kom til tals að skipuleggja íbúðarhverfi á þessu svæði, og var þá einnig rætt um nauðsyn þess, að hjallarnir hyrfu á brott. Árið 1967 var samþykkt skipulag það, sem nú er verið að byggja eftir, og í því tilefni fór ég á fund hr. Sturlaugs Böðvarssonar og ræddi við hann um flutning á hjöllunum. Lét hann í ljós fullan skilning á því, að hjallar fyrirtækisins yrðu að víkja fyrr eða síðar, en kvaðst myndi athuga málið og kanna hugsanlegan rétt þess til bóta. Varð það þá að samkomulagi, að ekki yrðu rifnir fleiri hjallar í fyrstu en nægði til þess að framkvæma það lóðaskipulag, sem þá var verið að samþykkja. Vorið 1968 var fjöldi hjallanna svo ákveðinn á staðnum, og voru þá viðstaddir auk mín Sturlaugur Böðvarsson, Sigurður Gíslason og Guðmundur Jónsson.

Af framansögðu er ljóst, að fyrirtækið hefur aldrei haft ástæðu til þess að halda, „að það fengi að vera á löndum þessum með starfsemi sína óáreitt", enda mun í samningi þeim, sem ráðamenn fyrirtækisins vildu ekki skrifa undir, hafa verið gert ráð fyrir mjög takmörkuðum leigutíma".

Með bréfi, dags. 9. desember 1969, tilkynnti síðan lögmaður gerðarbeiðanda lögmanni gerðarþola, að fjarlægja yrði „tafarlaust fiskhjalla á svæði ofan við línu, sem hugsast dregin samsíða suðurmörkum húslóða við Bjarkargrund á Akranesi í u. þ. b. 75 metra fjarlægð frá lóðamörkunum". Var jafnframt tilkynnt, að yrðu þeir ekki fjarlægðir fyrir 20. desember, mundi Akranesbær láta fjarlægja þá á kostnað gerðarþola. Lögmaður gerðarþola svaraði með bréfi, dags. 19. desember 1969, og tilkynnti, að „fyrirtækið er eigandi fyrrgreindra lóða og telur sér ekki skylt

að rýma þær, án þess að til komi bætur frá umbj. yðar, bæjarsjóði Akraness. Ef bæjarsjóður Akraness hefst handa um að rýma lóðir þessar, mun fyrirtækið sjá sig tilneytt að stöðva þær framkvæmdir".

Þessu næst sneri lögmaður gerðarbeiðanda sér til bæjarfógetans á Akranesi með framangreinda beiðni um útburð, dags. 10. febrúar 1970.

Svo sem fyrr er fram komið, fól bæjarstjórn Akraness á fundi sínum 13. febrúar 1953 ráðsmanni Garðalands að semja um afnot umræddra landa í samráði við bæjarstjóra og bæjarráð. Guðmundur Jónsson, Esjubraut 30, Akranesi, sem verið hefur Garðaráðsmaður frá árinu 1946, kom fyrir dóm sem vitni í máli þessu. Kvaðst vitnið hafa tjáð Haraldi Böðvarssyni á sínum tíma, að ekki væri heimilt að taka þessi lönd til þessara nota, nema gera um þau sérstaka samninga. Hafi Haraldur fengið að sjá samning um þessi lönd, sem vitnið taldi, að hann hefði sýnt lögfræðingi sínum. Sagði vitnið, að er það hafi fyrst farið að ræða þessi mál við Harald, eftir að hann hafði látið athuga leigusamninginn um löndin, hafi Haraldur látið þau orð falla, að hann „hafi keypt köttinn í sekknum", þar eð miklu hagkvæmara hefði verið fyrir sig að láta bæinn kaupa og síðan leigja sér. Hafi hann og sagt, að hann hafi getað fengið leigð lönd í Sandgerði til 99 ára og gert við þau, hvað sem hann vildi, en hann sæi, að þannig væri því ekki varið með erfðafestulönd á Akranesi. Vitnið sagði, að eftir að bæjarstjórn hafi falið sér að semja við gerðarþola með tilliti til nota landanna undir fiskhjalla, hafi vitnið farið til Haralds og tjáð honum, hvaða skilmála bærinn hugsaði sér í slíkum samningum, þ. e. að leiga væri hin sama og fyrir kálgarðslönd, eða 15 aurar á m^2 og lágmarksleigutími væri 5 ár, en síðan yrði samningurinn framlengdur í eitt ár í senn, ef hvorugur aðilja segði honum upp. Hafi þessar viðræður farið fram, skömmu eftir að bæjarstjórnin fjallaði um málið. Vitnið hafi lagt fram uppkast það, sem lagt hefur verið fram í málinu, en Haraldur Böðvarsson hafi ekki viljað fallast á ákvæði þess um leigugjald, sem hann hafi talið óheyrilega hátt. Minntist vitnið þess ekki, að hann hafi í þessu sambandi nefnt leigutímann. Þar með kvað vitnið hafa lokið sínum afskiptum af málinu og hafi það tjáð bæjarstjóra Sveini Finnssyni undirtektir Haralds. Taldi vitnið, að þá sama vor hafi verið hafizt handa um að reisa umræddu fiskhjalla, en það hafi ekki átt frekari viðræður við Harald um

mál þetta. Vitnið kvaðst hafa tilkynnt Haraldi Böðvarssyni á árinu 1958, að bærinn þyrfti að taka úr umræddum löndum undir íþróttavöll, og hafi hann samþykkt þá framkvæmd. Hafi ekki þeirra í milli verið rætt um greiðslu fyrir töku landsins. Hafi verið fiskhjallar á hluta af því svæði, sem þarna var um að ræða. Vitnið kvað sér hafa verið kunnugt um, að bæjarstjórarnir Sveinn Finnsson og Daníel Ágústínusson hafi rætt um þessi mál við gerðarþola, en það hafi ekki sjálft haft af því frekari afskipti.

Vitnið sagði, að það sæi yfirleitt um innheimtu leigugjalda fyrir ræktunarlönd. Kvaðst það ekki hafa innheimt leigu fyrir umrædd lönd, eftir að fyrrnefndar viðræður áttu sér stað, þar eð það hafi litið svo á, að samningurinn um ræktunarlöndin hafi verið felldur úr gildi. Það kvaðst ekki hafa vitað til þess, að leigugjald hafi verið boðið fram af hálfu gerðarþola.

Daníel Ágústínusson, fyrrverandi bæjarstjóri, Háholti 7, Akranesi, kom fyrir dóm sem vitni í málinu, en vitnið tók við starfi bæjarstjóra vorið 1954 og gegndi því til ársins 1962. Vitnið sagði, að er það tók við starfinu, hafi legið fyrir samþykkt bæjarstjórnar um, að gerðir skyldu nýir samningar um umrædd lönd með tilliti til nota undir fiskhjalla og hafi þá legið fyrir uppkast að samningi, sem gerðarþoli hafi hafnað. Vitnið kvaðst nokkrum sinnum hafa rætt við Harald Böðvarsson um þessi mál og hafi það helzt komið fram hjá honum, að leigan væri of há og að vegir, sem fyrirtækið gerði, yrðu ónýtir. Sagðist vitnið þá hafa gert uppkast, og hafi þar verið tekið tillit til þessa hvoru tveggja og sé það yngra uppkastið, sem lagt hafi verið fram í málinu. Vitnið kvað tillögum sínum ekki hafa verið hafnað, heldur hafi sífellt verið beðið um fresti og málið þannig lent í undandrætti. Málinu hafi alltaf verið haldið vakandi og oft verið til umræðu milli vitnisins og Haralds Böðvarssonar, og hafði starfsmaður hans, Magnús Guðmundsson, einnig tekið þátt í þeim viðræðum stundum. Vitnið kvaðst ekki minnast neins ágreinings, þegar að því kom, að bærinn þurfti að fá hluta af landinu undir íþróttavöll, en kvaðst ekki hafa haft nein bein afskipti af því máli. Vitnið skýrði og svo frá, að ekki hafi verið lögð nein áherzla á innheimtu leigugjalds á þesum árum, heldur hafi aðaláherzla verið lögð á það að koma á samningi, sem síðan yrði innheimt leiga eftir. Það minntist þess ekki, að af hálfu gerðarþola hafi verið rætt sérstaklega um tímalengd samningsins, þó að það myndi það ekki með vissu, en það taldi, að það atriði hafi aldrei verið neitt aðalatriði í þessu máli, og það áleit, að allir aðiljar

litu svo á, að gerðarþoli ætti að hafa þessi afnot af landinu svo lengi sem bærinn þyrfti ekki á því að halda. Það kvað það hafa verið skilning sinn, að er nýir samningar yrðu gerðir um löndin, væru úr gildi fallnir fyrri samningar og afsöl, svo sem uppkast sitt beri með sér.

Lögð hefur verið fram í málinu yfirlýsing Sveins Finnssonar, er var bæjarstjóri á Akranesi á árinu 1953, þar sem segir svo m. a. um þetta mál: „Af hálfu bæjarstjórnarinnar var samþykkt, að heimila fyrirtækinu að reisa hjallana, en þannig var litið á, að erfðafestusamningurinn væri niður fallinn með breyttri notkun landsins. Ég ræddi nokkrum sinnum við Harald um málið og gerði uppkast að leigusamningi, sem ég man, að samkomulag var um í bæjarráði, en Haraldur vildi hins vegar ekki samþykkja. Aðal fyrirstaðan hjá Haraldi var sú, að hann vildi fá landið leigt á erfðafestukjörum, að því er leiguupphæð varðaði, en honum var hinsvegar ljóst, að ekki komu til greina erfðafestukjör, að því er leigutíma snerti. Um hvaða leiguupphæðir eða leigutíma var rætt, man ég ekki".

Umrætt vitni, Sveinn Finnsson, fyrrverandi bæjarstjóri, nú til heimilis að Háaleitisbraut 101, Reykjavík, kom fyrir dóm og staðfesti þar framangreinda skýrslu sína. Frekar aðspurt skýrði vitnið svo frá, að þarna hefði verið um að ræða fyrsta tilvikið, þar sem ræktunarland væri tekið til annarra nota, og því hefði bæjarstjórn orðið að gera upp við sig, hvað ætti að gera. Vitnið var spurt um ákvæði í samningsuppkasti af hálfu gerðarbeiðanda um, að allir fyrri samningar og afsöl væru úr gildi fallin, og sagði það, að það hefði eigi að síður litið svo á, að umræddir erfðaleigusamningar væru úr gildi fallnir vegna breyttrar notkunar og hafi það, að því er það bezt muni, verið einróma skilningur bæjarstjórnar og bæjarráðs. Vitnið sagði að lokum, að ekkert hefði verið gert af hálfu bæjarins til að hindra umræddar framkvæmdir á landinu, enda þótt samningar væru ekki undirritaðir.

Gerðarbeiðandi í máli þessu, Björgvin Sæmundsson, bæjarstjóri á Akranesi, Skagabraut 35, Akranesi, kom fyrir dóm og skýrði svo frá, að hann hefði tekið við starfi bæjarstjóra á árinu 1962. Hann hafi þó ekki haft afskipti af þessu máli sem bæjarstjóri fyrr en á árinu 1967, að fyrir dyrum stóð að skipuleggja íbúðahverfi á landinu. Hann hafi þó áður fylgzt með málinu sem bæjarverkfræðingur, svo sem á árinu 1958, er land var tekið undir íþróttavöll. Hann kvaðst hafa litið svo á, að gerðarþoli nyti engra réttinda á landinu umfram það, sem semdist í

samræmi við samþykkt bæjarstjórnar 1953. Mál þessi hafi þó ekki verið rædd sérstaklega af bæjarstjórn eða bæjarráði, eftir að hann varð bæjarstjóri, þar til á árinu 1967. Hann kvaðst á árinu 1961 hafa gert skipulagstillögu sem bæjarverkfræðingur að íbúðahverfi á umræddu svæði, en vissi ekki, hvort þá var rætt við gerðarþola um brottflutning hjallanna. Á bæjarstjóratíma sínum hafi hvorki verið reynt að innheimta leigu hjá gerðarþola né gerðarþoli boðið fram leigu. Hann kvaðst hafa, er hann ræddi við Sturlaug Böðvarsson árið 1967, gert áætlun yfir leiguskuld gerðarþola með vöxtum og vaxtavöxtum og hafi hann þá miðað við leigugjald, eins og Guðmundur Jónsson Garðaráðsmaður hafi sagt, að það ætti að vera, og taldi hann, að það hafi verið kr. 1.500.00 fyrir ha.

Fyrir dóm kom sem vitni í málinu Magnús Ágúst Guðmundsson, skrifstofustjóri á skrifstofu gerðarþola, Grundartúni 8, Akranesi. Vitnið mundi til þess, að af hálfu bæjarins hafi verið lagt fram uppkast að samningi um umrædd lönd, sem Haraldur hafi talið óaðgengilegt vegna ákvæða um leigugjald og leigutíma svo og vegna þess, að hann hafi byggt rétt sinn á fullgildum leigusamningum. Það kvaðst ekki muna sérstaklega eftir viðræðum milli gerðarþola og bæjarstjóranna Sveins Finnssonar og Daníels Ágústínussonar, er það hafi verið viðstatt, en þó minntist það þess, að nokkrum árum síðar hafi Daníel komið í skrifstofu gerðarþola og verið með reikning fyrir ógoldna leigu fyrir löndin. Mundi vitnið ekki, við hvaða leigugjald var miðað í þeim reikningi, en taldi sennilegt, að miðað hafi verið við það gjald, sem bærinn hafði sett fram í þeim skilmálum, er Haraldur vildi ekki fallast á. Vitnið kvað Harald hafa boðið fram leigugjald samkvæmt þeim leigusamningum, sem hann taldi vera í gildi, þ. e. gömlu erfðaleigusamningunum.

Sigurður Gíslason, verkstjóri hjá gerðarþola, Sunnubraut 5, Akranesi, kom fyrir dóm sem vitni í málinu, en vitnið hefur starfað hjá fyrirtækinu í u. þ. b. 27 ár. Kvaðst vitnið álíta, að bæjarstjóra hafi frá upphafi verið kunnugt um það, til hvers gerðarþoli ætlaði að nota umrædd lönd, en það kvaðst ekki hafa vitað um nein skilyrði af bæjarins hálfu eða viðræður um samninga um afnotin. Það kvaðst á árinu 1968 hafa verið viðstatt viðræður á landinu sjálfu milli bæjarstjóra og Sturlaugs Böðvarssonar og auk þess hafi Guðmundur Jónsson verið þar viðstaddur. Hafi þetta verið af því tilefni, að bærinn hafi þurft að fá rýmt

land vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Sturlaugur hafi þá sagt, að vitnið skyldi ráða tilhögun í því sambandi, og kvaðst vitnið þá hafa tjáð bæjarstjóra, að það skyldi hliðra til eftir óskum þeirra, en það afsalaði fyrirtækinu engum rétti með því.

Að lokum kom fyrir dóm framkvæmdastjóri gerðarþola, Sturlaugur Böðvarsson, Vesturgötu 32, Akranesi, en hann er jafnframt stjórnarformaður Haralds Böðvarssonar & Co. h/f, en hlutafélagið var stofnað um áramót 1968—1969 og tók við öllum eignum og skuldum samnefnds sameignarfélags.

Hann kvað föður sinn, Harald Böðvarsson, hafa einan séð um þessi mál ásamt Sigurði Gíslasyni, og kvaðst hann ekki hafa verið viðstaddur neinar viðræður milli þeirra og bæjaryfirvalda um afnot af umræddu landi. Hann kvaðst eitt sinn hafa komið þar að, þar sem þeir Daníel Ágústínusson og Haraldur Böðvarsson ræddu um þessi mál, og kvaðst hann hafa heyrt, að ágreiningur hafi verið mikill um leigugjald, sem Haraldi hafi þótt allt of hátt. Minnti hann, að þetta hafi verið 1958 eða 1959. Hann kvað sér hafa fundizt sjálfsagt að láta af hendi hluta af landinu undir íþróttavöll, þegar fram á það var farið, og hafi það verið samþykkt samstundis. Hann minntist þess og, að á árinu hafi hann hitt bæjarstjóra ásamt fleirum á landinu og hafi bæjarstjóri þar skýrt þeim frá skipulagningu landsins og hvað bærinn þyrfti að nota. Taldi hann, að þarna hefðu ekki átt sér stað neinar viðræður um þessi mál, heldur hafi bæjarstjóri einungis skýrt frá áformum bæjaryfirvalda.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína í máli þessu á því, að gerðarþoli hafi ekki getað með kaupum sínum á erfðaleigurétti tilteknna landa árið 1953 öðlazt meiri rétt en fyrri eigendur áttu, nema sérstakir samningar við gerðarbeiðanda hefðu komið til. Þegar gerðarþoli hafi beðið um leyfi til að fá að reisa fiskhjalla, hafi erindi hans verið samþykkt af bæjarstjórn, en samþykktin hafi verið bundin því skilyrði, að gerður yrði sérstakur nýr samningur um afnotin. Þetta skilyrði hafi gerðarþoli aldrei uppfyllt þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af hálfu gerðarbeiðanda til að fá hann til þess. Samningsuppköst, sem lögð hafi verið fram, beri glöggt með sér, að það hafi verið leigugjaldið, en ekki tímalengdin, sem gerðarþoli vildi ekki sætta sig við. Þá bendir gerðarbeiðandi á, að er gerðarþoli sótti um að fá að reisa fiskhjalla á landi nr. 45, hafi bæjarráð frestað að verða við þeirri ósk, „þar til samningur hefir verið gerður um lönd nr. 47 og 48“, og bendi

það ótvírætt til þess, að gerðarbeiðandi setti það sem algert skilyrði fyrir því, að hjallar yrðu reistir á löndum gerðarþola, að sérstakir samningar yrðu gerðir um þau afnot. Með því að gerðarþoli hafi aldrei fengizt til slíkrar samningsgerðar, hafi hann ekki öðlazt neinn rétt til annarrar notkunar landanna en þeirrar, sem felst í erfðaleigusamningunum. Breyti hér engu um, þótt átölulaust hafi verið af hendi gerðarbeiðanda, þótt gerðarþoli notaði löndin til fiskherzlu, svo lengi sem það kom ekki í bága við þarfir gerðarbeiðanda fyrir lönd þessi til íbúðahúsabygginga eða annarra brýnna nota, en gerðarþoli hafi verið og sé umsvifamikill atvinnurekandi á Akranesi, veitt þar fjölda manns atvinnu og verið góður gjaldþegn gerðarbeiðanda. Á árinu 1953 hafi gerðarþoli sætt sig vel við að fá að hafa fiskhjalla á löndunum í 5 ár, en síðan frá ári til árs, unz gerðarbeiðandi þyrfti að nota löndin til sinna þarfa. Gerðarþoli hafi aldrei greitt leigugjald fyrir þessi lönd, hvorki þá leigu, er erfðaleigusamningurinn ákveði né aðra samkvæmt sérstökum samningi, eins og gert hafi verið að skilyrði. Telur gerðarbeiðandi, að augljóst sé, að gerðarþoli hafi engan rétt til landanna og því aðeins getað notað þau til fiskherzlu, að bæjarstjórn hafi látið kyrrt liggja, meðan skipulag bæjarins hafi ekki þurft á þeim að halda.

Gerðarþoli rökstyður mótmæli sín gegn umbeðinni gerð með því, að er hann hafi keypt lönd þau, er málið fjallar um, hafi gilt um þau erfðaleigusamningar. Áður en kaup hafi farið fram, hafi gerðarbeiðandi hafnað forkaupsrétti að löndunum og síðar heimilað framkvæmdir á þeim. Í bréfi gerðarbeiðanda til gerðarþola, dags. 14. febrúar 1953, tilkynnti hann, að ráðsmanni Garðalands hafi verið falið að semja um afnot landanna nr. 47 og 48 í samráði við bæjarstjóra og bæjarráð. Er því haldið fram af hálfu gerðarþola, að er gerðarbeiðandi heimilaði framkvæmdir á löndunum, hafi hann ekki kynnt gerðarþola á neinn hátt, hvert efni hinna væntanlegu lóðasamninga yrði, og það hafi ekki verið fyrr en löngu síðar, að ljóst var, að gerðarbeiðandi hugðist stytta leigutímann svo mjög, að gerðarþoli hafi talið allskostar óviðunandi að ganga að skilyrðum þeim, er gerðarbeiðandi hafi sett fram. Hefði gerðarþoli aldrei lagt í eins miklar framkvæmdir á löndum sínum, hefði hann búizt við jafnskömmum leigutíma og fram kom í samningaviðræðunum. Eigi sé fyllilega ljóst, hvenær samningaviðræður milli aðiljanna hafi farið fram, en samkvæmt síðara samningsuppkastinu hafi viðræður farið fram á árinu 1955. Engar umræður hafi orðið um nýja leigumála um löndin

allt frá þeim tíma og því verði að telja, að leigusamningar þeir, sem um löndin giltu, er gerðarþoli keypti þau, séu enn í gildi. Í þeim samningum sé kveðið á um það, á hvern hátt fara skuli að, ef leigusali óski eftir löndunum til sinna nota. Hafi gerðarþoli ekki viljað sætta sig við þær greiðslur, sem gerðarbeiðandi hafi tjáð sig fúsan til að greiða í bætur fyrir löndin. Í samningunum sé tekið fram, að mat skuli fram fara samkvæmt lögunum um eignarnám, ef ekki verði samkomulag um bætur, og telur gerðarþoli, að gerðarbeiðandi geti aðeins fengið umráð landa sinna, að slíkt mat hafi farið fram og ákvæðum laga um eignarnám fullnægt að öðru leyti.

Svo sem að framan er rakið, byggðu þeir aðiljar, sem seldu gerðarþola umræddar lóðir, rétt sinn á erfðaleigusamningum, þar sem svo var kveðið á í 1. gr., að löndin væru leigð til fóðurs- og matjurtaræktar, en önnur afnot væru leigutaka óheimil. Gerðarþoli sótti um leyfi til bæjarstjórnar til annarra nota, þ. e. til að mega reisa fiskhjalla á löndunum nr. 47 og 48, í febrúar 1953. Bæjarstjórn heimilaði þessa notkun landanna, en tilkynnti jafnframt, að samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga nr. 54/1952 félli þá erfðafesturéttur niður, og því hefði Garðaráðsmanni verið falið að semja við gerðarþola um hin breyttu afnot. Gerðarþoli virðist þá þegar hafa tekið upp hin nýju afnot af löndunum, en samningar um þau voru hins vegar aldrei undirritaðir, þar eð ekki náðist samkomulag um leigukjör. Ekki er fyllilega ljóst, hvað réð mestu um það, að ekki náðist samkomulag um leigukjör, en svo virðist sem nokkrar viðræður hafi átt sér stað, og hafa fremur verið leiddar líkur að því, að upphæð leigugjalds hafi helzt valdið ágreiningi. Þá hefur það og komið fram í málinu, svo sem fyrr er rakið, að er gerðarþoli sótti um leyfi nokkru síðar, þ. e. í marz 1953, til að reisa fiskhjalla á lóð nr. 46, frestaði bæjarráð að taka afstöðu til þeirrar umsóknar, unz gengið hefði verið frá samningum um lóðir nr. 47 og 48. Eigi að síður mun gerðarþoli einnig hafa reist fiskhjalla á þessum lóðum og sömuleiðis á lóð nr. 45 átölulaust af hálfu gerðarbeiðanda.

Þegar það er virt, sem hér hefur verið rakið, telur rétturinn, að ekki sé unnt að taka til greina þá staðhæfingu gerðarþola, að hinir upphaflegu erfðaleigusamningar séu enn í gildi og hann geti byggt rétt sinn á þeim. Byggir rétturinn þetta einkum á eftirtöldum atriðum: 1. Ákvæði erfðaleigusamninganna um notkun landanna eru skýr og afdráttarlaus. 2. Gerðarbeiðandi, þ. e. bæjarstjórn Akraness, gerði gerðarþola ótvírætt ljósan þann

skilning sinn, er hann heimilaði honum að reisa fiskhjalla á löndum nr. 47 og 48, að erfðafesturétturinn félli niður við hina breyttu notkun og gera þyrfti nýjan samning um hana, sbr. samþykkt bæjarstjórnar 13. febrúar 1953 og bréf bæjarstjóra til gerðarþola, dags. 14. febrúar 1953. 3. Framangreindur skilningur gerðarbeiðanda var ítrekaður síðar, er bæjarráð frestaði að taka afstöðu til umsóknar greðarþola varðandi fiskhjalla á lóð nr. 46, unz samningur hefði verið gerður um lóðir nr. 47 og 48. 4. Þessi skilningur kom enn fremur greinilega í ljós í viðræðum milli aðiljanna og þeim samningsuppköstum, sem lögð voru fyrir gerðarþola, og verður hvergi séð, að hann hafi þá mótmælt þessum skilningi.

Með framangreind atriði í huga verður því ekki séð, að gerðarþoli hafi á nokkurn hátt haft rétt til eða honum verið gefið tilefni til að líta svo á, að hann nyti erfðaleigukjara varðandi umrædd lönd þrátt fyrir breytta notkun þeirra. Þvert á móti var honum tilkynnt, að erfðafesturétturinn væri niður fallinn og gera þyrfti nýja samninga. Á það verður ekki fallizt, að notkun hans á landinu til fiskherzlu fram til þessa, óáreitt af hendi gerðarbeiðanda og án samnings, hafi getað skapað honum aukinn rétt að þessu leyti. Á það ber og að líta, að engin leiga hefur verið greidd fyrir umræddar lóðir, frá því gerðarþoli tók þar upp fiskherzlu, og bendir það mjög til þess skilnings beggja aðilja, að engir samningar væru í gildi um lóðirnar.

Með hliðsjón af framansögðu þykir verða að líta svo á, að gerðarþola beri að hlíta ráðstöfunum gerðarbeiðanda á landinu og víkja af því eftir kröfum hans. Verði því að taka kröfu gerðarbeiðanda til greina og heimila hina umbeðnu útburðargerð.

Þá þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 7.000.00 í málskostnað.

Úrskurð þennan kvað upp Haraldur Henrýsson, sem með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 24. apríl 1970, var skipaður til að fara með málið sem setudómari.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda, bæjarstjórans á Akranesi vegna bæjarsjóðs Akraness.

Gerðarþoli, Haraldur Böðvarsson & Co. h/f, greiði gerðarbeiðanda kr. 7.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. október 1971.

Nr. 5/1971. **Ólafur Pálsson og Kristófer Guðleifsson persónulega og f. h. Ólafs og Kristófers s/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Arnþóri Björgvinssyni
(Ingi Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteignakaup. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1971. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um bætur til stefnda vegna sprungu í vegg í íbúð hans, samtals kr. 21.000.00 (18.000.00 + 3.000.00) ásamt vöxtum, eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, af þeirri fjárhæð.

Samkvæmt kaupsamningi aðilja, dags. 8. marz 1966, var íbúðin seld tilbúin undir tréverk. Afsalsbréf var gefið hinn 28. júlí s. á. Áður en stefndi tók við íbúðinni og undirritaði afsalið, þar sem tekið var fram, að hann hefði kynnt sér ástand hins selda og tekið það gilt að öllu leyti, hafði hann skoðað íbúðina gaumgæfilega. Af gögnum málsins verður ekki talið sannað, að stefndi hafi þá hreyft athugasemdum við áfrýjendur um frágang pípulagnarinnar, sem málið fjallar um. Að svo vöxnu máli verður þessi kröfuliður, kr. 3.700.00, ekki tekinn til greina.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talinn matskostnað, sem ákveðst samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Ólafur Pálsson og Kristófer Guðleifsson persónulega og fyrir hönd Ólafs og Kristófers s/f, greiði stefnda, Arnþóri Björgvinssyni, kr. 21.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 4. júní 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. nóvember 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. október s.l., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. desember s.l., af Arnþóri Björgvinssyni, Hraunbæ 130, Reykjavík, gegn Ólafi Pálssyni, Drápuhlíð 9, Reykjavík, og Kristófer Guðleifssyni, Safamýri 67, Reykjavík, báðum persónulega og fyrir hönd sameignafélags þeirra, Ólafs & Kristófers s/f, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 30.588.80 ásamt 7% ársvöxtum frá 4. júní 1969 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í. Við munnlegan flutning málsins lagði lögmaður stefnanda fram sundurliðaðan reikning yfir málskostnaðarkröfu, samtals kr. 13.317.00, sem er dskj. nr. 19.

Stefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að þeim verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Sáttatilraunir dómsins hafa engan árangur borið.

Málavextir eru þessir:

Í marz 1966 gerðu stefnandi og stefndu með sér kaupsamning um, að stefnandi keypti af stefndu íbúð í húsinu nr. 130 við Hraunbæ hér í borg, sem stefndu voru þá að byggja. Samkvæmt kaupsamningi þessum skyldi íbúðin, sem er 4 herbergja íbúð á 3. hæð til hægri í húsinu, seljast tilbúin undir tréverk, og er í samningnum talið upp, hvað seljendurnir, stefndu í máli þessu, skuldbinda sig til að framkvæma, áður en íbúðin er afhent kaupanda. Afhendingin fór síðan fram 28. júlí 1966, og gáfu stefndu þá út afsal til stefnanda, þar sem segir m. a.: „Íbúðin er seld tilbúin undir tréverk. Kaupandi hefur kynnt sér ástand hins selda og tekur það gilt að öllu leyti. Kaupandi hefur greitt umsamið kaupverð að fullu, en það er kr. 620.000.00“, sbr. dskj. nr.

13. Stefnandi skoðaði íbúðina vandlega, áður en afsalið var gefið út. Hófst hann síðan handa um að fá hana fullgerða og flutti inn með fjölskyldu sína 16. ágúst þetta ár. Stefnandi var ásamt öðrum íbúðarkaupendum í húsi þessu óánægður með ýmsa hluti í frágangi og smíði íbúðar sinnar, og fór svo, að lögfræðingur skrifaði stefndu bréf, dags. 20. febrúar 1967, fyrir stefnanda og íbúðareigendurna á 3. hæð til vinstri og á 2. hæð til vinstri og hægri. Taldi lögmaðurinn þar upp þau atriði, sem íbúðareigendurnir voru óánægðir með og töldu þörf á að lagfæra. Varðandi íbúð stefnanda segir þar: „Hitalögn í eldhúsi liggur að nokkru leyti utan á vegg. Hitastillir staðsettur í baði. Opnanlegir gluggar óþéttir. Áberandi sprungur eru á vesturvegg íbúðarinnar ...". Sbr. dskj. nr. 3. Segir lögmaðurinn, að íbúðareigendur krefjist þess, að stefndu bæti þeim á einhvern hátt þessi atriði, og vilji þeir annað hvort, að stefndu lagfæri þetta sjálfir eða greiði þeim hæfilegar bætur. Bréfi þessu svöruðu stefndu með bréfi, dags. 20. febrúar s. á., og sögðust ekki sjá ástæðu til að bæta úr nokkru. Með bréfi, dags. 6. apríl, bað lögmaður stefnanda um, að dómkvaddir yrðu matsmenn til að meta þessi atriði. Matið fór fram 28. apríl s. á., og skiluðu matsmennirnir, þeir Óskar Smith og Indriði Níelsson, matsgerð sinni 3. maí s. á. Þar telja þeir, að bæta verði úr eftirfarandi:

„Í öllum fjórum eldhúsunum hefur verið lagt þannig að ofnum, að rörin eru að hálfu í vegg, og verður að brjóta inn í veggina, þannig að nóg rúm verði fyrir rörin og einangrun. Verður svo að vera 1,5 cm múrlag fyrir framan einangrun. Einnig verður að setja stokk í gólflistahæð frá sökkli á eldhúsborði fram yfir raufina, múra og mála síðan yfir, svo að lýtalaust verði.

Gera þarf við lóðrétta sprungu á 3. hæð til vinstri og lárétta sprungu upp við loft á 3. hæð til hægri, brjóta upp og múra aftur, mála síðan yfir, svo lýtalaust verði'.

Einnig ræða matsmennirnir um ranga staðsetningu fyrirhugaðra hreyfiloka. Mat á viðgerðum þessum töldu matsmennirnir hæfilega metið á kr. 19.700.00, og sundurliðuðu þeir ekki þessa fjárhæð. Mati þessu vildi stefnandi ekki una og bað um yfirmat með bréfi, dags. 30. apríl 1969. Þeir Árni Guðmundsson, Benedikt Guðmundsson og Bragi Þorsteinsson voru kvaddir sem yfirmatsmenn, og fór mat þeirra fram 21. maí 1969. Yfirmatsgerðinni skiluðu þeir 4. júní s. á., og í henni segir:

„Gallar þeir, sem við teljum á íbúðum þessum og teknir eru til mats, eru sem hér segir:

Á öllum íbúðunum er lagt þannig að eldhúsofni, að rörin eru að nokkru leyti inni í vegg, en um það bil helmingur röra stendur út úr. Við teljum, að höggva verði fyrir rörunum inn í vegg, þannig að nægilegt rými verði fyrir einangraðar pípur. Ennfremur þarf að setja stokk yfir rör niður undir gólfi frá sökkli eldhússborðs og fram yfir rauf, síðan skal mála, svo sæmilegt verði útlits.

Á III. h. t. v. er áberandi sprunga á innvegg, sprungu þessa þarf að höggva upp og múra í aftur og síðan bletta og mála vegginn.

Á III. h. t. h. eru mjög áberandi sprungur á tveim veggjum, og þarf að hafa sama hátt á viðgerð, eins og áður er sagt'.

Viðgerðir þessar sundurliða þeir þannig, að þeir telja breytinguna á pípulögninni í eldhúsinu kosta kr. 3.700.00 í hverri íbúð fyrir sig, en viðgerðina á sprungunum í íbúð stefnanda meta þeir á kr. 18.000.00 auk málningar, kr. 3.000.00, og verður því heildarviðgerðarkostnaðurinn í íbúð stefnanda samkvæmt yfirmatinu kr. 24.700.00.

Með bréfi, dags. 27. ágúst 1969, krafði lögmaður íbúðareigendanna stefndu um greiðslu viðgerðarkostnaðarins samkvæmt yfirmatinu fyrir allar íbúðirnar, samtals kr. 40.800.00, auk greiðslu alls matskostnaðar, vaxta og innheimtulauna. Stefndu svöruðu þessu bréfi ekki, og höfðuðu íbúðareigendur þá mál, hver í sínu lagi, á hendur stefndu til greiðslu þessara fjárhæða.

Málsástæður.

Stefnandi byggir kröfur sínar að öllu leyti á yfirmatinu í máli þessu. Sundurliðast krafa hans þannig:

1.	Bætur samkvæmt yfirmatsgerð	kr. 24.700.00
2.	Hlutur stefnanda í matskostnaði samkvæmt sérstakri sundurliðun	— 5.888.80
		Samtals kr. 30.588.80

sem er stefnufjárhæðin í máli þessu. Bótakrafan er vegna tvenns konar galla, a) galla á pípulögn í eldhúsi og b) sprungum í vesturvegg, sem er bæði í stofu og svefnherbergi og í millivegg, sem gengur út úr vesturvegg þessum og er milli stofunnar og svefnherbergisins.

a) Stefnandi heldur því fram, að hann hafi aldrei sætt sig við fráganginn á pípulögninni í eldhúsinu og hafi hann þegar,

áður en hann fékk afsalið, kvartað yfir þessu við stefndu. Hafi þeir bent á, að pípulögnina mætti hylja með eldhúsinnréttingunni, en hann hafi ekki tekið undir það, heldur sagt þeim, að þetta væri löstur á búðinni og hann vildi fá þetta lagað. Stefndu hafi þá bent á, að setja mætti stokk utan um lögnina (en lögnin er þannig, að rör það, sem liggur í ofninn, er að hálfu leyti múrað á vegginn). Stefnandi hafi ekki viljað að lögnin yrði hulin með stokk, heldur viljað, að hún yrði sett inn í vegginn. Ekki hafi verið unnt að láta eldhúsinnréttinguna hylja lögnina, þar sem við það hefði plass tapazt í eldhúsinu auk þess sem þá hefði ofnhaninn lent inni í eldhússkáp.

b) Stefnandi segir, að þegar hann fékk afsalið, hafi verið smásprungur í steypunni, og hafi hann ekki talið þær verri en það, sem venjulegt er með steinsteypu. Bráðlega hafi þó farið að bera á sprungu, sem legið hafi lárétt yfir allan stofuvegginn og í svefnherberginu, en þetta er vesturveggur hússins. Sprunga þessi hafi verið í u. þ. b. 20—30 cm fjarlægð frá lofti. Hafi hún smám saman aukizt þannig, að veggurinn gekk inn að ofan. Hafi hann kvartað við stefnda Kristófer yfir sprungu þessari og úr hafi orðið, að múrari sá, sem sá um múrsmíði hússins, Eiríkur Jónsson, hafi komið og boðizt til að laga sprunguna, en stefnanda hafi ekki þótt tilboð múrarans fullnægjandi, þar sem múrarinn hafi ekki ætlað að bæta neinn aukakostnað múrbrotinu samfara, heldur hafi múrarinn eingöngu boðizt til að höggva sprunguna upp og múra yfir á ný. Hafi stefnandi því talið eðlilegast, að þetta yrði metið af matsmönnum.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þessum rökum:

a) Þeir segja, að stefnandi hafi aldrei krafizt þess, að pípulögnin í eldhúsinu yrði lagfærð. Þeir segja, að stefnandi hafi rætt hana við þá og þeir hafi bent stefnanda á, hvernig hann gæti hulið lögnina með væntanlegri eldhúsinnréttingu. Þeir segja einnig, að pípulögnin sé lögð af viðurkenndum pípulagningameistara og samkvæmt staðfestri teikningu á dskj. nr. 16.

b) Stefndu telja sig ekki bera ábyrgð á sprungunni, og hefur stefndi Kristófer sagt, að hann hafi ávallt talið það vera múrarameistarans að bæta sprunguna, en ekki þeirra Ólafs. Stefndu hafa bent á, að þeim þyki skrítið, að múrarameistarinn hafi ekki fengið að bæta sprunguna, þegar hann bauðst til þess, og stefndu hafa einnig sagt, að múrarameistarinn hafi við þetta tækifæri tekið það fram, að hann teldi sér ekki skylt að laga sprunguna, en hann skyldi gera það samt sem áður.

Tvö vitni hafa komið fyrir dóminn og borið um sprungu þessa.

Vitnið Sigurður Lárusson múrari, sem gerði við sprunguna nú í haust, kom hér fyrir dóminn og lýsti sprungunni. Sagði hann, að sprungan hefði náð horna í milli, bæði í stofu og svefnherbergi, í ca. 20 cm hæð frá lofti. Hafi hún náð ca. 10 cm inn í vegginn og hafi hann höggvið hana upp. Í sárinu hafi verið óhreinindi, einkum laust grjót og sag, og segir vitnið, að þetta hafi verið steypuskil og hafi óhreinindin verið eins og í steypuskilum, þegar ekki er hreinsað nógu vel. Ekkert los hafi verið á pússningunni sjálfri, heldur hafi losið verið í steypunni, og veggurinn hafi gengið inn í herbergið að ofan og hafi misgengið verið allt upp í 10 mm. Við viðgerðina hafi hann orðið að bera allt út úr stofunni, þar sem mikið ryk hafi myndazt við að höggva upp sprunguna. Ítrekaði vitnið aðspurt, að sprungan hefði myndazt vegna óhreinindanna í steypuskilunum.

Vitnið Eiríkur Jónsson múrarmeistari, sem vann að byggingu hússins, hefur komið hér fyrir dóminn og mótmælt þessu. Benti hann á, að sprungan hafi verið það neðarlega á veggnum, að mjög ósennilegt sé, að hún hafi orsakazt af því, að veggurinn hafi upphaflega verið steyptur of lágur, en steypuskil séu alltaf höfð alveg uppi undir loftinu. Þótti honum sennilegast, að sprungan hefði myndazt vegna einhverra átaka milli þessara sambyggðu húsa. Slík átök geti alltaf átt sér stað og þannig geti slíkar sprungur alltaf myndazt og ekki sé unnt að koma í veg fyrir slík átök og sprungur þeim samfara.

Stefndu mótmæltu framburði vitnisins Sigurðar Lárussonar og sögðu, að þeir hafi séð um að slá upp mótum og búið hafi verið að slá upp fyrir veggjum og plötu, áður en byrjað hafi verið að steypa veggina. Þess vegna hafi ekki getað verið um óhreinindi frá uppslættinum að ræða í sprungunni. Sögðu þeir og, að þeir hafi verið á vinnustaðnum og séð um, að ekkert stæði á efni við vinnuna og ekki minnist þeir þess, að vinnan hafi stöðvazt vegna steypuskorts.

Niðurstaða.

Eins og að framan er rakið, er hér deilt um tvö óskyld atriði í smíði og frágangi íbúðar stefnanda, annars vegar frágang á ofnröri í eldhúsi og hins vegar stóra sprungu á vesturvegg og millivegg, en bæði undirmatsmenn og yfirmatsmenn hafa talið þetta galla, sem þyrfti að bæta. Dómurinn fór á vettvang til þess að kynna sér þetta, en þá hafði nýlega verið gert við

sprunguna, svo að hún varð ekki skoðuð, en sjá mátti móta fyrir, hvar hún hafði verið.

Lögnina í eldhúsinu hefur dómurinn séð og telur hana til lýta. Dómurinn telur stefndu ekki losna við að bæta lögn þessa, þótt stefnandi hafi tekið við afsalinu, án þess að skráð væri í það athugasemd, og verði stefndu því gert að bæta stefnanda galla þennan, enda þykir með framburðum aðilja í ljós leitt, að stefnandi hafi strax lýst óánægju sinni með lögn þessa og viljað fá úr henni bætt.

Varðandi sprunguna þykir dóminum með framburðum aðilja og vitna í ljós leitt, að hún hafi ekki verið áberandi í upphafi, en komið smám saman, þar til áberandi misgengi var orðið. Vitnið Sigurður Lárusson hefur lýst sárinu í sprungunni. Dómurinn telur afar ósennilegt, að misgengið hafi verið allt að 10 mm, eins og vitnið taldi, en telur hins vegar þrátt fyrir mótmæli stefndu við framburði vitnisins, að með lýsingu vitnisins á óhreinindunum í sárinu og með tilliti til lögunar og staðsetningar sprungunnar og hæðar hennar á veggnum, að í ljós sé leitt, að þarna hafi steypuskil verið. Dómurinn telur eðlilegt að álíta sprunguna afleiðingar af óhreinindum í steypuskilum þessum og telur, að stefndu beri ábyrgð á slíkum leyndum galla. Verður stefndu því gert að bæta stefnanda galla þennan.

Niðurstaða dómsins er því sú, að taka beri bótakröfu stefnanda, kr. 24.700.00, til greina, enda hafa stefndu ekki mótmælt bótafjárhæðum með rökum. Einnig ber að taka til greina kröfu stefnanda um hlut sinn í matskostnaði, kr. 5.888.80, þar sem hann er í samræmi við framlagða reikninga. Þannig verður stefndu gert að greiða stefnanda kr. 30.588.80 ásamt vöxtum. Eftir þessari niðurstöðu verður stefndu einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dómarar máls þessa voru Garðar Gíslason, sem var dómsformaður, Ögmundur Jónsson verkfræðingur og Diðrik Helgason múrarameistari.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Pálsson og Kristófer Guðlaugsson, greiði persónulega og fyrir hönd sameignarfélags þeirra, Ólafs & Kristófers s/f, in solidum stefnanda, Arnþóri Björgvinssyni, kr. 30.588.80 ásamt 7% ársvöxtum frá 4. júní 1969 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. október 1971.

Nr. 175/1970. **Eimskipafélag Reykjavíkur h/f**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Þrotabúi Vátryggingafélagsins h/f
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Jónatan Þórmundsson.

Vátrygging. Endurkrafa. Tjónbætur. Frávísunarkröfu hrundið. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1970. Er málið skyldi þingfest 2. október 1970, var eigi sótt þing af hendi áfrýjanda, og gekk útivistardómur í málinu sama dag. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 hefur áfrýjandi áfrýjað máli þessu af nýju með stefnu 2. október 1970.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og til þrautavara lækkunar á kröfum hans.

Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þá hefur áfrýjandi krafizt þess, að verði hvorki aðalkrafa hans né varakrafa tekin til greina, þá verði tekið fram „í dómi Hæstaréttar, svo sem gert var í dómi réttarins í málinu nr. 63/1965, að vátryggjandi m/s Kötlu, Almennar Tryggingar h/f, beri ábyrgð gagnvart stefnda, þrotabúi Vátryggingafélagsins h/f, á greiðslu dæmdra fjárhæða, sem falla hlutfallslega á verðmæti m/s Kötlu, kr. 14.200.000.00".

Bú Vátryggingafélagsins h/f, sem var aðili máls þessa í héraði, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 17. marz 1970, og hefur þrotabú félagsins því tekið við aðild málsins hér fyrir dómi.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Í dómi Hæstaréttar 21. júní 1965 í málinu nr. 63/1965 var ekki dæmt um kröfur þær, sem um er fjallað í máli þessu, og verður því frávísunarkrafa áfrýjanda eigi til greina tekin.

Með fyrrgreindum dómi Hæstaréttar voru eiganda og áhöfn v/b Eldeyjar dæmd bjarglaun úr hendi eiganda m/s Kötlu vegna björgunar þess skips 31. janúar 1964. Í bjarglaunum voru innifaldar bætur til eiganda v/b Eldeyjar vegna aflatjóns, er báturinn hafði orðið fyrir, en taka varð hann til viðgerðar þegar eftir björgunina vegna skemmda, sem hann varð fyrir við björgunina. Skemmdir þessar voru á skrúfuöxli bátsins, og varð að skipta um öxul. Er nú krafizt greiðslu á kostnaði vegna þessa, kr. 126.357.59. Ekki krafði eigandi v/b Eldeyjar um greiðslu á þessum kostnaði í hinu fyrra máli, og ekki gerði hann áskilnað um, að hans mundi síðar krafizt. Var viðgerð þó lokið, niðurjöfnun sjótjóns hafði fram farið og viðgerðarkostnaðurinn verið greiddur, áður en það mál var höfðað. Getur því hvorki eigandi v/b Eldeyjar né stefndi, sem tók við rétti hans samkvæmt upphafsákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, krafið nú um greiðslu þessa fjár. Ber því að sýkna áfrýjanda af þessum kröfulið.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var með dómi Hæstaréttar 17. janúar 1966 eiganda v/b Eldeyjar dæmt að greiða eiganda og áhöfn v/b Vilborgar kr. 240.000.00, auk vaxta, í bjarglaun og kr. 60.000.00 í málskostnað vegna björgunar v/b Eldeyjar 31. janúar 1964. Krefur stefndi um fé þetta auk kr. 60.000.00, kostnaðar eiganda v/b Eldeyjar af því máli. Neyð sú, er v/b Eldey lenti í umrætt sinn, var í beinu framhaldi af björgun m/s Kötlu og orsakaðist af handvömm skipstjórnarmanna eða annarra skipverja á m/s Kötlu. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms um þessi atriði ber áfrýjandi fébótaábyrgð á þessu tjóni v/b Eldeyjar, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1963. Bótakrafa þessi lá eigi ljós fyrir, fyrr en eftir að dæmt hafði

verið í bjarglaunamáli eiganda og vátryggjanda m/s Kötlu og eiganda og áhafnar v/b Eldeyjar. Voru því eigi efni til að hafa þá kröfu uppi í því máli. Eiganda v/b Eldeyjar var því heimilt að krefjast þess fjár í sérstöku máli, sbr. 1. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936. Stefndi, sem innt hefur greiðslu þessa af hendi sem vátryggjandi v/b Eldeyjar, öðlaðist þar með rétt til að krefjast fjár þessa, sbr. upphafsákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954. Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda þetta fé með vöxtum, svo sem krafizt er, enda eiga lokaákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 hér ekki við.

Krafa áfrýjanda um ábyrgð Almennra Trygginga h/f á dæmdum fjárhæðum verður ekki til greina tekin, enda eru Almennar Tryggingar h/f ekki aðili að máli þessu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Eimskipafélag Reykjavíkur h/f, greiði stefnda, þrotabúi Vátryggingafélagsins h/f, kr. 360.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 240.000.00 frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 27. janúar 1966 og 6% ársvöxtum af kr. 360.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 31. janúar 1964 bjargaði v/b Eldey, eign Eldeyjar h/f, m/s Kötlu, eign áfrýjanda, sem var í nauðum stödd í Keflavíkurhöfn. Dráttartaug, sem m/s Katla lagði til og notuð var við björgunina, lenti fyrir mistök í skrúfu v/b Eldeyjar að björgun lokinni, svo að v/b Eldey varð að leita

á náðir v/b Vilborgar, sem þarna var stödd, sér til bjargar.

Með stefnu 8. júlí 1964 höfðaði eigandi v/b Eldeyjar mál á hendur eiganda m/s Kötlu til greiðslu bjarglauna, að fjárhæð kr. 10.626.189.00, sjóveðréttar og málskostnaðar. Héraðsdómur dæmdi áfrýjanda máls þessa hinn 17. febrúar 1965 til að greiða eiganda v/b Eldeyjar og áhöfn bjarglaun, að fjárhæð kr. 1.200.000.00, ásamt vöxtum og málskostnaði, kr. 110.000.00, hvort tveggja tryggt sjóveðrétti í m/s Kötlu. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar, sem hækkaði bjarglaunin með dómi, uppkveðnum 21. júní 1965, í kr. 1.500.000.00, og ákvað málskostnað til handa Eldey h/f, kr. 215.000.00 fyrir báðum dómum. Var hvort tveggja tryggt sjóveði í m/s Kötlu.

Með stefnu 26. október 1964 höfðaði eigandi v/b Vilborgar mál á hendur eiganda v/b Eldeyjar til greiðslu bjarglauna. Var eigandi v/b Eldeyjar dæmdur til að greiða eiganda v/b Vilborgar vegna sjálfs sín og áhafnar skips í héraði hinn 12. apríl 1965 kr. 200.000.000 og í Hæstarétti hinn 17. janúar 1966 kr. 240.000.00 ásamt vöxtum og svo málskostnaði fyrir báðum dómum, kr. 60.000.00.

Til viðbótar þeim bjarglaunum, sem áfrýjanda máls þessa var dæmt að greiða eiganda v/b Eldeyjar með dómi Hæstaréttar 21. júní 1965, hefur stefndi máls þessa, vátryggjandi v/b Eldeyjar, greitt vegna bjargatburðarins 31. janúar 1964:

1.	Tjón á öxli v/b Eldeyjar	kr. 126.357.59
2.	Bjarglaun til eiganda og áhafnar v/b Vilborgar	— 240.000.00
3.	Kostnaður af máli eiganda v/b Vilborgar á hendur eiganda v/b Eldeyjar	— 120.000.00
		Samtals kr. 486.357.59

Endurkrefur stefndi nú áfrýjanda um þessa fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði í máli þessu.

Þegar bjarglaunamál eiganda v/b Eldeyjar á hendur eiganda m/s Kötlu, áfrýjanda máls þess, sem nú er verið að dæma, var til meðferðar fyrir dómstólum, var vitað um skemmdir á öxli v/b Eldeyjar vegna bjargstarfans og bjarg-

launakröfu eiganda v/b Vilborgar á hendur eiganda v/b Eldeyjar. Var og bjarglaunamál eiganda v/b Vilborgar á hendur eiganda v/b Eldeyjar dæmt í héraði 12. apríl 1965, þ. e. áður en Hæstiréttur hinn 21. júní 1965 kvað upp dóm í bjarglaunamáli eiganda v/b Eldeyjar á hendur eiganda m/s Kötlu. Ef eigandi v/b Eldeyjar og réttartakar hans hugðust skipta kröfum sínum á hendur eiganda m/s Kötlu vegna björgunar m/s Kötlu í fleiri en eina dómssök, varð og verður að gera þá eindregnu vöndugleikakröfu á hendur þeim í viðskiptum og málflutningi, að þeir gerðu í nefndu bjarglaunamáli áskilnað um það. Réttarfarsákvæði 2. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 stendur alls eigi slíku efnislegu skilsemisskilyrði í vegi. Bar dómstólum því í bjarglaunamáli eiganda v/b Eldeyjar á hendur eiganda m/s Kötlu að hafa hliðsjón af öxulskemmdum v/b Eldeyjar og bjarglaunaskuld eiganda v/b Eldeyjar til eiganda v/b Vilborgar. Er skylda þessa efnis lögð á dómstóla í 200. gr. siglingalaga nr. 66/1963, en þar segir, að taka skuli við ákvörðun bjarglauna meðal annarra atriða tillit til: „e) Áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt; f) Skaða þess, sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar, sem þeir hafa haft ...". Ákvæði þessi eru alveg ótvíræð. Hæstiréttur dæmdi vitaskuld eftir þeim í bjarglaunamáli eiganda v/b Eldeyjar á hendur eiganda m/s Kötlu hinn 21. júní 1965, en í þeim dómi segir: „Þegar virt eru þau atriði, sem hafa ber hliðsjón af samkvæmt 200. gr. laga nr. 66/1963, bykja bjarglaunin, þar með talið aflatjón v/b Eldeyjar, alls hæfilega ákveðin kr. 1.500.000.00". Þá segir í dómi Hæstaréttar 17. janúar 1966 í bjarglaunamáli eiganda v/b Vilborgar á hendur eiganda v/b Eldeyjar: „Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir Hæstarétt, verður við það að miða, að stefnda", þ. e. Eldey h/f, „hafi verið greidd björgunarlaunin fyrir björgun m/s Kötlu".

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hefur bjarglaunamál eiganda v/b Eldeyjar og réttartaka hans á hendur eiganda m/s Kötlu fyrir björgun m/s Kötlu 31. janúar 1964 verið að fullu dæmt með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 21. júní 1965,

svo sem eindregin lög stóðu til. Ber því að fella héraðsdóminn í máli því, sem hér er nú til meðferðar, úr gildi og svo málsmeðferðina og vísa málinu frá dómstólum.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð er úr gildi felld, og er málinu vísað frá dómstólum.

Stefndi, þrotabú Vátryggingafélagsins h/f, greiði áfrýjanda, Eimskipafélagi Reykjavíkur h/f, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 80.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. apríl 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Vátryggingafélagið h/f í Reykjavík og Eldey h/f í Keflavík fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 28. janúar 1966, á hendur Eimskipafélagi Reykjavíkur h/f í Reykjavík og til réttargæzlu Almennum Tryggingum h/f í Reykjavík til greiðslu á kr. 486.357.59 með 7% ársvöxtum af kr. 366.357.59 frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til 27. janúar 1966 og 6% ársvöxtum af kr. 486.357.59 frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krafðist þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi. Gekk úrskurður um þá kröfu sérstaklega hinn 11. desember 1969, en með honum var frávísunarkröfunni hrundið.

Í efnisþætti málsins hefur stefndi krafizt algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnenda að mati dómsins.

Í þinghaldi hinn 23. janúar 1970 voru stefnukröfurnar eingöngu hafðar uppi af hálfu Vátryggingafélagsins h/f, sem greitt hefur Eldey h/f hinar umstefndu kröfur. Stefndi féll í sama þinghaldi frá kröfum sínum á hendur Eldey h/f.

Málsatvik eru þau, að hinn 31. janúar 1964 lá við, að m/s Katla, eign stefnda, strandaði í Keflavíkurhöfn, er skipið var að fara þar frá bryggju. V/b Eldey, eign Eldeyjar h/f, var staddur í höfninni og kom m/s Kötlu til hjálpar. Eftir að hafa komið m/s

Kötlu úr hættu, lenti dráttartaugin í skrúfu v/b Eldeyjar, sem þá varð hjálparþurfi. V/b Vilborg var nærstaddur og kom v/b Eldey til hjálpar og dró hann til hafnar.

Með stefnu, útgefinni 8. júlí 1964, höfðaði eigandi v/b Eldeyjar mál á hendur eiganda m/s Kötlu til björgunarlauna að fjárhæð kr. 10.626.189.00. Gekk dómur í héraði þess máls hinn 17. febrúar 1965 og síðar í Hæstarétti hinn 21. júní 1965. Í dómi Hæstaréttar er staðfest sú úrlausn héraðsdóms, að hjálp sú, er v/b Eldey veitti m/s Kötlu, hafi verið björgun í merkingu siglingalaga nr. 66/1963. Síðan segir í dómi Hæstaréttar, að „í málinu verður að leggja það til grundvallar, að dráttartaugin, sem notuð var og m/s Katla lagði til, hafi losnað frá m/s Kötlu, áður en henni hafði verið sleppt frá v/b Eldey. Lenti taugin í skrúfu vélbátsins, og rak bátinn að landi. Af þessum sökum var nauðsynlegt að fara með bátinn til viðgerðar í Reykjavík. Tafðist hann frá veiðum allan febrúarmánuð. Þykir mega fallast á úrlausn héraðsdóms um aflatjón v/b Eldeyjar, kr. 325.000.00, og um verðmæti þess, sem bjargað var, kr. 29.304.944.00.

Þegar virt eru þau atriði, sem hafa ber hliðsjón af samkvæmt 200. gr. laga nr. 66/1963, þykja bjarglaunin, þar með talið aflatjón v/b Eldeyjar, alls hæfilega ákveðin kr. 1.500.000.00".

Með stefnu, útgefinni 26. október 1964, höfðaði eigandi v/b Vilborgar mál á hendur eiganda v/b Eldeyjar til björgunarlauna vegna hjálpar þeirrar, er báturinn veitti v/b Eldey. Dómur í héraði þess máls gekk hinn 12. apríl 1965 og síðar í Hæstarétti hinn 17. janúar 1966 með þeirri niðurstöðu, að eiganda v/b Vilborgar voru dæmd björgunarlaun fyrir hjálp bátsins við v/b Eldey, kr. 240.000.00.

Krafa stefnanda í þessu máli er sú, að það hafi verið fyrir stórkostlega vangá skipverja á m/s Kötlu með því að sleppa dráttartauginni, skipverjum v/b Eldeyjar að óvörum, að v/b Eldey lenti í hættuástandi og sem leiddi til björgunarlauna til v/b Vilborgar fyrir hjálp hans við v/b Eldey. Hvorki í héraði né fyrir Hæstarétti hafi verið höfð uppi krafa um þátt v/b Vilborgar við v/b Eldey og því ekki tillit til þess tekið í dómi Hæstaréttar um ákvörðun björgunarlauna v/b Eldeyjar fyrir björgun m/s Kötlu. Enn fremur hafi ekki verið gerð krafa í björgunarmáli eiganda v/b Eldeyjar á hendur eiganda m/s Kötlu um viðgerðartjón á öxli v/b Eldeyjar, sem orsakaðist af því, að dráttartaugin lenti í skrúfu skipsins. Hins vegar hafi krafa verið uppi höfð um aflatjón v/b Eldeyjar í málinu, sem leiddi af töf vegna viðgerðar

á öxli skipsins, og hafi Hæstiréttur dæmt um þá kröfu. Gerir stefnandi því kröfu í þessu máli, að stefndi verði dæmdur til að greiða:

Tjón á öxli v/b Eldeyjar	kr. 126.357.59
Björgunarlaun v/b Vilborgar . ..	— 240.000.00
Málskostnað í því björgunarmáli	— 120.000.00
Samtals kr.	486.357.59

sem er krafa hans í málinu.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að með greiðslu hinna dæmdu björgunarlauna í máli Eldeyjar h/f gegn eiganda m/s Kötlu hafi eigandi v/b Eldeyjar fengið fulla og endanlega greiðslu á öllum kröfum sínum í máli þessu. Bendir stefndi á í því sambandi, að þá er eigandi v/b Eldeyjar höfðaði björgunarmál sitt á hendur eiganda m/s Kötlu hinn 8. júlí 1964, hafi hann þegar vitað um öxultjónið, enda sérstök krafa höfð uppi vegna aflatjóns, en það tjón var afleiðing öxultjónsins. Einnig vissi eigandi v/b Eldeyjar á þeim tíma, að eigandi v/b Vilborgar mundi gera björgunarlaunakröfu á hendur Eldey h/f vegna þeirrar hjálpar, sem v/b Vilborg veitti v/b Eldey. Kom hvort tveggja þetta greinilega fram í skjölum Kötlumálsins. Þá bendir stefndi á það, að í 200. gr. siglingalaga nr. 66/1963 séu talin upp þau atriði, sem sérstaklega skuli gætt við ákvörðun björgunarlauna, og vísar hann sérstaklega á d, e og f lið greinarinnar. Öllum þeim atriðum, sem til eru nefnd í 200. gr. siglingalaganna, bar stefnanda að beita í fullu í málssókn sinni gegn eiganda m/s Kötlu. Hafi svo eigi verið gert, sem stefndi mótmælir, þá verður eigandi v/b Eldeyjar að taka afleiðingum þess.

Einnig mótmælir stefndi því eindregið, að skipverjum m/s Kötlu hafi orðið á einhver handvömm við losun dráttartaugarinnar á milli skipanna í margnefnt sinn. Það, að dráttartaugin lenti í skrúfu v/b Eldeyjar, hafi verið fyrir hreina óhappatilviljun, svo sem oftlega kemur fyrir á sjó og þá sérstaklega í sambandi við björgun.

Þá mótmælir stefndi stefnukröfum sem óhóflega háum og krefst lækkunar á þeim. Í því efni krefst hann þess, að beitt verði 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, en sú lagagrein útiloki endurkröfurétt stefnanda Vátryggingafélagsins. Og í annan stað, að ef um handvömm hafi verið að ræða, þá sé hún gagnkvæm af hálfu skipverja beggja skipanna og jöfn.

Í sjóferðarprófi, sem haldið var vegna björgunar v/b Eldeyjar

á m/s Kötlu, skýrði Henrý Kristjánsson, stýrimaður á v/b Eldey, sem hafði með höndum stjórn skipsins við björgunina, svo frá, að eftir að m/s Katla var laus og fór að nota skrúfu, hafi þeir á v/b Eldey dregið skut m/s Kötlu svo til, að stefni skipsins sneri upp í vind, en þá hafi skipið fyrst getað siglt áfram. Þá hafi það skeð, að m/s Kötlu var siglt áfram án þess að stöðva til að gefa þeim á v/b Eldey ráðrúm til að losa dráttartaugina milli skipanna, en enda frá henni var komið yfir frá m/s Kötlu í v/b Eldey. Aðvörunarlaust hafi m/s Katla sleppt dráttartauginni sín megin, án þess að þeir á v/b Eldey gætu slakað á eða losað enda dráttartaugarinnar, með þeim afleiðingum, að dráttartaugin fór í skrúfu v/b Eldeyjar. Við það hafi v/b Eldey orðið ósjálfbjarga.

Svanlaugur B. Þorsteinsson, háseti á m/s Kötlu, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið að störfum aftur á skipinu. V/b Eldey hafi dregið skipið út undir bryggjuna eftir að hafa losað það af grunni og hafi hann þá veitt því athygli, að skipið var farið að keyra sjálft. Er m/s Katla hafi verið komin vel fram fyrir bryggjuna, hafi þeir aftur á skipinu verið beðnir um að draga inn dráttartaugina. Hafi þeir verið byrjaðir að losa hana af pollanum til þess að koma henni á spilkoppinn, en um leið og þeir hafi verið búnir að losa hana af pollanum, hafi eitthvað togað í hana, svo þeir hafi misst hana út úr höndunum og í sjóinn. Taldi hann ástæðuna til þess þá, að dráttartaugin hafi festst einhvern veginn í v/b Eldey og hann togað taugina úr höndum þeirra. Hann kvaðst ekki minnast þess, að stýrimaður hafi verið með þeim aftur á skipinu, og taldi, að fyrirmæli til þeirra þar hafi komið úr brúnni.

Haukur S. Meldal, háseti á m/s Kötlu, skýrði svo frá, að er v/b Eldey var búin að draga m/s Kötlu á flot, hafi þeir aftur á skipinu verið beðnir að hífa dráttartaugina inn, en þegar þeir hafi verið búnir að losa hana af pollanum, hafi hún kippzt úr höndunum á þeim. Hann kvaðst ekki vita, hvort þeir á v/b Eldey hafi verið búnir að sleppa dráttartauginni, þegar þetta gerðist, og heldur ekki kvaðst hann vita, hvort nokkur orð hafi farið á milli skipanna um það.

Af framburði þeirra Henrýs Kristjánssonar og Svanlaugs B. Þorsteinssonar er ljóst, að m/s Kötlu var siglt með eigin vélarafli, eftir að skipið var laust af grunni og aðstaða leyfði, en áður en dráttartauginni var sleppt milli skipanna. Verður eigi séð, að sú sigling m/s Kötlu hafi verið stöðvuð, er ákvörðun var tekin þar á skipi að draga dráttartaugina inn. Mátti skipverjum á m/s

Kötlu vera ljóst, að varhugavert var að losa dráttartaugina af „polla“ án þess fyrst að hafa gert ráðstafanir til þess, að hún áfram væri föst við skipið, meðan þeir ekki höfðu vissu fyrir því, að enda hennar hefði verið sleppt frá v/b Eldey. Er það álit hins sérfróða meðdómanda um siglingar svo og formanns dómsins, sem nokkra reynslu hefur af sjómennsku, að auðvelt hefði verið og eðlilegt, að slíkt yrði gert við hér umræddar aðstæður. Telur dómurinn því, að skipverjar á m/s Kötlu hafi í margnefnt sinn sýnt af sér gáleysi í starfi og orðið með því valdir að því, að v/b Eldey fékk dráttartaugina í skrúfu, sem leiddi til skemmda á skipinu og hjálparþörf þess. Ber eigandi m/s Kötlu fébótaábyrgð á nefndri yfirsjón skipverja, sbr. 8. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Er honum skylt að bæta að fullu ofangreint tjón, er frá mistökunum stafaði, þar sem ekki verður fallizt á, að við skipverja á v/b Eldey hafi verið að sakast.

Eins og áður er að vikið hér að framan, var v/b Vilborgu dæmd björgunarlaun fyrir aðstoð sína við v/b Eldey. Stefnandi, vátryggjandi v/b Eldeyjar, greiddi hin dæmdu björgunarlaun svo og málskostnað í málaferlum, er af því dómsmáli leiddi, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Einnig greiddi stefnandi kostnað af viðgerð á öxli v/b Eldeyjar, sem varð vegna komu dráttartaugarinnar í skrúfu skipsins. Hefur fjárhæðum þessum ekki verið mótmælt sérstaklega. Hins vegar er því haldið fram, að lækka beri eða fella niður skaðabótaábyrgð stefnda samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Á það verður ekki fallizt, þar sem ekki verður talið, eins og ábyrgð stefnda er háttað, að skilyrði séu til að beita nefndum reglum 25. gr. laga nr. 20/1954.

Er þá athugunarefni, hvort nefnt tjón hafi verið bætt í björgunarlaunum, sem eiganda v/b Eldeyjar voru dæmd með dómi Hæstaréttar frá 21. júní 1965. Í málinu liggur fyrir endurrit af dómi Hæstaréttar í því máli svo og í máli eiganda og áhafnar v/b Vilborgar á hendur eiganda v/b Eldeyjar. Enn fremur liggur fyrir ágrip af hinu fyrrnefnda máli Hæstaréttar.

Eins og fyrr greinir, höfðaði eigandi v/b Vilborgar mál á hendur eiganda m/s Kötlu fyrir héraðsdómi í júlímánuði 1964. Lá þá fyrir fjárhæð kostnaðar vegna viðgerðar á öxulskemmdum skipsins. Eigi sést, að sjálfstæð krafa hafi verið uppi höfð í málinu um þá kröfu, en hins vegar sjálfstæð krafa um aflatjón skipsins, sem var afleiðing öxulskemmdanna. Verður eigi annað séð, en að sama hafi verið gert fyrir Hæstarétti, sbr. dómsniðurstöðu Hæstaréttar. Hér í þessu máli hefur verið lögð fram niðurjöfn-

unarskýrsla um öxultjónið, dags. 5. júní 1964, sem krafa stefnanda er að þessu leyti byggð á. Dómsskjal þetta ber það eigi með sér, að það hafi verið lagt fram í öðru dómsmáli.

Mál út af kröfu eiganda v/b Vilborgar til björgunarlauna fyrir hjálp skipsins við v/b Eldey var höfðað fyrir héraðsdómi í október 1964 og dæmt þar hinn 12. apríl 1965. Var það mál undir áfrýjun, þegar dómur gekk í Hæstarétti milli eiganda v/b Eldeyjar og eiganda m/s Kötlu. Á því stigi var því eigi ljóst, hverjar yrðu endanlegar lyktir síðara málsins.

Að þessu framansögðu athuguðu svo og því, að eigi verður séð af gögnum þeim, sem fyrir liggja úr hæstaréttarmálinu milli eigenda v/b Eldeyjar og m/s Kötlu, að tillit hafi verið tekið til tjóns þess, er stefnandi gerir nú kröfu til, við ákvörðun björgunarlaunanna til eiganda v/b Eldeyjar, þykir verða að grundvalla dóm í þessu máli á því, að svo hafi ekki verið gert.

Með vísan til þess, sem hér að framan hefur verið rakið, þykir því bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu. Er í því sambandi eigi talið með vísan til þess, sem áður er rakið, að kröfur þessar séu fallnar niður fyrir þá sök, að þær voru eigi uppi hafðar í björgunarmálinu gegn eiganda m/s Kötlu, þótt þess væri kostur. Hins vegar þykir með hliðsjón af því bera að fella málskostnað niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni Björnssyni skipstjóra og Gauki Jörundssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Eimskipafélag Reykjavíkur h/f, greiði stefnanda, Vátryggingafélaginu h/f, kr. 486.357.59 með 7% ársvöxtum af kr. 366.357.59 frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til 27. janúar 1966 og 6% ársvöxtum af kr. 486.357.59 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 11. f. m., hefur Vátryggingafélagið h/f í Reykjavík og Eldey h/f í Keflavík höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 28.

janúar 1966, á hendur Eimskipafélagi Reykjavíkur h/f í Reykjavík og til réttargæzlu Almennum Tryggingum í Reykjavík til greiðslu á kr. 486.357.59 með 7% ársvöxtum af kr. 366.357.59 frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til 27.janúar 1966 og 6% ársvöxtum af kr. 486.357.59 frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvernig sem málið fer.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfu stefnda sérstaklega og sú krafa tekin til dóms eða úrskurðar.

Stefnendur kröfðust þess þá, að frávísunarkröfu stefnda yrði hrundið.

Málsatvik eru þau, að hinn 31. janúar lá við, að m/s Katla, eign stefnda, strandaði í Keflavíkurhöfn, er skipið var að fara þar frá bryggju. V/b Eldey, eign Eldeyjar h/f, var staddur í höfninni og kom m/s Kötlu til hjálpar. Eftir að hafa komið m/s Kötlu úr hættu lenti dráttartaugin í skrúfu v/b Eldeyjar, sem þá varð hjálparþurfi. V/b Vilborg var nærstaddur og kom v/b Eldey til hjálpar og dró til hafnar.

Með stefnu, útgefinni 8. júlí 1964, höfðaði eigandi v/b Eldeyjar mál á hendur eiganda m/s Kötlu til björgunarlauna að fjárhæð kr. 10.626.189.00. Gekk dómur í héraði þess máls hinn 17. febrúar 1965 og síðar í Hæstarétti hinn 21. júní 1965. Í dómi Hæstaréttar er staðfest sú úrlausn héraðsdóms, að hjálp sú, er v/b Eldey veitti m/s Kötlu, hafi verið björgun í merkingu siglingalaganna nr. 66/1963. Síðan segir í dómi Hæstaréttar, að „í málinu verður að leggja það til grundvallar, að dráttartaugin, sem notuð var og m/s Katla lagði til, hafi losnað frá m/s Kötlu, áður en henni hafði verið sleppt frá v/b Eldey. Lenti taugin í skrúfu vélbátsins, og rak bátinn að landi. Af þessum sökum var nauðsynlegt að fara með bátinn til viðgerðar í Reykjavík. Tafðist hann frá veiðum allan febrúarmánuð. Þykir mega fallast á úrlausn héraðsdóms um aflatjón v/b Eldeyjar, kr. 325.000.00, og um verðmæti þess, sem bjargað var, kr. 29.304.944.00.

Þegar virt eru þau atriði, sem hafa ber hliðsjón af samkvæmt 200. gr. laga nr. 66/1963, þykja bjarglaunin, þar með talið aflatjón v/b Eldeyjar, alls hæfilega ákveðin kr. 1.500.000.00".

Með stefnu, útgefinni 26. október 1964, höfðaði eigandi v/b

Vilborgar mál á hendur eiganda v/b Eldeyjar til björgunarlauna vegna hjálpar þeirrar, sem báturinn veitti v/b Eldey. Dómur í héraði þess máls gekk hinn 12. apríl 1965 og síðar í Hæstarétti hinn 17. janúar 1966 með þeirri niðurstöðu, að eiganda v/b Vilborgar voru dæmd björgunarlaun fyrir hjálp bátsins við v/b Eldey, kr. 240.000.00.

Krafa stefnanda í þessu máli er sú, að það hafi verið fyrir stórkostlega vangá skipverja á m/s Kötlu með því að sleppa dráttartauginni, skipverjum v/b Eldeyjar að óvörum, að v/b Eldey lenti í hættuástandi og sem leiddi til björgunarlauna til v/b Vilborgar fyrir hjálp hans við v/b Eldey. Í dómi Hæstaréttar frá 17. febrúar 1965 hafi ekki verið höfð uppi krafa um þátt v/b Vilborgar við v/b Eldey og því ekki til þess atriðis tekið í úrlausn dómsins um ákvörðun björgunarlauna v/b Eldeyjar fyrir björgun m/s Kötlu. Enn fremur hafi ekki verið gerð krafa í björgunarmáli eiganda v/b Eldeyjar á hendur eiganda m/s Kötlu um viðgerðartjón á öxli v/b Eldeyjar, sem orsakaðist af því, að dráttartaugin lenti í skrúfu skipsins. Hins vegar hafi verið uppi höfð krafa um aflatjón v/b Eldeyjar í málinu, sem leiddi af töf skipsins vegna viðgerðar á öxli, og hafi Hæstiréttur dæmt um þá kröfu. Gerir stefnandi því kröfu í þessu máli, að stefndi verði dæmdur til að greiða:

Tjón á öxli v/b Eldeyjar	kr. 126.357.59
Björgunarlaun v/b Vilborgar . ..	— 240.000.00
Málskostnað í því björgunarmáli	— 120.000.00
	Samtals kr. 486.357.59

sem er krafa hans í málinu.

Stefnandi Vátryggingafélagið h/f hefur greitt eiganda Eldeyjar h/f tjón vegna öxulskemmdanna, kr. 126.357.59, samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna, sem ekki hefur verið mótmælt.

Frávísunarkrafa stefnda í málinu er studd þeim rökum, að með dómi Hæstaréttar um björgunarlaun til handa eiganda v/b Eldeyjar vegna hjálpar við m/s Kötlu hafi tillit verið tekið til öxultjóns v/b Eldeyjar og björgunarlauna v/b Vilborgar vegna v/b Eldeyjar. Sé því þegar búið að dæma um kröfur þessa máls í dómi Hæstaréttar frá 21. júní 1965, þar sem báðar þær kröfur voru komnar fram, áður en Hæstiréttur kvað upp dóm sinn um ákvörðun björgunarlauna til handa eiganda v/b Eldeyjar vegna björgunar m/s Kötlu. Beri því að vísa máli þessu frá dómi.

Í málinu liggur fyrir endurrit af dómum Hæstaréttar í máli eiganda v/b Eldeyjar gegn eiganda og vátryggjanda m/s Kötlu svo og máli eiganda og áhafnar v/b Vilborgar á hendur eiganda v/b Eldeyjar. Enn fremur liggur fyrir ágrip af hinu fyrrnefnda máli Hæstaréttar.

Eins og málið nú liggur fyrir, þykir stefndi eigi hafa fært að því sönnur, að um kröfur málsins hafi verið dæmt í dómi Hæstaréttar í máli eiganda v/b Eldeyjar á hendur eiganda m/s Kötlu frá 21. júní 1965. Þykir því eigi á þessu stigi unnt að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Ákvörðun um málskostnað í þessum hluta málsins verður tekin við væntanlegan efnisdóm.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp úrskurð þennan ásamt Jóni Björnssyni skipstjóra og Gauki Jörundssyni prófessor, en uppkvaðning hans hefur dregizt fram yfir venju vegna anna.

Úrskurðarorð:

Framkomin frávísunarkrafa stefnda í málinu er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 18. október 1971.

Nr. 221/1970. **Ólafur Finnbogason**
(Jón Oddsson hdl.)
gegn
Jöklum h/f
(Valgarð Briem hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1970, en málið var fellt þar niður 2. desember 1970 sökum útivistar hans. Hann skaut málinu öðru

sinni til Hæstaréttar samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1962 með stefnu hinn 14. desember 1970. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2.716.161.63.

1. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2.427.352.65.

2. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1.714.554.00.

3. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1.636.486.00.

Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi 8% ársvaxta af fjárhæðunum frá 11. október 1965 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að honum verði einungis gert að greiða óverulegan hluta tjóns áfrýjanda og málskostnaður verði látinn falla niður.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hefur áfrýjandi skýrt svo frá, að hann geti ekki „gert sér nákvæma grein fyrir orsökum þess, að hann rann til", er hann kom með fæturna niður á milliþilfarið. Er ósannað, að áfrýjanda hafi orðið fótaskortur af orsökum, sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Þar sem skipstjóri m/s Langjökuls hlutaðist ekki til um, að gefin væri sjóferðaskýrsla samkvæmt 39. gr. laga nr. 66/1963 vegna meiðsla þeirra, sem áfrýjandi hlaut, er rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. júlí 1970.

1.0.

1.1. Mál þetta, sem dómtekið var 16. júní s.l., hefur Ólafur Finnbogason stýrimaður, Meðalholti 7, Reykjavík, höfðað fyrir

sjó- og verzlunardóminum með stefnu, birtri 9. október 1968, á hendur Jöklum h/f, Reykjavík.

Krafa stefnanda sundurliðast þannig:

1.	Vinnutekjutap vegna örorku	kr. 2.293.022.24
2.	Kostnaður stefnanda vegna uppihalds og aðhlynningar í veikindum	— 80.000.00
3.	Útlagður kostnaður vegna lækninga, örorkumats, bótaútreiknings og bílkostnaðar	— 31.260.00
4.	Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og röskun á stöðu og högum	— 250.000.00
		Samtals kr. 2.654.282.24

Af þessari kröfu krefst hann 8% ársvaxta frá 11. október 1965 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Frá stefnufjárhæðinni vill hann draga kr. 150.921.00, er stefnandi fékk greiddar hjá Tryggingastofnun ríkisins. Til vara krefst hann fjárhæðar, kr. 2.131.822.00, í vinnutekjutap vegna örorku að viðbættum öðrum liðum óbreyttum.

Önnur varakrafa hans er, að vinnutekjutap vegna örorku verði metið kr. 2.044.241.55 og aðrir liðir óbreyttir.

Þriðja varakrafa hans er, að kr. 1.073.803.00 verði teknar til greina vegna vinnutekjutaps sökum örorku og aðrir liðir verði óbreyttir.

Fjórða varakrafa hans er, að vinnutekjutap vegna örorku verði metið kr. 995.735.00 og að aðrir liðir verði óbreyttir.

Dómkröfur stefnda eru þær, að umbjóðandi hans verði sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Til vara krefst hann þess, að bætur vegna slyssins verði stórlega lækkaðar frá því, sem krafizt er.

1.2. Í þinghaldi þann 22. desember 1969 lýsti lögmaður stefnda Jökla því yfir, að tryggingafélag m/s Langjökuls hafi verið United Kingdom Mutual Steamship Assurance Association Ltd. Hann lýsti því yfir, að hann mætti einnig fyrir tryggingafélagið. Lögmaður stefnanda lýsti því yfir, að stefna málsins ætti einnig að skoðast sem réttargæzlustefna á hendur tryggingafélaginu.

Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda né heldur hafa verið bornar fram kröfur af hans hálfu.

Sáttaumleitun hefur ekki borið árangur.

2.0.

2.1. Málavextir eru þeir, að 11. október 1965 var m/s Langjökull, eign stefnda, statt í höfninni í Montreal í Kanada, og var unnið við losun á farmi skipsins. Stefnandi var I. stýrimaður á skipi þessu og hafði verið ráðinn í upphafi ferðar. Mikill eða mestur hluti áhafnarinnar hafði verið ráðinn í upphafi þessarar ferðar, þar sem eldri áhöfn hafði verið hneppt í gæzluvarðhald vegna umfangsmikils smyglmáls. Kl. 1400 umræddan dag, er verið var að vinna við uppskipun á vörum úr frystilest skipsins, var stefnandi á eftirlitsferð og fór niður lestarleiðara milli 3. og 4. lestar. Þegar hann var kominn niður lestarleiðarann og niður á milliþilfar 3. og 4. lestar, rann hann skyndilega aftur fyrir sig og féll niður í botn 3. undirlestar.

Í útdrætti úr leiðarbók m/s Langjökuls frá 11. október 1965, sem lagður hefur verið fram í málinu, er svo bókað um atburð þennan:

„Unnið við losun með tveimur gengjum í neðri framlest og neðri afturlest. 1400 er 1. stýrimaður, Ólafur F. Finnbogason, að fara í eftirlitsferð niður á milliþilfar í afturlest. Er hann var kominn niður stigann, sem liggur niður á milliþilfarið, skrikaði honum fótur á rafmagnssnúru, sem lá á milliþilfarinu. Við það rann hann aftur fyrir sig með þeim afleiðingum, að hann datt ofan í botn undirlestar. Kom hann niður á höfuðið og hlaut við það stóran skurð á höfuðið og fleiri ókunn meiðsli. Var strax hringt á lækni og sjúkrabíl.

1715 var fyrstu læknisathugun lokið, og kom þá í ljós, að Ólafur var ekki lífshættulega slasaður. Fyrir utan svöðusár, er hann fékk á höfuðið, var Ólafur nefbrotinn, hnéskelin brákuð og marinn um líkamann".

Daginn eftir, þann 12. október 1965, er áfram bókað í leiðarbók um slys þetta:

„1100 kom umboðsmaður skipsins um borð, Mr. Jörgensen, og tilkynnti skipstjóra um líðan sjúklingsins. Honum hafði ekki liðið illa um nóttina, en læknirinn vildi nánari rannsókn á sjúklingnum.

Um eftirmiðdaginn var myndatökum lokið í annað sinn, og staðhæfði læknir spítalans við skipstjóra, sem áður var komið fram, að ekkert væri hægt að sjá á myndunum, sem gæfi tilefni til að álíta, að um höfuðkúpubrot væri að ræða eða brák á hryggjarliðum. Læknirinn gaf von um fullan bata, en sagði, að Ólafur yrði að vera að minnsta kosti 14 daga á spítalanum".

Einnig hefur verið lagt fram í málinu ljósrit af skýrslu um slys, sem rituð er á eyðublað frá Eastern Canada Shipping Ltd. Skýrsla þessi hljóðar svo í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Klukkan 2.05 eftir hádegi 11. október 1965.

Fyrsti stýrimaður F. Finnbogason, 43 ára gamall, frá Íslandi, var að líta eftir við lestar númer 3 og 4 — áhöfnin var að hreinsa lestarnar, þegar hann bersýnilega féll um rafmagnsvír ..... milli lesta 3 og 4 og féll á höfuðið ..... niður í neðri lestina, um tólf feta hátt fall. Talsvert meiddur á höfði. Menn okkar voru að vinna í lest númer 3, neðri lestinni frammí.

Staðfest af Benoch Bedard 1906, 9060 Blvd. St. Michel. Gilbert St. Cluge 55 1749 Plessis. Með sjúkrabifreið til Queen Mary sjúkrahússins. J. R. P.".

Löggilti skjalaþýðandinn hefur tekið fram, að þýðingin sé gerð með fyrirvara, þar sem frumritið sé ólæsilegt á köflum.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefnanda því yfir, að hann hefði aflað sér upplýsinga um, að þar sem þýtt er „... þegar hann bersýnilega féll um ..." væri réttara „... þegar hann, að því er virtist, féll um ...". Lögmaður stefnda taldi síðari þýðinguna réttari. Þá tóku lögmenn vottorð þetta sem staðfest fyrir dómi.

Eftir slysið var stefnandi fluttur á Queen Mary Veterans Hospital, og þaðan er hann útskrifaður 26. október 1965. Endanleg sjúkdómsgreining þá er: „Fleiðrað höfuðleður og blæðing í liðhol í mjöðm og hægra hné". Læknirinn gefur þá eftirfarandi fyrirmæli: „Sjúklingurinn komi aftur á taugaskurðardeildina eftir eina viku og sé í sjúkraþjálfun daglega". Stefnandi fór síðan heim til Íslands og var hér undir læknishendi. Níu mánuðum eftir slysið hefur hann að nýju störf hjá Jöklum, þ. e. í júnílok árið 1966.

Sjópróf fóru aldrei fram vegna slyss þessa. M/s Langjökull hefur nú verið seldur til Norður-Kóreu, svo ekki reyndist unnt að skoða vettvang slyssins.

3.0.

3.1. Þann 15. janúar s.l. kom stefnandi fyrir dóm. Hann skýrði svo frá tildrögum slyssins, að hann hefði verið kominn niður á milliþilfarið með fæturna, en runnið þá um leið. Hann hafi hrasað tvö eða þrjú skref aftur á bak, um leið og hann sleppti stiganum, og síðan fallið til hægri á ská niður í lestina. Hann kvaðst ekki geta gert sér nákvæma grein fyrir orsökum þess, að hann rann

til. Þegar hann hafi litið niður um opið og niður stigann, hafi hann ekki séð neina hindrun. Hann kvaðst oft hafa farið um þennan stiga fyrir slysið og ekki hafa orðið var við neina hindrun þá. Hann sagði, að verkamenn hefðu farið upp og niður stigann. Hann kvað rafmagnssnúrur þær, sem um er getið í leiðarbók, ekki hafa legið í gangveginum í þau skipti, sem hann hafi farið um stigann, og gæti hann ekki sagt um það, hvort svo hafi verið, þegar slysið varð. Hann kvaðst ekki geta sagt um það, hver stjórnaði því, hvernig gengið var frá rafmagnssnúrunum, en þær hafi legið lausar niður um stigaopið og verið tenging vinnuljósa. Hann kvað það vera vakthafandi stýrimann, sem sjá ætti um lagningu þessara rafmagnsleiðslna. Þær væru aðeins notaðar við lestun og losun. Þeir stýrimenn, sem þarna geti verið um að ræða, væru Harry Steinsson og Jón Eyjólfsson, að því er hann minni. Hann kvaðst hafa verið frá vinnu um það bil níu mánuði eftir slysið. Hann sagðist hafa hafið störf að nýju hjá Jöklum h/f í júnílok árið eftir. Hann kvaðst hafa unnið hjá Jöklum h/f, þar til m/s Vatnajökull var seldur í janúar 1969. Hann kvaðst hafa verið skráður II. og III. stýrimaður megnið af þeim tíma. Hann kvað afleiðingar slyssins hafa bagað sig mjög í starfi. Hann taldi, að vegna slyssins hafi hann ekki treyst sér til að fara utan og til félags þess, sem hann vann hjá fyrir slysið. Hann hafi talið sig öruggari, eins og högum hans var komið, hérlendis. Hann kvaðst nú aðstoða konu sína við verzlunarstörf og hafa gert það síðan í marz 1969, en hann hafi farið tvo eða þrjá túra á m/s Vatnajökli, eftir að breytt var um nafn á skipinu, og það skipti um eigendur. Hann kvaðst hafa hætt á skipinu vegna eigendaskipta. Hann sagðist treysta sér til þess að vinna fyrri störf á sama hátt og hann gerði, þegar hann fór af Vatnajökli, en kvaðst ekki vita, hvort skipstjórnarmenn teldu sig hæfan.

Hann sagðist ekki hafa vitað betur en að fullkomin rannsókn hefði farið fram vegna slyssins á sínum tíma og segir, að sér hafi komið það mjög á óvart, er hann uppgötvaði, að svo var ekki. Hann kveðst ekki muna, hvenær hann komst fyrst að því, að sjópróf höfðu ekki farið fram vegna slyssins. Hann sagðist á sínum tíma hafa talað við Gunnar Ólafsson hjá Jöklum h/f og spurt hann, hvort hann fengi ekki bætur vegna slyssins, en verið svarað því, að hann fengi aðeins dagpeninga. Hann kvaðst síðar hafa rætt við Árna Guðjónsson hæstaréttarlögmann og spurt hann ráða og síðar Jón Oddsson héraðsdómslögmann. Hann segir, að það hafi verið, nokkru áður en hann kom til Jóns, að hann

hafði tal af Árna. Hann segir, að málið hafi dregizt hjá sér, vegna þess að hann hafi verið að sjá til með, hvaða heilsu hann næði.

Hinn 5. febrúar s.l. kom fyrir dóm Helgi Guðjónsson, sem var skipstjóri í þessari ferð m/s Langjökuls. Staðfesti hann útdrátt úr leiðarbók og bréf frá honum til Valgarðs Briems hæstaréttarlögmanns, sem hefur verið lagt fram í málinu. Í bréfinu kemur fram, að hann var ekki sjónarvottur að slysinu. Um búnaðinn á slysstaðnum segir skipstjórinn í bréfinu, að fyrr um morguninn hafi verið sett vinnuljós (sól) niður á milliþilfarið og það látið fara niður um „manholið" og síðan fest við lúgukant neðri lestar. Síðan hafi henni verið stungið í samband uppi í þilfarshúsi. Eftir að búið var að ganga frá sólinni á milliþilfarinu, var töluvert eftir af rafmagnssnúru niðri á milliþilfarinu, til þess að hægt væri að færa sólina um lestina.

Hvort milliþilfarið hafi verið frosið, kvaðst hann ekki eiga gott með að muna, en telur það mjög hæpið, en langt sé nú um liðið, síðan þetta varð. Hann kvaðst alltaf hafa staðið í þeirri meiningu, að það hafi verið þessi rafmagnssnúra, sem olli slysinu. Þó að einhver úrkoma sé, þá fari vætan niður í undirlest og frjósi þar, en ekki niður á milliþilfarið, svo framarlega sem lestaropin standi auð, eins og hafi verið í þessu tilfelli, þá myndist engin ísing á milliþilfari.

Hann kvað haga þannig til, að lúgustiginn sé í beinni línu hægra megin við lestarop 3. og 4. lestar, en mitt á milli lestanna og stytzta beina línan frá stiganum í lestaropinu sé um 130 cm, en 260 cm breitt þilfarsbil sé á milli hinna tveggja lestaropanna.

Í réttinum var hann að því spurður, hvort einhver handriðð eða annar öryggisbúnaður hafi verið um lestarop á milliþilfari, og svaraði hann því til, að svo hafi ekki verið og að hans áliti sé yfirleitt ekki slíkur útbúnaður á þessum skipum. Hann taldi, að ráð væri fyrir því gert, að „styttur" væru settar við lestaropin og kaðall strengdur á milli. Hann sagði, að „stytturnar" vildu ganga fljótt úr sér og væru þær þá ekki endurnýjaðar. Hann sagðist minnast þess, að eftir slysið hafi verið strengdur kaðall á milli stoða á milliþilfari til þess að girða þann stað af, sem Ólafur datt á. Hann taldi, að það hefði aðeins verið gert í þetta eina skipti.

Hann kvaðst ekki vita, hvernig þetta hafi verið með Langjökul, en hann hefði tekið þátt í að sækja Hofsjökul nýbyggðan og í því skipi hefðu „stytturnar" aldrei verið notaðar. Hann sagði þetta sennilega stafa af því, að „styttur" þessar væru þungar

og óþjálar í meðförum og gætu hreinlega valdið því, að farmur, sem verið væri að lesta eða losa, skemmdist við að rekast í þær, t. d. þegar verið væri að hífa sekkjavörur, gætu pokarnir rifnað á „styttum" þessum eða heisið snúizt við að rekast í þær og pokar þannig losnað og dottið ofan í lestina. Hann sagði, að stefnandi hefði verið ráðinn í upphafi þessarar ferðar sem I. stýrimaður á skipið. Hann kvaðst ekki vita, hvort Ólafur var í fríi frá öðrum atvinnurekanda. Hann sagði, að ferðin hefði í upphafi átt að vera stutt, en þeir hefðu ekki komið heim fyrr en eftir fjóra og hálfan mánuð.

Hann sagði, að m/s Langjökull hefði farið úr höfn í Montreal daginn eftir slysið. Hann hefði áður heimsótt Ólaf á sjúkrahúsið og skilizt á honum, að hann hefði flækzt um rafmagnssnúruna. Hann hefði snúið baki í lestaropið og þegar hann flæktist um snúruna, hafi hann stigið skref aftur á bak og fallið niður í undirlest. Hann kvaðst hafa skoðað slysstaðinn eftir slysið og hafi umbúnaður verið svo sem hann hafi lýst. Hann kvaðst hafa sent leiðarbókarútdrátt til Jökla h/f og fastlega gert ráð fyrir því, að Jöklar hefðu samband við sitt tryggingafélag og kæmu málinu til réttra aðilja í sambandi við sjópróf. M/s Langjökull hafi ekki komið heim til Íslands fyrr en þrem mánuðum seinna. Sjúklingurinn hafi þá verið kominn heim og eftir því sem honum hafi skilizt, með allt að því fullan bata. Hann kvaðst trúa því, að þetta hefði sljóvgað sig fyrir þeirri staðreynd, að sjópróf væri nauðsynlegt. Hann sagði það vera verkefni I. stýrimanns að hafa yfirumsjón með öllu í sambandi við lestun og losun, þ. á m. að setja upp vinnuljós þau, sem áður er um rætt.

Jón Reynir Eyjólfsson, sem var III. stýrimaður á m/s Langjökli í umræddri ferð, hefur komið fyrir dóm, fyrst þann 5. janúar 1970 og síðar 16. júní s.l. Hann kvaðst ekki hafa verið sjónarvottur að slysinu, en hafa verið á vakt. Rétt fyrir slysið hafi hann verið að ræða við stefnanda í herbergi hans um losunina og hafi Ólafur ætlað að bregða sér frá og fylgjast með losuninni, og kvaðst hann hafa ætlað að bíða eftir honum. Eftir um það bil tvær til þrjár mínútur hafi háseti komið hlaupandi og skýrt honum frá því, að Ólafur hafi fallið niður í lestina. Hann kvað sig minna, að hann hafi bókað í dagbókina, að Ólafur hefði runnið á snúru, sem lá niður í gegnum „manholið" vegna ljósa, sem notuð voru í hornum lestanna. Hann sagði sig minna, að einhver af verkamönnunum segði sér þetta. Hann kvaðst ekki minnast þess, að þeir yfirmennirnir rannsökuðu slysstaðinn sér-

staklega eftir slysið. Hann kvaðst muna, að rafmagnssnúrurnar lágu þarna um milliþilfarið, en ekki hvernig. Hann kvaðst gera ráð fyrir því, að sólirnar hafi verið staðsettar í hornum lestanna. Hann kvaðst gera ráð fyrir því, að rafmagnssnúrurnar hafi verið settar þarna að fyrirsögn einhvers þeirra stýrimanna, þ. e. þess þeirra, sem var á vakt fyrsta kvöldið, sem losun átti sér stað. Han man ekki, hver þeirra það var.

Spurður að því, hvað merki í dagbókarútdrætti „unnið við losun með tveimur gengum í neðri framlest og neðri afturlest" kvaðst hann ekki muna það. Hann kvaðst eingöngu muna, að unnið var í þeirri lest, sem Ólafur datt niður í. Hann kvað engin öryggistæki hafa verið á lestaropinu, sem Ólafur datt niður um, og kveðst álíta, að ekki sé hægt að koma þeim þar fyrir. Hann kvað sig minna, að ekki væri hægt að koma fyrir svokölluðum „seftaraböndum" við lestarop þetta. Hann sagði, að eftir slysið hefði verið reynt að strengja kaðal á milli stoða á milliþilfarinu til að girða af þetta op og einnig fleiri lestar seinna í ferðinni. Hann kvaðst hafa verið í afleysingum í þessari ferð, en hafa verið fastráðinn stýrimaður á varðskipum. Hann kvaðst ekki þekkja til, hvernig öryggisbúnaður sé við lestar í öðrum skipum, en hann hafi verið háseti á m/s Helgafelli og þá hafi þeir notað slík „seftarabönd", þegar lágt var í lestunum. Hann sagðist álíta, að annað hvort hann eða Harry Steinsson, II. stýrimaður, hafi látið koma sólunum fyrir í lestunum, þar sem hann reiknaði með því, að það hafi verið gert að kvöldi til, og þá sé I. stýrimaður ekki á vakt. Hann tók það fram, að enda þótt talað sé um það, að Ólafur hafi runnið á rafmagnssnúru, þá telji hann ekki útilokað, að hann hefði getað runnið á hálku, sem þarna gæti hafa myndazt. Hann kvaðst þó ekki muna eftir því, hvort þarna var hált í þetta skipti. Hann sagði, að vel gæti myndazt þarna hálka, því að þarna sé um frystilestar að ræða, og vera kynni, að þar sem losun var lokið á milliþilfari, hafi blásturinn verið tekinn af því. Hann kvaðst muna eftir því síðar í þessari för, að hann hafi verið að ausa upp í fötu einhvers staðar þarna á milliþilfarinu.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf frá Harry Steinssyni, II. stýrimanni í þessari ferð, til Valgarðs Briems héraðsdómslögmanns. Bréf þetta hefur verið tekið sem staðfest, en Harry hefur ekki komið fyrir dóminn. Harry kveðst ekki hafa verið sjónarvottur að slysinu og að því er hann minni, enginn af skipverjum. Hann kveðst hafa verið staddur í herbergi sínu, þegar slysið

varð, og hafi honum verið tilkynnt slysið. Hann hafi farið á vettvang og aðstoðað við að koma Ólafi upp úr lestinni.

Um afstöðuna á slysstað lýsir hann í byrjun, hvernig rafmagnssnúrunum var fyrir komið, og segir síðan, að í þetta umrædda skipti minnist hann þess, að rafmagnssnúrurnar væru teknar niður í gegnum „manholið", enda hafi afferming gengið frekar seint og vitað hafi verið, að ferming ætti sér stað að lokinni affermingu og væntanleg vinna í undirlest þrír til fjórir dagar. Frágangur á þessum rafmagnssnúrum hafi ekki verið annar en sá, að reynt hafi verið að hafa þær sem minnst í gangveginum. Á milliþilfarinu, sem er ståldekk, hafi verið hafðar trégrindur undir farminum, til að kalda loftið léki betur um farminn. Hann kveðst minnast þess, að þessar trégrindur hafi verið teknar upp og þeim raðað upp úti við síðu skipsins á milliþilfarinu. Hann kveðst minnast þess, að tvær sólir hafi verið við þessa ákveðnu lest í þetta umrædda skipti. Hvort sólirnar voru færðar niður dagana 9. eða 10., kvaðst hann ekki þora að fullyrða, en töluverður umgangur hafi þó verið um þetta ákveðna svæði, frá því að þær voru færðar niður og þar til slysið varð, enda sé „manholið" fyrir báðar aftari lestarnar. Í þetta umrædda skipti hafi trégrindurnar ekki verið á sínum venjulega stað, eins og hann hafi áður tekið fram, og rafmagnssnúrurnar því hættulegri ofan á óvörðu járndekkinu. Ef grindurnar hefðu legið á milliþilfarinu, þá hefðu rafmagnssnúrurnar legið niður á milli rimlanna á trégrindunum, alla vega á stöðum þeim, sem rafmagnssnúrurnar hefðu legið í sömu áttina og rimlarnir á grindunum. Ekki kvaðst hann minnast þess, að ísing hafi verið á milliþilfarinu, en þó geti það hafa verið. Engin bönd hefðu verið strengd í kringum lestaropið á milliþilfarinu í þetta umrædda skipti né heldur áður, þótt það hafi orðið föst regla eftir þetta, a. m. k. fyrst í stað.

3.2. Að tilhlutan dómsins var þann 19. maí s.l. farið um borð í skipið m/s Hofsjökul, sem þá lá hér í Reykjavíkurhöfn, en skip þetta er einnig í eigu stefnda og hefur einnig millidekk eins og m/s Langjökull. Ásamt dómurum og lögmönnum var með í förinni Ingólfur Möller, fyrrverandi skipstjóri, en hann var einmitt með m/s Langjökul um tíma. Var skoðað „manhol" á dekki milli 3. og 4. lestar svo og stigi frá því „manholi" niður á millidekk skipsins og aðstæður þar, sem stiginn kemur niður á dekkið. Skýrði Ingólfur nokkuð frá mismuni staðhátta á m/s Hofsjökli og m/s Langjökli. Hefur Ingólfur skilað vottorði til dómsins frá þessari för, og hefur vottorð þetta verið tekið sem staðfest fyrir

dómi. Segir þar, að á m/s Langjökli hafi verið samsvarandi „manhol". Aðstæður hafi þó verið þar nokkuð á annan hátt. „Manholið" hafi verið heldur nær miðju skipsins og nær lestaropi nr. 3 heldur en lestaropi nr. 4. Ekki kvaðst hann geta sagt um það með vissu, hve langt var frá stiganum, þar sem hann nam við milliþilfarið, að brún lúgu neðri lestar nr. 3. Þegar komið hafi verið niður umræddan stiga á m/s Langjökli, hafi verið snúið baki að miðju skipsins.

„Seftarastoðir" og „seftarabönd" hafi aldrei verið notuð á Langjökli né heldur muni hann eftir því, að slíkur búnaður hafi verið notaður á öðrum skipum, sem hann hafi starfað á.

Þann 16. júní s.l. kom að tilhlutan dómsins fyrir Óli Kristján Jóhannsson, fyrrverandi stýrimaður. Hann kvaðst hafa verið I. stýrimaður á m/s Langjökli og hafi Ólafur Finnbogason tekið við af honum, þegar hann hætti. Minnti hann, að þetta hafi verið í ágúst 1965. Hann kvaðst ekki vita til þess, að þegar hann hætti störfum á m/s Langjökli, hafi verið til „seftarabönd" og „seftarar" til þess að setja kringum op lestanna á milliþilfari. Hann kvaðst minnast þess, að slíkur útbúnaður var til um borð, þegar skipið var sótt, en þá hafi hann verið háseti á skipinu. Hann kvaðst ekki minnast þess, að þessi útbúnaður hafi verið notaður í hans stýrimannstíð.

Hann sagði sig minna, að þegar farið var með skipið í skoðun 6 mánuðum eftir viðtöku þess, hafi verið settar niðurgangslúgur á milli 1. og 2. lestarops og 3. og 4. lestarops. Hann sagði þetta hafa verið gert til þess að fá greiðari aðgang að lestinni. Hann kvað lúgu hafa verið á milliþilfari án nokkurs karms. Um hana hafi verið gengið áfram og niður í undirlestina. Hann sagði lúguna á milliþilfarinu vera beint niður undan stiganum, sem lá frá aðalþilfarinu. Hann kvað lausa hlera hafa verið yfir lestaropum á milliþilfari og hafi þeir venjulega verið hífðir upp á aðalþilfarið við lestun og losun, en þó hafi þeim stundum verið komið fyrir fremst og aftast í lúguopinu, staflað þar hverjum ofan á annan. Hann sagði, að þetta væru einangraðir stállúguhlerar.

Í þessu réttarhaldi kom á ný fyrir dóminn Ólafur Finnbogason, stefnandi máls þessa.

Hann kvaðst hafa leitað að því um borð í m/s Langjökli fyrir slysið og einnig eftir slysið, eftir að hann kom um borð í skipið aftur, hvort til væru „seftarar" og „seftarabönd", en kveðst ekki hafa fundið þau.

Hann kvaðst ekki muna eftir því, að hann hafi rætt um þetta við aðra yfirmenn skipsins. Hann sagðist minnast þess, að þegar hann hafi verið á dönsku vöruflutningaskipi, sem hafði milliþilfar, hafi þessir „seftarar" og „seftarabönd" verið notuð. Hann sagði, að þetta danska skip hefði verið 3ja ára gamalt, þegar hann hafi verið á því, og hann kvaðst hafa verið um ár á skipinu og „seftarar" og „seftarabönd" hafi alltaf verið notuð á því skipi. Hann kvaðst minnast þess, að í Bandaríkjunum, sérstaklega á vesturströndinni, hafi verið gengið mjög ríkt eftir því, að enginn færi niður í lestarnar, nema þessi „seftarabönd" væru sett upp. Hann kvaðst annars hafa verið á norskum olíuskipum fyrir slysið. Hann kvaðst hafa hugað að „sefturum" og „seftaraböndum" í þeim tilgangi að setja þau upp þarna í höfninni í Montreal.

Hann var að því spurður, hvort hann vissi, hvernig vinnutilhögun var í lestunum. Hann sagðist muna, að unnið var í lestaropi 3, en það var lestin, sem stefnandi datt niður í. Þeir hafi verið að „klára" úr þeirri lest.

Hann kvaðst ekki hafa vanizt því á íslenzkum skipum, að „seftarar" og „seftarabönd" væru sett upp við op lesta.

Hann kvaðst minnast þess, að lúgan, sem gengið var um áfram niður af milliþilfarinu og niður í undirlestina, hafi aðeins verið til hliðar og til vinstri við stigann, sem komið var niður um af aðalþilfari.

Hann segir, að sú lúga hafi verið rétt hjá stiganum. Hann kvaðst ekki hafa farið niður um þá lúgu, heldur lestaropið. Hann sagði, að lúga þessi sé á millidekkinu, aftan til við stigann og til vinstri, þegar snúið sé að stiganum.

Upplýst hefur verið undir rekstri málsins, að þeim stað skipsings, sem var vettvangur slyss þessa, hefur verið breytt frá byggingu, svo sem einnig kemur fram í framburði Óla Kristjáns Jóhannssonar. Ekki hefur tekizt að afla teikninga yfir þessar breytingar. Fyrirliggjandi teikningar gefa litla vísbendingu um aðstæður.

4.0.

4.1. Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að útgerð m/s Langjökuls beri sönnunarbyrði á tildrögum slyssins, þar sem sjópróf hafi ekki farið fram og skipið sé ekki lengur tiltækt, svo að vettvangsrannsókn geti farið fram. Er því haldið fram, að upplýsingar þær, sem fyrir liggja í málinu, séu ófull-

komnar og að líkindi væru til, að ef málið upplýstist betur, kæmi í ljós, að á hafi skort um örryggisbúnað á vettvangi. Þá er því haldið fram, að ekki sé upplýst, hver var orsök slyssins, það sé ágizkun í leiðarbók, að stefnanda hafi skrikað fótur á rafmagnssnúru. Ef svo hafi verið, hljóti rafmagnssnúran að hafa legið í gangvegi við stigann niður á millidekkið, og virðist því sem henni hafi verið lagt með ógætilegum hætti. Telja verði, að það séu II. og III. stýrimaður, sem séu valdir að slysinu með því að skilja rafmagnssnúruna svo gáleysislega eftir í gangvegi á millidekki og skapa þannig hættuástand, en telja verði, að útgerðin beri ábyrgð á þeim. Þá hafi samkvæmt vottorði Harrys Steinssonar umbúnaður verið óvandaðri og hættulegri en venjulega, vegna þess að grindur hafi ekki verið yfir þilfarinu, heldur hafi rafmagnssnúrurnar legið á beru járninu.

Því var haldið fram, að II. og III. stýrimaður hafi verið á vakt til skiptis og beri því ábyrgð á lestun og losun, I. stýrimaður hafi aðeins verið á bakvakt.

Þá var því haldið fram, að engar öryggisgrindur hafi verið um lestaropin. Þær öryggisgrindur hafi ekki verið til staðar, en ráð sé fyrir þeim gert á teikningu.

Enn fremur var því haldið fram, að ekki komi til greina, að stefnandi hafi á neinn hátt hagað sér öðruvísi en honum bar við vinnu sína og slysið verði á engan hátt talið hans sök.

Að lokum var því haldið fram, að þar sem þarna hafi verið um frystilest að ræða, en telja verði rekstur hennar almennt hættulegan, þá beri stefndi objektiva bótaskyldu á slysinu.

4.2. Af hálfu stefnda var því mótmælt, að sönnunarbyrðin hvíldi á honum. Það, að sjópróf hafi ekki farið fram, geri það aðeins að verkum, að beita ætti hann sektum, en ekki, að sönnun þess, hverjar væru orsakir slyssins, hvíldi á honum. Því var haldið fram, að engin vitni hefðu orðið að atburðinum og því hefði sjópróf ekki haft þýðingu né hefði við þau upplýtstst annað og meira en upplýst hafi verið undir rekstri málsins.

Stefnandi telji sig í stefnu hafa runnið á hálku og/eða rafmagnsvír. Það sé verkefni I. stýrimanns að hafa umsjón með lestun og losun, þ. á m. að sjá um umbúnað vinnuljósa. Ekki sé heldur sannað, að rafmagnssnúrur hafi legið þannig á millidekkinu, að lega þeirra hafi valdið falli stefnanda.

Ekki sé sannað, að ísing eða aðrar aðstæður á milliþilfarinu hafi valdið því, að stefnanda skrikaði fótur. Jafnvel þótt svo hafi verið, væri ekki hægt að meta slíkt stefnda til áfellis, því

að við slíku megi jafnan búast, þegar uppskipun fari fram, og það hljóti stefnanda að hafa sjálfum verið ljóst.

Jafnvel þótt rafmagnssnúrur hefðu legið þarna á milliþilfarinu, gæti slíkt ekki verið talin vangá af hálfu stefnda, þ. e. starfsmanna hans, enda sé ekki sýnilegt, hvernig lega rafmagnssnúranna gat valdið slíkri byltu, sem stefnandi varð fyrir, ef sæmileg aðgát var viðhöfð.

Hafi hálka verið á millidekki eða rafmagnssnúrurnar legið þar, hafi það einmitt verið verkefni stefnanda sem stýrimanns að sjá um, að af því hlytist ekki slys. Hafi hann sjálfur orðið fyrir því, sé það honum sjálfum um að kenna, en ekki öðrum starfsmönnum stefnda. Þá var því haldið fram, að ekki væri fram komið, að búnaði skipsins hafi í nokkru verið svo áfátt, að slysið mætti rekja til þess.

5.0.

5.1. Rétt þykir að reisa dóm á því, að yfirgnæfandi líkur séu á, að stefnandi hafi fallið um rafmagnssnúru þá, sem um getur í málinu. Er þá til þess litið, að það er fullyrt í leiðarbók og talið líklegast í skýrslu þeirri um slysið, sem frammi liggur frá Eastern Canada Shipping Ltd., svo og eru skipstjóri, II. og III. stýrimaður þeirrar skoðunar.

Það mun alvanaleg aðferð að lýsa upp lestar við lestun og losun á þann hátt, sem þarna var gert. Þar sem sólirnar þarf að flytja til, kemur fyrir, að leiðslurnar liggja óreglulega um milliþilfarið. Flekar, sem eru lagðir á þilfarið, eru settir í þeim tilgangi, að loft geti leikið um vöru þá, sem flutt er. Mun gert svo, þegar um frystivöru er að ræða. Flekarnir eru alltaf teknir upp við lestarhreinsun eftir losun. Skoðun vettvangs strax eftir slysið hefði hugsanlega leitt í ljós, að rafmagnsleiðslurnar lágu í leið stefnanda, hefði því einhvers konar rannsókn slyssins þá strax hugsanlega getað upplýst það frekar að þessu leyti. Þetta þykir hér þó ekki koma að sök, þar sem byggt er á því, að snúran hafi legið í gangveginum.

Grein 45 í lögum nr. 67/1963 segir til um skyldur stýrimanns. Segir þar í lok 1. mgr., að hann skuli sjá um nauðsynlega skrásetningu og affermingu og búlkun farms og vista. Hann skal og líta eftir öðrum skipverjum, eftir skipinu sjálfu, áhöldum þess og útbúnaði að svo miklu leyti sem þetta er ekki í verkahring vélstjóra. Stefnandi var sem I. stýrimaður æðstur stýrimannanna og bar sem slíkur höfuðábyrgð verka þeirra, sem unnið var að,

þá er slysið varð. Bar honum því að hafa yfirumsjón með þessum verkum, þ. á m. uppsetningu vinnuljósa þeirra með tilheyrandi rafmagnssnúrum, sem hér eru taldar orsök slyssins. Það kemur fram í framburði hans, að honum var ljóst, að rafmagnssnúrurnar lágu niður um „manholið", og hafði sjálfur farið eftirlitsferðir þarna um og vissi, að verkamenn notuðu þennan uppgang úr lestinni. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, stóð það stefnanda næst að láta fjárlægja þá hættueiginleika, sem hugsanlega gátu bakað stefnda bótaábyrgð. Af þessu leiðir, að bótaréttur hans verður ekki á því byggður, hvernig rafmagnssnúrunum var lagt. Þá hefur það komið fram við rekstur málsins og stefnandi síðan á því byggt, að lestarop það, er stefnandi féll niður um, var óvarið, enda þótt við byggingu væri ráð fyrir því gert, að setja mætti svokallaða „seftara" og „seftarabönd" um lestaropið. Slíkur útbúnaður hefði hugsanlega dregið úr afleiðingum þess, að stefnanda skrikaði fótur. Hefur stefnandi haldið því fram, að hann hafi leitað að „seftaraböndum" og „sefturum" í þeim tilgangi að setja þau upp um lestaropin, en ekki fundið. Verður að reikna með því, að slíkur búnaður hafi ekki verið aðgengilegur í skipinu. Er þá auk framburðar stefnanda stuðzt við framburð vitnanna Ingólfs Möllers og Óla Kristjáns Jóhannssonar.

Dómurinn hefur aflað sér alþjóðasamþykktar um varnir gegn slysum á verkamönnum við lestun og losun. Samþykkt þessi er nr. 32 af samþykktum „The international Labour Organisation". Íslendingar eru ekki aðiljar að samþykkt þessari. En sjötti kafli, 1. mgr., samþykktarinnar gerir ráð fyrir, að þau lestarop, sem ekki eru í notkun, séu annað hvort lokuð eða afgirt, svo að öruggt megi teljast. Í 31. gr., 9. mgr., reglugerðar nr. 11/1953 segir: „Opum, sem eigi hafa a. m. k. 80 cm háa karma og eigi eru ætluð til umferðar, skal loka með hlerum, þegar þau þurfa ekki að standa opin vegna vinnu á skipinu, nema handrið sé kringum þau eða grindur yfir". Svo sem fram kemur í framburði stefnanda sjálfs og fleiri, stóð yfir vinna í þeirri lest, sem stefnandi féll niður í. Umferð var því um lestaropið. Ákvæði þau, sem hér hafa verið rakin, eiga því ekki hér við, en ákvæði alþjóðasamþykktarinnar skýra, hvers vegna ráð er gert fyrir „sefturum" og „seftaraböndum" við byggingu skipa, en svo sem kunnugt er, eru skip Íslendinga byggð almennt erlendis og koma til með að sigla til landa, sem eru aðiljar að samþykktinni. Á hérlendum skipum munu þessir „seftarar" og „seftarabönd" lítið notuð, og

svo sem fram kemur í framburði vitnisins Helga Guðjónssonar, þykir af þeim bagi við lestun og losun. Sést líka af ákvæðum alþjóðasamsþykktarinnar, að þar er ekki gert ráð fyrir notkun þeirra um lestarop, sem er í notkun. Af þessu leiðir, að telja verður þrátt fyrir staðhæfingu stefnanda, að enda þótt útbúnaður þessi hefði verið til staðar, hafi verið harla litlar líkur til þess, að hann hefði verið notaður um þetta lestarop, enda ekki skylt. Þykir 6. mgr. 31. gr. áðurnefndrar reglugerðar ekki breyta þessu, þegar hún er skoðuð í samhengi við 9. mgr. sömu greinar. Verður því bótaskylda stefnda í þessu tilviki ekki byggð á vöntun á útbúnaði þessum. Er þá einnig það haft í huga, að ef stefnanda var alvara með það að girða af lestaropið, mátti hann reyna aðrar aðferðir, en svo sem fram kemur af framburðum skipsfélaga hans, var slíkt gert síðar í ferðinni. Ekki þykja efni til að fallast á þá málsástæðu stefnanda, að frystilestar séu almennt svo hættulegur vinnustaður, að það eitt út af fyrir sig eigi að orsaka bótaskyldu stefnda.

5.2. Niðurstaða máls þessa verður því sú, að bótaskylda verður ekki lögð á stefnda sökum vanbúnaðar skipsins né af umbúnaði á slysstað, sem stefndi beri ábyrgð á gagnvart stefnanda.

5.3. Stefnanda var rétt, þá er hann varð þess var, að skipstjóri hafði ekki látið fara fram sjópróf, að mælast til þess við stefnda, að sjópróf færu fram, og ef ekki yrði farið að þeirri málaleitan, að hlutast til um sjópróf sjálfur, áður en hann hæfi mál þetta. Því fremur var stefnanda þetta rétt, að honum sakir stýrimannsmenntunar sinnar mátti vera ljós nauðsyn sjóprófa. Þetta þykir þó ekki eiga að varða frávísun málsins, eins og á stendur. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 66/1963 bar skipstjóra m/s Langjökuls að gefa sjóferðarskýrslu vegna slyss þess, sem stefnandi varð fyrir. Þykir af þessum ástæðum rétt að fella málskostnað niður.

Dóm þenna kvað upp Hrafn Bragason, dómari í héraði, ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Óttari Karlssyni skipaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Jöklar h/f, skal sýknaður af kröfu stefnanda, Ólafs Finnbogasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 18. október 1971.

Nr. 143/1971. **Sveinbjörg Ágústsdóttir**
gegn
Jóhannesi Magnússyni og
Jóni Ísberg sýslumanni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 20. september 1971, sem barst Hæstarétti hinn 1. október s.l., hefur sóknaraðili kært úrskurð aukadómþings Húnavatnssýslu, sem kveðinn var upp hinn 8. september 1971. Með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að héraðsdómari, Jón Ísberg, viki sæti í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja Jóhannesi Magnússyni.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og héraðsdómara gert að víkja sæti í greindu máli.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerðir né kröfur.

Sóknaraðili sótti um leyfi til skilnaðar að borði og sæng við mann sinn, varnaraðilja Jóhannes Magnússon. Tók sýslumaður Húnavatnssýslu, Jón Ísberg, hjónaskilnaðarmál þetta fyrir hinn 23. júní 1970. Gerðu hjónin með sér samning, dags. 4. júlí 1970, um fjárskipti og forræði sonar þeirra og meðlagsgreiðslur með honum. Í samningnum var ekki minnzt á lífeyrisgreiðslur til konunnar úr hendi mannsins. Gögn málsins leiða í ljós, að konan er samkvæmt læknisvottorði 50% öryrki. Hinn 25. janúar 1971 ritaði sýslumaður dómsmálaráðuneytinu svofellt bréf:

„Sendi hjálagt endurrit úr hjónaskilnaðarbók Húnavatnssýslu varðandi hjónaskilnaðarmálið nr. 2/1970: Sveinbjörg Ágústsdóttir og Jóhannes Magnússon. Samkomulag er í aðalatriðum með aðiljum um skilnað og forræði barns þeirra, en strandar á, að maður kveðst ekki reiðubúinn að greiða

konunni lífeyri, meðan á skilnaði stendur, vegna þess að búinu hafi verið skipt til helminga milli þeirra, jörð, búpeningi og vélum. Hafi kúnum verið skipt strax, en sauðfé s.l. haust, því sem ekki hafi verið lógað, en það fór inn á sameiginlegan reikning búsins og mismun hans skipt á milli hjónanna. Inneign til skipta af þessum sameiginlega reikningi var um 230 þús. um áramótin og hefir verið greidd inn á reikning hvors um sig. Telur maðurinn sig ekki reiðubúinn að greiða sérstakan lífeyri, þar sem þau hafa jafna teknamöguleika af búinu. Sé þetta annars eðlis en þegar hjón skilja, þar sem maðurinn aflar beinna launatekna, og konan verður að fá tíma til þess að laga sig að breyttum aðstæðum. Þau standi nokkuð jafnt að vígi, þar sem smábörnum sé ekki til að dreifa. Hins vegar samþykkir hann meðalgsgreiðslu með syni þeirra.

Konan eða lögfræðingur hennar hafa ekki viljað fallast á þessa skoðun.

Að gefnu tilefni skal þess getið, að 50% örorka er ekki umtalsverð, og flestir, sem eru ekki alveg heilbrigðir, fá vottorð upp á þessa örorku. Um gildi örorkumatsins segir nokkuð, að menn bjástra við að fá læknisvottorð um vanheilindi allt að 75% og komist þeir það, fá þeir annað, þegar svo stendur á, sem telur þá vinnufæra, svo þeir geta fengið atvinnuleysisbætur".

Dómsmálaráðuneytið endursendi málið til sýslumanns með beiðni um, að maðurinn tjáði sig um lífeyriskröfur konunnar. Er málið var tekið fyrir hinn 22. febrúar 1971, taldi eiginmaðurinn, að konan gæti ekki gert kröfu til lífeyris, þar sem það bryti í bága við greindan samning hjónanna frá 4. júlí 1970. Dómsmálaráðuneytið gaf síðan út leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng hinn 1. júní 1971 án þess að taka afstöðu til kröfu konunnar til lífeyris úr hendi mannsins. Stefna í framangreindu aukadómþingsmáli var gefin út hinn 23. júní 1971. Gerir sóknaraðili þar þær dómkröfur, að greindur samningur hjónanna frá 4. júlí 1970 verði að hluta felldur úr gildi. Telur hún samninginn sér mjög óhagstæðan,

ef í honum felist afsal til lífeyris úr hendi mannsins, sérstaklega þegar þess sé gætt, að hún sé öryrki.

Sóknaraðili reisir kröfu sína í kærumáli þessu á því, að bréf sýslumanns til dómsmálaráðuneytisins frá 25. janúar 1971, sem rakið var hér að framan, beri með sér, að dómarinn fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu. Fallast verður á, að dómari (sýslumaður) hafi í bréfi þessu fjallað um sakarefni aukadómþingsmálsins með þeim hætti, að ekki þyki rétt, að hann fari með dómsmál það, sem hér er um að tefla.

Dómsorð:

Hinn reglulegi héraðsdómari, Jón Ísberg sýslumaður, víkur sæti í framangreindu aukadómþingsmáli.

Úrskurður aukadómþings Húnavatnssýslu 8. september 1971.

Lögmaður stefnanda hefur gert þá kröfu í greinargerð á dómsskjali nr. 2, að dómarinn víki sæti vegna bréfs, er hann reit dómsmálaráðuneytinu 25. janúar 1971, dómsskjal nr. 6, er lögmaður telur, að dómari hafi einhliða sett fram sjónarmið mannsins í þessu skilnaðarmáli, þ. e. stefnda.

Afskipti dómara af skilnaðarmálinu hófust vorið 1970, en konan, stefnandi Sveinbjörg Ágústsdóttir, kom til hans og leitaði ráða um, hvernig hún gæti fengið skilnað. Dómarinn benti henni á, að skilnaður væri auðfenginn, ef samkomulag væri um framfærslu barna (barns) og um fjárskipti, fjárskipti gætu aftur orðið með tvennum hætti, samkomulagi eða sölu eigna á uppboði til skipta á sameign.

Jafnframt benti hann konunni á, að þau hjónin gætu fengið sinn manninn hvort eða fleiri, sem reyndi fjárskipti með þeim, ef þau ættu erfitt með að ræða saman um þau mál, en konan gaf í skyn, að svo væri.

Maðurinn kom svo nokkrum dögum síðar og fékk sömu leiðbeiningar. Hvort sem það var vegna þessara leiðbeininga eða ekki, fengu hjónin sinn manninn hvort til þess að skipta fjármunum þeirra, og tókst samkomulag, þ. e. samningur sá, sem deilt er um í þessu máli.

Einhver afturkippur kom svo í málið, og með bréfi, dags. 20. september 1970, fékk dómarinn stefnu frá lögmanni stefnanda til áritunar. Þegar þingfestingardaginn átti að ákveða, varð það

að samkomulagi með dómaranum og lögmanni stefnanda, að dómarinn kannaði, áður en til stefnubirtingar kæmi, hvort hægt væri að ná samkomulagi, en aðalágreiningsefnið væri ákvæði samningsins um kauparétt mannsins á ám búsins og verð þeirra.

Tókst að ná samkomulagi við manninn um ágreining varðandi ærnar, og var þá fallizt á, að kröfur féllu niður nema krafa konunnar um lífeyri, sem maðurinn harðneitaði.

Beðið var átekta, hvort samkomulag næðist. Er það varð ekki, var málið sent dómsmálaráðuneytinu til afgreiðslu. Krafa konunnar var tilgreind og rök mannsins gegn henni.

Það var að vísu formgalli að láta þetta sjónarmið mannsins koma fram í bréfi í stað þess að staðfesta það í hjónaskilnaðarrétti, sem síðar varð, en varla getur það talizt svo mikilvægt, að dómaranum beri að víkja sæti þess vegna.

Dómurum er skylt samkvæmt einkamálalögum að leiðbeina ólöglærðum aðiljum. Í þessu tilviki var það gert. Báðum aðiljum voru veittar þær upplýsingar, sem þeir hefðu getað fengið hjá lögfræðingum, ef til þeirra hefði náðst án mikillar fyrirhafnar. Í velflestum tilvikum í hjónaskilnaðarmálum, sem hafa komið til kasta þessa embættis undanfarin ár, hafa hjónin, annað eða bæði, komið og fengið upplýsingar um laga- og framkvæmdaratriði hjónaskilnaðar og alltaf fengið sömu upplýsingarnar og þessi umræddu hjón, stefnandi og stefndi, og enginn talað um hlutdrægni sýslumanns.

Meðan sýslumannsembættin eru með svipuðu sniði og þau eru nú, hlýtur þetta að verða á þennan veg; menn leita til sýslumanns vegna þess, að þeir eiga ekki völ á lögfræðilegri aðstoð, nema með því að ferðast langar leiðir. Ef dómurinn fellst á það sjónarmið, að túlkun hans á rökum mannsins til dómsmálaráðuneytisins jafngildi því, að hann hafi í raun gerzt lögmaður hans, verður vandlifað fyrir sýslumenn. Þeir væru í raun og veru sviptir dómararéttindum, því að sýslumenn hafa einhver afskipti af velflestum málum, áður en þau raunverulega koma til þeirra kasta sem dómara. Dómarinn lítur því svo á, að afskipti af þessu máli hafi ekki verið með þeim hætti, að valdið gæti vanhæfi hans til að meta deilumálið hlutlaust.

Dómarinn er alls óskyldur báðum aðiljum, að minnsta kosti er skyldleiki ekki þekktur. Hann þekkir aðilja aðeins í sjón og veit og vissi, að þeir voru til. Hann hefur engra hagsmuna að gæta í þessu máli, svo að þess vegna er ekki um vanhæfi hans að ræða. Allt ber því að sama brunni, að engin skynsamleg rök

mæla með því, að hann víki sæti, og ber honum samkvæmt því ekki að gera það.

Ályktunarorð:

Hinum reglulega dómara, Jóni Ísberg, ber ekki að víkja sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 20. október 1971.

Nr. 65/1970. **Dánarbú Valdimars Þorsteinssonar**
(Agnar Gústafsson hrl.)
gegn
Hólmfríði Snæbjörnsdóttur
(Guðjón Styrkársson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. marz 1970 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 11.100.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1966 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Fallast má á ákvörðun héraðsdóms um lækkun reikningsfjárhæðar vegna galla á verki áfrýjanda.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, dánarbú Valdimars Þorsteinssonar, greiði stefnda, Hólmfríði Snæbjörnsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. desember 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 15. þ. m., hefur Valdimar Þorsteinsson, Miklubraut 54, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. september 1968, á hendur Hólmfríði Snæbjörnsdóttur, Bræðaborgarstíg 26, Reykjavík, til greiðslu eftirstöðva af skuld að fjárhæð kr. 11.100.00 ásamt 1% vanskilavöxtum pr. mánuð frá 1. desember 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu aðalstefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Í stefnu aðalsakar er málavöxtum lýst svo, að aðalstefnandi hafi tekið að sér að smíða fataskáp í útgang á heimili aðalstefnda að Bræðraborgarstíg 26 fyrir kr. 15.000.00. Einnig að lagfæra útihurð, sem kostað hafi kr. 1.200.00, klæða í op á veggi milli eldhúss og útgangs, kostnaður kr. 2.000.00. Þá hafi hann selt aðalstefnda hörplötu á kr. 100.00 og loftrist í bað á kr. 400.00. Þá hafi hann tekið mál af gluggabotni o. fl. og sé þessi liður ásamt ferðakostnaði kr. 400.00. Samtals sé reikningur aðalstefnanda því kr. 19.100.00. Inn á reikning þennan hafi aðalstefndi greitt kr. 8.000.00, en eftirstöðvarnar hafi ekki fengizt greiddar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Umrætt verk hafi verið framkvæmt í september, október og nóvember 1966.

Með stefnu, útgefinni hinn 1. apríl 1968, höfðaði aðalstefndi gagnsókn í málinu til endurgreiðslu á gagnkröfu að upphæð kr. 8.000.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. desember 1966 og til þess, að gagnstefndi fjarlægi á sinn kostnað umræddan skáp í forstofu hússins nr. 26 við Bræðraborgarstíg, Reykjavík, og annað, er hann hafi annazt um smíði á þar, að viðlögðum dagsektum, sem dómarinn ákveði, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Í gagnstefnu er málavöxtum lýst svo, að gagnstefnandi hafi fengið gagnstefnda til þess að smíða skáp í forstofu hússins nr. 26 við Bræðraborgarstíg svo og til að gera ýmislegt smávegis

annað, sem áður hefur verið rakið. Gagnstefnandi hafi verið nýbúinn að kaupa þessa íbúð í smíðum og verið mjög annt um að vanda til allra innréttinga. Meðan á verkinu stóð, hafi gagnstefnandi kvartað yfir göllum á verkinu við gagnstefnda, en hann ekki sinnt þeim umkvörtunum. Hafi gallarnir komið enn betur í ljós, eftir að verkinu var lokið.

Heildarkostnaður við verkið hafi numið, eins og áður sagði, kr. 19.100.00 og hafi gagnstefnandi greitt kr. 8.000.00, en neitað frekari greiðslum vegna gallanna.

Af hálfu gagnstefnda er krafizt sýknunar af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Í greinargerð rekur aðalstefndi meinta galla á verki aðalstefnanda. Loftristin sé hornskökk og svo þvinguð í ísetningu, að hún hafi klofnað út frá skrúfum og sprungið. Þá hafi alls staðar sprungið út frá skrúfunum í veggnum, þar sem hún er fest. Við skáp hafi efnisval og smíði alveg mistekizt. Sé spónn í hurðum ekki rétt skorinn og auk þess kal í honum. Listar milli hurða og við hliðar hurða séu ekki rétt festir og auk þess greinilega bognir. Þá vanti spón á lista, sem er að neðan, þar sem stýring sé. Skáphurðirnar eigi að ganga í braut og falla inn í stýringu, en geri það ekki. Hafi hurðirnar hrokkið upp úr brautunum og fallið inn í skápinn, sem hafi orsakað, að brotnað hafi upp úr spóninum neðan til á hurðunum.

Aðalstefnandi, Guðlaugur Valdimar Þorsteinsson, hefur skýrt svo frá, að hann hafi samið við aðalstefnda, Hólmfríði, um smíði fataskápsins fyrir ákveðna fjárhæð, kr. 15.000.00, en síðar hafi verið samið um hina hluta verksins. Vinnan við útihurðina hafi verið í því fólgin að setja áfellur á hana innanverða, setja trétappa yfir naglaför, hreinsa og bera á hana. Skápurinn hafi verið settur upp í september 1966 og stuttu síðar hafi hann beðið aðalstefnda um greiðslu. Hafi hún þá hreyft mótmælum og í framhaldi af því hafi orðið að samkomulagi að gera nokkrar lagfæringar á skápnum, m. a. hafi hann tekið neðri hurðirnar af skápnum inn á verkstæði til sín og látið þær í pressu.

Af hálfu aðalstefnanda hefur verið mótmælt, að umrætt verk hafi á nokkurn hátt verið gallað.

Aðalstefndi, Hólmfríður, hefur skýrt svo frá, að hún hafi samið um smíðina á skápnum. Hafi hún beðið um, að skápurinn væri í sama lit og hurðir, þannig að hann félli vel inn í annað tréverk. Hafi ekki verið samið um ákveðið verð, aðeins að skápurinn væri vandaður. Hafi hún spurt aðalstefnanda, hvað skápurinn

mundi kosta, en hann sagt, að það væri erfitt að áætla það. Þegar aðalstefndi hafi kvartað undan göllum á skápnum, hafi aðalstefnandi sagt, að skápurinn mundi verða henni ódýr, þar sem hann væri að hætta við verkstæði og hefði hann átt þetta efni. Hafi aðalstefnandi sagzt mundu geta lagfært gallana með því að setja hurðir í pressu og losa með uppistöðum. Hafi aðalstefnandi gert þetta, en með engum árangri, að því er aðalstefndi telur. Þá hafi áfellur þær á útihurðinni, er aðalstefnandi setti, verið með öðrum viðarlit en hurðin sjálf. Aðalstefndi kveðst ekki muna, hvort hún bað aðalstefnanda að hreinsa og bera á útihurðina.

Dómendur hafa farið á heimili aðalstefnda að Bræðraborgarstíg 26, Reykjavík, til þess að skoða umrætt verk. Þegar inn er komið, er fataskápurinn á hægri hönd. Er hann með rennihurðum, 3 stórum að neðan, en minni að ofan. Brotnað er upp úr spón á neðsta hluta neðri hurðanna, sem stafar af því, að þær hafa farið úr brautinni, sem þær eiga að ganga í. Greina má kal í spóni á hurðum, en ekki áberandi. Skáphurðirnar eru ekki meira undnar en gengur og gerist um svo stóra viðarfleti. Loftrist á salerni er hornskökk. Hefur hún sprungið, að öllum líkindum vegna þess, að ein skrúfan hefur verið sett skökk í. Áfellur á innanverðri útihurð eru úr tekki, en útihurð úr mahogny. Mismunurinn á viðarlitnum er þó lítið áberandi. Ekki eru sjáanlegir gallar á því verki aðalstefnanda að klæða í op á milli eldhúss og útgangs.

Að öllu athuguðu, sem fram hefur komið í máli þessu, og sérstaklega með hliðsjón af vettvangsskoðun dómenda verður ekki talið, að slíkir verulegir gallar séu á verki aðalstefnanda, að skilyrði riftunar séu fyrir hendi samkvæmt ákvæðum laga nr. 39/1922. Þykir dóminum rétt við úrlausn aðalsakar að ákvarða endurgjald fyrir verk það, sem aðalstefnandi framkvæmdi fyrir aðalstefnda. Þykir það hæfilega ákveðið með hliðsjón af göllum á verkinu, afleiðingum gallanna á þeim tíma, sem verkið var unnið á, og kostnaði við endurbætur nú kr. 11.000.00. Aðalstefndi hefur þegar greitt kr. 8.000.00 af þessari fjárhæð. Verða úrslit aðalsakar því þau, að aðalstefnda verði gert að greiða aðalstefnanda kr. 3.000.00 og vexti af þeirri fjárhæð, sem ákveðast 7% frá 1. desember 1966 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum aðalsakar verða úrslit gagnsakar þau, að aðalstefnandi verður sýknaður af kröfum aðalstefnda.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Ásgeir Thoroddsen setudómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Hjalta Geir Kristjánssyni arkitekt og Þorsteini Hjálmarssyni húsgagnasmíðameistara.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Hólmfríður Snæbjörnsdóttir, aðalstefnanda, Valdimar Þorsteinssyni, kr. 3.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1966 til greiðsludags.

Í gagnsök skal aðalstefnandi vera sýkn af kröfum aðalstefnda. Málskostnaður í gagnsök og aðalsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. október 1971.

Nr. 38/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ingvari Róbert Valdimarssyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu og nokkur ný gögn lögð fram.

Málsatvik að broti ákærða eru skilmerkilega rakin í hinum áfrýjaða dómi og brot ákærða réttilega heimfært til 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber að staðfesta héraðsdóminn um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi getur, er af hálfu Véladeildar Sambands íslenzkra samvinnufélaga krafizt 30.000.00 kr. skaðabóta af ákærða vegna afnotamissis og kostnaðar við að gera bifreiðina söluhæfa á ný.

Í bréfi bótakrefjanda til lögmanns síns. dags. 24. nóvember 1970, segir m. a.: „Við urðum ekki fyrir neinum beinum

fjárhagslegum töpum af þessu, en viljum ekki, að maður þessi sleppi án þess að greiða einhverjar bætur til okkar vegna skemmda og slits á bifreiðinni og svo vegna þess stórkostlega brots, sem hann framdi.

Það er kannske erfitt að ákveða, hver upphæðin ætti að vera, en okkur, sem höfum um þetta mál fjallað hér í Véladeildinni, finnst ekki ósanngjarnt að fara fram á kr. 30.000.00".

Í bréfi lögmanns bótakrefjanda, dags. 25. nóvember 1970 til yfirsakadómarans í Reykjavík, er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til að greiða „skaðabætur að fjárhæð kr. 30.000.00 eða aðra upphæð að mati yðar ásamt vöxtum frá 27. ágúst 1970".

Þá segir enn fremur í bréfi þessu: „Umbj. minn varð reyndar ekki fyrir beinum fjárútlátum vegna athæfis Róberts, en telja má, að bifreiðin hafi lækkað í verði á tímanum, enda var henni ekið ákaflega mikið, meðan hún var í vörzlu Róberts". Upplýst er þó í málinu, að ekki verði með vissu sagt um, hve mikla vegalengd bifreiðinni var ekið, meðan hún var í vörzlu ákærða, þar eð vegalengdarmælir hennar var bilaður, en ákærði telur sig hafa ekið henni um 500 km.

Hinn 21. desember 1970 seldi Véladeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga bifreiðina, og segir m. a. svo í afsali fyrir henni: „Umsamið kaupverð, kr. 170.000.00, greiðir kaupandi þannig:

Kaupandi greiðir kr. 50.000.00 í pen. Eftirstöðvar greiðast kr. 5.000.00 pr. mán. í fyrsta sinn 2. febrúar 1971".

Þá segir í bréfi bótakrefjanda til sakadómara, dags. 12. maí 1971: „Við söluverðið er það að athuga, að raunverulegt söluverð var kr. 162.000.00, en vextir, sem reiknaðir voru af láninu, kr. 8.000.00, samkv. samkomulagi við kaupanda, var bætt við.

Eins og áður hefur verið greint frá, byggist krafan um kr. 30.000.00 bætur á eftirfarandi:

Viðgerð og hreinsun	kr. 12.000.00
Áætl. akstur 500 km á 3	— 15.000.00
Vextir	— 3.000.00

Viðgerðin var framkvæmd á verkstæði bíladeildarinnar, sem rekið er sem þjónustustöð fyrir deildina, og eru ekki sundurliðaðir reikningar þar fyrir hvert verk, en verkstjóri verkstæðisins, Magnús Jónasson, mun fúslega gefa nánari skilgreiningu á því, hvað gert var við bifreiðina".

Að því athuguðu, er nú hefur verið rakið, þykir skaðabótakrafan í máli þessu vanreifuð og eigi nægilega rökstudd, auk þess að eigi var, eins og hér stóð á, leitað nægilegra sannana fyrir kröfunni og ákærða ekki leiðbeint, svo sem efni stóðu til, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936 og 145. gr. laga nr. 82/1961. Ber því að vísa kröfu þessari frá sakadómi.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar skulu vera óröskuð.

Skaðabótakröfu Véladeildar Sambands íslenzkra samvinnufélaga er vísað frá sakadómi.

Ákærði, Ingvar Róbert Valdimarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. janúar 1971.

Ár 1971, fimmtudaginn 14. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 95/1971: Ákæruvaldið gegn Ingvari Róbert Valdimarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 3. þ. m., gegn Ingvari Róbert Valdimarssyni, refsifanga í hegningarhúsinu (lögheimili að eigin sögn Þórustígur 12, Njarðvík), fæddum 6. október 1942 í Reykjavík, fyrir skjalafals, framið í Reykjavík í ágúst 1970. Í ákæruskjali er svofelld atvikalýsing og kröfugerð:

„Í þeim mánuði hafði Véladeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Ármúla 3, til sölu notaða bifreið, R 24948, af gerðinni PMC Gloria, smíðaár 1966. Sá ákærði bifreiðina, og til þess að komast yfir hana, tók hann það til bragðs að fara hinn 27. ágúst í véladeildina og gefa sig þar fram sem Björn Óskarsson, Dvergasteini í Keflavík, og semja sem slíkur við sölumanninn um kaup á bifreiðinni. Var umsamið kaupverð kr. 165.000.00, og ritaði ákærði undir afsalið sem kaupandi nafnið: Björn Óskarsson. Jafnframt gaf ákærði út til handhafa skuldabréf að upphæð kr. 165.000.00, þar sem lofað var greiðslu fjárhæðarinnar í þremur afborgunum, lokagreiðslu 1. nóvember 1971, og var til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og vaxta skuldarinnar og öllum kostnaði, sem leiða kynni af vanskilum skuldara, veðsett húseignin Dvergasteinn í Keflavík með II. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir áhvílandi I. veðréttarskuld. Undir veðskuldabréfið ritaði ákærði nafnið: Björn Óskarsson. Með notkun falsskjala þessara náði ákærði bifreiðinni, en þegar upp komst um brot hans, í október, fékk seljandi hana aftur.

Þykir ákærði með framangreindu atferli hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að hann verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar".

Málsatvik.

Hinn 27. ágúst 1970 keypti ákærði notaða bifreið af Véladeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga fyrir kr. 165.000.00. Bifreiðina greiddi hann með skuldabréfi að fjárhæð kr. 165.000.00, tryggðu með 2. veðrétti í húseigninni Dvergasteini í Keflavík, og undirritaði ákærði skjalið með nafninu Björn Óskarsson, en það er nafn eiganda umræddrar húseignar. Ákærði kveðst þekkja Björn og hafi sér hugkvæmzt að nota nafn hans við bifreiðarkaupin, en ekkert umboð hafði ákærði frá Birni, og ritaði hann nafn Björns án vitundar hans. Ákærði ritaði einnig nafn Björns til samþykkis á afsal, sem seljandi gaf út við kaupin.

Samkvæmt skuldabréfinu skyldi greiða kr. 100.000.00 af skuldinni hinn 1. marz 1971, kr. 30.000.00 hinn 1. júlí sama ár og kr. 35.000.00 1. nóvember 1971.

Ákærði kveðst hafa ætlað sér að standa við greiðslur samkvæmt samningnum. Hann kveðst einnig hafa ætlað sér að skýra Birni frá nafnrituninni, en ekki hafi hann komið því í verk. Í október komst Björn Jóhann að athæfi ákærða og kærði til lögreglunnar í Keflavík hinn 27. október. Sama dag náði rann-

sóknarlögreglan til ákærða, er gekkst við broti sínu. Bifreiðin var síðan afhent seljandanum. Af hálfu Véladeildar S. Í. S. hefur þess verið krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu fébóta, kr. 30.000.00 ásamt vöxtum frá 27. ágúst 1970, vegna afnotamissis og kostnaðar við að gera bifreiðina söluhæfa á ný. Þessa kröfu hefur ákærði samþykkt.

Niðurstöður.

Ákærði notaði veðskuldabréf með falsaðri nafnritun til þess að blekkja seljanda bifreiðarinnar og undirritaði einnig afsalið með falsaðri nafnritun. Hann hefur þannig brotið gegn 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæru á hendur ákærða fyrir brot gegn 244. og 259. gr. hegningarlaga var frestað skilorðsbundið 2 ár 31. ágúst 1961. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

1962 23/7 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 244., 248. og 250. gr. almennra hegningarlaga.

1963 23/12 18 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 244. og 254. gr. hegningarlaga.

1964 14/12 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 155., sbr. 22. gr. hegningarlaga.

1965 3/12 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

1968 14/11 3 ára og 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 110., 244., 248. og 259. gr. hegningarlaga.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af fortíð hans ákveðin fangelsi 15 mánuði.

Taka þykir mega til greina áðurnefnda fjárkröfu, sem ákærði hefur skýlaust samþykkt. Vaxtahæð verður ákveðin 8% á ári.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Róbert Valdimarsson, sæti fangelsi 15 mánuði.

Ákærði greiði Véladeild S. Í. S. kr. 30.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 27. ágúst 1970 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. október 1971.

Nr. 48/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Árna Kristni Sveinssyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið háð framhaldsrannsókn í máli þessu og nokkur ný gögn lögð fram.

Upplýst er, að atburður sá, er mál þetta er af risið, varð föstudaginn 1. ágúst 1969, en ekki föstudaginn 2. ágúst 1969, eins og misritazt hafði í endurriti af lögreglu- og varðstjóraskýrslum þeim, sem upprunalega voru lagðar fram við rannsókn málsins, og einnig í ákæru og svo í héraðsdómi. Veldur þetta ekki ógildi ákæru, sbr. 118. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála.

Í hinum áfrýjaða dómi er nægjanlega greint frá atvikum að akstri ákærða og handtöku.

Merkingu á blóðsýnishorni því, er úr ákærða var tekið, og meðferð þess eftir það var svo mjög áfátt, eins og í héraðsdómi getur, að á skýrslunni um rannsókn á vínandamagni í blóðsýnishorni, sem lögð var fram í héraði, verður ekki byggt um sök ákærða í máli þessu. Með framburðum þriggja vitna er aftur á móti sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni með áhrifum áfengis föstudagskvöldið 1. ágúst 1969, eins og nánar greinir í héraðsdómi. Er brot ákærða þar heimfært til réttra refsiákvæða.

Ber að staðfesta kvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis ákærða.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakar-

innar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 18.000.00.

Það er aðfinnsluvert, að ákæra í máli þessu er gefin út hinn 15. desember 1969, er eingöngu hafði verið tekin skýrsla af ákærða einum fyrir dómi, en ekkert vitni yfirheyrt.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða á að vera óraskað að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða skal vera óraskað.

Ákærði, Árni Kristinn Sveinsson, greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun hér fyrir dómi, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 1. marz 1971.

Ár 1971, mánudaginn 1. marz, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 701/1969: Ákæruvaldið gegn Árna Kristni Sveinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. nóvember 1970, en var endurupptekið 1. marz 1971 og dómtekið að nýju sama dag, er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dags. 5. desember 1969, höfðað gegn Árna Kristni Sveinssyni rafvirkja, Arnarhrauni 3, Grindavík, fyrir að aka föstudagskvöldið 2. ágúst (sic) 1969 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 3679 frá Sunnubraut 1, Grindavík, sem leið liggur austur Hafnargötu, norður Ránargötu og að gatnamótum Hraunbrautar og Hvassahrauns, þar sem akstri lauk.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr.

umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 28. febrúar 1931 í Ólafsvík, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1951 30/7 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Verjandi ákærða, hæstaréttarlögmaður Þorvaldur Þórarinsson, hefur krafizt þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og allur málskostnaður, þar með talin málsvarnarlaun til hans, verði greiddur úr ríkissjóði.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 2. ágúst (sic) 1969, kl. 2200, var hringt til lögreglunnar í Grindavík og henni tilkynnt, að grunur léki á, að ökumaður bifreiðarinnar G 3679 væri að aka undir áhrifum víns. Guðfinnur J. Bergsson lögregluvarðstjóri fór að athuga um þetta og sá eftir nokkra leit, hvar bifreiðinni G 3679 var ekið austur Hafnargötu og beygt til norðurs Ránargötu. Lögregluvarðstjórinn fylgdi bifreiðinni eftir, þar til hún var stöðvuð við gatnamót Hraunbrautar og Hvassahrauns, og hafði þar tal af ökumanni hennar, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Heyrði varðstjóri á mæli ákærða, að hann var ekki eins og venja hans var til, en hann viðurkenndi að hafa neytt víns. Var hann færður fyrir hjúkrunarkonu staðarins, sem tók honum blóð til alkóhólrannsóknar. Þá tók og Guðfinnur varðstjóri af honum varðstjóraskýrslu, þar sem ástandi ákærða er svo lýst, að lítils háttar áfengisþefur hafi verið af andardrætti hans, augu vot, andlit eðlilegt, jafnvægi stöðugt, fatnaður snyrtilegur, málfar skýrt, framkoma kurteis, en framburður dálítið ruglingslegur.

Hér fyrir dómi hefur ákærði lýst atvikum svo, að föstudagskvöldið 2. ágúst (sic) 1969 hafi hann drukkið um eitt glas af Vodka víni og verið einn við þá drykkju á verkstæði sínu við Sunnubraut 1, Grindavík.

Skömmu fyrir kl. 2200 um kvöldið kvaðst hann hafa setzt undir stýri bifreiðar sinnar, G 3679, sem hann hafði lagt utan við verkstæðið, og ekið henni sem leið liggur um Hafnargötu að Hafnarvigtinni og þaðan austur Hafnargötu, norður Ránargötu og að gatnamótum Hraunbrautar og Hvassahrauns.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa

við aksturinn, og ekki minntist hann þess, að hann hefði haft vín meðferðis í bifreiðinni, svo að ekki hefði hann neytt áfengis, meðan á akstri stóð.

Hann kvað Kristin Ólafsson, Hvassahrauni 10, Grindavík, hafa verið farþega í bifreiðinni og ákærði tekið hann upp í bifreiðina á framangreindri akstursleið.

Vitnið Guðfinnur Bergsson lögregluvarðstjóri hefur staðfest lögregluskýrslu sína sem rétta. Það kvaðst hafa fylgzt með akstri bifreiðarinnar G 3679 austur Hafnargötu og norður Ránargötu, þar til hún hafi verið stöðvuð við gatnamót Hraunbrautar og Hvassahrauns, og virtist því aksturinn eðlilegur. Vitnið kvaðst hafa merkt, að ákærði var greinlega undir áhrifum áfengis. Hann hafi haft öll þau einkenni, sem það hafði áður lýst í varðstjóraskýrslu, en að auki hafi hann verið linmæltari en hann átti vanda til, en vitnið kvaðst vera persónulega kunnugt ákærða.

Vitnið Kristinn Ólafsson, Hvassahrauni 10, Grindavík, kvað ákærða hafa boðið því upp í bíl sinn föstudagskvöldið 2. ágúst (sic) 1969 og þeir þar tekið að ræðast við um viðgerð á kynditæki, sem ákærði hafði unnið að daginn áður hjá vitninu, en vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða lengi. Ákærði hafi svo ekið bifreiðinni niður Víkurbraut og Austurveg og upp Ránargötu og heim, en húsið Múli sé hornhús við Austurgötu og Víkurbraut. Kvaðst vitnið hafa verið í bifreiðinni, er lögregluna bar að. Það kvaðst í fyrstu ekki hafa tekið neitt eftir því, að neitt óeðlilegt væri í fari ákærða, en þegar það hafi tekið að ræða við hann, hafi því virzt hann bera ölvunareinkenni, þannig hafi hann verið örari og skrafhreifari en hann átti vanda til. Það kvaðst ekki hafa séð ákærða ganga í umrætt sinn og því ekki geta dæmt um, hvernig jafnvægi hans hafi verið, en hann hafi verið skýr í tali og greint skilmerkilega efni þau, sem um var verið að ræða í sambandi við miðstöðina. Ekki kvaðst það hafa fundið áfengisþef af ákærða, en mundi ekki, hvort gluggi bifreiðarinnar var opinn í umrætt sinn. Þá kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða hafa vín um hönd í bifreiðinni né vita til þess, að það væri geymt þar. Vitnið kvaðst ekki hafa fundið neitt óeðlilegt við akstur ákærða í umrætt sinn.

Vitnið Ólafía Steinunn Sveinsdóttir hjúkrunarkona, Borgarhrauni 6, Grindavík, tók blóð úr ákærða. Það lýsir ástandi ákærða, er komið var með hann á lækningastofuna, svo, að hann hafi verið greinilega undir áhrifum áfengis, hann hafi verið

óstöðugur í göngulagi, áfengislykt hafi lagt frá vitum hans og hann hafi verið frekar ruglingslegur í tali.

Í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða í umrætt sinn, mældust við alkóhólrannsókn reducerandi efni, sem samsvara 1.45‰ af alkóhóli.

Sönnunargildi niðurstöðu þessarar er vefengd af verjanda ákærða, sem telur hana alveg málinu óviðkomandi, þ. e. ekki verði litið á hana sem sönnunargagn í málinu. Þessu til stuðnings færir hann:

1. Blóðtakan hafi ekki farið fram lögum samkvæmt, þar eð framkvæmt hafi hana aðili, sem hafi verið vanhæfur til þess.
2. Merkingu blóðsýnishornins hafi verið áfátt og meðferð þess eftir blóðtöku verið óljós.

Um 1. Svo sem greint er frá hér að framan, tók hjúkrunarkonan í Grindavík ákærða blóð í umrætt sinn. Leitað var álits Kjartans Ólafssonar, héraðslæknis fyrir Grindavík, um hæfni hjúkrunarkonunnar til verksins. Kemur þar fram sú skoðun hans, að blóðtaka sé læknisaðgerð og annað samrýmist ekki lögum en að hún sé gerð af lækni eða undir umsjá hans. Þá kemur og fram, að Ólafía Sveinsdóttir hjúkrunarkona hefur ekkert leyfi fengið hjá héraðslækninum til blóðtöku í sérstökum tilfellum né að taka ákærða blóð í þessu tilviki. Hjúkrunarkonan starfaði á vegum Grindavíkurhrepps.

Í 25. gr. laga nr. 58/1954, nú lög nr. 82/1969, er kveðið svo á, að blóðrannsókn skuli framkvæma læknir eða annar kunnáttumaður. Þá segir í 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga, að lögreglan geti fært grunaðan mann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar.

Af lagagreinum þessum er ljóst, að læknir skuli hafa á hendi og stjórna blóðrannsókn, þ. á m. blóðtöku, sem teljast verður læknisaðgerð. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 42/1965 er hjúkrunarkonum óheimilt að sinna læknisstörfum nema eftir fyrirmælum læknis. Í greindu tilviki var ekki haft samráð við lækni né leyfis hans aflað til þess, að hjúkrunarkonan framkvæmdi blóðtökuna, og verður því að telja, að blóðtakan hafi ekki farið löglega fram. Hins vegar var hjúkrunarkonan yfirheyrð um, hvernig hún framkvæmdi blóðtökuna, og kemur þar fram, að hún hefur farið að eins og venja er hjá lækni svo og gengið tryggilega frá blóðsýninu.

Um 2. Guðfinnur Bergsson lögregluvarðstjóri aðstoðaði hjúkrunarkonuna við að ganga frá glasinu, sem blóðið var sett í, og hafði blóðsýnið á brott með sér. Merkingu á glasinu kvað hann hafa farið fram morguninn eftir. Hafi hún farið fram eins og venja er til hjá lögreglunni í Grindavík í slíkum tilvikum. þ. e. með því að skrifa á bréfræmu sama númer og bókstafi og merkt var við nafn ákærða í blóðbók og líma svo miðann á glasið, en ekki mundi vitnið, hvort það eða Gunnar Vilbergsson, lögreglumaður nr. 1, hefði merkt glasið, en það hafi verið kannað tryggilega með samlestri, að sömu bókstafir og númer væru færð inn á áðurnefnda bréfræmu og færð voru inn í blóðbókina (við nafn ákærða). Lögregluvarðstjórinn kvaðst svo hafa beðið Gunnar að koma blóðinu til lögreglunnar í Hafnarfirði, sem síðan hafi séð um að koma því til skila. Þá var Guðfinni varðstjóra sýnt í réttinum blóðtökuvottorð, merkt dskj. nr. II, og kvað hann Gunnar Vilbergsson lögreglumann hafa fært inn á vottorð, að blóðið væri merkt í blóðbók Grindavíkur L. G. S. 6.

Gunnar Eyjólfs Vilbergsson, fyrrverandi löggæzlumaður, Staðarhrauni 4, Grindavík, var kvaddur fyrir dóminn, og kvaðst hann hafa verið starfandi sem lögreglumaður í Grindavík um 2. ágúst 1969, en átt frí að kvöldi 2. ágúst og ekki verið viðstaddur, er ákærði var handtekinn né er honum var tekið blóð. Kvaðst hann ekki heldur minnast þess að hafa unnið að merkingu á blóðsýnishorni ákærða daginn eftir handtöku hans, en taldi, að hann mundi muna eftir tilvikinu, hefði hann verið við það riðinn. Hann mundi heldur ekki eftir að hafa farið með greint blóðsýni til Hafnarfjarðar. Er Gunnari var sýnt blóðtökuvottorð, merkt dskj. nr. II, kannaðist hann ekki við að hafa ritað á það, um hvernig blóðsýni væri merkt í blóðbók Grindavíkur.

Gunnar vann eið að þessum framburði sínum.

Í dagbók lögreglunnar í Hafnarfirði 2.—6. ágúst 1969 finnst engin bókun um, að komið hafi verið með til hennar blóðsýni frá Grindavík þessa daga.

Af því, sem rakið er hér að framan, er ljóst, að engan veginn er nægjanlega upplýst, hvernig merkingu á blóðsýnishorninu úr ákærða var varið. Ber mjög mikið á milli í framburði lögreglumannsins og varðstjórans um þetta atriði, en Gunnar lögreglumaður hefur hvorki kannast við að hafa unnið að merkingu á blóðsýnishorninu né að hafa farið með það til lögreglunnar í Hafnarfirði né að hafa ritað á blóðtökuvottorð, hvernig blóð-

sýnishornið var merkt samkvæmt blóðbók lögreglu, en Guðfinnur varðstjóri hafði haldið þessu fram.

Verður því, þegar litið er til þess, að blóðtakan fór ekki fram, eins og mælt er fyrir um í 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og ekki hefur fengizt nægilega upplýst, hvernig háttað var merkingu á blóðsýnishorninu né meðferð þess eftir hana, ekki talið fært í máli þessu að leggja niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar til grundvallar, og ber því að sýkna ákærða af því að hafa brotið 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaganna.

Hins vegar verður að telja nægilega sannað með skýrslu lögreglunnar og vætti vitna, að ákærði ók bifreið sinni, G 3679, undir áhrifum áfengis frá Sunnubraut 1, Grindavík, sem leið liggur austur Hafnargötu, norður Ránargötu og að gatnamótum Hraunbrautar og Hvassahrauns, þar sem akstri lauk.

Hefur ákærði með atferli þessu gerzt brotlegur við 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin 3.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 5 mánuði.

Dæma ber ákærða til greiðslu á ⅓ hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Þorvalds Þórarinssonar, sem ákveðast kr. 7.000.00.

Ríkissjóði ber að greiða ⅔ hluta málsvarnarlauna og annars sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Árni Kristinn Sveinsson, greiði krónur 3.500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa að telja sviptur ökuleyfi í 5 mánuði.

Ákærði greiði ⅓ hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Þorvalds Þórarinssonar, kr. 7.000.00.

Ríkissjóður greiði ⅔ hluta málsvarnarlauna og annars sakarkostnaðar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. október 1971.

Nr. 151/1971. **Sveinn Þórarinsson**
gegn
Þorbirni Ásgeirssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 4. október 1971, sem barst Hæstarétti 12. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Hann fékk vitneskju um frávísunardóminn hinn 22. september 1971. Krefst sóknaraðili þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma um hina frávísuðu kröfuliði að efni til. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 5.000.00 í kærumálskostnað.

Það athugast, að héraðsdómurum var heimil vettvangsganga, ef því var að skipta.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sveinn Þórarinsson, greiði varnaraðilja, Þorbirni Ásgeirssyni, kr. 5.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. september 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 24. júní s.l., hefur Sveinn Þórarinsson, Kolsholti 1, Villingaholtshreppi, Árnessýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 23. september 1969, á hendur Þorbirni Ásgeirssyni, Njörvasundi 17, Reykjavík, til

greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 139.943.00 auk 12% ársvaxta frá 20. september 1969 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, þar með talinn kostnaður við löghald, sem fram fór í eignum stefnda hinn 15. september 1969 til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 101.919.10. Þá krafðist stefnandi og staðfestingar á löghaldsgerð þessari.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi stefnukröfuna í kr. 134.343.00 og krafðist þá 7% ársvaxta frá 20. september 1969 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að fjárhæð kr. 31.864.00. Enn fremur féll stefnandi frá kröfu sinni um staðfestingu framangreindrar löghaldsgerðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Með kaupsamningi, dags. 22. marz 1969, keypti stefnandi máls þessa jörðina Kolsholt I í Villingaholtshreppi, Árnessýslu, af stefnda ásamt húsum, vélum og áhöfn. Stefnandi fluttist á jörðina 14. maí 1969. Sama dag fluttist stefndi af jörðinni. Hinn 16. maí 1969 fór fram afsal milli aðiljanna.

Stefnandi telur stefnda í ýmsu hafa vanefnt samningsskyldur sínar í sambandi við kaup þessi. Hefur stefnandi sundurliðað dómkröfu sína í fjóra liði. Verður nú vikið að hverjum einstökum kröfulið.

Um 1. kröfulið.

Samkvæmt kaupsamningi aðiljanna kveður stefnandi, að fylgja hafi átt jörðinni 35 ær og 1 hrútur. Hins vegar hafi sér einungis verið afhentar 29 ær og 3 gemlingar. Telur stefnandi tjón sitt af þessum sökum nema kr. 3.300.00, sem hann rökstyður þannig: Samkvæmt skattmati sé ær virt á kr. 900.00, en gemlingur á kr. 700.00. Sex sinnum níu hundruð geri fimm þúsund og fjögur hundruð. Frá þeirri tölu dregur stefnandi andvirði þriggja gemlinga, kr. 2.100.00. Eftir standa þá kr. 3.300.00.

Stefnandi hefur borið, að þegar gengið var frá afsali fyrir jörðinni hinn 16. maí 1969, hafi hann krafizt þess, að stefndi kæmi þá þegar austur og gengi frá afhendingu sauðfjárins og annars þess, er stefnda hafi borið að afhenda stefnanda. Hafi stefndi lofað að koma hinn 19. maí, en það dregizt til 20. maí. Stefnandi segir, að frá því að hann kom á jörðina 14. maí og

fram til þess, að afhending á fénu fór fram 20. maí, hafi hann látið allt fé á jörðinni afskiptalaust, enda ekki vitað, hvað af því hann ætti. Hinn 18. maí kvaðst stefnandi hafa gengið um landið ásamt Oddi Jónssyni, fyrrum bónda í Kolsholti I. Hafi þeir þá gengið fram á kind, sem hafi verið föst í vír og verið það áframkomin, að ekki hafi verið um annað að gera en að lóga henni. Kvaðst stefnandi hafa skýrt stefnda frá þessu og sýnt honum hræið af kindinni.

Þegar afhending fór fram hinn 20. maí, segir stefnandi, að hún hafi farið fram með þeim hætti, að stefndi hafi komið á staðinn og smalað saman kindum og rekið á hús. Stefnandi kvað það ekki hafa verið rætt við gerð kaupsamnings, að breyting hefði orðið á tölu sauðfjár frá því, sem greinir í sölutilboði, en samkvæmt sölutilboðinu, dags. 13. og 18. marz 1969, átti sauðféð að vera 35 ær.

Stefndi hefur borið varðandi fjöldann af sauðfénu, að í sölutilboði hafi staðið 35 ær. Staðið hafi til að breyta þessu þannig í kaupsamningnum, að rita skyldi 34 ær og 1 hrút, vegna þess að rangt hafi verið vélritað í sölutilboðinu. Þetta hafi þó skolazt til í kaupsamningnum og orðið 35 ær og 1 hrútur. Stefndi sagðist ekki muna sérstaklega eftir því, að fjöldinn hafi verið ræddur.

Stefndi kvaðst hafa komið austur að Kolsholti I, rétt eftir að afsalið var gert. Sagði hann, að þá hefði vantað tvær ær. Önnur ærin hefði farizt, eftir að samningar hafi verið gerðir, hin ærin muni hafa farizt, áður en samningar hafi verið gerðir, án þess að stefndi yrði þess var.

Stefndi telur þessa kröfu stefnanda ekki hafa við rök að styðjast. Í kaupsamningnum hafi staðið til að sérgreina sauðfé, en þegar það hafi verið búið að sérgreina þann eina hrút, sem var, hafi ærnar eftir sem áður verið jafnmargar, eða 35. Sé um augljósa prentvillu að ræða, sem stefnandi geti auðvitað engan rétt byggt á, þar eð honum hafi mátt vera ljóst, að magnið átti að vera það, sem tilgreint var í hinu samþykkta sölutilboði. Enginn greinarmunur hafi heldur verið gerður á fullorðnu fé og gemlingum. Stefnanda hafi verið vel kunnugt um þetta, þar eð hann hafi komið austur að Kolsholti I, rétt áður en sölutilboðið var samþykkt, og þá skoðað allt féð. Ástæðan fyrir því, að stefndi hafi ekki skilað fullri tölu samkvæmt hinu samþykkta sölutilboði, hafi verið sú, að rétt áður en afhending fór fram, hafi ein ær með lambi drukknað í skurði. Við afhendinguna kveðst stefndi hafa skýrt stefnanda frá þessu og stefnandi ekkert haft við

þetta að athuga, enda hér um hreina óhappatilviljun að ræða. Krafa þessi sé því of seint fram komin.

Um kröfulið 2.

Stefnandi telur, að fylgja hafi átt í kaupunum 26 kýr og 1 kvíga, sbr. kaupsamning aðiljanna, sem áður greinir. Níu af kúm þessum hafi verið án fangs 15. maí 1969, þá er stefnandi tók við jörðinni Kolsholti I. Telur stefnandi, að kýr þessar hafi átt að vera með fangi, og tjón sitt af þessum sökum metur stefnandi á kr. 93.043.00. Gerir stefnandi svofellda grein fyrir tjóninu:

Eftir upplýsingum kynbótastöðvarinnar á Laugardælum hafi umræddar 9 kýr verið sæddar sem hér segir:

Snotra 7. ágúst 1968, Sumargjöf 22. ágúst sama ár, Laufa 7. febrúar 1969, Ósk 7. febrúar sama ár, Ljómalind 5. apríl 1969, Frekja 3. apríl sama ár, Kæja, Hryggja og Kjúra allar sæddar 8. apríl sama ár.

Samkvæmt upplýsingum frá Stéttarsambandi bænda séu nyt meðalkýr yfir árið 2.900 lítrar og eftir upplýsingum frá framleiðsluráði landbúnaðarins sé verð á mjólkurlítra nú kr. 12.46 til bænda.

Nytjatap vegna Snotru:

$$\frac{2.900 \times 277 \times 12.46}{360} = \text{kr. } 27.803.00$$

Nytjatap vegna Sumargjafar:

$$\frac{2.900 \times 263 \times 12.46}{360} = \text{— } 26.397.80$$

Nytjatap vegna Laugu og Óskar:

$$\frac{2.900 \times 2.900 \times 98 \times 12.46}{360} = \text{— } 19.673.00$$

Nytjatap vegna Ljómalindar og Frekju:

$$\frac{2.900 \times 2.900 \times 40 \times 12.46}{360} = \text{— } 8.029.00$$

Nytjatap vegna Kæju, Hryggju og Kjúru:

$$\frac{2.900 \times 2.900 \times 2.900 \times 37 \times 12.46}{360} = \text{— } 11.141.00$$

Samtals kr. 93.043.00

Stefnandi miðar hér við afhendingardag kúnna, enda þótt hann telji ljóst, að hann hafi eigi átt þess kost að bæta úr þessu þá þegar.

Stefnandi hefur borið, að hann hafi álitið, að stefndi hafi

ábyrgzt sér, að þær kýr, sem hefðu verið sæddar, væru með fangi og þær væru seldar þannig. Ítarlegar aðspurður um það, á hverju stefnandi byggði það álit sitt, að stefndi hafi ábyrgzt við kaupin, að kýrnar væru með fangi, þá sagði stefnandi, að hann vissi eiginlega ekki, hvernig hann ætti að svara því, og bætti síðan við, að hann telji, að hið sama eigi að gilda um kýr og um það, þegar ær séu seldar loðnar og lembdar, þegar bústofn sé þannig seldur í einu lagi þá eigi kýrnar að vera í eðlilegu ástandi, en ekki tímalausar.

Stefndi hefur borið, að hann hafi ekki lofað að bera ábyrgð á því, að kýrnar væru með fangi. Hann sagði það öruggt, að þess hefði ekki verið krafizt af hálfu stefnanda, að stefndi tæki á sig ábyrgð á því, að kýrnar væru með fangi. Kvaðst stefndi ekki hafa haft hugmynd um, að stefnandi ætlaði að hafa uppi kröfur út af ástandi kúnna, fyrr en haustið 1969, um það leyti sem stefnandi hafi átt að greiða stefnda víxil vegna kaupanna.

Vitnið Helgi Ólafsson hjá Fasteignasölunni Garðastræti 17 s/f, er hafði milligöngu um sölu þessa, hefur komið fyrir réttinn og borið, að við undirskrift kaupsamnings og afsals fyrir jörðinni Kolsholti I hafi kaupandi rætt um það við seljanda, að sauðfé og kýr ættu að vera í eðlilegu ástandi, svo sem kýr með fangi. Hafi seljandi verið því fyllilega samþykkur.

Vitnið Aðalsteinn Jóhann Eiríksson, tengdafaðir stefnanda, hefur komið fyrir réttinn og borið, að hann hafi verið viðstaddur, þegar kaupin á jörðinni voru rædd og einnig við samningsgerðina. Vitnið sagði, að um það hafi verið rætt, að búfé það, sem selt hafi verið með jörðinni, hafi átt að vera í eðlilegu ástandi miðað við fardaga. Vitnið kvaðst þó ekki þora að fullyrða um það, að orðalagið: „eðlilegt ástand" varðandi búféð hafi verið það, sem notað hafi verið við samningsgerðina, en með þessu orðalagi kvaðst vitnið eiga við heilbrigðar kýr með fangi á eðlilegum tíma. Sagði vitnið, að stefndi hefði fullyrt það, að kýrnar væru með fangi, og tók vitnið fram í því sambandi, að mjög ákveðið hefði verið gengið eftir þessu atriði. Kvað vitnið stefnda hafa fullyrt, að hann væri búinn að gera þær ráðstafanir varðandi kýrnar, að álykta yrði svo, að þær væru með fangi. Alla vega hafi stefndi orðað þetta svo, að vitnið og stefnandi hafi mátt ætla, að þetta væri í lagi.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda samkvæmt þessum lið algerlega. Heldur hann því fram, að ekkert hafi verið um það rætt við kaupin, í hvaða ástandi kýrnar væru í eða mundu vera

við afhendingu. Stefnandi hafi komið austur að Kolsholti I, sennilega í byrjun marz 1969, og þá séð hinar umræddu kýr. Séu þær upplýsingar réttar, sem stefnandi gefi um sæðingu kúnna, hafi fimm þeirra verið sæddar, eftir að kaupin fóru fram, en tvær rúmum mánuði áður. Telur stefndi það fráleitt að láta sér detta í hug, að hann beri fébótaábyrgð á því, að sæðing takist og beri árangur.

Um 3. kröfulið.

Undir þessum kröfulið gerir stefnandi kröfu til skaðabóta vegna viðgerðar á vélum, er ógangfærar hafi verið við afhendingu þeirra. Kveður stefnandi stefnda hafa skuldbundið sig til við samningsgerðina að skila öllum vélum og tækjum í gangfæru standi.

Stefnandi kveður ógangfærar vélar hafa verið þessar:

Múgavél, áætlaður viðgerðarkostnaður	kr. 10.000.00
Fjölfætla, áætlaður viðgerðarkostnaður	— 2.000.00
Sláttuvél, áætlaður viðgerðarkostnaður	— 2.000.00
	Samtals kr. 14.000.00

Stefndi mótmælir því eindregið, að hann hafi lofað að skila öllum vélum og tækjum í gangfæru standi. Í kaupsamningi segi, að eignin sé seld í því ástandi, sem hún sé í og kaupandi hafi kynnt sér, og í afsali segi svo: „Jarðirnar ásamt mannvirkjum og fylgifé eru seldar í því ástandi, sem þær nú eru og kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við".

Auk þess telur stefndi þennan kröfulið algerlega órökstuddan. Hér sé um áætlaðan viðgerðarkostnað að ræða, sem stefndi mótmælir með öllu.

Í málinu hafi hvorki verið lagðir fram reikningar yfir viðgerðarkostnað þann, sem um er stefnt undir þessum lið. Ekki hefur heldur farið fram mat dómkvaddra manna á hinum meintu göllum. Vegna andmæla stefnda gegn áætluðum viðgerðarkostnaði telst kröfuliður þessi ekki nægilega rökstuddur. Er óhjákvæmilegt að vísa honum frá dómi ex officio vegna vanreifunar.

Um 4. kröfulið.

Undir þessum lið krefst stefnandi skaðabóta vegna tæmingar á haughúsi, en hann kveður stefnda hafa lofað að losa haughúsið, svo að það dygði til haustsins.

Stefnandi krefst bóta að fjárhæð kr. 24.000.00 samkvæmt þess-

um kröfulið og rökstyður kröfu sína á þann veg, að framkvæmd verksins hafi tekið 60 klukkustundir með haugsugu, sem kosti kr. 400.00 fyrir hverja klukkustund.

Stefndi mótmælir því eindregið, að hann hafi lofað að losa haughúsið, þannig að dygði til haustsins. Hann kveðst þvert á móti hafa tekið sérstaklega fram, að hann gæti hvorki né bæri sér nein skylda til þess að losa haughúsið. Hann kveðst hafa tekið fram, að hann mundi taka úr haughúsinu eftir því sem sér ynnist tími til, en ekki hafi verið rætt um neitt ákveðið magn í því sambandi. Kveðst stefndi hafa losað nokkurt magn úr húsinu.

Vitnið Aðalsteinn Jóhann Eiríksson, tengdafaðir stefnanda, hefur borið, að stefndi hafi lofað að tæma eða láta tæma húsið svo mikið, að rýmið entist fram á haustið.

Vitnið Helgi Ólafsson, sölustjóri hjá Fasteignasölunni Garðastræti 17 s/f, hefur borið, að stefndi hafi verið samþykkur því að tæma haughúsið, að minnsta kosti svo, að dygði fram á haustið.

Stefnandi hefur enga reikninga lagt fram í málinu yfir kostnað þann, er hann krefur um undir þessum lið. Ekki hefur stefnandi heldur látið fara fram mat dómkvaddra manna á því, hversu mikið rými væri nauðsynlegt að losa í haughúsinu, „svo dygði fram á haustið", né heldur hver kostnaður af þeirri losun mundi nema. Þá er og á það að líta, að efnisdómur um þennan lið útheimtir vettvangsskoðun dómenda í lögsagnarumdæmi Árnessýslu.

Að svo vöxnu máli þykir þessi kröfuliður svo vanreifaður, að eigi verður lokið á hann efnisdómi fyrir þessum rétti, og ber því að vísa honum frá dóminum ex officio.

Rétt þykir, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Katli A. Hannessyni, ráðunaut í búnaðarhagfræði, og Sigurði Sigurðssyni dýralækni.

Sá dráttur, sem orðið hefur á uppsögu dóms þessa, stafar af margháttuðum ferðalögum meðdómenda, bæði utanlands og innan, frá því að mál þetta var dómtekið.

Dómsorð:

3. og 4. lið í kröfugerð stefnandans, Sveins Þórarinssonar, er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. október 1971.

Nr. 231/1969. **Ísbjörninn h/f**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Kristni Sölvasyni
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Magnús Þ. Torfason og Halldór Þorbjörnsson sakadómari.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. nóvember 1969, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. desember 1969. Krefst hann þess, að honum verði dæmd sýkna og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi var II. stýrimaður á m/s Ásbergi, RE 22, á tímabilinu 12. febrúar til 21. maí 1968. M/s Ásberg er talinn 316 rúmlestir. Samkvæmt b lið 45. gr. laga nr. 66/1946 um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, sbr. nú b lið 21. gr. laga nr. 52/1968, skulu vera a. m. k. tveir stýrimenn á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærra. Á þeim tíma, er hér skiptir máli, voru á m/s Ásbergi stundaðar fiskveiðar með netjum, og var skipið samkvæmt gögnum, er fyrir Hæstarétt hafa verið lögð, landróðraskip.

Í vertíðar- og kjarasamningunum frá 29. desember 1963 og 26. febrúar 1965 voru eigi ákvæði um laun II. stýrimanns á landróðraskipum, sem stunduðu þorskveiðar með netjum. Urðu af þessum sökum bréfaskipti milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna, þar sem áfrýjandi er félagi, og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, félags stefnda. Í

bréfi Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar 22. maí 1967 segir: „Stjórnarfundur, haldinn föstudaginn 19. 5. 1967, felst á, að kaup viðkomandi verði 2.89% af brúttó aflaverðmæti, þó aldrei minna en 1⅛ hásetahlutur". Greiddi áfrýjandi stefnda laun fyrir störf hans á m/s Ásbergi samkvæmt þessu. Ætla verður, að stjórn Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar hafi haldið uppi hagsmunum stefnda, eftir því sem efni stóðu til, og eigi borið fyrir borð hlut hans. Eru því eigi efni til að dæma honum hærra kaup en stjórnin taldi hæfilegt. Samkvæmt þessu ber að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ísbjörninn h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Kristins Sölvasonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. júní 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Kristinn Sölvason, stýrimaður hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 30. júlí s.l., á hendur Ísbirninum h/f hér í borg til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 8.903.09 með 8% ársvöxtum frá 21. maí 1968 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Þá hefur stefnandi og krafizt sjóveðs í m/s Ásbergi, RE 22, til tryggingar dómkröfunum.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var ráðinn II. stýrimaður á skip stefnda, m/s Ásberg, RE 22, á tímabilinu 12. febrúar til 21. maí 1968. Stundaði skipið þá veiðar í net í útilegu. Er ágreiningslaust, að m/s Ásberg sé 316 rúmlestir. Við uppgjör, er stefnanda var afhent, var hásetahlutur greint tímabil kr. 66.568.81, og var stefnanda sem II. stýrimanni reiknaður 1⅛ hásetahlutur af þeirri fjárhæð svo og kaup og orlof. Er útreikningur þessi svohljóðandi:

1⅛ hásetahlutur	kr. 74.889.91
Kaup 12. febrúar—21. maí, 100 dagar, á kr. 20.80	— 2.080.00
7% orlof	— 5.388.00
	Kr. 82.357.91

Stefnandi telur, að þetta uppgjör sé rangt, þar sem sér beri 1¼ hásetahlutur. Er útreikningur hans í samræmi við það þannig:

1¼ hásetahlutur	kr. 83.211.00
Kaup	— 2.080.00
Orlof	— 5.970.00
	Kr. 91.261.00

Í vertíðarsamningi, sem gerður var hinn 29. desember 1963 milli ýmissa stéttarfélaga yfirmanna á fiskiskipum, þar á meðal Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, sem ágreiningslaust er, að stefnandi sé félagi í, og Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem ágreiningslaust er, að stefndi sé aðili að, er svofellt ákvæði í d lið 1. gr. um skiptakjör skipstjóra og stýrimanna á útilegubátum að veiðum í þorskanet: Útilegubátar á netjum:

„Skipstj.	4.9%
I. stýrim.	2.69%
II. stýrim.	3.07%“

Þá er í 2. mgr. 4. gr. samningsins svofellt ákvæði: „Þó skal hlutur skipstjóra skv. 1.—4. gr. aldrei vera minni en tveir hásetahlutir, hlutur I. stýrimanns ekki minni en 1½ hásetahlutur og hlutur II. stýrimanns ekki minni en 1¼ hásetahlutur“. Í b lið 2. gr. síldveiðisamnings sömu aðilja, sem gerður var á sama tíma, er ákvæði um skiptakjör II. stýrimanns á skipum allt að 300 rúmlestum, en ekki virðist þar hafa verið gert ráð fyrir stærri skipum. Í niðurlagi ákvæðis þessa segir svo: „Þó skal II. stýrimaður aldrei hafa minna en 1¼ hásetahlut“.

Hinn 26. febrúar 1965 gerðu aðiljar þessir með sér samning um viðbætur og breytingar á síldveiði- og vertíðarsamningnum frá 29. desember 1963. Var m. a. bætt nýrri grein inn í vertíðarsamninginn um skiptakjör, þegar veitt er í hringnót. Er greinin svohljóðandi:

„Á skipum, sem stunda þorsk, ýsu eða ufsaveiðar með hringnót, skal skipstjóri hafa 7.78% af brúttóafla skipsins, þó aldrei minna en tvo hásetahluti.

Kjör stýrimanna skulu vera sem hér segir:
Á skipum undir 60 rúml. 38.0%, 10 menn, I. stýrim. 5.70%
Á skipum að 60 rúml. 38.0%, 10 menn, II. stýrim. 4.75%
Á skipum 60 að 120 rúml. 36.5%, 11 menn, I. stýrim. 4.98%
Á skipum 60 að 120 rúml. 36.5%, 11 menn, II. stýrim. 4.15%
Á skipum 120 að 240 rúml. 35.5%, 12 menn, I. stýrim. 4.44%
Á skipum 120 að 240 rúml. 35.5%, 12 menn, II. stýrim. 3.70%
Á skipum 240 að 300 rúml. 35.5%, 13 menn, I. stýrim. 4.10%
Á skipum 240 að 300 rúml. 35.5%, 13 menn, II. stýrim. 3.41%
Á skipum 300 að 500 rúml. 35.0%, 14 menn, I. stýrim. 3.75%
Á skipum 300 að 500 rúml. 35.0%, 14 menn, II. stýrim. 2.81%

Þó skal hlutur I. stýrimanns aldrei vera minni en 1½ hásetahlutur, II. stýrimanns 1¼ hásetahlutur, nema á skipum yfir 300 rúml. 1⅛ hásetahlutur. Auk ofanritaðs skal greiða skipstjórum og stýrimönnum kr. 446.00 á mánuði í fast kaup.

Sé afli saltaður um borð, skal hundraðshluti framangreindra aðila lækka í sama hlutfalli og hundraðshluti hvers háseta lækkar, þegar fjölgað er um menn".

Þá var í viðbótarsamningi þessum tekið inn viðbótarákvæði við 2. gr. síldveiðisamningsins um kjör II. stýrimanns á skipum 300 að 500 rúmlestum. Er það svohljóðandi: „Á skipum 300 að 500 rúml. 2.89 af hundraði brúttó söluverðs afla og auk þess kr. 446.00 í fast kaup á mánuði".

Hinn 12. maí 1967 ritaði Landssamband íslenzkra útvegsmanna Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Öldunni svohljóðandi bréf:

„Nýlega hafa komið til landsins bátar, sem eru yfir 300 rúmlestir að stærð, og eiga þeir lögum samkvæmt að hafa tvo stýrimenn.

Í samningum vorum frá 29. desember 1963 og viðbót við þann samning frá 26. febrúar 1965 er ekki ákvæði um laun 2. stýrimanns á þorskveiðum með netum.

Með tilliti til þess, að 2 bátar, sem eru yfir 300 rúmlestir að stærð, voru gerðir út frá Reykjavík til þorskveiða með netum á þessari vetrarvertíð, viljum vér leggja til, að laun 2. stýrimanns verði ákveðin 1⅛ hásetahlutur, eða hundraðshluti af afla, sem jafngildi 1⅛ hásetahlut. Væru það sömu laun og 2. stýrimaður hefur á þessari stærð báta á síldveiðum.

Svar við þessu erindi voru óskast hið allra fyrsta".

Í svarbréfi Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, sem dagsett er hinn 22. maí 1967, segir svo:

„Höfum móttekið bréf yðar, dags. 12. 5. 1967.

Stjórnarfundur haldinn föstudaginn 19. 5. 1967 fellst á, að kaup viðkomandi verði 2.89% af brúttó aflaverðmæti, þó aldrei minna en 1⅛ hásetahlutur".

Það mun nú hafa verið á árinu 1967, sem ágreiningur reis milli Skipstjórafélags Norðlendinga og Landssambands íslenzkra útvegsmanna um skilning á ákvæðum síldveiðisamningsins frá 29. desember 1963 og ákvæðum viðbótarsamnings þess frá 26. febrúar 1965, sem áður er greint, að því er varðaði kjör II. stýrimanns við síldveiðar á skipum 300 að 500 rúmlestum að stærð. Dómur gekk í Félagsdómi hinn 19. desember 1967, og varð niðurstaða hans sú, að ákvæði b liðar 2. gr. síldveiðisamningsins frá 29. desember 1963 skyldi gilda við ráðningarsamninga II. stýrimanns við síldveiðar á skipum af þessari stærð.

Kröfur stefnanda í máli því, sem hér er fyrir dómi, eru byggðar á því, að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 4. gr. vertíðarsamningsins frá 29. desember 1963 beri stefnanda sem II. stýrimanni ekki minna en 1¼ hásetahlutur fyrir störf hans hjá stefnda á greindu tímabili. Til stuðnings kröfu stefnanda er bent á niðurstöðu Félagsdóms í fyrrgreindu máli. Þá hefur því verið haldið fram af hálfu stefnanda við munnlegan flutning málsins, að ekki hafi verið hægt að breyta vertíðarsamningnum nema með nýjum kjarasamningi, en það hafi ekki verið gert, enda skapi bréfaskipti þau, sem fram fóru milli Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar og Landssambands íslenzkra útvegsmanna ekki nýjan kjarasamning fyrir félagsmenn þessara félaga.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að með bréfaskiptum Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar og Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem voru rakin hér að ofan, hafi komizt á bindandi samningur um kjör II. stýrimanns á útilegubátum að veiðum með þorskanetjum milli stéttarfélaga aðilja máls þessa. Gert hafi verið upp við stefnanda í samræmi við það og eigi stefnandi því ekki frekari kröfur á hendur stefnda.

Samkvæmt ákvæði d liðar 1. gr. vertíðarsamningsins frá 29. desember 1963, sem var í gildi ráðningartíma stefnanda hjá stefnda, var hlutur II. stýrimanns á útilegubátum á netjum ákveðinn 3.07% af „brúttó" aflaverðmæti. Ekki er í ákvæði þessu gerður neinn munur á því, af hvaða stærð bátar þeir séu, sem veiðarnar stunda. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 4. gr. samningsins

skyldi hlutur II. stýrimanns þó aldrei vera minni en 1¼ hásetahlutur. Þótt síðar hafi komið til landsins stærri bátar en notaðir voru við veiðar þessar, er greindur samningur var gerður, hefur þó við samningsgerðina verið við það miðað, að á bátum, er veiðarnar stunduðu, kynnu að vera I. og II. stýrimaður.

Samkvæmt þessu ber að beita þessum ákvæðum vertíðarsamningsins frá 29. desember 1963 við ákvörðun ráðningarkjara stefnanda hjá stefnda greint tímabil, enda verður að telja, að bréfaskipti Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar og samþykkt stjórnar hins síðargreinda hafi ekki breytt þessum ákvæðum vertíðarsamningsins. Samkvæmt þessu ber að byggja uppgjör stefnda við stefnanda á því, að honum, þ. e. stefnanda, beri fyrir störf sín greindan ráðningartíma 1¼ hásetahlutur, og þar sem kröfur stefnanda eru á því byggðar og hafa ekki reikningslega sætt mótmælum, þá verða þær teknar til greina.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 8.903.09 með 8% ársvöxtum frá 21. maí 1968 til greiðsludags og málskostnað, sem ákveðst kr. 4.500.00. Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt í m/s Ásbergi, RE 22, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda, og Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Ísbjörninn h/f, greiði stefnanda, Kristni Sölvasyni, kr. 8.903.09 með 8% ársvöxtum frá 21. maí 1968 til greiðsludags og kr. 4.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Ásbergi, RE 22, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Mánudaginn 1. nóvember 1971.

Nr. 124/1971. **Hjálmar Þorsteinsson & Co. h/f**
gegn
Magnúsi Guðjónssyni og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hjálmar Þorsteinsson & Co. h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. nóvember 1971.

Nr. 154/1971. **Gunnar Petersen**
gegn
Guðmundi J. Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar Petersen, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. nóvember 1971.

Nr. 3/1971. **Hreggviður Jónsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs og gagnsök.
(Kristinn Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lóðarleiga. Skipulag. Vanefnadabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1971 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að gagnáfrýjanda verði dæmt skylt að kaupa bifreiðaverkstæði aðaláfrýjanda á horni Vesturvegar og Græðisbrautar í Vestmannaeyjum með tilheyrandi leigulóðarréttindum og viðbótarleigulóðarréttindum, 314.5 m², fyrir eignarnámsmatsverð, kr. 1.125.260.00. Þá verði gagnáfrýjanda dæmt að greiða aðaláfrýjanda skaðabætur, kr. 730.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 14. febrúar 1964 til greiðsludags, kr. 18.500.00 í matskostnað og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varakrafa: Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 801.760.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 14. febrúar 1964 til greiðsludags, kr. 18.500.00 í matskostnað og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 20. janúar 1971 og krafizt þess, að honum verði dæmd alger sýkna og málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með leigulóðarsamningi 13. október 1953 var aðaláfrýjanda úthlutuð leigulóð á horni Græðisbrautar og Vesturvegar, 420 m² að flatarmáli. Reisti hann þar og rak bifreiðaverkstæði um allmörg ár. Þar kom, að hann taldi verkstæðið of lítið og sótti til gagnáfrýjanda um viðbótarlóð. Gagnáfrýjandi leigði honum með leigulóðarsamningi 14. febrúar 1964

slíka viðbótarlóð, að flatarmáli 314.5 m². Í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 28. júní 1965, er svo kveðið á, að nokkur hluti viðbótarlóðarinnar eigi samkvæmt skipulagsuppdrætti Vestmannaeyja frá 3. nóvember 1932 að fara undir veg og að maður, sem skúra átti á viðbótarlóðinni, gæti varnað aðaláfrýjanda niðurrifs á þeim. Af þessum sökum hefur aðaláfrýjandi eigi mátt hagnýta lóðarréttindi samkvæmt samningnum frá 14. febrúar 1964. Hefur hann af nefndu tilefni höfðað mál þetta og gert þær kröfur, sem að framan greinir.

1. Hvorki skipulagslög, önnur lög né meginstafir skaðabótaréttar standa til þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að kaupa fyrir eignarnámsverð nefnt bifreiðaverkstæði aðaláfrýjanda með lóðarréttindum og viðbótarleigulóðarréttindum. Verður því að hafna kröfu aðaláfrýjanda um dóm á hendur gagnáfrýjanda um slík kaup.

2. Telja verður, að forráðamenn gagnáfrýjanda eigi mikla sök á því, að viðbótarleigusamningurinn frá 14. febrúar 1964 var gerður við aðaláfrýjanda að óathuguðu máli, þótt aðaláfrýjandi hafi einnig mátt athuga aðstæður betur en hann gerði. Telja má víst, þótt málið sé ekki skýrt sem skyldi, að aðaláfrýjandi hafi orðið fyrir talsverðu tjóni af gerð og vanefnd viðbótarleigusamningsins. Að svo vöxnu máli telst rétt að dæma aðaláfrýjanda nokkrar vanefndabætur, sem þykja eftir málavöxtum hæfilega ákveðnar kr. 150.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. marz 1966 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Hreggviði Jónssyni, kr. 150.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. marz 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég vísa til atkvæðis meiri hluta dómeda um kröfur málsaðilja og lýsingu málavaxta.

Við það verður að miða, eins og málið er lagt fyrir Hæstarétt, að aðaláfrýjandi sé nú eigi bundinn af lóðarleigusamningnum frá 14. febrúar 1964 með þeirri skerðingu á hinni leigðu lóð, sem leiddi af áður staðfestu skipulagi Vestmannaeyjakaupstaðar.

Aðaláfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Eignarnámsmatsverð (kaupverð) verkstæðishúss, leigulóðarréttinda og viðbótarleigulóðarréttinda	kr. 1.125.260.00
2.	Sérstakar skaðabætur vegna þess, að aðaláfrýjandi gat ekki byggt á viðbótarlóðinni árið 1964, eins og fyrirhugað var	— 730.000.00
3.	Matskostnaður	— 18.500.00
		Kr. 1.873.760.00

Varakrafan er þannig fengin, að aðaláfrýjandi gerir kröfu til skaðabóta, er nemi fjárhæðum þeim, sem greinir í 2. og 3. kröfulið aðalkröfu, að viðbættum kr. 70.760.00, er sé verðmæti viðbótarlóðarinnar, metið af dómkvöddum matsmönnum.

I. Um kaupskyldu gagnáfrýjanda, sbr. 1. kröfulið aðalkröfu.

Þennan þátt kröfugerðar sinnar rökstyður aðaláfrýjandi með því, að staðfest skipulag Vestmannaeyjakaupstaðar hafi staðið því í vegi, að hann gæti reist á viðbótarlóðinni fyrirhugaða viðbyggingu við verkstæðishús sitt, þá er byggingaryfirvöld höfðu samþykkt. Sé gagnáfrýjanda því skylt samkvæmt 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 að kaupa húsið og leysa til sín leigulóðarréttindin yfir lóðinni og viðbótarlóðinni.

Framangreint ákvæði skipulagslaga tekur ekki til lögskipta málsaðilja, þeirra sem mál þetta er risið af, og ekki mæla

réttarreglur annars á hendur gagnáfrýjanda kaupskyldu á fyrrgreindum eignum. Eru því engin efni til að sinna þessari kröfu.

II. Um skaðabætur, sbr. 2. og 3. kröfulið aðalkröfu og varakröfu.

Fyrirsvarsmönnum gagnáfrýjanda var ljóst, að hluti viðbótarlóðarinnar, sem aðaláfrýjandi fékk, átti að fara undir götu samkvæmt staðfestu skipulagi. Aðgerðir gagnáfrýjanda til að fá hinu staðfesta skipulagi breytt, áður en lóðarsamningur var gerður, reyndust haldlausar. Eigi er sýnt fram á, að aðaláfrýjandi hafi mátt ætla, að hið staðfesta skipulag stæði fyrirhugaðri byggingu hans á lóðinni í vegi, en á því hefði gagnáfrýjandi átt að vekja athygli hans, eins og á stóð. Verður gagnáfrýjandi því að bæta aðaláfrýjanda tjón hans.

Verða nú einstakir kröfuliðir bótakröfunnar teknir til athugunar.

Bætur þær, sem aðaláfrýjandi krefst í 2. kröfulið aðalkröfu, eru reistar á mati dómkvaddra manna á því, hver hækkun hafi orðið á byggingarkostnaði fyrirhugaðrar viðbyggingar við verkstæðishús aðaláfrýjanda á tímabilinu frá árinu 1964, þar til matið fór fram árið 1969. Greind viðbygging var aldrei reist. Standa lög ekki til þess að dæma bætur þær, sem hér er krafizt. Verðmæti leiguréttinda yfir viðbótarlóðinni er metið af dómkvöddum mönnum á kr. 70.760.00, eins og sagt var, er greint var frá varakröfu. Er rétt að hafa hliðsjón af mati þessu, þá er skaðabætur eru ákveðnar. Þá verður gagnáfrýjandi og dæmdur til að greiða hluta matskostnaðar aðaláfrýjanda, sbr. 3. kröfulið aðalkröfu. Þykja heildarbætur til aðaláfrýjanda hæfilega ákveðnar kr. 80.000.00 auk vaxta, sem reikna ber 7% á ári frá 7. júlí 1969 til greiðsludags.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Hreggviði Jónssyni, kr.

80.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. júlí 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 16. desember 1970

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 21. nóvember s.l., hefur Hreggviður Jónsson bifvélavirki, nú til heimilis að Laugavegi 118, Reykjavík, áður Sóleyjargötu 3, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 13. marz s.l., gegn Vestmannaeyjakaupstað til þess aðallega að fá stefnda dæmdan skyldan til að kaupa bifreiðaverkstæði stefnanda á horni Vesturvegar og Græðisbrautar í Vestmannaeyjum með tilheyrandi leigulóðarréttindum og viðbótarleigulóðarréttindum, 314.5 m^2, fyrir eignarnámsmatsverð, kr. 1.125.260.00, enn fremur verði stefnda dæmt að greiða stefnanda skaðabætur samkvæmt eignarnámsmatinu, kr. 730.000.00, ásamt með 8% ársvöxtum frá 14. febrúar 1964 til greiðsludags, kr. 18.500.00 í matskostnað við eignarnámsmat auk alls málskostnaðar að fullu, þar með talin málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í., en til vara verði stefnda dæmt að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 801.760.00 ásamt með 8% ársvöxtum frá 14. febrúar 1964 til greiðsludags, kr. 18.500.00 í matskostnað auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi krefst sýknu, en til vara, að bótakrafa stefnanda og/eða matsverð verkstæðishúss hans verði stórlega lækkað. Þá krefst hann og fullra málfærslulauna fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í. auk alls annars málskostnaðar. Sérstaklega er krafizt fulls málskostnaðar, þótt stefnda yrði gert að greiða stefnanda bætur að fjárhæð allt að kr. 135.400.00.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi fengið úthlutað lóð undir bifreiðaverkstæði á horni Græðis- og Vesturvegar í Vestmannaeyjum með lóðarleigusamningi, dags. 13. október 1953, og var lóðin 420 fermetrar. Byggði stefnandi síðan bifreiðaverkstæði á lóðinni og rak það m. a. með vinnu sona sinna. Þegar fram liðu stundir, reyndist rými verkstæðisins ófullnægjandi, og fór þá stefnandi fram á það við bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum, að hann fengi réttindi til að byggja við verkstæðið eftir uppdrætti

Ólafs Á. Kristjánssonar, og fékk hann samþykki fyrir byggingunni eftir uppdrættinum og lóðarleigusamning, útgefinn 14. febrúar 1964, fyrir viðbótarlóðarréttindum, 314.5 fermetra að flatarmáli, og vissi þá ekki annað en sér væri heimilt að hefja framkvæmdir.

Í samþykkt byggingarnefndar Vestmannaeyja frá 5. nóvember 1963 segir svo:

„... lá fyrir fundinum uppdráttur að staðsetningu viðbyggingar við bílaverkstæði Hreggviðs Jónssonar, sem bæjarverkfræðingur hefur gert. Nefndin er sammála um að úthluta Hreggviði Jónssyni viðbótarlóð í samræmi við uppdrátt bæjarverkfræðings. Lóðin verður 8,25 m í vestur frá vesturenda núverandi bílaverkstæðis, og eru þá 3,15 m í lóðarmörk fyrirhugaðrar byggingar Ársæls Sveinssonar. Ennfremur verður viðbótarlóðin 5 m í norður frá núverandi lóðarmörkum bílaverkstæðisins. Stærð viðbótarlóðarinnar verður þá 315 m^2. Leggur nefndin til, að gefinn verði út lóðarleigusamningur fyrir þessari viðbótarlóð, enda verði byggt á lóðinni innan eins árs.

Með því að á hluta umræddrar lóðar eru skúrbyggingar, sem Ársæll Sveinsson á, samþykkir nefndin að tilkynna honum þessa niðurstöðu og fer fram á, að skúrarnir verði fjarlægðir, áður en hafizt verði handa við byggingu á umræddri lóð".

Hinn 14. febrúar 1964 fékk svo stefnandi, eins og áður segir, lóðarleigusamning í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar og meðmæli byggingarnefndar.

Eins og af þessu sést, var á viðbótarlóðinni, sem samningurinn hljóðaði um, skúrbygging, tilheyrandi Ársæli Sveinssyni. Að fengnum lóðarleigusamningnum og eftir árangurslausa áskorun til Ársæls Sveinssonar um að fjarlægja skúrinn hóf stefnandi sjálfur að láta fjarlægja hann af lóðinni, svo unnt væri að grafa fyrir undirstöðum viðbyggingarinnar. Þessu vildi Ársæll ekki una og lagði lögbann við því, að niðurrifi á skúrnum yrði fram haldið, hinn 16. marz 1964 og höfðaði síðan staðfestingarmál lögbannsgerðarinnar og til heimtu skaðabóta. Höfðaði stefnandi þá gagnsök í málinu og krafðist m. a. viðurkenningardóms fyrir rétti sínum til byggingar á viðbótarlóðinni við Vesturveg og Græðisbraut frá 14. febrúar 1964 og Ársæll skyldaður til að fjarlægja timburskúrinn af lóðinni að viðlögðum dagsektum auk skaðabóta, kr. 150.000.00, fyrir tafir við viðbótarbygginguna, er hann hafði valdið stefnanda með afstöðu sinni. Var stefnda stefnt í máli þessu til réttargæzlu.

Mál þetta var til lykta leitt með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 28. júní 1965, þar sem lögbannsgerðin var staðfest og stefnanda dæmt að greiða Ársæli Sveinssyni kr. 10.000.00 í bætur með 7% ársvöxtum frá 21. marz 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hins vegar var Ársæll sýknaður af kröfum stefnanda í málinu.

Byggðist þessi dómur Hæstaréttar m. a. á því, að byggingarlóð sú, er bæjarstjórn Vestmannaeyja seldi stefnanda á leigu með viðbótarleigusamningnum, væri að nokkru leyti í stæði vegar samkvæmt gildandi skipulagsuppdrætti bæjarins frá 3. nóvember 1932. Skipulagsstjóri hafði fallizt á tillögu byggingarnefndar að fella niður fyrirhugaðan veg frá Heiðarvegi að Flatarvegi norðan Vesturvegar. Tillögur stjórnvalda Vestmannaeyjakaupstaðar um breytingu á skipulagi kaupstaðarins voru hins vegar eigi lagðar fyrir skipulagsnefnd ríkisins og félagsmálaráðuneytið til úrlausnar samkvæmt 19. gr. og 20. gr. laga nr. 55/1921, sbr. 14. gr. sömu laga og 4. gr. laga nr. 64/1938. Málið var heldur eigi tekið til meðferðar samkvæmt V. kafla laga nr. 19/1964, eftir að þau lög tóku gildi. Hafði því engin lögleg breyting orðið á skipulagi Vestmannaeyja til samræmis við lóðarleigusamning stefnanda frá 14. febrúar 1964.

Stefnandi bendir á, að með þessum dómi Hæstaréttar sé því endanlega slegið föstu, að viðbótarlóðin hafi orðið stefnanda ónýt til þeirra nota, sem honum var úthlutað henni til, þ. e. viðbótarbyggingar við verkstæðishúsið, enda ekkert frekara gert af hálfu stefnda til lausnar málinu. Stefnandi kveðst stöðugt, eftir að dómur Hæstaréttar féll, hafa leitað eftir bótum frá stefnda, enda segir hann atvinnurekstur sinn hafa lagzt í rúst við það, að viðbótarbygging fékkst ekki, og máttarstoðir hans við atvinnureksturinn, synir hans tveir, fluttu burtu, þar eð þeir töldu athafnaaðstöðu óviðunandi, og nú hefur stefnandi sjálfur flutt burt til Reykjavíkur. Stefnandi segist ekki hafa fengið annað upp í bætur en útlagðan kostnað og annað, sem á stefnanda féll eftir téðum dómi Hæstaréttar, í allt um kr. 40.000.00.

Stefnandi kveðst líta svo á, að með því að gefa út viðbótarlóðarleigusamning, sem ekki stóðst, og honum þannig meinað að hagnýta sér lóðina til byggingar, sem hann hafði leyfi fyrir frá byggingarnefnd og bæjarstjórn, hafi stefndi skert svo stórlega verðmæti heildareignarinnar, að stefndi hafi með því bakað sér skyldu til að kaupa alla eignina fyrir matsverð samkvæmt heim-

ild 3. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1964 auk þess sem stefnda beri skylda til að greiða fullar skaðabætur fyrir allt það tjón, sem stefnandi beið við það, að hann fékk ekki komið upp viðbótarhúsnæðinu á árinu 1964, eins og fyrirhugað var.

Þar sem stefndi fékkst ekki til að hafa frumkvæði að eignarnámsmati, fór stefnandi fram á það með beiðni um dómkvaðningu matsmanna, dags. 25. marz 1969. Hinn 2. maí 1969 voru dómkvaddir tveir matsmenn, þeir Óskar Gíslason forstjóri og Guðlaugur Guðjónsson húsasmíðameistari, og skila þeir matsgerð sinni hinn 7. júlí 1969.

Í matsgerðinni segir m. a.:

„Samkvæmt dómkvaðningu bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, dags. 5. maí s.l., metum við eftirfarandi:

1. Bifreiðaverkstæði á horni Vesturvegar og Græðisbrautar með leigulóðarréttindum á kr. 1.054.500.00 — eina milljón fimmtíu og fjögur þúsund og fimm hundruð krónur.

2. Bifreiðaverkstæði á horni Vesturvegar og Græðisbrautar með leigulóðarréttindum, 314,5 m², á kr. 1.125.260.00 — eina milljón eitt hundrað tuttugu og fimm þúsund tvö hundruð og sextíu krónur.

3. Tjón það, sem matsbeiðandi hefur orðið fyrir að hafa ekki getað byggt umrædda viðbótarbyggingu, metum við til hliðsjónar byggingarvísitölu frá árinu 1964 og byggingarvísitölu í dag á kr. 730.000.00 — sjö hundruð og þrjátíu þúsund krónur. Þar sem að okkar áliti liggja ekki fyrir nægileg gögn til að meta rekstrartjón matsbeiðanda vegna þess að hafa ekki getað hafið umræddar byggingarframkvæmdir árið 1964, treystum við okkur ekki til að nota eða nefna neinar tölur í því sambandi".

Ekki er matsgerð þessi nánar rökstudd, en 11. júní s.l. komu matsmennirnir fyrir dóm og staðfestu matsgerð sína. Kváðu þeir matið framkvæmt eftir beztu getu eftir þeim gögnum, er fyrir lágu, og töldu matið rétt. Sögðu þeir matið einkum byggt á vísitölu byggingarkostnaðar, stærð hússins og svo brunabótamati þess. Við mat á viðbótarlóðinni kom fram, að matsmenn kváðu sig hafa haft hliðsjón af lóðasölu hér í bæ.

Á matsgerð þessari er svo kröfugerð stefnanda byggð, bæði aðalkrafa og varakrafa. Er aðalkrafa miðuð við, að stefndi hafi bakað sér kaupskyldu á eigninni allri, en varakrafa sett fram til öryggis, ef aðalkrafa nær ekki fram að ganga, þannig að stefnanda verði í öllu falli bætt að fullu tjón hans samkvæmt matinu fyrir að hafa ekki getað byggt viðbygginguna á árinu 1964, kr.

730.000.00, auk matsverðs á viðbótarlóðarréttindunum sjálfum, sem er mismunur á liðum 1. og 2. í matsgerðinni, kr. 70.760.00, en í báðum tilvikum gerir stefnandi kröfu til að fá endurgreiddan kostnað matsmanna, kr. 18.000.00, að viðbættum kr. 500.00 fyrir dómkvaðningu.

Stefnandi bendir á, að ákvæði gildandi skipulagslaga nr. 19/1964, 29. gr., skylda bæjarfélag til að kaupa eignir, sem rýrast í verði við skipulagsbreytingu. Úr því að eigi varð byggt á viðbótarlóðinni vegna skipulags, varð raunin sú, að húseignin, sem fyrir var, reyndist lítt nýtanleg í því skyni, sem henni var ætlað, og hvíli því sú skylda á stefnda að leysa til sín eignina alla. Varakrafan er svo reist á því, að viðbótarlóðin hafi orðið stefnanda ónýt, og beri því stefnda að bæta að fullu fjárhagslegt tjón stefnanda vegna þess.

Stefndi gerir þá grein fyrir sýknukröfu sinni, að kröfur stefnanda eigi sér enga stoð í skipulagslögum. Stefnandi hafi aldrei öðlazt neinn lagalegan rétt til viðbótarlóðarinnar, þar sem lögleg stjórnarathöfn, er stofnaði slíkan rétt, hafi aldrei verið fyrir hendi. Vitnar stefndi í dóm Hæstaréttar frá 28. júní 1965 máli sínu til stuðnings og segir hann sýna, svo ekki verði um villzt, að lóðarleigusamningurinn hafi frá upphafi verið ógildur. Lóðarúthlutunin, sem í upphafi var ætluð til hagsbóta fyrir stefnanda, hafi verið ógild og geti því stefnandi engan rétt á henni byggt. Þá bendir stefnandi á, að grundvöllur eignarnáms sé ekki fyrir hendi, eignarnám hafi aldrei farið fram né nokkuð það, er til þess megi jafna, og sé því matið, er stefnandi lét framkvæma, byggt á röngum forsendum, og er gildi þess algerlega hafnað í málinu. Þá segir stefndi ljóst, að stefnandi geti ekki leitað kröfum sínum stoðar í 1. mgr. 29. gr. skipulagslaganna.

Þá segir stefndi ákvæði 2. eða 3. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1964 ekki eiga hér við. Úthlutun byggingarlóðar geti fráleitt talizt skipulagsbreyting í skilningi skipulagslaga. Hins vegar hafi það verið ætlun bæjarstjórnar Vestmannaeyja, þegar í ljós kom, að stefnanda varð ekki úthlutað byggingarlóð án breytinga á skipulagi kaupstaðarins, að framkvæma slíka breytingu. Þessi fyrirhugaða breyting hafi hreint ekki farið í bága við hagsmuni stefnanda eða skert í nokkru rétt hans eða eignir. Þvert á móti var hún sérstaklega fyrir hann gerð og til þess ætluð að leysa vandræði hans. En hins vegar hafi sú aðferð, sem bæjaryfirvöld beittu í góðri trú við skipulagsbreytingu, haft á sér formgalla og því talizt ógild. Engin lögleg skipulagsbreyting hafi því farið fram

og bótareglur 2. og 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga taki því ekki til þessa máls. Þá er á það bent af hálfu stefnda, að bótaákvæðum skipulagslaga sé því aðeins til að dreifa, að um staðfest skipulag eða staðfesta skipulagsuppdrætti hafi verið að ræða. Hér hafi staðfest skipulagsbreyting stefnanda í óhag ekki farið fram og sé því bótaskylda ekki fyrir hendi.

Enn fremur er á það bent af hálfu stefnda, að því fari víðs fjarri, að Vestmannaeyjakaupstaður vildi ekki rétta hlut stefnanda í máli þessu. Ekki aðeins hafi honum verið greiddur allur kostnaður hans við hæstaréttarmálið nr. 208/1964, um kr. 40.000.00, án þess að kaupstaðnum bæri til þess nokkur lagaskylda, heldur var og boðizt til að greiða honum rausnarlegar bætur fyrir innlausn á leigulóðarréttindum, að fjárhæð kr. 70.760.00, auk alls kostnaðar við hina þýðingarlausu matsgerð hans, kr. 18.000.00, og loks innheimtukostnað, kr. 8.640.00, eða samtals bættur að fjárhæð kr. 95.400.00 umfram þær kr. 40.000.00, sem stefnandi hafði þegar fengið og telja verði beinar bætur honum til handa. Auk þess hafi svo verið til þess boðizt að kaupa verkstæðishúsið af stefnanda fyrir verð, sem eftir öllum atvikum og verðlagi slíks húsnæðis í Vestmannaeyjum verði að teljast sanngjarnt, þ. e. kr. 600.000.00.

Varakröfu sína um lækkun bóta og/eða matsverð verkstæðisins styður stefndi í fyrsta lagi með þeim rökum, að matsverð það, er stefnandi leggur til grundvallar, svo og matsgerðin sjálf í heild sé á röngum forsendum byggð og máli þessu því óviðkomandi. Í öðru lagi bendir stefndi á, að matið sé í fleira tilliti hæpið og stórlega gallað. Matsverð verkstæðishússins sé allt of hátt miðað við ástand hússins, og bendir stefndi á ýmsa galla við húsið í því sambandi.

Þá er bótaupphæðinni í matsgerðinni mótmælt. Segir stefndi matsmenn hafa gefið sér þá staðreynd, að stefndi hefði lokið byggingu viðbótarhúsnæðisins alls þegar árið 1964. Síðan er reiknað út, hvað kosta mundi að reisa sams konar hús í dag, og mismunurinn talinn bótaskylt tjón stefnanda. Hafnar stefndi þessum kröfulið algerlega.

Loks mótmælir stefndi matsverði viðbótarlóðarréttindanna sem of háu og órökstuddu. Bendir stefndi á í þessu sambandi, að þar sem lóðarleigusamningurinn hafi verið ógildur frá upphafi, hafi stefnandi aldrei orðið löglegur eigandi þessara réttinda.

Niðurstaða dómsins er þessi:

Stefnanda máls þessa var á árinu 1953 úthlutað 420 m² lóð

fyrir bifreiðaverkstæði á horni Græðisbrautar og Vesturvegar. Þann 14. febrúar 1964 fékk hann útgefinn lóðarleigusamning fyrir viðbótarlóðarréttindum, 314.5 m^2 að flatarmáli. Þessi lóðarúthlutun braut í bága við gildandi skipulag Vestmannaeyjakaupstaðar, og var engin lögleg breyting gerð á skipulagi kaupstaðarins í samræmi við hana og stendur svo enn, og hefur stefnandi því ekki getað hagnýtt sér viðbótarlóðarréttindin af þeim sökum. Þrátt fyrir það hefur upphafleg lóð og húseign að engu verið rýrð með aðgerðum stefnda. Hníga þar af leiðandi engin rök til að skylda stefnda til kaupa á þeirri eign. Verður því að hafna þeirri kröfu stefnanda.

Við úthlutun viðbótarlóðarréttindanna frá árinu 1964 mátti stefnanda vera ljóst, að gera þyrfti breytingar á gildandi skipulagi Vestmannaeyjakaupstaðar, til þess að hann fengi hagnýtt sér þessi réttindi. Aðgerðir kaupstaðarins til þess að fá fram breytingu á skipulaginu stefnanda í hag reyndust ónógar, og öðlaðist stefnandi þannig ekki þann rétt, sem lóðarleigusamningurinn frá 14. febrúar 1964 gerir ráð fyrir. Er af þessum sökum eigi unnt að skylda stefnda til kaupa á þeim réttindum.

Eins og sést af því, sem að ofan hefur verið rakið, er hér ekki um að ræða tilvik af því tagi, sem ræðir um í IV. kafla laga nr. 55/1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa né VII. kafla skipulagslaga nr. 19/1964. Eigi verður heldur leitt af almennum reglum skaðabótaréttarins né öðrum lagarökum, að stefnda beri að bæta stefnanda þann missi hugsanlegs hagnaðar, sem stefnandi beið við að geta eigi reist viðbyggingu á viðbótarlóðinni. Verður því að hafna bótaskyldu stefnda af þeim sökum.

Skaðabótakröfur stefnanda, bæði í aðalkröfu og varakröfu, eru alfarið byggðar á eignarnámsmati því, er hann lét framkvæma vegna máls þessa samkvæmt heimild í skipulagslögum nr. 19/1964, og gerir hann ekki sérstakar kröfur vegna óbeins tjóns, en hafði uppi áskilnað um að koma þeim að síðar. Reifun málsins og málflutningur gefa ekki tilefni til þess að fara út fyrir þessa kröfugerð stefnanda né þau takmörk, er stefnandi hefur sett málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Lögmaður stefnanda í máli þessu var Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður, en af hálfu stefnda flutti málið Georg Tryggvason lögfræðingur.

Dóm þenna kváðu upp Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógeta, og

meðdómsmennirnir Ingólfur Sigurmundsson húsasmíðameistari og Jón Óskarsson fasteignasali.

Dómsuppsögn hefur dregizt vegna veikinda annars meðdómandans.

Dómsorð:

Stefndi, Vestmannaeyjakaupstaður, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hreggviðs Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1971.

Nr. 82/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sigurði Ragnari Bjarnasyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsmanna. Í greinargerð skólastjórans, dagsettri 10. ágúst 1971, segir svo:

„A = staður varðskipsins kl. 0733 h. 29/4 '71 við hlið bátsins. Staður A mælist um 0,6 sjóm. innan fiskveiðimarkanna. Staður varðskipsins kl. 0734 mælist einnig um 0,6 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Í sama sjókort hef ég einnig sett út staðarákvörðun varðskipsins kl. 0733 með því að taka tillit til þeirrar fjarlægðarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur Kelvin Hughes ratsjár varðskipsins viðurkenna (± 2½% af fjarlægðum fyrir færanlega fjarlægðarhringinn), staður A_1 auðkenndur með

rauðum lit. Staður A_1 mælist um 0,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna".

Að tilhlutan Hæstaréttar var háð framhaldsrannsókn í málinu. Fyrir sakadóm komu aftur skipherra varðskipsins, Þröstur Sigtryggsson, og Kristinn Jóhann Árnason, sem var 1. stýrimaður varðskipsins hinn 29. apríl 1971. Var þeim kynnt efni héraðsdómsskjals nr. 1, þ. e. skýrsla Landhelgisgæzlunnar, dags. 29. apríl 1971. Framburður skipherra var svohljóðandi:

„Vitnið segir, að það, sem við er átt í skýrslum þess með staðnum Gálgum, sé radarendurvarp frá fjarskiptaskermum varnarliðsins, sem eru stutt frá þríhyrningamælistaðnum Gálgum. Vitnið hefur ekki mælt fjarlægð skermanna frá umræddum punkti, en áætlar hana vera 100—200 metra í suðvestlæga stefnu frá Gálgum. Útsetningin í sjókortin er sett frá þríhyrningamælistaðnum.

Vitnið kvaðst ekki gera þetta að ástæðulausu, heldur í samræmi við athugun, sem það gerði með sextant og ratsjá kl. 11.48 hinn 29. apríl s.l.".

Skipherra var að því spurður, „hvaða punktur í Eldey hafi verið notaður til viðmiðunar í mælingunum". Kvað skipherrann, „að í þessari fjarlægð frá Eldey komi hún aðeins fram í radarnum sem einn punktur og á venjulegan hátt mæld fjarlægð til hans".

Framburður 1. stýrimanns var svohljóðandi:

„Vitnið segir, að í radar varðskipanna sjáist greinilegur punktur, sem skipstjórnarmenn álíti vera fjarskiptaskerma varnarliðsins á Stafnesi. Skermarnir eru það nálægt þríhyrningspunkti, sem er á Stafnesinu, að óhætt er talið að setja fjarlægðir út frá þeim punkti, og er það venjulega gert. Er í þessu efni talað um staðinn Gálga á meðal skipstjórnarmanna á varðskipum ríkisins. Aðspurt kveðst vitnið aðeins hafa athugað staðinn af sjó, en aldrei á landi".

Málið var af nýju borið undir Jónas Sigurðsson, skólastjóra Stýrimannaskólans. Greinargerð skólastjórans, dagsett 28. október 1971, er svohljóðandi:

„Samkvæmt framburði skipherra og 1. stýrimanns varð-

skipsins var staðarákvörðun varðskipsmanna hjá bátnum gerð með radarfjarlægðum frá Eldey og fjarskiptaskermum varnarliðsins sunnarlega á Stafnesi. Fjarlægðin frá fjarskiptaskermunum er hinsvegar sett út frá þríhyrningamælistaðnum Gálgum, enda eru skermarnir ekki merktir í sjókorti nr. 31.

Á loftmynd, sem Landmælingar ríkisins hafa tekið af þessu svæði, hef ég mælt fjarlægðina milli Gálga og fjarskiptaskermisins, sem er lengst frá Gálgum. Samkvæmt því er fjarlægðin um 260 metrar eða um 0,14 sjóm. og áttin frá Gálgum til skermisins 223° réttvísandi.

Við útsetningu í sjókort nr. 31 get ég ekki fundið, að þessi munur á staðnum, sem fjarlægðin var mæld til, og staðnum, sem hún var sett út frá, hafi mælanleg áhrif á fjarlægð staðanna A og A_1 frá bannsvæðismörkunum, þ. e. línunni réttvísandi vestur frá Stafnesi".

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og öðrum gögnum málsins, verður talið sannað, að ákærði hafi gerzt sekur við lagaákvæði þau, sem í ákæruskjali greinir.

Hinn 30. nóvember 1968 veitti forseti Íslands samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar almenna uppgjöf saka vegna fiskveiðibrota, sem framin voru á íslenzkum fiskiskipum frá 14. apríl 1965 til 30. nóvember 1968. Refsidómur á hendur ákærða, sem kveðinn var upp 4. desember 1966, hefur því ekki ítrekunaráhrif.

100 gullkrónur jafngilda 3.992.93 seðlakrónum samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu 21. október 1971.

Ber að staðfesta héraðsdóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Sigurður Ragnar Bjarnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. apríl 1971.

Ár 1971, föstudaginn 30. apríl, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í dómssal embættisins af Sigurði Halli Stefánssyni ásamt meðdómsmönnunum Þorsteini Einarssyni og Árna Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 537/1971: Ákæruvaldið gegn Sigurði Ragnari Bjarnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 30. apríl 1971, höfðað á hendur Sigurði Ragnari Bjarnasyni, Stafnesvegi 6, Sandgerði, skipstjóra á vélbátnum Jóni Oddssyni, GK 14, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr., 2. tl., reglugerðar nr. 23/1971 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 2. gr., E 5, laga nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti fimmtudagsmorguninn 29. apríl 1971 í Miðnessjó á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 2. gr., E 5, laga nr. 21/1969, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1971 samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971.

Ákærist því nefndur Sigurður Ragnar til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 23/1971, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði er sakhæfur, fæddur 28. marz 1932 í Sandgerði, og hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1952 20/10 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 150 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1966 20/2 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 20.000 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Afli og veiðarfæri m/b Jóns Oddssonar, GK 14, gerð upptæk.

1966 4/12 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 25.000.00 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Afli og veiðarfæri m/b Jóns Oddssonar, GK 14, gerð upptæk.

1968 í Reykjavík: Hinn 30. nóvember 1968 veitti forseti Íslands uppgjöf sakar, að því er varðar dómana, uppkveðna 20. febrúar 1966 og 4. desember 1966.

1970 3/2 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn reglum nr. 214/1966.

Málavextir eru þeir samkvæmt skýrslu Þrastar Sigtryggssonar, skipherra á varðskipinu Óðni, dagsettri 29. apríl 1971, að, kl. 0733, fimmtudaginn 29. apríl 1971, er varðskipið var við eftirlitsstörf í Miðnessjó, var komið að m/b Jóni Oddssyni, GK 14, þar sem hann var að toga með stjórnborðsvörpu: „Staður:

Eldey, fjarl. 15.7 sjóm.

Gálgar, fjarl. 12.4 sjóm.

gefur það stað bátsins um 0.5 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 0734 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Eldey, fjarl. 15.7 sjóm.

Gálgar, fjarl. 12.3 sjóm.

gefur það stað bátsins um 0.5 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Um kl. 1110 var skipstjóra bátsins tilkynnt að halda til hafnar og að mál hans yrði tekið fyrir í Hafnarfirði.

Kl. 0820 var gerð athugun á lausa hring ratsjárinnar, og reyndist hann sýna 0.2 sjóm. of mikið. Í fjarlægðum hér að framan er reiknað með þessari skekkju.

Athuganir voru gerðar með KH-ratsjá af 1. og 2. stýrimanni undir umsjón skipherra.

Veður: ASA 4, regn, sjólítið“.

Yfirmenn varðskipsins Óðins hafa komið fyrir dóminn, og staðfestu þeir vætti sín með eiði.

Þröstur Sigtryggson skipherra staðfesti skýrslu sína. Hann kvaðst hafa séð einkennisstafi bátsins svo og að hann var að toga með stjórnborðsvörpu. Hann kvað 1. og 2. stýrimann hafa annazt staðarákvarðanir, en hann fylgzt með hinni síðari. Einnig hafi þeir undir eftirliti hans sett út stað bátsins í sjókort.

Kristinn Jóhann Árnason, 1. stýrimaður varðskipsins, kvaðst hafa séð nafn bátsins og númer. Hann og 2. stýrimaður hefðu framkvæmt staðarákvarðanir og báðir samtímis lesið af fjarlægðarkvarða ratsjárskífunnar. Hafi komið í ljós, að báturinn var 0.5 sjómílur fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Hann kvað sig minna

fastlega, að togvírar bátsins hafi verið þannig, að greinilegt hafi verið, að hann var að toga.

Hálfdán Henrýsson, 2. stýrimaður á varðskipinu, staðfesti skýrslu skipherrans rétta, að svo miklu leyti sem hann gæti um borið. Hann kvaðst ekki hafa séð nafn bátsins, en hins vegar númer og að hann hafi verið að toga með stjórnborðsvörpu. Hann kvaðst hafa unnið að staðarákvörðunum ásamt 1. stýrimanni.

Ákærði, sem er skipstjóri á vélbátnum Jóni Oddssyni, GK 14, kvaðst hafa haldið á veiðar frá Sandgerði klukkan um 0300—0400 aðfaranótt fimmtudagsins 29. apríl s.l. Hann kvaðst hafa hafið togveiðar með fiskibotnvörpu nokkuð sunnan við syðri mörk þess hólfs, sem um ræðir í máli þessu. Hann kvað skyggni hafa verið slæmt og hafi verið erfitt að staðsetja sig nákvæmlega, enda hafi viðmiðunarstaðir náðst illa á ratsjána. Hann kvaðst hafa talið sig vera á löglegum slóðum, enda fjöldi togbáta allt í kringum hann. Kærði vefengdi ekki staðarákvarðanir landhelgisgæzlumanna og kvað bátinn á þeim tíma, er þær voru gerðar, hafa verið að toga.

Mat afla og veiðarfæra var framkvæmt af Guðmundi Guðmundssyni fulltrúa og Skarphéðni Kristjánssyni lögregluþjóni. Er niðurstaða matsgerðar sú, að afli er metinn kr. 17.150.00 og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, kr. 70.760.00.

Með eigin framburði ákærða og vætti vitna svo og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur í umrætt sinn gerzt sekur um fiskveiðibrot það, er í ákæruskjali greinir og þar er réttilega fært til lagaákvæða.

Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 3.992.93 pappírskrónum.

Samkvæmt skipaskrá er m/b Jón Oddsson, GK 14, að stærð 82 rúmlestir brúttó.

Refsing ákærða þykir samkvæmt framangreindum lagaákvæðum hæfilega ákveðin kr. 40.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Gera ber upptækan til handa Landhelgissjóði Íslands allan afla svo og veiðarfæri, þar með talda dragstrengi, um borð í m/b Jóni Oddssyni, GK 14.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sigurður Ragnar Bjarnason, greiði kr. 40.000.00

sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í vélbátnum Jóni Oddssyni, GK 14, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1971.

Nr. 125/1970. **Guðjón Jónsson og**
Jón Valgarð Guðjónsson
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Sævík h/f
(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaup og sala. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1970. Þeir gera þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða kr. 28.078.33 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags. Þá krefjast þeir og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur hafa viðurkennt greiðsluskyldu sína á kr. 37.465.67. Þeir hafa engin haldbær rök fært fyrir Hæstarétti, að þeim beri ekki að greiða stefnda þann kostnað, kr. 39.515.90, sem hinir sérfróðu dómendur í héraði töldu þá eiga að greiða í sambandi við söluna á bátnum.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sýknu stefnda af kröfu áfrýjenda, kr. 65.544.00.

Samkvæmt þessu verður héraðsdómur staðfestur.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Guðjón Jónsson og Jón Valgarð Guðjónsson, greiði stefnda, Sævík h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. maí s.l., hefur Benedikt Björnsson, Þingholtsstræti 15, Reykjavík, f. h. Sævíkur h/f, Grindavík, hörðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. maí 1966, gegn Jóni Valgarði Guðjónssyni, Heiðarvegi 25, Vestmannaeyjum, og Guðjóni Jónssyni, sama stað, til greiðslu á kr. 206.598.24 með 8% ársvöxtum af kr. 169.132.57 frá 1. febrúar 1963 til 5. nóvember 1964 og af kr. 206.598.24 frá þeim degi til 31. desember 1964 og af kr. 206.598.24 frá þeim degi til 31. desember 1964 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní 1965 og 1% mánaðarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði aðalstefnandi kröfu sína um kr. 26.455.00, eða í kr. 180.143.21.

Af hálfu stefndu í aðalsök er krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda og að aðalstefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað í aðalsök að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins voru af hálfu hinna stefndu í aðalsök gerðar þær varakröfur, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða aðalstefnanda kr. 27.479.70 og málskostnaður þá jafnframt látinn niður falla í aðalsök.

Með stefnu, útgefinni 7. nóvember 1966, hafa hinir stefndu í aðalsök höfðað gagnsök í máli þessu gegn aðalstefnanda, og gera gagnstefnendur þær dómkröfur í gagnsök, að gagnstefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 65.544.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu gagnstefnda eru þær dómkröfur gerðar í gagnsök, að

hann verði algerlega sýknaður af kröfum gagnstefnenda og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málavextir eru þeir í aðalsök, að með afsali, dags. 26. nóvember 1962, seldu gagnstefnendur aðalstefnanda vélbátinn Hafþór Guðjónsson, VE 265. Í afsalinu er það skýrt tekið fram, að báturinn eigi að afhendast málaður að utan og í „ríkisskoðunarstandi", en kaupin voru miðuð við 1. nóvember 1962. Er aðalstefnandi hafði tekið við bátnum, kom í ljós, að mikið vantaði á, að báturinn væri í „ríkisskoðunarstandi". Þurfti aðalstefnandi að kosta upp á bátinn í beinu sambandi við að koma honum í „ríkisskoðunarstand", samtals kr. 169.132.57. Samkvæmt afsalinu bar aðalstefnanda eigi að greiða tryggingariðgjöld af bátnum nema frá 1. nóvember 1962, og skyldi uppgjör á þeim fara fram síðar, þegar séð yrði, hvort um ógreidd iðgjöld fyrir 1. nóvember 1962 yrði að ræða, er gagnstefnendum bæri tvímælalaust að greiða.

Hinn 5. nóvember 1964 var aðalstefnandi við uppgjör á bráðafúatjónbótum látinn greiða eldri iðgjöld fram til 1. nóvember 1962 til bráðafúatrygginga, samtals að fjárhæð kr. 37.465.67, en iðgjöld þessi áttu gagnstefnendur samkvæmt afsalinu að greiða. Samkvæmt ofanskráðu er því krafa stefnanda í upphafi á hendur gagnstefnendum sundurliðuð þannig:

a)	Samkvæmt reikningum, er fram voru lagðir í málinu yfir kostnað við að koma bátnum í „ríkisskoðunarstand", samtals	kr. 169.132.57
b)	Iðgjald til bráðafúatrygginga fyrir 1. nóvember 1962, er dregið var frá tjónbótum til aðalstefnanda 5. nóvember 1964	— 37.465.67
	Samtals kr.	206.598.24

Vexti kveður aðalstefnandi vera reiknaða af kr. 169.132.57 frá dagsetningu síðasta reiknings, en af kr. 37.465.67 frá þeim degi, er sú fjárhæð var dregin frá tjónbótum.

Í gagnsök er málavöxtum svo lýst, að skuld sú, sem gagnkrafan byggist á, sé vegna veiðarfæra, sem gagnstefnendur hafi selt aðalstefnanda í janúar 1963 í sambandi við kaup Sævíkur h/f á bátnum Hafþóri Guðjónssyni, VE 265, en skuld þessi hafi eigi fengizt greidd þrátt fyrir ítrekuð tilmæli.

Aðalsök.

Aðalstefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að í máli þessu

séu aðalstefndu krafðir greiðslu á þeim kostnaði, kr. 169.132.57, sem samkvæmt reikningum á dskj. nr. 7—26 hafi verið því samfara að koma bátnum í „ríkisskoðunarstand", en í því ástandi hafi báturinn átt að vera samkvæmt afsalinu á dskj. nr. 3 við afhendingu, en svo hafi ekki reynzt vera. Sömuleiðis kveður aðalstefnandi aðalstefndu vera krafða greiðslu á vangreiddum iðgjöldum fyrir 1. nóvember 1962 til bráðafúatrygginga samkvæmt yfirlýsingunni á dskj. nr. 4, samtals kr. 37.465.67, en þessi fjárhæð hafi verið dregin frá total bráðafúatjónbótum til aðalstefnanda, er báturinn hafi verið dæmdur ónýtur 5. nóvember 1964. Samkvæmt afsalinu á dskj. nr. 3 hafi aðalstefndu átt að greiða þessi vangreiddu iðgjöld (til 1. nóvember 1962), er fyrir lægi uppgjör á þeim.

Gagnstefnendur styðja sýknukröfu sína í aðalsök þeim rökum, að umræddur bátur hafi haft haffærisskírteini til 1. janúar 1963 og ekkert verið athugavert við bátinn samkvæmt vottorði Skipaskoðunar ríkisins, útgefnu 23. janúar 1962, sbr. dskj. nr. 30. Hins vegar hafi aðalstefnandi ekki látið sækja bátinn til Vestmannaeyja fyrr en í janúar 1963, og kveða gagnstefnendur það sér óviðkomandi, hve lengi aðalstefnandi lét dragast að sækja bátinn, enda hafi báturinn verið úr ábyrgð þeirra í nóvember 1962, sbr. afsal fyrir bátnum, dags. 26. nóvember 1962. Mótmæla því gagnstefnendur þessum lið stefnukröfunnar sem röngum. Þá segja gagnstefnendur, að m. a. sé þeim í umræddum kröfulið gerður reikningur fyrir 2 björgunarbátum og línuspili, en báturinn hafi haft löggildan björgunarbát og fullkomið línuspil í góðu ástandi, er hann hafi verið afhentur. Þá hafi báturinn og verið málaður að utan, áður en hann hafi verið afhentur, sbr. ákvæði í afsali.

Varðandi 2. kröfulið í stefnu taka gagnstefnendur fram, að í sambandi við sölu á bátnum hafi aðalstefnandi gefið út fjögur skuldabréf, samtals að fjárhæð kr. 430.000.00. Báturinn hafi síðar verið dæmdur í bráðafúa og hafi aðalstefnandi fengið bætur úr bráðafúatryggingunni. Gagnstefnendur taka og fram, að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum hafi gert upp við þá framangreind skuldabréf, en dregið frá andvirði þeirra iðgjaldsskuld, er aðalstefnandi haldi fram, að hafi verið dregin frá sínum bótum. Þessu til sönnunar sé ljósmynd af kvittun á dskj. nr. 31. Eigi því aðalstefnandi engar kröfur á hendur þeim samkvæmt kröfulið þessum.

Skal nú hvor hinna tveggja liða stefnukröfunnar athugaður fyrir sig.

Um a lið.

Í málinu liggja frammi reikningar fyrir kröfulið þessum, sem aðalstefnandi telur nema þeirri fjárhæð, sem hann hafi þurft að inna af hendi til þess að koma umræddum bát í „ríkisskoðunarstand".

Eins og áður er komið fram, lækkaði aðalstefnandi þennan kröfulið um kr. 26.455.00 við munnlegan flutning málsins, og er það sem svarar andvirði annars björgunarbátsins, sem um getur á dskj. nr. 8.

Samkvæmt eftirlitsbók m/b Hafþórs Guðjónssonar, VE 265, sem liggur frammi í málinu, hefur umræddur bátur ekki verið í „ríkisskoðunarstandi", er hann var afhentur aðalstefnanda, svo sem áskilið er í afsali á dskj. nr. 3.

Hinir sérfróðu dómendur hafa sérstaklega yfirfarið reikninga þá, sem kröfuliður þessi er grundvallaður á, þ. e. dskj. nr. 7—26, og er það samdóma álit þeirra, að af þeim beri gagnstefnendum að greiða aðalstefnanda kr. 39.515.90 til þess að fullnægja þeim skilmálum, sem í afsali á dskj. nr. 3 greinir, en aðalstefnanda beri hins vegar sjálfum að greiða af kröfulið þessum kr. 103.161.67.

Verður því dómur grundvallaður á þessu, að því er þennan kröfulið varðar.

Um b lið.

Samkvæmt ákvæðum afsals á dskj. nr. 3 ber gagnstefnendum að greiða tryggingariðgjald það, sem hér um ræðir, en eins og áður er fram komið, halda gagnstefnendur því fram í greinargerð sinni á dskj. nr. 28, að þessi kröfuliður hafi verið dreginn frá, er þeir fengu greidd skuldabréf þau hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem aðalstefnandi gaf út í sambandi við kaupin á umræddum báti, og eigi aðalstefnandi því enga kröfu á hendur gagnstefnendum út af iðgjaldi þessu.

Við munnlegan flutning málsins viðurkenndi lögmaður gagnstefnenda hins vegar, að þessi staðhæfing í greinargerðinni mundi vera á misskilningi byggð og iðgjaldsskuld sú, sem dregin hefði verið frá samkvæmt kvittun á dskj. nr. 31, hefði verið við Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja.

Verður því þessi kröfuliður tekinn til greina óbreyttur.

Við munnlegan flutning málsins hélt lögmaður gagnstefnenda því fram, að aðalstefnandi skuldaði gagnstefnendum kr. 8.602.00 vegna þinglýsingar og stimplunar á veðskuldabréfum, sem aðalstefnandi gaf út, er hann keypti umræddan bát af gagnstefnendum, sbr. dskj. nr. 37 og 38 í máli þessu.

Þar sem eigi verður ráðið af nefndum dómsskjölum, hver hefur innt af hendi greiðslu umræddra þinglýsingar- og stimpilgjalda, og með því einnig, að lögmaður aðalstefnanda hefur mótmælt kröfu þessari við munnlegan málflutning, þykja eigi fram komnar nægar sannanir til þess, að unnt sé að taka kröfu þessa til greina.

Verður því niðurstaða málsins sú í aðalsök, að gagnstefnendur verða dæmdir til að greiða aðalstefnanda kr. 76.981.57 (39.515.90 + 37.465.67) ásamt vöxtum, sem þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir af kr. 39.515.90 frá 1. febrúar 1963 til 5. nóvember 1964 og sömu vextir af kr. 76.981.57 frá þeim degi til 31. desember 1964, en 6% ársvextir af sömu fjárhæð frá þeim degi til 31. desember 1965 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma gagnstefnendur til að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Gagnsök.

Gagnstefnendur reisa kröfu sína í gagnsök á því, að er aðalstefnandi hafi látið sækja bátinn í janúarmánuði 1963 til Vestmannaeyja, hafi hann keypt af gagnstefnendum veiðarfæri fyrir kr. 65.545.00, sbr. reikninginn á dskj. nr. 32. Hafi veiðarfæri þessi verið afhent Árna Snjólfssyni skipstjóra, er sótt hafi bátinn fyrir aðalstefnanda.

Aðalstefnandi styður sýknukröfu sína í gagnsök þeim rökum, að samkvæmt afsalinu á dskj. nr. 3 hafi báturinn verið keyptur ásamt hvers konar fylgifé bátsins svo og öllum þeim veiðarfærum, er téðum báti hafi fylgt o. s. frv. og hafi þetta verið reiknað á kr. 450.000.00 í kaupverðinu, sbr. dskj. nr. 3. Reikningurinn á dskj. nr. 32 virðist því vera búinn til eftir á yfir þau veiðarfæri, sem bátnum hafi átt að fylgja og seld hafi verið með bátnum, sbr. dskj. nr. 3. Aðalstefnandi kveðst ekki kannast við samning um kaup á neinum aukaveiðarfærum, sem ekki hafi átt að fylgja bátnum, sbr. afsalið á dskj. nr. 3, og kveðst því mótmæla gagnkröfunni sem algerri fjarstæðu.

Gagnstefnendur hafa ekki leitt að því nægar sönnur, að viðskipti þau, sem í gagnsökinni greinir, hafi átt sér stað, og þykja því ekki efni til gegn mótmælum aðalstefnanda að taka til greina gagnkröfuna, og ber því að sýkna aðalstefnanda af kröfum gagnstefnenda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í gagnsök.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan

ásamt meðdómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Guðmundi Péturssyni vélstjóra, en uppkvaðning dómsins hefur dregizt um venju fram vegna mikilla anna.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnstefnendur, Valgarður Guðjónsson og Guðjón Jónsson, aðalstefnanda, Benedikt Björnssyni f. h. Sævíkur h/f, kr. 76.981.57 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 39.515.90 frá 1. febrúar 1963 til 5. nóvember 1964 og af kr. 76.981.57 frá þeim degi til 31. desember 1964, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök á aðalstefnandi, Benedikt Björnsson f. h. Sævíkur h/f, að vera sýkn af kröfum gagnstefnenda, Valgarðs Guðjónssonar og Guðjóns Jónssonar.

Gagnstefnendur greiði aðalstefnanda kr. 15.000.00 í málskostnað í aðalsök.

Málskostnaður fellur niður í gagnsök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1971.

Nr. 144/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Arngrími Jónssyni
(Benedikt Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsmanna. Í greinargerð skólastjórans, dagsettri 11. október 1971, segir svo:

„A = staður varðskipsins kl. 0915 h. 29/4 '71 hjá bátnum. Staður A mælist um 0,4 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Í sama sjókort hef ég einnig sett út staðarákvörðun varðskipsins kl. 0915 með því að taka tillit til þeirrar fjarlægðarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur Kelvin Hughes ratsjár varðskipsins viðurkenna (± 2½% af fjarlægðum fyrir færanlega fjarlægðarhringinn), staður A_1 auðkenndur með rauðum lit. Staður A_1 mælist 0,1—0,2 sjóm. innan fiskveiðimarkanna".

Að tilhlutan Hæstaréttar var háð framhaldsrannsókn í málinu. Fyrir sakadóm komu aftur skipherra varðskipsins, Þröstur Sigtryggsson, og Kristinn Jóhann Árnason, sem var 1. stýrimaður varðskipsins hinn 29. apríl 1971. Var þeim kynnt efni undirréttardómsskjals nr. 1, þ. e. skýrsla Landhelgisgæzlunnar, dags. 29. apríl 1971. Framburður skipherra var svohljóðandi:

„Vitnið segir, að það, sem við er átt í skýrslum þess með staðnum Gálgum, sé radarendurvarp frá fjarskiptaskermum varnarliðsins, sem eru stutt frá þríhyrningamælistaðnum Gálgum. Vitnið hefur ekki mælt fjarlægð skermanna frá umræddum punkti, en áætlar hana vera 100—200 metra í suðvestlæga stefnu frá Gálgum. Útsetningin í sjókortin er sett frá þríhyrningamælistaðnum.

Vitnið kveðst ekki gera þetta að ástæðulausu, heldur í samræmi við athugun, sem það gerði með sextant og ratsjá kl. 11.48 hinn 29. apríl s.l.".

Skipherra var að því spurður, „hvaða punktur í Eldey hafi verið notaður til viðmiðunar í mælingunum". Kvað skipherrann, „að í þessari fjarlægð frá Eldey komi hún aðeins fram í radarnum sem einn punktur og á venjulegan hátt mæld fjarlægð til hans".

Framburður 1. stýrimanns var svohljóðandi:

„Vitnið segir, að í radar varðskipanna sjáist greinilegur punktur, sem skipstjórnarmenn álíti vera fjarskiptaskerma varnarliðsins á Stafnesi. Skermarnir eru það nálægt þríhyrningspunkti, sem er á Stafnesinu, að óhætt er talið að setja fjarlægðir út frá þeim punkti, og er það venjulega gert. Er

í þessu efni talað um staðinn Gálga á meðal skipstjórnarmanna á varðskipum ríkisins. Aðspurt kveðst vitnið aðeins hafa athugað staðinn af sjó, en aldrei á landi".

Málið var af nýju borið undir Jónas Sigurðsson, skólastjóra Stýrimannaskólans. Greinargerð skólastjórans, dagsett 28. október 1971, er svohljóðandi:

„Samkvæmt framburði skipherra og 1. stýrimanns varðskipsins var staðarákvörðun varðskipsmanna hjá bátnum gerð með radarfjarlægðum frá Eldey og fjarskiptaskermum varnarliðsins sunnarlega á Stafnesi. Fjarlægðin frá fjarskiptaskermunum er hinsvegar sett út frá þríhyrningamælistaðnum Gálgum, enda eru skermarnir ekki merktir í sjókorti nr. 31.

Á loftmynd, sem Landmælingar ríkisins hafa tekið af þessu svæði, hef ég mælt fjarlægðina milli Gálga og fjarskiptaskermisins, sem er lengst frá Gálgum. Samkvæmt því er fjarlægðin um 260 metrar eða um 0,14 sjóm. og áttin frá Gálgum til skermisins um 223° réttvísandi.

Við útsetningu í sjókort nr. 31 get ég ekki fundið, að þessi munur á staðnum, sem fjarlægðin var mæld til, og staðnum, sem hún var sett út frá, hafi mælanleg áhrif á fjarlægð staðanna A og A_1 frá bannsvæðismörkunum, þ. e. línunni réttvísandi vestur frá Stafnesi".

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og öðrum gögnum málsins verður að telja sannað, að skip ákærða, m/b Hafnarnes, SI 77, hafi verið að ólöglegum veiðum innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem mál þetta fjallar um.

Ákvæði laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, eru reist á þeim sjónarmiðum, að skipstjóri beri eindregna fjársektarábyrgð á því, er fiskiskip hans stundar ólöglegar veiðar innan fiskveiðimarkanna. Ákvæði laganna gera og ráð fyrir því, að ekki verði aðrir skipverjar saksóttir fyrir fiskveiðibrot. Samkvæmt þessu verður að telja ákærða ábyrgan fyrir sekt þeirri, sem til hefur verið unnið eftir lagaboðum þeim, sem í ákæru greinir, en honum verður eigi dæmd refsivist til vara, þar sem hann átti ekki saknæman þátt í brotinu.

M/b Hafnarnes, SI 77, er 228 rúmlestir brúttó. Samkvæmt

vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu 21. október 1971, jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til rkissjóðs, kr. 12.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Arngrímur Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. maí 1971.

Ár 1971, laugardaginn 1. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni sakadómara sem dómsformanni og skipstjórunum Halldóri Ingimarssyni og Guðna Jónssyni sem meðdómsmönnum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 210/1971: Ákæruvaldið gegn Arngrími Jónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 30. apríl 1971, höfðað á hendur Arngrími Jónssyni, Hafnartúni 2 á Siglufirði, fæddum 24. júní 1939 á Akureyri, skipstjóra á vélskipinu Hafnarnesi, SI 77, sem er 228 brúttó rúmlestir, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr., 2. tl., reglugerðar nr. 23/1971 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 2. gr., E 5, laga nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndu skipi fimmtudagsmorguninn 29. apríl 1971 í Miðnessjó á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 2. gr., E 5 og E 9, laga nr. 21/1969, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1971 samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971.

Ákærist því nefndur Arngrímur til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 23/1971, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds skips og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Fimmtudaginn 29. apríl 1971 kom varðskipið Óðinn að m/b Hafnarnesi í Miðnessjó, en þá var báturinn að toga með stjórnborðsvörpu. Samkvæmt skýrslu skipherra varðskipsins, Þrastar Sigtryggssonar, var kl. 0915 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

„Eldey, fjarl. 14,8 sjóm.
Gálgar, fjarl. 10,0 sjóm.

gefur það stað bátsins um 0,4 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 0916 var gerð önnur staðarákvörðun, og reyndist hún hin sama og á fyrrgreinda staðnum.

Um kl. 1100 var skipstjóra bátsins sagt að halda til Reykjavíkur, þar sem mál hans verður tekið fyrir.

Kl. 0820 var gerð athugun á lausa hring ratsjárinnar, og reyndist hann sýna 0,2 sjóm. of mikið. Í fjarlægðum hér að framan er reiknað með þessari skekkju.

Athuganir voru gerðar á KH ratsjá af 1. og 2. stýrimanni undir umsjón skipherra.

Veður: ASA 3, regn, sjólítið".

Samkvæmt framburði skipherra, Kristins Jóhanns Árnasonar, 1. stýrimanns, og Hálfdánar Henryssonar, 2. stýrimanns, gerðu stýrimennirnir staðarákvarðanirnar undir umsjón skipherra, og hafa þeir allir staðfest, að ákvarðanirnar séu rétt tilgreindar.

Ákærði, Arngrímur Jónsson, var skipstjóri á m/b Hafnarnesi greint sinn, en báturinn er 228 brúttó rúmlestir. Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi verið sofandi, er mælingar þær fóru fram, er um getur hér að framan. Stýrimaðurinn, Ólafur Rögnvaldsson, hafi verið í brúnni þá. Hann hafi gefið Ólafi þau fyrirmæli um kl. 0400 að fara ekki inn á lokaða svæðið, en nokkru fyrr hafi fjarlægð bátsins frá Eldey verið 13 sjómílur.

Stýrimaðurinn, Ólafur Jóhann Rögnvaldsson, Hlíðarvegi 3, Siglufirði, kveðst hafa verið við stjórn í m/b Hafnarnesi á umræddum tíma. Um nóttina fyrir atvik málsins hafi varpan orðið óklár og ekki komið í sjó fyrr en laust fyrir kl. 0900 um morguninn. Samkvæmt mælingum sínum hafi báturinn þá verið alveg við suðurmörk línunnar og togstefna verið VSV, en hann hafi fljótlega orðið var við varðskipið og breytt þá stefnunni í SSV. Stýrimaðurinn hefur sýnt í dómi staðarákvörðun, er hann

setti út í sjókort rétt eftir köstun um kl. 0900 um morguninn, en eigi hefur hann getað tilgreint, hvaða fjarlægðir hann mældi þá. Stýrimaðurinn hefur talið, að hann hafi ekki farið inn fyrir línu hólfsins greint sinn.

Samkvæmt gögnum málsins liðu um 2 klukkustundir frá mælingum varðskipsmanna, þar til samband var haft við ákærða og honum tilkynnt um kæru. Hefur dráttur þessi eigi verið réttlættur. Þannig gafst hvorki ákærða né skipsmönnum hans kostur á því að staðreyna mælingar varðskipsmanna. Þrátt fyrir hnökra þá, er á hafa orðið að þessu leyti, þykir með staðarákvörðunum varðskipsmanna, er þeir hafa staðfest fyrir dómi, vera sannað, að m/b Hafnarnes hafi á þeim tíma, er í ákæru greinir, verið að togveiðum innan marka þeirra, sem um ræðir í 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971, en þar er lagt bann við togveiðum á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1971 á svæði, sem takmarkast að norðan af línu réttvísandi vestur frá Garðskaga og að sunnan af línu réttvísandi vestur frá Stafnesi út að takmörkum fiskveiðilandhelginnar. Er reglugerð þessi sett með stoð í 2. gr., E 9, laga nr. 62/1962, eins og þau lög hafa breytzt með lögum nr. 21/1969. Hefur skip ákærða verið að veiðum 0.4 sjómílur norðan við syðri mörk þessa svæðis.

Ákærði er sem skipstjóri refsiábyrgur að þessu leyti, þótt fram hafi komið, að hann var ekki við stjórn skipsins, er varðskipsmenn ákvörðuðu stað þess.

Ákærði verður samkvæmt þessu dæmdur í refsingu samkvæmt 1. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 62/1967, sbr. breyting með lögum nr. 21/1969, og verður refsing hans ákveðin með hliðsjón af stærð skipsins og gullgengi íslenzkrar krónu (1 gullkróna: 3.992.93 pappírskrónur) 600.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs.

Vararefsing verður ekki dæmd, þar sem ekki er sannað, að ákærði hafi átt saknæman þátt í brotinu.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, ber að gera veiðarfæri skipsins upptæk til handa Landhelgissjóði svo og afla þann, sem er í skipinu.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Arngrímur Jónsson, greiði 600.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærða er eigi gerð vararefsing við framangreinda sektargreiðslu.

Allur afli og veiðarfæri Hafnarness, SI 77, eru gerð upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjandi síns, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. nóvember 1971.

Nr. 36/1970. **Eiríkur Guðlaugsson**
(Vilhjálmur Þórhallson hrl.)
gegn
Ramma h/f og gagnsök
(Jónas Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. febrúar 1970. Krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 403.434.00 með 7% ársvöxtum frá 24. ágúst 1967 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál í héraði.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. marz 1970. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara*, að kröfur aðaláfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður þá látinn falla niður.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nýrra gagna. Aðaláfrýjandi hefur gefið skýrslu fyrir dómi svo og fram-

leiðslustjóri gagnáfrýjanda, Einar Guðberg Gunnarsson, og vitnin Hafsteinn Ólafsson og Gunnhallur Sigfreð Antonsson. Fram er komið, að gagnáfrýjanda var veitt iðjuleyfi 16. nóvember 1970.

Hinn 24. nóvember 1970 dómkvaddi sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu þá Guðmund Björnsson prófessor og Ólaf Pálsson húsasmíðameistara til að skoða og lýsa trésmíðavél þeirri, sem olli meiðslum aðaláfrýjanda, og kveða m. a. upp álit um búnað vélar þessarar, fyrirkomulag á vinnustað, verkstjórn og það, hvort aðaláfrýjandi hafi beitt rangri eða varhugaverðri vinnuaðferð, er slysið varð. Hafa hinir sérfróðu menn skilað rækilegri álitsgerð hinn 8. maí 1971. Segir þar m. a. svo:

„1. Vélin er trésmíðafræsari, gerð Tegle & Sönner, Maskinfabrikk, Bryne-Norway, typ TSF 911, Mask nr. 4610965. Vinnuborð vélarinnar er 122 cm á lengd og 90 cm á breidd. Spindillinn er í miðju vinnuborðinu, og var snúningshraði hans, er slysið vildi til, 5950 snúningar á mínútu.

Hnífur sá, sem notaður var, hefur tvo gagnstæða arma (axlir) með lengdinni 78.5 mm frá miðju spindilsins. Eggjar hnífsins eru lóðréttar, 6 cm á lengd. Fyrir láréttan skurð var notaður svonefndur forskerari, þ. e. hnífur með láréttri egg, og er armlengd hans 65 mm frá miðju spindils. Þannig sker forskerari 78.5 ÷ 65 = 13.5 mm skemmra inn í efnið en hnífurinn.

Upplýst var við vettvangsgöngu, að sami munur hafi verið á hníf og forskerara eins og þá, er slysið varð.

Með þessum mun verður bitjárnsviðnám óeðlilega mikið, miðað við að forskerari risti jafndjúpt og hnífurinn.

Upplýst var, að eigedur Ramma h/f höfðu látið útbúa áðurnefndan hníf sérstaklega fyrir smíði á gluggaprófílum þeim, er fyrirtækið framleiðir.

Frá spindli og langs eftir borði fræsarans í báðar áttir rís lóðrétt brík, svonefnt land. Afstaða þess til bitjárna ákveða dýpt fals þess, sem fræsa skal.

Fals það, sem verið var að fræsa, var 6 cm á breidd og 2 cm á dýpt. Þvermál þess hrings, sem myndaðist við snúning

hnífsins, var 15.7 cm, og mældist minnsta mögulega bil á milli landa 11.5 cm. ...

Hvorki öryggishlífar eru eða hafa verið tiltækar við notkun vélarinnar né heldur búkkar eða borð til framlengingar vinnuborði hennar. Vélinni fylgir framdrif, sem notað er undir öllum venjulegum kringumstæðum.

Við vettvangsgöngu kom í ljós, að vélinni hefur verið haldið vel við, og er því ástæða til að ætla, að ástand vélarinnar hafi verið gott, þá er slysið varð.

2—3. Planki sá, sem verið var að fræsa úr, var 220—230 cm á lengd, en vinnuborð vélarinnar er, svo sem áður er getið, 122 cm á lengd. Byrjað var að fræsa plankann 54 cm frá enda, og þar sem hnífurinn er í miðju borði fræsarans, stóð helmingur plankans út af borðinu, þegar byrjað var. Eins og áður er getið, voru ekki notaðir búkkar eða borð undir plankaendann, sem út af stóð, en aðstoðarmanni var ætlað að gegna hlutverki þeirra.

Við vettvangsgöngu lýsti Eiríkur Guðlaugsson handtökum þeim, sem notuð voru, þegar slysið vildi til, þannig: Hann þrýsti vinstri hendi utan og ofan á plankann og einnig hægri hendi ofan á plankann rétt aftan við þá vinstri, og stendur hann þá til hliðar við vélina. Báðar hendur voru þá inni yfir borði vélarinnar. Kvaðst Eiríkur hafa treyst mjög á aðstoðarmann sinn (Sigurþór), sem hélt fremri enda plankans að landi og vinnuborði vélarinnar. Þannig byrjaði hann að ýta plankanum fram eftir vinnuborði vélarinnar, og kvaðst hann hafa ætlað Sigurþóri að toga í plankann.

Aðspurðir töldu nærstaddir starfsmenn fyrirtækisins þessi handtök vera þau, er venjulega væru notuð.

Aðferð sú, sem Eiríkur notaði við að fræsa úr plankanum án framdrifs, verður að telja eðlilega undir slíkum kringumstæðum og með fræsara af þessari gerð. Þó hefði verið unnt að saga úr falsinu, áður en fræsað var, eða fræsa falsið í tveim áföngum, og hefði það dregið nokkuð úr slysahættu. Hins vegar eru bitjárn þau, sem notuð voru, ekki af þeirri gerð, er venjulega má telja við slíka vinnuaðferð, og þar að

auki ekki samstæð, þ. e. forskerarinn sker ekki eins langt inn í tréð og hnífurinn, eins og áður er getið.

Óvarlegt verður að telja að nota þessa gerð bitjárna nema aðeins í þeim tilfellum, þegar framdrifi verður við komið. Öruggara hefði verið að nota svonefndan fylltan haus, þ. e. hringlaga festingar fyrir hnífana, og standa þeir í slíkum festingum aðeins 3—4 mm út úr hringnum og valda þar af leiðandi mun minni meiðslum, þó fingur rekist í hnífana. Slíkir hnífar hafa að jafnaði minni fjarlægð frá miðju spindils en hnífur sá, sem notaður var, og er þá hægt að hafa minna bil á milli landa, en slíkt eykur öryggi við þessi störf.

Eins og áður hefur verið getið, þá er aðferð sú, sem notuð var, er slysið vildi til, ekki talin óvenjuleg, þó talið sé, að útbúnaður fræsarans hefði átt að vera annar. Hins vegar verður að telja, að mjög hafi skort á, að handtök þau, sem Eiríkur Guðlaugsson og aðstoðarmaður hans notuðu, væru þau, er venjuleg og öruggust mega teljast. Eiríkur þrýsti með báðum höndum ofan á og á hlið plankans með báðar hendur inn yfir vinnuborði fræsarans og treysti mjög á, að aðstoðarmaður hans, er stóð framan við fræsarann, hefði hönd á plankanum, þrýsti honum að landinu og togaði í, um leið og Eiríkur byrjaði að fræsa.

Þegar byrjað er að fræsa á þennan hátt, er venjan sú, að sá, sem fræsar, standi aftan við fræsarann og þrýsti með vinstri hendi ofan á og á hlið plankans, þá er frá landinu veit, og grípi með hægri hendi undir og utan um neðri brún hans eins langt fyrir aftan vinnuborð fræsarans og unnt er. Er þá staða þess, er fræsar, nokkurn veginn mitt á milli snertingu vinstri og hægri handar við plankann. Þannig er hægt að hafa mjög gott vald á plankanum, enda er nauðsynlegt, að sá sem fræsar, hafi sjálfur algjört vald á efni því, sem unnið er úr, og er hlutverk aðstoðarmanns eingöngu í því fólgið að halda undir framenda plankans, sem út af vinnuborðinu stendur. Hafi sá, sem fræsar, ekki við hendina sérstakan útbúnað til þess að ýta plankanum síðasta spölinn fram eftir vinnuborði fræsarans, þá getur hann falið aðstoð-

armanni sínum að toga í plankann, en það krefst mjög samhæfðra handtaka. ...

5—6. Hægt hefði verið að koma fyrir öryggishlíf, þannig að hönd Eiríks hefði fyrst numið við hlífina, áður en hún snerti hnífana. Slík öryggishlíf hefði dregið nokkuð úr slysahættu, en ekki útilokað hana.

7—8. Ekki er unnt að koma við framdrifi við svo afbrigðilegar aðstæður sem þessar.

9. Við vettvangsgöngu var upplýst af framleiðslustjóra fyrirtækisins, að fræsarinn er notaður til framleiðslu á gluggaprófílum, og við þá framleiðslu er hann jafnan notaður með framdrifi.

Í gluggasamstæðu hverrar íbúðar eru að jafnaði ein til tvær svalahurðir, og þarf þá að fræsa án framdrifs, ef um er að ræða gagnstæð hurða- og gluggaföls í sama pósti.

10. Við vattvangsgöngu gaf framleiðslustjóri fyrirtækisins þær upplýsingar, að framleiddir væru gluggar af ýmsum stærðum og gerðum eftir sérteikningum hverju sinni. Skoðunarmenn telja því, að starfsemi fyrirtækisins verði að flokka undir iðnað, en ekki iðju.

Undirritaðir telja það vera fasta venju, enda ákvarðað í lögum, að menn skulu hljóta fjögurra ára þjálfun, áður en þeir öðlast réttindi og þeim má fela að vinna sjálfstætt iðnaðarstörf.

Eiríkur Guðlaugsson hafði aðeins unnið eitt og hálft ár á verkstæði Ramma h/f, og álíta skoðunarmenn, að á svo skömmum tíma hafi hann ekki getað hlotið fullnægjandi þjálfun í meðferð vélar af einni hinni hættulegustu gerð, en það telja skoðunarmenn, að umræddur fræsari sé, þegar hann er notaður án framdrifs. ...

12. Skoðunarmenn telja, að aðferð sú, sem Eiríkur Guðlaugsson notaði, þá er slysið varð, hafi verið venjuleg undir slíkum kringumstæðum, en hins vegar handtök hans og aðstoðarmanns hans við verkið hafi verið röng, sbr. liði 2—3.

13. Ljóst er af skjölum máls þessa, að á þeim tíma, er slysið varð, hafði enginn af starfsmönnum Ramma h/f réttindi til að hafa verkstjórn þar með höndum.

Skoðunarmenn telja líklegt, að hefði iðnlærður maður haft verkstjórn á hendi, myndi hann ekki hafa falið Eiríki Guðlaugssyni að vinna umrætt verk".

Þegar virt er framangreind álitsgerð og önnur sakargögn, má fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms, að óvarlegt hafi verið, eins og starfsreynslu og verkkunnáttu aðaláfrýjanda var háttað, að fela honum að vinna við „trésmíðafræsarann" án rækilegra leiðbeininga um rétt handbrögð og eftirlits verkstjórnarmanna með því, að hann hlítti þeim leiðbeiningum. Var þetta einkum brýnt vegna þess, að aðaláfrýjandi gat ekki komið því við að nota framdrif „fræsarans" við verk sitt, en bitjárn „fræsarans" voru ósamstæð og því enn hættulegri en ella. Þegar gætt er starfstíma aðaláfrýjanda á verkstæði gagnáfrýjanda og þess, að hann hafði áður unnið við „fræsarann", þykir hann sjálfur þó ekki hafa heldur gætt nægrar varúðar, og mátti honum vera ljóst, að handtök hans voru hættuleg. Samkvæmt þessu þykir rétt, að gagnáfrýjandi bæti aðaláfrýjanda tjón hans að ⅔ hlutum, en aðaláfrýjandi beri sjálfur tjón sitt að ⅓ hluta.

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur hinn 24. ágúst 1970 reiknað örorkutjón aðaláfrýjanda af nýju vegna hækkaðs kaupgjalds. Samkvæmt þeim útreikningi verður verðmæti vinnutekjutapsins, miðað við slysdag, kr. 36.757.00 vegna tímabundinnar örorku og kr. 318.085.00 vegna varanlegrar örorku.

Þegar gætt er framangreindrar sakarskiptingar, þykja bætur til handa aðaláfrýjanda vegna örorku hans hæfilega ákveðnar kr. 160.000.00. Er þá haft í huga, að gagnáfrýjandi greiddi aðaláfrýjanda dagvinnukaup í sex vikur eftir slysið, en aðaláfrýjandi hóf að því búnu störf að nýju hjá gagnáfrýjanda.

Bætur fyrir þjáningar og lýti, þær er gagnáfrýjanda ber að greiða, eru hæfilega ákveðnar kr. 30.000.00.

Samkvæmt framansögðu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda samtals kr. 190.000.00 með 7% ársvöxtum frá 24. ágúst 1967 til greiðsludags. Þá greiði gagnáfrýjandi og málskostnað aðaláfrýjanda í héraði, kr. 35.000.00, þar með talin

málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 28.000.00, og svo málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 80.000.00, þar með talinn útlagður kostnaður aðaláfrýjanda.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Rammi h/f, greiði aðaláfrýjanda, Eiríki Guðlaugssyni, kr. 190.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 24. ágúst 1967 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 35.000.00 í málskostnað í héraði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 28.000.00, og málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 80.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 25. nóvember 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, var höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu, útgefinni 18. febrúar 1969 af Guðrúnu Pétursdóttur, Njarðvíkurbraut 24, Innri-Njarðvík, f. h. ófjárráða sonar síns, Eiríks Guðlaugssonar, gegn Ramma h/f, Ytri-Njarðvík, og til réttargæzlu Tryggingafélaginu Heimi h/f, Reykjavík. Málið var þingfest 18. marz s.l. með framlagningu stefnu í dóm og samþykki stefndu, er létu sækja þing, á fyrirtöku málsins, en stefndu höfðu áður með áritun á stefnu samþykkt, að málið yrði eigi lagt fyrir sáttanefnd.

Í þinghaldi 7. þ. m. lýsti lögmaður sóknaraðilja því yfir, að Eiríkur Guðlaugsson væri nú orðinn lögráða og tæki því við aðild málsins. Með bréfi dómsmálaráðherrans, dags. 28. febrúar 1969, var stefnanda veitt gjafsókn í máli þessu.

Dómkröfur.

Fyrir dóminum gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefnda, Ramma h/f, verði gert að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 376.841.00 með 7% ársvöxtum frá 24. ágúst 1967 til

greiðsludags og málskostnað eftir mati dómarans.

Stefnukröfu sína sundurliðar stefnandi á þann hátt, að annars vegar krefst hann vinnutekjutaps samkvæmt útreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings, kr. 276.841.00, en hins vegar miskabóta, kr. 100.000.00.

Á hendur réttargæzlustefnda, Tryggingafélaginu Heimi h/f, eru engar kröfur gerðar, en Rammi h/f hafði frjálsa ábyrgðartryggingu hjá því fyrirtæki.

Af hálfu stefnda, Ramma h/f, eru gerðar þær kröfur, að Rammi h/f verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og stefnda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt mati hins virðulega réttar. Til vara krefst stefndi, Rammi h/f, þess, að stefnukrafan verði lækkuð mjög verulega og málskostnaður felldur niður.

Af hálfu réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar.

Er málið var tekið til munnlegs flutnings, lagði stefnandi fram dskj. nr. 23, endurútreikning á örorkutjóni, og fékk samþykki stefnda fyrir hækkun dómkröfunnar í samræmi við niðurstöðutölur hins nýja útreiknings, og eru endanlegar dómkröfur stefnanda þá þær, að stefnda, Ramma h/f, verði gert að greiða honum kr. 403.434.00 með 7% ársvöxtum frá 24. ágúst 1967 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu úr hendi stefnda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Krafa stefnanda er í tveim liðum:

1) Bætur vegna tímabundinnar örorku og varanlegrar .. .. kr. 303.434.00
2) Miskabætur .. .. — 100.000.00

en samtals nema kröfur þessar stefnufjárhæðinni.

Málavextir.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 24. ágúst 1967 var Eiríkur Guðlaugsson, fæddur 31. júlí 1949, við vinnu sína í gluggaverksmiðju stefnda, Ramma h/f.

Vann Eiríkur með öðrum manni, Sigurþóri Þorleifssyni, Skólavegi 9, Keflavík, að því að fræsa hurðarkarm í fræsara. Er þeir voru að renna einu stykkinu í gegnum vélina, varð það slys, að Eiríkur lenti með vinstri höndina í fræsaratönninni og missti við það framan af tveim fingrum.

Lögreglan í Keflavík var kvödd til og kom á staðinn, og voru teknar ljósmyndir af slysstaðnum og aðstæður athugaðar.

Stefnandi skýrir sjálfur svo frá í lögregluskýrslu þann 31. ágúst 1967:

„Ég er búinn að vinna í verksm. Ramma h/f í eitt og hálft ár og hefi unnið í öllum vélum þar, eftir því sem þurft hefur. Í það sinn, er ég slasaði mig, var ég að vinna í fræsaranum, var að fræsa hurðarkarm, sem er gluggapóstur um leið. Þar eð ekki mátti fræsa karminn alveg til enda, gat ég ekki notað framdrifið, svo ég varð að halda við karmstykkið með höndunum. Af einhverjum orsökum tók fræsarinn karmstykkið úr höndunum á mér, og rak ég tvo fingur vinstri handar í fræsaratennurnar, sem hjuggu framan af fingrunum, missti ég framan af sleikjufingri og löngutöng.

Ég get ekki meint, að þetta óhapp hafi verið fyrir neina handvömm hjá mér, ég er þaulvanur að vinna með þessari vél, eins og ég hefi áður sagt.

Ekkert var fyrir mér á gólfi eða annars staðar, er ég þurfti að athafna mig".

Þessa skýrslu sína staðfesti Eiríkur síðan fyrir sakadómi Keflavíkur þann 6. september 1967.

Í vitnaleiðslu, er fram fór 6. maí 1969, dregur stefnandi nokkuð í land með fyrri orð sín, en þá er bókað eftir honum:

„Mættur segir, að hann hafi verið orðinn talsvert vanur því að vinna svona verkefni sem aðstoðarmaður annarra, en þetta hafi verið eitt af fyrstu verkefnum, sem mættur vann sjálfstætt með aðstoðarmann með sér.

Mættur segir, að þeir hafi verið búnir að vinna við að fræsa þennan dag, þetta hafi ekki verið fyrsta stykkið, sem þeir þurftu að fræsa þennan dag".

Um vinnutilhögunina segir stefnandi frekar, að hann hafi staðið og ýtt á stykkið, sem verið var að vinna, en Sigurþór hafi tekið á móti.

Eins og áður getur, vann með stefnanda við þessa vél Sigurþór Árni Þorleifsson, fæddur 19. desember 1948. Sigurþór Árni skýrir svo frá í lögregluskýrslu, sem tekin var af honum þann 31. ágúst 1967:

„Ég vinn í verksmiðjunni Ramma h.f. hér í bænum og var þar við vinnu þann 24. þ. m., er Eiríkur Guðlaugsson slasaði sig á einni vélinni þar.

Eiríkur var að vinna þarna við fræsarann og var að fræsa hurðarkarm. Þar eð karm þennan átti ekki að fræsa að öllu til enda, varð að leggja hann að hnífnum með handafli og halda honum í stað að geta rennt karmstykkinu í fræsarann og látið hann halda við sjálfan.

Ég veit ekki eða geri mér ekki grein fyrir því, hvers vegna Eiríkur missti af karminum og hönd hans slapp að fræsaratönninni, sem hjó strax af fingrunum.

Ég er það mikill nýliði þarna, að ég get lítinn eða engan dóm lagt á, hvers vegna eða af hverju svona lagað getur orsakazt, ef nokkur sérstök orsök er, þetta og sams konar slys virðast mér geta komið fyrir hvern sem er.

Ekki man ég til þess, að neitt sérstakt rusl væri á gólfi eða við fræsarann, annað en spænir á bak við hann, ekkert, sem hét framan við hann".

Sigurþór kom fyrir dóminn 6. maí 1969 sem vitni. Er vitnisburður hans í aðalatriðum samhljóða skýrslu stefnanda, en um spýtuna, sem verið var að vinna, er óhappið varð, er eftirfarandi bókað: „Mættur segir, að endinn sín megin hafi verið svo stuttur, að hann hafi ekki náð út af borðinu, og segist mættur því ekki hafa getað togað í, heldur aðeins getað haldið spýtunni að landinu. Mættur segir, að spýtan hafi skotizt í áttina til Eiríks".

Um verkstjórn á vinnustað segir stefnandi fyrir dómi 6. maí 1969, að Gunnhallur Antonsson verkstjóri hafi ekki verið við þennan dag, en hann (stefnandi) hafi snúið sér til Einars Gunnarsson, ef þörf hafi verið fyrir leiðbeiningar eða aðstoð. Þannig hafi Einar verið með teikningar af verkefnum og þeir hafi skoðað þær og merkt inn á spýturnar.

Frásögn vitnisins Sigurþórs Þorleifssonar er í aðalatriðum í samræmi við framburð stefnanda, hvað þetta snertir. Vitnið segist telja, að reyndari menn á verkstæðinu hafi verið búnir að segja sér og Eiríki til, hvernig ætti að vinna verkið, og heldur, að Einar hafi varað þá við að fara óvarlega, en segist þó ekki muna það glöggt.

Einar Guðberg Gunnarsson, fæddur 9. janúar 1948, kom fyrir dóminn sem vitni 21. maí 1969.

Kvaðst Einar hafa unnið hjá Ramma h/f frá því á sama ári og fyrirtækið hóf starfsemi sína, en ekki hafa nein iðnréttindi. Vitnið sagði, að Gunnhallur Antonsson hafi verið verkstjóri, en segir síðan:

„Ég sá að mestu leyti um þetta verk, sem var þarna, vegna fjarveru Gunnhalls". Vitnið sagði, að það hefði gefið Eiríki þær leiðbeiningar, sem hann fékk á annað borð, og kennt honum vinnubrögð, a. m. k. að meiri hluta, en þeir hafi oft unnið saman undir stjórn Gunnhalls og einnig undir stórn Hafsteins Ólafssonar.

Vitnið segist yfirleitt hafa merkt inn á spýturnar sjálft, en er

þó ekki alveg visst um, að svo hafi verið með þessa spýtu, sem verið var að vinna, er slysið varð. Þá segir vitnið, að vélarnar, sem unnið sé með, séu einfaldar og mennirnir vinni til skiptis með vélunum eftir því, hvað framleiðslan á hverju „partíi" sé komin langt. Vitnið sagði einnig, að Hafsteinn Ólafsson, stofnandi fyrirtækisins, hafi komið framleiðslunni af stað og kennt starfsmönnunum nauðsynleg handtök við þessa vinnu.

Í málinu liggur fyrir vottorð, dags. 25. október 1968, frá Arnbirni Ólafssyni, lækni í Keflavík, sem stundaði stefnanda, og er það svohljóðandi:

„Eiríkur Guðlaugsson, Njarðvíkurbraut 24, Innri-Njarðvík, slasaðist hinn 24. ágúst 1967, er hann lenti í trésmíðavél (fræsara), og tættust tveir fingur (langatöng og baugfingur) vinstri handar, þannig að taka varð framan af báðum fingrunum, þannig að hann missti tvo köggla framan af löngutöng, en fremsta köggul og hluta af öðrum af baugfingri.

Sárin greru vel, en maðurinn var frá vinnu í sex vikur og var þá samt fjarri því að vera albata.

Maðurinn er örvhentur, og eru meiðsli hans þessvegna miklum mun bagalegri, þar sem þetta er hans aðalhönd.

Maðurinn kvartar enn um óþægindi í fingurstúfunum, einkum kulda".

Í málinu liggur einnig fyrir örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, dags. 15. nóvember 1968, en þar segir:

„Maðurinn kom til viðtals hjá undirrituðum hinn 7/11 '68. Hann skýrir frá slysinu, eins og fram kemur hér að framan. Hann kveðst hafa verið frá vinnu í 6 vikur.

Núverandi óþægindi: Kvartar um kuldadofa og seyðingsverk í fingurstúfum. Þeir eru viðkvæmir átöku. Hann vinnur svipaða vinnu og áður.

Skoðun: Hann er örvhentur. Vinstri handlimur: Það vantar eina kjúku á IV. fingur og eina og hálfa kjúku á III. fingur. Það er vel gróið fyrir stúfana, og fingur rúllast vel inn í lófann.

Ályktun: Hér er um að ræða 19 ára gamlan pilt, sem slasaðist við vinnu sína fyrir rúmlega einu ári. Við slysið þá missti hann framan af 2 fingrum vinstri handar, en hann er örvhentur.

Vegna slyssins þá hefur hann hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 1 mánuð 100% örorka
Í 1 — 75% —

Í 1 mánuð 50% örorka
Í 1 — 25% —
Í 1 — 15% —
Og síðan varanleg örorka 8%".

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón stefnanda, og er niðurstaða hans, eftir að rakið hefur verið örorkumat Páls Sigurðssonar, sem hér segir:

„Eiríkur er sagður fæddur 31. júlí 1949 og hefur því verið 18 ára á slysdegi.

Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum Eiríks árin 1965—1967 hafa vinnutekjur hans tvö heilu almanaksárin fyrir slysið og slysárið verið:

Árið 1965 ..... kr. 112.526.00
— 1966 ..... — 116.809.00
— 1967 ..... — 196.323.00

Tekna þessara hefur hann aflað sem verkamaður. Þegar slysið varð, vann hann hjá Ramma h.f. í Ytri-Njarðvík.

Þegar um svo unga menn er að ræða, er sjaldnast hægt að nota skattframtalstekjur. Eiríkur hefur þó sýnt, að hann hefur þrátt fyrir ungan aldur aflað sér verulega hærri tekna en venja er að áætla unglingum. Ég mun hér áætla framtíðartekjur á tvo vegu. Í fyrsta lagi nota ég tekjur hans árið 1967 umreiknaðar til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingu á töxtum verkamanna. Sleppt er verkfallstímanum s.l. vor.

Í öðru lagi geri ég á 22. aldursári ráð fyrir 2. taxta Dagsbrúnar verkamanna, 44 dagvinnustundum á viku og 10 eftirvinnutímum í 47⅓ viku á ári, 7% orlofi. Á 21. aldursári eru notuð 95% þessara tekna, á 20. aldursári 90% og á 19. aldursári 85%. Frá 27½ árs aldri, sem er meðalgiftingaraldur ísl. karla, er gert ráð fyrir meðaltekjum kvæntra verkamanna samkv. nýjustu úrtakstölum Efnahagsstofnunarinnar. Hækkunin frá 22. aldursári til 27½ árs dreift jafnt á árin þar á milli.

I. Notaðar skattframtalstekjur árið 1967.

Næsta tafla sýnir áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum tekjum og örorkan er metin:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 196.240.00	kr. 53.749.00
2. — — —	— 220.371.00	— 17.630.00
Síðan árlega	— 222.708.00	— 17.817.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 36.757.00
Vegna varanlegrar örorku	— 240.084.00
Samtals	kr. 276.841.00

Hér er reiknað með 8% varanlegri örorku frá slysdegi og tímabundinni örorku, jafnri metinni örorku, að frádregnum 8%.

II. Annar taxti Dagsbrúnar og úrtakstölur Efnahagsstofnunarinnar.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap verður:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
Á 19. aldursári	kr. 107.762.00	kr. 36.453.00
- 20. —	— 141.424.00	— 11.314.00
- 21. —	— 152.206.00	— 12.176.00
- 22. —	— 160.217.00	— 12.817.00
- 23. —	— 171.382.00	— 13.711.00
- 24. —	— 186.269.00	— 14.902.00
- 25. —	— 201.156.00	— 16.092.00
- 26. —	— 216.043.00	— 17.283.00
- 27. —	— 230.930.00	— 18.474.00
- 28. —	— 245.817.00	— 19.665.00
Síðan árlega	— 249.539.00	— 19.963.00

Verðmæti á slysdegi nemur:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 29.980.00
Vegna varanlegrar örorku	— 224.524.00
Samtals	kr. 254.504.00

Hér er varanlega örorkan einnig reiknuð frá slysdegi.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu".

Áður en málið var tekið til munnlegs flutnings, lagði stefnandi fram nýjan og hærri örorkutjónsútreikning frá Þóri Bergssyni tryggingafræðingi, er byggist á verulegum hækkunum á kauptöxtum verkamanna, og segir svo í þessu nýja bréfi frá Þóri Bergssyni til lögmanns stefnanda:

„Frá því ég í útreikningi, dagsettum 16. des. 1968, reiknaði örorkutjón Eiríks Guðlaugssonar, hafa átt sér stað mjög verulegar hækkanir á kauptöxtum verkamanna. Þér hafið því farið þess á leit, að ég endurreikni tjón Eiríks með tilliti til þessara breytinga.

Fyrri útreikningur minn var tvískiptur. Í fyrsta lagi voru notaðar skattframtalstekjur hans árið 1967. Ástæðan fyrir því, að sú leið var valin, var sú, að Eiríkur hafði sýnt óvenjulega tekjuöflunarhæfni af svo ungum manni. Í öðru lagi var notuð sú leið, sem venjulega er farin við áætlun tekna unglinga.

Ég hef hér endurreiknað fyrri aðferð útreiknings míns og nota þá þær breytingar, sem orðið hafa á 2. taxta Dagsbrúnar, þ. e. þann taxta, sem gildir fyrir aðstoðarmenn í fagvinnu. Mesta breytingin varð við samningana 19. maí s.l., og síðan aftur breyting vegna vísitöluhækkunar 1. sept. s.l. Með þessari aðferð fást eftirfarandi tölur yfir framtíðar vinnutekjur og vinnutekjutap:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 196.240.00	kr. 53.749.00
2. — — —	— 225.515.00	— 18.041.00
Síðan árlega	— 250.656.00	— 20.052.00

Verðmæti vinnutekjutapsins reiknast þá á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 36.757.00
Vegna varanlegrar örorku	— 266.677.00
Samtals	kr. 303.434.00

Er þannig um 9.606% hækkun að ræða. Ég hef ekki reiknað út breytingar, sem orðið hafa á niðurstöðu seinni aðferðar minnar. Hinsvegar má augljóslega sjá, að hækkunin á verðmæti tjóns vegna varanlegrar örorku hefur orðið hlutfallslega meiri, vegna

þess að dagvinnukaup hækkaði hlutfallslega meira en eftir- og næturvinnukaup við samningana 19. maí s.l. Skýringin er sú, að í seinni aðferðinni vegur dagvinnukaupið þyngra en í fyrri aðferðinni.

Við útreikninginn hef ég notað sömu forsendur og í fyrri útreikningi".

Málsástæður.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að öryggisbúnaði fræsarans hafi verið ábótavant og hlíf hafi vantað, en einkum þó á því, að það hafi verið óforsvaranlegt að láta svo ungan og óreyndan mann vinna við jafnvandmeðfarið tæki og fræsarann, auk heldur stjórna honum, enda hafi vinnufélagi hans verið aðeins 18 ára að aldri og nýbyrjaður að vinna hjá stefnda, en enginn verkstjóri hafi verið til staðar. Þá vísar stefnandi einnig til þess, að þar sem engin rannsókn hafi farið fram á aðdraganda slyssins og aðstæðum af hálfu Öryggiseftirlits ríkisins, sbr. 26. gr. laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, eigi stefndi því að bera halla af því, ef einhver atriði málsins séu eigi nægilega upplýst.

Stefnandi byggir bótaupphæðina á örorkumati Páls Sigurðssonar og örorkuútreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings og telur, að leggja beri útreikninginn til grundvallar.

Við munnlegan flutning málsins lagði lögmaður stefnanda einkum áherzlu á hið síðarnefnda og þá jafnframt, að verkið, sem þarna var unnið, hafi ekki verið á færi stefnanda sökum ungs aldurs hans og þess, hve litla reynslu hann hafði við vinnu á vél þessari, og einnig hafi skort á eftirlit og leiðbeiningu af hálfu stefnda og stefnanda hafi ekki verið bent á að vinna verkið á hættuminni hátt.

Þá tók lögmaður stefnanda það fram til að fyrirbyggja allan vafa, að bótakrafan væri byggð á því, að um sök væri að ræða hjá stefnda og þá vegna eftirlitsleysis eða skorts á leiðbeiningarskyldu. Hins vegar væri ekki byggt á reglum um hlutlæga ábyrgð atvinnuveitanda.

Um miskabótakröfuna tók lögmaður stefnanda það fram, að stefnandi hefði af þessu slysi mikið lýti og óþægindi og fyndi fyrir kuldadofa í fingurstúfunum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að öryggisbúnaður allur á vinnustað hafi verið í fullkomnu lagi, og í öðru lagi hafi tjónþoli fengið ítarlegar og fullnægjandi leiðbeiningar ásamt æfingu við notkun vélar þeirrar, sem hann var að vinna við, er hann slasaðist. Þá mótmælir stefndi með öllu fullyrðingum um vöntun

á öryggisútbúnaði og telur, að framburður stefnanda á dskj. 3 stangist á við fullyrðingar lögmanns stefnanda um reynsluleysi stefnanda.

Þá heldur lögmaður stefnda því fram, að undirtónn í öllum skýrslum stefnanda gefi það til kynna, að hann hafi þekkt sitt starfssvið og þau verk, er honum bar að vinna, þótt ekki bæri að líta á hann sem lærðan trésmið.

Stefndi hafi ekki sýnt af sér neina sök í máli þessu og beri því að sýkna hann af kröfum stefnanda.

Stefndi gerir varakröfu í máli þessu og byggir hana á því, að fari svo, að verði stefndi talinn bera bótaábyrgð á slysi þessu að einhverju leyti, þá sé skipting sakar réttmæt niðurstaða og þá á þá lund, að stefnandi verði látinn bera verulegan hluta af ábyrgð á tjóni þessu, og vísar í því sambandi til fyrrgreindra raka.

Varðandi tölulegu hlið máls þessa þá mótmælir stefndi bótakröfu samkvæmt 1. lið sem of hárri, enda styðjist hún við óeðlilega háan grundvöll, svo og að ekki er metið til frádráttar sú staðreynd, að bætur sem þessar eru ekki skattskyldar. Þá hafi ekki verið litið til þess, að stefnandi á eftir að velja sér lífsstarf, og mun væntanlega geta valið sér það starf, sem örorkan bagar hann minnst.

Loks bendir lögmaður stefnda á, að á þeim tíma, er örorka stefnanda á að vera 100%, sbr. dskj. nr. 11, hafi hann haft í tekjur kr. 11.124.00, sbr. dskj. nr. 21, auk þess sem hann hafi haft verulegar tekjur á þeim tíma, er tímabundna örorkan tekur til, þannig að tjón hans vegna hennar hafi verið hverfandi.

Um varanlegu örorkuna tekur lögmaður stefnda það fram, að stefnandi sé ungur maður, sem hafi ekki valið sér lífsstarf, og það hafi ekki komið fram, að örorkan hafi skert aflahæfi hans, svo sem gert sé ráð fyrir í örorkumati. Lögmaður benti á, að stefnandi væri nú háseti á aflaskipinu Jóni Garðari, GK, og hefði þar góðar tekjur.

Um miskabætur sérstaklega mótmtælir lögmaðurinn þeim og telur, að ekki hafi verið hafðar uppi neinar málsástæður, er réttlæti þær, auk heldur sé krafan of seint fram komin, en til vara er þeim mótmælt sem of háum.

Álit dómsins.

Eiríkur Guðlaugsson er rösklega 18 ára að aldri, er hann verður fyrir því slysi við vinnu sína að missa framan af tveim fingrum, tvo köggla af löngutöng og 1 köggul og hluta annars framan af baugfingri.

Málefni það, er hér er til úrlausnar, fjallar um, hvort telja beri, að um einhverja sök sé að ræða hjá vinnuveitanda stefnanda, stefnda í máli þessu, enda verður hér eigi fjallað um hlutlæga ábyrgð vinnuveitanda.

Stefnandi byggir málssókn sína öðrum þræði á því, að skort hafi á öryggisbúnað vélar þeirrar, er stefnandi starfaði við, er slysið varð, þannig að öryggishlíf hafi vantað.

Á dskj. 15, bréfi Tryggingafélagsins Heimis h/f til lögmanns stefnda, er að finna nokkrar upplýsingar um þetta atriði, en þar segir:

„Í símtali við verkstjóra Ramma h.f. hinn 13/11 '68 spurðum við hann að því, hvort ekki hafi verið hlíf á vélinni, þá er tjónið skeði, og svaraði hann því til, að engin hlíf hafi komið með henni og þar af leiðandi engin hlíf til. Ennfremur spurðum við hann, hvort ekki myndi hægt að koma fyrir hlíf við verk eins og um ræðir, og svaraði hann því til, að slíkt kæmi ekki til greina. Þá höfðum við samband við Markús (Kristinsson) hjá Öryggiseftirliti ríkisins, og kvað hann vélar af þessari gerð hafa komið án hlífa. Hann benti á, að nú væru komin framdrif, sem loka og ýta verkefninu áfram, en ekki skylda að setja slíkt á eldri gerðir, þó virðist slíkur útbúnaður hafa verið settur á þessa vél, sbr. framburð tjónþola".

Þessu hefur eigi verið andmælt af hálfu stefnanda, og verður það því lagt til grundvallar og litið svo á, að öryggisútbúnaður vélarinnar hafi eftir atvikum verið fullnægjandi og stefnandi geti þannig ekki byggt bótakröfu sína á þeirri málsástæðu.

Þá hefur því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að varhugavert hafi verið að láta hann vinna við þetta trésmíðatæki, „eins og á stóð", en með því er átt við, að hann hafi verið ungur og reynslulítill, aðstoðarmaður hans reynslulaus að kalla og enginn verkstjóri til staðar.

Það hefur komið fram í málinu, að samstarfsmaður stefnanda hefur verið reynslulítill, enda hafði hann einungis unnið skamman tíma hjá stefnda. Stefnandi hafði hins vegar unnið hjá stefnda í hálft annað ár að eigin sögn, en hins vegar hefur hann sagt fyrir dómi, að þetta hafi verið eitt af fyrstu verkum, er hann hafi unnið sjálfstætt.

Hinir sérfróðu meðdómsmenn hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að höfuðástæðan fyrir slysi þessu hafi verið, að stefnandi hafi beitt rangri aðferð við að fræsa umræddan hurðarkarm, þannig að í stað þess að saga úr stykkinu fyrst með sög og fræsa

síðan burt léttan spón eða með því að fræsa úr spýtunni í tvennu lagi, þá hafi stefnandi ætlað að fræsa það, sem úr spýtunni þurfti að taka, í einu lagi, en slíkt sé mjög varhugavert, ekki sízt, þar sem öxin í fræsaranum var svo breið sem raun var á.

Með tilliti til þess, sem á undan er rakið, og þess, að stefnandi vinnur verkið á rangan hátt átölulaust, þykir því einsýnt, að verkstjórn af hálfu stefnda, Ramma h/f, hafi verið ábótavant.

Þá þykir framangreint einnig benda til þess, að verulega hafi skort á leiðbeiningar af hendi stefnda, Ramma h/f, til starfsmanna um notkun véla fyrirtækisins, enda virðist stefnanda ekki kunnugt um aðra aðferð við notkun vélarinnar en þá, er hann beitir, þá er slysið verður.

Með skírskotun til ofanritaðs þykir verða að leggja verulegan hluta sakar í máli þessu á hendur Ramma h/f, en ekki þykir unnt að komast hjá því að leggja nokkurn hluta sakar á hendur stefnanda sjálfum vegna þess gáleysis, sem hann hefur sýnt af sér við stjórn vélarinnar, og er þá tekið tillit til þess, að hann hafði, er slysið varð, unnið hjá stefnda í eitt og hálft ár og unnið þar á öllum vélum, eftir því sem þurfti, og var enda ljóst, að hann var þarna að vinna við hættulegt verkfæri.

Hefur dómurinn komizt að þeirri niðurstöðu, að hæfilegt sé að skipta sök þannig, að stefnandi beri ¼ hluta tjónsins sjálfur, en stefndi, Rammi h/f, beri ¾ hluta.

Um upphæð bótanna telur dómurinn, að taka verði tillit til, auk skattfrelsis þeirra, að stefnandi hefur valið sér starf sem háseti á fiskiskipi og hefur því naumast svo mikinn baga af meiðslum sínum sem í örorkumati greinir, og jafnframt að í reynd er síður en svo, að tímabundna örorkan hafi skert aflahæfi hans, svo sem örorkumat gerir ráð fyrir. Þykja örorkubætur því hæfilega ákveðnar kr. 150.000.00. Um miskabætur er það að segja, að ljóst er, að stefnandi hefur af slysinu hlotið nokkur lýti og haft af því óþægindi og þjáningar. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar kr. 30.000.00. Af þessum upphæðum verður stefnda því gert að greiða ¾ hluta, eða kr. 135.000.00, með 7% ársvöxtum frá 24. ágúst 1967 til greiðsludags. Auk þess greiði stefndi stefnanda kr. 30.000.00 í málskostnað, og er þá tekið tillit til útlagðs kostnaðar samkvæmt framlögðum reikningum.

Dóm þennan kvað upp Kristján Torfason, fulltrúi sýslumanns, ásamt meðdómsmönnunum Kristni Guðjónssyni húsgagnasmíðameistara og Gunnlaugi Þorfinnssyni húsgagnasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Rammi h/f, greiði stefnanda, Eiríki Guðlaugssyni, kr. 135.000.00 með 7% ársvöxtum frá 24. ágúst 1967 til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. nóvember 1971.

Nr. 39/1970. **Guðjón Sverrir Sigurðsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs
(Páll Líndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lóðarsamningur. Vanefndir. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1969. Sú málssókn féll niður 2. febrúar 1970 vegna útivistar áfrýjanda. Hann áfrýjaði máli þessu af nýju til Hæstaréttar hinn 24. febrúar 1970 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962. Hann gerir þessar dómkröfur:

„1. Að stefnda verði dæmt að fjarlægja steinhús Stefáns Árnasonar af byggingarlóðinni nr. 8 við Grímshaga, Reykjavík, að viðlögðum dagsektum, kr. 1.000.00 á dag, er renni til" áfrýjanda og honum „jafnframt afhentur til umráða lóðarskiki sá af lóðinni nr. 8 við Grímshaga, er húsið stendur á.

2. Að stefnda verði dæmt að greiða" áfrýjanda „bætur, kr. 175.000.00 ásamt 8% vöxtum á ári frá 24. október 1966 til greiðsludags".

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans um sýknu að svo stöddu af 1. kröfulið í kröfugerð hans hér fyrir dómi.

Telja verður, að áfrýjandi eigi skaðabótakröfu á hendur stefnda vegna vanefnda á afhendingu lóðarskika þess, er í málinu greinir. Mál þetta er þó enn ekki fyllilega reifað um skaðabótaskylduna, t. d. er eigi nægilega í ljós leitt, hvort áfrýjanda hafi verið fyrirmunað að gera íbúð hússins á jarðhæð, þá er mál þetta fjallar um, nothæfa vegna vanefndar á afhendingu lóðarskikans. Að svo vöxnu máli telst rétt að sýkna stefnda að svo stöddu einnig af skaðabótakröfu áfrýjanda.

Eftir atvikum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 45.000.00.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á máli þessu.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Guðjóns Sverris Sigurðssonar, í máli þessu að svo stöddu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 45.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi hefur haldið því fram fyrir Hæstarétti, að stefnda hefði verið rétt samkvæmt heimild í 26.—28. gr. laga nr. 19/1964 að taka eignarnámi lóðarskika þann, er í málinu greinir, og afsala honum síðan áfrýjanda.

Framangreind lagaákvæði veittu stefnda ekki rétt til að beita eignarnámi, eins og hér stóð á, og óhnekkt er gögnum, sem stefndi hefur fært fram fyrir því, að ekki hafi verið

á hans valdi að afla áfrýjanda eignarráða yfir lóðarskikanum með samningnum við eiganda hans. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. marz 1969, hefur stefnandi, Guðjón Sv. Sigurðsson, Grímshaga 8, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 24. október 1966, á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar og gerir eftirfarandi kröfur:

1. Að stefnda verði gert að fjarlægja steinhús Stefáns Árnasonar af byggingarlóðinni nr. 8 við Grímshaga í Reykjavík að viðlögðum dagsektum, kr. 1.000.00 á dag, er renni til hans.

2. Að stefnda verði dæmt að greiða sér kr. 200.000.00 í bætur fyrir fjárhagstjón, er hann hefur beðið vegna vanefnda þessara, svo og að stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað að skaðlausu. Við munnlegan málflutning breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að stefnda yrði dæmt að greiða honum kr. 175.000.00 í bætur fyrir fjárhagstjón að viðbættum kr. 25.000.00 vegna minnkandi verðgildis peninga og að stefnda verði dæmt til að greiða honum 1% vexti á mánuði af hinni tildæmdu fjárhæð frá stefnudegi til greiðsludags. Enn fremur krafðist hann þess, að stefnukrafa sín yrði túlkuð þannig, að í henni felist afhending til sín á þeim lóðarskika, er umrætt steinhús stendur á.

Af hálfu stefnda voru þessar breytingar á kröfugerð stefnanda samþykktar. Stefndi gerir eftirfarandi kröfur:

1. Aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

2. Til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

3. Til þrautavara, að dagsektir falli þá fyrst á, þegar gefizt hefur hæfilegur tími að mati dómsins til að afla þeirra eignar-

námsheimildar, sem áskilin er í 28. gr. laga nr. 19/1964, þ. e. að fá staðfestingu aðalskipulags Reykjavíkur og í framhaldi af því staðfestingu deiliskipulags byggingarreitsins milli Suðurgötu, Fálkagötu, Tómasarhaga og Grímshaga. Þá verði og, áður en dagsektir falla á, ætlaður hæfilegur tími til að framkvæma eignarnámið, sbr. 29. gr. i. f. laga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 61/1917, og yrði þá að miða við það, að málið kæmi til yfirmats. Sýknu er krafizt af greiðslu allra skaðabóta og málskostnaðar krafizt úr hendi stefnanda.

4. Til ýtrustu þrautavara er þess krafizt, að skaðabætur og dagsektir verði stórlega lækkaðar, enda falli þá málskostnaður niður.

Sátta var leitað, en árangurslaust.

Þann 2. maí var málið endurupptekið til frekari gagnasöfnunar, og fór munnlegur málflutningur og dómtaka fram sama dag. Aðiljar gera sömu kröfur og áður.

Málsatvik eru þessi:

Árið 1957 úthlutaði borgarsjóður Reykjavíkur stefnanda leigulóð undir einbýlishús við Grímshaga 8 hér í borg. Stærð lóðarinnar skyldi vera samkvæmt uppdrætti, er fyrir liggur í málinu, 637 m^2.

Í norðaustur horni lóðarinnar stendur steinskúr, eign Stefáns Árnasonar, sem mun vera hluti af gömlum útihúsum frá Fálkagötu 9, nú 7–9.

Þau mistök urðu í mælingadeild borgarinnar við gerð uppdráttar með lóðarsamningi um Grímshaga 8, að þess var eigi gætt að auðkenna umræddan skika. Af þessum sökum leiddi og, að sá starfsmaður borgarinnar, sem annaðist gerð lóðasamninga, gætti þess ekki heldur að hafa í lóðarsamningi við stefnanda fyrirvara um það, að lóðarskiki þessi væri undanþeginn lóðarúthlutuninni.

Vorið 1958 lágu fyrir uppdrættir Gunnars Hanssonar húsateiknara að húsi á lóðinni nr. 8 við Grímshaga, og hlutu þeir staðfestingu byggingaryfirvalda. Var samkvæmt uppdráttum þessum ákveðið að byggja tvílyft einbýlishús á lóðinni. Fyrirhuguð var lítil séríbúð í suðaustur horni neðri hæðar og bílskúr við norðaustur horn þess. Fljótlega mun hafa verið hafizt handa um húsbygginguna, og mun henni hafa verið í aðalatriðum lokið á árinu 1960 eða 1961, en þeir annmarkar urðu á vegi, að ókleift var að byggja bílskúrinn, þar sem áðurgreindur steinskúr í norðaustur horni lóðarinnar var þar í vegi. Hefur stefnandi enn búið

við það ástand óbreytt.

Lagt hefur verið fram í málinu minnisblað með athugasemdum Tómasar heitins Jónssonar borgarlögmanns, er á þeim tíma hafði með þessi mál að gera. Minnisblað þetta er ódagsett, en þar er tekið fram, að við úthlutun lóðarinnar Grímshaga 8 þurfi að hafa fyrirvara um skúr þeirra erfðaleigjenda Garðsholtsbletts 4 og skákina frá Fálkagötu 9. Auk þess þyrfti að gera upp við Daníel Tómasson endurgjaldsverð fyrir Garðsholtsblett 4. Eftir þessari athugasemd hefði þurft að hafa fyrirvara um skika þann í norðaustur horni lóðarinnar á þann veg, að lóðarhafi að Grímshaga 8 fengi eigi afnot hans, fyrr en borgarsjóður hefði öðlazt eignarumráð að honum.

Þann 13. júlí 1966 ritar stefnandi stefnda bréf, þar sem hann krefst þess, að stefndi fjarlægi áðurgreindan steinskúr og að sér verði mæld út lóðin við Grímshaga 8 samkvæmt mæliblaði, er viðfest var við lóðarsamning milli stefnanda og stefnda, dagsettan 21. desember 1960, en steinskúr þessi sé því til fyrirstöðu, að hann geti byggt bílskúr, svo sem gert er ráð fyrir í skipulagsuppdrætti að lóðinni, en af þeim sökum hafi hann ekki getað lokið innréttingu á íbúð í austurhluta hússins, þar sem hann hafi orðið að nota hana sem bílskúr. Fer hann þess á leit við borgarsjóð, að honum verði mæld út á ný lóðin við Grímshaga 8 og umrædd mannvirki fjarlægð innan tveggja vikna. Að öðrum kosti sé honum ekki annað fært en að krefjast bóta úr hendi borgarsjóðs vegna rýrðra afnota af húseign sinni og öðrum óþægindum, sem af þessum vanefndum Reykjavíkurborgar hafa stafað.

Þessu bréfi hafi stefndi aldrei svarað og hafi hann því neyðzt til að höfða mál það, sem hér liggur fyrir.

Stefnandi kom fyrir dóm 2. október 1967. Þar skýrði hann frá, að á misskilningi væri byggt í greinargerð málsins, að kjallari sé undir húsinu, en eitt herbergi, hitunarherbergi, sé þó niðurgrafið. Íbúð sú, sem er gert ráð fyrir og stefnandi hefur ekki getað innréttað, sé aftur á móti á jarðhæð í austurenda hússins.

Þá skýrði stefnandi enn fremur frá, að nýtt skipulag hafi verið samþykkt á umræddu svæði á árinu 1965, sbr. skipulagsuppdrátt á dskj. nr. 11. Hann tók fram, að samkvæmt hinu nýja skipulagi eigi lóð hans að breikka til austurs um ca. 4½ metra. Hann kveðst hafa heyrt, að skipulagsnefnd hafi umrætt hverfi enn til athugunar um breytt skipulag, vegna þess að gert sé ráð fyrir, að einstefnuakstur verði á Fálkagötu til vesturs. Varðandi skikann frá Fálkagötu 9 tók stefnandi fram, að öllum aðiljum hafi verið

ljóst, að hann var eign Stefáns Árnasonar, Fálkagötu 9, á sama hátt og erfðafestulandið tilheyrði Daníel Tómassyni, tengdaföður hans. Hann kveðst hafa greitt fullt lóðarleigugjald af allri lóðinni frá 1. nóvember 1957. Þó minnir hann, að bæjarsjóður hafi ekki krafið hann um lóðarleigu fyrir umdeildan skika, eftir að máli þessu var hreyft bréflega. Hins vegar hafi bæjarsjóður ekki endurgreitt honum lóðarleigu fyrir þennan skika.

Enn fremur tók stefnandi fram, að Ögmundur Stephensen hafi átt lóð á umræddu svæði og einnig haft á leigu erfðafestuland þar. Lóðin nr. 8 við Grímshaga sé að hluta tekin úr landi Ögmundar, en ekki hafi verið vitað, hvort um var að ræða erfðafestulandið eða eignarland Ögmundar, sem gekk undir lóðina nr. 8 við Grímshaga, þegar hann fékk úthlutað sinni lóð. Þá hafi heldur ekki verið búið að ganga formlega frá afsali Ögmundar til bæjarins. Eitthvað munnlegt samkomulag hafi komizt á, að því er stefnandi ætlar, milli Ögmundar og borgarinnar, en hann telur, að ekki sé endanlega búið að gera upp við Ögmund endurkaupsverðið. Þá tók stefnandi fram, að hann teldi, að minnisblað borgarlögmanns hafi verið skráð, áður en honum var úthlutuð lóðin.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að lóðinni nr. 8 við Grímshaga hafi verið úthlutað sér án nokkurra athugasemda um, að hún væri eigi öll til afhendingar þegar í stað. Hann hafi treyst því, þegar hann fékk lóðina, að það tæki borgina um það bil eitt ár að ganga að fullu frá málum sínum við lóðaeigendur, en á því hafi orðið dráttur sá, sem fram kemur í málinu, og hann hafi því ekki getað lokið við að innrétta íbúð í austurenda hússins, sem hann hafi orðið að nota sem bílskúr. Af því hafi hann haft verulegt fjártjón. Hann hafi margsinnis farið þess á leit við stefnda, að hann hraðaði aðgerðum, til þess að afhending lóðarinnar gæti farið fram samkvæmt leigusamningnum, en því hafi ætíð verið borið við, að stefndi væri í þann veginn að ganga frá þessum málum, og sá dráttur hafi staðið í níu ár.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að við gerð uppdráttar af lóðarsamningi þeim, sem hér um ræðir, hafi orðið þau mistök í mælingadeild borgarinnar, að þess hafi ekki verið gætt að auðkenna umræddan skika. Vegna þessara mistaka hafi starfsmaður sá, sem annaðist gerð lóðarsamningsins, ekki gætt þess að hafa fyrirvara í lóðarsamningi þeim, eins og vera bar um það, að þessi lóðarskiki væri undanskilinn.

Stefnanda hafi verið vel kunnugt um, að umræddur lóðarskiki var ekki í umráðum borgarinnar að neinu leyti og starfsmenn

hennar hvorki vildu né gátu ráðstafað honum. Honum hafi þá verið fullljóst, að hér var um hrein mistök að ræða.

Stefnandi hafi haft aðallega samband við fyrrverandi borgarlögmann, sem nú er látinn, um þessi mál. Enginn vafi sé á því, að honum hafi verið ljóst, að mörg óvissuatriði var við að eiga varðandi eignarréttinn að landi og mörk á þessu svæði o. fl.

Sumarið 1965 hafi verið unnið að endurskipulagningu svæðisins við sunnanverða Fálkagötu með það fyrir augum, að síðar færu fram makaskipti, og væri þá hægt að lagfæra lóðamörk, bæði mörk lóða við Fálkagötu og Grímshaga. Þegar samningar um þetta voru sæmilega á veg komnir við Stefán Árnason, eiganda Fálkagötu 9, sem umdeildur lóðarskiki tilheyrir, bæði um makaskipti og kaup borgarsjóðs á útihúsum, sem á hinum umdeilda skika eru, slitnaði upp úr samningnum vegna ágreinings milli hans og eiganda Fálkagötu 3–5, áður 7. Sá ágreiningur fór til merkjadóms, en hefur nú verið áfrýjað til Hæstaréttar. Meðan málið var fyrir dómstólunum, var ekki hægt að semja um makaskipti né leggja skipulag til undirbúnings staðfestingar, en staðfesting skipulagsins sé hins vegar forsenda þess, að unnt sé að biðja um eignarnám, og allt eins megi búast við, að til yfirmats geti komið.

Af þessu sé augljóst, að borginni var ókleift að fullnægja kröfum stefnanda, en frá því að bréf hans barst í febrúar 1965, hafi verið gert það, sem unnt var, til að fá málið leyst, og jafnvel umfram alla skyldu. Þá sé það einnig fullkomlega vefengt, að nokkur skylda sé til að sjá stefnanda fyrir þessum lóðarskika, þótt mistök, eins og áður er lýst, hafi orðið hjá skrifstofuliði borgarinnar. Muni dómvenjur og kenningar viðurkenndra fræðimanna styðja þá skoðun.

Þá sé því eindregið mótmælt, að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni sökum þess, að hann gat ekki innréttað íbúð í kjallara hússins og þurft að nota hana fyrir bílageymslu. Engin óhjákvæmileg nauðsyn sé til þess að geyma bifreiðar í lokaðri geymslu og í síðari skipulögum sé stöðugt minna tekið tillit til þess. Þá kveður hann borgarsjóð vera fúsan til að endurgreiða oftekna leigu, miðað við það, að ekki hafi verið kleift að afhenda að öllu leyti þá lóð, sem lóðarsamningur hljóðar upp á.

Lóðarúthlutunin til stefnanda 27. september 1957 var án nokkurs fyrirvara af hálfu stefnda varðandi þann hluta af umræddri lóð, sem málið snýst um, enda þótt stefnda brysti með öllu eignarheimildir að honum samkvæmt gögnum málsins. Ekki var heldur

tekinn upp neinn slíkur fyrirvari í lóðarsamninginn frá 21. desember 1960.

Ágreiningslaust er, að stefnanda voru ljósir frá upphafi þessir annmarkar á eignarheimildum stefnda. Þrátt fyrir það hefur stefndi eigi fært fram fullnægjandi rök fyrir því, að stefnanda hafi átt að vera ljóst, að um mistök eða misgáning væri að tefla af hálfu stefnda við samningsgerðina. Verður samkvæmt því að leggja til grundvallar, að stefndi hafi skuldbundið sig til að afla stefnanda leiguréttar yfir greindum lóðarskika. Vegna vitneskju sinnar gat stefnandi hins vegar ekki vænzt þess, nema annað væri afdráttarlaust tekið fram í lóðarleigusamningnum, að skuldbinding stefnda næði lengra en svo, að leiguréttarins yrði aflað, þegar stefndi ætti þess kost með frjálsum samningum eða öðrum tækum úrræðum. Ósannað er gegn eindregnum mótmælum stefnda, að stefndi hafi getað aflað sér nauðsynlegra eignarráða með frjálsum samningum, og þar sem skipulag hefur ekki verið staðfest fyrir það svæði, sem þarna er um að ræða, verður ekki talið, að stefndi hafi lagaheimild til að beita eignarnámi. Ber því af þessum sökum að sýkna stefnda af bótakröfum stefnanda.

Að vísu kemur til álita, þar sem mjög langur tími er um liðinn, og stefndi hefur vefengt, að á honum hvíli nokkur skuldbinding til að sjá stefnanda fyrir áðurnefndum lóðarréttindum, að stefnandi geti krafizt bóta í stað lóðarréttinda þeirra, er hann krefur stefnda um í málinu. Stefnandi hefur hins vegar enga bótakröfu gert á slíkum grundvelli. Bendir kröfugerð stefnanda þvert á móti eindregið til þess, að hann vilji í lengstu lög halda umræddri skuldbindingu upp á stefnda beint eftir efni hennar.

Ágreiningslaust er, að stefndi á þess hvorki kost að afla sér nauðsynlegra eignarráða yfir lóðarskika þeim, er málið snýst um, né að beita eignarnámi, svo sem áður er komið fram. Er því ekki unnt að taka til greina kröfur stefnanda um afhendingu lóðarskikans og um niðurrif þeirra bygginga, sem á honum eru. Á hinn bóginn eru yfirgnæfandi líkur á því, að stefnda verði kleift að afla sér þessara eignarheimilda, að minnsta kosti þegar skipulag hefur verið staðfest. Með hliðsjón af kröfugerð stefnanda og þeirri meginreglu, sem kemur fram í 2. mgr. 69 gr. laga nr. 85/1936, þykir eftir atvikum rétt að sýkna stefnda að svo stöddu af síðastnefndri kröfu stefnanda.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að sýkna ber stefnda með öllu af ofangreindum skaðabótakröfum stefnanda, en að svo stöddu af kröfum stefnanda um afhendingu þess lóðar-

skika, sem málið er risið af, og um niðurrif bygginga, sem á honum standa. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kristján Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendum Gauki Jörundssyni lektor og Kristni Sigurjónssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar, á að vera sýkn af ofangreindum fébótakröfum stefnanda, Guðjóns Sv. Sigurðssonar, en sýkn að svo stöddu af kröfum stefnanda um afhendingu lóðarskika þess, sem málið er risið út af, og um niðurrif þeirra bygginga, sem á honum eru.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 11. nóvember 1971.

Nr. 15/1971. **Albert Guðmundsson**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Kristjáni Bersa Ólafssyni
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Meiðyrðamál. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. janúar s. á. Dómkröfur hans eru þessar: „*Aðallega,* að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og lagt fyrir héraðsdómara að leggja dóm á málið af nýju, en *til vara,* að hin átöldu ummæli verði dæmd dauð og ómerk, *að* stefndum verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til, *að* stefndum verði dæmt að greiða“ áfrýjanda „kr. 150.000.00 með 7% ársvöxtum frá

15. nóvember 1968 til greiðsludags, *að* stefndum verði dæmt að birta í 1. eða 2. tölublaði Alþýðublaðsins, er út kemur eftir birtingu hæstaréttardómsins, væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til" áfrýjanda. „Hvernig sem málið fer, er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnds bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar".

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvik eru skilmerkilega rakin í héraðsdómi.

Áfrýjandi hefur engin haldbær rök fært fyrir aðalkröfu sinni.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaðadóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Albert Guðmundsson, greiði stefnda, Kristjáni Bersa Ólafssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. október 1970.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. f. m., hefur Albert Guðmundsson stórkaupmaður, Hraunteigi 28 hér í borg, höfðað með stefnu, birtri 14. maí 1969, gegn Kristjáni Bersa Ólafssyni ritstjóra, Tjarnarbraut 11, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, *að* síðargreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, *að* stefnda verði samkvæmt 234.—236. gr. almennra hegningarlaga dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til, *að* stefnda verði samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga dæmt að greiða stefnanda í miskabætur kr. 150.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1968 til greiðsludags, *að* stefnda verði samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 dæmt að birta í 1. eða 2. tölublaði Alþýðublaðsins, er út kemur eftir lögbirtingu dómsins,

væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda, *að* stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Ummæli þau, sem stefnandi gerir kröfu til, að verði dæmd dauð og ómerk, eru þessi: „Mikil óánægja með þjónustu umboðsins“ ... „Á hinn bóginn hefur um langt skeið mikillar óánægju gætt með þá þjónustu, sem umboðið veitir Renault-eigendum, og munu kvartanirnar út af því meðal annars hafa streymt til Félags íslenzkra bifreiðaeigenda“ ... „segja þeir, sem til þekkja, að það stafi mest af því, hve slæleg þjónusta umboðsins hér hefur verið, en af þeim sökum hafa menn hreinlega ekki þorað að festa kaup á þessari bílgerð“ ... „hefði ekki alls fyrir löngu þurft að senda bifreið sína í viðgerð á verkstæði umboðsins og hefði sú viðgerð kostað 20 þúsund krónur. En þegar til kom, var verkið ekki betur af hendi leyst en svo, að viðbótarviðgerð þurfti að koma til, og kostaði hún 8 þúsund“.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins.

II.

Málavextir eru þessir:

Hinn 15. nóvember 1968 birtist fréttagrein, merkt KB, í 236. tölublaði 49. árgangs Alþýðublaðsins, sem gefið er út hér í borg, með fyrirsögninni: „Renault-umboðið á Íslandi lokar“ og undirfyrirsögninni: „Mikil óánægja með þjónustu umboðsins“.

Stefnandi, sem á sínum tíma hafði umboð hér á landi fyrir Renault verksmiðjurnar í Frakklandi og rak jafnframt viðgerðarverkstæði á Renault bifreiðum, telur farið meiðandi og móðgandi orðum um verkstæðið og þá þjónustu, er hann lét eigendum Renault bifreiða í té.

Fréttagreinin með hinum umstefndu ummælum er í heild svohljóðandi:

„Renault-umboðið á Íslandi lokar

Mikil óánægja með þjónustu umboðsins

Reykjavík — KB.

Renault-umboðinu hefur nú verið lokað, og eru þar hvorki seldir bílar né varahlutir í þá, en hins vegar mun verkstæði umboðsins enn vera opið. Á hinn bóginn hefur um langt skeið mikillar óánægju gætt með þá þjónustu, sem umboðið veitir Renault-

eigendum, og munu kvartanirnar út af því meðal annars hafa streymt til Félags íslenzkra bifreiðaeigenda.

Albert Guðmundsson stórkaupmaður sagði blaðinu í gær, að verzlunin yrði lokuð að minnsta kosti þar til ljóst yrði, hvaða verðlagsákvæði giltu eftir gengislækkunina, en hann kvaðst ekki geta staðið í því að hafa opna verzlun til að selja þar hluti ódýrara en þeir kostuðu í raun og veru. Um framtíðina sagði hann allt vera óráðið, hvort umboðið opnaði aftur eða ekki, en blaðið hafði það eftir mjög góðum heimildum í gær, að Albert mundi hafa sagt umboðinu lausu og tilkynnt Renault-verksmiðjunum í Frakklandi það.

Samkvæmt skýrslum Bifreiðaeftirlits ríkisins voru 653 Renault-bifreiðar skráðar hér á landi um síðustu áramót, og eitthvað mun hafa bætzt við síðan. Sala á Renault-bifreiðum mun þó ekki hafa verið mjög mikil síðustu misserin, og segja þeir, sem til þekkja, að það stafi mest af því, hve slæleg þjónusta umboðsins hér hefur verið, en af þeim sökum hafa menn hreinlega ekki þorað að festa kaup á þessari bílgerð, jafnvel þótt viðurkennt sé, að Renault-bílar standi fyllilega samanburð við aðra, hvað gæði snertir. Einn reiður Renault-eigandi hafði til dæmis samband við Alþýðublaðið í gær og skýrði frá því, að hann hefði ekki alls fyrir löngu þurft að senda bifreið sína í viðgerð á verkstæði umboðsins og hefði sú viðgerð kostað 20 þúsund krónur. En þegar til kom, var verkið ekki betur af hendi leyst en svo, að viðbótarviðgerð þurfti að koma til, og kostaði hún 8 þúsund".

Hinn 13. desember 1968 átti lögmaður stefnanda símtal við stefnda og óskaði eftir að fá að sjá viðgerðarreikninga þá, sem fjallað er um í greininni, eða ljósrit af þeim. Segir lögmaðurinn, að stefndi hafi synjað þess þverlega að láta af hendi gögn þessi.

Í framhaldi af ofangreindu símtali ritaði stefndi stefnanda hinn 14. desember 1968 svofellt bréf:

„Vegna símtals við lögfræðing yðar s.l. föstudag 13. þ. m. vil ég hér með ítreka það, sem ég tjáði yður í símtali að morgni laugardagsins 15. nóv. og skýrði lögfræðingi yðar frá í fyrra samtali við hann nokkrum dögum síðar, að Alþýðublaðið yrði að sjálfsögðu fúst til þess að birta hvaða athugasemd sem er frá yður við þá frétt, sem birtist í blaðinu föstudaginn 14. nóvember s.l. um lokun Renault-umboðsins".

Ekki mun stefnandi hafa óskað eftir, að Alþýðublaðið birti athugasemd, svo sem fram var boðið í ofangreindu bréfi.

Samkvæmt áskorun stefnda hefur stefnandi undir rekstri málsins upplýst eftirfarandi:

„1. Árið 1967 sagði eg upp Renault umboðinu miðað við 31/12 1967 og gaf Renault-verksmiðjunni frest til 1. júní 1968 til að finna nýjan umboðsmann.

2. Varahlutaverzlun mín var lokuð frá 12. nóvember 1968 og til febrúar 1969 og svo hálflokuð frá febrúar 1969 til september 1969. Allan þennan tíma voru varahlutir afgreiddir til viðskiptavina úti á landi og til verkstæðisins.

3. Árið 1968 voru starfsmenn á verkstæði mínu sem hér segir:
1/1—20/7 4 bifvélavirkjar, þar af 1 franskur, 1 nemi,
20/7—3/8 3 bifvélavirkjar, 1 nemi,
3/8—31/12 2 bifvélavirkjar, 1 nemi.

4. Árið 1968 voru 16 bifreiðar seldar, sem skiptast þannig:
1/1—30/4 7 bifreiðar
1/5—31/12 9 bifreiðar (Póstur & Sími)".

Stefnandi hefur hér fyrir dómi lagt á það áherzlu, að Renault umboðið hafi ekki verið á hans höndum, þ. e. hann hafi ekki verið umboðsmaður Renault verksmiðjanna á Íslandi, þegar hin umstefnda grein birtist, þar sem hann hafi verið búinn að segja umboðinu upp, svo sem að framan er frá greint. Stefnandi kveðst ekki hafa tilkynnt opinberlega á Íslandi, að hann hefði sagt upp umboðinu, og hann segir, að Renault verksmiðjurnar hafi heldur ekki gert það. Tekur stefnandi fram, að í samningi hans við Renault verksmiðjurnar hafi ekkert ákvæði verið um það að gefa út opinbera tilkynningu um uppsögn á umboðinu. Spurningunni: „Hvert var þá réttarsamband stefnanda annars vegar við eigendur Renault-bifreiða á Íslandi og Renault-verksmiðjanna í Frakklandi hins vegar?", svaraði stefnandi þannig: „Renault-verksmiðjurnar í Frakklandi höfðu engar skyldur gagnvart mér og eg engar gagnvart þeim. Skyldur Renault-verksmiðjanna í Frakklandi við eigendur Renault-bifreiða á Íslandi voru mér ókunnar á þessu tímabili, þar sem eg var ekki umboðsmaður verksmiðjanna, og ástæðan fyrir því, að eg lagði ekki niður starfsemi mína, var sú, að eg hafði selt Renault bifreiðar á Íslandi. Mér fannst það því siðferðileg skylda mín að leggja ekki niður mína starfsemi, fyrr en Renault-verksmiðjurnar hefðu gert samkomulag við annan íslenzkan aðila um umboð fyrir sig á Íslandi. Nú hefur annar aðili fundizt, og eg lokað minni þjónustu". Stefnandi kveðst ekki hafa lokað verkstæðinu, fyrr en honum hafði tekizt að selja varahlutalager og verkstæðisáhöld, en það hafi

verið 1. maí 1970. Kaupandi hafi verið Kristinn Guðnason. Aðspurður, hvort mikið hafi verið kvartað út af lokun á varahlutaverzluninni, svaraði stefnandi: „Það var ekki mikið kvartað, vegna þess að þjónustan var á verkstæðinu. Magnús Valdimarsson, starfsmaður F. Í. B., gerði fyrirspurn við mig persónulega í síma, hvort rétt væri, að fyrirtækið væri lokað. Ég svaraði því til, að það væri það ekki, þar sem verkstæðið og varahlutaþjónusta í gegnum það væri opið. Aftur á móti hefði ég hætt starfrækslu varahlutaverzlunarinnar. Öll afgreiðsla á varahlutum til eigenda Renault-bifreiða utan Reykjavíkur hélt þó áfram. Ég man ekki til þess, að Magnús Valdimarsson hafi í áðurnefndu símtali tekið fram sérstaklega, að margir hefðu kvartað við hann eða F. Í. B. Mér var alls ekki um það kunnugt og fekk alls engar skriflegar skýrslur um það, að kvartanir hefðu streymt til F. Í. B. út af lokun varahlutaverzlunarinnar". Stefnanda var kynnt vætti vitnisins Sigurðar Más, sem síðar verður rakið. Kveðst stefnandi sérstaklega muna eftir kvörtun Sigurðar Más. Þar sem þeir hafi báðir verið ófróðir um bifreiðaviðgerðir, kveðst stefnandi hafa boðið upp á að láta meta viðgerðina, en kveðst jafnframt hafa bent Sigurði Má á, að ef þeir færu þá leiðina, yrði þetta mat að fara fram, áður en bíllinn yrði notaður. Stefnandi segir, að hin umstefndu ummæli hafi orðið þess valdandi, að hann tók ákvörðun um að leggja verkstæðið niður, strax þegar Renault verksmiðjurnar fengju nýjan umboðsmann fyrir sig á Íslandi. Ummælin hafi auk þess almennt valdið honum óþægindum og miska.

Stefndi hefur hér fyrir dómi 2. apríl 1970 lýst því, að hann sjálfur hafi ritað umrædda frétt. Hann kveðst áður hafa kynnt sér málavexti, m. a. með því að eiga símtal við Magnús Valdimarsson, framkvæmdastjóra Félags íslenzkra bifreiðaeigenda. Hafi Magnús staðfest, að komið hafi fram kvörtun til F. Í. B. viðvíkjandi reikningnum, sem síðast er frá greint í fréttinni. Kveðst stefndi ekki glöggt muna samtal þeirra, en hann kveðst muna, að Magnús hafi getið þess, að verulegar kvartanir hefðu borizt til F. Í. B. vegna þjónustu Renault umboðsins við eigendur Renault bifreiða. Stefndi kveðst einnig hafa rætt við stefnanda til þess að fá upplýsingar hjá sem flestum. Hafi stefnandi upplýst í símtali það, sem haft er eftir stefnanda í upphafi meginmáls fréttarinnar. Stefndi kveðst hafa fengið upplýsingar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins um, að skráðar Renault bifreiðar hér á landi hafi um áramótin 1967/1968 verið 653. Hann kveðst auk þess hafa fengið vitneskju um óformlegar kvartanir eigenda Renault bifreiða og hafi slíkar

kvartanir m. a. borizt starfsmönnum Alþýðublaðsins. Hann tekur fram, að kvartanirnar, sem hann hafi fengið fréttir af, hafi bæði verið vegna ónógrar þjónustu umboðsins og sérstaklega vegna þess, að verzluninni, sem seldi varahluti í nefndar bifreiðar, var lokað. Skildist stefnda, að bifreiðaeigendur gætu því aðeins fengið varahluti keypta á þessum tíma, sem hér er um rætt, með því að láta bifreiðar sínar á verkstæði Renault umboðsins til viðgerðar. Stefndi kveðst ekki hafa fengið svar við bréfi því, sem hann ritaði stefnanda 14. desember 1968.

Vitnið Magnús Valdimarsson, framkvæmdastjóri Félags íslenzkra bifreiðaeigenda, hefur hér fyrir dómi hinn 21. apríl 1970 skýrt svo frá, að eftir að fréttin, sem stefnt er út af, birtist, hafi mjög margir hringt í skrifstofu vitnisins og borið fram kvartanir út af því að fá ekki varahluti í bifreiðar sínar vegna lokunar varahlutaverzlunar Renault umboðsins í Brautarholti hér í borg. Áður en fréttin birtist, hafi einnig verið hringt og kvartað yfir varahlutaþjónustu Renault umboðsins, en vitnið tekur fram í því sambandi, að kvartanir berist frá eigendum margra annarra bifreiðategunda um vöntun á varahlutum, og telur vitnið, að kvartanir út af varahlutaþjónustu Renault umboðsins hafi ekki verið miklu meiri fyrir lokun verzlunarinnar en hjá öðrum varahlutaumboðum. Vitnið tekur fram, að því hafi borizt miklar kvartanir í gegnum síma frá eigendum Renault bifreiða á tímabilinu, frá því að varahlutaverzlun Renault umboðsins var lokað og þar til fréttin í Alþýðublaðinu 15. nóvember 1968 birtist, en eftir að fréttin birtist, hafi stöðugar hringingar borizt til skrifstofu vitnisins út af óánægðum Renault bifreiðaeigendum. Var fólkið óánægt með, að Renault umboðið skyldi loka varahlutaverzluninni fyrirvaralaust, og voru kvartanirnar aðallega á því byggðar. Virtist fólk ekki hafa möguleika á að ná nauðsynlegum varahlutum. Vitnið fór ekki sjálft á staðinn til þess að kynna sér aðstæður. Í kvörtunum manna kom fram, að varahluti væri hægt að fá hjá Renault umboðinu með því móti, að viðkomandi setti bifreið sína inn á verkstæði Renault umboðsins og starfsmenn umboðsins settu varahlutina í. Vitnið kveðst hafa talað við eiganda fyrirtæksins, stefnanda málsins, og hafi svar hans við þessu verið það, að hann teldi sig hafa fullt leyfi til þess að loka sinni varahlutaverzlun og þar að auki væri hann búinn að segja upp umboðinu fyrir þessa bifreiðategund. Segir vitnið, að þeir hjá F. Í. B. hafi verið búnir að semja bréf til Renault verksmiðjanna í Frakklandi, þar sem farið var fram á að fá staðfestingu verksmiðjanna á því,

að stefnandi væri ekki lengur umboðsmaður þeirra. Jafnframt hafi verið ætlunin að fá svar frá verksmiðjunum um það, hver yrði eftirmaður stefnanda með umboðið. Bréf þetta hafi aldrei verið sent. Þróun mála hjá umboðinu hafi verið sú, að haldið var áfram að flytja inn varahluti og afgreiða þá í gegnum verkstæðið. Vitnið segir, að fólk hafi smám saman hætt að kvarta og kvartanir hafi ekki borizt neitt að ráði árið 1969, að minnsta kosti ekki sem ástæða sé til að hafa orð á. Vitninu er ekki kunnugt um, að önnur umboð hafi lokað varahlutaverzlunum sínum á þessum tíma. Vitnið kveðst hafa heyrt menn tala um, að þeir teldu sig illa setta með að endurselja þessa bifreiðategund eftir lokun varahlutverzlunarinnar. Vitnið minnir, að það hafi einmitt verið daginn áður en umrædd frétt birtist í Alþýðublaðinu, að blaðamaður frá Alþýðublaðinu hringdi til vitnisins og óskaði upplýsinga um þessi mál. Kveðst vitnið hafa gefið blaðamanninum upp upplýsingar almennt um það, sem vitnið hafði um þetta fregnað og m. a. hefur komið fram í vætti vitnisins hér að framan. Vitnið segir, að tilgangur F. Í. B. sé að gæta hagsmuna þeirra bifreiðaeigenda, sem eru félagsmenn, en að sjálfsögðu njóti aðrir bifreiðaeigendur, sem ekki eru í félaginu, góðs af baráttu félagsins og starfi. Vitnið segir, að í þau 18 ár, sem það hefur starfað á vegum Félags íslenzkra bifreiðaeigenda, hafi ekki verið um að ræða lokun á varahlutaverzlun, svo sem hér var um að ræða, svo vitnið muni til, þar sem lokunin byggðist ekki á öðru heldur en því mati eiganda, að um of lága álagningu væri að ræða. Vitnið segir, að ekki hafi verið talin næg ástæða til þess að senda kvörtunarbréf til Renault verksmiðjanna, þegar í ljós kom, að bifreiðaeigendur gátu fengið varahluti með því að setja bifreiðarnar á verkstæði umboðsins. Segir vitnið, að smám saman hafi dregið úr kvörtunum og hafi það einnig m. a. orðið til þess, að bréfið var ekki sent. Vitnið tekur fram, að þeim hjá F. Í. B. hafi alls ekki fundizt það rétt vinnubrögð hjá eiganda Renault umboðsins að loka varahlutaverzluninni fyrirvaralaust, eins og gert var. Vitnið segir, að kvartanirnar hafi borizt í gegnum síma. Engin skrifleg kvörtun hafi borizt, en vitnið kveðst hafa skráð niður hjá sér nöfn kvartenda, en minnisblöð vitnisins með þeim nöfnum séu nú glötuð, enda sé langt um liðið, síðan aðalkvartanirnar komu fram. Vitnið fékk engar skriflegar kvartanir, en segir, að það hafi þó tekið mark á kvörtunum þessum, en ekki talið fært fyrir F. Í. B. að fara út í stórræði, nema skriflegar kvartanir bærust. Vitnið kveðst ekki nú geta greint frá nöfnum kvartenda. Vitnið

segir, að komið hafi fram í samtölum fólksins, sem kvartaði, að það óskaði eftir því, að F. Í. B. gæfi ekki upp nöfn þeirra af ótta við, að það gæti valdið því óþægindum í sambandi við viðgerðir og varahlutaöflun.

Vitnið Sigurður Már Helgason húsgagnabólstrari hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá, að hann og kona hans hafi á sínum tíma átt bifreiðina R 19341, sem var af gerðinni Renault R8. Vitnið fór með bifreið þessa á verkstæði stefnanda að Brautarholti 20, vegna þess að boltar höfðu losnaði í gírkassahúsi bifreiðarinnar, og einnig höfðu brotnað tennur úr gírkassanum. Var gert við bifreiðina. Greiddi vitnið viðgerðarkostnaðinn, kr. 21.973.80, sbr. reikninginn á dskj. nr. 6, en reikningurinn er dagsettur 10. apríl 1968. Vitnið kveðst hafa verið óánægt með viðgerðina, þar sem viðgerðin hafi ekki komið að fullu gagni, enda hafi komið aukahljóð í gírkassann eftir viðgerðina og einnig hafi verið stirðleiki í skiptibúnaði gírkassans. Vitnið minnir, að það hafi kvartað tvisvar eða þrisvar við verkstæðið út af viðgerðinni. Í síðasta skiptið tók verkstæðið bifreiðina til athugunar. Var bifreiðin þar fyrri hluta dags. Voru lagerar stilltir, m. a. með því að setja skinnu eða skinnur til þess að herða að lagerunum, sem síðar hafi reynzt vera lausir í sætum sínum í sérstöku húsi. Vitnið kveðst ekki hafa greitt neitt fyrir síðastgreinda viðgerð, sem vitnið taldi þó ekki fullnægjandi þrátt fyrir staðhæfingar starfsmanna verkstæðis stefnanda um hið gagnstæða. Hafi starfsmennirnir haft orð á því, að aukahljóðið ætti eftir að hverfa, þegar fletirnir hefðu slípazt. Vitnið fór því næst í sumarleyfi sitt á bifreiðinni. Um sumarið varð bifreiðin ókeyrslufær. Var vitnið þá á bifreiðinni í Hafnarfirði. Vitnið fór enn með bifreiðina á verkstæði stefnanda. Þá var viðgerðarmaður sá, sem séð hafði um fyrri viðgerðina, Rögnvaldur að nafni, hættur á verkstæðinu, en vitnið man ekki, hver nú tók við bifreiðinni. Viðgerðin fór fram á bifreiðinni. Segir vitnið, að þá hafi komið í ljós, að legur voru lausar í sætum sínum, og við það hafði „gírkassahúsið" eyðilagzt á ný, en skipt hafði verið um „gírkassahúsið" í viðgerðinni í apríl. Kostnaðurinn við þessa síðustu viðgerð nam kr. 8.528.00, sbr. reikninginn dskj. nr. 7, en hann er dagsettur 16. ágúst 1968. Vitnið kveðst í fyrstu hafa neitað að greiða reikninginn, þar sem það taldi, að um mistök hefði verið að ræða hjá viðgerðarmönnum, þegar þeir gerðu við bifreiðina í aprílmánuði. Kveðst vitnið m. a. hafa leitað álits bifvélavirkja á umræddum viðgerðum. Hafi þeir

staðfest við vitnið eftir þeim upplýsingum, sem það gaf þeim, að um mistök hafi verið að ræða við fyrri viðgerðina. Vitnið fór á fund stefnanda og tjáði honum, að því bæri ekki skylda til þess að greiða viðgerðarkostnaðinn á dskj. nr. 7. Hafi stefnandi svarað því til, að þá þyrfti að láta meta verkið, og jafnframt hafi stefnandi gefið vitninu í skyn, að vitnið yrði að sjá um matið. Vitnið kveðst ekki hafa haft peninga til þess að greiða fyrir matskostnaðinn, þar sem það var þegar búið að láta mikla peninga upp í viðgerðir áður. Jafnframt var vitninu tjáð, að það fengi ekki bifreiðina afhenta, nema að greiða reikninginn á dskj. nr. 7. Einnig var vitninu tilkynnt, að húsaleigukostnaður mundi leggjast á til viðbótar, ef verkstæðið losnaði ekki við bílinn strax. Vitninu lá á að fá bifreiðina, og varð það til þess, að það greiddi reikninginn á dskj. nr. 7, enda þótt vitninu þætti súrt í broti að þurfa að greiða hann, þar sem því fannst það óréttmætt með öllu. Vitnið tekur fram, að á meðan varahlutaverzlun umboðsins var lokuð, hafi það ekki getað keypt varahluti nema í gegnum verkstæðið, og taldi vitnið það óheppilega og óþægilega þjónustu og einkennilegan viðskiptamáta. Öll þessi leiðindi urðu til þess, að vitnið leitaði til Alþýðublaðsins og bar fram kvartanir sínar og lýsti þessum viðskiptum sínum. Kveðst vitnið hafa sagt stefnda, að það gæti bæði sýnt reikningana og hina ónýtu vélarhluta, sem teknir voru úr bifreiðinni við síðari viðgerðina. Vitnið leitaði einnig til F. Í. B. og telur, að Magnús Valdimarsson hafi talað við stefnanda um þetta mál, án þess þó að vitnið fengi leiðréttingu mála sinna. Vitnið segir, að daginn, sem það borgaði reikninginn á dskj. nr. 7, hafi Rafn Viggósson farið með vitninu á fund stefnanda. Stefnandi hafi hins vegar vísað Rafni á dyr, þegar stefnandi fékk vitneskju um það, að vitnið vildi hafa vott með sér að þeim samtölum, sem fram færu þeirra á milli. Vitnið minnir fastlega, að Magnús Valdimarsson hafi tjáð því, að fleiri kvartanir hefðu borizt um þjónustu Renault umboðsins. Vitnið kveðst ekki vera bifvélavirki og ekki hafa neina sérþekkingu á bifreiðum. Vitnið kveðst hafa vitneskju um, að fleiri eigendur Renault bifreiða væru óánægðir með þá þjónustu umboðsins að loka varahlutaverzluninni. Einnig hafi menn verið óánægðir með það skilyrði, sem umboðið setti, að verkstæðið léti varahlutina í bifreiðar. Þó kveðst vitnið vita þess dæmi, að mönnum hafi tekizt að ná út varahlutum í gegnum verkstæðið, án þess að verkstæðið sæi um að setja varahlutina í bifreiðarnar. Vitnið kveðst þekkja mann, sem enn á Renault bifreið. Hafi hann eftir eftirgangsmuni

fengið varahluti í gegnum verkstæðið, án þess að verkstæðið sæi um að setja varahlutina í bifreiðina, og hafi þetta verið, meðan varahlutaverzluninni var lokað.

Í málinu liggur frammi endurrit af tveim kvörtunum, sem Neytendasamtökunum bárust á sínum tíma vegna viðskipta við Renault umboðið. Kvartanir þessar eru dagsettar 7. marz og 19. júlí 1968.

III.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að öll hin umstefndu ummæli séu röng og tilhæfulaus. Þau virðist vera atvinnurógur, enda hafi þau spillt fyrir sér og séu líkleg til þess. Ummælin séu bæði meiðandi og móðgandi og beri því að taka kröfur hans til greina.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að ósannað sé, að hann hafi gerzt brotlegur við meiðyrðalöggjöfina með því að birta hin umstefndu ummæli, enda verði að gefa hinum almennu dagblöðum allvíðtæka heimild til að birta fréttir, koma fram með réttmæta gagnrýni og vernda hagsmuni neytendanna í þjóðfélaginu. Stefnandi hafi haft einkasölu á varahlutum í Renault bifreiðar. Hann hafi lokað verzlun sinni og neitað að selja bifreiðaeigendum varahluti, þar sem honum hafi ekki verið leyft að hækka vörubirgðir að eigin geðþótta vegna gengislækkunar. Stefndi spyr, hvernig yrði litið á það, ef kaupmaður í nýlenduvöruverzlun gripi til sömu úrræða, enda kveðst stefndi ekki vita til, að neinn annar verzlunareigandi hafi lokað verzlun sinni við gengisfellinguna 11. nóvember 1968, og sé lokun verzlunar stefnanda því brot á lögum nr. 74/1968 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, en í 2. gr. þeirra laga segir, að óheimilt sé vegna gengisbreytingarinnar að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar höfðu verið á gengi í gildi fyrir 11. nóvember 1968. Þá heldur stefndi því fram, að lokun varahlutaverzlunarinnar hafi brotið í bága við meginregluna í 1. gr. laga nr. 41/1968 um verzlunaratvinnu, en þar segir m. a., að tilgangur þessara laga sé að tryggja, eftir því sem tök séu á, að borgararnir eigi völ á sem beztri verzlunarþjónustu á hverjum stað og tíma. Að lokum bendir stefndi á 5. gr. laga nr. 54/1968 um verðlagsmál, en þar er lagt bann við því að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

IV.

Stefndi hefur nú látið af ritstjórn Alþýðublaðsins.

Svo sem aðalfyrirsögn nefndrar blaðafréttar ber með sér, beinist hún að lokun varahlutaverzlunar stefnanda. Til áréttingar því birti blaðið jafnframt ljósmynd af forhlið verzlunarinnar með undirskriftinni „Lokaðar dyr Renault-umboðsins í gær". Óumdeilt er, að 653 Renault bifreiðar voru skráðar hér á landi á þeim tíma, sem hér um ræðir. Meiri hluti þeirra mun hafa verið hér á höfuðborgarsvæðinu. Svo sem fyrr er fram komið, lokaði stefnandi varahlutaverzluninni án þess að gera eigendum Renault bifreiða sérstaklega um það viðvart, og ekki gaf hann út um það opinbera tilkynningu. Lokun varahlutaverzlunarinnar hlaut að verða eigendum Renault bifreiða á höfuðborgarsvæðinu til mikils óhagræðis, þar sem þeir gátu ekki fengið keypta varahluti hjá stefnanda, nema með því móti að setja bifreiðar sínar inn á viðgerðarverkstæði stefnanda, enda er það álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að meginhluti varahluta til Renault bifreiða hafi ekki verið til sölu á almennum markaði, heldur hafi slíkir varahlutir verið seldir í varahlutaverzlun stefnanda. Eigi þetta þó sérstaklega við um sérhluti í þessa bifreiðategund. Þá var þess og vart að vænta, að þeir tveir bifvélavirkjar ásamt einum nema í iðninni, sem stefnandi hafði til starfa á verkstæði sínu, væru þess umkomnir að anna þeim viðgerðum á Renault bifreiðum á höfuðborgarsvæðinu, sem ætla má, að framkvæma þyrfti. Með vísan til þessa og gagna málsins að öðru leyti verður að telja í ljós leitt, að veruleg óánægja hafi komið upp við lokun varahlutaverzlunarinnar. Eru því ekki efni til, að stefndi sæti viðurlögum vegna undirfyrirsagnarinnar: „Mikil óánægja með þjónustu umboðsins". Hinir sérfróðu meðdómendur telja ljóst, að samkvæmt reikningnum á dómsskjali nr. 6 hafi framkvæmd fyrri viðgerðarinnar á bifreið vitnisins Sigurðar Más meðal annars tekið til þess, að skipt var um „gírkassahús" bifreiðarinnar. Á reikningnum, dómsskjali nr. 7, sem tekur til síðari viðgerðarinnar, sé vitnið aftur látið greiða „gírkassahús". Verði því að álykta, að við seinni viðgerðina hafi verið skipt um „gírkassahús" að nýju. Endingartími „gírkassahússins", sem skipt var um í fyrra skiptið, verði því að teljast óvenjulega stuttur. Bendi þetta til þess, að fyrri viðgerðinni hafi verið áfátt. Að svo vöxnu máli og með tilliti til málavaxta að öðru leyti þykir stefndi ekki eiga að sæta viðurlögum vegna ummælanna: „hefði ekki alls fyrir löngu þurft að senda bifreið sína í viðgerð á verkstæði umboðsins og hefði sú viðgerð kostað

20 þúsund krónur. En þegar til kom, var verkið ekki betur af hendi leyst en svo, að viðbótarviðgerð þurfti að koma til, og kostaði hún 8 þúsund". Telja verður, að stefndi hafi ekki réttlætt nægjanlega þau ummæli, að „um langt skeið" hafi gætt mikillar óánægju með þjónustu umboðsins, né að kvartanir „hafi streymt" til Félags íslenzkra bifreiðaeigenda. Verða ummælin: „Á hinn bóginn hefur um langt skeið mikillar óánægju gætt með þá þjónustu, sem umboðið veitir Renault-eigendum, og munu kvartanirnar út af því meðal annars hafa streymt til Félags íslenzkra bifreiðaeigenda" því ómerkt samkvæmt kröfu stefnanda. Með ummælunum: „segja þeir, sem til þekkja, að það stafi mest af því, hve slæleg þjónusta umboðsins hér hefur verið, en af þeim sökum hafi menn hreinlega ekki þorað að festa kaup á þessari bílgerð" er fast að orði kveðið, og með því að ummæli þessi hafa ekki verið réttlætt nægjanlega, ber að ómerkja þau. Eigi þykir vera næg ástæða til að refsa stefnda fyrir ummælin né dæma hann til greiðslu miskabóta. Þykir því eiga að taka sýknukröfu stefnda til greina að öðru leyti, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Bent Jörgensen yfirverkstjóra og Sigurgesti Guðjónssyni bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk. Kröfur stefnanda á hendur stefnda eru að öðru leyti ekki teknar til greina. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 11. nóvember 1971.

Nr. 127/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Inga Þóri Gunnarssyni
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með sátt í sakadómi Akraness hinn 17. marz 1967 var ákærða gerð refsing og hann sviptur ökuleyfi 6 mánuði frá 21. febrúar 1967 fyrir brot á umferðarlögum og áfengislögum. Samkvæmt fæðingarvottorði ákærða, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er hann fæddur 26. júní 1949 og var því eigi orðinn 18 ára, er hann framdi brot þetta 28. janúar 1967. Greint brot hefur því ekki ítrekunarverkun á réttilega heimfært brot ákærða undir 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sem um er fjallað í þessu máli, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi, og þykir ökuleyfissviptingin hæfilega ákveðin 1 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærða ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00. Af hálfu ákæruvaldsins hefur verið fallið frá kröfu á hendur ákærða um greiðslu saksóknarlauna. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma ákærða til að greiða.

Dómsorð:

Ákærði, Ingi Þórir Gunnarsson, sæti varðhaldi 10 daga.

Hann er sviptur ökuleyfi 1 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, annan en saksóknarlaun.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akraness 7. júní 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 18. júní 1970, gegn Inga Þóri Gunnarssyni iðnnema, Vesturgötu 111, Akranesi, fyrir að gangsetja og reyna að aka undir áhrifum áfengis mánudagsnóttina 12. janúar 1970 bifreiðinni E 889, þar sem hún stóð á Gullteig í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur á Ísafirði 26. júní 1949, og er sakavottorð hans þannig:

1967 17/3 á Akranesi: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 41. gr. og 49. gr., 1., 2. og 3. mgr., b og e lið, umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi og leyfi til að öðlast ökuskírteini í 6 mánuði frá 21. febrúar 1967.

1967 á Akranesi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á g lið 5. gr. og 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga.

1967 2/11 á Akranesi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt mánudagsins 12. janúar 1970, um kl. 0145, tilkynnti Rögnvaldur Bjarnason, lögregluþjónn í Vestmannaeyjum, tveimur lögreglumönnum í Reykjavík, sem staddir voru í Nóatúni í Reykjavík, að skammt frá veitingahúsinu Röðli væri bifreiðin E 889 og væri ökumaður hennar sennilega ölvaður. Lögreglumennirnir fóru á staðinn, en þá var bifreiðin horfin, og var þá hafin leit að henni. Um kl. 0340 um nóttina tilkynnti Sigfús Kristján Páls-

son leigubílstjóri, að bifreiðin E 889 stæði framan við hús nr. 18 við Gullteig og hefði hann verið að hindra ökumann í að aka af stað. Fóru lögreglumenn á staðinn, og var þá ökumaður bifreiðarinnar E 889 farinn af staðnum, en piltur, sem var áberandi ölvaður, sat í framsæti við hliðina á ökumannssæti. Eftir nokkra leit fannst ökumaður og eigandi bifreiðarinnar E 889 í Hrísateigi, og var það ákærði í máli þessu. Var hann færður á lögreglustöðina til yfirheyrslu og síðan á slysavarðstofuna til blóðtöku vegna alkóhólrannsóknar.

Ákærði hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi ekið frá Akranesi til Reykjavíkur sunnudagskvöldið 11. janúar 1970 í bíl sínum, E 889, og voru með honum í bifreiðinni Hjörtur Júlíusson og Valur Bjartmar Sigurðsson frá Akranesi. Þeir tveir síðarnefndu neyttu áfengis á leiðinni. Bifreiðinni var lagt í Skipholti, en síðan fóru þeir allir inn á veitingahúsið Röðul og dvöldust þar, unz dansleik lauk. Ákærði hefur neitað því að hafa neytt áfengis á Röðli og segist hafa eftir dansleikinn ekið bifreið sinni í Gullteig, en þangað hafi þeim félögum verið boðið af fólki, er þeir kynntust á veitingahúsinu. Í húsi í Gullteigi kvaðst ákærði hafa neytt áfengis og orðið ölvaður. Eftir að samkvæmi lauk þar, fór Hjörtur og fleira fólk á brott í leigubifreið, en ákærði og Bjartmar fóru út í bifreið ákærða, E 889, og settist ákærði undir stýri bifreiðarinnar og setti vél hennar í gang og kveikti á miðstöðinni, en Valur sofnaði strax í framsætinu. Ákærði kvaðst ekki hafa ætlað að aka bifreiðinni, en gangsett vélina til að fá hita frá miðstöðinni. Kvaðst hann þá hafa verið ölvaður. Kom þar þá að leigubifreiðarstjóri og stöðvaði bifreið sína fyrir framan bifreiðina E 889, og átti hann tal við ákærða og sagði, að hann mætti ekki aka bifreiðinni. Ákærði kvaðst síðan hafa slökkt á vél bifreiðarinnar og farið að ganga um göturnar, en nokkru síðar hafi lögreglan komið og handtekið hann.

Vitnið Rögnvaldur Bjarnason lögreglumaður hefur fyrir dómi staðfest, að hann hafi eftir dansleikinn á Röðli séð ölvaðan mann við bifreiðina E 889, þar sem hún var á bílastæði við Skipholt. Átti vitnið tal við manninn, sagðist hafa nefnt við hann, að hann æki ekki bifreiðinni, og tók hann því vel og settist í aftursæti bifreiðarinnar. Fór vitnið síðan á brott og átti tal við lögreglumenn, er voru í starfi, er fyrr frá greinir.

Vitnið Sigfús Kristján Pálsson leigubifreiðarstjóri, Hraunteigi 18, kvaðst hafa séð tvo ölvaða menn fara inn í bifreiðina E 889 í Gullteigi umrædda nótt. Sá, sem var minna ölvaður, settist undir

stýri og ræsti vél bifreiðarinnar og var með tilburði til þess að aka af stað, og sagðist vitnið þá hafa ekið fram fyrir E 889 og farið og tekið þá tali. Kom þá upp, að þeir mundu hætta við að aka af stað og fá í staðinn að dveljast í næsta húsi. Sá vitnið þá fara upp tröppur þar, er það ók á brott, en er vitnið sá, að þeir héldu aftur að bifreiðinni, fór vitnið þangað líka. Gekk þá sá, er var minna drukkinn, af stað eftir götunni, en hinn settist inn í bifreiðina. Sagðist þá vitnið hafa kallað upp í talstöð bifreiðarinnar og beðið um aðstoð lögreglu, sem hafi komið mjög fljótt.

Félagar ákærða, Hjörtur Júlíusson og Valur Bjartmar Sigurðsson, hafa gefið skýrslu fyrir dómi um atvik næturinnar. Þeir voru mjög ölvaðir og segjast ekki hafa séð ákærða neyta áfengis í veitingahúsinu Röðli og ekki geta borið um það, hvort hann var undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni í Gullteig.

Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens fundust í blóðsýnishorni, teknu úr ákærða, reducerandi efni, er samsvara 1.47‰ af alkóhóli.

Ákærði hafði ökuskírteini, útgefið 15. júlí 1969 til 10 ára.

Með játningu ákærða, niðurstöðu blóðrannsóknar og vitnaframburði er sannað, að hann var undir áhrifum áfengis, er hann gangsetti vél bifreiðarinnar E 889 í umrætt sinn og reyndi að aka henni. Þar sem gangsetning bifreiðar verður að teljast þáttur í akstri hennar, hefur ákærði með þessu gerzt brotlegur við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þykir refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga. Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Ingi Þórir Gunnarsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. nóvember 1971.

Nr. 130/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Atla Örvar (Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjársvik. Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Atli Örvar, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 3. maí 1971.

Ár 1971, mánudaginn 3. maí, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í dómssal embættisins af Sigurði Halli Stefánssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 229/1970: Ákæruvaldið gegn Atla Örvar.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. apríl s.l., er með þremur ákærum saksóknara ríkisins höfðað á hendur Atla Örvar sjómanni, Strandgötu 50 A í Hafnarfirði:

I. Með ákæru, dagsettri 29. janúar 1970, er málið höfðað „fyrir fjársvik, framin í Reykjavík í júlí 1969, með því að nota í viðskiptum eftirtalda tvo tékka til handhafa, útgefna af ákærða á

sparisjóðsávísanareikning nr. 856 í Sparisjóði Hafnarfjarðar, en reikningsnúmerið var valið af handahófi, og tékkana, sem ákærða var ljóst, að voru verðlausir, notaði hann í blekkingarskyni til að afla sér verðmæta. Tékkaeyðublöðin tók hann í heimildarleysi úr tékkhefti konu sinnar:

1. B. Nr. 62147, kr. 4.000.00, dagsettur 13. júlí 1969. Seldur í Hótel Loftleiðum.
2. B. Nr. 62150, kr. 5.000.00, dagsettur 8. júlí 1969. Seldur Bifreiðastöð Reykjavíkur (B. S. R.) á útgáfudegi.

Þykir ákærði hafa með þessu gerzt brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940".

II. Með ákæru, dagsettri 5. júní 1970, er málið höfðað „fyrir fjársvik, framin í júlí 1969, með því að nota í viðskiptum eftirtalinn tékka til handhafa, útgefinn af ákærða á sparisjóðsávísanareikning nr. 856 í Sparisjóði Hafnarfjarðar, en reikningsnúmerið var valið af handahófi, og tékkann, sem ákærða var ljóst, að var verðlaus, notaði hann í blekkingarskyni til að afla sér verðmæta. Tékkaeyðublaðið tók hann í heimildarleysi úr tékkhefti konu sinnar.

1. B. Nr. 62148, kr. 2.000.00, dagsettur 8. júlí 1969. Seldur í veitingaskálanum á Geithálsi.

Þykir ákærði hafa með þessu gerzt brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940".

III. Með ákæru, dagsettri 24. nóvember 1970, er málið höfðað „fyrir tékkasvik, framin í júlí 1970, með því að gefa út til handhafa eftirtalda tékka á sparisjóðsávísanareikning sinn, nr. 2587 í Útibúi Iðnaðarbanka Íslands í Hafnarfirði, og nota þá í viðskiptum, svo sem rakið verður, án þess að innstæða væri fyrir þeim:

1. C. Nr. 25728, kr. 500.00, dagsettur 18. júlí 1970. Greiðsla fyrir veitingar í veitingahúsinu Nausti í Reykjavík.
2. C. Nr. 25729, kr. 1.000.00, dagsettur 18. júlí 1970. Greiðsla fyrir bifreiðarakstur.
3. C. Nr. 25733, kr. 1.000.00, dagsettur 18. júlí 1970. Greiðsla fyrir veitingar í Hótel Valhöll, Þingvöllum.
4. C. Nr. 25739, kr. 1.500.00, dagsettur 19. júlí 1970. Seldur í Bílastöð Hafnarfjarðar h/f, Hafnarfirði.
5. C. Nr. 25741, kr. 1.000.00, dagsettur 19. júlí 1970. Greiðsla fyrir veitingar í Hótel Sögu, Reykjavík.
6. C. Nr. 25743, kr. 1.000.00, dagsettur 20. júlí 1970. Greiðsla fyrir bifreiðarakstur.

7. C. Nr. 25748, kr. 1.000.00, dagsettur 20. júlí 1970. Greiðsla fyrir veitingar í veitingahúsinu Hábæ í Reykjavík.

8. C. Nr. 25749, kr. 2.000.00, dagsettur 20. júlí 1970. Sama notkun og í lið 7.

Framangreindir verknaðir í liðum 1—8 þykja varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940".

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 26. febrúar 1938 í Reykjavík, og hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1963 5/12 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir tékkamisferli.

1966 2/3 í Hafnarfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 256. gr. og 261. gr. hegningarlaga.

1966 22/5 í Hafnarfirði: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1966 12/8 í Hafnarfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.

1966 18/10 í Hafnarfirði: Dómur: Fangelsi í 4 mánuði, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

1967 18/5 í Hafnarfirði: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. mgr. 41. gr. og 49. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 8 mánuði frá 7. febrúar 1967.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

I—II.

Einhvern fyrstu daga júlímánaðar tók ákærði tékkhefti konu sinnar, sem þá lá á sjúkrahúsi, úr skúffu á heimili hans, en hann hafði ekki heimild til að taka heftið eða nota það á neinn hátt. Nokkur óútfyllt eyðublöð voru í heftinu. Ákærði var mjög við drykkju um þetta leyti og skorti fé. Tók hann það til bragðs að útfylla 3 eyðublöð, sem voru á sparisjóðsávísanareikningi í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Ákærði ritaði af handahófi reikningsnúmerið 856 á eyðublöðin og undirritaði þau eigin nafni, en hann vissi, að innstæða var engin á reikningi konu hans. Að öðru leyti er tékkunum rétt lýst í ákærum 29. janúar 1970 og 5. júní 1970, eyðublaðanúmerum, fjárhæðum og dagsetningum.

Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um notkun tékkanna:

1. Tékki B. Nr. 62147. Tékka þennan seldi ákærði í Hótel Loftleiðum, Reykjavík, og notaði andvirðið að einhverju leyti til að greiða fyrir veitingar.
2. Tékki B. Nr. 62150. Hinn 8. júlí 1969 ók Eiríkur Guðlaugsson, leigubifreiðarstjóri hjá Bifreiðastöð Reykjavíkur, með ákærða um Reykjavík og víðar. Reyndi ákærði að selja Eiríki og fleirum tékka þennan og að lokum keypti Eggert Thorarsen, stöðvarstjóri hjá Bifreiðastöð Reykjavíkur, tékkann af ákærða. Um kr. 1.000.00 af andvirði tékkans notaði ákærði til að greiða aksturskostnaðinn.
3. Tékki B. Nr. 62148. Tékka þennan seldi ákærði í veitingaskálanum Geithálsi hinn 8. júlí 1969 og notaði alla vega að hluta til að greiða fyrir veitingar.

Með atferli því, er að framan greinir, hefur ákærði gerzt brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Ákærði hafði sparisjóðsávísanareikning nr. 2587 í Útibúi Iðnaðarbanka Íslands í Hafnarfirði. Upplýst er, að á tímabilinu 18.—20. júlí 1970 gaf ákærði út og notaði í viðskiptum eftirtalda 8 tékka, án þess að innstæða væri fyrir þeim. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um notkun tékkanna og við það fylgt sömu töluröð og í ákæruskjali, en þar er þeim að öllu rétt lýst, eyðublaðsnúmerum, upphæðum og dagsetningum:

1. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði fyrir veitingar í veitingahúsinu Nausti í Reykjavík.
2. Tékka þennan notaði ákærði til staðgreiðslu ökugjalds.
3. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir veitingar í Hótel Valhöll, Þingvöllum.
4. Tékka þennan seldi ákærði í Bílastöð Hafnarfjarðar h/f, Hafnarfirði.
5. Tékka þennan notaði ákærði til staðgreiðslu fyrir veitingar í Hótel Sögu, Reykjavík.
6. Ákærði greiddi ökugjald með tékka þessum.

7–8. Staðgreiðsla fyrir veitingar í veitingahúsinu Hábæ í Reykjavík.

Með verknuðum þeim, er greinir í liðum 1—8 hér að framan, hefur ákærði aflað sér fjárvinnings, samtals kr. 9.000.00, með sviksamlegum hætti, og varðar sú háttsemi refsingu samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Ákærði hefur rofið skilorð dóms, uppkveðins 18. október 1966. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, verður nú allt atferli ákærða dæmt í einu lagi. Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Eftirtaldar bótakröfur eru fram komnar í málinu:

1. Eggert Thorarensen ..... kr. 5.000.00
2. Loftleiðir h/f ..... — 4.000.00
   ásamt 1% dráttarvöxtum frá 13. júlí 1969 til greiðsludags og innheimtulaunum samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.
3. Vilhelm R. Ingimundarson, Réttarholtsvegi 1, Reykjavík ..... — 2.000.00
4. Hótel Valhöll ..... — 1.000.00

Ákærði hefur samþykkt allar framangreindar kröfur, og verða þær teknar til greina að fullu, þó þannig, að innheimtulaun (krafa Hótel Loftleiða) verða ekki dæmd, þar sem krafan er uppi höfð og dæmd í opinberu máli.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 10.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Atli Örvar, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði:

1. Eggert Thorarensen ..... kr. 5.000.00
2. Loftleiðum h/f ..... — 4.000.00
   ásamt 1% dráttarvöxtum frá 13. júlí 1969 til greiðsludags.
3. Vilhelm R. Ingimundarsyni, Réttarholtsvegi 1, Reykjavík ..... — 2.000.00
4. Hótel Valhöll ..... — 1.000.00

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. nóvember 1971.

Nr. 47/1970. **Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps f. h. hreppsins** (Kristinn Gunnarsson hrl.)
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands og til réttargæzlu Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f (Hákon Árnason hdl.).

Skaðabótamál. Tjón á hafnarmannvirkjum.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. ágúst 1970 og gert þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1.409.466.56 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæsarétti.

Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar. Af hans hendi eru heldur eigi gerðar kröfur.

Hinn 2. júní 1971 dómkvaddi borgardómarinn í Reykjavík þá Benedikt E. Guðmundsson skipaverkfræðing og Eirík Kristófersson, fyrrverandi skipherra, „til þess að gefa álit um það, hvort skipstjórnarmenn m.s. Gullfoss í umrætt skipti, sem um ræðir í málinu, hefðu getað tryggt öryggi m.s. Goðafoss í þeirri stöðu, sem það var í og um ræðir í málinu í dagbókarútdrætti skipsins, dags. 31. október 1967, ... þannig að skipið stóð fast, eftir að reynt hafði verið að hífa það frá bryggjunni með akkeriskeðju, og myndaði um 30 gráðu horn, miðað við bryggjuna — með því að setja festingartaugar frá skipinu í festingarstólpa á bryggjunni og bíða þannig

eftir, að félli að, þannig að skipið losaði af grynningunni og gæti siglt á brott".

Hinn 16. júní 1971 kváðu hinir dómkvöddu menn upp svohljóðandi álitsgerð:

„Samkvæmt dómkvaðningu borgardómaraembættisins í Reykjavík, dagsettri 2. júní 1971, höfum við undirritaðir farið til Hríseyjar og kynnt okkur aðstæður á staðnum. Við höfum rætt við menn þar, sem viðstaddir voru komu m/s Goðafoss og brottför í Hrísey. Enn fremur höfum við kynnt okkur vottorð Veðurstofu Íslands um veðurfar á Akureyri og Siglunesi umræddan dag og næstu daga á undan og eftir.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem við höfum getað aflað, og að okkar eigin áliti teljum við, að m/s Goðafoss hefði getað legið á staðnum í fullu öryggi með því að setja landfestar úr skipinu í bryggju og hífa það að, ef þörf krefði.

Álit okkar og úrskurður er því, að m/s Goðafoss hefði í umrætt skipti getað legið á staðnum til flóðs og að tryggja hefði mátt fullt öryggi skipsins með því að setja landfestar að framan og aftan úr því í bryggju og hífa það að bryggjunni, ef þurfa þætti".

Hinir dómkvöddu menn staðfestu álitsgerðina fyrir sjó- og verzlunardómi hinn 5. júlí 1971.

Fyrir dómi bar matsmaðurinn Benedikt E. Guðmundsson svo sem hér segir:

„Spurður af lögmanni vitnastefnanda segir matsmaðurinn, að samkvæmt álitsgerðinni telji þeir matsmennirnir, að tryggja hefði mátt öryggi skipsins í þeirri stöðu, sem það var samkvæmt lýsingu þeirri, sem fram kemur í matsbeiðninni, á þann hátt, sem fram kemur í álitsgerðinni.

Lögmaður vitnastefnda spyr matsmanninn að því, hvort hann geti rökstutt eða útskýrt þann þátt álitsgerðarinnar, sem gerir ráð fyrir, að skipið hefði verið híft að bryggju". Matsmaðurinn svarar, að hann „telji ekki hafa verið ástæðu til þess, eins og á stóð, að hífa skipið strax að, enda hafi skipið staðið, eftir því sem matsmaðurinn telur sér hafa skilizt af því, sem fram er komið í málinu, en ef ástæða hefði verið til, ef hreyfing kom á skipið, þegar fór að falla að,

hefði mátt draga skipið að bryggjunni aftur með þeim festum, sem matsmennirnir gera ráð fyrir, að koma hefði mátt fyrir.

Dómarinn spurði matsmanninn að því, hvort hann telji, að hægt hefði verið að draga skipið að bryggju, áður en fór að falla að. Matsmaðurinn tekur fram í þessu sambandi, að hann telji, að það hefðu verið eðlileg viðbrögð að reyna það, en hann hafi ekki séð eftir gögnum málsins, að það hefði verið reynt. Matsmaðurinn kveðst ekki geta sagt neitt ákveðið um það, hvort það hefði verið hægt. Matsmaðurinn tekur jafnframt fram í þessu sambandi, að búið hafi verið að draga skipið frá bryggju með akkerisvindunni, en akkerið hafi dregizt heim, og ef vír hefði nú verið komið frá skipinu í land, hefðu verið möguleikar á að nýta orku vindunnar til fulls.

Matsmaðurinn tekur fram sérstaklega aðspurður, að í áliti sínu taki hann tillit til þess, að akkeri skipsins hafi dregizt heim, er skipið var í þeirri stöðu, sem lýst er í matsbeiðninni.

Matsmaðurinn segir að gefnu tilefni, að af þeirri mynd, sem hann hafi myndað sér um veður í umrætt sinn, geti hann vart séð, að skipið hefði átt að slást það mikið við bryggju, svo að að sök kæmi. Kveðst matsmaðurinn gera ráð fyrir, að venjulegar varúðarráðstafanir séu við hafðar, svo sem notkun stuðpúða".

Matsmaðurinn Eiríkur Kristófersson bar fyrir dómi það, sem hér fer á eftir:

Matsmaðurinn segir, að hann „telji samkvæmt álitsgerðinni, að tryggja hefði mátt öryggi skipsins í þeirri stöðu, sem það var samkvæmt lýsingu í matsbeiðninni". Hann tekur fram, að hann „telji, að eðlilegt og ráðlegt hefði verið, ef hreyfing fór að koma á skipið, að það hefði þá verið híft að bryggju". Þá tekur matsmaðurinn fram, „að samkvæmt því, sem fram er komið, sé það álit" hans, „að skipið hefði i þeirri stöðu, sem þarna er lýst, staðið um eða fyrir framan miðju, og því hefði verið eðlilegt", að hans áliti, „ef skipið fór að slást í bryggjuna, að það hefði verið híft að bryggju aftur". Matsmaðurinn segir, að hann telji, „að í þeirri stöðu, sem

skipið var, hefði verið hægara að hífa það að bryggju aftur en að hífa það frá bryggjunni". Tekur hann fram, „að ef ekki hefði verið hægt að hífa skipið að bryggju strax aftur, telji hann, að koma hefði mátt í veg fyrir, að skipið slæist í bryggjuna að aftan með því að koma taug úr því að framan í bryggjuna, og þá hefði afturendi þess af sjálfu sér haldizt frá bryggjunni".

Aðspurður segir matsmaðurin, „að í þessu áliti sínu sé tekið tillit til þess, að akkeri skipsins hafði dregizt heim í þeirri stöðu, sem skipið var komið í".

Stefán Guðmundsson skipstjóri kom að nýju fyrir dóm hinn 29. júní 1971. Hann skýrir svo frá, að hann hafi ekki orðið var við, „að skipið stæði, á meðan það lá við bryggjuna". Hann „kveðst vel geta trúað því, að það hefði verið hægt að tryggja öryggi skipsins með því að koma festum úr því í land". Hann „kveðst telja, að það hefði ekki verið hægt að hífa skipið að bryggju aftur með útfallinu, en að það hefði verið hægt með aðfallinu".

Telja verður, að varlegra hefði verið af skipstjóra m/s Goðafoss að bíða aðfalls, áður en hann lagði frá bryggju í Hrísey hinn 31. október 1967, þar sem um svo stórt skip var að tefla og svo fermt sem í málinu greinir. Er og í þessu sambandi á það að líta, að eigi var fyrir hendi dýptarlínuuppdráttur af höfninni, sem örugglega mætti treysta. Þá fór skipstjóri eigi að fyrirmælum hafnarvarðar um að beita eigi vélinni, eftir að skipið var farið frá bryggju og hafði kennt grunns. Með álitsgerð þeirra Benedikts E. Guðmundssonar og Eiríks Kristóferssonar er nægilega í ljós leitt, að skipstjóri mátti tryggja öryggi skips síns „með því að setja landfestar úr skipinu í bryggju og hífa það að, ef þörf krefði".

Með tilvísun til álitsgerðar Skúla Guðmundssonar og Svavars Jónatanssonar, sem lýst er í héraðsdómi, verður að telja sannað, að beiting vélar m/s Goðafoss hafi í umrætt sinn valdið spjöllum þeim á bryggjunni í Hrísey, sem í málinu greinir. Þessi mistök af hendi skipstjórnarmanna á m/s Goðafossi leiða samkvæmt 8. gr. siglingalaga nr. 66/1963 til bótaskyldu á hendur stefnda. Hins vegar er á það að líta, að

hafnaryfirvöld í Hrísey höfðu vanrækt að hafa glöggar skýrslur tiltækar um dýpi í höfninni í Hrísey og sjá um, að skipstjórum á skipum, sem þangað sigldu, væri nægilega leiðbeint um aðstöðu í höfninni.

Að öllum atvikum athuguðum, þykir rétt að skipta sök á tjóninu til helminga. Enginn ágreiningur er um fjárhæð tjónsins. Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 1.409.466.56 : 2, þ. e. kr. 704.733.28, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 210.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, greiði áfrýjanda, Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps f. h. hreppsins, kr. 704.733.28 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 210.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. maí 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur hreppsnefnd Hríseyjarhrepps höfðað fyrir hönd hreppsins með stefnu, útgefinni hinn 21. febrúar 1968, á hendur H/f Eimskipafélagi Íslands. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur að fjárhæð kr. 1.409.466.56 með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1967 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi. Þá hefur stefnandi krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Goðafossi fyrir kröfum sínum. Stefnandi hefur áskilið sér rétt til frekari krafna á hendur stefnda síðar, m. a. vegna verðlagshækkana, samkvæmt heimild í 71. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Stefnandi hefur stefnt Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar

kröfur gerðar, og af hans hálfu eru heldur engar kröfur hafðar uppi í málinu.

Málavextir eru þessir:

Kl. 0915 hinn 31. október 1967 kom m/s Goðafoss, eign stefnda, til Hríseyjar og lagðist þar að bryggju. Varð síðan lestaður farmur fiskafurða, er nam 36x250 kg. Var lestun lokið kl. 1210. Er skipinu skyldi siglt á brott, kom í ljós, að það stóð á grynningu, og þrátt fyrir tilraunir skipstjórnarmanna losnaði það ekki fyrr en að nokkrum tíma liðnum, eins og síðar verður rakið. Síðar um daginn fór þekja bryggjunnar að síga, og um kvöldið hafði verulegur hluti hennar fallið niður sökum þess, að fyllingarefnið í bryggjunni hafði sigið brott. Sjópróf fóru fram út af atburði þessum. Um atburð þennan er skráð þetta í dagbók skipsins:

„Kl. 1210 lestun lokið.

Er fara átti frá bryggjunni, kom í ljós, að ekki var hægt að hífa skipið frá bryggjunni með stb. akkeriskeðju, því grynnra virtist vera fyrir utan. Þá er skipið hift aftur með bryggjunni ásamt notkun vélar við þá færslu. Reynt á ný að hífa skipið frá með akkeriskeðju. En er hornið á milli skips og bryggju var um 30 gr. (eftir mælingu), hífðist það ekki lengra, og dróst þá akkerið heim. Reynt að sigla skipinu frá með vélarafli, en tókst ekki. Greinilegt var, að skipið flaut að aftan, og slóst skutur þess í og niður á bryggjuhornið. Fjara er um kl. 1350. Um kl. 1445 tekur framenda skipsins að reka undan vindi. Reynt á ný að sigla frá, en skipið mjakaðist aðeins fram og situr fast á ný. Þetta endurtekur sig, skipið rekur undan að framan, og skutur þess snýst upp í vindinn, þar til það losnar kl. 1547. Þegar los fór að koma á skipið, var hætta á, að það ræki á land, og var því notað vélarafl af og til ásamt akkeri, sem var látið falla til öryggis. Skipið flaut allan tímann að aftan. Djúprista skipsins, eftir að í ljós kom, að ekki var unnt að hífa skipið frá, var: F 12'03" A 18'03"."

Skipstjóri skipsins, Stefán Guðmundsson, hefur staðfest dagbókarútdráttinn og auk þess skýrt svo frá, að hann hafi aldrei getað merkt, og sé raunar alveg öruggur um, að skipið hafi aldrei tekið niðri, á meðan það lá við bryggjuna. Hann kveður skipið hafa verið komið um 40 metra frá suðurhorni bryggjuhaussins miðað við miðju, eða ltið framar, er hann fyrst hafi fundið, að það tók niðri rétt fyrir aftan miðju. Kveður hann sér hafa virzt afturendi skipsins hreyfast meira en framendinn, þegar alda reið undir skipið. Stefán kveður sáraltið hafa verið búið að beita skrúfu skipsins, þegar það stöðvaðist á grynningunni. Stefán

kveðst hafa orðið var við, að skrúfa skipsins hafi rótað sandi, er verið var að reyna að koma skipinu frá bryggju. Hann kveður óhjákvæmilegt vera að nota skrúfu skipsins, þegar lagzt er að og frá bryggjum, og við það hljóti sandur að rótast upp. Stefán kveður skipið hafa staðið um einn og hálfan tíma í stöðu þeirri, er það var í, er það tók niðri, og hafi þá skrúfa skipsins ekki verið hreyfð. Skrúfan hafi svo ekki verið hreyfð, fyrr en skipið fór að reka undan vindi að framan. Hafi þá fyrst verið sett á hæga ferð, en síðan á fulla ferð og hafi skipið þá þokazt áfram. Stefán kveður ástæðuna fyrir því, að hlé hafi verið gert á að beita skrúfu skipsins, hafa verið þá, að stýrimaðurinn hafi komið á stjórnpallinn til sín með boð frá bryggjuverðinum um, að skrúfan rótaði sandi inn í höfðina. Eftir að þessi skilaboð bárust, kveður hann vélina ekki hafa verið hreyfða, fyrr en skipið fór að reka undan vindi að framan. Hafi þá aftur verið farið að beita vélinni, fyrst með hálfri ferð, en síðan með fullri ferð og þannig hafi verið haldið áfram að beita vélinni með mismunandi snúningshraða til kl. 1547, er skipið losnaði. Stefán kveðst telja, að er afturendi skipsins var kominn fram fyrir bryggjuhausinn, hafi skrúfa skipsins frekar rótað sandinum upp að bryggjunni en frá henni. Stefán kveðst ekki hafa verið varaður við bryggjunni á Hrísey sérstaklega og kveður sér ókunnugt um, að sýna þurfi meiri varkárni við að leggjast að henni frekar en öðrum bryggjum. Stefán kveðst ekki hafa getað séð nein merki um skemmdir á bryggjunni af völdum Goðafoss, á meðan skipið var þar við bryggju. Stefán kveður hafnarvörðinn aldrei hafa talað við sig, heldur við stýrimann skipsins.

Hér fyrir dómi hefur Stefán skýrt svo frá, að hann hafi oft komið með m/s Goðafoss til Hríseyjar, áður en umræddur atburður varð. Þegar skipið var fulllestað, eða nálægt því, kveður hann yfirleitt hafa verið sætt sjávarföllum til að komast að eða frá bryggjunni, annars ekki. Stefán kveðst aldrei hafa orðið var við, að dýpið í höfninni breyttist, og kveðst aldrei hafa heyrt talað um neina sérstaka breytingu á því, en íslenzkir skipstjórnarmenn geti alltaf búizt við breytingu á dýpi í íslenzkum höfnum. Stefán kveður sér alltaf hafa fundizt, að dýpið væri minnst við bryggjuna, en síðan dýpkaði út frá henni. Kveður hann sér hafa fundizt eins og sandhóll væri við bryggjuna. Hann kveður það hafa komið fyrir, að það hafi þurft að vinna við skipið, án þess að hægt væri að koma því alveg að bryggjunni. Stefán kveður skip eins og m/s Goðafoss alltaf hafa þurft að liggja a. m. k. tvö

fet meira að aftan en að framan, annars hafi verið hætta á, að vélin skemmdist. Stefán kveður það hafa komið fyrir, áður en atburður þessi varð, að þegar lagzt var með bakborðssíðu að bryggjunni, eins og hann hafi alltaf gert á m/s Goðafossi, að þá hafi verið erfiðara að ná skipinu að bryggju, eftir því sem farið var lengra fram með bryggjunni. Í umræddri ferð kveðst Stefán hafa haft kort yfir höfnina í Hrísey, sem sé í Leiðsögubók fyrir Ísland, og einnig hafnarkort, sem muni hafa verið gefið út á árinu 1964. Kveður hann sér hafa virzt, að ekki hefðu orðið neinar breytingar á nýja kortinu frá því, sem var á kortinu í leiðsögubókinni, nema hvað fleiri tölur hafi verið á nýja kortinu. Ekki kveðst Stefán minnast þess, að sér hafi í ferðum sínum til Hríseyjar verið bent sérstaklega á af hafnaryfirvöldum að gæta varúðar við beitingu skrúfu skipsins. Stefán kveður það oft koma fyrir við siglingar til íslenzkra hafna, að skrúfa skipsins sé notuð meira en hér var gert, þegar vindur stendur á bryggju og ná þarf skipinu frá henni, og dýpi er takmarkað. Stefán kveðst ekki áður hafa lent í eins miklum erfiðleikum í Hrísey og í umrætt sinn.

Finnbogi Finnbogason, III. stýrimaður á m/s Goðafossi, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ýmist verið á stjórnpalli, aftur á skipinu og stundum líka frammi á því, meðan skipið var að komast frá bryggju. Hann kveður skipið hafa festst, er það hafi verið komið nokkuð frá bryggjunni. Áætlar hann, að um 40 metrar hafi þá verið frá stjórnpalli að bryggju, en afturendi skipsins kominn fast að bryggjuhausnum. Finnbogi kveðst hafa orðið var við, að skrúfa skipsins hafi rótað upp talsverðum sandi, á meðan skipið var að komast frá bryggju. Hann kveður skut skipsins hafa slegizt öðru hverju nokkuð fast í vesturhorn bryggjunnar, aðallega eftir að hætt var að beita vél skipsins. Ekki kveðst hann hafa séð neinar skemmdir á bryggjuhorninu. Finnbogi kveður hafnarvörðinn hafa talað við sig rétt um kl. 1300 og beðið sig um að koma boðum til skipstjórans um að stöðva vél skipsins, en þá hafi verið búið að því. Eftir það kveður Finnbogi vél skipsins ekki hafa verið hreyfða, fyrr en skipið fór að slá undan að framan um kl. 1442 og á meðan afturendi skipsins hafi öðru hverju slegizt í bryggjuna.

Kristján Guðmundsson, II. stýrimaður á m/s Goðafossi, hefur skýrt svo frá, að hann hafi farið af vakt kl. 1230 og hafi hann ekki fylgzt með, hvað gerðist eftir það.

Þór Skaftason, yfirvélstjóri á m/s Goðafossi, hefur skýrt svo

frá, að hann hafi verið í vélarúmi skipsins, meðan skipið var að leggja frá. Hann kveðst ekki hafa orðið var við, að mikill sandur kæmi í kælivatn vélarinnar eða að síur stífluðust. Þór kveðst ekki hafa orðið var við, að afturendi skipsins slægist í bryggjuhausinn.

Hilmar Símonarson, sem hefur verið hafnarvörður í Hrísey s.l. fimm ár, hefur skýrt svo frá, að þriðjudaginn 31. október 1967 hafi m/s Goðafoss lestað freðfisk í Hrísey til útflutnings. Er Hilmar kom niður á bryggju kl. 1250 þennan dag, kveður hann aðalvél skipsins hafa verið í fullum gangi áfram. Hann kveður afstöðu skipsins til bryggjunnar þá hafa verið þá, að skutur skipsins hafi staðið einn metra norður fyrir bryggjuhausinn. Hilmar kveðst hafa gert boð fyrir skipstjórann. Kvaðst hann hafa talið, að maður sá, sem kom niður á þilfarið, væri skipstjórinn, en síðar hafi komið í ljós, að það hafi verið I. stýrimaður skipsins. Hilmar kveðst hafa sagt manni þessum, að þeir yrðu að hætta strax að keyra vél skipsins áfram, en maður þessi hafi svarað, að því hefði þegar verið hætt. Kveðst Hilmar hafa gefið þessi fyrirmæli bæði vegna þess, að hann óttaðist, að sandur græfist frá þilinu, og vegna þess, að bátar á báttalegunni væru í hættu vegna straums frá skrúfunni, en þeir hafi slegizt mikið saman. Ekki kveðst þó Hilmar hafa nefnt neina ástæðu, er hann gaf fyrirmælin um að stöðva skrúfu skipsins. Hilmar kveðst nú hafa þurft að far til Dalvíkur, en er hann hafi verið að fara á brott, hafi skrúfa skipsins verið farin að vinna áfram. Er hann kom aftur frá Dalvík, kveður hann skipið hafa verið farið, en þá hafi þekja bryggjunnar verið farin að síga niður og brostið. Síðari hluta dagsins hafi þekja bryggjunnar svo haldið áfram að síga og um kvöldið hafi hún fallið niður á um 10 metra kafla að norðanverðu. Hilmar kveður það, sem eftir vera af þekjunni, lafa uppi og sé það sprungið. Hilmar kveður háfjöru hafa verið, en skipið hafi komið upp að bryggjunni á flóðinu. Hann kveður það ekki óalgengt, að skip þurfi að bíða eftir aðfalli til að komast frá bryggjunni. Hann kveður það ekki hafa verið venju að losa skip á þann hátt að keyra vélar þess og kveðst telja það vítavert að reyna að losa m/s Goðafoss þannig. Hilmar kveður næstu skip, sem komið hafi að bryggjunni á undan Goðafossi, hafa verið Selfoss hinn 30. október, Litlafell hinn 25. október og Britta hinn 20. september. Hilmar kveður ekkert hafa gerzt við skipakomur þessar. Hilmar kveður það vera venju, að skip dragi sig frá bryggju á legufærum, en setji skrúfuna af stað, þegar þau séu

laus frá bryggjunni. Hilmar kveður það skoðun sína, að myndazt hafi ræsi undir skipinu, við að skrúfu skipsins var ýmist beitt aftur á bak eða áfram. Kveðst hann telja, að þessi beiting skrúfunnar hafi grafið sand frá járnþilinu í bryggjunni og það hafi síðan leitt til skemmda þeirra, sem urðu á bryggjunni. Hilmar kveðst oft hafa komið að, er verið var að reka niður járnþilið við bryggjuna, og hafi hann þá séð, að járnið gekk ekki lengra niður en svo, að þurft hafi að taka ofan af sumum skúffunum. Hilmar kveðst ekki hafa verið hafnarvörður, þegar þetta var. Ekki kveður Hilmar sér kunnugt um, hver undirstaða bryggjunnar sé, en hann kveður mikinn sand vera þarna. Hilmar kveðst hafa framkvæmt einstakar dýptarmælingar við bryggjuna eftir beiðni ýmissa skipstjóra á hverjum tíma. Þessar mælingar hafi ekki verið skráðar, en hann kveðst telja þær hafa sýnt 17—18 feta dýpi. Kveðst Hilmar hafa framkvæmt þessar mælingar með lóði á nokkrum stöðum í hvert sinn í um það bil 4—5 metra fjarlægð framan við bryggjuna með um 10—15 metra millibili og alltaf á svipuðum stað. Hilmar kveður það einkum hafa verið skipstjóra Fossanna, sem hafi beðið um mælingar þessar, en það hafi ekki verið gert í það skiptið, sem hér er fjallað um. Kveðst Hilmar álíta, að skipstjórarnir hafi einkum aðallega beðið um dýptarmælingar, þegar skip þeirra hafi verið mikið lestuð, en þeir hafi ekki alltaf beðið um slíkar mælingar. Ekki kveðst Hilmar hafa orðið var við breytingar á dýpi á þeim stöðum, sem hann mældi. Hilmar kveðst vita, að menn frá vita- og hafnarmálastjórn hafi komið til að mæla dýpið árið áður, en ekki kveðst hann hafa verið látinn vita um niðurstöður þeirra mælinga. Hann kveður sér ekki hafa verið send nein dýptarkort. Hilmar kveðst ekki vita til, að skip hafi tekið niðri í höfninni áður, en hins vegar hafi komið fyrir, að skip hafi staðið við bryggjuna á fjöru. Hann kveður yfirleitt ekki hafa verið reynt að losa skip, sem stóðu við bryggjuna, heldur hafi verið beðið eftir aðfalli. Jafnvel þótt skip stæði ekki við bryggjuna, kveður hann það hafa verið venju að draga þau frá á akkerisfestum, áður en vélar voru settar af stað. Hilmar kveður ekki vera hægt að taka þetta stórt skip áfram frá bryggjunni, þegar legið sé með bakborða að bryggju, vegna grynninga suður af bryggjunni. Hins vegar hafi það farið eftir atvikum, hvorri síðu skip snúi að bryggjunni. Hilmar kveður það öruggt, að í tíð sinni sem hafnarstjóra hafi skip ekki verið afgreidd, nema þau gætu lagzt alveg að henni. Ekki kveðst

Hilmar hafa gefið skipstjórnarmönnum fyrirmæli eða leiðbeiningar, áður en skip legðust að bryggju, nema það, sem hann hefur skýrt frá um mælingar á dýpi. Hann kveður það einstaka sinnum hafa komið fyrir, að hann hafi verið beðinn um að taka skip að bryggju, og hafi hann þá gert það. Hilmar kveðst engin afskipti hafa haft af m/s Goðafossi, er hann lagði að bryggjunni umrætt sinn. Þegar höfnin var síðast dýpkuð, kveður Hilmar sandinn hafa verið fluttan langt út á sund. Ekki kveðst hann muna, hvenær þetta var eða hvenær síðast var dýpkað utan við bryggjuna. Hilmar kveður sér aldrei hafa verið tilkynnt, að sérstakrar varúðar þyrfti að gæta við beitingu skrúfu við bryggjuna. Hann kveðst hins vegar telja óvarlegt að beita skrúfu mikið við bryggju. Ekki kveður hann, að þurfa eigi að beita skrúfu meira til að komast frá bryggju, þó að vindur standi á hana, svo framarlega sem akkeri sé úti. Hilmar kveðst aldrei hafa fengið nein gögn um dýpi hafnarinnar, hvorki frá fyrirrennara sínum né öðrum. Hann kveðst heldur ekki hafa fengið nein fyrirmæli um það við ráðningu sína að fylgjast með dýpi hafnarinnar. Hilmar kveður skipið örugglega hafa staðið, þegar búið var að hífa það frá bryggjunni og hann kom að, en hins vegar kveðst hann ekki hafa verið viðstaddur, þegar byrjað var að taka það frá bryggjunni. Hilmar kveðst telja, að minnsta dýpið við bryggjuna sé þar, sem hann framkvæmdi mælingar sínar, en síðan dýpki frá bryggjunni.

Hinn 1. nóvember var Sveinn G. Sveinsson, verkfræðingur vita- og hafnarmálastjórnarinnar, fenginn til að athuga tjón það, sem orðið hafði á bryggjunni í Hrísey. Samdi hann um þá athugun svohljóðandi skýrslu:

„Að kvöldi þess 1. 11. '67 lagði ég af stað áleiðis til Hríseyjar frá Reykjavík vegna skemmda, er m.s. Goðafoss hafði valdið á hafnarbakka þar. Þetta sama kvöld hafði ég samband við Jóhann Gauta kafara, en hann hafði þennan sama dag athugað skemmdirnar.

Að morgni þess 2. 11. fór ég út í Hrísey með kafara til frekari athugana. Þar var í stuttu máli þannig umhorfs:

1) Ca. 100 m^2 af þekjunni voru fallnir niður og hvíldu á stögunum.
2) Fylling hefur runnið ca. 1200 m^3 út úr bakkanum.
3) Að utanverðu og við enda stálþils hefur myndazt djúp renna við botninn, dýpst um 3.50 m.
4) Hluti þils við ytra horn hefur sigið niður.

Af ofangreindu má sjá, að mannvirkið er allt í mikilli hættu statt, þar sem

1) neðri endi þils hefur lítinn og við horn engan stuðning utan frá.
2) Á rúmlega 20 lengdarmetrum þils er grafið undan þekjunni, svo að hún getur þá og þegar fallið niður.
3) Fyllingu hefur skolað undan stögunum, þannig að þekjan (í 2) félli niður á strekkt stög og gæti slitið þau úr festingunum við þilið.

Aðgengilegt og auðvelt er þó að gera við skemmdir þær, er þegar eru komnar í ljós, og gæti það farið fram á eftirfarandi hátt:

1) Grabbað upp úr rennu, þar sem laus sandur hefur sezt að.
2) Grjóthnullungar (allt að 300 kg) settir niður neðst í rennuna.
3) Grjótfylling allt að 1 m þykk sett ofan á efri brún þessarar grjótfyllingar væri 8.5 m frá þiltoppi að utanverðu og 7.5 m við enda.
4) Sandi grabbað ofan á þessa grjótfyllingu í þá hæð, sem botn var áður.
5) Þekjan, sem fallið hefur niður, verður bútuð sundur og sett sunnan við hafskipabryggju.
6) Sandfyllingu dælt innan úr höfninni upp í þilið og það því sem næst fyllt.
7) Grjótmulningi ekið í efsta lag fyllingar.
8) Þekjan, sem á lofti er, brotin niður.

Þann 7. 11. var flotkraninn, sem útvegaður var til viðgerðarinnar, ekki enn kominn til Hríseyjar, því sjólag hefur verið of slæmt fyrir hann".

Skýrslu þessa hefur Sveinn staðfest fyrir dómi. Hann kvað það þá jafnframt vera skoðun sína, að skemmdir þær, sem urðu á bryggjunni, hlytu að stafa frá m/s Goðafossi, þar sem svo rótttæk og snögg breyting hafi orðið á bryggjunni, að vart sé öðru til að dreifa. Þá kvað hann niðurstöður athugana, sem kafari hafði gert daginn eftir atburðinn, benda til þess, að renna sú, sem myndazt hafði við bryggjuna, væri nýleg og að sjávarstraumar leituðust við að fylla hana. Ekki kvað Sveinn neinar skemmdir hafa sézt á stálþili bryggjunnar og kvað ljóst, að fyllingin hefði runnið út úr bryggjunni undir þilið. Ekki kvað Sveinn hafa verið rannsakað sérstaklega, hvar það magn af sandi hefði setzt að, sem komið hefði upp úr rennunni við bryggjuna og úr bryggjunni sjálfri, en hann kvaðst telja það líklegt, að til þessa

sands megi rekja orsök fyrir því, að skipið tók niðri. Ekki kvaðst Sveinn sjálfur hafa mælt dýpið við bryggjuna, áður en m/s Goðafoss kom þar í umrætt sinn. Hins vegar kvað hann hafnarvörðinn hafa fylgzt með dýpinu þarna. Ekki kvaðst Sveinn hafa kynnt sér, hvort önnur skip hafi verið þarna á ferð, dagana áður en umræddur atburður varð.

Daginn eftir umræddan atburð var Jóhann Gauti Gestsson kafari fenginn til að kafa við bryggjuna og athuga ástand hennar o. fl. Í skýrslu, sem Jóhann Gauti gerði um athuganir sínar, segir svo um niðurstöður þeirra:

„Eftirtalið kom í ljós:

1. Mjög fínn og djúpur sandur er meðfram allri bryggjunni.
2. 6 m breið renna hafði myndazt meðfram endilöngum vesturkanti bryggjunnar.
3. Dýpi rennunnar var um 2½—3 m við suðurhorn A upp við járnþilið og minnkaði dýpið út frá bryggjunni.
4. Við norðurhorn B var rennan um það bil 3½—4 m á dýpt upp við járnþilið og minnkaði út frá bryggjunni.
5. Á vesturkanti var aðeins 1 m af járnþilinu undir botni, og var þessi 1 m laus og hreyfður sandur, sem lá að þilinu.
6. Fyrir norðurenda bryggjunnar var samskonar renna í sandinn, nema hvað hún var 8—10 m á breidd og 3½—4 m á dýpt.
7. Á norðurenda á fyrstu 4 m frá horni B til horns C var járnþilið aðeins 50—70 cm undir botni í það hreyfðum og lausum sandi, að ég gat með handafli ýtt járnstöng niður með þilinu og inn undir það.
8. Uppfylling bryggjunnar hafði runnið út úr bryggjunni undir þilið á norðurenda við hornið B.
9. Læsingar á járnþili norðurenda við horn B voru lítilsháttar teygðar og járnið aðeins gengið úr að neðan.
10. Ekki var hægt að sjá, að neitt af uppfyllingu bryggjunnar hafi runnið út um læsingar á járni".

Skýrslu þessa staðfesti Jóhann Gauti fyrir dómi. Skýrði hann þá jafnframt svo frá, að hann hefði unnið sem járnsmiður við hafnargerðina í Hrísey árið 1956. Kvað hann umrætt stálþil þá hafa verið rekið niður. Jóhann Gauti kveður djúpan sand vera þarna, en kveðst ekki vita, hversu djúpur hann er. Hann kveðst hafa starfað við umrætt járnþil, en ekki kveðst hann hafa fylgzt með því, hversu langt niður það var rekið. Innan við þilið kveður hann fyllt hafa verið upp með sandi og hann látinn standa þannig fram á næsta ár til þess að lofa honum að síga, en síðan hafi verið

steypt plata yfir, en áður kveðst hann telja, að lag af grófri möl hafi verið sett ofan á, en hann kveðst þá hafa verið farinn og því ekki hafa séð það. Ekki kveðst Jóhann Gauti vita, hversu miklir straumar séu þarna, en hann kveður enga hreyfingu vera á sandinum í góðu veðri og kveður sjávarföll vera lítil. Hann kveðst yfirleitt ekki hafa orðið var við hreyfingu á sandmagni við framanverða bryggjuna.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að tjón það, sem varð á bryggjunni í Hrísey í umrætt sinn, sé eingöngu af völdum m/s Goðafoss við tilraunir skipstjórnarmanna við að ná skipinu út úr höfninni. Er því haldið fram, að skipstjórnarmenn hafi ætlað sér að færa skipið út úr höfninni, þótt háfjara væri og skipið tæki niðri, þar sem það lá við bryggjuna, í stað þess að bíða eftir aðfalli. Hafi skipstjórnarmenn við þetta beitt vélum og skrúfum skipsins af því afli, sem frekast var unnt, og við þau átök hafi sandurinn rótazt frá bryggjunni með þeim afleiðingum, að fyllingarefnið í bryggjunni hafi runnið út undan bryggjuþilinu og bryggjan hrunið. Er því haldið fram, að skipstjórnarmönnum hafi þarna orðið á mistök við stjórn skipsins, en einnig, að þeir hafi ekki farið eftir ákvæðum hafnarreglugerðar um Hrísey nr. 34/1958 og heldur eigi hlýtt fyrirmælum hafnarvarðarins.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að tjón það, sem varð á bryggjunni í Hrísey í umrætt sinn, verði á engan hátt rakið til atvika, sem stefndi beri fébótaábyrgð á. Er því haldið fram í þessu sambandi, að orsök þess, að m/s Goðafoss tók niðri í höfninni, megi rekja til skorts á eftirliti og viðhaldi hafnarinnar af hálfu hafnaryfirvalda, en skipstjórnarmenn á m/s Goðafossi hafi ekki verið varaðir við þessu ástandi hafnarinnar. Er því haldið fram, að eftir að m/s Goðafoss var kominn í þá erfiðu aðstöðu, sem grynningin í höfninni olli, hafi skipstjórnarmenn sýnt fyllstu aðgæzlu og hafi þeir ekki beitt skrúfu skipsins, nema til að forðast skemmdir á bryggjunni og til að koma í veg fyrir, að skipið ræki upp. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að ekkert hafi verið athugavert við það að leggja skipinu frá bryggjunni á þeim tíma, sem gert var, enda hafi hafnaryfirvöld í Hrísey eða vita- og hafnarmálastjórnin eigi gefið tilefni til þess með tilkynningum eða á annan hátt. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að tjónið, sem varð á bryggjunni, megi annað hvort rekja til þess, að sandur hafi borizt frá járnþilinu með hafstraumum, eða til þess, að illa hafi verið gengið frá þilinu.

Ekki er ágreiningur um fjárhæð dómkröfu stefnanda, en af

hálfu stefnda er því mótmælt, að stefnandi geti síðar komið fram með frekari kröfu vegna atburðar þessa.

Að beiðni stefnda voru dómkvaddir tveir menn til að skoða hafskipabryggjuna í Hrísey og athuga og segja álit sitt um eftirfarandi atriði:

a) Styrkleika stálþilsins og hvort stálþilið hafi verið rekið nægilega niður með hliðsjón af viðspyrnu í sandbotninum.
b) Sandbotninn með hliðsjón af því, hvort hætta hafi verið á því, að sandurinn gæti losnað við eðlilega vélarnotkun skipa, sem um höfnina fóru.
c) Hafstraumum í höfninni með hliðsjón af mögulegum sandburði af þeirra völdum.
d) Skýrslu Jóhanns Gauta kafara, dags. 1. nóvember 1967, sem fylgir sjópórfsendurriti á dskj. nr. 6, skýrslu skipstjóra Goðafoss og dagbókarútdrátt á dskj. nr. 5 með hliðsjón af því, hvort líklegt sé, að þar greindar rennur og sandrif, sem Goðafoss strandaði á, hafi myndazt við umferð skipa um höfnina og/eða vegna áhrifa hafstrauma, og segja sérstaklega álit sitt á því, hvort þeir telji samkvæmt dskj. nr. 5 og öðrum gögnum málsins umrætt sandrif hafa myndazt við vélarnotkun m/s Goðafoss.
e) Að síðustu er þess óskað, að hinir dómkvöddu menn láti í ljós álit sitt á því, hvort ástand og gerð bryggjunnar og aðstæður við hana hafi verið þannig, að forsvaranlegt hafi verið, að skip af sömu stærð og m/s Goðafoss notuðu höfnina.

Til að framkvæma skoðun þessa og semja álitsgerðina, voru dómkvaddir verkfræðingarnir Skúli Guðmundsson og Svavar Jónatansson. Auk þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu, hafa matsmennirnir aflað eftirtalinna gagna til notkunar við álitsgerð sína: Niðurstöður rannsókna á kornastærð af sandi úr botni Hríseyjarhafnar, athugun og útreikning á skrúfustreymi m/s Goðafoss, dýptarkort samkvæmt mælingum, sem gerðar voru í ágúst 1961, ágúst 1964, maí 1968, nóvember 1942.

Um athuganir matsmanna og niðurstöður segir svo í álitsgerð matsmanna:

„B. Umsögn um matsliði.

Skal nú vikið að einstökum liðum matsbeiðninnar í sömu röð og með sömu merkingum.

a. Stálþil.

Reikningsforsendur:

Í dómsskjölum eru uppdrættir frá Vita- og hafnarmálastjórninni af hafskipabryggjunni B 1080, B 1049 og H Stinnes 3293-4257 (dskj. nr. 10, 11 og 13), er sýna gerð og fyrirkomulag stálþilsins, uppdráttur C-548 (dskj. nr. 12) af dýptarmælingu hafnarsvæðisins frá því í júlí 1963.

Upplýsingar um gerð og eiginleika sandbotsins eru ekki til aðrar en kornastærðarlínurit, gerð af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins af þeim tveim sýnishornum, sem matsmenn tóku í Hrísey og fylgja matsgerðinni sem fylgiskjal nr. 1.

Segja má, að þessar upplýsingar um sandbotninn séu ófullnægjandi, einkum til ákvörðunar á viðspyrnugetu sandsins framan við þilið. Í útreikningum á styrkleika stálþilsins og stöðugleika (stabilitet) þess, hefur því orðið að áætla eiginleika sandsins að þessu leyti.

Reikningsniðurstöður:

Niðurstöður útreikninga okkar á styrkleika stálþilsins og nauðsynlegri niðurrekstrarlengd þilsins, byggt á framantöldum forsendur, eru þær, að hvorttveggja hafi verið fullnægjandi, miðað við óbreytt eða lítið breytt sjávardýpi við viðlegukant frá 1963.

b. Sandbotninn — Áhrif skipsskrúfu.

Kornastærðarlínuritin á fskj. nr. 1 sýna, að sandurinn við bryggjuna er mjög fínn, eða frá 0.10 til 0.50 mm, og auk þess afar jafnkorna. Þannig eru um 75% af þyngd sýnishornanna af kornastærðunum 0.125 til 0.25 mm. Bæði þessi atriði, fínleiki sandsins og hin jafna kornastærð hans, valda því, að hann er mjög viðkvæmur fyrir áhrifum streymandi vatns.

Með hliðsjón af evrópskum og amerískum rannsóknum má telja, að ekki þurfi nema 0.5 m/sek. vatnshraða til að koma af stað og viðhalda hreyfingu sands af þessari kornastærð, þ. e. 0.1 til 0.5 mm. Samkvæmt athugun skipaverkfræðinganna Agnars Norlands og Jóns B. Hafsteinssonar (fskj. nr. 3) er meðalvatnshraði aftan við skrúfu m/s Goðafoss um 5 m/s, miðað við fullt vélarafl, er skipið stendur kyrrt eða því sem næst. Þá telja þeir einnig, að þessi hraði minnki lítið að fjarlægð, sem nemur nokkrum skrúfuþvermálum (D-3.8 m) aftur fyrir skrúfuflötinn, og auk þess veiti skrúfan vatninu aftan við vissan snúningshraða, en það eykur enn á graftarmátt skrúfuvatnsins.

Ef gert er ráð fyrir, að eðlileg vélarnotkun skips við að leggja frá bryggju sé frá 3 til 6 mín. á hálfri ferð, teljum við skv. framansögðu, að nokkur hreyfing á sandi geti átt sér stað við bryggjuna, en jafnvel þó notkun skrúfu á fullri ferð í nokkrar mínútur

sé í einstaka tilfellum nauðsynleg og eðlileg, eru yfirgnæfandi líkur fyrir því, að renna, sem þannig græfist við skipskomu, yrði ekki dýpri eða víðáttumeiri en svo, að öryggi stálþilsins væri ekki ofboðið. Enda má gera ráð fyrir, að slík renna næði að fyllast aftur vegna áhrifa frá öldu og straumum (sbr. c) fyrir næstu skipskomu, þar eð komur stærri skipa til Hríseyjar eru fremur fátíðar.

c. Hafstraumar og öldur.

Ef athuguð er mesta breyting á sjávarhæð skv. flóðtöflum vegna sjávarfalla í Eyjafirði og dýpt og breidd fjarðarins við Hrísey, virðist meðalstraumhraði í þversniðinu vera lítill. Þetta útilokar þó ekki tilveru jafnvel nokkuð sterkra strauma eða straumrasta vegna sérstakra aðstæðna. Matsmenn hafa þó enga vitneskju fengið um slíkt, en álit eyjarskeggja sjálfra er, að straumar við eyna séu ekki miklir samkvæmt upplýsingum frá hafnarverðinum. Jóhann Gauti kafari, sem alloft hefur kafað við bryggjuna í Hrísey, telur einnig, að straumar séu þar ekki áberandi.

Athuganir matsmanna á öldu á hafnarsvæðinu benda til, að vænta megi þarna öldu af þeirri hæð og eiginleikum, sem orsakar meiri vatnshraða við botn á 5 m dýpi við hafnarbakkann en þarf til að koma af stað sanflutningi. Áhrif öldunnar virkar þó miklu fremur til hreyfinga fram og aftur, þ. e. til útjöfnunar á botninum en til beinna sandflutninga.

Telja verður með hliðsjón af framansögðu, að sandflutningar í stórum stíl eigi sér vart stað við Hrísey af völdum strauma eða öldu. Umtalsverð hreyfing á sandi á sér þó vafalítið stað, enda staðfest, að nokkurs sandburðar gætti inn í höfnina með straumum, en eftir að nyrðri hafnargarðurinn var byggður, virðist að mestu hafa tekið fyrir sandburð inn í bátahöfnina. Auk þess sýnir samanburður á dýptarkortum greinilega tilflutning sands (sbr. d).

Áhrif strauma og öldu eru tvímælalaust það mikil, að nægja mun til að jafna út ójöfnur eða röskun á botninum, sem orsakazt hafa, t. d. vegna áhrifa frá skipsskrúfu, enda þarf verulega minni straum til að hreyfa sand í halla en á láréttum eða því sem næst láréttum botni. Athuganir kafarans Jóhanns Gauta, sem kannaði verksummerki við bryggjuna með sólarhrings millibili eftir strandið, sýna, að barmar rennunnar framan við stálþilið, sem voru mjög brattir fyrri daginn (1. nóv.), höfðu runnið mikið niður eftir sólarhringinn, og í seinna skiptið var komið allt að

60 cm þykkt lag af nýjum, lausum sandi í botn gryfjunnar þrátt fyrir kyrrt veður báða sólarhringa.

d. Skýrslur kafara og skipstjóra og dakbókarútdráttur.

Samkvæmt skýrslu kafarans, sem kafaði við bryggjuna, daginn eftir að umræddar skemmdir komu fram á henni, og viðtölum hans við matsmenn var rúmtak rennu þeirrar, sem myndazt hafði við vestur- og norðurkant bryggjunnar 900—1000 m^3. Breidd og dýpt rennunnar var mæld með mælistöng, og dýptin miðuð við svarta rönd á stálþilinu, sem sýndi, í hvaða hæð botninn hafði verið áður.

Þegar kafarinn kafaði sólarhring síðar á sama stað, tók hann eftir, að svarta röndin hafði dofnað nokkuð, og bendir það eindregið til, að rennan hafi að mestu leyti grafizt skömmu áður.

Auk áðurnefnds sandmagns rann út úr bryggjuhausnum undir stálþilið við norðvesturhornið álíka mikið eða öllu meira magn skv. athugunum Sveins G. Sveinssonar, verkfræðings. Samtals hafa því um 2000 m^3 af sandi verið fluttir til þarna á stuttum tíma (ca. 2 klst., hafi m/s Goðafoss orsakað þetta allt einn). Þó nokkur hluti þessa sandmagns hefur farið inn í bátahöfnina, en annað virðist hafa dreifzt yfir allstór svæði utan hafnargarðanna.

Við athugun á bjöllubók skipsins kemur í ljós, að tilraunum skipstjórnarmanna til að færa skipið frá bryggju má skipta í tvö aðskilin tímabil. Hið fyrra frá kl. 12.15 til kl. 13.09, en þá er skrúfa notuð í 11 mínútur á fullri ferð aftur á og í 14 mín. á fullri ferð áfram, auk þess sem keyrt var á hálfri og hægri ferð. Í seinni lotunni, sem stóð frá kl. 14.42 til kl. 15.45, var keyrt í 19 mín. á fullri ferð áfram og þar að auki hálfri og hægri ferð áfram (sjá skjal nr. 2). Samtals hefur því skrúfa verið notuð í 44 mín. á fullri ferð, ýmist aftur á bak eða áfram, meðan skipið var við eða nærri bryggjunni.

Ef haft er í huga, hve straumhraðinn frá skrúfu skipsins á fullri ferð er miklu meiri (ca. 10-faldur) en sá hraði, sem þarf til að koma af stað sandflutningi, sbr. lið b hér að framan, er augljóst, að graftarafköst skrúfunnar á 44 mínútna keyrslu á fullri ferð eru geysimikil.

Telja verður því yfirgnæfandi líkur fyrir, að fyrrnefnd renna hafi að öllu eða langmestu leyti grafizt vegna vélarnotkunar m/s Goðafoss við bryggjuna þann 31. okt. 1967. Jafnframt má telja útilokað, að straumar grafi rennu af þessari stærð og lögun, enda sýna athuganir kafara, að þeir leitast strax og miklu fremur við að fylla slíka rennu.

Næsta skipskoma á undan var m/s Selfoss daginn áður, en samkvæmt upplýsingum hafnarvarðar bar ekkert óeðlilegt við í það sinn, auk þess ristir m/s Selfoss grynnra en m/s Goðafoss og því ósennilegt, að hann hafi haft nokkur áhrif á botninn við bryggjuna, er máli gæti skipt í þessu sambandi. Næstu skip þar á undan voru einnig minni en m/s Goðafoss og voru nokkrum vikum fyrr á ferðinni.

Í yfirheyrslum við sjópróf í Reykjavík (sjá dskj. nr. 5) bendir skipstjóri á, að er afturendi skipsins var kominn fram fyrir bryggjuhausinn, hafi skrúfa skipsins frekar rótað sandinum upp að bryggjunni heldur en frá henni. Líklegra verður þó að teljast, að straumröstin afturundan skipinu hafi, einnig eftir að skipið fór að fjarlægjast, haldið áfram að grafa rennuna vegna frákasts straumsins frá lóðréttu stálþilinu.

Samkvæmt umsögn skipstjórans á dómsskjölum og í viðtali við matsmenn 31. des. s.l. stóð skipið ekki við bryggjuna, er leggja skyldi frá. Hins vegar var ekki unnt að draga skipið frá með akkeriskeðju, þar sem grynnra reyndist framan við skipið. Jafnframt að skipið hafi ekki strandað fyrr en það var að því sem næst komið í stöðu I, sbr. uppdrátt í fskj. nr. 3, dskj. nr. 5, þ. e. eftir að búið var að draga það aftur með bryggjunni um 30—40 m, snúa því um ca. 30° og taka síðan áfram.

Í dómsskjölum kemur einnig fram, að djúprista skipsins skv. mælingu, sem gerð var, strax eftir að skipið strandaði, var 12'3" að framan en 18'3" að aftan. Næsta mæling á undan á djúpristu skipsins sýnir tæp 15' bæði að framan og aftan samkvæmt upplýsingum frá Eimskipafélagi Íslands h.f., en hún var gerð í Reykjavík. Í millitíðinni kom skipið í þrjár hafnir, Patreksfjörð, Ísafjörð og Akureyri, þar sem ýmist var lestað eða losað eða hvort tveggja. Lausleg athugun bendir til, að losað hafi verið heldur meira en lestað. Samræmi er því nokkuð gott á meðaldjúpristunni í bæði skiptin. Hinn mikli munur á djúpristunni að aftan og framan í Hrísey getur stafað af tvennu, að lestað hafi verið í afturlest skipsins, en losað að framan og/eða skipið hafi lyfzt að framan, er það rann upp á grynninguna. Skipstjórinn telur, að skipið hafi staðið nærri miðju skips, en hafi allan tímann flotið að aftan þrátt fyrir meiri djúpristu. Sé gengið út frá þessu, hefur dýpið, þar sem skipið strandaði, verið um eða rétt yfir 15', þ. e. ca. 4.6 m.

Á dýptarkorti frá 1963 (dskj. nr. 12) er dýpið sýnt um 5.4 m á þessum stað á stórstraumsfjöru, en sjávarhæð er skv. flóðtöflu á þessum tíma um 0.2 m hærri, eða dýpi því 5.6 m. Þarna hefur

því grynnkað um ca. 1.0 m frá því 1963, að öðrum kosti hefði skipið ekki strandað við uppgefna djúpristu.

Af lýsingu skipstjórans á atvikum strandsins kemur fram, að strandið skeði, áður en nokkuð verulega er búið að hreyfa skrúfu. Grynningin, sem skipið strandar á, getur því ekki verið mynduð við vélarnotkun skipsins nema að óverulegu leyti, sé lýsing á atburðarás við strandið rétt, og sjá matsmenn enga ástæðu til að efast um réttmæti hennar.

Dýptarkort af Hrísareyjarhöfn frá í júlí 1963 fylgir dómsskjölum (skjal nr. 12) sem fyrr segir. Þá fengu matsmenn hjá Hafnamálastofnuninni dýptarkort af hafnarsvæðinu frá því í ágúst 1961 (fskj. nr. 4) og annað frá ágúst 1964, sem nær þó aðeins yfir svæði núverandi bátahafnar (fskj. nr. 5), auk dýptarkorts af svæðinu framan við viðlegukantinn frá því í maí 1968 (fskj. nr. 6). Síðast nefnda kortið er gert af Pétri Bjarnasyni, verkfræðingi á Akureyri, en hin af starfsmönnum vita- og hafnamálastjóra. Öll þessi kort eru byggð á nákvæmum dýptarmælingum og því eftir atvikum áreiðanleg. Þá er til dýptarkort frá því í nóvember 1942 (fskj. nr. 7), sem einnig er gert eftir dýptarmælingu, en fjarlægð milli mælipunkta er meiri en á fyrrnefndum kortum og nákvæmni því ekki eins mikil. Einnig er á yfirlitsmynd af hafnargarði, dags. í nóvember 1954 (sbr. dskj. nr. 10), sýndar dýptarlínur á hafnarsvæðinu, og virðast þær svara all vel til dýptarlína á kortinu frá 1942. Svipað dýptarlínukort er einnig að finna í „Leiðsögubók fyrir sjómenn við Ísland II", útgefinni af Vita- og hafnamálaskrifstofunni í janúar 1950 (sjá dskj. nr. 5). Samanburður á þessum kortum bendir til, að frá því í ágúst 1961 þar til í júlí 1963 hafi grynnkað nokkuð vestan við bryggjuna, einkum sunnantil. Í millitíðinni hafði þó dýpkunarskipið Grettir dýpkað höfnina, en tekið er fram í skýrslu um verkið, að ekki hafi verið dýpkað á umræddu svæði, þ. e. framan við bryggjuna, vegna mikillar umferðar skipa. Miklu meira áberandi er svo grynnkunin frá 1954 eða 1942 til 1963, en heimildir um það tímabil eru ekki eins áreiðanlegar, eins og áður segir.

Hafnarvörður skýrir svo frá, að hann hafi eftir beiðni ýmissa skipstjóra á hverjum tíma gert einstakar dýptarmælingar við bryggjuna. Þessar mælingar hafa ekki verið skráðar, en hann telur þær hafa sýnt 17′ til 18′ dýpi. Þar sem tímasetningar mælinganna eru ekki fyrir hendi né aðrar aðstæður kunnar, getur samanburður við aðrar mælingar ekki talizt einhlítur.

Samanburður kortsins frá 1968 (fskj. nr. 6) við fyrri kort sýnir

svo ljóslega, að áfram hefur haldið áfram að grynnka vestan við bryggjuna. Ummerki eftir rask það, sem m/s Goðafoss olli þarna 1967, eru að öllu eða mestu leyti útjöfnuð, þó mótar aðeins fyrir rennu fram með viðlegukantinum og óverulegri grynningu á 10—15 m breiðu belti framan við. Í heild hefur þó grynnkað á öllu svæðinu á tímabilinu 1963—1968, og er þar varla um annað en aðflutt efni að ræða, en þó má vera, að hér gæti að nokkru áhrifa frá vélarnotkun m/s Goðafoss 31. október 1967.

Matsmenn telja því með hliðsjón af framansögðu, að nærtækasta skýringin á myndun umræddrar grynningar sé sú, að smátt og smátt hafi grynnkað þarna af völdum hafstrauma, en vélarnotkun skipa gæti hér hafa átt nokkurn hlut að máli.

e. Ástand bryggju og aðstæður.

Að áliti matsmanna var gerð og ástand bryggjunnar í Hrísey fyrir strandið svipað því og gerist og gengur um bryggjur hérlendis. Styrkleiki stálþilsins og öryggi þess að óbreyttu dýpi fullnægjandi. Dýpið við og framanvið viðlegukant að vísu fremur lítið fyrir skip af sömu stærð og djúpristu og m/s Goðafoss og því nauðsynlegt að gæta þar fyllstu varúðar við að leggja að eða frá bryggju á fjöru. Jafnvel hefði verið ástæða fyrir þau að sæta sjávarföllum, en hættulaust þó að liggja við bryggjuna yfir fjöruna, þótt skip stæði í botni, að minnsta kosti í kyrru veðri.

Matsmenn telja því ekki óforsvaranlegt, að skip af þessari stærð notuðu höfnina, svo framarlega sem skipstjórum væri kunnugt um dýpið á hverjum tíma, en í því sambandi má benda á, að dýptarlínukort í áðurnefndri leiðsögubók frá 1950 gefur ekki rétta mynd af dýpinu við bryggjuna 1963 og 1968.

C. Lokaorð.

Að lokum þykir hlýða að taka saman í örfáum orðum helztu niðurstöður matsmanna.

a) Styrkleiki stálþilsins og niðurrekstur var að okkar dómi fullnægjandi, miðað við þær upplýsingar, sem fyrir liggja.

b) Sandbotninn er mjög viðkvæmur fyrir áhrifum frá skrúfu skipa, en eðlilega vélarnotkun teljum við hættulausa fyrir mannvirkið.

c) Sandburður af völdum hafstrauma og öldu er tvímælalaust nokkur, enda benda líkur til, að af þeirra völdum hafi grynnkað framan við hafnarbakkann á árabilinu 1963 til 1967.

d) Matsmenn telja, að renna sú, sem í ljós kom 1. nóvember 1967, hafi myndazt að mestu eða öllu leyti vegna vélar-

notkunar m/s Goðafoss við bryggjuna daginn áður, en ekki af völdum hafstrauma eða annarra skipa, nema þá að óverulegu leyti. Hins vegar sé grynning sú, sem skipið strandaði á, aðallega mynduð fyrir áhrif hafstrauma, þó að vélarnotkun skipa eigi ef til vill einhvern hlut að máli, en þáttur m/s Goðafoss í myndun grynningarinnar hafi verið lítill að þessu sinni.

e) Að okkar áliti var ástandi og gerð bryggjunnar og aðstæðum við hana ekki þannig háttað fyrir óhappið 31. október 1967, að óforsvaranlegt hafi verið, að skip af sömu stærð og m/s Goðafoss notuðu höfnina. Við teljum þó, að slík skip hafi þurft að gæta þar fyllstu varúðar um fjöru, takmarka hafi þurft notkun vélar, svo sem hafnarreglugerð mælir fyrir um. Einnig teljum við það nauðsynlega forsendu, að skipstjórnarmönnum væri kunnugt um dýpið hverju sinni".

Samkvæmt þeim uppdráttum, sem fyrir liggja af höfninni í Hrísey, kemur fram, að grynnkað hefur nokkuð út frá bryggjunni (vestan við bryggjuna) frá því í ágúst 1961 og þar til í júlí 1963. Kort þau, sem skipstjórnarmönnum voru tiltæk, voru kort, sem eru í Leiðsögubók fyrir sjómenn við Ísland, Norðurland frá Horni að Langanesi, útgefinni 1950, og kort það, sem byggðist á mælingum 1963 og 1964. Við samanburð á þessum kortum kemur fram, að verulegar breytingar hafa orðið á dýpi út frá bryggjunni og að þar hefur yfirleitt grynnkað. Eigi er fram komið, að neitt hafi verið athugavert við að leggja skipinu að bryggjunni á þeim tíma og með þeim hætti, sem gert var. Lestun skipsins var lokið kl. 1210. Fjara var um kl. 1350. Kl. 1215 var stjórntökum beitt, fyrst í stað til að losa skipið frá bryggjunni, en síðar, kl. 1222, var beitt fullri ferð aftur á bak í 4 mínútur og síðan að mestu á tímabilinu kl. 1230 til 1237. Var nú gert hlé að mestu leyti, þar til kl. 1248, að beitt var að mestu leyti fullri ferð áfram á tímabilinu til kl. 1302, en þá var gert hlé í fjórar mínútur og síðan beitt fullri ferð áfram í þrjár mínútur. Var nú gert hlé til kl. 1442, en þá var beitt vélarafli áfram af og til í 23 mínútur með mismunandi ferð. Var síðan gert hlé frá kl. 1503 til kl. 1519, en þá var keyrt áfram, að mestu með fullri ferð, til kl. 1547, er skipið losnaði.

Samkvæmt því, sem fram er komið, þykir verða að leggja til grundvallar, að m/s Goðafoss hafi flotið við bryggjuna og verið dreginn frá bryggjunni með stjórnborðsakkeri og akkeriskeðju til að koma skipinu í rétt horf frá bryggjunni, er það tók niðri.

Samkvæmt þeim gögnum, sem skipstjórnarmönnum voru tiltæk, máttu þeir byggja á því, að utar væri dýpið meira og að skipið flyti því einnig þar. Samkvæmt áliti hinna dómkvöddu mats- og skoðunarmanna hefur dýpið á þeim stað, sem skipið tók niðri, minnkað um ca. 1.0 m frá því á árinu 1963, að öðrum kosti hefði skipið ekki strandað við uppgefna djúpristu. Er það og skoðun hinna dómkvöddu mats- og skoðunarmanna, að líkur séu til, að jafnt og þétt hafi grynnkað framan við bryggjuna á árabilinu 1963 til 1967 af völdum aðflutts efnis. Kemur þessi breyting ekki fram á gögnum þeim, sem skipstjórnarmönnum voru tiltæk. Það kemur fram, að hafnarverðinum var ekki kunnugt um þessa grynnkun. Er ljóst, að full ástæða var til að fylgjast með breytingum á dýpi í höfninni, og verður að telja, að það sé einn af þáttum í starfsemi hafnaryfirvalda til að gæta öryggis við notkun hafna. Samkvæmt þessu verður það ekki metið skipstjórnarmönnum til vangæzlu, þótt þeir legðu skipinu frá bryggjunni, eins og gert var, og að það tók niðri. Þegar skipið festist, máttu skipstjórnarmenn gera ráð fyrir samkvæmt þeirri vitneskju, sem þeir höfðu um ástand hafnarinnar, að þarna væri smáhaft, sem skipið kæmist í gegnum. Verða viðbrögð skipstjórnarmanna þá til að losa skipið ekki talin óeðlileg. Eftir að hlé hafði verið gert í nokkurn tíma við beitingu vélarafls, fór skipið að snúast fyrir vindi. Skapaðist þá hætta á því, að skutur skipsins og bryggjuhornið yrðu fyrir skemmdum, er skuturinn slóst í það. Verður að telja, að þá hafi verið eðlilegt að halda skipinu frá bryggjunni, í fyrstu með því að beita litlu vélarafli, en síðar með auknu vélarafli, er los fór að koma á skipið. Verður ekki talið, að hér hafi verið um að ræða meiri beitingu vélarafls en almennt má gera ráð fyrir, að nota þurfi í fjölda íslenzkra hafna. Verða þessar aðgerðir skipstjórnarmanna ekki metnar þeim til vangæzlu. Samkvæmt þessu telur dómurinn frumorsök tjóns þess, sem fjallað er um í málinu, þá, að dýpið framan (vestan) við bryggjuna var minna og jókst ekki út frá henni, eins og skipstjórnarmenn máttu ætla samkvæmt þeim upplýsingum, sem þeir höfðu. Verður heldur eigi talið, að þeir hafi sýnt af sér vangæzlu, eftir að skipið strandaði. Þykir tjónið á bryggjunni því ekki verða rakið til saknæmra aðgerða skipstjórnarmanna. Verður og ekki talið, að ákvæði hafnarreglugerðarinnar um takmörkun vélarafls í höfninni og bann hafnarvarðarins valdi því við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru, að fébótaábyrgð verði lögð á stefnda. Sam-

kvæmt þessu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og dr. Gunnari Sigurðssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, hreppsnefndar Hríseyjarhrepps f. h. hreppsins, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. nóvember 1971.

Nr. 26/1971. **Guðjón Pétursson**
(Gísli G. Ísleifsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál. Ábyrgð á læknisverkum. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. febrúar 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Hann hafði gjafsókn í héraði og fékk gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi hinn 18. maí 1971. Dómkröfur hans eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1.642.179.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-

kostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, kr. 50.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Guðjóns Péturssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. október 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. f. m., hefur Guðjón Pétursson húsgagnasmíðameistari, Njálsgötu 10 A hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 14. maí 1964, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.642.179.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hinn 21. febrúar 1969 veitti dómsmálaráðherra stefnanda leyfi til gjafsóknar í málinu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að dæmd verði stórfelld lækkun á stefnukröfunni. Þá er þess krafizt, að stefnandi verði dæmdur til að greiða fullan málskostnað að mati dómsins án tillits til þess, að um gjafsóknarmál sé að ræða.

Samkvæmt skýrslu stefnanda eru málavextir þessir:

Á árunum 1924—1929, er stefnandi stundaði húsgagnasmíði, fékk hann útbrot eða bóluþref á húðina á höndum og andliti. Endurtók þetta sig öðru hverju á þessum árum og vildi ekki batna, þótt læknar, sem hann leitaði til, létu hann hafa ýmiss konar smyrsl til að nota við þessum sjúkdómi. Stefnandi telur, að hann hafi fyrst farið til Sæmundar Bjarnhéðinssonar, en hann hafi

aðeins farið til hans í örfá skipti. Skömmu eftir að hann var hjá Sæmundi, þ. e. á árinu 1924 eða 1925, kveðst stefnandi hafa leitað til Hannesar Guðmundssonar, en sér hafi verið bent á hann sem sérfræðing í húðsjúkdómum. Kveðst stefnandi síðan hafa leitað til Hannesar, er útbrotin hafi brotizt út, og hafi leitað til hans í þessu sambandi fram á árið 1927, en það ár hafi hann fyrst farið til röntgengeislunar í Röntgenstofunni. Ekki kveðst stefnandi muna nákvæmlega tildrög að því, að hann fór til geislameðferðar, hvort hann hafi sjálfur orðað það, hvort rétt væri að reyna geislameðferð, en alla vega hafi það verið svo, að Hannes hafi talið það athugandi, að hann, þ. e. stefnandi, færi til Gunnlaugs Claessens, sem athugaði, hvort það væri ráðlegt að beita geislameðferð. Stefnandi kveður Gunnlaug hafa spurt sig um sjúkdóminn, eins og venja sé hjá læknum, og hafi niðurstaðan orðið sú, að hann hafi talið reynandi að beita geislameðferð með daufum geislum, eins og stefnandi kveðst hafa heyrt Gunnlaug segja. Stefnandi kveðst fyrst hafa verið geislaður þrisvar sinnum með nokkru millibili, en síðan hafi geislanirnar verið endurteknar á um hálfs árs fresti á nokkru árabili. Stefnandi kveður konu hafa stjórnað tækjum þeim, sem notuð voru við geislunina, en hún hafi farið eftir fyrirmælum Gunnlaugs. Kveðst stefnandi muna, að Gunnlaugur hafi lesið fyrir hverju sinni, hvað ætti að gera og hvað hefði verið gert, en konan hafi fært þetta inn á spjald. Kveðst stefnandi muna, að Gunnlaugur hafi látið þau orð falla, að það yrði að geisla þetta mjög varlega. Stefnandi kveðst munu hafa farið til Hannesar Guðmundssonar aftur, eftir að geislameðferðin byrjaði, enda hafi hann fljótlega orðið var við, að geislameðferðin dygði ekki. Útbrotin hafi ekki virzt batna og eftir því sem lengra leið, hafi bletturinn, sem aðallega var geislaður, versnað, en hann hafi verið á handarbaki hægri handar, upp af þumal- og vísifingri. Stefnandi kveðst einnig hafa leitað til annarra lækna, þeirra Jens Jóhannessonar og Valtýs Albertssonar, eftir að hann varð heimilislæknir sinn, og hafi Valtýr látið sig hafa smyrsl við útbrotunum. Stefnandi kveðst hafa farið til geislameðferðar, eftir að hann leitaði til Valtýs, og kveður hana hafa farið fram í húsakynnum Landspítalans og hafi Gunnlaugur Claessen einnig stjórnað henni. Kveður stefnandi það ekki hafa verið að tilvísun Valtýs, sem hann hafi farið til geislameðferðar, en þó kunni að vera, að hann hafi sagt Valtý frá því og Valtýr þá vitað um hana. Stefnandi kveður blettinn á hægra handarbaki hafa verið að smáversna til ársins 1933. Kveður hann það fyrst hafa verið á því ári, að

hann hafi gert sér grein fyrir breytingum á húðinni, eftir að geislameðferðin hófst. Það ár hafi komið þarna sár, í fyrstu mjög lítið, en það hafi síðan stækkað eftir því sem árin liðu, þar til það var orðið á stærð við fimmeyring, og úr sárinu hafi oftast ollið vilsa og dauðar holdtrefjar. Stefnandi kveðst síðan hafa verið með þetta opna sár til ársins 1958. Öll þessi ár kveðst hann hafa verið oft á ári hjá heimilislækni sínum, sem síðan hafi sent hann til sérfræðinga, en ekkert hafi dugað. Stefnandi kveður flesta af læknum þeim, sem hann hafi leitað til, hafa nefnt útbrotin exem. Kveður hann þau hafa horfið öðru hverju, en brotizt aftur út mjög óreglulega og hafi hann verið farinn að taka eftir því, að ekki hafi verið sama, úr hvaða efni hann var að vinna, enda hafi síðar komið í ljós, að hann hafi haft ofnæmi fyrir ýmsum efnum, sem hann hafi verið að vinna úr. Eftir að sárið kom á höndina, kveður stefnandi sér hafa virzt hann verða næmari fyrir útbrotunum en áður og eftir því sem lengra leið hafi honum farið að líða verr. Hafi hann þó átt erfitt með svefn og oft verið slæmur á taugum. Stefnandi kveður það svo hafa verið um 1944, að hann hafi til reynslu farið í böð hjá Jónasi Kristjánssyni lækni, því að stefnandi kveðst hafa viljað reyna sem flest, er talið var, að gæti orðið til bóta. Kveður hann Jónas þá hafa sagt sér, að búið væri að stórskemma höndina með röntgengeislum, sem erfitt mundi að bæta úr, en böðin mundu hvorki bæta né skemma. Kveður hann Jónas hafa verið fyrsta lækninn, sem hafi sagt sér, að um röntgenskemmd væri að ræða. Stefnandi kveðst nú nokkru síðar hafa tjáð heimilislækni sínum ummæli Jónasar Kristjánssonar, en hann hafi litlu svarað. Þá kveður stefnandi einn af sérfræðingum þeim, sem hann leitaði til, hafa sagt, að þetta gæti hann ekki læknað. Nokkru síðar kveðst stefnandi hafa leitað til annars sérfræðings í húðsjúkdómum og síðan hafi hann gengið til hans í um fjögur ár frá því á árinu 1948 og þar til seint á árinu 1951. Kveður stefnandi sér hafa virzt læknirinn hafa mikinn áhuga á að lækna meinsemdina, en það hafi ekki viljað ganga greitt. Stefnandi kveðst hafa reynt að komast eftir því, hvað hægt væri að gera og hvað gert hefði verið erlendis til að græða röntgensár. Kveðst stefnandi hafa óskað eftir því við heimilislækninn sinn, að hann yrði sendur til útlanda til aðgerðar á hendinni. Eftir að samráð hafði verið haft við trúnaðarlækni sjúkrasamlagsins í Reykjavík, hafi svo verið ákveðið, að hann færi til Rigshospitalet í Kaupmannahöfn. Kveðst hann síðan hafa vistazt á húðsjúkdómadeild sjúkrahússins hinn 31. desember 1951. Kveðst stefnandi

hafa verið rannsakaður af yfirlækni deildarinnar, H. Haxthausen, sérfræðingum í húðflutningum og fleiri læknum. Stefnandi kveðst hafa haft meðferðis tölur frá Röntgendeild Landspítalans yfir röntgengeislanir þær, sem hann hafi fengið fyrir þau ár, sem hann hlaut geislameðferð þar, en hann kveður tölur fyrir hin árin, sem hann var geislaður, ekki hafa fundizt, áður en hann fór utan, og hafi því ekki verið nema ágizkun, hve margar röntgeneiningar hann hafði fengið. Stefnandi kveðst nú hafa verið undir handleiðslu H. Haxthausens, yfirlæknis á húðsjúkdómadeildinni, í tvo mánuði. Ekki kveður stefnandi hafa orðið af uppskurði, en kveður yfirlækninn hafa mælt fyrir um bakstra- og smyrslakúr allan þann tíma. Hann kveður tekizt hafa að koma þunnu skæni yfir sárið, en strax og hann kom heim og var farinn að vinna, hafi allt farið í sama horf og áður. Stefnandi kveðst hafa fengið vottorð hjá prófessor Haxthausen um meinsemdina í hendinni, áður en hann fór af sjúkrahúsinu, og kveðst hafa sýnt það trúnaðarlækni sjúkrasamlagsins hér í borg, en hann hafi ekki viljað mikið úr því gera. Stefnandi kveðst hafa hugsað sér, er hann kom heim af sjúkrahúsinu í Kaupmannahöfn, að leita réttar síns út af röntgensárinu og afleiðingum þess, en hann kveður þessi viðbrögð trúnaðarlæknisins hafa haft þau áhrif á sig, að hann hafi látið það bíða. Stefnandi kveður nú nokkurn tíma hafa liðið. Hann hafi oftast verið að vinna, en fundið, að smátt og smátt var mátturinn í hendinni að dvína. Hafi svo verið komið síðari hluta árs 1957, að hann hafi átt orðið erfitt með að stjórna og lyfta verkfærum, hvað þá stærri hlutum. Kveðst hann síðan í febrúarmánuði 1958 alveg hafa gefizt upp við að vinna á verkstæði því, sem hann hafði rekið ásamt öðrum manni. Stefnandi kveðst ekki hafa fengið geislameðferð á hægri hönd á árinu 1957. Stefnandi kveður það svo hafa verið nokkru seinna, að hann hafi þurft að hitta Snorra Hallgrímsson prófessor. Hafi Snorri þá séð höndina og skoðað hana og sagt, að hún þyrfti aðgerðar við og það sem fyrst. Hafi Snorri síðan fengið Árna Björnsson lækni til að taka þetta að sér. Hafi síðan verið framkvæmdar aðgerðir á hendinni á tímabilinu apríl—júní 1958. Stefnandi kveður það svo hafa verið um tveimur árum seinna, að vísifingur hægri handar hafi orðið máttlaus. Þá hafi verið komin smáhola í efstu liðamót fingursins og hafi ollið úr vilsa. Hafi þá ekki verið annað að gera en nema fingurinn í burtu og hafi Ári Björnsson læknir framkvæmt þá aðgerð.

Í málinu er fram komið vottorð Valtýs Albertssonar læknis,

sem rakið er í örorkumati Páls Sigurðssonar læknis síðar í dóminum. Hefur Valtýr staðfest vottorð sitt fyrir dómi. Auk þess hefur hann skýrt svo frá, að stefnandi hafi fyrst leitað til sín á árinu 1931 og hafi hann þá verið búinn að fá geislameðferð. Kveðst Valtýr telja, að það hafi verið strax, eftir að stefnandi leitaði til sín, að vaknað hafi grunur hjá sér um, að hann hefði hlotið of mikla röntgengeislun. Kveðst Valtýr hafa ráðfært sig við lækni þann, sem framkvæmdi geislunina, Gunnlaug Claessen, því að hann, þ. e. Valtýr, hafi haft vissar efasemdir um frekari geislameðferð. Einnig kveðst Valtýr hafa ráðfært sig við Hannes Guðmundsson lækni. Valtýr telur sig muna það rétt, að Hannes Guðmundsson hafi einnig haft efasemdir í sambandi við frekari geislameðferð, að minnsta kosti á meðan hann vissi ekki, hversu mikla geislun sjúklingurinn hefði fengið áður. Valtýr kveður það hafa komið fram hjá stefnanda, að honum liði eitthvað betur eftir geislameðferð, sem hann hafði fengið, og hann hefði áhuga á að reyna frekari geislun, ef það væri óhætt. Kveður Valtýr það ekki hafa verið að sínu frumkvæði, að stefnandi hafi fengið frekari geislameðferð, eftir að hann kom til sín. Ekki kveðst Valtýr geta nú um það sagt, hvort það hafi verið hann eða Hannes Guðmundsson, sem hafi vísað stefnanda til frekari geislameðferðar. Ekki kveðst Valtýr lengur eiga í fórum sínum gögn varðandi sjúkdómsferil stefnanda.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Röntgendeildar Landspítalans, dags. 19. október 1962, svohljóðandi:

„Samkv. journölum radiumstofunnar og Röntgendeildar Landspítalans hefur Guðjón Pétursson fengið eftirfarandi geislanir.

1927	*H. hönd*	*V. hönd*
9/2	½ Sab. x 3 (felt)	½ Sab. x 2 (felt)
11/2	½ — x 3 —	½ — x 2 —
2/3	½ — x 2 —	½ — x 2 —
4/3	½ — x 2 —	½ — x 2 —
24/6	¼ — x 2 —	¼ — x 2 —
27/6	½ — x 2 —	½ — x 2 —
22/11	½ — x 2 —	½ — x 2 —
25/11	½ — x 2 —	½ — x 2 —

Í öll skiptin geislað með suðulampa 2 m A FH-F 20 cm í 4 mm Al. nema 24/6, þá geislað með Collidge lampa með

2 ma — 20 am FHF ½ mm Al. filter, og 27/6 var haft 1 mm Al.

1928 *H. hönd*

30/3 ½ Sab. (4½ mín 2 m A FHF 20 cm filter 2 mm Al).
30/3 ½ —
16/10 ½ — (handarbak)
16/10 ½ — radialmegin (volart?)
18/10 ½ — (x 2) *V. hönd*
18/10 ½ — radialmegin ½ Sab.

1929	*H. handarbak.*	*V. hönd + ulf. volart.*
15/1	½ Sab. x 2 (felt)	½ Sab. x 2 (felt).
17/1	½ — x 2 —	*V. handarbak.*
		½ Sab. x 2

Suðulampi 2 m A 4 mín. FHF 20 cm 2 mm Al.

1930	*H. handarbak*	*V. handarbak.*
25/3	½ Sab. x 2	27/3 ½ Sab. x 2
28/3	½ — x 2	29/3 ½ — x 2

H. hönd

13/5 ½ Sab. x 2
15/3 ½ — x 2

Lampi Collidge 4 ma 4½ mín. ½ FHF 20 cm 2 mm Al.
Journall frá 1931 finnst ekki.

1932

12/1	H. langatöng	½ Sab. F. 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
14/1	— —	½ Sab. F. 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
3/2	H. handarbak	½ Sab. F. 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
5/4	H. hönd	½ Sab. F. 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
7/4	H. hönd	½ Sab. F. 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
11/4	— —	½ Sab. F. 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½

24/5	Fingur h. og v. handar	½ Sab. F. 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
26/5	— — —	½ Sab. F. 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
4/7	Hönd og v. langatöng	½ Sab. F. 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
6/7	— — —	½ Sab. F. 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
9/8	H. hönd	½ Sab. F. 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
29/11	— —	½ Sab. F. 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½
2/12	— —	½ Sab. F. 2 mm Al. Lampi Metrol Kv. 1251 m A 41 mín. 4½

Páll Sigurðssin tryggingayfirlæknir hefur metið örorku stefnanda samkvæmt matsgerð, dags. hinn 5. desember 1963. Er þar rakin sjúkrasaga stefnanda svo og læknisvottorð, sem aflað hefur verið um sjúkdóm stefnanda og meðferð þá, sem hann hefur hlotið. Er matsgerð þessi svohljóðandi:

„Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, þá var ofannefndur maður geislaður með röntgengeislum bæði á radiumstofunni og röntgendeild Landspítalans á árunum 1927 til 1932 vegna útbrota á höndum. Mestir geislar voru settir á hægra handarbak og fingur hægri handar.

Fyrir geislunina hafði hann haft slík útbrot eða bólukraðak í húð á höndum og andliti og hafði leitað lækna og sérfræðinga, en án árangurs þrátt fyrir lyfjameðferð. Á þessum árum (1924—1929) var maðurinn að læra húsgagnasmíði.

Ekki virðast röntgengeislarnir hafa haft áhrif til góðs á útbrotin, og varð versnun á hægri hönd, og datt sár á húðina í byrjun árs 1933, og var það sár síðan opið allan tímann til 1958.

Á þessu tímabili var maðurinn oft til meðferðar hjá læknum, bæði hjá heimilislækni sínum, sérfræðingum í húðsjúkdómum og öðrum læknum.

Um þá læknismeðferð liggja fyrir vottorð, og eru þau svohljóðandi:

Vottorð frá Valtý Albertssyni, lækni, dags. 27. apríl 1963, en hann var heimilislæknir Guðjóns Péturssonar frá því 1931 og þar til 1958 eða 1959.

Vottorðið er svohljóðandi:

„Guðjón Pétursson, Njálsgötu 10 A, mun fyrst hafa leitað til mín árið 1931, og var ég síðan heimilislæknir hans þangað til fyrir um það bil 4 árum.

Nokkrum árum áður en ég sá hann fyrst, hafði farið að bera á útbrotum á h. hendi Guðjóns. Reynd höfðu verið bæði lyf og geislanir. Ekki hafði honum batnað við geislana, enda virtust útbrotin að einhverju leyti orsakast af efnum, sem hann vann við sem húsgagnasmiður. Komu oft sár á höndina, og varð hann oft að ganga með hana reifaða tímunum saman og þá óvinnufær og illa haldinn. Ég taldi, að um of mikla röntgengeislun væri að ræða og húðin þess vegna svo þunn, að sár duttu auðveldlega á hana. Helzt hemaði yfir sárin, ef hann gat tekið sér allanga hvíld frá störfum, en fjárhagur hans leyfði það ekki. Kom mjög til álita, að hann skipti um starf, en atvinna, sem honum hentaði, lá ekki á lausu. Fyrir um það bil 11 árum var hann ca. 2 mánuði til lækninga í Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn án þess að fá bata. Fyrir nokkrum árum varð hann að hætta störfum sem húsgagnasmiður. Var síðan reynt að græða húð á sárið, og þurfti þá að taka af honum vísifingur h. handar".

Það liggur fyrir vottorð frá Hannesi Þórarinssyni, sérfr. í húðsjúkdómum, dags. 16/3 1963, en hjá honum var Guðjón til meðferðar frá árinu 1948 og fram til ársins 1951.

Vottorð Hannesar Þórarinssonar er svohljóðandi:

„Guðjón Pétursson, Njálsgötu 10 A, Reykjavík, leitaði mín árið 1948 vegna eczems á höndum, er hann kvaðst hafa haft um 25 ára skeið. Er ég skoðaði hann fyrst 28/5 '48, voru vessandi útbrot og mikil bólga á báðum höndum. Nokkrum dögum seinna hafði bólgan hjaðnað verulega, og sáust þá breytingar á h. handarbaki, er ég taldi bera vott um síðverkun af mikilli röntgengeislun. Grunnt sár var á handarbakinu, ca. 1,5 cm í þvermál, og húðin í kringum það var greinilega rýrnuð (atrophisk) og hárlaus.

Kvaðst Guðjón hafa fengið röntgenmeðferð á árunum 1927—32, aðallega á h. handarbak.

Ég stundaði hann síðan vegna eczems til ársloka 1951.

Reyndist það mjög erfitt viðfangs, og tel ég, að röntgenáhrif hafi átt talsverðan þátt í því.

Á þessu tímabili var Guðjón oft óvinnufær af þessum sökum og stundum rúmfastur. Mikil vanlíðan fylgdi þessu, verkir og kláði, og átti hann oft bágt með svefn.

Skv. spjaldskrá minni kom hann 48 sinnum til mín frá maí '48 til des. '51".

Árið 1951 var Guðjón sendur til Kaupmannahafnar til athugunar og meðferðar og lá þar á Rigshospitalet — afdeling for hud- og könssygdommi — og það liggja fyrir 2 vottorð, annað frá prof., overlæge H. Haxthausen, svohljóðandi:

„Snedkermester Guðjón Pétursson, Reykjavík, ligger her på afdelingen siden 21. december 1951 til behandling for en Røntgenforbrænding, som er lægt under omslags- og salvebehandling her".

Hitt vottorðið er frá Gustav Asboe-Hansen, prófessor, dr. med., dags. 30. janúar 1963, og er það svohljóðandi:

„I besvarelse af Deres skrivelse af 23. januar 1963 skal jeg oplyse følgende:

Snedkermester Guðjón Pétursson, Reykjavík, var indlagt i Rigshospitalets afdeling for hudsygdomme 31/12 '51 til 3/3 '52.

Diagnose: Røntgenforbrænding. Dupuytrens kontaktur.

I journalen er det oplyst, at patienten kort efter, at han i 1923 begynte som snedker, udviklede et eczem af kronisk type på begge hænder med overfølsomhed for diverse træsorter, især mahogni, desuden for terpentin, cellulose og salmiak.

Det er desuden oplyst, at patienten har fået røntgenbehandling af begge hænder i Reykjavík i 1929 men en dosis på 750 r, i 1931—32 12—125—1500 r. I 1935 viste der sig et sår på hø hånd, som jævnt og langsomt voksede i de følgende år.

Ved indlæggelsen fandtes i l. hø. fingerinterstits på hø. handryg en 1-ørestor ulcration med gulligt belagt bund, afgrænset af en ikke-voldagtig rand, som var fast, men forskydelig. Der var ingen teleangiectasier. På ve. håndryg var huden let skællende. Professor Haxthausen har den 6/2 '52 til journalen dikteret følgende: „Såret er nu helt lægt, men den dækkende epidermis er meget tynd, og der er betydelig røntgentrofi og sclerose i omfanget".

Under opholdet er patienten opereret for sin Duputren's kontraktur med en operatio plastica cum aponeurosectomia palmare a. m. McIndoe.

I journalen findes ingen kopier af attester fra røntgenstuen i Reykjavík. Hvis hr. Pétursson i 1951 har bragt sådanne med sig, vil de sandsynligvis være returneret med udskrivningskortet til dr. V. Albertsson, Reykjavík, den 6. marts 1952".

Við meðferðina á spítalanum í Kaupmannahöfn tókst að fá sárið til að gróa, en strax og heim var komið, fór allt í sama horf og áður.

Maðurinn hefur þrívegis legið á Landspítala, tvívegis árið 1958 frá 9/4—5/6 og frá 18/6—23/6 og á árinu 1960 frá 23/3—31/3. Hann var þar til meðferðar hjá Árna Björnssyni lækni, og í vottorði Árna frá 24/1 1963 þá segir svo:

„Guðjón Pétursson, f. 24. 4. 1903, til heimilis að Njálsgötu 10 A í Reykjavík, lá á handlæknisdeild Landspítalans 9. 4. '58—5. 6. '58, 18. 6. '58—23. 6. '58 og 23. 3.—31. 3. '60. Hann var lagður inn vegna hægfara húðbreytinga og sármyndana á hægri hendi.

Að sögn sjúklings hafði hann fengið geislameðferð alloft vegna eczems á höndum, og hafði hann fengið „síðast" geislameðferð síðast 1931. Sár segir hann, að hafi myndast fljótlega eftir síðustu geislameðferð og hafi þau aldrei gróið til fulls. Fylgir þeim oft bólga og mikill sársauki. Enn fremur hefur höndin smátt og smátt stirðnað, og hefur það valdið sjúklingi miklum óþægindum við vinnu.

Við skoðun á hægri hendi sjást breytingar á húð, sem einkennandi er fyrir langvarandi geislaverkun. Húðin á öllu handarbaki ásamt vísifingri og þumalfingri er gljáandi, hárlaus, þykknuð og með tveimur smásárum. Auk þess sjást æðavíkkanir, sem einkennandi eru fyrir þetta ástand. Mikill stirðleiki var í öllum liðum vísifingurs og enn fremur í grunnlið þumalfingurs. Á þeim tímum, sem sjúklingur dvaldist á handlæknisdeild Landspítalans, voru gerðar á honum sjö aðgerðir. Húðin var skorin burt af handarbakinu og hold flutt af vinstri handlegg. Var höndin fest við handlegginn, og varð sjúklingur að vera í þeim stellingum í þrjár vikur. Við það stirðnaði hann í öxlunum, og var mjög erfitt að koma þeim í eðlilega hreyfingu á eftir. Í síðustu aðgerð var vísifingur tekinn rétt ofan við mitt miðhandarbein.

Vefjarannsókn á húðinni og handarbakinu sýndi breytingar, sem sérkennandi eru fyrir húð, sem orðið hefur fyrir verkunum af röntgengeislum.

Ástand er nú þannig, hvað höndina snertir, að húð hefur verið flutt á mikinn hluta handarbaksins, og er hún eðlileg útlits, en tilfinning er dauf. Vísifingur vantar alveg ásamt miðhandarbeini hans. Stirðleiki er nokkur í þumalfingursliðum, og breytingar sjást á húðinni ofan á þumalfingri og ulnart á handarbakinu sjálfu. Þessar breytingar geta staðið í stað, en þær geta líka haldið áfram og valdið óþægindum og jafnvel sármyndunum í framtíðinni".

Síðan síðasta aðgerð var gerð 1960, hefur ekki komið sár á höndina.

Maðurinn kom til viðtals hjá undirrituðum 4/10 1963. Hann skýrir frá sjúkleika sínum, eins og lýst hefur verið hér að framan, en leggur auk þess fram vélritaða skýrslu, er hann hefur tekið saman um sjúkdómssögu sína. Hann kveðst hafa hætt verkstæðisvinnu í febrúar 1958, var síðan á sjúkrahúsum á árinu 1958, eins og fyrr segir, en byrjaði síðan vinnu í október á skrifstofu Landssambands íslenzkra iðnaðarmanna og vann þar til haustsins 1962. Kveðst nú vinna við innheimtustörf.

Fyrir utan þann sjúkdóm, er um ræðir hér að framan, þá kveðst hann yfirleitt hafa verið hraustur fram til ársins 1962, að hann fékk magasár og lá á sjúkrahúsi af þeim sökum.

Aðalkvartanir mannsins eru nú stirðleiki í hægri hendi og kraftleysi og kvartanir um titring, ef hann ætlar að gera eitthvað. Hefur auk þess haft verki og stirðleika í handleggjum og herðum, og jókst þetta nokkuð við aðgerðir þær, er gerðar voru á Landspítala og getið er um í vottorði Árna Björnssonar.

Um ástand og útlit hægri handar vísast til vottorðs Árna Björnssonar frá 24/1 1963 og að framan er ritað.

Auk þeirra vottorða, er fyrr greinir, eru vottorð frá röntgendeild Landspítalans, undirritað af Kolbeini Kristóferssyni yfirlækni, þar sem talið er upp, hvaða geislameðferð Guðjón hefur fengið á radiumstofu og röntgendeild á árunum 1927, 1928, 1929, 1930 og 1932, en journal stofnunarinnar frá 1931 hefur ekki fundizt.

Ályktun: Hér er um að ræða 60 ára gamlan mann, sem fær geislameðferð vegna útbrota á höndum á árunum 1927—1932. Í ljós kemur síðar, að maðurinn hefur fengið röntgenbruna á hægri hönd, og fékk hann sár á handarbak, sem greri aldrei frá því 1933 og þar til 1958, að skurðaðgerð var gerð og húð flutt á handarbakið. Árið 1960 var svo vísifingur tekinn af ásamt hluta af handarbakslegg.

Ástand handarinnar er nú þannig, að húð hefur verið flutt á mikinn hluta handarbaks, vísifingur vantar ásamt miðhandarbeini, stirðleiki er í þumalfingursliðum báðum, og breytingar eru í húðinni ofan á þumalfingri og ölnarmegin á handarbaki.

Það hefur verið staðfest með vefjarannsókn á húð þeirri, er tekin var af handarbaki, er skinnflutningur var gerður á Landspítala 1958, að breytingar sáust, sem sérkennandi eru fyrir húð, sem orðið hefur fyrir verkunum af röntgengeislum.

Allar líkur benda til þess, að sár það, er maðurinn fékk á

höndina 1933 og ekki greri í 20 ár, hafi verið sár vegna röntgenbruna.

Það verður að telja, að maðurinn hafi hlotið varanlega örorku vegna þeirrar röntgenmeðferðar, er hann fékk á árunum 1927 til 1932, en ekki verður séð, að afleiðingar röntgenmeðferðarinnar komi örugglega í ljós fyrr en á árinu 1933, og er því eðlilegt að reikna örorku hans frá þeim tíma.

Varanleg örorka hans frá 1933 til 1950 tel ég hæfilega metna 10%, en frá 1951 til 1960 15%. Fyrir dvöl á sjúkrahúsum árin 1952 og 1958 og 1960 tel ég eðlilegt að meta stiglækkandi örorku þannig:

Í 5	mánuði	100%	örorka
- 3	—	75%	—
- 6	—	50%	—
- 6	—	25%	—

en síðan það örorkustig, er fyrr greinir.

Frá 1. júlí 1960 tel ég varanlega örorku hans hæfilega metna 25%, og tel ég líklegt, að það verði framtíðarörorka hans vegna röntgenbrunans".

Með úrskurði Læknaráðs, uppkveðnum hinn 28. desember 1964, var málið lagt fyrir Læknaráð og álits þess leitað um eftirfarandi atriði:

„1. Er það sennileg afleiðing geislameðferðar á árunum 1927—1932 (incl.), að Guðjón Pétursson fékk sár á hægra handarbak á árinu 1933, sem var svo „kroniskt" og endaði með því, að vísifingur hægri handar ásamt hluta af miðhandarbeini var numinn burt á árinu 1958?
2. Álítur Læknaráð, ef svar við fyrstu spurningu er jákvætt, að geislamagn hafi verið of mikið, eigi hafi átt að nota geislameðferð við sjúkdóm þann, er Guðjón Pétursson gekk með, galli hafi verið á tækjum þeim eða útbúnaði, sem notaður var, eða jafnvel um tvö eða öll þessi atriði hafi verið að ræða?
3. Telur Læknaráð, að samhengi sé milli líkamlegs ástands Guðjóns Péturssonar undanfarin 30 ár og andlegs ástands hans nú og hann geti því verið meira en 25% (sem er metin varanleg líkamleg örorka) öryrki, hvað vinnugetu snertir, og hve mikla örorku álítur Læknaráð þá vera um að ræða?"

Samkvæmt úrskurði Læknaráðs, uppkveðnum hinn 19. marz 1965, varð ályktun þess um framangreind atriði þessi:

„Ad 1. Já.

Ad. 2. Á þeim tíma, sem umrædd geislameðferð fór fram, mun geislamagn það, sem notað var við meðferð sjúkdóms Guðjóns Péturssonar, ekki hafa verið talið óeðlilega mikið. Að fenginni reynslu og aukinni þekkingu á síðverkunum röntgengeisla hefur á síðari árum verið notað minna geislamagn við meðferð húðsjúkdóma. Þó tíðkast enn að nota röntgengeislameðferð við kroniskt ekzem. Ekkert kemur fram í gögnum málsins, sem bendi til, að galli hafi verið á tækjum þeim og útbúnaði, sem notaður var.

Ad 3. Af gögnum málsins verður ekki séð, að hvaða leyti andlegt ástand Guðjóns Péturssonar sé afbrigðilegt, og því ekki unnt að leggja dóm á það, hvort um meira en 25% örorku sé að ræða".

Eins og fram kom í vottorði Röntgendeildar Landspítalans, sem áður er getið, hafði journal frá árinu 1931 ekki fundizt. Journal þessi hefur síðar komið fram. Hefur verið lagt fram vottorð Gísla Petersens yfirlæknis, dags. hinn 9. október 1965, um geislameðferð þá, sem stefnandi hlaut á árinu 1931. Segir svo um þetta efni í vottorði yfirlæknisins:

„Geislameðferð 1931: H. hönd, ½ Sab. x 3, v. hönd, ½ Sab. x 4, Metrolampi, 125 kv. 4 mA, 2 mm Al".

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 30. júní 1966, var málið lagt fyrir Læknaráð að nýju og álits þess leitað um eftirfarandi atriði:

„Telur Læknaráð, að þær upplýsingar, er nú liggja fyrir um geislameðferð, sem Guðjón Pétursson hlaut á árinu 1931, breyti áliti ráðsins samkvæmt úrskurði þess frá 4. júní 1965, og ef svo er, á hvern hátt?"

Af þessu tilefni kvað Læknaráð að nýju upp úrskurð í málinu hinn 23. desember 1966. Auk þess sem í þessum úrskurði er vísað til málsatvika þeirra, sem upplýst voru, er hinn fyrri úrskurður ráðsins gekk, segir svo um málsatvik:

„. . . 2. Í málinu hefur verið lagt fram bréf frá Landspítalanum til Gísla Ísleifssonar hrl., dags. 9. október 1965, undirritað af Gísla Fr. Petersen, yfirlækni Röntgendeildar, svohljóðandi:

„Skv. ósk yðar fylgja hér með viðbótarupplýsingar um geislameðferð Guðjóns Péturssonar húsgagnasmiðs.

Geislameðferð 1931: H. hönd, ½ Sab. x 3, v. hönd, ½ Sab. x 4, Metrolampi, 125 kv. mA, 2 mm Al".

Á fundi réttarmáladeildar læknaráðs 19. marz 1965, er mál þetta var til afgreiðslu, var mættur Gísli Fr. Petersen yfirlæknir, sem tilkvaddur hafði verið sem sérfræðilegur ráðunautur í geisla-

lækningum skv. heimild í 1. mgr. 4. gr. laga um læknaráð nr. 14/1942. Yfirlæknirinn lét þá deildinni í té svohljóðandi skriflega greinargerð, sem dagsett er 16. marz 1965:

„Samkvæmt beiðni réttarmáladeildar læknaráðs sendi ég hér með viðbótarupplýsingar og greinargerð vegna röntgengeislameðferðar Guðjóns Péturssonar húsgagnasmiðs, Njálsgötu 10 A, Reykjavík, en hann var í röntgenmeðferð í Röntgenstofunni, Reykjavík, 1927—1930 (incl.) og í röntgendeild Landspítalans 1931—1937 (incl.) vegna exzema chorn. manuum.

Til viðbótar því, sem greint er í vottorði frá röntgendeild Landspítalans, dags. 19. okt. 1962, undirritað af Kolbeini Kristóferssyni, kemur geislameðferð 1931, sem ekki lágu fyrir upplýsingar um: H. hönd, ½ Sab. x 3, v. hönd ½ Sab. x 4. Metrolampi, 125 kv, 4 mA, 2 mm Al. 1937: H. hönd, 100 r x 6, 170 kv, 6 mA, ½ Cu + Al.

Í sjúkraskrá er þess getið 20/11 '31, að „Hendurnar yfirleitt góðar nú, þó er dál. recidiv. á h. löngutöng". 4/3 '37, við komu, er talið, að sjúklingur hafi fengið töluverðan bata eftir fyrri geislameðferð, en um ½ ári eftir að henni lauk, hafi eczematös útbrot tekið sig upp aftur. „Húðin er töluvert þykk, dál. hyperæmisk, með smá teleangiectasium. Auk þess smá sár og skinnflagningur. Aðallega er þetta localiserað á h. handarbaki radialt". 1/4 '37: „Útbrot hafa minnkað og dregið úr hyperæmiunni og infiltrationinni". Við skoðun 12/2 '57 er þess getið, að „Á h. hendi, handarbaksmegin, upp af þumalfingursgreipinni er húðin rauð, atrofisk, létt hreistruð og með vætlandi sári".

Ljóst er af framangreindu, að sjúklingur hefur fengið húðbreytingar á h. handarbak, sem einkennandi eru fyrir skaðlega síðverkun röntgengeisla, og er þeim fyrst lýst 4/3 '37, sbr. ofan.

Á þeim tíma, sem umrædd geislameðferð fór fram, voru læknum ekki eins kunnar og nú síðverkanir röntgengeisla, og virðist í öllum aðalatriðum hafa verið farið eftir þeirri venju, sem þá tíðkaðist. Ekki var almennt viðurkennt fast form fyrir geislameðferð og er tæplega enn. Nú er gefið við slíka húðsjúkdóma, sem hér um ræðir, minna geislamagn í hvert sinn og í heild".

Varð ályktun ráðsins þessi:

„Er læknaráð svaraði fyrri spurningum varðandi þetta mál, sbr. úrskurð læknaráðs frá 4. júní 1965, var því kunnugt um þær viðbótarupplýsingar, sem Gísli Ísleifsson hrl. leggur nú fram með bréfi yfirlæknis röntgendeildar Landspítalans, dr. med. Gísla Fr. Petersen, sbr. hér að framan, og var tekið fullt tillit til þeirra í

svörum ráðsins þá, enda þótt það komi ekki fram í yfirliti því, sem fylgdi ályktun læknaráðs, dags. 4. júní 1965".

Hinn 23. ágúst 1967 mat Stefán Guðnason læknir örorku stefnanda, og var mat þetta framkvæmt í sambandi við umsókn um örorkubætur til handa stefnanda frá Tryggingastofnun ríkisins. Er örorkumat þetta svohljóðandi:

„Örorkumat 23/8 1967:

Morbus mentis, depressio. Ulcus ventriculi. Defectus digiti secundi manus dx., op. plastice seq. Degen disci intervertebralis. Sjúkdómseinkenni hafa staðið í mörg ár og ums. hefur dvalið í Landspítala og Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn vegna framangreindra sjúkdóma fyrir nokkrum árum. Talinn lítt vinnufær sjúklingur í heimahúsum eins og stendur. Starfsgeta talin hafa verið mjög mikið skert mörg ár, og líkur sýnast til, að hún verði mikið skert til langframa. (Vottorð Ragnars Arinbjarnar, læknis, Reykjavík).

Örorka: Meiri en 75%".

Ekki er fram komið, hvort stefnandi framfylgdi umsókn þessari.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 27. október 1969, var málið að nýju lagt fyrir Læknaráð og álits þess leitað um eftirfarandi atriði:

„1. Telur Læknaráð með hliðsjón af læknisvottorði og örorkumati, sem nú liggja fyrir í málinu, að samhengi sé milli líkamlegs ástands Guðjóns Péturssonar undanfarin rúm 30 ár og andlegs ástands hans nú og að hann geti því verið meira en 25% (sem er metin varanleg líkamleg örorka) öryrki, hvað vinnugetu snertir? Ef svo er, hve mikla örorku telur Læknaráð þá vera um að ræða?

2. Hvernig er ábyrgð almenns læknis eða læknis með sérfræðigrein, sem vísað hefur sjúklingi til læknis með sérfræðigrein, á aðgerðum, sem sérfræðingurinn, sem vísað er til, framkvæmir á sjúklingnum?

3. Hvenær telur Læknaráð, að læknar þeir, sem hlut áttu að máli, hafi mátt sjá, að geislameðferð olli Guðjóni Péturssyni líkamsspjöllum í stað heilsubótar?"

Af þessu tilefni kvað Læknaráð upp úrskurð að nýju í málinu hinn 17. apríl 1970. Varð ályktun Læknaráðs þessi:

„Ad 1. Af gögnum málsins verður enn ekki ráðið, hvort samband sé milli líkamlegs ástands Guðjóns Péturssonar undanfarin rúm 30 ár og andlegs ástands hans nú.

Ad 2. Engin. Ábyrgðina ber sá sérfræðingur, sem stjórnar meðferðinni.

Ad 3. Læknaráð treystir sér ekki til að leggja dóm á þetta atriði".

Með bréfi, dags. hinn 3. maí 1968, fór lögmaður stefnanda þess á leit við prófessor dr. med. Erik Poppe, lækni við Det Norske Radiumhospital, að hann léti í té rökstutt álit sitt á eftirfarandi atriðum:

„1. Var geislamagn það, sem Guðjón Pétursson fékk, of mikið, miðað við það, sem annars staðar var notað á sama tíma?

2. Hve miklu meira er geislamagnið en það, sem nú er notað?

3. Var það röng meðferð á umbjóðanda mínum að nota röntgengeislun við sjúkdómi hans?

4. Öll önnur atriði, sem þér teljið, að máli skipti til að mynda sér rétta skoðun um læknismeðferð þá, sem umbjóðandi minn fékk".

Svör læknisins eru svohljóðandi í íslenzkri þýðingu:

„Um spurningu 1.

Ég tel, að allt bendi til þess, að húðbreytingar þær, sem komið hafa í ljós hjá Guðjóni Péturssyni, séu kronisk röntgenskemmd. Til þess að geta gefið nánara svar við spurningu 1 hefi ég farið yfir þá kafla um geislameðferð við húðsjúkdómum, sem prentuð er í: „Handbuch der gesamten Stralenheilkunde", gefinni út af prófessor Paul Lazarus, München 1931. Þessi kennslubók er gefin út á þeim tíma, sem umræddar geislameðferðir áttu sér stað. Í þessari handbók er ekkert talað um, að fjöldi geislameðferða megi ekki fara fram yfir ákveðið magn. Það er ekki fyrr en seinna, sem menn gerðu sér grein fyrir hættunni við endurtekna geislakúra í sambandi við góðkynja húðsjúkdóma.

Í þessu umræddu tilfelli er tala geislakúra mjög há. Samt sem áður get ég ekki lýst því yfir, að þetta hafi verið óréttlætanlegt á þess tíma mælikvarða. (Ég þekki persónulega svipað atvik frá um það bil sama tíma í Noregi. Í því tilfelli voru einnig endurteknir röntgenkúrar vegna góðkynja sjúkdóms, og þar komu í ljós einkenni kroniskrar geislaskemmdar. Meðferðin var ekki talin óréttlætanleg, en sjúklingnum voru dæmdar svokallaðar sanngirnisbætur).

Um 2. spurningu.

Þessari spurningu er ómögulegt að svara, þar sem mælingar í geislamagni voru á þessum tíma langt frá því að vera eins nákvæmar eins og þær eru í dag. Ég tel mig þess vegna ekki geta

umreiknað uppgefið geislamagn til nútímatalna. Svo mikið get ég þó sagt, að geislamagn það, sem notað hefir verið, er minnst tífalt miðað við það, sem myndi vera notað í dag. Við hugsanlega geislameðferð á kronisku eksemi í dag, myndi ég gefa einn kúr, t. d. 4 x 75 R. Ef eða þegar eksemið tæki sig upp aftur, myndi ég ekki endurtaka þessa meðferð. Þetta magn væri aðeins smáhluti af því geislamagni, sem Guðjón Pétursson hefir fengið.

Um 3. spurningu.

Ef áður hafa verið reyndar ýmsar lækningaaðferðir án tilætlaðs árangurs, tel ég forsendur fyrir því að reyna geislameðferð. Ég myndi þó, eins og áður er nefnt hér að framan, aðeins gefa einn geislakúr. Ef eksemið tæki sig upp aftur, myndi ég telja aðra geislameðferð tilgangslausa, þar sem yfirgnæfandi líkur benda til þess, að sjúkdómurinn tæki sig einnig upp aftur að öðrum geislakúrum loknum.

Um 4. spurningu.

Ég álít í dag, að geislameðferð sú, sem Guðjón Pétursson fékk, sé óverjandi og ókunnáttusamleg. Það er þó fyrst undir 1940 og eftir seinni heimsstyrjöldina, sem okkur varð að fullu ljós hættan í sambandi við endurtekna geislakúra við góðkynja húðsjúkdómum.

Sem betur fer hafa svipuð tilfelli verið til þess að gera sjaldgæf, sérstaklega með tilliti til þess, hve oft áður og fyrr var notuð geislameðferð við góðkynja húðsjúkdómum, einkum eksemi. Þetta getur þýtt, að aðeins mjög sjaldan hefir átt sér stað, að eins margir geislakúrar og Guðjón Pétursson fékk hafi verið gefnir.

Ef ég sem tilkvaddur sérfræðingur hefði verið spurður álits í hliðstæðu máli í Noregi, hefði ég svarað, að mér þætti eðlilegt, að sjúklingurinn fengi sanngirnisbætur".

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að hann hafi á árunum 1927—1937 verið brenndur á hægri hendi með röntgengeislum og muni bruninn annað hvort hafa orsakazt af of mikilli geislun eða vegna þess, að tæki hafi verið biluð. Hvor sem ástæðan sé, þá beri stofnanir þær, sem starfræktu röntgengeislunartækin, þ. e. Geislalækningastofa ríkisins árin 1927—1931, að báðum meðtöldum, og Röntgendeild Landspítalans á árinu 1932 óskoraða skaðabótaábyrgð á því, hvernig til tókst. Stofnanir þessar hafi báðar verið ríkisstofnanir og sé ríkissjóður því greiðsluskyldur fyrir hönd stofnana þessara samkvæmt reglum íslenzks skaðabótaréttar.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa. Er því haldið fram, að geislalækningar hér í bæ hafi í upphafi og á þeim tíma, sem hér um ræðir, verið starfræktar af einstaklingum. Þótt ríkisvaldið hafi að einhverju leyti styrkt slíka starfsemi, þá verði ekki af því talið, að um opinberan rekstur hafi verið að ræða. Er því mótmælt, að nokkrir þeir læknar eða þær lækningastofnanir hafi komið hér við sögu á greindu tímabili, sem ríkissjóður verði gerður ábyrgur fyrir. Þá er því haldið fram, að ósannað sé, að nokkur þau mistök hafi orðið hjá læknum eða lækningastofnunum, sem með vissu verði talin hafa valdið sjúkdómi þeim eða sjúkdómsafleiðingum, sem fjallað er um í máli þessu. Ekkert sé komið fram um það, að geislunarmeðferðin hafi ekki verið réttilega framkvæmd sem slík eða að skort hafi á einhverjar þær varúðarráðstafanir, sem átt hafi að viðhafa. Er því haldið fram, að ósannað sé, að nokkur læknisfræðileg mistök hafi orðið, sem sjúkdómur stefnanda verði rakinn til, enda sé ástæða til að ætla, að um ólæknandi sjúkdóm hafi verið að ræða, sem að einhverju leyti hafi átt rætur sínar að rekja til starfs stefnanda sem húsgagnasmiðs. Þá er því haldið fram, að jafnvel þótt talið yrði, að stefnandi hefði hlotið umræddan áverka af geislunarmeðferð á Landspítalanum eða annarri ríkisstofnun, þá hafi það allt að einu verið einkalæknar stefnanda, sem sagt hafi fyrir um, að sú aðferð yrði reynd, og hafi það því orðið á þeirra ábyrgð. Þá er því einnig haldið fram, að þótt talið yrði, að stefndi bæri ábyrgð á lækningaaðferðum og lækningaframkvæmdum þeirra lækna, sem hér hafa komið við sögu, og jafnvel þótt talið yrði, að einhver mistök hefðu þar á orðið, þá komi skaðabótaábyrgð stefnda allt að einu ekki til greina. Til þess að skaðabótaábyrgð verði felld á stefnda, hafi mistök þurft að vera stórfelld, ótvíræð og óafsakanleg, en eigi sé haldið fram af hálfu stefnanda að svo hafi verið. Þá hefur sú varnarástæða komið fram, að þótt ríkisvaldið leggi landsmönnum til sjúkrahús og þjónustu lækna sem almenna þjónustu, þá séu menn ekki skyldaðir til að þiggja þá þjónustu. Samkvæmt hinni almennu skaðabótareglu geti ábyrgð ríkissjóðs einungis komið til greina í sambandi við það, að valdir hafi verið eða samþykktir til slíkra starfa óhæfir menn eða að þeim hafi ekki verið veitt tilhlýðilegt eftirlit, en hvorugu þessara atriða sé til að dreifa í máli þessu.

Geislalækningar munu hafa hafizt hér á landi á vegum Háskóla Íslands, en á fjáraukalögum fyrir árin 1914 og 1915 var Háskóla

Íslands veitt fé til starfrækslu röntgenáhalda. Á fjárlögum fyrir árin 1918, 1919, 1920 og 1921 var einnig veitt fé til starfrækslu röntgenáhalda. Frá ársbyrjun 1918 mun þó starfsemi þessi hafa verið skilin frá Háskóla Íslands, og á fjárlögum fyrir árin 1918 og 1919 var Gunnlaugi Claessen veitt fé til að stofna og starfrækja ljóslækningastofu. Á fjárlögum fyrir árin 1920 og 1921 var Gunnlaugi Claessen einnig veitt fé til að starfrækja ljóslækningastofu. Með bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 12. marz 1920, var Gunnlaugi Claessen tilkynnt, að honum hefðu verið ákveðin árslaun sem forstöðumanni Röntgenstofnunarinnar frá 1. janúar þ. á. að telja. Á fjárlögum fyrir árin 1922 og 1923 var veitt fé til Geislalækningastofu ríkisins og styrkur til Radiumsjóðs Íslands til að reka radiumlækningar. Í umræðum þeim, sem fram fóru, gerði formælandi fjárveitinganefndar efri deildar svofellda grein fyrir breytingum þeim, sem nefndin vildi, að gerðar yrðu: „Eðlilegast finnst oss að sameina í einum lið og undir eitt nafn Röntgenstofnunina og ljóslækningar þær, er reknar hafa verið í sambandi við hana. Er það gert í samráði við lækninn G. Claessen. Undir sama lið virðist einnig eiga heima rekstur hinnar fyrirhuguðu Finnsens-ljóstækja, sem stóðu undir 27. lið, staflið m. Úr þessum 3 liðum viljum við gera einn. Fjárhæðunum hefur ekki verið raskað, heldur hafa þær aðeins verið lagðar saman. Sundurliðun var eigi gerð á launum læknisins og öðrum kostnaði, heldur ætlazt til, að stjórnin semji um þau við hann og að þeim verði hagað á líkan hátt og var við Röntgenstofnunina, þannig að læknirinn hafi bæði föst laun og hluta af þeim, sem inn koma fyrir lækningar". Var síðan veitt fé á fjárlögum til Geislalækningastofu ríkisins til ársins 1931.

Það verður að telja fram komið, að geislameðferð þá, sem stefnandi hlaut á árunum 1927—1931, hafi hann hlotið í stofnun þeirri, sem Gunnlaugur Claessen læknir veitti forstöðu. Verður að ályktа af því, sem hér er fram komið, að þótt á reiki sé, hvert nafn stofnunarinnar hafi verið, þá hafi stofnunin verið rekin af ríkisvaldinu og á ábyrgð þess.

Röntgendeild Landspítalans tók til starfa í ársbyrjun 1931, og kom fyrsti sjúklingurinn til geislameðferðar þar hinn 27. janúar 1931. Hefur röntgenmeðferð sú, sem stefnandi hlaut á árunum 1932 og 1937, farið fram í Röntgendeild Landspítalans. Við stofnun Röntgendeildar Landspítalans var Röntgenstofan lögð niður sem sérstök stofnun. Á rekstri Landspítalans ber ríkissjóður ábyrgð. Er máli þessu því réttilega beint að ríkissjóði.

Það er álit hinna sérfróðu samdómenda, að gögn málsins og skoðun þeirra á stefnanda taki af allan vafa um það, að hann hafi orðið fyrir alvarlegum skemmdum af völdum röntgengeisla með drepi bæði í mjúkum vefjum hægri handar og eins í beini (osteo-radio-necrosis). Miðað við núverandi þekkingu er allt geislamagn það, sem stefnandi hefur hlotið, mikið. Mæling var í þá daga ónákvæm, og má telja, að um nokkur frávik hafi getað verið að ræða. Frá líffræðilegu sjónarmiði er öll röntgengeislun skaðsamleg, og þegar geislað er á þennan hátt, þá veldur hver viðbótarskammtur auknum skemmdum eða aukinni hættu á skemmdum. Samkvæmt skýrslum, sem liggja fyrir um geislanir þær, sem stefnandi fékk á tímabilinu 1927—1932, er að minnsta kosti 25% gefið á árinu 1932, og verður að telja, að hundraðshluti þeirrar geislunar, sem stefnandi fékk samtals á árunum 1931—1932 og 1937, hafi verið talsvert yfir 25% heildargeislunarinnar. Samkvæmt því, sem áður er sagt um líffræðileg áhrif röntgengeislunar, verður að telja mjög miklar líkur á því, að geislaskammturinn, sem stefnandi fékk á árunum 1932 og 1937, hafi ráðið úrslitum um það, hve illa tókst til, er hann fékk drep í mjúka vefi og bein hægri handar. Í ljósi núverandi þekkingar á mælingu geislamagns, áhrifum röntgengeisla og eðlisfræðilegum eiginleikum þeirra má segja, að geislun sú, sem notuð var á árunum 1928—1929, 1930, 1931, 1932 og 1937, hafi verið of „hörð", þ. e. áhrifa hennar hafi gætt meira í þeim vefjum, sem urðu fyrir drepinu, heldur en í húðinni sjálfri. Þetta mun þó ekki hafa verið almennt viðurkennt og þekkt á þeim tíma, sem geislunin var gefin. Það þykir því eigi fram komið, að geislameðferð sú, sem stefnandi hlaut, hafi ekki verið framkvæmd á réttan hátt (lege artis). Þá þykir ekkert fram komið um það, að um bilun hafi verið að ræða í tækjum þeim, sem notuð voru til geislunarinnar, en slík bilun mundi í flestum tilvikum vera þess eðlis, að geislamagn væri minna en áætlað var. Samkvæmt þessu þykir því ekki verða lögð á stefnda fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi hefur hlotið af völdum geislameðferðarinnar. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast kr. 50.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Ásmundi Brekkan yfirlækni og Ólafi Tryggvasyni lækni.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Guðjóns Péturssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður. Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 18. nóvember 1971.

Nr. 131/1971. **Þórdís Sigurðardóttir**
gegn
Unni Sigurðardóttur og
Snorra Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1971. Gerir áfrýjandi þær dómkröfur, „að dómsathöfn, er fram fór á bæjarþingi Keflavíkur 31. ágúst 1971 í þar nefndu barnsfaðernismáli móður áfrýjanda, Unnar Sigurðardóttur gegn Snorra Jónssyni", verði felld úr gildi, öll málsmeðferð í héraði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst og áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti í þessum þætti málsins óskipt úr höndum stefndu.

Stefndu krefjast frávísunar málsins frá Hæstarétti og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Dómsathöfnin, sem áfrýjað er, er svohljóðandi:

„Ár 1971, þriðjudaginn 31. ágúst, var bæjarþing Keflavíkur sett á skrifstofu embættisins og haldið af Valtý Sigurðssyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið barnfaðernismálið: Unnur Sigurðardóttir gegn Snorra Jónssyni.

Dómari leggur fram nr. 1 bréf um beiðni á faðernisviðurkenningu, sem hljóðar svo:

„Reykjavík, 30. ágúst 1971.

Hér með er þess farið á leit, herra bæjarfógeti, að þér aflið faðernisviðurkenningar hjá hr. Snorra Jónssyni, Óðinsgötu 6, Reykjavík, en hann lýsi ég föður að dóttur minni Þórdísi, fæddri 19. 4. 1946 í Reykjavík.

Nefndur Snorri dvelst að Hringbraut 92 í Keflavík.

Geri ég engar aðrar kröfur á hendur manninum en hann játi sig föður stúlkunnar.

Virðingarfyllst,
Unnur Sigurðardóttir.

Vottar:
Björn Stefánsson
Garðar Garðarsson
Til bæjarfógetans í Keflavík".

Mættur er í réttinum Snorri Jónsson, verzlunarmaður, fæddur 10. júlí 1911 í Bolungarvík, en nú til heimilis að Hringbraut 92, Keflavík. Áminntur um sannsögli.

Mætta er kynnt efni bréfsins, og viðurkennir hann það rétt vera, að hann sé faðir að stúlkubarni Unnar Sigurðardóttur, sem fæddist 19. 4. 1946 í Reykjavík.

Mætti kveður kynni þeirra Unnar hafa hafizt í Reykjavík um 1930, og varð kuningjaskapur þeirra fljótlega náinn.

Mætti kveðst hafa verið kvæntur, þegar Unnur ól umrætt barn, og hafi það ekki verið feðrað með tilliti til þessa, en það var ekkert vafamál, að því er mætti telur, að hann er faðir barnsins Þórdísar.

Upplesið, játað rétt.
Snorri Jónsson.
Rétti slitið.
Valtýr Sigurðsson.

Vottar:
Garðar Garðarsson
Eva H. Þorkelsdóttir".

Í greinargerð áfrýjanda er m. a. þessi grein gerð fyrir sakarefninu: „Áfrýjandi er fædd 19. apríl 1946. Hún er sambýliskona Sigurðar Sigurbjarnasonar, bifreiðarstjóra, Þórsgötu 19 í Reykjavík. Áfrýjanda var einlægt tjáð af móður

hennar, stefndu Unni, að faðir hennar væri Sigurður Árnason Stefánsson (f. 4. marz 1907), og hefur áfrýjandi jafnan verið við hann kennd sem barn hans. Sigurður andaðist 28. júní 1970. Dánarbú Sigurðar er undir opinberum skiptum hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Áfrýjandi gerði erfðakröfu í bú Sigurðar. Þeirri kröfu var andmælt, þar sem samerfingjar áfrýjanda halda því fram, að hún sé ekki erfingi, þar sem faðernisviðurkenning liggi ekki fyrir. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. júlí 1971, heimilaði ráðuneytið með skírskotun til 6. mgr. 211. gr. eml. áfrýjanda að höfða mál gegn búi Sigurðar til ákvörðunar á faðerni. ... Að loknu sumarleyfi sakadómara, Gunnlaugs Briem, skyldi gerður reki að því máli. Áður en málið yrði þingfest, var hinn 31. ágúst s.l. tekið fyrir á bæjarþingi Keflavíkur barnsfaðernismálið: Unnur Sigurðardóttir gegn Snorra Jónssyni. Umræddan dag tók fulltrúi bæjarfógeta, Valtýr Sigurðsson, við faðernisjátningu úr hendi stefnda Snorra samkvæmt bréflegri beiðni stefndu Unnar, sbr. 3. og 18. gr. laga nr. 87/1947. Bar þetta svo brátt að, að tekið var við játningunni utan þarnarþings beggja stefndu og án þess, að stefnda Unnur yrði til kvödd".

Áfrýjandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið. Fer hún þess á leit, að honum verði veittur 4ra mánaða frestur til öflunar gagna og ágripsgerðar.

Eigi er að lögum heimilt að áfrýja sérstaklega framangreindri skráningu faðernisviðurkenningar, sem eigi hefur gengið dómur um í héraði. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 18. nóvember 1971.

Nr. 75/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Hálfdáni Birni Guðmundssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Nytjastuldur. Bifhjól. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sigmundur Böðvarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að ákærði sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hálfdán Björn Guðmundsson, sæti varðhaldi 15 daga. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 12. maí 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins hinn 27. október 1970, á hendur Hálfdáni Birni Guðmundssyni sjómanni,

Miðstræti 28, Vestmannaeyjum, fyrir að hafa aðfaranótt föstudagsins 7. ágúst 1970 heimildarlaust tekið bifhjólið V 83 við Skólaveg 33 í Vestmannaeyjum og stýrt því niður Skólaveg og þá um leið reynt að gangsetja vél þess í því skyni að aka hjólinu. Þegar lögreglumenn handtóku ákærða, var hann kominn aftur á hjólið að Skólavegi 33.

Í ákæru er þetta talið varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlag nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956 og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Er þess krafizt í ákæru, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Hálfdán Björn Guðmundsson, er fæddur 4. ágúst 1948 í Reykjavík og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1966 2/3 í Reykjavík: Áminning fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

1966 25/10 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 25. október 1966.

1968 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 18. marz 1968.

1968 28/3 í Reykjavík: Dómur: 5.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 8 mánuði frá 24. september 1967.

1968 15/11 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 7. ágúst 1970, kl. 0115, kom vitnið Auðberg Óli Valtýsson í lögreglustöðina og tilkynnti, að hann hefði tekið vélhjól af drukknum manni efst á Skólavegi í Vestmannaeyjum. Lögreglumenn fóru á vettvang ásamt nefndu vitni, og er þeir komu að húsinu nr. 33 við Skólaveg, stóð maður hjá vélhjólinu V 83, og kvað vitnið mann þennan hinn sama og þann, er á hjólinu hafði verið. Lögreglumenn handtóku mann þennan, er var drukkinn, og færðu hann, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, í lögreglustöðina, þar sem Páll Helgason læknir tók blóðsýnishorn úr honum kl. 0230.

Ákærði kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja sama dag og atburður þessi varð, og kvaðst hann þá, er hann gekk heimleiðis,

hafa tekið vélhjól, sem stóð við Skólaveg 33 og látið það renna niður Skólaveginn. Eigi kvaðst ákærði minnast þess að hafa reynt að setja vél hjólsins í gang, en hann hafi fundið til áfengisáhrifa, er hann var að fást við vélhjólið, enda talsvert ölvaður. Eigi kvaðst hann vita, hver væri eigandi vélhjólsins, en hann kvaðst eigi hafa ætlað að slá eign sinni á hjólið. Síðar í þessu sama réttarhaldi tók ákærði fram, að það væri ágizkun sín, að hann hafi ætlað að láta hjólið renna niður Skólaveginn, og kvaðst hann lítt muna eftir atburðinum.

Ákærði kom aftur fyrir sakadóm hinn 2. október 1970, og kvaðst hann þá hafa verið drukkinn, er hann tók vélhjólið V 83 í heimildarleysi á Skólaveginum. Kvaðst ákærði nú hafa setzt á vélhjólið, reynt að setja vél þess í gang, en ekki tekizt. Eigi kvaðst ákærði hafa ekið hjólinu, en það hafi verið ætlun hans að aka því.

Mál þetta var dómtekið hinn 17. marz 1971, en vörn skipaðs verjanda var þá lögð fram í málinu. Málið var síðan endurupptekið hinn 21. apríl s.l. með heimild í 2. mgr. 125. gr. laga nr. 82/1961, og kom þá fyrir dóm vitnið Auðberg Óli Valtýsson leigubifreiðarstjóri, Strembugötu 10, Vestmannaeyjum, 26 ára að aldri. Bar vitnið, að það hafi komið að manni á móts við húsið nr. 33 við Skólaveg, þar sem hann lét sig renna á hjólinu eftir gangstéttinni austan megin götunnar. Vél hjólsins var ekki í gangi. Maður þessi var greinilega ofurölvi, og færði vitnið manninn af hjólinu og lagði það upp að húsinu nr. 31 við Skólaveg. Kvaðst vitnið síðan hafa farið samstundis í lögreglustöðina og tilkynnt um atvik þetta og farið síðan með lögreglumönnum að leita mannsins, og komu þeir að sama manni og vitnið hafði tekið hjólið af, þar sem hann var staddur á Skólaveginum nálægt þeim stað, er vitnið hafði fyrst komið að honum.

Blóðsýnishorn það, er tekið var af ákærða í umrætt sinn, var sent til alkóhólákvörðunar, og fundust í því reducerandi efni samsvarandi 2.63‰ af alkóhóli.

Samkvæmt framansögðu má telja sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um brot þau, er í ákæru greinir og þar eru rétt færð til lagaákvæða, og unnið til refsingar samkvæmt þar greindum lagaákvæðum, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja, en bráðabirgðaökuleyfissvipting frá 2. október 1970 felld úr gildi.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hálfdán Björn Guðmundsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. nóvember 1971.

Nr. 117/1971. **Sigurður Guðmundsson**
(Jón Hjaltason hr.)
gegn
Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f
(Jóhann Gunnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnusamningur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. ágúst 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. júlí s. á. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt til að greiða sér kr. 54.678.11 með 8% ársvöxtum frá 16. nóvember 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Einar Sigurðsson, sem var framkvæmdastjóri og formaður stjórnar stefnda, sagði áfrýjanda upp störfum. Samkvæmt gögnum málsins er ekki

sannað, að þeir tveir starfsmenn stefnda, sem um endurráðningu áfrýjanda fjölluðu, hafi haft heimild til þess samkvæmt þeim stöðum, er þeir gegndu hjá stefnda. Samkvæmt þessu verður krafa stefnda um staðfestingu héraðsdóms tekin til greina.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Guðmundsson, greiði stefnda, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 17. apríl 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. apríl s.l., hefur Sigurður Guðmundsson, Austurhlíð 5, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. júní 1970 og birtri sama dag, gegn Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, Vestmannaeyjum, til heimtu vangoldinna verkstjóralauna að fjárhæð kr. 54.678.11 ásamt með 8% ársvöxtum frá 16. nóvember 1969 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Stefnandi kveður tildrög þessa máls þau, að hann hafi verið starfandi verkstjóri hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja undanfarin nokkur ár, en svo hafi hann allt í einu hinn 15. ágúst 1969 fengið óstaðfest símskeyti, undirritað Einar Sigurðsson f. h. Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja h/f, þar sem honum hafi verið sagt upp verkstjórastarfinu með 3ja mánaða fyrirvara. Stefnandi kveður sér hafa komið þetta algerlega á óvart, enda engin ástæða fyrir uppsögninni. Hins vegar tók stefnandi þessa uppsögn gilda, þannig að honum bæri að víkja frá fyrirtækinu úr verkstjórastöðu hinn 15. nóvember, þótt hann teldi sig hins vegar eiga frekari bótarétt á hendur fyrirtækinu vegna þessarar fyrirvaralausu og ástæðulausu uppsagnar.

Hins vegar hafi málin skipazt svo, að yfirverkstjóri hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, Alfreð Einarsson, hafi komið að máli við stefnanda um miðjan september 1969 og farið fram á

það, að þessi ákvörðun Einars Sigurðssonar yrði látin niður falla og stefnandi endurréðist hjá fyrirtækinu. Var nokkur aðdragandi að því, en síðan fastmælum bundið, að stefnandi héldi áfram verkstjórastarfi hjá fyrirtækinu og endurréðist þannig hjá því undir lok september 1969. Var endurráðningin gerð af nýráðnum starfsmanni Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja h/f, Ívari Baldvinssyni, sem starfaði hjá fyrirtækinu yfir yfirverkstjóra. Síðan var það hinn 14. október 1969, að Alfreð yfirverkstjóri kom að máli við stefnanda og tjáði honum, að þessi endurráðning yrði að ganga til baka eftir undangengið símtal, sem hann hafði þá átt við Ívar Baldvinsson, sem hafði þá haft samband við Einar Sigurðsson um endurráðninguna. Fylgdi jafnframt með, að stefnandi yrði að hætta hinn 15. nóvember 1969. Stefnandi var síðan látinn hætta störfum hjá fyrirtækinu og vann síðast þar 15. nóvember 1969. Taldi hann sér óskylt að víkja bótalaust með svo skömmum fyrirvara, aðeins 1 mánaðar, þegar samningar áskilja 3ja mánaða uppsagnarfrest, enda treysti hann því eftir endurráðninguna að frumkvæði yfirverkstjóra, að hann yrði áfram í starfi hjá fyrirtækinu.

Stefnandi kveðst ávallt hafa kappkostað að vinna fyrirtækinu vel. Fór hann m. a. á fiskimatsnámskeið í þrjár vikur á sinn kostnað til að auka hæfni í starfi í þágu fyrirtækisins. Dómkröfur stefnanda eru, eins og að framan greinir, kr. 54.678.11 auk vaxta og kostnaðar, og eru þær miðaðar við 9 vikna kaup, sem á fullan uppsagnarfrest skorti frá endurráðningunni og til 16. nóvember 1969.

Stefndi lét mæta í máli þessu og gerði þær dómkröfur aðallega, að máli þessu yrði vísað frá dómi, en til vara, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Aðalkröfu sína studdi stefndi þeim rökum, að stefnubirting hefði verið röng, þar eð réttum fyrirsvarsmanni Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja h/f hefði eigi verið stefnt. Að undangengnum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfuna var henni hrundið með úrskurði, uppkveðnum 7. nóvember 1970, og hefur málið síðan verið rekið fyrir bæjarþinginu.

Stefnandi máls þessa mætti fyrir dómi og gaf aðiljaskýrslu. Kvaðst hann hafa unnið mjög lengi hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, og um haustið 1963 var hann fyrst gerður að verkstjóra, þá við byggingu fiskimjölsverksmiðju Einars Sigurðssonar. Var ekki fundið að störfum stefnanda þann tíma, er hann gegndi

verkstjórastöðu hjá fyrirtækinu. Síðan gerðist það, að í sumarfríi sínu sumarið 1969 fór stefnandi til Spánar. Þegar hann kom aftur heim þann 22. eða 23. ágúst, beið hans símskeyti, dagsett 15. ágúst, þar sem honum var tilkynnt uppsögn hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja. Sumarfríi stefnanda lauk þann 1. september 1969. Hóf hann þá aftur störf sín hjá fyrirtækinu og hugðist starfa til loka uppsagnarfrestsins þann 15. nóvember.

Síðan gerðist það seinni hluta septembermánaðar, að Alfreð Einarsson yfirverkstjóri kom að máli við stefnanda og spyr, hvort hann væri til með að starfa áfram hjá fyrirtækinu. Sagði Alfreð, að þeim Ívari Baldvinssyni tæknifræðingi hefði komið saman um að biðja stefnanda að vera áfram hjá fyrirtækinu. Féllst stefnandi á að vinna áfram hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f og leit nú svo á, að hann væri endurráðinn til fyrirtækisins.

Síðan gerist það um miðjan október 1969, að Alfreð Einarsson kemur að máli við stefnanda og tjáir honum, að uppsögnin standi, því að Einar Sigurðsson hafi neitað að taka endurráðninguna gilda. Sagði Alfreð, að stefnandi yrði að hætta störfum þann 15. nóvember 1969, eins og sagt hafði í uppsögninni. Hætti stefnandi síðan störfum hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f þann 15. nóvember, og nokkrum dögum síðar hóf hann vinnu hjá Guðmundi Böðvarssyni og Co. Réð hann sig upp á sveinakaup, en stefnandi er útlærður húsasmiður. Var sveinakaup í dagvinnu mjög álíka og tímakaup það, er stefnandi hafði hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f.

Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri hins stefnda hlutafélags, gaf skýrslu fyrir dómi í máli þessu. Kom þar fram, að Einar Sigurðsson sagði stefnanda upp með 3ja mánaða fyrirvara hinn 15. ágúst 1969 með símskeyti. Síðan skýrði Ívar Baldvinsson tæknifræðingur framkvæmdastjóranum frá því í byrjun október, að Alfreð Einarsson yfirverkstjóri hefði endurráðið stefnanda, eftir að hafa rætt við Ívar um uppsögnina. Tjáði framkvæmdastjórinn þá þeim Ívari og Alfreð, að uppsögnin yrði að standa, og hætti stefnandi síðan störfum þann 15. nóvember, eins og ákveðið hafði verið. Þá kom fram í framburði Einars Sigurðssonar, að nefndir menn hefðu ekki heimild frá fyrirtækinu til þess að ráða verkstjóra eða aðra yfirmenn hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, en Ívar Baldvinsson hafi verið vinnuhagræðingarmaður og hafi starf hans verið fólgið í því að skipuleggja ákvæðisvinnu og hagræða vinnu á sem hagkvæmastan hátt.

Alfreð Einarsson yfirverkstjóri mætti sem vitni í máli þessu,

en stefnandi er kvæntur systur hans. Skýrði vitnið frá því, að þegar stefnandi var ráðinn til fyrirtækisins, hafi verið haft um það samráð við Einar Sigurðsson framkvæmdastjóra. Vitnið skýrði frá því, að í sambandi við endurráðningu stefnanda hafi það haft samráð við Ívar Baldvinsson tæknifræðing, sem var nýráðinn starfsmaður hjá fyrirtækinu og átti að fylgjast með daglegum rekstri, afköstum starfsfólks og vinnu verkstjóra.

Ívar Baldvinsson tæknifræðingur mætti sem vitni í máli þessu. Skýrði vitnið frá því, að Alfreð yfirverkstjóri hefði endurráðið stefnanda samkvæmt sinni ráðleggingu, en verkstjórinn hafi tjáð sér, að stefnandi væri góður starfsmaður. Þá kom fram hjá vitninu, að það hefði ekki heimild til þess að ráða verkstjóra hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f.

Þá hefur verið lagt fram í máli þessu vottorð frá þeim Halldóri Þ. Briem og Kristjáni Guðbjartssyni, er þeir staðfestu fyrir dómi, að þeir hafi verið áheyrendur að samtali þeirra Ívars Baldvinssonar og stefnanda þann 9. febrúar 1970, þar sem Ívar sagðist hafa munnlegt umboð frá Einari Sigurðssyni til þess að ráða menn við Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f.

Stefnandi máls þessa styður kröfugerð sína þeim rökum, að hann hafi verið endurráðinn til Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja í lok september 1969, en síðan hafi endurráðningin gengið til baka þann 14. október 1969 og hafi sér þá borið nýr uppsagnarfrestur, 3 mánuðir, en þar sem hann hætti störfum þann 15. nóvember hafi fresturinn aðeins verið einn mánuður. Þá bendir hann á, að hann hefði átt að geta treyst því, að yfirverkstjóri og nýráðinn tæknifræðingur hefðu heimild til að endurráða sig. Þá bendir stefnandi á það við munnlegan málflutning, að hann ætti að minnsta kosti að fá hálfs mánaðar kaup, þar sem venja væri að miða uppsagnir við 1. hvers mánaðar og þar að auki hefði honum verið sagt upp í miðju sumarfríi.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hvorki yfirverkstjóri né verkstjórar Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja h/f hafi heimild til þess að ráða verkstjóra til starfa hjá félaginu. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins sagði stefnanda upp með lögmætum fyrirvara, sbr. 15. gr. samnings milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkstjórasambands Íslands frá 23. ágúst 1967. Stefndi bendir og á, að stefnandi hafi tekið uppsögnina gilda, og einnig vísaði hann til þeirrar venju, að æðstu stjórnendur fyrirtækisins hefðu með mannaráðingu að gera, sem aðrir starfsmenn fyrirtækisins hefðu ekki heimild til að breyta.

Niðurstaða dómsins.

Stefnanda máls þessa var sagt upp með 3ja mánaða fyrirvara þann 15. ágúst 1969 af framkvæmdastjóra hins stefnda hlutafélags. Síðan gerist það, að yfirverkstjóri við fyrirtækið fór þess á leit við stefnanda, að hann yrði áfram starfsmaður við fyrirtækið, og tók stefnandi því. Uppsögn stefnanda frá 15. ágúst var fullkomlega lögmæt, sbr. 15. gr. samnings milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkstjórasambands Íslands frá 23. ágúst 1967. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem bendir til þess, að þeir, sem um endurráðningu stefnanda fjölluðu, hafi haft til þess heimild, en rík ástæða virðist hafa verið fyrir stefnanda að ganga úr skugga um, að svo væri, fyrst uppsögn hans hafði komið frá framkvæmdastjóra fyrirtækisins og eigi líklegt, að lægra settir starfsmenn fengju haggað þeirri ákvörðun. Verður krafa stefnanda um 9 vikna laun sér til handa þannig eigi tekin til greina af þessum ástæðum.

Hins vegar ber á það að líta, að stefnandi fær uppsögn í miðju sumarfríi sínu. Var hann erlendis, er uppsögnin barst, og átti enn eftir ½ mánuð af fríi sínu. Eftir almennum lagarökum þykir rétt, að uppsögn stefnanda hefði verið miðuð við 1. september 1969, en þá lauk sumarfríi stefnanda. Með hliðsjón af því, að eigi skuli stytta lögmætan uppsagnarfrest með uppsögn, meðan á sumarfríi stendur, þykir rétt, að stefnandi fái greitt fyrir þær tvær vikur, sem hér um ræðir.

Stefnandi sundurliðar vikulaun sín þannig, án þess að tölulegum andmælum sæti:

44 klst. dagvinna á 97.89	4.307.16
10 klst. eftirvinna á 137.04	1.370.50
Orlof 7%	397.43
	6.074.99

Þykir rétt að leggja þessi vikulaun til grundvallar, og verða tveggja vikna laun þá kr. 12.149.98, og ber stefnda að greiða stefnanda þá upphæð ásamt vöxtum frá 16. nóvember 1969, sem teljast hæfilega ákveðnir 7% p. a. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.000.00.

Lögmaður stefnanda í máli þessu var Jón Hjaltason hæstaréttar-

lögmaður, en af hálfu hins stefnda hlutafélags flutti málið Jóhann Gunnar Ólafsson hæstaréttarlögmaður.

Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, greiði stefnanda, Sigurði Guðmundssyni, kr. 12.149.98 með 7% ársvöxtum frá 16. nóvember 1969 til greiðsludags og kr. 4.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. nóvember 1971.

Nr. 220/1970. **Helgi Bergsson**
(Agnar Gústafsson hrl.)
gegn
Jónasi Kristjánssyni
(Gunnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteign. Kaup og sala. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s. m. Hann krefst sýku af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að upphafstími vaxta reiknast frá 2. marz 1967.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Helgi Bergsson, greiði stefnda, Jónasi Kristjánssyni, kr. 15.000.00 með 7% ársvöxtum frá 2. marz 1967 til greiðsludags og málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 15. maí s.l., hefur Jónas Kristjánsson, Sunnubraut 6, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. júní 1967, á hendur Helga Bergssyni, Þinghólsbraut 65, Kópavogi, til greiðslu á kr. 15.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. maí 1965 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að hann hafi keypt húsið Sunnubraut 6, Kópavogi, í desember 1963 af stefnda Helga Bergssyni. Íbúðin hafi verið seld tilbúin undir tréverk og með hita komnum í íbúðina. Húsið sé með lofthitun, þannig að vatn er hitað í katli með olíukyndingu. Heita vatnið fer gegnum sérstakt „element", og blásari blæs heita loftinu við „elementið" inn í húsið.

Stefnandi segir, að þegar byrjað var að kynda upp húsið um haustið 1964, hafi hann fljótt orðið var við galla á kyndingu hússins, sem lýsti sér þannig, að bleyta kom fram innan á gluggum og útveggjum og rann út á gólf, og var þetta í öllum herbergjum. Beðið var um dómkvadda matsmenn og hafi þeir verið dómkvaddir af bæjarfógetanum í Kópavogi, þeir Sveinn Torfi Sveinsson og Kristján Flygenring, til þess að meta galla á hitakerfinu. Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er dagsett 22. febrúar 1965, og segja matsmennirnir, að lofthitarinn hafi lekið og þeir telji hann ónýtan. Upphaflega hafi hitari þessi verið smíðaður fyrir stórar vinnuvélar, en ekki fyrir hitakerfi í húsi. Matsmenn segja, að setja þurfi upp nýjan hitara og verð hans með uppsetningu muni nema kr. 15.000.00.

Stefnandi kveður stefnda sem seljanda hússins bera fulla ábyrgð á hinum ónýta lofthitara, og geri hann því kröfu til, að stefndi

verði dæmdur til að greiða samkvæmt matsgerðinni fyrrnefnda fjárhæð auk vaxta og málskostnaðar.

Við vitna- og aðiljayfirheyrslur, sem fram hafa farið í máli þessu hinn 10. apríl 1968, skýrir vitnið Sveinn Torfi Sveinsson verkfræðingur svo frá eftir að hafa staðfest matsgerðina á dskj. nr. 3 rétta, að lofthitarinn, sem um ræðir í máli þessu, hafi verið úr vinnuvél og allsendis ónýtur og ekki hæfur til að hita upp húsnæði sem slíkt. Segir vitnið, að lofthitarinn hafi lekið og geti það haft þau áhrif, að rakastig í íbúðinni verði hærra en ella, og geti það valdið því, þegar kalt er úti, að rakinn í loftinu þéttist og móða komi á rúður. Vitnið segir, að þar sem talað sé um lofthitarann í matsgerð þeirra matsmannanna, eigi þeir eingöngu við „element" það, er vatnið rennur um, sem hitar loftið, áður en það fer inn í aðra hluta hússins. Vitnið kveðst aðspurt ekki geta fullyrt, af hverju lekinn á „elementinu" hafi stafað, en álíti þó frekar, að það kunni að vera að kenna þrýstingi á vatnskerfi hússins frekar en að um frostsprungur hafi verið að ræða.

Vitnið Kristján Ágúst Flygenring vélaverkfræðingur skýrir svo frá eftir að hafa staðfest matsgerðina, að það telji sennilegustu orsök fyrir því, að „elementið" hafi lekið, vera þá, að „element" sem þessi, sem vitnir minnir, að hafi verið úr Caterpillar jarðýtu, sé ekki gert fyrir mikinn þrýsting á vatni því, sem í gegnum það rennur, og því alsendis óhæft að áliti vitnisins til upphitunar húsa. Vitnið segir aðspurt, að það geti verið, að lekinn á „elementinu" hafi stafað af frosti, en hins vegar telur vitnið það ósennilegt. Vitnið segir, að við skoðun á „elementinu" hafi það ekki orðið vart við sprungu á því, sem lekinn gæti orsakazt af. Vitnið segir hins vegar, að „elementið" hafi verið nokkuð blautt, án þess þó að hægt hafi verið að sjá beint, hvaðan lekinn kæmi. Vitnið segir sér ekki vera kunnugt um, hvort „element" þetta hafi verið nýtt eða notað, þar sem Sölunefnd varnarliðseigna selji bæði nýja muni og notaða.

Stefnandi hefur skýrt svo frá við aðiljayfirheyrslu í málinu eftir að hafa staðfest málavaxtalýsingu í stefnu á dskj. nr. 1 rétta, að hann hafi byrjað að kynda húsið í ársbyrjun 1964, en ekki um haustið 1964, eins og greini í stefnu. Hins vegar sé það rétt, sem í stefnu segir, að ekki hafi orðið vart við bleytu innan á útveggjum fyrr en um haustið 1964. Segir stefnandi, að honum hafi verið sagt, að stefndi í máli þessu hafi kynt húsið mjög lítið þann tíma, sem það var í hans eigu, og tekur stefnandi fram sem dæmi, að þegar hann tók við húsinu, hafi verið uppsláttur

innan í skorsteini. Stefnandi segir, að nú sé búið að lagfæra þennan galla á húsinu og hafi Blikksmiðjan Vogur unnið það verk. Hafi þeir skipt um „element", sem þeir töldu nauðsyn til þess að gera við gallann, en einnig hafi þeir skipt um blásara og stokkinn þar utan um, og kveður stefnandi það hafa verið gert með sínu samþykki. Samtals hljóði viðgerðin upp á kr. 26.041.00 samkvæmt reikningi Blikksmiðjunnar Vogar h/f. Stefnandi segir það rétt, sem stendur í greinargerð stefnda á dskj. nr. 5, að hann hafi tekið við húseigninni 31. október 1963. Enn fremur segir stefnandi það rétt, að það muni ekki hafa verið fyrr en upp úr áramótum 1965, sem hann minntist á áðurnefnda galla við stefnda í máli þessu. Tekur stefnandi það fram til skýringar á þeim drætti, sem hafi orðið á því, að hann sneri sér til stefnda, að hann, þ. e. stefnandi, hafi álitið, að Blikksmiðjan Sörli bæri ábyrgð á gallanum, og hafði það eftir mönnum í nærliggjandi húsum, þar sem sams konar gallar höfðu gert vart við sig.

Stefndi hefur skýrt svo frá við aðiljayfirheyrslu í málinu, að hann muni ekki nákvæmlega, hvenær hitalögn hafi verið sett í húseignina Sunnubraut 6, Kópavogi, en samkvæmt afsali, sem sýnt er í réttinum, mun stefndi hafa keypt umrædda húseign af Birni Hermannssyni 8. febrúar 1963. Kveður stefndi, að þá þegar hafi verið hafizt handa um lagningu hitakerfisins og hafi Blikksmiðjan Sörli annazt það verk. Stefndi segir það rétt, sem segir í greinargerð á dskj. nr. 5, að hann hafi aldrei orðið var við leka í húsinu þann tíma, sem hann hafi verið eigandi þess. Einnig kveður stefndi, að það geti komið heim og saman við það, sem stefnandi hefur borið hér á undan í réttarhaldinu, að hann, þ. e. a. s. Jónas, hafi fyrst minnzt á þennan galla fyrri hluta ársins 1965.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að ljóst sé, að verulegir gallar hafi verið á kyndingarkerfinu, þar sem lofthitarinn hafi lekið og hann hafi upphaflega verið smíðaður fyrir stórar vinnuvélar, en ekki fyrir hitakerfi í húsi. Sýnist sér því ekki vafi á, að stefndi sem seljandi byggingarinnar beri fulla ábyrgð á þessum galla.

Stefndi hins vegar reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi aldrei orðið var við neinn leka í lofthitaranum. Matið hafi farið fram 11. febrúar 1965, þannig að liðið hafi verið á annað ár, frá því að stefnandi hafði tekið við húsinu. Aldrei hafi verið kvartað við sig, fyrr en um það leyti sem matið hafi farið fram. Hafi umræddur galli verið á hitaranum, sem hann kveðst mótmæla, að

hafi verið, hafi stefnanda auðvitað borið að kvarta strax yfir gallanum. Þetta hafi hann ekki gert, fyrr en liðið sé meira en eitt ár. Eigi hann þegar af þeirri ástæðu að dæmast sýkn. Uppsetningu hitakerfis í umrætt hús hafi Blikksmiðjan Sörli annazt og hafi umræddur lofthitari verið keyptur í samráði við nefnda blikksmiðju. Sé um einhver mistök að ræða í sambandi við uppsetningu eða val á hitaranum, beri Blikksmiðjan Sörli auðvitað bótaábyrgð á því. Kveðst stefndi því telja, að stefnanda beri að beina kröfum sínum að Blikksmiðjunni Sörla. Þá tekur stefndi og fram, að eins og áður sé greint, hafi matið ekki farið fram fyrr en 11. febrúar 1965, en stefnandi hafi ekki hafizt handa um málshöfðun fyrr en með bréfi lögmanns 2. marz 1967. Af þessum sökum sé hætt við því, að stefnandi hafi glatað rétti sínum á hendur seljanda hitarans, ef galli sá, sem stefnandi heldur fram, að hafi verið á hitaranum, væri talinn verksmiðjugalli.

Það er álit hinna sérfróðu dómenda, að umræddur lofthitari hafi verið allskostar ófullnægjandi og fráleitt að nota slíkt tæki, sem hér um ræðir, til hitunar húsa. Þá telja þeir og, að ekki verði til þess ætlazt, að ófaglærðir menn kunni skil á þessum hlutum, og sé því eðlilegt, að þeim sjáist yfir slíkan galla við skoðun.

Ekki verður talið, að athugasemdir um gallann séu of seint fram komnar af hálfu stefnanda, eins og atvikum er lýst í málinu, og ekkert réttarsamband hefur skapazt milli stefnanda og Blikksmiðjunnar Sörla, sem sögð er hafa sett upp umræddan lofthitara.

Ber því að öllu þessu athuguðu að dæma stefnda til að greiða stefnanda stefnukröfuna, kr. 15.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1965 til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 4.300.00 í málskostnað.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Gunnarssyni verkfræðingi og Garðari Erlendssyni blikksmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Bergsson, greiði stefnanda, Jónasi Kristjánssyni, kr. 15.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1965 til greiðsludags og kr. 4.300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 25. nóvember 1971.

Nr. 178/1970. **Kristjana Lilja Kristinsdóttir**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Guðmundi Kristjánssyni og
Ragnheiði Svanlaugsdóttur til réttargæzlu
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteign. Gallar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. október 1970. Krefst hún sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda hér fyrir dómi.

Réttargæzlustefndi hefur eigi sótt þing í máli þessu og engar kröfur gert.

Málsatvik eru skilmerkilega rakin í héraðsdómi eftir gögnum þeim, sem fyrir dóminum lágu.

Stefnda var kunnugt um, er kaupin um íbúðina voru gerð, að viðsemjandi hans, réttargæzlustefndi, Ragnheiður Svanlaugsdóttir, var þá eigi þinglesinn eigandi íbúðarinnar, en í kaupsamningi þeirra á milli, dags. 10. október 1967, segir: „Kaupanda er kunnugt um, að seljandi er eigi þinglýstur eigandi hins selda, en seljandi mun útvega kaupanda löglega eignarheimild fyrir hinu selda eigi síðar en fyrir miðjan þennan mánuð".

Ekki eru leiddar sönnur að því, að áfrýjandi hafi átt nokkurn þátt í sölu íbúðarinnar til stefnda að öðru leyti en því, að hún undirritaði afsal, dags. 31. október 1967, að íbúðinni til hans, þar sem hún var enn, er kaupin fóru fram og afsal var gefið, þinglesinn eigandi hennar.

Að svo vöxnu máli verður áfrýjandi sýknuð af kröfum stefnda í máli þessu. Rétt er, að málskostnaður þeirra á milli í héraði og hér fyrir dómi falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kristjana Lilja Kristinsdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Guðmundar Kristjánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður þeirra á milli í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júlí 1970.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Guðmundur Kristjánsson bifreiðarstjóri, Baldursgötu 13 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 24. marz 1969, gegn Ragnheiði Svanlaugsdóttur, Sólheimum 23, og Kristjönu Lilju Kristinsdóttur, Baldursgötu 13, en nú til heimilis að Hjallalandi 30 hér í borg, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 84.040.00 með 7% ársvöxtum frá 10. október 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Er þess krafizt, að stefndu verði dæmdar in solidum til greiðslu umkrafinna fjárhæða.

Stefndi Ragnheiður Svanlaugsdóttir krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að henni verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Af hálfu stefnda Kristjönu Lilju Kristinsdóttur eru nú þær kröfur gerðar aðallega, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að henni verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

II.

Tildrög málsins eru þau, að með kaupsamningi, dagsettum 10. október 1967, keypti stefnandi tveggja herbergja íbúð á II. hæð hússins nr. 13 við Baldursgötu hér í borg. Heimildarmaður stefnanda að íbúðinni var samkvæmt kaupsamningi stefndi Ragnheiður, en þegar til þess kom, að stefnandi fengi afsal fyrir íbúðinni, var það gefið út af stefnda Kristjönu Lilju, og er afsalið dags. 31. október 1967. Ástæðan fyrir þessu var sú, að stefndi Ragnheiður hafði keypt eignarhluta þennan skömmu áður af stefnda Kristjönu Lilju, en ekki fengið afsal fyrir honum, er hún seldi hann stefnanda.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi tekið við greindri eign

hinn 31. október 1967. Áður en hann ákvað kaupin, hafi hann skoðað íbúðina og leitaði upplýsinga um ástand hennar hjá seljanda. Íbúðin hafi þá verið nýmáluð og litið vel út. Hafi hann því ekki haft neina ástæðu til að ætla annað en að íbúðin væri í varanlegu góðu ástandi, enda hafi honum óspart verið tjáð það. Það hafi á hinn bóginn brátt komið í ljós, eftir að hann var fluttur í íbúðina, að þessu hafi mikið á annan veg verið farið. Fyrrverandi eigandi hafi leyft sér að leyna verulegum göllum á íbúðinni, m. a. með því að mála yfir þá. Helztu gallar á íbúðinni hafi í stuttu máli verið þessir: Ófullnægjandi einangrun og klæðning á stofuvegg í útskoti að Baldursgötu. Alger vöntun einangrunar í stofugólfi á sama stað. Afleiðing þess galla sé raki á gólfinu. Sprunga á vegg í íbúðinni, sem snúi að Óðinsgötu. Vatnsleki sé í gegnum þessa sprungu. Í herbergi við þessa hlið hússins og eldhúsi sé verulegur raki, sem eigi rætur að rekja til þessarar sprungu. Hlið íbúðarinnar að Baldursgötu sé mikið sprungin. Allsendis ófullnægjandi viðgerð hafi verið framkvæmd á veggnum fyrir hans tíð (stefnanda) sem eiganda íbúðarinnar. Veggurinn hafi reynzt vera óvatnsþéttur. Þarna séu og sprungur í veggnum, sem valdi greinilega leka inn í íbúðina.

Þegar stefnanda varð ljóst, að íbúðin var haldin verulegum göllum, kveðst hann hafa komið á framfæri kvörtunum við heimildarmenn sína að íbúðinni, fyrst munnlega og síðan með bréfum, dags. 29. marz 1968. Þegar umkvörtunum var eigi sinnt, kveðst hann hafa hlutazt til um að fá dómkvadda matsmenn til þess að meta gallana á íbúðinni. Kveðst stefnandi byggja kröfugerðina á matsgerð hinna dómkvöddu manna. Hann kveðst hafa krafizt bóta eftir matinu, en bótakröfum hafi eigi verið sinnt. Sé mál þetta því höfðað.

III.

Matsbeiðni stefnanda er dagsett 13. desember 1968. Hinn 18. s. m. voru dómkvaddir tveir matsmenn, þeir Árni Guðmundsson múrarameistari og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari, sem skiluðu matsgerð, sem dagsett er 5. febrúar 1969. Í matsgerðinni segir m. a.:

„1. Innanhúss er þörf að laga: Einangrun og klæðningu á stofuveggi í útskoti að Baldursgötu. Einnig er gólf í útskotinu óeinangrað, og orsakast af því raki í gólfinu á þeim hluta gólfsins, sem í útskotinu er. Þann galla verður að laga með því að höggva gólfið upp, setja einangrun og leggja múrlag yfir og dúkleggja

að nýju. Einnig verður að laga málningu þar, sem hún er skemmd eða verður fyrir skemmdum af völdum viðgerðanna. Kostnað við framanskráðar lagfæringar teljum við rétt metinn á kr. 8.000.00 — átta þúsund krónur 00/100.

2. Á hlið íbúðarinnar, sem snýr að Óðinsgötu, er sprunga, sem liggur upp og niður hliðina á samskeytum veggjarins, sem ekki hefir verið steyptur í einu lagi, og teljum við um leka að ræða í gegnum þessa sprungu. Í herbergi, sem hefir glugga á fyrrnefndri hlið ásamt eldhúsi, er sjáanlegur raki í horni við eldhús, og teljum við hann stafa frá leka um fyrrnefnda sprungu. Varanlega viðgerð á umræddri sprungu teljum við nauðsynlega og tökum í matið.

Hliðin að Baldursgötu er mikið sprungin, og hefir verið borið yfir hana kvoðuefni, sem myndað hefir húð, sem allvíða hefir losnað frá múrnum, og við það hafa myndazt sprungur og göt á húðinni, sem vatn rennur síðan inn um. Steypu og steinhleðslu, sem hliðin virðist byggð upp af, teljum við ekki vatnsþétta, auk þess eru sprungur, er greinilega orsaka leka. Þessi lýsing hliðarinnar gildir fyrir 2. og 3. hæð hússins. Hliðin að Baldursgötu, sem lýst er hér að framan, teljum við að þarfnist ítarlegrar viðgerðar, ekki aðeins á annarri hæð, heldur einnig á þriðju hæð. Við teljum, að þar sé um leka að ræða, sem komi fram á 2. hæð í íbúð Guðmundar Kristjánssonar. Nauðsynlega viðgerð teljum við eftirfarandi: Fjarlægja kvoðuefni, sem fyrr var nefnt, og einnig múrhúðun þar, sem hún er laus og óþétt. Ennfremur höggva allar sprungur og þétta með þanþétti. Múrhúða síðan hliðina að nýju og til öryggis bera vatnsverju undir málningu.

Framanskráð viðgerð utanhúss með vinnupöllum, efni og öðru tilheyrandi teljum við, að kosti kr. 48.000.00 — fjörutíu og átta þúsund krónur 00/100".

Hér fyrir dómi hafa matsmennirnir staðfest matsgerðina.

Matsmaðurinn Árni Guðmundsson tók jafnframt fram, að sprungan í veggnum, sem veit að Óðinsgötu, nái frá þakbrún og niður fyrir gólf umræddrar íbúðar og alla leið niður að inngöngupalli. Það er álit matmannsins, að ekki muni nægjanlegt að slétta sprunguna á því svæði, sem íbúð stefnanda nær yfir. Sama gildi um þá hlið, sem snúi að Baldursgötu.

IV.

Stefnandi hefur hér fyrir dómi hinn 17. marz 1970 skýrt svo frá, að hann hafi látið teppaleggja íbúðina, áður en hann fluttist

í hana. Teppið og sérstaklega „filtið“ hafi skemmzt nokkuð við vatnsagann, sem kom inn í íbúðina. Vatn og raki kom í íbúðina í rigningum og eins eftir frost. Sé þetta lítið yfir sumartímann, en á öðrum tímum ársins beri meira og minna á rakanum. Hann kveðst hafa flutt inn í íbúðina um mánaðamótin október—nóvember 1967, að því er hann minnir. Eftir það kveðst hann ekki hafa flutt úr íbúðinni, og kveðst hann búa þar ennþá. Hann tekur fram, að ofnkranarnir á ofnum íbúðarinnar hafi verið þannig, frá því að hann fluttist í íbúðina, að ekki hafi verið hægt að loka fyrir þá, en húsið sé hitað upp með hitaveitu og sé sameiginleg upphitun í öllu húsinu. Engar fastar reglur séu um kyndingu og fari það eftir atvikum, hver sjái um að skrúfa frá og fyrir miðstöðvarhitann, en kraninn, sem notaður er til þess, sé í kjallara hússins og hafi allir eigendur aðgang að honum. Hann tekur fram, að sumarið 1969 hafi verið framkvæmd viðgerð á þaki hússins, þó ekki á þeim hluta þess, sem íbúð hans er undir. Hann telur frekar ólíklegt, að lekinn í íbúðinni stafi frá þakinu, enda hafi ekki verið talin þörf á því s.l. sumar að framkvæma viðgerð á þeim hluta þaksins, sem er yfir íbúð hans. Þá tekur hann fram, að ekki hafi komið fram leki í íbúðinni, sem er fyrir ofan hans íbúð. Hann kveðst ekki sjálfur hafa getað merkt, að rakinn, sem í íbúðinni er, stafi frá þakinu, en hann tekur fram, að hann hafi ekki mikið vit á húsbyggingum. Hann segir, að á sínum tíma hafi stefndu hlutazt til um það að fá mann til þess að negla lista á útvegg í útskoti í stofu íbúðarinnar. Hafi maðurinn einangrað á milli listanna með plasteinangrun. Síðan hafi hann neglt álpappír þar utan á og þar utan á hörplötur. Sjálfur kveðst stefnandi hafa málað alla stofuna og fengið greiðslu, kr. 1.200.00, hjá Héðni Olgeiri Jónssyni, eiginmanni stefnda Kristjönu Lilju, upp í málunarkostnaðinn. Tekur stefnandi fram, að Héðinn Olgeir hafi beðið sig að mála og eftir á hafi orðið samkomulag um áðurnefnda greiðslu, en stefnandi man ekki, hvort hann afhenti sérstakan reikning, þegar hann tók við greiðslunni. Hann segir, að frekari viðgerðir hafi stefndu ekki látið í té og ofangreind viðgerð hafi ekki komið að gagni. Hann kveðst heldur ekki hafa tekið við meira fé frá stefndu en ofangreindri fjárhæð. Stefndu lögðu fram allt efni í útskotið og greiddu málningu.

Stefndi Ragnheiður hefur hér fyrir dómi hinn 17. marz 1970 skýrt svo frá, að hún og eiginmaður hennar hafi seinni part sumarsins 1967 farið að leita að lítilli íbúð, sem þau ætluðu að festa kaup á handa syni þeirra hjóna, sem þá var við nám í

Háskólanum. Ragnheiði minnir, að í byrjun september 1967 hafi þau hjónin fyrst skoðað umrædda íbúð og hafi þau þá verið í fylgd með Einari Ólafssyni sölumanni, sem sýndi þeim íbúðina. Fleiri hafi ekki verið viðstaddir skoðunina. Leizt Ragnheiði og eiginmanni hennar ljómandi vel á íbúðina. Stuttu síðar fór Ragnheiður ásamt eiginmanni sínum, syni þeirra, Þórarni Sveinssyni, og eiginkonu hans, Hildi Bernhöft, og skoðuðu þá íbúðina. Kveðst Ragnheiður þá áður hafa undirritað kaupsamning um íbúðina á fasteignasölu Kristjáns Eirikssonar hæstaréttarlögmanns, en Einar Ólafsson var sölumaður þar. Strax þegar ungu hjónin höfðu skoðað sig um á staðnum, hafi þau verið ákveðin í því að vilja ekki íbúðina. Í því sambandi var Ragnheiður að því spurð, hvað ungu hjónin hefðu sett fyrir sig. Hún svaraði: „Þeim líkaði ekki staðurinn. Þeim líkaði ekki umhverfið né inngangurinn og heldur ekki, að sameiginleg snyrting var við aðra íbúð. Svo var þvottahúsið úti í skúr, að því er mig minnir, en þeim leizt ekki illa á íbúðina sjálfa. Ég sá ekki nein merki um raka í íbúðinni. Helga Svanlaugsdóttir, systir mín, sem búsett var og er á Akureyri, var um þetta leyti hér í borginni. Hún var að leita sér að lítilli íbúð. Mig minnir, að ég hafi farið með Helgu á staðinn og sýnt henni íbúðina, en ég man þetta ekki vel nú. Helga hafði ekki áhuga fyrir að kaupa íbúðina. Ég minnist þess ekki að hafa komið oftar í íbúðina en ég hef nú frá greint. Þann 14. september 1967, að því er mig minnir, fórum við hjónin í skemmtiferð til Mallorka og komum aftur um mánaðamótin sept.—okt. sama ár". Ragnheiður skýrir jafnframt svo frá, að á meðan þau hjónin voru erlendis, hafi áðurgreind fasteignasala haft íbúðina til sölu, en Ragnheiður kveðst hafa undirritað kaupsamninginn til stefnanda, eftir að hún kom úr Mallorkaferðinni, og telur, að kaupsamningurinn sé rétt dagsettur. Hún kveðst ekki hafa rætt neitt við stefnanda eða hitt hann í sambandi við kaupin. Hún kveðst ekki hafa haft neina vitneskju eða hugmynd um, að raka hefði orðið vart í íbúðinni. Kveðst hún engin merki hafa séð þess í þau skipti, sem hún fór í íbúðina.

Sveinn Hallgrímsson verkstjóri, eiginmaður stefnda Ragnheiðar, hefur hér fyrir dómi hinn 17. marz 1970 skýrt svo frá, að hann hafi aðeins komið tvisvar sinnum í umrædda íbúð, að því er hann minni. Leizt honum vel á íbúðina. Kveðst hann ekki hafa merkt neinn raka eða afleiðingar raka í íbúðinni. Hann kveðst ekki hafa skoðað húsið að utan sérstaklega. Honum virtist íbúðin vera nýmáluð. Enginn var í íbúðinni, og var hún auð og

tóm. Á meðan Ragnheiður átti íbúðina, fékk hann engar upplýsingar eða vitneskju á annan hátt um, að raki hefði verið í íbúðinni. Hann kveðst hafa verið grandlaus fyrir slíku, þegar Ragnheiður seldi íbúðina. Ekki var nein sérstök ástæða fyrir því, að þau hjónin skráðu nefnda íbúð á nafn Ragnheiðar, þegar kaupin voru gerð.

Þegar vitnaleiðslur fóru fram í málinu, var því lýst yfir af hálfu lögmanns Kristjönu Lilju, að hún væri sjúklingur og hefði dvalizt um alllangt skeið og dveldist enn á hjúkrahúsi. Hún hefur því ekki gefið skýrslu í málinu.

Eiginmaður stefnda Kristjönu Lilju, Héðinn Olgeir Jónsson, hefur hér fyrir dómi hinn 17. marz 1970 skýrt svo frá, að stefndi Kristjana Lilja hafi tekið umrædda íbúð í arf skömmu fyrir árið 1960. Hafi íbúðin verið leigð út frá þeim tíma og þar til íbúðin var seld stefnda Ragnheiði. Síðasti leigjandinn flutti úr íbúðinni í janúar 1967. Þá var íbúðin lagfærð að innan og máluð, enda stóð þá til að leigja íbúðina áfram, en íbúðin var sett í sölu þá um vorið, að því er hann minnir. Kristjana Lilja fékk einnig í arf íbúðina við hliðina á íbúð stefnanda og hálfan kjallarann, en sonur hennar og stjúpsonur hans fékk á sama tíma íbúðina fyrir ofan í arf eftir afa sinn. Héðinn Olgeir kveðst hafa flutt í húsið á árinu 1956, að því er hann minnir, og bjó hann í kjallaranum fyrst. Hafði þá orðið vart við raka í íbúð þeirri, sem mál þatta fjallar um. Eftir að Kristjana Lilja eignaðist íbúðina, fór fram viðgerð á henni, m. a. voru gluggar teknir í gegn. Einnig kveðst Héðinn Olgeir hafa sjálfur sett „Liquid Envelope" á útvegg hússins á móts við útskot í íbúð stefnanda, þar sem sýnilegar sprungur voru þar á veggnum. Hann gizkar á, að hann hafi gert þetta á áriu 1964. Kveðst hann hafa álitið, að vatn hafi farið inn um þessar sprungur. Þá kveðst hann hafa málað veggina að hluta. Hann kveðst ekki hafa haft nein afskipti af sölu íbúðarinnar, þegar hún var seld stefnanda. Hann tekur fram, að bæði í nóvember 1967 og um áramótin 1967—1968 hafi hitaveitan verið mjög af skornum skammti í umræddu húsi, þannig að ekkert heitt vatn hafi á tímabili verið á miðstöðvarkerfinu. Telur hann, að stefnandi, sem hafi átt lítið barn, hafi ekki dvalizt í íbúðinni einn til tvo daga vegna þess, hversu kalt var í húsinu. Héðinn Olgeir kveðst ásamt síðari eiganda íbúðarinnar hafa kostað að hluta einangrun á skoti í stofu á íbúð stefnanda. Jafnframt kveðst hann á sama hátt hafa greitt málningu og þóknun til stefnanda fyrir að mála stofuna.

Vitnið Þórarinn Eldon Sveinsson læknir, sonur stefnda Ragnheiðar, hefur fyrir dómi hinn 9. apríl skýrt svo frá, að það hafi einu sinni komið í umrædda íbúð, og var eiginkona vitnisins og foreldrar þess með vitninu. Vitnið skoðaði íbúðina. Vitnið sá engin rakamerki í íbúðinni. Vitnið skoðaði ekki húsið að utan. Vitnið og eiginkona þess felldu sig ekki við íbúðina, sérstaklega það, að salerni var á gangi fyrir utan sjálfa íbúðina. Þá felldu þau sig ekki við umhverfið að öðru leyti. Íbúðin virtist nýmáluð, og voru engin rakamerki að greina í íbúðinni.

V.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að hann hafi heimildarbréf frá báðum stefndu, kaupbréf frá stefnda Ragnheiði og afsal frá stefnda Kristjönu Lilju. Eftir að hann tók við íbúðinni, hafi komið í ljós, að íbúðin var haldin leyndum göllum, sem hafi verið verulegir. Hvorug stefndu hafi gert honum grein fyrir göllunum við söluna. Beri þær því báðar ábyrgð gagnvart sér til fébóta vegna gallanna.

Stefndi Ragnheiður styður kröfu sína um sýknu þeim rökum, að hún hafi átt íbúðina aðeins í 48 daga. Íbúðin hafi verið nákvæmlega í sama ástandi, þegar hún keypti hana og seldi. Engin breyting eða lagfæring hafi verið á henni gerð þann stutta tíma og ekki hafi verið í henni búið. Hún og eiginmaður hennar hafi aðeins komið í fáein skipti í íbúðina og ekki öðlazt neina nýja vitneskju um ástand hennar þann skamma tíma, sem leið milli kaupa og sölu. Krafa stefnanda sé á því byggð, að leyndir gallar hafi verið á íbúðinni, er hann keypti hana. Hafi svo verið, sem Ragnheiður kveðst út af fyrir sig ekki geta dæmt um, sé augljóst, að það sé aðalatriði þessa máls, að því er hana varðar, að sömu leyndu gallar voru fyrir hendi, þegar hún keypti íbúðina rúmum mánuði áður, svo framarlega sem fullyrðingar stefnanda um leynda galla á íbúðinni eigi sér einhverja stoð. Leiði af framansögðu, að stefndi Kristjana beri ein alla ábyrgð. Telur stefndi Ragnheiður því tvímælalaust, að sýkna beri sig. Ragnheiður mótmælir sérstaklega kröfum stefnanda um, að þær stefndu verði dæmdar solidariskt, ef til þess kemur, að bótakrafa stefnanda verði að einhverju leyti viðurkennd. Í því efni bendir hún á samband það, er stofnaðist milli stefnanda og meðstefnda Kristjönu við afsal það, er hún gaf stefnanda fyrir íbúðinni. Stefndi Ragnheiður mótmælir því sérstaklega, að henni hafi verið kunnugt um leynda galla í íbúðinni, er hún var seld stefnanda, svo og því,

að hún hafi viðhaft fullyrðingar um ástand íbúðarinnar umfram það, sem séð var við venjulega skoðun. Ex tuto mótmælir stefndi Ragnheiður stefnufjárhæðinni sem allt of hárri.

Stefndi Kristjana Lilja styður kröfu sína um sýknu eftirfarandi rökum:

1. Að hér hafi eigi verið um leynda galla að ræða, þar sem stefnandi hafi vitað, að hverju hann gekk. Tekið hafi verið fram berum orðum bæði í kaupsamningi og afsali um eignarhlutann, að hann seldist í þáverandi ástandi, sem stefnandi hefði kynnt sér og sætt sig við. Stefnandi hafi undirritað þessa yfirlýsingu og sé hún því bindandi fyrir hann.

2. Eigi sé í ljós leitt, að stefndi Kristjana Lilja hafi blekkt stefnanda og eða meðstefnda Ragnheiði í sambandi við kaup eignarhlutans.

3. Hér hafi verið um mjög gamalt hús að ræða og því viðbúið, að fasteignin væri farin að ganga úr sér. Það hafi gefið stefnanda tilefni til að athuga eignarhlutann vandlega, áður en kaup voru gerð, enda verði ekki séð, að með því sé farið of strangt í sakirnar um skoðunarskyldu, þar sem sannreyna megi, að skoðunaraðstaða var góð.

4. Þá megi og benda á, að kaupverð hins selda hafi ekki verið hátt, kr. 510.000.00, og greiðslukjör mjög hagstæð. Gefi þetta vísbendingu um, að stefnandi hafi ekki getað gert miklar kröfur um gæði hins selda hluta. Það atriði gefi að sjálfsögðu upplýsingar um efni samningsins fram yfir orð hans. Þá sé eignarhlutinn á dýrri eignarlóð í grennd við miðborgina.

5. Verði hér talið um leynda galla, þá stafi þeir, að minnsta kosti að nokkru leyti, af atvikum, er varði stefnanda. Veturinn 1967—1968 hafi verið óvenjulegar frosthörkur í Reykjavík, mun meiri en mörg fyrirfarandi ár. Þegar frost voru sem mest, hafi stefnandi flutt úr íbúðinni um skeið og ekki hirt um upphitun hennar. Slík háttsemi sé ótilhlýðileg og geti stefndi Kristjana ekki borið ábyrgð á svo stórfelldu gáleysi.

6. Þá hafi meðstefndi Ragnheiður og eiginmaður Kristjönu Lilju algerlega umfram skyldu bætt stefnanda með peningum og vinnu „galla" þá, er hann telur vera á hinu selda. Hafi þetta einungis verið gert í því skyni að losna við tilslettni stefnanda, en Kristjana Lilja hafi um skeið búið í sama húsi.

7. Umrædd fasteign sé reist árið 1920 samkvæmt þágildandi byggingarsamþykkt og af viðurkenndum handverksmönnum þess tíma, þ. e. tilhlýðilega og samkvæmt þeim reglum, er þá hafi

verið í gildi. Gæði fasteignarinnar hafi verið samkvæmt þeim kröfum, er þá voru gerðar til slíkra húsa. Slíkar eignir gangi úr sér og rýrni með tímanum, þó að þeim sé tilhlýðilega við haldið. Þar sem eignin hafi verið hagnýtt sem íveruhús í tæp fimmtíu ár, þá er kaup fóru fram, hafi stefnandi ekki getað vænzt þess, að húsið væri algerlega gallalaust. Að framangreindu athuguðu telur stefndi Kristjana Lilja ljóst, að fyrrgreind fasteign sé á engan hátt lakari að gerð eða búnaði miðað við aldur hennar en stefnandi hafi almennt mátt vænta. Þar af leiði að sjálfsögðu, að stefnandi eigi engar kröfur á hendur henni eða meðstefnda Ragnheiði. Að endingu bendir stefndi Kristjana Lilja á, að hún hafi eigi atvinnu af því að selja eða reisa hús. Verði því eigi gerðar ríkari kröfur til hennar í þessu efni en almennt gerist.

Varakrafa stefnda Kristjönu Lilju er studd þeim rökum, að kröfur stefnanda séu allt of háar og auk þess sé verulegur hluti stefnukröfunnar henni óviðkomandi, þar sem um sameign sé að ræða.

VI.

Dómendur hafa farið á vettvang.

Þegar virtir eru gallar þeir, sem mál þetta fjallar um, verður að líta svo á, að stefnandi hafi ekki við venjulega skoðun getað gert sér grein fyrir þeim. Er og eigi í ljós leitt, að stefnandi hafi um gallana vitað.

Með vísan til skýrslu Héðins Olgeirs Jónssonar, eiginmanns stefnda Kristjönu Lilju, verður að ganga út frá því, að hún hafi vitað eða mátt vita um nefnda ágalla hússins. Hún gaf þó út afsal til stefnanda án þess að geta um gallana. Verður því að telja, að stefndi Kristjana Lilja beri ábyrgð á göllunum gagnvart stefnanda. Í því sambandi þykir ekki, eins og á stendur, máli skipta, þótt í afsali sé tekið fram: „Afsalshafi hefur kynnt sér ástand hins selda og sættir sig við það að öllu leyti". Sú málsvörn, að húsið hafi verið mjög gamalt og því viðbúið, að það væri farið að ganga úr sér, kemur heldur ekki að haldi, þar sem menn mega almennt treysta því, að hús séu ekki lek, þótt gömul séu. Þá er og ósannað, að söluverðið á íbúðinni til stefnanda hafi verið yfir markaðsverði. Eigi er leitt í ljós, að skemmdirnar hafi orðið fyrir tilverknað eða vangæzlu stefnanda sjálfs. Eigi þykir það heldur skipta máli, eins og á stendur um ábyrgðina, að stefndu hafa ekki atvinnu af því að selja eða reisa hús. Stefndu gerðu, svo sem fyrr er lýst, tilraun til að bæta úr göllunum. Þær tilraunir hafa ekki borið árangur.

Ekki hafa verið sett hér á landi sérstök lög um fasteignakaup. Í 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 er hins vegar að finna ákvæði þess efnis, að ef hluti, þá er kaup gerðust, skorti einhverja þá kosti, er ætla megi, að áskildir væru, geti kaupandi krafizt skaðabóta. Þessi lagaregla á við um lausafjárkaup, og verður lagaákvæðinu því ekki beitt beint um fasteignakaup. Nú er á það að líta, að þorri landsmanna, sem stofnað hefur heimili, býr í eigin húsnæði. Hefur þetta og þjóðfélagshættir að öðru leyti leitt til þess, að íbúðir og íbúðarhús skipta mjög oft um eigendur. Að svo vöxnu máli og með tilliti til öryggis í viðskiptum verður að telja, eins og háttað er umræddum göllum, að þau undirstöðurök, sem fram koma í ofangreindu lagaákvæði, eigi við í lögskiptum stefnanda og stefnda Ragnheiðar. Enda þótt ósannað sé, að stefndi Ragnheiður hafi vitað um gallana, þegar hún seldi íbúðina, verður hún samkvæmt framansögðu að bera ábyrgð á göllunum gagnvart stefnanda in solidum með stefnda Kristjönu Lilju.

VII.

Stefnandi sundurliðar tjón sitt þannig:

1. Viðgerðarkostnaður samkvæmt mati	kr. 56.000.00
2. Röskun, óþægindi og kostnaður samfara viðgerð	— 20.000.00
3. Matskostnaður	— 8.040.00
	Kr. 84.040.00

Um 1.

Stefnandi byggir kröfu sína samkvæmt þessum lið á niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna, en þeir hafa, svo sem fyrr er lýst, metið kostnað við að bæta úr göllunum samtals á kr. 56.000.00.

Stefndu mótmæla þessum kröfulið sem allt of háum, m. a. að verulegur hluti þessa áætlaða kostnaðar sé þeim óviðkomandi, þar sem um sameign sé að ræða.

Stefndu hafa ekki sett fram nein rökstudd andmæli gegn ofangreindri matsgerð, sem þykir verða að leggja til grundvallar um kostnað við að bæta úr göllunum. Gegn mótmælum stefnanda þykja stefndu ekki hafa sannað, að krafa stefnanda samkvæmt þessum lið eigi, eins og á stendur, að lækka, enda þótt hluti af viðgerðarkostnaðinum kynni að teljast til sameiginlegs viðhaldskostnaðar í skilningi laga nr. 19/1959.

Verður kröfuliður þessi því tekinn til greina óbreyttur.

Um 2.

Stefnandi heldur því fram, að fyrirsjáanlegt sé, að hann verði að flytjast úr íbúðinni, meðan nauðsynleg viðgerð á íbúðinni fari fram. Telur hann augljóst, að mikil óþægindi og röskun muni fylgja því auk verulegs kostnaðar, sem því muni verða samfara. Sé þessum kröfulið, kr. 20.000.00, því mjög í hóf stillt.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem röngum og ósönnuðum.

Ljóst er, að stefnandi muni verða fyrir óþægindum, meðan viðgerð fer fram innanhúss. Tæpast verður þó talið, að ástæða sé til að flytja úr íbúðinni á meðan. Eftir atvikum þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið með kr. 6.000.00.

Um 3.

Stefnandi sundurliðar matskostnað þannig:

1. Dómkvaðning	kr.	440.00
2. Reikningur matsmanna	—	7.600.00
	Kr.	8.040.00

Stefnanda var nauðsynlegt að fá dómkvadda matsmenn til að meta gallana. Engin sérstök andmæli hafa komið fram varðandi matskostnaðinn, sem taka ber til greina.

Niðurstaða málsins verður þá sú, að stefndu verða dæmdar in solidum til að greiða stefnanda kr. 70.040.00 (56.000.00 + 6.000.00 + 8.040.00) með vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Diðrik Helgasyni múrarameistara og Kristni N. Sigurjónssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Ragnheiður Svanlaugsdóttir og Kristjana Lilja Kristinsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Guðmundi Kristjánssyni, kr. 70.040.00 með 7% ársvöxtum frá 10. október 1967 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 25. nóvember 1971.

Nr. 21/1971. **Olíuverzlun Íslands h/f**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Pétri Jónssyni
(Bergur Bjarnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1971. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Olíuverzlun Íslands h/f, greiði stefnda, Pétri Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1970.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 10. júní 1969. Munnlegur málflutningur fór fram í því 7. desember 1970, og var málið dómtekið á þeim degi.

Stefnandi málsins er Pétur Jónsson, Mávahlíð 9, Reykjavík.

Stefndi er Olíuverzlun Íslands h/f, B. P., Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur að fjárhæð kr. 20.472.00 með 8% ársvöxtum

frá 15. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt taxta L. M. F. Í. að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum dómkröfum og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Réttargæzlustefndi er Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, Reykjavík. Á hendur réttargæzlustefnda hafa engar dómkröfur verið gerðar, og sjálfur hefur hann engar kröfur gert í málinu.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en tilraunir í þá átt hafa ekki borið árangur.

2.0.

2.1. Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

„15. janúar 1968 var stefnandi á leið austur í Þykkabæ í bifreiðinni R 19818. Með stefnanda í bifreiðinni var eigandi hennar, Ólafur Jónsson. Við afleggjara að bænum Króki þurfti stefnandi að stöðva bifreiðina R 19818, vegna þess að keðjuhlekkur hafði slitnað, og var stefnandi að lagfæra hann, þegar bifreið nálgaðist úr gagnstæðri átt. Keðjan, sem stefnandi var að lagfæra, var þeim megin á bifreið hans, sem inn á veginn sneri. Færði stefnandi sig þá fram fyrir bifreið sína til þess að vera í vari, þegar bifreið sú, er að austan kom, færi fram hjá bifreið stefnanda. Þegar sú bifreið fór fram hjá, hrökk steinn frá hjóli hennar í hægri fót stefnanda. Var þetta hnullungsstór steinn, og við höggið féll stefnandi við.

Farþeginn, Ólafur Jósson, var fyrir aftan bifreiðina R 19818, þegar bifreiðarnar mættust, og kom hann að stefnanda, þar sem hann lá við bifreiðina. Stefnandi gat ekki strax stigið á fætur vegna kvala, en þær liðu þó brátt frá, og gat hann þá farið inn í bifreiðina og ekið henni á áfangastað, en stefnandi fann þó til mikilla eymsla í fætinum. Þegar stefnandi kom á áfangastað í Þykkvabæ, gat hann ekki tillt í fótinn, og fór hann ekki út úr bifreiðinni. Var síðan fljótlega haldið aftur til Reykjavíkur, en þegar stefnandi var kominn að Lögbergi fyrir ofan Reykjavík, gat hann vart ekið lengra, en þar sem enginn annar var til að taka við stjórn bifreiðarinnar, varð hann að halda áfram til Reykjavíkur. Fór stefnandi strax á slysavarðstofuna, þar sem athugun fór fram á meiðslum stefnanda og gert var að þeim (sbr. vottorð Ólafs Ingibjörnssonar læknis).

Þegar slysið varð og bifreið sú, sem völd var að meiðslunum, ók fram hjá bifreið stefnanda, sá hann ekki númer hennar, enda

myrkur, regn og vegurinn blautur, en hún var önnur af tveim bifreiðum frá B. P., sem á þessari leið voru, og sú seinni.

Daginn eftir var svo grennslast fyrir um það, hvaða bifreiðar frá B. P. voru á þessari leið, og fékkst þá strax upplýst, að seinni bifreiðin hafi verið R 13161, ökumaður Páll Haukur Kristjónsson.

Samband var haft við ökumann R 13161 daginn eftir slysið og hann beðinn að gefa skýrslu til síns tryggingarfélags, en því brást hann og gerði það ekki fyrr en eftir dúk og disk".

Stefnandi hefur gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 26. febrúar 1968 og hér fyrir dómi 19. janúar 1970.

Hann hefur nánar skýrt svo frá, að slysið hafi skeð um kl. 1855 þann 15. janúar 1968. Komið hafi verið myrkur og rigning og hálka á veginum. Vegurinn hafi verið þannig, að sums staðar hafi verið ískaflar, en autt á milli. Þar sem þeir hafi stöðvað bifreiðina, hafi vegurinn verið auður og malarborinn. Mikill aur hafi verið á veginum og hafi sletzt á ljósker bifreiðarinnar. Kvaðst stefnandi einmitt hafa verið að þurrka af ljóskerunum.

Stefnandi kvaðst hafa skoðað stein þann, sem hrökk í fót hans. Steinninn muni hafa verið sporöskjulagaður og ca. ½ kg. að þyngd. Ekki kvaðst stefnandi hafa athugað að varðveita steininn.

Stefnandi kvaðst hafa séð greinilega, að bifreiðin, sem steinninn hafði kastazt frá, hafi verið tankbifreið, merkt B. P. Hafi hún verið hvít og grænmáluð. Olíuflutningabifreiðarnar hafi verið tvær og hafi steinninn komið frá þeirri síðari.

Stefnandi staðhæfði, að þeir Ólafur Jónsson hefðu ekki orðið varir við aðrar bifreiðar á þessum tíma, og kvaðst hann þess fullkomlega viss, að steinninn hefði komið frá þessari bifreið og engri annarri.

Stefnandi kvaðst hafa verið í uppháum leðurstígvélum, fóðruðum, umrætt sinn. Er hann hafi komið á slysavarðstofuna, hafi greinilega sést blettur á stígvélinu eftir steininn. Stefnandi kvaðst enn hafa ör á fætinum eftir áverkann og sýndi það í dóminum. Stefnandi víkur að því, að ástæðan til þess, að svo lengi hafi dregizt að tala við ökumann olíubifreiðarinnar, hafi verið sú, að hann hafi ekki náð til hans í skrifstofu B. P. í Laugarnesi. Hann kvaðst strax daginn eftir slysið hafa náð sambandi við skrifstofuna og beðið um skilaboð til ökumanns olíuflutningabifreiðarinnar um að fara til tryggingarfélags síns og gefa skýrslu. Um það bil ½ mánuði seinna kvaðst stefnandi sjálfur hafa hitt ökumanninn á skrifstofu B. P. í Laugarnesi. Hafi hann þá ekki verið búinn að gefa skýrslu. Eftir nokkurt þref hafi þeir báðir

farið hvor á sinni bifreið á skrifstofu Sjóvátryggingarfélags Íslands og gefið þar skýrslu.

Vitnið Ólafur Jónsson var vinnuveitandi stefnanda á þeim tíma, er slysið varð. Hann kveðst hafa verið farþegi í bifreiðinni R 19818. Stefnandi hafi ekið henni og hafi þeir verið á leiðinni austur. Er þeir hafi verið rétt ókomnir að afleggjaranum að bænum Króki um kl. 1900, hafi hlekkur slitnað í keðju bifreiðarinnar. Hafi stefnandi stöðvað bifreiðina á vegarkafla, þar sem voru ávalir hnullungssteinar, til að lagfæra keðjuna.

Stefnandi hafi farið fram fyrir bifreiðina í áðurgreindum tilgangi, en vitnið sjálft kvaðst samtímis hafa farið út úr bifreiðinni og aftur fyrir hana. Á móti þeim í gagnstæða átt hafi þá komið tvær olíuflutningabifreiðar frá B. P. og ekið fram hjá bifreið þeirra, þar sem hún var kyrrstæð. Kvaðst vitnið einskis hafa orðið vart, er bifreiðarnar óku fram hjá, en vitnið kveður aðeins stuttan tíma hafa liðið, þar til það hafi farið fram með bifreiðinni og fundið stefnanda liggjandi á vegarkantinum, slasaðan. Stefnandi hafi strax tjáð sér, að steinn hefði hrokkið frá aftari bifreiðinni í hægri fót sinn og að hann hefði fallið við höggið.

Vitnið kvaðst hafa séð, að þær olíuflutningabifreiðar, sem fram hjá fóru, hafi báðar verið merktar B. P., en ekki kvaðst vitnið hafa séð skrásetningarnúmer þeirra.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð slysaatvikið sjálft. Það kvaðst ekki hafa veitt athygli neinum bifreiðum, sem fram hjá hafi farið á þessu tímabili, utan áðurgreindra tveggja bifreiða og taldi mjög ósennilegt, að það hafi farið fram hjá sér, ef um fleiri bifreiðar hefði verið að ræða. Vitnið kvað stefnanda hafa kennt mikils sársauka, en fljótlega muni þó hafa dregið úr honum. Að loknu erindi þeirra félaga þar eystra hafi þeir haldið fljótlega til borgarinnar. Hafi stefnandi þá farið að finna til meiri sársauka á ný, en harkað af sér, náð til Reykjavíkur og haldið strax á slysavarðstofuna.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Ólafs Ingibjörnssonar læknis, dags. 20. desember 1968, og hljóðar það svo:

„Ofannefndur kom á Slysavarðstofuna í Reykjavík hinn 16. 1. '68, kl. 00.05. Hafði hann þá orðið fyrir slysi á hægri ökla.

Þetta slys kvað hann hafa orðið með þeim hætti, að steinn hefði skotizt undan bílhjóli og lent innanvert á hægri ökla Péturs.

Við skoðun fannst mikil bólga, mar og eymsli yfir hægri ökla innanvert. Röntgenmynd, sem tekin var af hægri öklanum, var

grunsamleg um sprungu í beininu undir. Þessvegna voru settar á Pétur þrýstingsumbúðir á hægri fót og ökla og gipsspelka þar utanyfir.

Morguninn eftir var áverkinn svo endurskoðaður. Voru enn mjög mikil eymsli innanvert á hægri ökla. Bólgan hafði hjaðnað að nokkru undan þrýstingsumbúðunum. Nýjar röntgenmyndir voru teknar með tilliti til brots á beini, sem grunsamlegt hafði þótt nóttina áður, en þessar endurteknu myndir sýndu, að ekki var um neitt brot að ræða. Var Pétur nú settur í teygjuplástursumbúðir og sagt að koma aftur til eftirlits eftir 4—5 daga.

Hinn 21. 1. '68 kom hann til eftirlits, og voru ennþá talsverð mikil eymsli yfir innanverðum hægri ökla sem fyrr. Voru teygjuplástursumbúðirnar því settar á aftur og endurnýjaðar.

Pétur kveðst hafa verið óvinnufær vegna þessa áverka í einn mánuð, og getur það vel komið heim við magn og tegund þessa áverka, sem að ofan er lýst".

Vitnið Páll Haukur Kristjónsson bifreiðarstjóri gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 26. febrúar 1968 og hér fyrir dómi 27. október 1970.

Hann kvað það vera rétt, að hann hafi verið á umræddri leið fyrri part dags hinn 15. janúar 1968. Nánari tímasetningu mundi vitnið ekki, en kvað unnt að reikna hana út á vinnukorti sínu.

Hann sagðist hafa verið ökumaður bifreiðarinnar R 13161, sem sé olíuflutningabifreið frá B. P., og hafi hann verið að koma frá Hellu. Hafi þeir verið tveir á þessari leið, og kvaðst vitnið hafa ekið á eftir. Um þetta leyti hafi verið myrkur, en allsæmilegt skyggni. Vitnið kvaðst hafa farið fram hjá afleggjaranum að Króki, en mundi ekkert eftir því að hafa séð bifreið, sem maður hafi átt að standa við og slasast umrætt sinn.

Daginn eftir kvaðst vitnið hafa frétt það á skotspónum, að óhapp hefði komið fyrir af völdum bifreiðar sinnar, en vitnið sagðist ekki hafa tekið þessa sögn alvarlega. Skömmu síðar sagðist vitnið hafa fengið þau skilaboð, að maður sá, sem slasazt hefði, mundi hafa samband við sig, en það hafi dregizt og hafi hann ekki talað við sig fyrr en 24. febrúar 1968. Hann hafi þá beðið sig um að gefa skýrslu um óhappið til tryggingarfélagsins, og kveðst vitnið hafa gert það 26. s. m.

Vitnið sagði, að það tæki um 2—2½ tíma að aka til Reykjavíkur frá Hellu, en bærinn Krókur í Holtum sé um 15 km vestar en Hella. Sagði vitnið, að þetta væri miðað við beztu aksturs-

skilyrði og að þeir bifreiðarstjórarnir hafi ekki farið í mat á leiðinni. Sé það gert, þá snæði þeir á Selfossi og taki það minnst ½ tíma.

Vitnið Gísli Georg Þorsteinsson gaf skýrslu hér fyrir dómi 27. október 1970. Hann kvaðst ekkert muna um atburði þá, sem hér um ræðir. Hann sagði, að ca. 75 km fjarlægð væri frá bænum Króki í Holtum til Reykjavíkur. Miðað við góð aksturskilyrði taki ca. 1 klukkustund og 15 mínútur að aka þaðan í bæinn og sé þá haldið vel áfram. Miðað við þann tíma, sem skjöl málsins greina frá, að óhappið hafi skeð, sagði vitnið sennilegt, að þeir bifreiðarstjórarnir hafi borðað á Selfossi á leiðinni suður, enda þótt vitnið vildi ekkert um það fullyrða.

Vitnið upplýsti, að það hafi litið í dagskýrslu sína varðandi daginn 15. janúar 1968. Í dagskýrslu þessari komi fram, að vitnið hafi farið þá um morguninn á olíuflutningabifreið að Stokkseyri og síðan á Hellu. Fannst vitninu sennilegt, að það hafi verið statt í Holtum um sjöleytið það kvöld á leiðinni suður.

Í málinu hafa verið lögð fram vottorð stöðvarstjóra Olíuverzlunar Íslands h/f. Hið fyrra er dags. 3. apríl 1968 og hljóðar svo: „Vegna fyrirspurnar um R 13161, bifreiðarstjóri Páll Kristjónsson, og R 13170, bifr.stj. Gísli Þorkelsson, þá munu þeir hafa komið frá Hellu í stöð voru í Laugarnes kl. 8.30 þann 15/1 1968".

Síðara vottorðið er dags. 21. janúar 1968 og hljóðar svo: „Ég undirritaður get hérmeð vottað, að f. h. þ. 16. janúar 1968 komu til mín tveir menn, sendir af Pétri Jónssyni, Mávahlíð 9, Reykjavík, og tjáðu mér, að Pétur teldi sig hafa orðið fyrir steinkasti frá bifreið félagsins, er var að koma austan úr sveitum daginn áður.

Þeir höfðu eftir Pétri, að framhjá sér hefðu ekið tvær bifreiðar merktar B. P. og að það hefði verið bifreiðin, sem á eftir var, sem hér átti hlut að máli.

Þar sem ökumenn þessara bifreiða voru ekki á staðnum, þá lofaði ég að hafa samband við þá við fyrsta tækifæri, sem ég og gerði".

Loks hafa verið lögð fram í málinu vinnukort beggja bifreiðarstjóranna. Af vinnukorti Páls Hauks Kristjónssonar má ráða, að hann hafi verið stimplaður inn þann 15. janúar 1968 kl. 0753, en út kl. 2058. Þann dag eru honum reiknaðar 8 stundir í dagvinnu, 2¼ í yfirvinnu og 3½ í næturvinnu.

Af vinnukorti Gísla Þorkelssonar má ráða, að hann hafi verið stimplaður inn kl. 0753, en út kl. 2102 á sama degi. Honum er

reiknaður sami tímafjöldi fyrir vinnudag þennan og Páli Hauki Kristjónssyni.

3.0.

3.1. Stefnandi styður kröfur sínar við 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968 og 69. gr. sömu laga. Hann telur, að slysið hafi hlotizt af bifreiðinni R 13161, sem sé eign stefnda, notuð á hans vegum og stjórnað af starfsmanni hans.

Stefnandi gerir samkvæmt tilvitnuðum lagagreinum kröfu á hendur stefnda um hlutlæga fébótaábyrgð á tjóni, sem hafi hlotizt af slysi því, sem hér um ræðir.

Stefnandi hefur sundurliðað bótakröfu sína þannig:

a. Atvinnutjón	kr. 20.000.00
÷ dagpeningar, greiddir af Tryggingastofnun ríkisins	— 5.028.00
	Kr. 14.972.00
b. Miskabætur	— 5.000.00
	Kr. 19.972.00
c. Útlagður kostnaður	— 500.00
	Samtals kr. 20.472.00

Varðandi lið a heldur stefnandi því fram, að atvinnutekjur hans hafi verið kr. 20.000.00 á mánuði, þegar slysið var. Stefnandi hafi verið frá vinnu í einn mánuð eftir slysið. Sé eðlilegt, að stefndi sé krafinn um kr. 20.000.00, þ. e. mánaðarlaun stefnanda, þó að frádregnum dagpeningum frá Tryggingastofnun ríkisins að fjárhæð kr. 5.028.00, og verði því fjárhæð þessa liðar kr. 14.972.00. Af hálfu stefnanda er tekið fram, að þar sem hann hafi að mestu unnið utanbæjar og vinnutími hans verið mjög óreglulegur, hafi hann haft raunverulega meira í laun en kr. 20.000.00.

Lið b segir stefnandi áætlaðan og lagt á vald dómsins að meta bætur samkvæmt honum.

Liður c sé útlagður kostnaður vegna áverkavottorðs.

3.2. Sýknukrafa stefnda er á því reist, að með öllu sé ósannað, að orsakir óhapps stefnanda verði raktar til aksturs bifreiðarinnar R 13161 eftir þjóðveginum við bæinn Krók (austan Þjórsár) í Rangárvallasýslu þann 15. janúar 1968. Stefnandi hafi sjálfur

sönnunarbyrðina fyrir því, að orsakasamband sé milli tjóns hans og einhverra þeirra atvika, sem stefndi beri ábyrgð á. Því er sérstaklega mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að steinn hafi hrokkið undan hjólum bifreiðarinnar R 13161 í fótlegg stefnanda umrætt sinn, enda sé stefnandi einn til frásagnar um það atriði. Á það er bent, að vitnið Ólafur Jónsson hafi staðið fyrir aftan bifreiðina, þegar óhappið hafi viljað til, og einskis orðið var, þegar bifreiðarnar hafi ekið fram hjá. Bifreiðarstjórarnir á bifreiðum stefnda hafi heldur ekki einu sinni orðið varir við bifreið stefnanda á leið sinni, hvorki á þeim stað, sem talinn sé slysstaður, né annars staðar.

Áverkavottorð Ólafs Ingibjörnssonar læknis um meiðsli stefnanda beri heldur ekki með sér, að meiðsli stefnanda hafi getað stafað af steinkasti, og taki læknirinn enga afstöðu til þess atriðis.

Umboðsmaður stefnda hefur vikið að því, að ýmsar aðrar orsakir geti legið til meiðsla stefnanda en þær, sem stefnandi sjálfur haldi fram. Stefndi hefur og m. a. bent á, að stefnandi hafi ekki hirt um að veita bifreiðum stefnda eftirför og hafa tal af ökumönnum þá strax eftir slysið, kalla á lögreglu á vettvang, varðveita steininn eða láta fara fram rannsókn á því, hvort umrætt steinkast hefði getað leitt til slyssins.

Kröfuliðum a og b, sbr. 3.1., er báðum mótmælt sem of háum. Kröfuliður c hefur ekki sætt mótmælum tölulega. Loks er vaxtakröfu mótmælt sem of hárri.

4.0.

4.1. Með skýrslu stefnanda um slysaatvikið sjálft, sjúkraskýrslu Ólafs Ingibjörnssonar læknis og vitnaskýrslu Ólafs Jónssonar, sem var nálægur, sá hinar umræddu bifreiðar fara fram hjá og kom að stefnanda strax eftir slysið, hafa verið færðar sterkar líkur af þeirri fullyrðingu stefnanda, að hann hafi orðið fyrir steinkasti af völdum olíuflutningabifreiðarinnar R 13161 og hlotið við það áverka á hægri ökla. Líkur þessar styrkjast, þegar litið er til þeirra upplýsinga, sem fram eru komnar í málinu um ferð olíuflutningabifreiðanna fram hjá slysstað síðla dags þann 15. janúar 1968, sbr. 2.1.

Þegar framangreint er virt og enn fremur haft í huga, að önnur gögn málsins þykja fremur styrkja frásögn stefnanda, má fallast á, að nægjanlega sé sönnuð staðhæfing stefnanda um atvik að slysinu og afleiðingum þess.

Stefndi var skrásettur eigandi olíuflutningabifreiðarinnar R 13161. Telja verður því, að hann beri hlutlæga ábyrgð á umræddu slysi samkvæmt 1. mgr. 67. gr. laga nr. 26/1958, sbr. 69. gr. sömu laga.

4.2. Eins og rakið er í 3.1., kveðst stefnandi hafa verið frá vinnu í einn mánuð vegna slyssins. Hann miðar kröfu sína um atvinnutjón við kaup í þann tíma, þ. e. kr. 20.000.00 á mánuði, að frádregnum dagpeningum, greiddum af Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð kr. 5.028.00. Á þessum tíma kveðst stefnandi auk þess hafa fengið kaupgreiðslu frá vinnuveitanda að fjárhæð kr. 1.000.00. Þessum upplýsingum hefur ekki verið mótmælt. Þykja bætur, með tilliti til framanritaðs, samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 13.972.00.

Kröfu stefnanda um miskabætur að fjárhæð kr. 5.000.00 þykir í hóf stillt. Við mat á þessu er haft í huga framangreint áverkavottorð um meiðsl stefnanda og sjúkrasögu svo og frásögn stefnanda sjálfs um þetta atriði.

Kröfulið um útlagðan kostnað að fjárhæð kr. 500.00 hefur ekki verið mótmælt. Ber því að leggja fjárhæð þessa til grundvallar.

Samkvæmt framanrituðu verður stefndi alls dæmdur til að greiða kr. 19.472.00 ásamt vöxtum, sem ákveðast 7% á ári frá 15. janúar 1968 til greiðsludags. Dæma ber stefnda til að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.500.00.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Olíuverzlun Íslands h/f, greiði stefnanda, Pétri Jónssyni, kr. 19.472.00 með 7% ársvöxtum frá 15. janúar 1968 til greiðsludags og kr. 5.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. desember 1971.

Nr. 66/1971. **Marinó Jónsson**
gegn
Verzlunarbanka Íslands h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Marinó Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. desember 1971.

Nr. 162/1971. **Benedikt Guðbjartsson**
gegn
Íbúðasölunni s/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Benedikt Guðbjartsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. desember 1971.

Nr. 179/1971. **Magdalena Guðmundsson**
gegn
Sigurbirni Eiríkssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Magdalena Guðmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 2. desember 1971.

Nr. 62/1970. **Central h/f**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Birni Péturssyni
(Agnar Gústafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Eignaumsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. marz 1970. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda í aðalsök í héraði og að stefnda verði dæmt að greiða honum í gagnsök í héraði kr. 25.311.00 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1960 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að hann gerir eigi kröfu um staðfestingu kyrrsetningargerðar þeirrar, er í héraðsdómi

greinir. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 13. febrúar 1969 löggilti dómsmálaráðherra Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmann til að vera skilanefndarmaður fyrir Central h/f, en þá hafði verið ákveðið að slíta félaginu.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti sundurliðaði áfrýjandi kröfur sínar í gagnsök í héraði þannig, að af þeim væru kr. 13.311.00 vegna fjár, er stefndi hefði innheimt fyrir áfrýjanda, er frá hefðu verið dregnar greiðslur, er stefndi hefði innt af hendi að beiðni fyrirsvarsmanns áfrýjanda, en kr. 12.000.00 væru vegna eftirgjafar stefnda á tveggja mánaða leigu fyrir Vitabar.

Sigríður Magnúsdóttir kom ein fram af hendi áfrýjanda, er honum var falin innheimta leigugjalds eftir veitingastofuna Vitabar. Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, er ósannað, að stefnda hafi verið kunnugt um dvalarstað hennar, er leigutakar höfðu uppi kröfugerð vegna vanefnda áfrýjanda á leigumálanum. Viðurkennt er, að ekki hafi verið til að dreifa öðrum fyrirsvarsmönnum áfrýjanda, er stefndi hafi getað leitað til vegna þeirrar kröfugerðar. Haft var samráð við heilbrigðisyfirvöld um lagfæringar á veitingastofunni, og eru ekki líkur að því leiddar, að þær hafi verið óeðlilegar, eins og á stóð. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að undanskildu ákvæði um staðfestingu kyrrsetningargerðar, en aðiljar hafa lýst því yfir, að kyrrsetningin hafi verið felld niður með samkomulagi þeirra.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 28. maí 1963. Hinn 4. maí 1965 lýstu aðiljar gagnasöfnun í því lokið. Ekki sést, að síðan hafi neitt verið gert í málinu, unz Hrafn Bragason fulltrúi, er fékk það til meðferðar í október 1968, tók það fyrir í þinghaldi hinn 12. desember s. á. Var að því búnu hafin gagnaöflun á ný að ábendingu dómarans. Ber að átelja þann óhóflega drátt, sem orðið hefur á meðferð málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, er tekur til ákvæðis hans um staðfestingu kyrrsetningargerðar.

Áfrýjandi, Central h/f, greiði stefnda, Birni Péturssyni, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. febrúar 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. febrúar s.l., hefur Björn Pétursson, Lindarbraut 4, Seltjarnarnesi, höfðað á hendur fyrirtækinu Central h/f, Reykjavík, með stefnu, birtri þann 24. maí 1963. Kröfur stefnanda í stefnu eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 38.917.66 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og málskostnað, þar með talinn löghaldskostnað, að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í. Þá krafðist hann jafnframt staðfestingar á löghaldi, sem fram fór þann 17. maí 1963 í tveggja herbergja risíbúð í austurenda hússins nr. 81 við Laugaveg. Stefnandi breytti við munnlegan málflutning þessum dómkröfum þannig, að hann lækkaði höfuðstól kröfunnar í kr. 38.617.66, en að öðru leyti voru kröfurnar óbreyttar.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi. Stefndi hefur með stefnu, dagsettri 15. október 1963, höfðað gagnsök á hendur stefnanda til greiðslu á kr. 25.311.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 31. desember 1960 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Aðalstefnandi hefur í gagnsök krafizt sýknu af öllum kröfum aðalstefnda og svo málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Sáttaumleitanir reyndust árangurslausar.

Málavextir eru þeir, að stefndi rak veitingastofuna Vitabar um árabil. Hafði veitingastofan verið rekin samkvæmt veitingaleyfi, dags. 11. nóvember 1952, til handa Ásgeiri Einarssyni, Bergþórugötu 21, Reykjavík. Höfðu hann og kona hans, Sigríður Magnúsdóttir, verið aðaleigendur hins stefnda hlutafélags. Við skilnað þeirra hjóna vorið 1960 hélt Sigríður áfram rekstri veitingastofunnar, en á veitingaleyfi Ásgeirs sem fyrr og í nafni hlutafélagsins.

Haustið 1960 fékk Sigríður aðalstefnanda til að leigja fyrirtækið. Með leigusamningi, dagsettum 12. nóvember 1960, leigði

hann fyrirtækið Jóni Bjarnasyni og Þórlaugu Gunnlaugsdóttur, og ritar Sigríður undir samninginn f. h. Central h/f ásamt leigutökum. Í leigusamningnum segir m. a. á þessa leið:

„1. Leigusali lofar að leigja og leigutakar að taka á leigu veitingastofuna Vitabar ásamt húsnæði því, sem veitingastofan er í og notað er tilheyrandi rekstri veitingastofunnar, svo og öll tæki, innréttingar og húsgögn, sem í veitingastofunni eru og tilheyra rekstri veitingastofunnar. Hið leigða húsnæði er nánar tiltekið veitingastofa, eldhús, snyrtiherb. og búr og eitt herbergi, allt á I. hæð hússins, og 2 geymslur í kjallara. Um áhöld, tæki, borð og stóla og annað, sem tilheyrir og fylgir með í leigunni, vísast til meðfylgjandi lista, sem undirritaður er af samningsaðiljum.

2. Leigan hefst hinn 15. nóvember 1960 og lýkur án uppsagnar hinn 15. nóvember 1962, og hafa leigutakar forleigurétt að hinu leigða.

3. Leigutakar greiða hita að ⅔ hlutum á móti öðrum íbúendum hússins og rafmagn eftir sérmæli fyrir hið leigða húsnæði.

4. Viðhald tækja og húsbúnaðar svo og viðhald á hinu leigða húsnæði svo og málning og viðgerðir á dúkum kosta leigutakar.

5. Umsamin mánaðarleiga fyrir hið leigða er kr. 6.000,00 — sex þúsund krónur — og greiðist hún mánaðarlega fyrirfram hinn 1. hvers mánaðar.

6. Leigutakar greiða alla skatta og skyldur af rekstri veitingastofunnar fyrir leigutímabilið, þar með talin vátryggingariðgjöld, en leigutökum er skylt að hafa innbú og tæki brunatryggt fyrir minnst kr. 250.000.00 og rúður í gluggum og gler í borðum nægilega hátt brotatryggt.

7. Leigusali lofar, að veitingastofan megi starfa áfram til 1. apríl n. k. á veitingaleyfi því, sem leigusali hefur fyrir rekstrinum.

8. Við afhendingu hins leigða húsnæðis, tækja og áhalda hafa leigutakar sérstaklega kynnt sér ástand alls þessa og ekkert haft við það að athuga. Aðiljar koma sér saman um að láta sérfróðan mann kynna sér ástand áhalda með það fyrir augum, að þau verði aftur skoðuð við afhendingu að leigutímanum afloknum og þá skilað í svipuðu ástandi, nema hvað eðlilegt getur talizt".

Í samræmi við samninginn tóku leigutakar við rekstri stofunnar þann 15. nóvember 1960, en sama dag var henni lokað af

starfsmönnum heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Sigríði Erlingsdóttur og Þórhalli Halldórssyni. Í bókun þeirra, sem dagsett er þennan dag, segir orðrétt: „Farið í eftirlit vegna samþykktar heilbrigðisnefndar frá 21. okt. s.l. varðandi bréf, dagsett 7. sept. Með í förinni var lögregluþjónn frá lögreglustjóra. Þar sem endurbætur höfðu ekki farið fram, var staðnum lokað. Feðgin tvö voru á staðnum, og sögðust þau hafa tekið stofuna á leigu í dag og hefði lögfræðingur veitingamanna sagt, að engar kvaðir lægju á stofunni".

Bréf, dagsett 22. október 1960, til Ásgeirs Einarssonar liggur einnig frammi í málinu. Þar segir: „Á fundi heilbrigðisnefndar hinn 21. þ. m. var gerð svohljóðandi samþykkt: Lagt fyrir eiganda veitingastofunnar Vitabar, Bergþórugötu 21, að framkvæma fyrirmæli í bréfi borgarlæknis, dags. 7. sept. s.l., fyrir 15. nóv. n. k., að viðlagðri lokun. Þetta tilkynnist yður hér með".

Nefnt bréf frá 7. september 1960 liggur einnig frammi í eftirriti. Þar segir: „Herra Ásgeir Einarsson, Vitabar, Bergþórugötu 21, Reykjavík. Við eftirlit, sem fram hefur farið á vegum heilbrigðiseftirlitsins að undanförnu í veitingastofu yðar og nú síðast í gær, kom í ljós, að nauðsynlegt er að framkvæmdar verði eftirfarandi umbætur:

1. Að umgengni og dagleg ræsting verði bætt í afgreiðslu, eldhúsi og geymslu, m. a. séð um, að úrgangur eða dót verði ekki látið safnast fyrir í geymslu, og ennfremur, að skápum í eldhúsi verði jafnan haldið vel hreinum og fjarlægðir úr þeim hlutir, sem til óþrifnaðar eru.

2. Að uppþvottaskilyrði veitingastofunnar verði bætt. Í því skyni verði komið fyrir nýrri uppþvottavél eða þríhólfa uppþvottavaski til uppþvotta á borðbúnaði. Þá verði einnig komið fyrir vaski til þvotta og hreinsunar á matvörum.

3. Að húsnæðið í heild verði standsett, eftir því sem þörf krefur, og þannig gengið frá veggjum og loftum, að þau séu slétt, sprungulaus og auðvelt að halda hreinum.

Það er því hér með lagt fyrir yður að sjá um, að umbætur, sbr. 1. lið hér að ofan, verði framkvæmdar nú þegar, en aðrar endurbætur verði framkvæmdar fyrir 1. okt. n. k.".

Undir þetta ritar Þórhallur Halldórsson.

Þegar leigutakar urðu þess áskynja, að veitingastofunni var lokað af heilbrigðiseftirlitinu, höfðu þeir samband við aðalstefnanda. Hittist þá þannig á, að Sigríður Magnúsdóttir, fram-

kvæmdastjóri aðalstefnda, var þar stödd. Stuttu síðar kom Sigríður í veitingastofuna og opnaði hana.

Þann 17. nóvember 1960 skrifar Sigríður Magnúsdóttir yfirlýsingu, sem liggur frammi í endurriti. Þar segir: „Eg undirrituð lýsi því hér með yfir í sambandi við leigu á Veitingastofunni Vitabar, að vegna framkominnar kröfu heilbrigðiseftirlitsins læt eg setja í eldhúsið þrefaldan eldhúsvask, og verður þá uppþvottavélin, sem nú er í eldhúsi, fjarlægð".

Jafnframt liggur fyrir í málinu yfirlýsing frá Ofnasmiðjunni, Einholti 10, Reykjavík, að þann 18. nóvember 1960 hafi verið pantað hjá fyrirtækinu vaskaborð með þremur skálum fyrir Vitabar, Reykjavík.

Í bókun frá heilbrigðiseftirlitinu, dagsettri 17. nóvember 1960, segir, að við eftirgrennslan þann dag hafi komið í ljós, að stofan var opin kl. 1030, en þá ekki vitað, hvort veitingar færu fram. Þann 22. nóvember 1960 er enn bókað um veitingastofuna í bókum heilbrigðiseftirlitsins: „Veitingastofan var opin, þegar komið var á staðinn, og gefur forstöðukonan þær upplýsingar, að hún hafi verið opin síðan á laugardag, hafði fyrrverandi forstöðukona látið opna stofuna, eftir að hún hafði afhent teikningu af uppþvottavaski á skrifstofu borgarlæknis, með þeim ummælum, að það væri allt í lagi að opna. Ekki vissi lögreglan um opnunina". Það eru sömu starfsmenn, sem framkvæma eftirlitið bæði 15. og 22. nóvember.

Þann 19. eða 20. nóvember 1960 fer framkvæmdastjóri aðalstefnda, Sigríður Magnúsdóttir, síðan til Bandaríkjanna. Áður en hún fór, hafði hún gefið aðalstefnanda máls þessa svofellda yfirlýsingu:

„Eg undirrituð ráðstafa því, sem þér innheimtið fyrir mig vegna leigusamnings fyrir Veitingastofuna Vitabar, og víxla, sem þér hafið tekið til innheimtu, þannig:

Greiða til Elliheimilisins Grundar v/Sigrúnar Þorsteinsdóttur, fæddrar 29/6 1871, allan kostnað af dvöl hennar á Elliheimilinu og hvað annað, sem kynni að þurfa að greiða hennar vegna.

Afgangurinn leggist inn á ávísanabók mína nr. 7731 í Landsbanka Íslands".

Yfirlýsing þessi er dagsett 15. nóvember 1960.

Einnig liggur frammi yfirlýsing frá aðalstefnanda til Sigríðar M. Magnúsdóttur, dagsett sama dag. Hún hljóðar svo:

„Eg undirritaður hefi veitt móttöku frá yður og tekið að mér að innheimta greiðslu af leigusamningi fyrir Veitingastofuna Vita-

bar skv. samningi við leigutaka, dags. 12. nóv. 1960. Ennfremur hefi eg tekið að mér innheimtu á 18 víxlum, hverjum að upphæð kr. 4.000,00, samþ. af Þórlaugu Gunnlaugsdóttur og útg. af Jóni Bjarnasyni".

Af orsökum, sem umdeilt er, hverjir voru, sóttu Ásgeir Einarsson, fyrrverandi leyfishafi, og Þórlaug Gunnlaugsdóttir saman um leyfi til að starfrækja veitingastofuna að Bergþórugötu 21 til heilbrigðisnefndar. Með bréfi 13. desember 1960 er þeim tilkynnt, að á fundi heilbrigðisnefndar þann 6. desember 1960 hafi verið lögð fram umsókn þeirra um leyfi til að starfrækja veitingastofu að Bergþórugötu 21 samkvæmt meðfylgjandi teikningu. Segir í bréfinu, að nefndin samþykki að veita leyfið með skilyrðum, sem borgarlæknir setur. Skilyrðin eru síðan talin upp, og eru þau þessi:

„1. Að ekki verði aðrar neyzluvörur á boðstólum í veitingastofunni en þær, sem nefndar eru í umsókn yðar.

2. Að skilyrði til uppþvotta og hreinsunar á matvörum verði bætt á viðunandi hátt.

3. Að eldhús og geymslur verði standsettar eftir því sem þörf krefur.

4. Að starfsfólki verði séð fyrir viðunandi fatageymslu.

5. Að snyrtiherbergi starfsfólks verði standsett og herberginu séð fyrir loftræstingu.

6. Að ofangreindum endurbótum verði lokið fyrir 1. jan. n. k. á þann hátt, að viðeigandi sé að dómi heilbrigðiseftirlitsins".

Á ljósriti af bréfinu, sem frammi liggur í málinu, kemur fram, að Þórlaug Gunnlaugsdóttir hafi móttekið bréf samhljóða þessu þann 20. desember 1960.

Frammi liggur í málinu bréf eða endurrit bréfs frá Þórlaugu Gunnlaugsdóttur og Jóni Bjarnasyni. Bréfið er dagsett 15. desember 1960 og er til aðalstefnanda. Í bréfi þessu segir orðrétt:

„Við undirrituð tókum á leigu í gegnum yður Vitabar, Bergþórugötu 21, og er eigandi Sigríður Magnúsdóttir, sem nú dvelur erlendis. Leyfum við okkur að skrifa yður sem umboðsmanni leigusala í fjarveru hennar.

Veitingastofa þessi átti að vera í fullum gangi og fullnægja ákveðnum skilyrðum, og tókum við hana á leigu vegna fullyrðingar leigusalans um það efni, enda voru þessi skilyrði alger forsenda af okkar hálfu fyrir því að taka veitingastofu þessa á leigu.

En þann 15. nóvember tókum við við veitingastofunni, en sama

daginn var henni lokað um stundarsakir að boði borgarlæknis, og kom í ljós, að kæra hafði lengi legið fyrir, jafnframt því sem hótað hefði verið lokun þennan ákveðna dag. Síðar var veitingastofunni lokað aftur, og einnig hefur verið bönnuð starfsemi, sem ætlunin var að hafa, t. d. matargerð.

Af þessum sökum höfum við orðið fyrir miklu tjóni, sem við þó ekki getum metið til fullnustu að svo stöddu, þar sem ennþá hefur ekki verið bætt úr þeim göllum, sem á veitingastofunni eru, og borgarlæknir heimtar, að lagfærðir séu.

Við teljum, að leigusali hafi blekkt okkur í þessum viðskiptum, og áskiljum við okkur fyllsta rétt í því sambandi, þ. á m. rétt til riftingar á leigumálunum og endurkröfu á greiddri leigu og rétt til skaðabóta. Jafnframt viljum við benda yður á, að vel gæti komið til þess, að umbjóðandi yðar yrði látinn svara til saka á öðrum vettvangi vegna vísvitandi blekkinga í viðskiptum.

Í sambandi við þetta tilkynnum við yður, að við teljum okkur ekki bera skyldu til þess að greiða að svo stöddu leigu þá, kr. 6.000,00, sem fellur í gjalddaga í dag, skv. samningi, en teljum okkur heimilt að halda þeirri greiðslu eftir upp í væntanlega skaðabótakröfu".

Ekki varð af því, að veitingastofunni yrði lokað af heilbrigðiseftirlitinu. Einhverjar viðræður munu hafa átt sér stað á milli aðalstefnanda og leigutakanna og heilbrigðiseftirlitsins um mál þessi. Þessar viðræður leiddu til þess, að í desember 1960 er samkvæmt reikningi frá Gunnari Theodórssyni, dskj. nr. 27 í málinu, teiknuð breyting á eldhúsi veitingastofunnar. Síðari hluta þess mánaðar er veitingastofunni síðan lokað, og fer breyting á henni fram eftir þessari teikningu. Þórólfur Jónsson byggingameistari hafði yfirumsjón með breytingum þessum, og eru lagðir fram reikningar frá honum, sem ná yfir tímabilið frá síðari hluta desember 1960 til 1. marz 1961. Þórhallur Halldórsson, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík, og aðalstefnandi máls þessa munu hafa verið Þórólfi til ráðuneytis um breytingarnar.

Þann 28. desember 1960 gerðu leigutakar annars vegar og aðalstefnandi máls þessa f. h. Sigríðar Magnúsdóttur hins vegar svofelldan samning:

„Við undirrituð, leigutakar að veitingastofunni Vitabar skv. samningi, dags. 12. nóv. 1960, og Björn Pétursson f. h. leigusala gerum með okkur svofellt samkomulag varðandi breytingu á leigusamningnum vegna truflunar á rekstri út af breytingum á

húsnæðinu, sem gera verður skv. kröfu borgarlæknis, sbr. bréf, dags. 7. sept. 1960. Leigan fyrir tímabilið 15. jan. 1960 til 15. apríl 1960 lækki um kr. 3.000.00 á mánuði og verði kr. 3.000.00 og 2 víxlar, kr. 4.000,00 hvor, pr. 15/12 '61 og 15/1 '62, endurgreiðist. Leigan greiðist eftirleiðis hinn 15. hvers mánaðar og verði óbreytt kr. 6.000,00 á mánuði að undanskildum ofangreindum 4 mánuðum.

Af hálfu Björns Péturssonar er samkomulag þetta gjört með þeim fyrirvara, að leigusali, sem nú dvelur í Ameríku og ekki hefur náðst til, samþykki þetta".

Vekja verður athygli á, að í samkomulagi þessu hefur ártalið 1961 verið ritað sem 1960 þannig, að það mun eiga að vera leiga fyrir tímabilið 15. janúar 1961 til 15. apríl 1961, sem lækkar um kr. 3.000,00 á mánuði.

Á árinu 1961 framleigðu leigutakar, Jón Bjarnason og Þórlaug Gunnlaugsdóttir, veitingastofuna Guðjóni Guðmundssyni. Ekki er upplýst í málinu, að það hafi verið gert í samráði við aðalstefnanda málsins.

Þann 7. september 1961 beiddist aðalstefndi útburðar á leigutökum og framleigutakanum. Var útburðargerðin heimiluð, og voru gerðarbeiðanda dæmdar kr. 1.200.00 í málskostnað úr höndum leigutaka og framleigutaka in solidum.

Aðalstefndi fól Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni að krefjast reikningsskila út af leigu eftir Vitabar, sem hann gerði með bréfi 15. desember 1961. Þann 4. apríl 1962 krafðist aðalstefndi svo afhendingar allra skjala, er í vörzlu aðalstefnanda voru, og afturkallaði umboð hans. Þann 7. apríl 1962 ritaði aðalstefnandi skýrslu, sem frammi liggur í málinu, og lét henni fylgja skilagrein, er einnig liggur frammi ásamt viðfestum reikningi. Í skilagrein stefnanda segir orðrétt:

„Viðgerðir á veitingastofunni tóku tvo mánuði, og var það að samkomulagi, að húsaleiga félli niður þann tíma, kr. 12.000,00. Ennfremur fengu leigutakar afhenta tvo af víxlum þeim, sem hjá mér lágu til innheimtu. Einn víxil greiddi leigutaki. Eru þá eftir fimmtán víxlar, sem lýst hefur verið í dánarbú Jóns Bjarnasonar. Var gert í samráði við Sigríði.

Hinn 31. maí 1961 leigðu leigutakar Guðjóni Guðmundssyni, Gnoðarvogi 20 (4. hæð), veitingastofuna, og tók hann að sér að greiða umsamda leigu svo og víxlana.

Tók Guðjón við veitingastofunni hinn 1. júní 1961 og skilaði

lyklinum að stofunni hinn 20. sept., að því er frú Sigríður Magnúsdóttir segir.

Fyrir þetta tímabil fékkst engin greiðsla frá Guðjóni, og skuldar hann þá leigu fyrir þetta tímabil, 1/6 '61—20/9 '61, kr. 6.000,00 á mánuði, og víxlana, sem honum bar einnig að greiða. Skuld vegna þessa tímabils, þess sem Guðjón starfrækti veitingastofuna, er því kr. 36.666,67. Fyrir mánaðarleigunni, kr. 6.000,00, samþykkti Guðjón víxla, og eru þeir geymdir hjá undirrituðum".

Svo sem áður segir, fylgdi skilagrein þessari yfirlitsreikningur, og hljóðar hann svo:

„4/4 '62 Innborganir og Greiðslur.

14/11 '60 Innborgað v/leigu	kr.	6.000,00
18/2 '61 — —	—	6.000,00
16/3 '61 — —	—	3.000,00
18/4 '61 — —	—	2.000,00
Marz 1961 Innh. víxill v/Sv. J.	—	2.000,00
— — Innb. v/húsal. víxils	—	4.000,00
An: Peningar til S. M.	4.200,00	
— Greitt Elliheimilinu Grund v/S. M.	5.000,00	
— Greitt v/standsetningar á veitingastofu	51.928,66	
— Greiddir skattar v/S. M.	489,00	
Mismunur		38.917,66
	61.917,36	61.917,36
Skuld	38.917,36".	

Yfirlitsreikningi þessum fylgdi reikningsyfirlit yfir framkvæmdar viðgerðir á veitingastofunni, og er hann svohljóðandi:

„Reikningur:

Efni og vinna vegna standsetningar á Vitabar.

Teikning	kr.	1.899,00
Ofnasmiðjan	—	15.235,30
Þórólfur Jónsson	—	1.285,24
Sami	—	1.981,16
Sami	—	6.088,64
Sami	—	2.448,65
Sami	—	3.101,01
Kristján Rögnvaldsson kr. 6.853,20, ógr. kr. 1.453,21	—	5.400,00
Þórólfur Jónsson	—	7.790,16
Loftpressa	—	240,00

Málning	kr.	6.439,50
Saumur	—	20,00
	Kr.	51.928,66".

Samkvæmt yfirlitsreikningnum er niðurstaða hans sú, að aðalstefndi skuldi aðalstefnanda kr. 38.917.66.

Í þessu er reikningsskekkja, þannig að aðalstefnandi lækkaði kröfu sína við munnlegan málflutning í kr. 38.617.66, sem er aðaldómkrafan í máli þessu og byggð á yfirlitsreikningnum, eins og hann er reikningslega réttur.

Gagnkrafa aðalstefnda er þannig upp byggð, að vitnað er í yfirlitsreikninginn á dskj. nr. 19 og lagt til grundvallar, að aðalstefnandi hafi innheimt fyrir aðalstefnda samtals kr. 23.000.00. Þar frá dragist kr. 9.689.00, sem gagnstefnandi viðurkenni. Eftir standi þá af innheimtufé kr. 13.311.00. Við þetta bætir gagnstefnandi kr. 12.000.00 vegna víxla, hvors að upphæð kr. 6.000.00, sem aðalstefnandi hafi viðurkennt að hafa afhent leigutökum vegna þess tíma, sem fór í viðgerðina. Haldið er fram, að til þessa hafi stefnanda brostið alla heimild.

Stendur því deilan í máli þessu um það, hvernig gera eigi upp á milli aðalstefnanda og aðalstefnda varðandi viðskipti þeirra vegna veitingastofunnar. Er um það deilt, hvort aðalstefnanda hafi verið rétt að láta ráðast í viðgerð á veitingastofunni og hvort honum hafi verið rétt að gefa upp leigu fyrir ákveðið tímabil og afhenda tvo víxla, kr. 6.000.00 hvorn.

Þann 18. janúar 1965 fór fram aðiljayfirheyrsla í máli þessu. Kom þá fyrir dóm aðalstefnandi málsins, Björn Óli Pétursson. Var samkomulag um eftirgjöf leigu, sem hann undirritaði fyrir hönd Sigríðar Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra gagnstefnanda, lesið fyrir honum. Samkomulagi þessu er áður lýst. Hann sagði í sambandi við samkomulag þetta, að ekki hefði náðst í leigusala til að samþykkja samkomulagið, fyrr en framkvæmdir höfðu að fullu farið fram. Hann kvað breytingarnar hafa verið gerðar í samráði við borgarlækni. Sagði hann, að teikning hefði verið gerð að breytingunum og hefði arkitekt gert hana, og taldi hann hana verið gerða í samvinnu hans, þ. e. aðalstefnanda, byggingameistarans Þórólfs Jónssonar og Þórhalls Halldórssonar eða einhvers annars starfsmanns borgarlæknis. Hann kvað afskipti sín af veitingastofunni hafa verið gerð vegna gagnstefnanda, og kvaðst hann hafa haft í huga að firra fyrirtækið væntanlegum

erfiðleikum og fjárhagstjóni. Í þessu réttarhaldi kom einnig fyrir dóminn framkvæmdastjóri gagnstefnanda, Sigríður Margrét Magnúsdóttir. Hún sagðist hafa farið af landi brott 20. nóvember 1960. Hún sagði, að heilbrigðiseftirlitið hefði krafizt þess, að smurbrauðsstofan yrði máluð, og kveðst hún hafa látið framkvæma það, áður en hún fór, og vitnar í því sambandi til dskj. nr. 24, sem er vottorð Ágústs Pedersens um, að hann hafi málað smurbrauðsstofuna 5.—9. nóvember 1960. Jafnframt kvaðst hún hafa pantað nýjan vask og vitnaði í því sambandi til dskj. nr. 23, sem er vottorð Ofnasmiðjunnar h/f þar um. Hún taldi, að heilbrigðiseftirlitið hefði aðeins krafizt þessara tveggja atriða. Henni er sýnt bréf á dskj. nr. 4, en það er bréf heilbrigðiseftirlitsins frá 7. september 1960, sem áður er vitnað til, og kvaðst hún hafa látið gera allt það, sem í bréfinu greinir, áður en hún fór af landi brott. Henni er sýnt bréf á dskj. nr. 25, þ. e. samkomulag leigutaka, Þórlaugar Gunnlaugsdóttur og Jóns Bjarnasonar, annars vegar og hins vegar aðalstefnanda, Björns Péturssonar, fyrir hönd hennar. Í því sambandi segir hún, að Þórlaug Gunnlaugsdóttir hafi sagzt mundu fá veitingaleyfi, en svo hafi ekki verið. Hún sagði, að Ásgeir Einarsson, fyrrverandi eiginmaður hennar, hafi aðstoðað leigutaka við að fá veitingaleyfið fyrir veitingastofunni og hafi hann gert það í greiðaskyni við þá, en sjálfur hafi hann ekki verið þátttakandi í rekstri hennar. Hún sagði ekki hafa staðið til að mála eldhúsið, enda taldi hún, að þess hefði ekki verið þörf. Hún lét þess getið, að í hvert skipti sem sótt væri um veitingaleyfi, þá væru alltaf gerðar einhverjar kröfur til leyfishafa. Hún tók fram, að það, sem hún hafi falið aðalstefnanda að gera, hafi verið að innheimta leigu, greiða meðlög með móður sinni til elliheimilisins, greiða Ofnasmiðjunni fyrir vaskinn í veitingastofuna og einnig að greiða fasteignaskatta. Hún sagði, að mismuninn hafi aðalstefnandi átt að leggja inn á bankabók hennar í Landsbankanum. Önnur afskipti en þessi hafi hún ekki falið aðalstefnanda. Í bréfi á dskj. nr. 7, sem mætta staðfesti fyrir dóminum, segir hún um breytinguna á veitingastofunni, að hún hafi lofað að setja vaska. Hafi leigutakar haft sérkvittun frá henni um það, enda hafi hún pantað þá í Ofnasmiðjunni og lagt teikningu inn hjá borgarlækni, sem hann hafi samþykkt. Ofnasmiðjan hafi ekki getað útvegað vaskana fyrr en eftir miðjan desember eða síðast í mánuðinum, þar sem fyrirtækið hafi ekki fengið botna í vaskana fyrr en um miðjan desember. Heilbrigðiseftirlitinu hafi verið vel kunnugt

um þetta. Húsnæðið hafi allt verið gert hreint og hún hafi látið mála smurbrauðsstofuna, en það hafi verið það eina, sem heilbrigðiseftirlitið hafi krafizt af henni. Hún kveðst eiga kvittanir frá málurum og hreingerningarmönnum. Enn fremur segir hún þar, að engri lokun hafi verið hótað, eins og sjá megi af skýrslu heilbrigðiseftirlitsins. Ekki sé krafizt, að eldhúsið sé rifið niður og stækkað um þriðjung. Ekki sé fyrirskipuð tveggja mánaða lokun. Hún getur þess, að veitingastofan hafi haft matarleyfi frá stofnun 1952. Breytingin á eldhúsinu hafi því verið algerlega þarflaus, enda innréttuð fyrir örvhenta og mjög erfiðara sé að vinna í því en áður var. Einnig hafi verið eyðilögð skrifstofa, sem fylgdi veitingastofunni.

Fyrir rétti þann 16. janúar 1969 hefur Sigríður Margrét Magnúsdóttir lýst því, hvað hún eigi við með því, að vaskurinn sé fyrir örvhenta. Segir hún, að uppvaskið gangi frá vinstri til hægri, eins og vöskunum sé raðað upp, en eigi að ganga öfugt, ef innréttað sé fyrir rétthenta. Leirtauið sé sett í vaskinn lengst til vinstri, síðan í miðvaskinn, þar sem það sé gerilsneytt og að síðustu sett í vaskinn hægra megin, þar sem það sé skolað í sjóðandi vatni. Auðveldara sé að framkvæma þetta verk fyrir rétthenta, ef vaskarnir snúi öfugt. Hún sagði enn fremur, að betra hefði verið, að vaskarnir hefðu verið settir við gagnstæðan vegg, en þar séu skápar og hillur, þar sem leirtauið sé geymt.

Í bréfinu á dskj. nr. 7, sem áður er á minnzt, segir Sigríður Magnúsdóttir um þá staðhæfingu aðalstefnanda, að hann hafi ekki vitað um heimilisfang hennar, að hún hafi skrifað honum fimm bréf, en hann engu svarað. Hún kvaðst hafa sent honum víxil til innheimtu fyrst í janúar. Víxillinn hafi verið innheimtur af honum 15. febrúar.

Þórhallur Halldórsson, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík, kom fyrir dóm þann 18. desember 1968 og aftur 16. janúar 1969. Hann sagði, að um það leyti, sem í málinu getur, hafi hann komið nokkrum sinnum á Vitabar í embættiserindum. Hann lagði fram bréf á dskj. nr. 39 og 40 og studdi framburð sinn við þau gögn og jafnframt dskj. nr. 4 og 5, en þessi gögn öll stafa frá heilbrigðiseftirlitinu og hafa áður verið rakin.

Hann sagði, að staðnum hefði verið lokað í samræmi við hótunina í bréfinu á dskj. nr. 39. Hann lagði fram dskj. nr. 41, eftirlitsskýrslur frá 17. nóvember 1960 og 22. nóvember 1960, en þær eru áður raktar, og studdi framburð sinn einnig með þeim gögnum.

Hann sagði, að í flestum tilfellum hefði veitingahúsi verið lokað aftur, þegar svo hefði staðið á, sem segir í eftirlitsskýrslunni frá 22. nóvember 1960, ef ekki væru gefnar skýringar, sem trúanlegar teldust. Hann gerði ráð fyrir því, að hann hefði ekki vitað um opnunina, þar sem hann tilkynni lögreglunni ætíð um slíkt. Hann gerði ekki ráð fyrir því, að stofunni hefði verið lokað aftur, þar sem þess sé ekki getið í skýrslunni. Hann taldi líklegt, að hann hefði bent forstöðukonunni á að sækja um veitingaleyfið. Það sé viðtekin venja, þegar eftirlitsmenn verði varir við, að nýir aðiljar séu teknir við rekstri.

Fyrir honum var lesið úr bréfi því, sem er á dskj. nr. 7 og áður er vitnað til í framburði Sigríðar Magnúsdóttur og er frá henni. Kvaðst hann af því tilefni álíta, að veitingastofunni hafi eigi verið lokað vegna þess, að ekki hafi verið sótt um veitingaleyfi. Það geti þó verið, en það hljóti þá að vera eftir 15. nóvember 1960. Hann tók fram, að vaskurinn, sem um geti í málinu, hafi aðeins verið einn hluti af því, sem lagfæra átti.

Hann var að því spurður, hvort lagfæringarnar í byrjun ársins 1961 hefðu verið framkvæmdar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Taldi hann, að svo hefði verið, og kvaðst muna eftir því, að hann hafi komið a. m. k. einu sinni þarna og haft tal af einhverjum forsjármönnum og iðnaðarmönnum. Hann tók það fram, að hann geti ekki fullyrt meira en það, að breytingarnar hefðu að mestu leyti verið gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið.

Þegar hann kom fyrir dóminn þann 16. janúar 1969, sagði hann, að óheimilt væri að taka við rekstri veitingastofu nema að fengnu veitingaleyfi. Hann sagði, að í hvert skipti sem sótt væri um leyfi, væri viðkomandi veitingastofa skoðuð af heilbrigðiseftirlitinu. Ef trassað væri að sækja um leyfi, gæti liðið nokkur tími, þar til þeir kæmust að því. Þess vegna geti skoðun dregizt, þótt nýr aðili hefði tekið við rekstri. Hann kvað veitingastofur skoðaðar óreglulega fjórum til sex sinnum á ári. Hann sagði, að heilbrigðiseftirlitið tæki stað út, þegar sótt væri um leyfi, og væri eitthvað aðfinnsluvert, væri veitingaleyfið bundið skilyrðum um lagfæringu.

Hann kvað það geta komið fyrir, enda þótt það væri í undantekningartilfellum, að þeir brydduðu upp á einhverjum nýjum atriðum sem skilyrðum veitingaleyfis, er ekki hefði verið minnzt á við fyrri leyfishafa. Hann kvaðst sjá það á dskj. nr. 5, þ. e. bréfi til Ásgeirs Einarssonar, dagsettu 13. desember 1960, að 4. liðurinn um fatageymsluna sé nýtt skilyrði, en önnur skilyrði, sem

fram koma á þessu dómsskjali, séu ekki ný, þar sem þau eru einnig rakin á dskj. nr. 4, þ. e. bréfi frá september 1960. Bréf þessi eru bæði áður rakin. Hann tók það fram, að framburður hans í heild hér fyrir dómi væri studdur þeim gögnum, sem fram hefðu verið lögð og stöfuðu frá embætti hans, en kvaðst þó muna eftir atburðum betur en ella, þar sem um það bil tveimur árum eftir að atburðir gerðust, hafi lögfræðingur annars hvors aðiljans spurzt fyrir um málið hjá heilbrigðiseftirlitinu og þá hefði það verið rifjað upp.

Hann upplýsti, að bréfið á dskj. nr. 5, dagsett 13. desember 1960, væri starfræksluleyfi, eins og þau hefðu verið veitt frá heilbrigðisnefnd.

Hinn 18. desember 1968 kom fyrir dóm Þórólfur Jónsson byggingameistari. Kvaðst hann hafa haft á hendi breytingar á húsnæði Vitabars að Bergþórugötu 21 í Reykjavík árið 1961. Hann sagði Þórhall Halldórsson frá heilbrigðiseftirliti borgarinnar hafa mestu ráðið um það, hverjar breytingar voru gerðar og hvernig framkvæmdar. Hann sagði, að jafnframt hefði verið haft lítillega samráð við Björn Pétursson, aðalstefnanda í máli þessu. Honum voru sýndir reikningar þeir, sem frammi liggja í málinu, og kvað hann suma vera vegna vinnu og efnis, sem hann hefði látið framkvæma og kaupa. Reikninginn á dskj. nr. 37 sagði hann stafa frá pípulagningameistara og kvaðst ekkert geta sagt um þann reikning, nema að verkefnunum hafi verið unnið. Dskj. nr. 27 og 37 séu vegna vinnu, sem hann viti, að unnin hafi verið, en geti ekkert frekar sagt um. Hann tók það fram, að hann hefði aldrei heyrt getið um eldhúsinnréttingar fyrir örvhenta.

Í þessu sama réttarhaldi kom fyrir dóminn Ásgeir Marinó Einarsson. Hann kvaðst hafa átt í Central h/f fyrir þann tíma, er í málinu greinir. Hann kvaðst hafa selt hlutabréf sín Sigríði Magnúsdóttur við skilnað þeirra hjóna. Upplýst er í réttinum, að það hafi verið 28. maí 1960. Hann kvað Vitabar hafa verið rekinn á veitingaleyfi á hans nafni frá upphafi og þar til Sigríður Magnútdóttir fór til Bandaríkjanna. Hann sagði, að daginn eftir hefði Þórlaug Gunnlaugsdóttir komið til sín og spurt hann, hvort hún mætti ekki reka veitingastofuna áfram í hans nafni, þar sem það ætti að loka henni hjá sér, vegna þess að hún hefði ekki sjálf veitingaleyfi. Fyrir honum voru lesin dskj. nr. 4, 39 og 5, sem eru bréf heilbrigðiseftirlitsins til hans, og hann að því spurður, hvort hann hefði fengið slík bréf. Kvaðst hann ekki muna til þess. Hann kvaðst ekki minnast þess, að hann hefði sótt um veitinga-

leyfi ásamt Þórlaugu Gunnlaugsdóttur, en hann kvaðst hafa samþykkt gagnvart heilbrigðisnefnd, að hún ræki veitingastofuna á hans nafni. Hann kvaðst ekkert hafa vitað um, að breytinga væri þörf á Vitabar, og ekkert um þær hafa vitað, fyrr en þær voru um garð gengnar. Hann kvaðst ekki hafa komið nálægt rekstri Vitabars, frá því að hann skildi við Sigríði. Hann kvaðst ekki vita, hver hefði veitingaleyfi fyrir Vitabar um það leyti, er hann kom fyrir rétt.

Þann 11. desember 1969 kom fyrir dóminn Þórlaug Gunnlaugsdóttir, annar leigutaka. Hún sagði, að veitingastofunni hefði verið lokað 15. nóvember 1960 að boði borgarlæknis. Embættið hafi borið fyrir sig skort á hreinlæti, áhaldaleysi og skort á hreinlætistækjum. Hún kvað Sigríði Magnúsdóttur hafa sjálfa opnað veitingastofuna að nýju þennan sama dag og sagt, að það væri í lagi með leyfi borgarlæknis. Jafnframt hafi Sigríður sagt, að hún væri búin að gera samning við borgarlækni um viðgerð á því, sem ábótavant væri. Hún sagði, að það hefði verið klukkan þrjú, eða um það bil, þann 15. nóvember 1960 sem veitingastofunni var lokað. Hún kvaðst þá hafa hringt í Björn Pétursson. Sigríður hafi þá verið stödd þar og eftir klukkutíma hafi hún komið og sagzt vera búin að tala við borgarlækni og semja við hann. Henni var sýnt starfræksluleyfi á dskj. nr. 5, og kvaðst hún hafa móttekið slíkt bréf. Þau hafi þá verið búin að sækja um leyfi til að hafa opið til jóla með tilvísun til samkomulags Sigríðar og fulltrúa borgarlæknis. Þau hafi fengið frest til áramóta til að ljúka framkvæmdum, en síðar samkvæmt munnlegu samkomulagi við Þórhall Halldórsson fengið að hafa opið til þriðja í jólum, en þá hafi verið lokað til viðgerða. Hún sagði, að áður en þau tóku við veitingastofunni, hafi ekki verið neitt „flikkað" upp á hana, en það hafi átt að heita, að hún hefði verið gerð hrein. Hún tók fram, að það hefði ekki verið veitingastofan sjálf, sem fundið var að, heldur geymslur og eldhús. Þar hafi heldur ekki verið neitt lagfært, áður en þau tóku við veitingastofunni. Hún sagði, að eftir að þau tóku við veitingastofunni, hafi Ásgeir Einarsson haft herbergi með dóti í, sem átt hafi að fylgja í leigunni, og hafi hann átt að rýma herbergið. Hafi hann gert það fyrir jólin 1960.

Hún sagði, að þegar hún fór að skoða veitingastofuna, en það hafi líklega verið í kringum 10. nóvember 1960, hafi hún spurt Sigríði, hvort nokkurn tíma hefði verið fundið að veitingastofunni af embætti borgarlæknis. Hafi Sigríður þá sagt, að aldrei

hefði verið um árekstra að ræða við embættið. Það sama hafi Björn Pétursson haft eftir Sigríði, áður en þau tóku stofuna á leigu.

Hún kveðst hafa sent bréfið á dskj. nr. 6 ásamt Jóni Bjarnasyni. Hún kvaðst ekki geta sagt um, hver hefði samið bréfið, en Jón Bjarnason hefði komið með það til hennar. Hafi þau áður verið búin að koma sér saman um þá punkta, sem í bréfinu eru. Hún tók fram, að eldhús og veitingasalur hafi verið hrein. nóvember og þar til viðgerð fór fram, en samkvæmt viðtali við Þórhall Halldórsson hafi ekki mátt hafa matargerð þar, fyrr en lagfæringar hefðu farið fram. Fyrir henni var lesið úr dskj. nr. 7, þ. e. bréfi gagnstefnanda, sem áður er í vitnað, og hún að því spurð, hvort veitingastofunni hafi verið lokað fyrsta daginn, þar sem Jón og hún hefðu ekki haft leyfi til veitingahússrekstrar. Svaraði hún þessu neitandi. Hún kvaðst ekki hafa séð vottorð frá Ofnasmiðjunni um, að vaskar hefðu verið pantaðir, og sagði, að hefði smurbrauðsstofan verið máluð, þá hefði hún ekki getað séð það. Hún hafi orðið að taka hana alla í gegn og hreinsa hana. Hún tók fram, að eldhús og veitingasalur hafi verið hrein. Salurinn hafi þó ekki verið málaður nýlega. Hún kvaðst hafa haft samband við Þórhall Halldórsson eftir lokunina 15. nóvember 1960. Hafi hann bent sér á að sækja um veitingaleyfi og jafnframt á að starfrækja veitingastofuna á leyfi Ásgeirs Einarssonar. Hún sagði, að vegna viðgerðarinnar hafi orðið hlé á starfrækslu veitingastofunnar hátt upp í tvo mánuði. Hún sagði Sigríði Magnúsdóttur hafa sagt, að þau, leigutakar, ættu að snúa sér til Björns Péturssonar, ef eitthvað væri að, en þau hafi vitað, áður en þau tóku veitingastofuna á leigu, að Sigríður væri að fara erlendis.

Dómsskjal nr. 25 var lesið fyrir henni, þ. e. samkomulag það, sem hún og Jón Bjarnason annars vegar og Björn Pétursson fyrir hönd Sigríðar Magnúsdóttur hins vegar gerðu og áður er rakið. Sagði hún í því sambandi, að hún viti ekki, hvort þau fengu afhenta þá þegar þá víxla, sem um sé rætt. Jón Bjarnason hafi haft með peningamálin að gera. Hún kvaðst ekki vita, hvort Björn Pétursson náði sambandi við Sigríði Magnúsdóttur. Hún tók það fram, að engar endurbætur hefðu verið gerðar nema eftir fyrirsögn og eftirliti Þórhalls Halldórssonar, fulltrúa borgarlæknis. Hún sagði, að samningur um lækkun leigunnar hafi verið vegna truflunar á rekstrinum. Hún sagði, að í maímánuði 1961 hefði hún veikzt og þá eftirlátið Jóni Bjarnasyni sinn hlut leigumálans.

Hann muni svo hafa framleigt veitingastofuna, en hún hafi aldrei séð þann mann, sem tók veitingastofuna á leigu, svo að hún viti til.

Við munnlegan flutning málsins byggði lögmaður aðalstefnanda á því, að umbjóðandi hans hefði verið umboðsmaður gagnstefnanda og sem slíkur orðið að grípa til ráðstafana, þegar það lá fyrir, að heilbrigðiseftirlitið mundi loka veitingastofunni. Hann vitnaði til dskj. nr. 39—41 og framburðar Þórhalls Halldórssonar um, að lokun hafi verið yfirvofandi. Hann taldi, að framkomnar lagfæringar hefðu verið gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið, og vitnaði í því sambandi til framburða Þórhalls Halldórssonar, Þórólfs Jónssonar og Þórlaugar Gunnlaugsdóttur. Hann taldi, að þar kæmi fram, að þær hefðu ekki farið fram úr því, sem þurft hefði. Hann benti jafnframt á, að það væri viðurkennt, að vaskarnir hefðu verið pantaðir og þeir átt að greiðast. Hann taldi ástæðu þess, að umbjóðandi hans varð að ráðast í framkvæmdirnar, vera þá, að hann hafi ekki heyrt frá Sigríði fyrr en þann 28. febrúar og ekki haft heimilisfang hennar í Bandaríkjunum. Hann mótmælti því, að umbjóðandi hans hefði fengið bréf fyrr. Hann taldi, að tjónið hefði orðið meira, ef umbjóðandi hans hefði beðið þar til 22. febrúar 1961. Hann taldi samkomulagið á dskj. nr. 25, sem áður hefur verið vitnað til, aldrei hafa tekið gildi formlega. Ef leigusali samþykkti það ekki, félli það niður, sbr. fyrirvara síðast í því samkomulagi.

Af hálfu gagnstefnanda hefur verið á því byggt, að viðgerðin, sem fram fór á veitingastaðnum, hafi verið óþörf og röng, og svo hafi aðalstefnanda verið innan handar að hafa samband við fyrirsvarsmann gagnstefnanda og bera þetta undir hann. Því var haldið fram, að viðgerðin hafi verið uppfinning leigutaka, og bent á það, að Þórhallur Halldórsson hafi viðurkennt, að ýmis skilyrði voru sett að auki, þar sem nýir aðiljar höfðu tekið við rekstri veitingastofunnar. Þá var því mótmælt, að aðalstefnandi hefði ekki haft heimilisfang Sigríðar. Þá var því haldið fram, að það hefðu verið leigutakar sjálfir, sem hefðu lokað aftur, og um yfirsjón hafi verið að ræða. Í því sambandi var vísað til vottorða Ofnasmiðjunnar og Ágústs Pedersens um endurbætur á veitingastaðnum. Vísað var til bréfs á dskj. nr. 7 um, að aðalstefnandi hafi vitað um dvalarstað Sigríðar í Bandaríkjunum. Þá var uppgjörinu, sem stafar frá aðalstefnanda, mótmælt sem röngu og því haldið fram, að aldrei hefði verið leitað eftir samþykki á samkomulaginu á dskj. nr. 25 og það hafi aldrei verið borið undir

gagnstefnanda. Viðgerðin hefði farið fram úr því, sem hæfilegt megi teljast, þar sem heilbrigðiseftirlitið hefði aldrei gert kröfur til þess, að brotinn væri niður heill veggur, eins og gert hafi verið. Jafnframt var vitnað til þess, að á dskj. nr. 35 sé gerður reikningur fyrir stormjárni, en það sé dæmi um viðhald, sem leigutakar hafi átt að greiða, en ekki leigusali. Þá var því haldið fram, að ekki hafi verið minnsta þörf á því að gefa upp kr. 20.000.00 nema í samráði við Sigríði.

Þegar aðalstefndi seldi umrædda veitingastofu á leigu hinn 12. nóvember 1960, uppfyllti hún hvergi nærri þau skilyrði, sem heilbrigðisyfirvöld höfðu sett fyrir því, að rekstri hennar mætti halda áfram. Var leigutökum ekki gerð grein fyrir, hvernig ástatt var að þessu leyti. Af þessum sökum var um að tefla skýlausa vanefnd af hálfu aðalstefnda á leigusamningnum, enda höfðu leigutakar uppi kröfur af því tilefni í bréfi hinn 15. desember 1960. Fyrirsvarsmaður aðalstefnda. Sigríður Magnúsdóttir, var þá farinn af landi brott, og er ósannað, að aðalstefnanda hafi verið kunnugt um dvalarstað hennar. Er heldur ekki upplýst, að hún hafi falið neinum aðilja fyrirsvar í málefnum sínum og aðalstefnda hér á landi öðrum en aðalstefnanda, sem hún fól að innheimta leigugjald eftir veitingastofuna og vissar ráðstafanir aðrar.

Samkvæmt lögskiptum aðalstefnanda og aðalstefnda og með hliðsjón af atvikum að öðru leyti var aðalstefnanda rétt að leita úrræða í því skyni að hindra það, að komið yrði fram ábyrgð á hendur aðalstefnda vegna ofangreindra vanefnda, eftir atvikum með málssókn. Eins og fram er komið, lét aðalstefnandi gera ýmsar breytingar á veitingastofunni og samdi við leigutaka um tímabundna eftirgjöf á leigugjaldi, en með fyrirvara um samþykki af hálfu aðalstefnda. Afhenti aðalstefnandi leigutökum og víxla, er þeir höfðu samþykkt og mun að rekja til leigusamningsins. Verður ekki fallizt á, að þar hafi aðalstefnandi rekið erindi aðalstefnda með þeim hætti, að varða eigi hann fjárhagslegri ábyrgð á þessum ráðstöfunum gagnvart aðalstefnda. Að því er til eftirgjafar á leigugjaldinu tekur, er þess og að gæta, að aðalstefndi var óbundinn af því samkomulagi, ef hann vildi ekki á þá fallast, og að ekki er heldur sannað, að afhending víxlanna hafi út af fyrir sig valdið aðalstefnda tjóni.

Af framangreindum sökum ber að taka til greina kröfur aðalstefnanda í aðalsök með þeirri fjárhæð, sem krafizt hefur verið, kr. 38.617.66. Þykir rétt að dæma aðalstefnanda vexti af þeirri fjárhæð frá dagsetningu skilagreinar hans, 7% ársvexti frá 7.

apríl 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags. Af sömu ástæðum ber að sýkna aðalstefnanda af öllum kröfum aðalstefnda í gagnsök.

Dæma ber aðalstefnda til að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 9.000.00.

Samkvæmt ofangreindum málsúrslitum ber að staðfesta löghald það, sem aðalstefnandi lét gera hinn 17. maí 1963 í íbúð aðalstefnda að Laugavegi 81 í Reykjavík.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Gauki Jörundssyni prófessor og Jónasi Sólmundssyni húsgagnasmíðameistara.

Það skal tekið fram, að forseti dómsins fékk mál þetta fyrst til meðferðar á haustdögum 1968.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Central h/f, greiði í aðalsök aðalstefnanda, Birni Péturssyni, kr. 38.617.66 með 7% ársvöxtum frá 7. apríl 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök á aðalstefnandi að vera sýkn af öllum kröfum aðalstefnda.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 9.000.00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök.

Framangreint löghald er staðfest.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 2. desember 1971.

Nr. 193/1970. **Veiðifélagið Bláskógar s/f og Björn Davíðsson**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Oddvita Andakílshrepps f. h. hreppsins og oddvita Lundarreykjadalshrepps f. h. hreppsins og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Landamerki. Vatns-, botns- og veiðiréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og að dæmt verði, að Reyðarvatn allt sé innan landamerkja Þverfells. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 8 s. m. Krefjast gagnáfrýjendur þess, að þeim sem eigendum að norður- og austurströnd Reyðarvatns í Lundarreykjadal verði dæmdur botns-, vatns- og veiðiréttur í vatninu þannig: „Andakílshreppi frá Grímsármynni að Fossá og Lundarreykjadalshreppi frá Fossá að Reyðarlæk, í báðum föllum 115 metra frá lægsta fjöruborði út í vatnið“ og svo vatns- og veiðiréttur „í almenningi vatnsins að hálfu á móti eigendum Þverfells í Lundarreykjadal“. Til vara krefjast gagnáfrýjendur staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en gagnáfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, hafa fengið gjafsókn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytisins 8. febrúar 1971.

Með skírskotun til forsendna dóms Hæstaréttar 20. október 1967, sem raktar eru í héraðsdómi, verður að telja, að eigendur Þverfells eigi botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni fyrir landi jarðarinnar 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, og svo veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, sbr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ef því er að skipta.

Á sama hátt verður að telja, að gagnáfrýjandi Andakílshreppur eigi botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, frá Grímsárósi að Fossármynni og svo veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, sbr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970, ef því er að skipta.

Af gögnum málsins, sem rakin eru í dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 20. október 1967, verður ekki ráðið, hvort lönd Lundarreykjadalshrepps, sem liggja að Reyðarvatni á svæðinu frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar, eru fullkomin eignarlönd hreppsins eða einungis afréttareign, og er málið eigi fullreifað að þessu leyti. Að svo vöxnu máli verður eigi lagður dómur á kröfu Lundarreykjadalshrepps um vatns- og botnsrétt í Reyðarvatni. Samkvæmt þessu ber að telja, að Lundarreykjadalshreppur eigi veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, á svæðinu frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar, sbr. 5. gr. laga nr. 76/1970, svo og veiði í almenningi vatnsins samkvæmt ákvörðun matsmanna, sbr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970, ef því er að skipta.

Aðiljar hafa geymt sér rétt til að krefjast síðar botnsréttar í vatninu umfram það, sem hér er dæmt.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði málskostnað í máli þessu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.00, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjenda, kr. 100.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi Veiðifélagið Bláskógar s/f, eigandi Þverfells í Lundarreykjadalshreppi, á botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, fyrir landi jarðarinnar frá Grímsárósi og að mynni Reyðarlækjar og svo veiði í almeningi vatnsins, svo sem að framan segir.

Gagnáfrýjandi oddviti Andakílshrepps f. h. hreppsins á botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, frá Grímsárósi að Fossármynni og svo veiði í almenningi vatnsins, svo sem að framan segir.

Gagnáfrýjandi oddviti Lundarreykjadalshrepps f. h. hreppsins á veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði, frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar svo og veiði í almenningi vatnsins, svo sem að framan segir.

Aðaláfrýjendur, Veiðifélagið Bláskógar s/f og Björn Davíðsson, greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.00, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 100.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 6. júlí 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 6. júlí 1970, var þingfest í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 20. apríl 1968 með framlagningu bréfs Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 19. apríl 1968,

til dómarans, þar sem hann tilkynnir fyrir hönd hreppsnefnda Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps, að ágreiningur sé um landamerki við Reyðarvatn og eignarrétt að vatninu að norðan og austan svo og um botns-, vatns- og veiðiréttindi í vatni þessu, og æskir þess, að eigendur og ábúandi jarðarinnar Þverfells í Lundarreykjadalshreppi verði ásamt hreppsnefndum Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps kvaddir fyrir, þannig að til máls verði stofnað samkvæmt lögum nr. 41/1919.

Við þingfestingu málsins samkvæmt 8. gr. laga nr. 41/1919 var mætt fyrir framangreinda sóknaraðilja, hreppsnefndir Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps, en sem varnaraðiljar létu mæta í málinu Veiðifélagið Bláskógar s/f, eigandi Þverfells, og Björn Davíðsson, ábúandi sömu jarðar. Kröfur aðilja voru settar fram í fyrsta þinghaldi og síðar, en þær voru við dómtöku málsins svohljóðandi:

1. Kröfur sóknaraðilja:

Að sóknaraðiljum sem eigendum að norður- og austurströnd Reyðarvatns í Lundarreykjadals innan neðangreindra landamerkja verði dæmdur botns-, vatns- og veiðiréttur í vatninu þannig: Andakílshreppi frá Grímsármynni að Fossá og Lundarreykjadalshreppi frá Fossá að Reyðarlæk, í báðum föllum 115 metra frá lægsta fjöruborði út í vatnið og í almenningi vatnsins að réttri tiltölu móti eigendum Þverfells í Lundarreykjadal. Þá krefst lögmaður sóknaraðilja þess, að stefndu verði dæmdir in solidum, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, til að greiða umbjóðendum hans málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal þóknun til sóknaraðilja sem málsvara stefnanda, að mati réttarins.

2. Kröfur varnaraðilja:

Að þeir verði dæmdir sýknir af öllum kröfum sóknaraðilja og dæmdur málskostnaður úr þeirra hendi að mati réttarins. Jafnframt gera þeir þá kröfu, að eiganda jarðarinnar Þverfells verði dæmdur eignarréttur í Reyðarvatni, þar með talinn botns-, vatns- og veiðiréttur, í samræmi við landamerkjabréf Þverfells frá 10. september 1886. Áreið fór fram 13. september 1969.

Forsaga máls þessa er sú, að með bréfi, dags. 8. apríl 1963, tilkynnti Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. oddvita Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps, að ágreiningur væri milli nefndra hreppa annars vegar og eiganda Þverfells í Lundarreykjadal hins vegar, Guðmundar Agnars Ásgeirssonar, um landamerki Þverfells og veiðirétt í Reyðarvatni. Er

málið var tekið fyrir á dómþingi hinn 20. júlí 1964, var einnig ábúanda Þverfells, Birni Davíðssyni, stefnt sem hagsmunaaðilja inn í málið.

Kröfur sóknaraðilja, eins og þær voru settar fram í þinghaldi 14. marz 1966, eru þær, að merki landa þeirra að svonefndu Reyðarvatni í Lundarreykjadalshreppi verði ákveðin, að því er varðar Lundarreykjadalshrepp, frá svonefndum Reyðarlæk, norður um að Fossá og að því er varðar Andakílshrepp, frá Fossá að Grímsármynni eftir miðju vatnsins og að veiðiréttur og annar vatnsréttur í Reyðarvatni fyrir nefndum löndum verði talin eign sóknaraðilja í samræmi við framangreind landamerki. Enn fremur krefjast sóknaraðiljar málskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati réttarins.

Varnaraðiljar krefjast sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og að þeir verði dæmdir in solidum til að greiða þeim málskostnað eftir reikningi eða að mati dómsins.

Dómur var kveðinn upp í málinu í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 2. apríl 1966. Dómsorðið var svohljóðandi: „Merki lands stefnanda Lundarreykjadalshrepps að Reyðarvatni eru frá Reyðarlæk norður um að Fossá.

Merki lands stefnanda Andakílshrepps að Reyðarvatni eru frá Fossá norður og vestur um að Grímsármynni.

Sóknaraðiljar eiga vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni hvor fyrir sínu landi samkvæmt gildandi landslögum.

Stefndi Guðmundur Agnar Ásgeirsson greiði stefnendum kr. 25.000.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum".

Dómi þessum var skotið til Hæstaréttar, og með dómi þess réttar frá 20. október 1967 var héraðsdómur og málsmeðferð frá og með dómþingi 12. júlí 1963 ómerkt og málinu vísað heim í hérað. Á meðan hið fyrra mál var fyrir dómstólum, urðu eigendaskipti á jörðinni Þverfelli. Varnaraðili Veiðifélagið Bláskógar s/f eignaðist jörðina með afsali frá fyrrverandi eiganda og varnaraðilja í fyrra málinu, Guðmundi Agnari Ásgeirssyni.

Málavextir.

Í III. kafla framangreinds hæstaréttardóms er fjallað um heimildir þær, sem aðiljar fyrra málsins töldu sig hafa til lands og réttinda við Reyðarvatn austan- og norðanvert. Þykir því rétt að taka þennan kafla hæstaréttardómsins óbreyttan upp í dóm þennan, svohljóðandi:

„Í landamerkjaskrá Þverfells frá 10. september 1886, sem þing-

lesin var 2. júní 1887, segir svo í staðfestu endurriti, þar sem texti skrárinnar hefur verið færður til nútímastafsetningar: „Fyrst úr Kaldagili, þar sem fellur í Tunguá, í stein þann, sem stendur á Langamel, merktur með +, sem högginn er í steininn, síðan beina stefnu í lágan hellustein, sem er vestanverðu í svokölluðu Áreiðarskarði, merktan með sama +. Úr þessum steini ræður bein stefna eftir mýrardragi upp á hálsinn og yfir vesturenda á syðri tjörninni og í stein þar norður á hryggnum, sem er með höggnum +, svo ræður bein stefna norður hálsinn og í Grímsá, þar sem Kaldá fellur í hana að norðanverðu, á þessari stefnu á að vera steinn merktur með +. Svo ræður Grímsá fram til Reyðarvatnsóss. Svo eru merkin með austurströnd Reyðarvatns suður að Reyðarlæk. Svo ræður hann merkjum til Grunnavatns. Svo ræður bein sjónhending merkjum milli Þverfells og Þingvallakirkju í háhnjúkinn í Kvígindisfelli. Þaðan vestur í gil það, sem fellur syðst í krókinn, sem er vestan undir því og Tunguá kemur úr. Síðan ræður Tunguá merkjum ofan fjallið, þar til Kaldagil rennur í hana".

Landamerkjaskrá þessa undirrituðu þeir Björn Sveinbjarnarson, þáverandi ábúandi Þverfells, Davíð Snæbjarnarson á Vörðufelli, en lönd Þverfells og Vörðufells liggja saman, þó eigi við Reyðarvatn, séra Jens Pálsson vegna Þingvallakirkju og Jón Guðmundsson á Reykjum, en lönd Þverfells og Reykja liggja saman, þó eigi við Reyðarvatn. Rétthafar að landi norðan og austan megin Reyðarvatns undirrituðu ekki landamerkjaskrána. Samkvæmt landamerkjaskrá þessari telja eigendur Þverfells sig eiga botns-, vatns- og veiðirétt í öllu Reyðarvatni.

Stefndu hér fyrir dómi, sem lönd eiga að Reyðarvatni að norðan og austan, vefengja þennan rétt.

Ákvæði Jónsbókar, landsleigubálkur, 56. kapituli, „um veiðivötn ok veitur ok veiðiár", voru gildandi lög um þetta efni, þegar landamerkjaskrá Þverfells var gerð. Þar segir: „Hverr maðr á vatn ok veiðistöð fyrir sinni jörðu ok á sem at fornu hefur verit, nema með lögum sé frá komit". Þá segir í 59. kapitula landsleigubálks Jónsbókar um almenninga: „Fiskivötn öll í almenningum eru öllum jafnheimil". Um þessi efni gilda nú ákvæði 4. gr. laga nr. 15/1923 og 4. til 8. gr. laga nr. 53/1957.

Ábúandi Þverfells mátti eigi með einhliða gerð og þinglestri landamerkjaskrárinnar frá 10. september 1886 auka rétt Þverfells til Reyðarvatns umfram það, sem áður hafði verið. Áfrýjendur hafa eigi fært fram gögn fyrir því, að eigandi Þverfells hafi á

þeim tíma, er landamerkjaskráin var gerð, átt frekari botns-, vatns- eða veiðirétt í Reyðarvatni en hin almennu ákvæði Jónsbókar sögðu til um.

Stefndu, málshöfðendur í héraði, gera kröfu til þess, að dæmdur verði gildur botns-, vatns- og veiðiréttur þeirra í Reyðarvatni frá Grímsármynni norður og austur um vatnið til þess staðar, þar sem Reyðarlækur fellur í það.

Stefndu skipta landi því, sem um er að tefla í málinu, í þrjá hluta:

1. Frá Grímsárósi að Fossármynni, sem þeir telja eign Andakílshrepps.
2. Frá Fossármynni að Drang eða Drangshlíð.
3. Frá Drang eða Drangshlíð að mynni Reyðarlækjar.

Hina tvo síðastgreindu hluta telja stefndu eign Lundarreykjadalshrepps.

Verða nú heimildir stefndu til lendna þessara kannaðar.

Um 1. Svonefnd Gullberastaðatunga, er stefndu telja liggja milli Fossár og Lambár, var hluti jarðarinnar Gullberastaða í Lundarreykjadalshreppi. Var hún seld Andakílshreppi árið 1898.

Í landamerkjaskrá fyrir Gullberastaðatungu frá 17. júní 1923, sem undirrituð er af Sigurði Jónssyni f. h. Lundarreykjadalshrepps, er landamerkjum við Reyðarvatn lýst þannig: „Að sunnan ræður Grímsá merkjum allt austur, þar til hún fellur úr Reyðarvatni. Þaðan ræður Reyðarvatn þangað, sem Fossá rennur í það". Í landamerkjaskrá fyrir Gullberastaðatungu frá 2. júlí 1923, sem undirrituð er af Sigurði Jakobssyni f. h. Andakílshrepps og Áskatli Hjálmarssyni f. h. Þverfells, er þessum sömu merkjum lýst þannig: „Úr því ræður Fossá að Reyðarvatni. Reyðarvatn ræður að Grímsá". Deila reis milli Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps um austurlandamerki Gullberastaðatungu, en á það mál var sætzt með samningi 17. júní 1933.

Um 2. Í lögfestu séra Þorsteins Helgasonar frá 18. maí 1837 um eignir og ítök Reykholtskirkju segir m. a.: „Þá lögfesti ég einnig land við Reydarvatn austan frá Drangshlíð og útundir Fossárflóa". Í vísitazíuskýrslu Péturs biskups Péturssonar 21. júlí 1869 segir, að Reykholtskirkja „á og hefur lengi haft í hefðarhaldi land við Reyðarvatn, austan frá Drangshlíð og út um Fossárflóa ...". Þá segir í lögfestu séra Þórðar Þórðarsonar Jónassonar fyrir staðnum í Reykholti, dagsettri 29. maí 1876: „Þá lögfesti ég einnig land við Reyðarvatn austan frá Drangshlíð og út undir Fossárflóa". Að fengnu leyfi bærra yfirvalda seldi Guðmundur

prófastur Helgason f. h. Reykholtskirkju 9. september 1885 Lundarreykjadalshreppi afréttarlönd Reykholtskirkju á suðurfjalli, þar á meðal „land við Reyðarvatn".

Um 3. Í lögfestu Markúsar prests Snæbjarnarsonar frá 16. maí 1740 um landamerki Þingvalla segir m. a.: „... Skjaldbreið hvöria eg lögfesti alla itra: Þaðan beint í Leirárhöfða og svo epter allt þar til vötnum hallar að Borgarfyrði, þaðann beint epter til Steinkyrkíu eða Steinkistu (af sumum kallaðri)".

Í lýsingu Stefáns Pálssonar frá Oddgeirshólum á landamerkjum Þingvalla frá 10. janúar 1832 segir m. a.: „... Þaðan í gegnum Súlur og í Hrosshæðir úr þeim eftir Uxahrygg og í Leyrárhöfða úr hönum í skurði, sunnan til vid Kaldadal. Þadan í Eyríks-Nýpu í Baldjökli".

Þá segir meðal annars í sóknarlýsingu Þingvallasveitar, undirritaðri af séra Birni Pálssyni 5. febrúar 1840, um vötn í Þingvallasókn: „Stöðuvötn eru Lítil vík af Reyðarvatni, kölluð Selvík, Oxavatn kippkorn fyrir vestan Sæluhús".

Í landamerkjaskrá Þingvalla, sem undirrituð er 1. september 1886 af séra Jens Pálssyni f. h. Þingvalla, Davíð Snæbjarnarsyni f. h. eiganda Vörðufells og Birni Sveinbjarnarsyni f. h. eiganda Þverfells, segir svo m. a.: „... í austur rætur fjallsins Skjaldbreiðs, sem allt er eign Þingvallskirkju, og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess og úr norðurrótum þess eftir beinni stefnu í Leirárhöfða og þar til vötnum hallar að Borgarfirði, en það er um þá línu, sem liggur sjónhending úr norðvesturhorni Geitlandsjökuls í hæsta tind Kvikfjáryndisfells. Þar sem þessi síðasta lína sker línuna úr norðurrótum Skjaldbreiðs í Leirárhöfða er hornmark.

Úr hornmarki þessu liggja landamerkin sjónhending í hæsta tind Kvikfjáryndisfells. Þaðan í mjóu Súlu (eða háu Súlu) ...".

Samkvæmt endurriti úr dóma- og þingbók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu var hinn 29. maí 1890 á manntalsþingi fyrir Lundarreykjadalshrepp lesið skjal, dags. 27. s. m., „þar sem hreppsnefndin í Lundarreykjadalshreppi lögfestir hreppnum land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk á milli Þingvallakirkju- og Reykholtskirkjulands"."

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 14. október 1967, hefur ráðuneytið lýst því yfir, að ekki verði talið, „að umrætt mál varði landsréttindi Þingvallakirkju".

Sóknaraðiljar rökstyðja dómkröfur sínar með því, að þeir eigi allt land að Reyðarvatni að norðan og austan milli Grímsáróss

(upptaka Grímsár) og Reyðarlæks, þ. e. Andakílshreppur, og milli Grímsáróss og Fossármynnis, en Lundarreykjadalshreppur milli Fossármynnis og mynnis Reyðarlækjar. Eigi þeir því vatnsbotn 115 metra út frá vatnsbakka, miðað við lágflæði, samkvæmt 4. gr. laga nr. 15/1923 svo og rétt til hagnýtingar vatns samkvæmt 2. gr. sömu laga svo og veiðirétt samkvæmt framangreindum lögum og lögum um lax- og silungsveiði.

Af hálfu sóknaraðilja hefur og við munnlegan flutning málsins því verið haldið fram, að með langri notkun íbúa Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps á Reyðarvatni til veiða hafi þeir hefðað sér rétt til veiði í vatninu. Kvaðst lögmaður sóknaraðilja taka þetta fram til vara, þótt óþarft væri að hans áliti.

Varnaraðiljar fallast á, að með marggreindum hæstaréttardómi frá 1967 sé því slegið föstu, að þeir hafi ekki fært fram gögn fyrir því, að eigandi Þverfells hafi á þeim tíma, sem landamerkjaskráin frá 10. september 1886 var gerð, átt frekari botns-, vatns- og veiðiréttindi í Reyðarvatni en hin almennu Jónsbókarákvæði sögðu til um, og með því að frekari gögn hafi ekki fundizt, verði því að hlýta.

Aðalmálsástæða þeirra sé því sú, að eigendur Þverfells hafi með óslitnu hefðarhaldi frá 10. september 1886 til 8. apríl 1963, eða alls í nærfellt 77 ár, unnið sér eignarhefð að Reyðarvatni öllu, þar með botns-, vatns- og veiðirétti samkvæmt lögum nr. 46/1905 um hefð. Lögð hafa verið fram í málinu ýmis gögn til stuðnings þeirri staðhæfingu varnaraðilja, að þeir hafi eða forverar þeirra haft óslitið eignarhald á Reyðarvatni á framangreindu tímabili. Helztu gögn hér að lútandi eru vottorð fyrrverandi ábúenda og eigenda Þverfells um, að þeir hafi talið sér einum heimilan veiðirétt í Reyðarvatni og auglýst bann við veiði annarra, svo og vottorð allmargra manna, sem kveðast hafa veitt í vatninu í skjóli Þverfellsbænda, sem þeir telja eina hafa átt rétt til vatnsins. Gagnstætt gögnum þessum hafa sóknaraðiljar lagt fram vottorð um veiði hreppsbúa Lundarreykjadalshrepps og einnig Andakílshrepps, samninga Þverfellsbónda við hreppsnefnd um veiðileyfi, auglýsingar Lundarreykjadalshrepps um veiðileyfi, leigutekjur Lundarreykjadalshrepps af veiði o. fl.

Ekki þykir ástæða til að rekja nákvæmlega efni gagna þessara hér í dóminum eða gildi þeirra eftir því, hvort staðfest eru eða ekki, þar sem það er sameiginlegt gögnum þessum öllum, að þau geyma aðeins yfirlýsingar vottorðsgefenda um, hvað þeir hafi talið málsaðilja eða forvera þeirra eiga af rétti til Reyðarvatns,

eða þau fjalla um veiðar í Reyðarvatni í skjóli Þverfellsbænda, sem ekki er ágreiningur um, að hafi átt veiðirétt í vatninu í netlögum sínum og almenningi. Verður að fallast á það með sóknaraðilja (við munnlegan flutning málsins), að ekki sé sannað, að Þverfellsmenn eða skjólstæðingar þeirra hafi að staðaldri veitt neitt í Reyðarvatni, sem ekki samrýmist rétti þeirra til vatnsins, þ. e. fyrir Þverfellslandi eða í almenningi vatnsins. Af síðastgreindri ástæðu og að öðru leyti af sömu ástæðum og að framan greinir þykir ekki þurfa að meta gildi vottorðanna um veiði íbúa Lundarreykjadalshrepps og Andakílshrepps í Reyðarvatni.

Samkvæmt öllu því, sem rakið hefur verið hér að framan, þykir mega slá því föstu, að öll strandlengja Reyðarvatns að norðan og austan milli Grímsáróss og mynnis Reyðarlækjar sé háð beinum eignarrétti sóknaraðilja í máli þessu, þ. e. strandlengjan milli Grímsáróss og Fossármynnis sé eign Andakílshrepps og strandlengjan milli Fossármynnis og mynnis Reyðarlækjar sé eign Lundarreykjadalshrepps.

Sömuleiðis þykir mega slá því föstu, að ósannað sé í máli þessu, að eigendur eða ábúendur Þverfells hafi haft nokkur þau umráð eða not af Reyðarvatni, sem ekki samrýmist viðurkenndum rétti jarðarinnar til vatnsins fyrir sínu landi og í almenningi vatnsins, og hafi Þverfell því ekki öðlazt neinn rétt annarra landeigenda að vatninu til þess.

Þykir því bera að taka til greina dómkröfur sóknaraðilja þannig:

Andakílshreppur sem eigandi strandlengju Reyðarvatns frá Grímsárósi að Fossármynni skal eiga vatnsbotn fyrir þessu landi sínu 115 metra út í vatn frá lágflæði svo og einkarétt til umráða og hagnýtingar vatns og einkarétt til veiða innan framangreindra marka. Sömuleiðis veiði í almenningi vatnsins að tiltölu eftir ákvæðum 1. tölul. 8. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957. Lundarreykjadalshreppur sem eigandi strandlengju Reyðarvatns frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar skal eiga vatnsbotn fyrir þessu landi sínu 115 metra út í vatn frá lágflæði svo og einkarétt til umráða og hagnýtingar vatns og einkarétt til veiði innan framangreindra marka. Sömuleiðis veiði í almenningi vatnsins að tiltölu eftir ákvæðum 1. tölul. 8. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957. Framangreind svæði (netlög) eru mörkuð með bláum lit á uppdrátt af Reyðarvatni á dskj. nr. 3 (einnig fyrir landi Þverfells), en með rauðu bleki eru mörkuð á sama uppdrátt

takmörk netlaga, svo sem þau eru ákveðin í dómi þessum, milli Þverfells og lands Andakílshrepps við Grímsárós milli landa Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps við Fossármynni og milli lands Lundarreykjadalshrepps og Þverfells við mynni Reyðarlækjar. Eru mörk þau, sem sett eru samkvæmt dóminum, færð inn á uppdráttinn af höfundi hans, Ágústi Böðvarssyni, samkvæmt ákvörðun dómenda eftir ákvæðum 3.—5. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir bera að dæma varnaraðilja, Veiðifélagið Bláskóga s/f og Björn Davíðsson, Þverfelli, in solidum til að greiða sóknaraðiljum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000.00.

Ásgeir Pétursson sýslumaður og meðdómendur Sigurgeir Jónsson og Sigþór Þórarinsson kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Sóknaraðili Andakílshreppur sem eigandi strandlengju Reyðarvatns í Borgarfjarðarsýslu frá Grímsárósi að Fossármynni skal eiga vatnsbotn fyrir þessu landi sínu 115 metra út í vatn frá lágflæði svo og einkarétt til umráða og hagnýtingar vatns og einkarétt til veiði innan framangreindra marka. Sömuleiðis veiði í almenningi vatnsins að tiltölu eftir ákvæðum 1. töluliðar 8. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957. Sóknaraðili Lundarreykjadalshreppur sem eigandi strandlengju Reyðarvatns frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar skal eiga vatnsbotn fyrir þessu landi sínu 115 metra út í vatn frá lágflæði svo og einkarétt til umráða og hagnýtingar vatns og einkarétt til veiði innan framangreindra marka. Sömuleiðis veiði í almenningi vatnsins að tiltölu eftir ákvæðum 1. töluliðar 8. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957.

Varnaraðiljar, Veiðifélagið Bláskógar s/f og Björn Davíðsson, Þverfelli, greiði sóknaraðiljum, Andakílshreppi og Lundarreykjadalshreppi in solidum kr. 50.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember 1971.

Nr. 43/1971. **Guðmundur Pálsson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Árna Pálssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Gallar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. marz 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 55.740.00 með 8% ársvöxtum frá 15. apríl 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Því er eigi haldið fram, að aðiljar hafi samið um ákveðið endurgjald fyrir smíðina. Áfrýjandi hlutaðist til um, að dómkvaddir menn mætu hæfilegt endurgjald fyrir verkið svo og kostnað af að bæta úr göllum, sem á voru. Stefndi hefur eigi haldið því fram, að honum beri hærra endurgjald fyrir verk sitt en matsfjárhæð nemur. Málatilbúnað áfrýjanda þykir hafa verið rétt að skilja svo, að hann krefðist eigi aðeins fullra skaðabóta vegna galla á verki stefnda, eftir því sem matsgerð sagði til um, heldur viðurkenndi, að sér bæri þá að greiða fyrir verkið samkvæmt sömu matsgerð. Hinir dómkvöddu matsmenn hafa staðfest matsgerð sína fyrir dómi. Í matsgerðinni er skilmerkilega lýst hinum stórfelldu göllum á smíðinni. Eins og málinu er háttað, þykir rétt að leggja mat matsmanna einnig til grundvallar um kostnað af endurbótum, þ. e. kr. 35.000.00. Úrlausn héraðsdóms um 3ja kröfulið áfrýjanda ber að staðfesta.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 30.000.00 (35.000.00 + 5.000.00 ÷ 10.000.00) með vöxtum, svo sem krafizt er.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði, þar með talinn matskostnað, og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Árni Pálsson, greiði áfrýjanda, Guðmundi Pálssyni, kr. 30.000.00 með 8% ársvöxtum frá 15. apríl 1969 til greiðsludags og málskostnað, kr. 20.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. nóvember 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 12. þessa mánaðar, hefur Guðmundur Pálsson verkamaður, Ásgarði 43, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 14. maí 1969, á hendur Árna Pálssyni húsasmið, Laufásvegi 17, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 55.740.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 15. apríl 1969 til greiðsludags ásamt málskostnaði samkvæmt reikningi að fjárhæð kr. 14.511.00.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu, en til vara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður þá látinn niður falla.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að haustið 1968 tók stefndi að sér samkvæmt beiðni eiginkonu stefnanda að smíða eldhúsinnréttingu í hús stefnanda að Ásgarði 43 hér í borg. Kveður stefndi eiginkonu stefnanda hafa sagt við sig, að hún þyrfti að fá nýja eldhúsinnréttingu í nefnt hús, sams konar eða líka að útliti og þá, sem stefndi hafði þá smíðað í íbúð sína að Hjálmholti 7. Eiginkona stefnanda er nú látin.

Stefndi segist hafa strikað upp eldhúsinnréttinguna í samráði við eiginkonu stefnanda. Ekki var gerður skriflegur samningur um smíði þessa, og ekki var samið um ákveðið verð fyrir innréttinguna. Hins vegar segir stefndi, að stefnandi og eiginkona hans hafi spurt sig að því, hvað svona innrétting mundi kosta, og minnti stefnda, að hann hefði sagt þeim, að slík innrétting mundi með efni, vinnu og uppsetningu kosta um kr. 50.000.00 til kr. 55.000.00.

Stefnandi telur, að stefndi hafi afhent eldhúsinnréttinguna einhvern tíma í febrúar 1969. Stefndi mundi aftur á móti ekki að greina frá því, hvenær hann hefði afhent innréttinguna, en taldi sig þó reka minni til þess, að næsta voru væru liðin um það bil 2 ár frá afhendingu.

Stefnandi var óánægður með smíðina hjá stefnda. Kvaðst stefnandi hafa kvartað undan smíðinni, sem sagt strax eftir að hann fékk innréttinguna afhenta. Kvað hann stefnda þá hafa svarað orðrétt, „að þetta væri fyrsta flokks". Hann kvað stefnda hafa boðizt til að lagfæra innréttinguna um svipað leyti og hann setti fram síðar kvartanir. Stefnandi kvaðst hins vegar ekki hafa treyst stefnda til að framkvæma lagfæringuna. Því hafi ekkert orðið úr því. Stefnandi kvað stefnda ekki hafa boðizt til þess að bæta sér annað tjón, svo sem fyrir óþægindi og afnotamissi samfara viðgerðinni.

Stefndi kvað stefnanda hafa kvartað yfir innréttingunni, skömmu eftir að hún var sett upp. Hann kvað stefnanda hafa meinað sér að gera við innréttinguna, þótt hann hafi boðizt til þess. Tók stefndi sérstaklega fram, að hann hafi ekki getað komizt inn í húsið til þess að gera við innréttinguna né heldur til að ljúka við hana, þar sem hann hafi ekki verið búinn með hana, þegar húsinu hafi verið lokað á sig.

Með bréfi til borgardómara, dagsettu 13. marz 1969, óskaði stefnandi þess, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess „að skoða ástand umræddrar eldhúsinnréttingar og meta hana til verðs svo og skemmdir í eldhúsi í sambandi við uppsetningu á henni. Yfirleitt er þess óskað, að matsmennirnir skoði og meti vandlega allt, sem til greina kemur í þessu sambandi, þ. á m., hvort innréttingin telst vera nothæf".

Á bæjarþingi hinn 14. marz 1969 voru þeir Indriði Níelsson húsasmíðameistari og Þorsteinn Hjálmarsson húsgagnasmíðameistari dómkvaddir til þess að framkvæma hina umbeðnu matsgerð.

Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dagsett 21. marz 1969. Hljóðar hún svo að loknum inngangsorðum:

„Mánudaginn 17. marz 1969 mættu matsmenn á staðnum kl. 13.30. Auk matsmanna voru mættir eigandi íbúðarinnar, Guðmundur Pálsson, og Þorvaldur Þórarinsson hrl. Árni Pálsson var boðaður, en kvaðst ekki mundu mæta. Eldhúsinnréttingin er smíðuð úr beykispónaplötum, álímdum tekki á köntum, plastlagðar hillur, botnar, hurðir, skúffur, sökklar og skápar að utan. Lakk hefur verið sett inn í skúffur og skápa.

Smíði skápanna er að okkar dómi mjög slæm. Samskeyti á við eru víðast opin, falla illa saman, botn er laus við hlið í efri skáp við útvegg, kantar að framan illa pússaðir, kantlisti ofan við ísskáp þekur ekki plötuþykktina, yfirlisti á efri skáp skeyttur saman og er ekki úr tekki eins og aðrar álímingar, einnig er hann mjög hlykkjóttur. Skápar að innan, sem teljast lakkaðir, eru illa pússaðir, kámaðir og lím illa hreinsað.

Skúffur eru illa lakkaðar að innan, forstykki falla ekki vel saman í lengdina, og endar þeirra eru bæsaðir þar, sem tekk álímingar ættu að vera.

Álímingu á plasti er mjög ábótavant. Notað hefur verið „contakt" lím, sem farið er að losna á nokkrum stöðum, og reikna má með, að plastið losni meira úr límingu, þegar frá líður.

Brotnað hefur stykki úr plasti ca. 3x6 cm á kappa í efri skáp, sem hefur verið límt á eftir í sárið, einnig er áberandi skábrotin plastplata að neðan á hlið við ísskáp. Einnig eru annarsstaðar flaskaðar brúnir á plasti, svo sem við ísskáp og borðenda, plast er of stutt á hlið efri skáps, og hefur verið límdur þar tekkrenningur ofan við ca. 1½ cm á breidd.

Í botn á neðri skáp hafa verið notaðir bútar úr plasti og illa skeyttir saman, einnig fellur plast í botn á efri skáp illa að hliðum. Ganglistar fyrir skothurðir eru illa settir í og skeyttir saman, misdjúpt er inn að skothurðum frá framkanti, og skrölta hurðir í, þar sem nót hefur verið tekin of breið. Í neðri skáp eldavélarmegin hefur of lítið bil verið milli ytri og innri hurðar, þannig að tekkgrip á innri hurð hefur brotnað af, og skröltir hún einnig af sömu ástæðum og áður greinir.

Álímingar á skothurðaskápum eru of mjóar, og skín í beyki milli tekklista og skothurða. Ýmislegt fleira mætti tína til viðvíkjandi smíði á skápum þessum.

Smíði á innréttingu þessari, miðað við góða vinnu og efni, teljum við hæfilega metna á kr. 57.000.00, fimmtíu og sjö þúsund krónur, að meðtalinni uppsetningu.

Til að koma eldhúsinnréttingunni í viðunandi horf þarf að taka hana niður og flytja á verkstæði og endursmíða að miklu leyti og setja síðan upp aftur, og er mat okkar á viðgerð þessari 35.000.00 kr., þrjátíu og fimm þúsund krónur".

Matsmenn hafa báðir komið fyrir réttinn og staðfest matsgerð sína. Hafa þeir borið, að í matsgerð þessari sé ekki tekið tillit til bóta vegna afnotamissis eða óþæginda samfara viðgerð þessari.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfur sínar þannig:

1. Lagfæring á innréttingunni samkvæmt matsgerð kr. 35.000.00
2. Matskostnaður .. .. — 5.740.00
3. Afnotamissir og óþægindi .. .. — 15.000.00

Samtals kr. 55.740.00

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á hinni framlögðu matsgerð. Bendir hann sérstaklega á það, að stefndi hafi ekki rétt til þess að lagfæra innréttinguna, þar sem hann hafi fyrirgert þeim rétti vegna þess, að hann hafi ekki boðið bætur fyrir afnotamissi og óþægindi, þegar hann bauðst til þess að lagfæra innréttinguna. Þá bendir stefnandi á það sérstaklega, að nauðsynlegt sé að flytja innréttinguna á verkstæði til lagfæringar. Muni þetta hafa í för með sér mikil óþægindi og afnotamissi fyrir sig. Hefur hann því auk matsfjárhæðarinnar krafizt sérstakra bóta fyrir óþægindi og afnotamissi, svo sem að framan getur.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að hann hafi sett eldhúsinnréttingu þessa upp í febrúarmánuði 1969. Hafi hann þá tjáð stefnanda, að smíði væri eigi lokið, enda hafi stefndi þá eigi verið búinn að fá greiðslu nema að hluta. Áður en stefndi hafi fengið lokið smíðinni hafi verið dómkvaddir tveir matsmenn til þess að meta verkið samkvæmt beiðni stefnanda. Telur stefndi mat þetta marklaust og mótmælir því sem röngu, enda hafi sér verið meinað að ljúka við innréttinguna, þar sem húsinu hafi verið lokað á sig og síðan beðið um mat, án þess að stefndi fengi að lagfæra eða ljúka verkinu. Af þessum sökum telur stefndi fráleitt, að hann þurfi að bera nokkurn kostnað vegna þessarar matsgerðar.

Að endingu mótmælir stefndi kröfu stefnanda vegna afnotamissis og óþæginda, slíkt komi ekki til greina, vegna þess að sér hafi verið meinað að ljúka við verkið.

Skriflegur samningur var eigi gerður um verk þetta. Verklýsing eða eiginlegar teikningar voru heldur eigi gerðar, en stefndi kveðst hafa „strikað upp eldhúsið í samráði við eiginkonu stefnanda".

Svo sem sjá má af þessu, hefur mjög losaralega verið gengið frá samningi um smíði þessa.

Dómendur hafa farið á vettvang og skoðað eldhúsinnréttinguna. Fallast má á það með matsmönnum, að smíði á innréttingu sem þessari, miðað við góða vinnu, efni og uppsetningu, sé hæfilega metin kr. 57.000.00. Hins vegar er innrétting sú, sem hér um ræðir, haldin margvíslegum smíðagöllum, svo sem fram kemur í matsgerðinni. Aftur á móti getur dómurinn ekki fallizt á mats-

fjárhæð hinna dómkvöddu manna, að því er varðar kostnað við að lagfæra galla þessa. Telur rétturinn eigi nauðsyn bera til að flytja innréttinguna á verkstæði til lagfæringar, heldur sé unnt að framkvæma hana á staðnum. Telur rétturinn lagfæringarkostnað þennan hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00. Þá þykir rétt, að stefnandi fái nokkrar bætur vegna óþæginda samfara viðgerð þessari. Þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 5.000.00. Þar sem stefndi bauðst ekki til að greiða stefnanda bætur vegna óþæginda samfara viðgerð á eldhúsinnréttingunni, telst hann ekki nú hafa rétt til lagfæringar þeirrar, sem gera þarf.

Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda í ofangreindar bætur kr. 25.000.00.

Stefnandi á aftur á móti að gjalda stefnda samtals kr. 57.000.00 fyrir innréttingu þessa eftir lagfæringu hennar. Af þeirri fjárhæð kvaðst stefnandi þegar hafa greitt kr. 47.000.00, og hefur sú fullyrðing eigi sætt andmælum af hálfu stefnda. Samkvæmt þessu á stefnandi ógoldnar kr. 10.000.00 fyrir innréttinguna, lagfærða.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi er dæmdur til að greiða stefnanda kr. 15.000.00 (þ. e. kr. 25.000.00 ÷ kr. 10.000.00) ásamt 8% ársvöxtum frá 15. apríl 1969, er stefnda var ritað kröfubréf, til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda helming matskostnaðar, kr. 2.870.00. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Kristni R. Sigurjónssyni húsasmíðameistara og Jónasi Sólmundssyni húsgagnasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Árni Pálsson, greiði stefnanda, Guðmundi Pálssyni, kr. 15.000.00 með 8% ársvöxtum frá 15. apríl 1969 til greiðsludags og kr. 2.870.00 í matskostnað.

Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember 1971.

Nr. 85/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Gunnari Gísla Jónssyni Waage
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsmanna. Í greinargerð skólastjórans, dagsettri 10. ágúst 1971, segir m. a. svo:

„A = staður varðskipsins kl. 1012 h. 29/4 '71 við hlið bátsins. Staður A mælist um 1,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Staður varðskipsins kl. 1013 við hlið bátsins mælist um 1,4 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Í sama sjókort hef ég einnig sett út staðarákvörðun varðskipsins kl. 1012 með því að taka tillit til þeirrar fjarlægðarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur Kelvin Hughes ratsjár varðskipsins viðurkenna (± 2½% af fjarlægðum fyrir færanlega fjarlægðarhringinn), staður A_1 auðkenndur með rauðum lit. Staður A_1 mælist um 1,0 sjóm. innan fiskveiðimarkanna".

Hinn 17. ágúst 1971 ritaði saksóknari ríkisins sjávarútvegsráðuneytinu bréf og beiddist umsagnar ráðuneytisins um það, „hvort orðið „botnvarpa" í 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971, um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi, taki að þess áliti til rækjuvörpu" og hvort rækjuveiðileyfi ákærða „takmarkist af nefndri reglugerð nr. 23/1971, bæði með hliðsjón af því, að fyrir lægi, að um hreinar rækjuveiðar væri að ræða, svo og þegar afli er með þeim hætti", sem fram komi í matsgerð í málinu.

Í svari ráðuneytisins, dagsettu 20. ágúst 1971, segir svo: „Orðið „botnvarpa“ í 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971, um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi, tekur að dómi ráðuneytisins til rækjuvörpu alveg á sama hátt og 1. mgr. 1. gr. l. 21/1969 um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, en rækjuveiðileyfið á dskj. nr. 5 veitir handhafa þess einmitt undanþágu frá þessu síðarnefnda ákvæði. Rækjuveiðileyfum er einungis ætlað að veita almennar undanþágur á tilteknum svæðum frá hinu almenna bannákvæði 1. mgr. 1. gr. l. 21/1969. Þeim er ekki ætlað að veita undanþágur frá öðrum þeim sérreglum, sem í gildi kunna að vera á hverjum tíma á viðkomandi svæðum, enda þyrfti, að áliti ráðuneytisins, að taka skírlega fram í leyfum, frá hvaða sérreglum þau veittu undanþágur — væri þeim ætlað að gera það. Ekki verður séð, að samsetning afla skipti máli í þessu sambandi, en ljóst er, að ef vísvitandi er veiddur annar fiskur en rækja, þá er um misnotkun á rækjuveiðileyfi að ræða, og varðar slík misnotkun fyrirvaralausum missi rækjuveiðileyfis eftir ákvörðun ráðuneytisins“.

Að tilhlutun Hæstaréttar var háð framhaldsrannsókn í málinu. Fyrir sakadóm komu aftur skipherra varðskipsins, Þröstur Sigtryggsson, og Kristinn Jóhann Árnason, sem var 1. stýrimaður varðskipsins hinn 29. apríl 1971. Var þeim kynnt efni undirréttardómsskjals nr. 1, þ. e. skýrsla Landhelgisgæzlunnar, dags. 29. apríl 1971. Framburður skipherra var svohljóðandi:

„Vitnið segir, að það, sem við er átt í skýrslum þess með staðnum Gálgum, sé radarendurvarp frá fjarskiptaskermum varnarliðsins, sem eru stutt frá þríhyrningsmælistaðnum Gálgum. Vitnið hefur ekki mælt fjarlægð skermanna frá umræddum punkti, en áætlar hana vera 100—200 metra í suðvestlæga stefnu frá Gálgum. Útsetningin í sjókortin er sett frá þríhyrningsmælistaðnum.

Vitnið kveðst ekki gera þetta að ástæðulausu, heldur í samræmi við athugun, sem það gerði með sextant og ratsjá kl. 11.48 hinn 29. apríl s.l.“.

Skipherra var að því spurður, „hvaða punktur í Eldey hafi verið notaður til viðmiðunar í mælingunum“. Kvað skipherrann, „að í þessari fjarlægð frá Eldey komi hún aðeins fram í radarnum sem einn punktur og á venjulegan hátt mæld fjarlægð til hans“.

Framburður 1. stýrimanns var svohljóðandi:

„Vitnið segir, að í radar varðskipanna sjáist greinilegur punktur, sem skipstjórnarmenn álíti vera fjarskiptaskerma varnarliðsins á Stafnesi. Skermarnir eru það nálægt þríhyrningspunkti, sem er á Stafnesinu, að óhætt er talið að setja fjarlægðir út frá þeim punkti, og er það venjulega gert. Er í þessu efni talað um staðinn Gálga á meðal skipstjórnarmanna á varðskipum ríkisins. Aðspurt kveðst vitnið aðeins hafa athugað staðinn af sjó, en aldrei á landi“.

Málið var af nýju borið undir Jónas Sigurðsson, skólastjóra Stýrimannaskólans. Greinargerð skólastjórans, dagsett 28. október 1971, er svohljóðandi:

„Samkvæmt framburði skipherra og 1. stýrimanns varðskipsins var staðarákvörðun varðskipsmanna hjá bátnum gerð með radarfjarlægðum frá Eldey og fjarskiptaskermum varnarliðsins sunnarlega á Stafnesi. Fjarlægðin frá fjarskiptaskermunum er hins vegar sett út frá þríhyrningamælistaðnum Gálgum, enda eru skermarnir ekki merktir í sjókorti nr. 31.

Á loftmynd, sem Landmælingar ríkisins hafa tekið af þessu svæði, hef ég mælt fjarlægðina milli Gálga og fjarskiptaskermisins, sem er lengst frá Gálgum. Samkvæmt því er fjarlægðin um 260 metrar, eða um 0,14 sjóm., og áttin frá Gálgum til skermisins um 223° réttvísandi.

Við útsetningu í sjókort nr. 31 get ég ekki fundið, að þessi munur á staðnum, sem fjarlægðin var mæld til, og staðnum, sem hún var sett út frá, hafi mælanleg áhrif á fjarlægð staðanna A og A_1 frá bannsvæðismörkunum, þ. e. línunni réttvísandi vestur frá Stafnesi“.

Þá hefur ákærði einnig komið fyrir sakadóm. Hefur hann lýst því, „að hann hafi verið að veiðum með rækjutroll á rækjumiðum og verið að leita að rækju“.

Í bréfi 2. nóvember 1971 hefur Hafrannsóknastofnunin gert grein fyrir afskiptum sínum af rækjuveiðum í aprílmánuði 1971, og segir í bréfi þessu m. a.: „Í apríl s.l. gerði Hafrannsóknastofnunin tilraunir með nýja gerð af rækjuvörpu á Eldeyjarmiðum um borð í m.s. Snarfara, KÓ 17, sem tekinn var á leigu í þessu skyni. Tilgangur tilraunanna var að kanna, að hve miklu leyti mætti koma í veg fyrir óæskilega veiði á smáýsu við rækjuveiðarnar með því að nota nýja vörpugerð. Samkvæmt tillögu stofnunarinnar var rækjuveiði bönnuð á svæðinu á þessum tíma. Þar sem nauðsyn bar til að hafa einn bát til samanburðar við tilraunaskipið, fór stofnunin fram á það við sjávarútvegsráðuneytið, að einum báti yrði veitt veiðileyfi að nýju. Þar sem einungis lágu fyrir 3 umsóknir um rækjuleyfi á þessum tíma, var ákveðið að verða við öllum umsóknunum. Þeir bátar, sem leyfi fengu, voru Árni Ólafur, GK 315, Snorri, KE 131, og Freyja, GK 48".

Af því, sem að framan er rakið og öðrum gögnum málsins, verður að telja sannað, að skip ákærða, Freyja, GK 48, hafi í umrætt sinn verið að veiðum með rækjuvörpu (kampalampavörpu) á svæði því, sem um er fjallað í 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971.

Með ákvæðum 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 er ráðherra veitt almenn heimild til að undanþiggja kamalampa- og leturhumarveiðar veiðibanni því, sem boðið er í 1. mgr. sömu greinar, og ákveða, hvar þessar veiðar skuli leyfðar. Með sérákvæðum 2. gr. er skipum heimilað að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á ákveðnum svæðum og tímum samkvæmt því, sem nánar getur í greininni. Innan þessara leyfðu svæða er ráðherra þó með reglugerð heimilt að banna veiðar þessar á tilteknum svæðum. Þeirri undanþáguheimild beitti ráðherra með setningu reglugerðar nr. 23/1971, en 1. tl. 1. gr. hennar bannar botnvörpuveiðar á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1971, m. a. á svæði því, þar sem ákærði var að veiðum. Þegar framangreind ákvæði eru virt, verða þau ekki örugglega skýrð þannig, að þeim sé ætlað að þrengja hina almennu heimild ráðherra samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 til að veita vél-

bátum leyfi til kampalampa- og leturhumarveiða innan fiskveiðilandhelginnar.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, veitti sjávarútvegsráðuneytið hinn 19. apríl 1971 ákærða leyfi til að stunda rækjuveiðar með venjulegri rækjuvörpu á svæðinu fyrir Suður- og Vesturlandi allt að Snæfellsnesi á tímabilinu frá 19. apríl til 30. apríl 1971. Ákæruði var því að veiðum á því svæði, er honum höfðu verið heimilaðar veiðar, þegar varðskipið kom að honum að veiðum með rækjuvörpu hinn 29. apríl 1971, en óumdeilt er, að rækjuveiðar og rækjuvarpa sé hið sama og kampalampaveiðar og kampalampavarpa. Ber því samkvæmt þessu að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun verjanda ákærða bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákæruði, Gunnar Gísli Jónsson Waage, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Sannað er, að ákæruði var hinn 29. apríl 1971 á vélbát sínum, Freyju, GK 48, að veiðum með rækjuvörpu á sjávarsvæði, þar sem bannað var að stunda botnvörpuveiðar á tímabilinu frá 1. marz til 1. maí 1971 samkvæmt upphafsákvæði og 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi. Reglugerð þessi er reist á friðunarsjónarmiðum og geymir eftir orðum sínum og svo yfirlýstum vilja og tilgangi sjávarútvegsráðuneytisins bann við hvers konar botnvörpuveiðum á hinu

tilgreinda svæði. Var og ætlun ráðuneytisins, að bannið tæki einnig til rækjuveiða með botnvörpu. Var ráðuneytinu rétt og fullheimilt að lögum að lýsa yfir því í reglugerðinni með þeim hætti, sem það gerði, að það mundi eigi, meðan reglugerðin stæði, veita leyfi til rækjuveiða með botnvörpu samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 á því svæði og á þeim tíma, sem í áminnztri reglugerð getur.

Nú veitti sjávarútvegsráðuneytið ákærða með bréfi 19. apríl 1971 leyfi til að stunda á vélbát sínum, Freyju, GK 48, „rækjuveiðar með venjulegri rækjuvörpu á svæðinu fyrir Suður- og Vesturlandi allt að Snæfellsnesi, enda verði veiðar þessar stundaðar í fullu samráði við Hafrannsóknastofnunina og undir eftirliti hennar". Í leyfisbréfinu var eigi vísað til reglugerðar nr. 23/1971 um takmörkun á leyfinu, svo sem vera bar, þar sem bannsvæði reglugerðarinnar var hluti þess svæðis, sem leyfisbréfið eftir orðum sínum tók yfir. Ráðuneytið mátti eigi fella ákvæði reglugerðarinnar úr gildi með undanþáguleyfum til einstakra aðilja, alla þá stund, sem það breytti eigi sjálfri reglugerðinni. Það hefur vottað í bréfi 20. ágúst 1971, að það hafi alls eigi hugsað sér að hrófla við reglugerðinni, er það veitti ákærða nefnt leyfi, heldur hafi leyfisbréfið takmarkazt af henni. Verður að lögum hvorki gengið fram hjá reglugerð nr. 23/1971 né yfirlýsingu sjávarútvegsráðuneytisins. Hafa því verið brotin lög þau, sem í ákæru greinir.

Grunnreglur laga nr. 62/1967 og laga nr. 21/1969 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu eru reistar á sérstæðum refsisjónarmiðum. Skipstjóri skips, sem staðinn hefur verið að ólöglegum veiðum eða meðferð veiðarfæra, verður einn skipverja sóttur til saka. Leggja má löghald á skipið og selja það að undangenginni aðför til lúkningar sektum á hendur skipstjóra og kostnaði. Auk þess skulu afli og veiðarfæri skips, sem verið hefur að veiðum, gert upptækt. Nú næst ekki til skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki hafi verið höfðað refsimál út að broti og þótt refsimáli verði ekki komið fram. Það tíðkast við með-

ferð saksóknar samkvæmt lögum nr. 62/1967 að láta meta afla og veiðarfæri skips þess, sem í hlut á. Er þá oftlega sett trygging fyrir matsfjárhæðinni, og er að henni gengið, þá er fullnaðarsakfelling er fyrir hendi. Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður að telja, að fésektum og upptöku samkvæmt nefndum lögum sé í veigamiklum greinum beitt á mjög áþekkum refsigrundvelli.

Þeirri fullyrðingu ákærða verður eigi hafnað, að hann hafi skilið leyfisbréf sitt þannig, að honum væri rétt að veiða á bannsvæði reglugerðar nr. 23/1971. Rétt telst að túlka lög nr. 62/1967 og lög nr. 21/1969 samkvæmt lögstefnu sinni og með hliðsjón af 3. tl. og niðurlagsákvæði 74. gr. laga nr. 19/1940 þannig, að rétt sé að fella niður refsingu á hendur ákærða og svo upptöku á afla og veiðarfærum vélbáts hans, Freyju, GK 48.

Eftir atvikum er rétt samkvæmt rýmkandi skýringu á 140. gr. laga nr. 82/1961 að leggja kostnað af sök þessari á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun verjanda ákærða bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem eru ákveðin samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Felld er niður refsing á hendur ákærða, Gunnari Gísla Jónssyni Waage, og svo upptaka á afla og veiðarfærum vélbáts hans, Freyju, GK 48.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 1. maí 1971.

Ár 1971, laugardaginn 1. maí, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í dómssal embættisins af Sigurði Halli Stefánssyni ásamt meðdómsmönnunum Þorsteini Einarssyni og Árna Sigurðssyni, fyrrum skipstjórum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 538/1971: Ákæruvaldið gegn Gunnari Gísla Jónssyni Waage.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru saksóknara

ríkisins, dagsettri 30. apríl 1971, höfðað á hendur Gunnari Gísla Jónssyni Waage, Stekkum 20, Patreksfirði, skipstjóra á vélbátnum Freyju, GK 48, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr., 2. tl., reglugerðar nr. 23/1971 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 2. gr., E 5, laga nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti fimmtudaginn 29. apríl 1971 frá því árla morguns og fram til kl. 1330 í Miðnessjó á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 2. gr., E 5, laga nr. 21/1969, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1971 samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971.

Ákærist því nefndur Gunnar til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 23/1971, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði er sakhæfur, fæddur 7. júlí 1923 á Tjaldanesi, Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, og hefur ekki áður sætt kærum eða refsingum utan einu sinni með dómssátt verið gerð kr. 200.00 sekt vegna áfengislagabrots.

Málavextir eru þeir samkvæmt skýrslu Þrastar Sigtryggssonar, skipherra á varðskipinu Óðni, dagsettri 29. apríl 1971, að fimmtudaginn 29. apríl 1971, kl. 1012, er varðskipið var við eftirlitsstörf í Miðnessjó, „var komið að m/b Freyju, GK 48, þar sem hún var að toga með skutvörpu. Staður:

Eldey, fjarl. 15.9 sjóm.
Gálgar, fjarl. 11.0 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 1.3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 1013 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Eldey, fjarl. 16.0 sjóm.
Gálgar, fjarl. 11.0 sjóm.

Um kl. 1015 var skipstjóra bátsins sagt að fara til hafnar. Kvaðst hann vera með rækjutroll og veiðileyfi og vilja athuga málið. Var honum sagt, að allar veiðar á svæðinu væru bannaðar nema línu- og netaveiðar.

Kl. um 1300 var komið aftur að bátnum, en hann hafði ekki hift inn vörpuna, var honum skipað að gera það strax.

Kl. 1310 fór 1. stýrimaður varðskipsins um borð í bátinn til

athugunar á vörpu hans. Kom í ljós, að um rækjuvörpu var að ræða, í henni voru 2½ poki af fiski, mest þorski og eitthvað af ýsu, en engin rækja.

Kl. 1330 hélt báturinn til Sandgerðis, en skipstjóri hans kvaðst mundu mæta fyrir rétti í Reykjavík eða Hafnarfirði.

Kl. 0820 var gerð athugun á lausa hring ratsjárinnar, og reyndist hann sýna 0.2 sjóm. of mikið. Í fjarlægðum hér að framan er reiknað með þessari skekkju.

Athuganir voru gerðar af 1. og 2. stýrimanni með KH-ratsjá, undir umsjón skipherra.

Veður ASA-4, regn, sjólítið".

Yfirmenn varðskipsins Óðins mættu hér fyrir dómi og staðfestu vætti sín með eiði.

Þröstur Sigtryggsson skipherra staðfesti skýrslu sína. Hann kvaðst hafa séð einkennisstafi og númer bátsins svo og að hann var að toga með skutvörpu. Hann kvað 1. og 2. stýrimann hafa annazt staðarákvarðanir og hann sjálfur fylgzt með hinni síðari. Einnig hafi þeir undir eftirliti hans sett út stað bátsins í sjókort.

Kristinn Jóhann Árnason, 1. stýrimaður á varðskipinu Óðni, kvaðst af eigin raun geta borið, að skýrsla skipherrans væri rétt í öllum atriðum, og kvaðst hann hafa séð, að báturinn var að toga með skutvörpu. Hann og 2. stýrimaður hefðu annazt staðarákvarðanir og samtímis lesið fjarlægðir af ratsjárskífunni.

Hálfdán Henrýsson, 2. stýrimaður á varðskipinu Óðni, kvaðst hafa séð nafn bátsins og númer og að hann hefði verið að toga með skutvörpu. Hann staðfesti staðarákvarðanir sem réttar, en þær hefði hann framkvæmt ásamt 1. stýrimanni.

Ákærði, sem er skipstjóri m/b Freyju, GK 48, kvaðst hafa farið á veiðar frá Sadgerði kl. 0600—0700 að morgni fimmtudagsins 29. apríl s.l. og haldið á veiðar með rækjubotnvörpu á þær slóðir, sem báturinn var, er varðskipið kom að honum kl. um 1000. Hann kvaðst ekki hafa haft neina ratsjá. Vefengdi hann ekki staðarákvarðanir landhelgisgæzlumanna eða að báturinn hefði, er þær voru gerðar, verið að toga með skutvörpu.

Ákærði kvaðst hafa talið, að hann hefði haft fulla heimild til að veiða á umræddum slóðum, og vísaði hann í því efni til leyfis sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dagsetts 19. apríl 1971, þar sem honum er með skírskotun til 1. gr. laga nr. 21/1969 um breytingu á lögum nr. 62/1967, leyft „að stunda rækjuveiðar með venjulegri rækjuvörpu á svæðinu fyrir Suður- og Vesturlandi allt að Snæfellsnesi . . .". Gildistími leyfisins er tímabilið 19.—30.

apríl 1971. Ekki kvaðst ákærði hafa fengið neina teljandi rækju í umrætt sinn, og reyndist aflinn vera 355 kg. af þorski og 30 kg. af skötusel.

Álit dómsins er, að hafi ákærði talið sér heimilt að veiða með botnvörpu á svæði því, er slíkar veiðar eru ekki leyfðar samkvæmt 1. gr., 2. tl., reglugerðar nr. 23/1971 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi, sé þar um lögvillu að ræða, sem ekki eigi að leiða til sýknu, þótt hún eigi nokkra stoð í óljósu orðalagi umræddrs leyfis sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

Niðurstaða staðfestrar matsgerðar Guðmundar Guðmundssonar fulltrúa og Skarphéðins Kristjánssonar lögregluþjóns er sú, að afli er metinn kr. 2.695.00 og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, kr. 67.500.00.

Með eigin framburði ákærða og vætti vitna svo og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur í umrætt sinn gerzt sekur um fiskveiðibrot það, er í ákæruskjali greinir og þar er réttilega fært til lagaákvæða.

Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 3.992.93 pappírskrónum.

Samkvæmt skipaskrá er m/b Freyja, GK 48, 29 vergar rúmlestir.

Refsing ákærða þykir samkvæmt framangreindum lagaákvæðum hæfilega ákveðin kr. 40.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Gera ber upptækan til handa Landhelgissjóði Íslands allan afla í veiðiferð 29. apríl s.l. og veiðarfæri, þar með talda dragstrengi, vélbátsins Freyju, GK 48.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 6.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gunnar Gísli Jónsson Waage, greiði kr. 40.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli í veiðiferð 29. apríl s.l. og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vélbátsins Freyju, GK 48, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember 1971.

Nr. 131/1970. **Elías Bernburg**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Bæjarútgerð Reykjavíkur
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Kaupgjaldsmál. Réttindi vélstjóra. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1970. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 93.633.58 með 8% ársvöxtum frá 14. ágúst 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti og svo að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v Þormóði goða, RE 209, til tryggingar greindum kröfum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjada til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Elías Bernburg, greiði stefnda, Bæjarútgerð Reykjavíkur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. júní 1970.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 29. nóvember 1968. Munnlegur málflutningur fór fram 4. maí 1970, og var málið dómtekið á þeim degi.

Málið var enduruppteki 29. maí 1970 og endurflutt, en að því loknu var málið dómtekið að nýju.

Stefnandi málsins er Elías Sveinbjörn Jón Bernburg, til heimilis að Meistaravöllum, Reykjavík.

Stefndi er Bæjarútgerð Reykjavíkur, Reykjavík.

Upphaflegar dómkröfur stefnanda voru þær, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 100.220.03 ásamt 1% vöxtum á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 14. ágúst 1968 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu svo og til viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Þormóði goða, RE 209, til tryggingar kröfum þessum. Voru stefnukröfurnar sundurliðaðar þannig:

Kaup fyrir tímabilið 15. maí 1968 til 13. ágúst 1968 kr.	93.663.58
Orlof á ofangreinda fjárhæð .. .. —	6.556.45
Kr.	100.220.03

Við munnlegan málflutning féll stefnandi frá kröfu sinni um orlof og lækkaði því stefnukröfuna í kr. 93.663.58. Að öðru leyti eru stefnukröfur stefnanda óbreyttar.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda, en til vara lækkunar á stefnukröfum. Enn fremur hefur stefndi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins. Sáttir hafa verið reyndar í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.1. Samkvæmt skjölum málsins eru málavextir þeir, að stefnandi réð sig til stefnda í október eða nóvember 1962. Kveðst stefnandi hafa verið smyrjari í fyrstu ferðinni á b/v Þormóði goða, en þann 10. janúar 1963 hafi hann verið ráðinn sem vélstjóri

á sama skip og starfað þar ýmist sem II. eða III. vélstjóri næstu 4—5 árin. Stefnandi, sem hafði eigi vélstjóraréttindi, hafði leyfi ráðuneytisins til vélstjórastarfsins. Stefnandi kveðst hafa sagt upp starfi sínu á b/v Þormóði goða með eðlilegum fyrirvara á árinu 1966 og ráðið sig til Vélsmiðjunnar Héðins 10. eða 11. apríl s. á. Kveðst stefnandi hafa orðið fyrir slysi í starfi í ofangreindri vélsmiðju þann 16. maí 1966 og hlotið við það varanlega örorku.

Enn kveðst stefnandi hafa verið skráður sem vélstjóri á b/v Þormóð goða í september eða ágúst 1966, en að nokkrum tíma liðnum hafi skipið farið í vélarklössun og hafi því verið afskráð af skipinu. Engu að síður kveður stefnandi sig hafa starfað hjá stefnda, á meðan á því stóð.

Stefnandi kveðst enn á ný hafa verið skráður sem vélstjóri á b/v Þormóð goða í ágúst eða september 1967, og kveðst hann hafa starfað þar ýmist sem II. eða III. vélstjóri til 13. maí 1968, en þá kveður stefnandi, að sér hafi fyrirvaralaust verið sagt upp starfi, eins og nánar verður vikið að. Eins og vikið var að, hafði stefnandi ekki vélstjórnarréttindi, en á hinn bóginn hafði stefndi forgöngu um að útvega stefnanda undanþágu til vélstjórastarfans. Á árinu 1968 byggðist réttur stefnanda til vélstjórastarfa á svofelldu bréfi samgöngumálaráðuneytisins til stefnda:

„Ráðuneytið leyfir hér með að lögskrá megi hr. Elías Bernburg, Meistaravöllum, Reykjavík, sem undirvélstjóra á b.v. Þormóð Goða, RE 209, fyrst um sinn, þar til réttindamaður er fáanlegur eða ráðuneytið ákveður annað, þó ekki lengur en til 31. desember 1968".

Óumdeilt er, að stefnandi var svonefndur aukameðlimur í Vélstjórafélagi Íslands á árinu 1963. Þá er einnig ágreiningslaust, að stefnanda, sem og öðrum slíkum aukameðlimum, hafi verið gert að greiða fullt félagsgjald til Vélstjórafélags Íslands og að hann hafi tekið kaup og önnur kjör samkvæmt kjarasamningi vélstjórafélagsins við Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, á meðan hann var í starfi.

Útdráttur úr skipshafnarskrá b/v Þormóðs goða, RE 209, fyrir árið 1968 hefur verið lagður fram í málinu. Um stefnanda máls þessa er þetta ritað í skipshafnarskránni:

„Staða á skipi:	Fæðingar-dagur og ár:	Heimili:	Skipið stundar:	Lögskráningar-dagur:
III. vélstj.	3/10 '26	Meistarav.	Fiskv.	1/1

Kaup og kjör:	Undirritaðir skipverjar	Aths.:
Samkv. samn.	framanskráðu samþykkir	Undanþ. til 31/12 '68
viðk. stéttarfél.	Elías Bernburg	II. vélstj. 9/4—25/4

Afskráður 13/5".

Þá er ágreiningslaust í málinu, að í maí 1968 hafi gefið sig fram við stefnda maður með full vélstjóraréttindi, og réð stefndi hann í stöðu II. vélstjóra. Sá maður, sem gegndi þeirri stöðu (II. vélstjóri), var færður í stöðu III. vélstjóra. Varðandi stefnanda voru þær ráðstafanir gerðar, að smyrjara á b/v Þormóði goða var sagt upp störfum, en stefnanda, sem þá var III. vélstjóri, boðið starf smyrjara á skipinu. Gerðist þetta 13. maí. Í aðiljaskýrslu stefnanda segir á þá leið, að hann hafi mótmælt þessu og litið á þetta sem uppsögn. Kvaðst stefnandi eigi hafa viljað taka við starfi smyrjara, þar sem hann hefði þá verið lægra settur á skipinu, en auk þess hafi það komið til, að vegna örorku sinnar hafi hann ekki treyst sér að vinna öll störf smyrjara. Þá er ágreiningslaust, að stefnandi hafi gengið til læknis 2 mánuði þá næstu, eftir að hann lét af störfum hjá stefnda, og eigi byrjað störf að nýju fyrr en 12. ágúst 1968.

3.1. Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að um ólögmæta uppsögn hafi verið að ræða umrætt sinn. Hann hafi að vísu eigi haft fullkomin vélstjórnarréttindi, en fengið undanþágu til starfsins samkvæmt beiðni stefnda hjá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu. Hafi hann samkvæmt þeirri undanþágu verið skráður sem III. vélstjóri á skipinu, og telur stefnandi, að þar með hafi hann öðlazt þau réttindi og skyldur sem vélstjóra beri samkvæmt 13. gr., 2. mgr., laga nr. 67/1963 um slit ráðningarsamninga.

Jafnframt bendir stefnandi á, að hann hafi verið aukameðlimur í Vélstjórafélagi Íslands, greitt fullt félagsgjald og notið kaups og kjara samkvæmt samningum vélstjórafélagsins og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Telur því stefnandi, að einnig samkvæmt þeim samningum hafi uppsögnin verið ólögmæt, þar sem honum hafi borið 3 mánaða uppsagnarfrestur, enda bendir stefnandi á, að stefndi hafi engan fyrirvara gert varðandi uppsögn í ráðningarsamningi sínum við stefnanda.

3.2. Sjónarmið stefnda er það, að í maímánuði 1968 hafi útgerðinni boðizt maður með vélstjóraréttindi til starfa þess, sem stefnandi hafi haft á hendi. Hafi undanþága samgöngumálaráðuneytisins þar með verið felld úr gildi og stefnanda ekki lengur heimilt að gegna vélstjórastarfi því, sem hann hafi haft áður.

Ráðningarsamningur stefnanda og stefnda hafi verið háður þessari undanþágu, enda heldur stefndi því fram, að hennar hafi verið getið við lögskráningu. Telur því stefndi, að ráðningin hafi fallið niður án uppsagnar, um leið og skilyrði til undanþágunnar hafi brostið. Tekur stefndi fram, að honum hafi eigi verið skylt að bjóða stefnanda smyrjarastarf.

Af þessum sökum telur stefndi, að samkvæmt þessu bresti öll lagarök til að taka kröfu stefnanda til greina. Til vara bendir stefndi á, að samkvæmt lögum eigi stefnandi aðeins rétt til 7 daga uppsagnarfrests, en geti á engan hátt stuðzt við samninga Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda um kaup og kjör, enda hafi stefnandi ekki verið meðlimur þess félags. Í varakröfu sinni hefur stefndi auk þess vikið að því, að bætur til stefnanda eigi að miðast við mánaðarkaup samkvæmt kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda eða dagpeninga samkvæmt 8. gr. nefnds samnings. Loks hefur stefndi mótmælt vaxtakröfu stefnanda sem of hárri.

4.1. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 5. febrúar 1968, var stefnanda veitt undanþága til starfs undirvélstjóra á skipi stefnda, b/v Þormóði goða, RE 209, „fyrst um sinn, þar til réttindamaður er fáanlegur eða ráðuneytið ákveður annað, þó ekki lengur en til 31. desember 1968", en stefnandi hafði ekki vélstjóraréttindi. Leyfi þetta var reist á 17. gr. laga nr. 72/1966 um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum, en þar er siglingamálaráðuneytinu heimilt að veita undanþágur af þessu tagi, ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjóraréttindi. Ágreiningslaust er, að maður með vélstjóraréttindi bauð sig fram til starfa hjá stefnda í maí 1968. Verður að telja, að þá hafi fallið niður umrætt leyfi stefnanda samkvæmt skýlausu orðalagi ofangreinds bréfs, sem á sér stoð í nefndu ákvæði laga nr. 72/1966, sbr. áður 55. gr. laga nr. 66/1946. Var stefnanda, þegar svo var komið, óheimilt að gegna vélstjórastarfi því, sem hann hafði á skipi stefnda. Buðu fyrirsvarsmenn stefnda stefnanda stöðu smyrjara, er leyfi hans til vélstjórastarfa féll niður, en þá stöðu hafði stefnandi eitt sinn haft á skipi stefnda. Þegar þetta er virt, verður stefndi eigi talinn hafa sagt stefnanda upp störfum í skilningi sjómannalaga eða kjarasamnings þess, sem í málinu greinir. Verður heldur ekki séð, að stefndi hafi á annan hátt tekið á sig fjárhagslega ábyrgð gagnvart stefnanda, ef atvik yrðu þau, að hann missti leyfi sitt til vélstjórastarfa. Samkvæmt ofangreindu ber að sýkna stefnda af

kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp samdómendur í sjó- og verzlunardómi, Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi skipstjóri, og Gaukur Jörundsson prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, á að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, Elíasar Bernburgs.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Stefáns M. Stefánssonar, setts borgardómara.

4.2. Eins og að framan hefur verið rakið, starfaði stefnandi á skipi stefnda í raun sem vélstjóri. Er óumdeilt, að hann hafði réttindi vélstjóra, á meðan á starfinu stóð, starfsábyrgð og aðrar skyldur.

Í ráðningarsamningi stefnanda er vísað til samninga viðkomandi stéttarfélags, án þess að gerður sé neinn fyrirvari um fyrirvaralausa brottvikningu eða tilfærslu í verr launaða stöðu, ef réttindamaður yrði ráðinn. Störf stefnanda hjá stefnda á fyrri árum veita heldur ekki vísbendingu um, að gengið hafi verið út frá slíkri forsendu. Framangreint ráðuneytisleyfi þykir mega skýra með hliðsjón af hinni fyrirvaralausu ráðningu stefnanda og grunnrökum 2. mgr. 13. gr. laga nr. 67/1963, sem hefðu tekið til stefnanda, eins og mál þetta er vaxið, þannig, að undanþága stefnanda til að stunda vélstjórastörf hafi þá fyrst fallið úr gildi, þegar réttindamaður hefði verið ráðinn í stað stefnanda. Er og þess að geta, að hvorki 17. gr. laga nr. 72/1966, orðalag ráðuneytisleyfisins, kjarasamningurinn né aðrar heimildir bjóða skýlaust annan skýringarkost. Ráðuneytið sjálft hafði og eigi afturkallað framangreint leyfi.

Atvik þau, sem leiddu til þess, að stefnanda var gerður sá kostur að víkja úr starfi III. vélstjóra í starf smyrjara, verða því eigi talin því til fyrirstöðu, að stefndi geti beitt ákvæðum í ráðningarsamningi um 3ja mánaða uppsögn, eins og telja verður stefnanda hafa átt rétt til.

Stefnanda var ekki skylt að taka við lakari stöðu á skipinu, eins og vikið var að. Umrædd ákvörðun stefnda var því andstæð ráðningarsamningnum milli aðilja, og ber að líta á hana sem

ólögmæta uppsögn, eins og á stóð. Eigi er um það deilt, að stefnandi hafi tekið kaup og kjör samkvæmt kjarasamningi þeim, sem áður hefur verið vikið að. Samkvæmt samningi þessum átti stefnandi rétt til 3ja mánaða uppsagnarfrests.

Viðurkennt er, að kaup III. vélstjóra hafi numið fjárhæð þeirri, sem stefnandi gerir nú kröfu til, 3 mánuði hina næstu á b/v Þormóði goða, eftir að stefnanda var sagt upp starfi.

Samkvæmt 34. gr. laga nr. 67/1963 þykir stefnandi eiga rétt til allrar þessarar fjárhæðar, enda hafa rökstudd andmæli ekki komið fram til lækkunar á fjárhæð þessari. Verður því stefnukrafan tekin til greina ásamt vöxtum, sem ákveðast 7% á ári frá 14. ágúst 1968 til greiðsludags.

Málskostnað ber að dæma stefnda til að greiða, og þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn 16.000.00 kr. Loks ber að viðurkenna sjóveðrétt í b/v Þormóði goða, RE 209, fyrir ofangreindum kröfum.

Dómsorð mitt er:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnanda, Elíasi Bernburg, kr. 93.663.60 með 7% ársvöxtum frá 14. ágúst 1968 til greiðsludags og kr. 16.000.00 í málskostnað.

Sjóveðréttur í b/v Þormóði goða, RE 209, er viðurkenndur fyrir framangreindum kröfum. Framangreindar fjárkröfur eru aðfararhæfar innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. desember 1971.

Nr. 183/1971. **Valdstjórnin**
gegn
Páli Konráð Konráðssyni Þormar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. nóvember 1971, sem barst Hæstarétti 29. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/

1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Fyrir Hæstarétti liggur sakavottorð varnaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. nóvember 1971.

Ár 1971, þriðjudaginn 23. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt 22. þ. m. var framið innbrot í verzlunina Karnabæ að Laugavegi 66 hér í borg og þaðan stolið einu hátalaraboxi að útsöluverði kr. 6.850.00, útvarpsviðtæki að útsöluverði kr. 29.850.00, kassa með 12 stereó 8 casettum, einni skyrtu og um kr. 400.00 í peningum.

Á vettvangi fundust merki þess, að Óskar Elías Héðinn Guðmundsson, Öldugötu 42 hér í borg, hefði verið þar á ferð. Fram er komið í málinu, að greinda nótt hafi Páll Konráðsson, Óðinsgötu 8 A hér í borg, verið með honum. Páll hefur verið handtekinn, en neitar að svara spurningum varðandi málið.

Í þágu rannsóknar málsins, sem er á frumstigi, þykir nauðsyn til bera með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða nefndan Pál í gæzluvarðhald, svo að hann spilli ekki sakargögnum með óskertu frelsi, en brot það, sem hann er grunaður um, getur samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga varðað fangelsi, og eru því fyrir hendi skilyrði til að beita gæzluvarðhaldi, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 20 dögum.

Ályktarorð:

Páll Konráðsson skal sæta gæzluvarðhaldi allt að 20 dögum.

Föstudaginn 10. desember 1971.

Nr. 119/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Herði Jóhannssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnunum Angantý Elíassyni og Páli Þorbjörnssyni skipstjórum.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsmanna. Í greinargerð skólastjórans, dagsettri 8. september 1971, segir m. a. svo:

„**A** = staður varðskipsins kl. 0339 h. 23/6 '71. Þá mælist báturinn á stað **a** um 2,0 sjóm. frá landi, eða um 1,0 sjóm. innan bannsvæðismarkanna fyrir togveiðar.

B = staður varðskipsins kl. 0345. Þá mælist báturinn á stað **b** um 1,15 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

C = staður varðskipsins kl. 0351. Þá mælist báturinn á stað **c** um 0,9 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

D = staður varðskipsins kl. 0357. Þá mælist báturinn á stað **d** um 0,65 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

E = staður varðskipsins kl. 0419 í kjölfari bátsins. Staður **E** mælist um 0,3 sjóm. utan bannsvæðismarkanna.

F = staður varðskipsins kl. 0423,5 við hlið bátsins. Staður **F** mælist um 0,8 sjóm. utan bannsvæðismarkanna.

Þó reiknað væri með þeirri fjarlægðarskekkju og miðunarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur ratsjár varðskipsins viðurkenna (2% fjarlægðarskekkju af mældum fjarlægðum og 0°65 miðunarskekkju), mundi það gefa stað bátsins mest um 0,1 sjóm. utar".

Þá hefur verið lögð fyrir Hæstarétt svofelld greinargerð skólastjórans, dags. 5. nóvember 1971:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég athugað, hvar báturinn var staddur kl. 0400 h. 23/6 '71, miðað við bannsvæðismörkin, hafi hann siglt skemmstu leið frá stað sínum kl. 0357 út að bannsvæðismörkunum með meðalganghraða sínum frá kl. 0339 til kl. 0357 og einnig með meðalgaghraða sínum frá kl. 0357 til kl. 0419 og loks með meðalganghraða sínum frá kl. 0339 til kl. 0419.

Hraði bátsins, miðað við fjarlægðir milli mælistaða, reiknast mér þannig: a—b um 2,0 sjóm., b—c um 3,5 sjóm., c—d um 2,0 sjóm. og d—E um 3,0 sjóm.

Meðalhraði bátsins frá kl. 0339 til kl. 0357 (a—d) er samkvæmt því um 2,5 sjóm. Miðað við þann hraða, hefði báturinn átt að fara um 0,13 sjóm. frá kl. 0357 til kl. 0400 og sé miðað við skemmstu leið frá stað d að bannsvæðismörkunum, hefði báturinn átt að vera sem því nemur nær mörkunum kl. 0400, eða um 0,52 sjóm. innan markanna.

Meðalhraði frá kl. 0357 til kl. 0419 (d–E) er um 3,0 sjóm. Miðað við þann hraða, hefði báturinn átt að vera um 0,15 sjóm. nær mörkunum kl. 0400 en kl. 0357, eða um 0,5 sjóm. innan markanna kl. 0400.

Meðalhraði frá kl. 0339 til kl. 0419 (a–E) er um 2,6 sjóm. Miðað við þann hraða, hefði báturinn átt að vera um 0,52 sjóm. innan bannsvæðismarkanna kl. 0400.

Sé reiknað með þeirri fjarlægðarskekkju og miðunarskekkju, sem framleiðendur ratsjár varðskipsins viðurkenna, reiknast mér, að staður bátsins kl. 0357 yrði um 0,09 sjóm. nær bannsvæðismörkunum, eða um 0,56 sjóm. innan þeirra. Samkvæmt því yrðu fyrrgreindir staðir kl. 0400 um 0,43 sjóm. innan bannsvæðismarkanna, ef reiknað er með meðalhraða milli kl. 0339 og 0357, um 0,41 sjóm. innan markanna, ef reiknað er með meðalhraða milli kl. 0357 og 0419, og um 0,43 sjóm. innan markanna, ef reiknað er með meðalhraða milli kl. 0339 og 0419".

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og öðrum gögnum málsins verður talið sannað, að ákærði hafi gerzt sekur

við lagaákvæði þau, sem í ákæruskjali greinir, að öðru leyti en því, að heimfæra ber brot ákærða undir C 2, sbr. C 1. liði 2. gr. laga nr. 21/1969 í stað D 1 og D 2 liði 2. gr. sömu laga, sbr. heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961.

M/b Fjalar, ÁR 22, er 49 rúmlestir brúttó. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu 3. desember 1971, jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Ber að staðfesta héraðsdóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Hörður Jóhannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 24. júní 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dags. í dag, á hendur skipstjóranum á vélbátnum Fjalari, ÁR 22, Herði Jóhannssyni, Skjaldbreið, Eyrarbakka, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum báti aðfaranótt miðvikudagsins 23. júní 1971 út af Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum D 1 og D 2 liði 2. gr.

nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961. Ákærist því nefndur Hörður Jóhannsson til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Hörður Jóhannsson, er fæddur 6. febrúar 1940 að Oddgeirshólum, Hraungerðishreppi, Árnessýslu. Hann hefur eigi sætt neinum þeim ákærum eða refsingum, að áhrif gæti haft á úrslit þessa máls.

Í skýrslu Landhelgisgæzlu Íslands, dags. 23. þ. m., undirritaðri af skipherra varðskipsins Þórs, segir svo:

„Miðvikudaginn 23. júní 1971 stóð varðskipið m/b Fjalar, ÁR 22, að meintum ólöglegum togveiðum SA af Ingólfshöfða. Skipstjóri Hörður Jóhannsson, til heimilis Skjaldbreið, Eyrarbakka, fæddur 7/2 1940.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Miðvikudaginn 23. júní 1971 var varðskipið á eftirlitsferð undan Skeiðarársandi.

Kl. 03.39 sást skip grunsamlega nærri landi, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip r/v 081°, fjarlægð 7,3 sjóm.
Ingólfshöfði, fjarlægð 5,2 sjóm.
Sandurinn, fjarlægð 1,2 sjóm.,

sem gefur stað bátsins um 1,05 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarka.

Kl. 03.45 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip r/v 081°, fjarlægð 6,0 sjóm.
Ingólfshöfði, fjarlægð 4,0 sjóm.
Sandurinn, fjarlægð 1,1 sjóm.,

sem gefur stað bátsins um 1,2 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarka.

Kl. 03.51 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip r/v 081°, fjarlægð 5,05 sjóm.
Ingólfshöfði, fjarlægð 2,8 sjóm.
Sandurinn, fjarlægð 1,1 sjóm.,

sem gefur stað bátsins um 0,9 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarka.

Kl. 03.57 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip r/v 088°5, fjarlægð 4,00 sjóm.

Ingólfshöfði, fjarlægð 1,7 sjóm.
Sandurinn, fjarlægð 1,1 sjóm.,
sem gefur stað bátsins um 0,6 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarka.

Kl. 04.15 sjást togvírar bátsins.

Kl. 04.16 var gefið stöðvunarmerki með flautu (skiph.).

Kl. 04.19 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun í kjölfari bátsins, sem togaði með skutvörpu:
Ingólfshöfði, fjarlægð 3,3 sjóm.
Salthöfði, fjarlægð 6,55 sjóm.
Kvíárjökull, fjarlægð 10,0 sjóm., dýpi 73 m,
sem gefur stað bátsins um 0,3 sjóm. utan leyfilegra fiskveiðimarka.

Kl. 04.23 sést, að báturinn heitir FJALAR, ÁR 22.

Kl. 04.23,5 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við bátinn, sem er að byrja að hífa:
Ingólfshöfði, fjarlægð 3,8 sjóm.
Kvíárjökull, fjarlægð 10,25 sjóm.,
sem gefur stað bátsins um 0,8 sjóm. utan leyfðra fiskveiðimarka.

Kl. 04.50 var komið með skipstjóra bátsins um borð í varðskipið. Aðspurður kvaðst hann hafa kastað, um hálfri klukkustund áður en varðskipið kom að honum, en hins vegar taldi hann sig ekki hafa farið inn fyrir línu. Var skipstjóranum sagt að halda til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði rannsakað nánar.

Mælingar voru gerðar af I., II. og III. stýrimanni varðskipsins í umsjá skipherra. Notaður var Sperry gýróáttaviti og Sperry ratsjá. Var lausi fjarlægðarhringur ratsjárinnar borinn saman við þá föstu, og var hann réttur.

Meðfylgjandi er úrklippa úr sjókorti nr. 30, þar sem staðir skipanna eru markaðir.

Veður: Hægviðri, sjór 2—3, hálfskýjað".

Skipherra varðskipsins, Bjarni Ólafur Helgason, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja og kvað hann skýrsluna rétta og kannaðist við undirskrift sína á henni. Vitnið kvaðst fyrst hafa séð veiðarfæri m/b Fjalars í sjónauka kl. 0415. Vitnið kvaðst hafa séð, þegar 1—2 sjómílna fjarlægð var til bátsins, að báturinn var ekki í lausakeyrslu. Sagðist vitnið hafa séð þetta af skrúfuvatninu. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Ásgrímur Ásgeirsson, 1. stýrimaður á varðskipinu Þór, mætti fyrir dómi í máli þessu. Kvað vitnið skýrslu skipherra rétta.

Vitnið var við radarinn, er staðarmælingar voru gerðar, og kvaðst vitnið hafa séð veiðarfæri bátsins, skömmu áður en staðarmælingin kl. 0419 var gerð. Vitnið kvað 2. stýrimann hafa sett út í kortið, en vitnið yfirfór útsetningarnar og kvað þær réttar. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Friðgeir Olgeirsson, 2. stýrimaður á v/s Þór, kom fyrir dóm í máli þessu. Kvaðst hann hafa samið ofangreinda skýrslu og kvað hana rétta. Skipherra og 1. stýrimaður yfirfóru skýrsluna. Vitnið setti út í sjókortið, og kvað það útsetningarnar réttar. Skipherra og 1. stýrimaður yfirfóru útsetninguna. Vitnið kvaðst hafa séð togvíra bátsins kl. 0415, en fyrr hafi það eigi séð veiðarfæri hans. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Sigurður Steinar Ketilsson, 3. stýrimaður á v/s Þór, kom fyrir dóm í máli þessu. Kvað hann ofangreinda skýrslu rétta eftir sinni beztu vitund. Vitnið kvaðst hafa séð togvíra bátsins kl. 0415. Um kl. 0440, er vitnið var komið um borð í m/b Fjalar, leit það í radar bátsins, og var fjarlægðin í land þá um 3.8 sjómílur. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Ákærði kom fyrir dóm í máli þessu. Kvaðst hann eigi vilja segja neitt um staðarmælingar á ofangreindri skýrslu. Kvaðst hann hafa lónað A og SaA og SA frá kl. um 0315—0400, en þá hafi engin veiðarfæri verið í sjó. Hann kvaðst hafa kastað á 3ja sjómílna mörkunum um kl. 0400 og kastað nálægt A. Togaði hann síðan í u. þ. b. 20—30 mínútur í A, SaA og síðan í SA eða því sem næst, en þá sögðu yfirmenn varðskipsins honum að hífa. Ákærði kvaðst eigi hafa verið innan fiskveiðimarkanna.

Ákærði skýrði frá því, að toghraði m/b Fjalars væri um 2—2½ sjómíla á klukkustund.

Sigurður Sigurðsson, stýrimaður á m/b Fjalari, ÁR 22, kom fyrir dóm í máli þessu. Kvaðst hann hafa verið ræstur um kl. 0300, en engin veiðarfæri voru þá í sjó, en kastað var um kl. 0400. Ekki vissi vitnið, hvar báturinn var þá staddur. Vitnið áleit, að varðskipið hefði komið að bátnum, þegar togað hafði verið í um 15 mínútur. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Kristján Þórisson, vélstjóri á m/b Fjalari, kom fyrir dóm í máli þessu. Vitnið sagði, að kastað hefði verið um kl. 0400. Er togað hafði verið í u. þ. b. 15—20 mínútur, kom varðskipið að bátnum. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Benedikt Benediktsson, matsveinn á m/b Fjalari, og Þráinn Lárusson komu fyrir dóm og skýrðu frá því, að kastað hefði verið um kl. 0400.

Skipaður verjandi ákærða, Jón Óskarsson héraðsdómslögmaður, lagði fram skriflega vörn í máli þessu, og bendir hann á hugsanlega skekkjuvalda á mælingum varðskipsins. Þá bendir hann á, að samkvæmt eiðfestum framburði skipverja m/b Fjalars hafi varpan farið í sjó kl. 0400, en þá hafi ákærði verið utan fiskveiðimarkanna. Þá bendir hann á, að aðeins örfáir fiskar hafi verið í vörpunni, er hún var tekin inn, og sýni það, að hún hafi verið stutt í sjó.

Samkvæmt mælingu varðskipsmanna var fjarlægðin til Ingólfshöfða kl. 0423,5 3.8 sjómílur.

Þegar 3. stýrimaður varðskipsins kom um borð í m/b Fjalar skömmu síðar, mældi hann sömu fjarlægð í bátnum ásamt ákærða, og reyndist fjarlægðin sú hin sama. Verður þá að ganga út frá, að sú staðarmæling sé rétt.

Yfirmenn varðskipsins Þórs hafa unnið eið að framburðum sínum og gert nákvæma grein fyrir mælingum sínum, sem telja verður það nákvæmar, að leggja beri þær til grundvallar í máli þessu.

Kl. 0357 staðsetti varðskipið m/b Fjalar 0.6 sjómílur innan fiskveiðimarkanna, en samkvæmt vætti ákærða og skipverja m/b Fjalars var kastað kl. 0400. Með tilliti til toghraða bátsins, sem kemur fram í framburði ákærða, og mælingu varðskipsins þykir verða að ætla, að báturinn hafi verið um 0.4 sjómílur innan fiskveiðimarkanna, er veiðarfærin voru látin í sjó.

Með hliðsjón af þessu og samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðimarka, og varðar það brot hans við þau lagaboð, er í ákæru greinir.

M/b Fjalar, ÁR 22, er samkvæmt alþjóðamælibréfi 49 brúttórúmlestir.

Samkvæmt síðustu opinberri skýrslu um gullgengi jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 24. júní 1971, voru afli og veiðarfæri m/b Fjalars, ÁR 22, metin þannig:

Veiðarfæri	kr. 83.000.00
Fiskafli	— 16.330.00
	Kr. 99.330.00

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af málavöxtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 40 þúsund króna sekt í Landhelgissjóð

Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Andvirði afla og veiðarfæra um borð í m/b Fjalari, ÁR 22, kr. 99.330.00, er gert upptækt í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Óskarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Jóhannsson, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Andvirði afla og veiðarfæra m/b Fjalars, ÁR 22, kr. 99.330.00, er gert upptækt í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Óskarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. desember 1971.

Nr. 160/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður. Hylming. Bifreiðar. Tilraun til nytjastuldar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Óskar Elías Héðinn Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. maí 1971.

Ár 1971, mánudaginn 17. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 239-240/1971: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Rúnari Sveinssyni og Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 30. marz s.l., gegn ákærðu, „Guðmundi Rúnari Sveinssyni verkamanni, Mávahlíð 35, Reykjavík, fæddum þar í borg 14. apríl 1952, og Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni sjómanni, Öldugötu 42, Reykjavík, fæddum þar í borg 9. ágúst 1951, fyrir eftirtalin hegningarlagabrot, framin í Reykjavík árið 1970:

I.

Miðvikudagskvöldið 23. desember fór ákærði Guðmundur Rúnar inn í Ísafoldarprentsmiðju og stal þar veski ásamt kr. 2.800.00 í peningum. Ákærðu eyddu síðan peningunum sameiginlega, og var ákærða Óskari Elíasi Héðni kunnugt um, að peningarnir voru stolnir.

Þykir brot ákærða Guðmundar Rúnars varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot ákærða Óskars Elíasar Héðins við 254. gr. sömu laga.

II.

Laugardaginn 26. desember brutust ákærðu inn í herbergi í húsi nr. 16 við Hverfisgötu og stálu þar kr. 4.000.00 í peningum, 13 kartonum af Camel vindlingum, 9 pökkum af Viceroy vindlingum, einum Ronson vindlakveikjara, einu tékkhefti, ónotuðu, nokkru af fatnaði og einni tösku.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Í beinu framhaldi af verknaði nefndum í II. lið reyndu ákærðu að stela til notkunar bifreiðinni Y 2576, sem stóð í porti húss nr. 14 við Hverfisgötu, en við það rann bifreiðin á húsvegginn, og hurfu ákærðu þá á brott. Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956.

IV.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Samkvæmt sakavottorði ákærða Guðmundar Rúnars hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1968 3/7 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1968 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 25. júlí 1968.

1968 í Reykjavík: Ofangreind ákærufrestun einnig látin ná til sams konar brots, sbr. bréf sakadóms Reykjavíkur. Birt 5. október 1968.

1970 27/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga og 257. gr. hegningarlaga.

1970 12/3 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1970 9/4 í Reykjavík: Dómur: 3ja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1970 10/9 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Ákærði Óskar Elías Héðinn hefur samkvæmt sakavottorði sínu sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1967 12/10 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1968 í Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 15. febrúar 1968.

1969 3/6 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 26/8 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 26/8 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 257. gr. hegningarlaga.

1969 19/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðs-

bundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1970 27/2 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga og 257. gr. hegningarlaga.

1970 12/3 í Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, sbr. 20. gr. hegningarlaga. Dómur 19. desember dæmdur með.

1970 12/3 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1970 9/4 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburðum ákærðu og öðrum gögnum í máli þessu:

I.

Að kvöldi miðvikudagsins 23. desember 1970 var framinn þjófnaður í Ísafoldarprentsmiðju í Ingólfsstræti 5 hér í borg. Var stolið þar veski Kristins Geirssonar, starfsmanns í prentsmiðjunni, til heimilis að Ægissíðu 107.

Miðvikudaginn 30. desember mætti ákærði Guðmundur Rúnar Sveinsson hjá rannsóknarlögreglunni ótilkvaddur og viðurkenndi að hafa framið umræddan þjófnað. Hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi verið á ferli hér í borginni ásamt meðákærða, Óskari Elíasi Héðni, að kvöldi hins 23. desember um kl. 2330. Hafi ákærðu báðir verið búnir að neyta áfengis. Fóru þeir saman inn í Ísafoldarprentsmiðju og þar upp á þriðju eða fjórðu hæð. Voru þar opnar dyr, og fóru þeir þar inn í eins konar skrifstofukompu. Sáu þeir, að jakki hékk þar á stólbaki. Ákærði kveðst hafa farið í vasa á jakkanum og fundið þar veski, sem hann hafi tekið og stungið á sig. Ákærði Óskar Elías Héðinn átti ekki beinan þátt í þjófnaðinum að sögn ákærða, en horfði á, er hann framdi hann. Ákærðu fóru saman á brott úr húsinu og skoðuðu í veskið, er út kom. Voru í því kr. 2.800.00, sem ákærðu skiptu á milli sín, en hentu síðan veskinu. Telur ákærði, að um 1.000 kr. hafi komið í hlut meðákærða. Ákærðu eyddu peningunum til áfengiskaupa o. fl.

Ákærði Óskar Elías Héðinn hefur skýrt nokkuð öðruvísi frá málsatvikum. Hann hefur neitað því að hafa farið með ákærða Guðmundi Rúnari í Ísafoldarprentsmiðju í umrætt sinn, er veskinu var stolið. Hins vegar kveður ákærði meðákærða hafa fengið sér til geymslu kr. 1.000.00 að kvöldi hins 23. desember. Ákærði skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá, að hann hefði vitað, að

meðákærði hefði stolið fé þessu, þar sem hann hefði enga peninga átt, en hins vegar hafi meðákærði ekki skýrt sér frá því, hvar hann hefði framið þjófnaðinn. Á annan jóladag fóru ákærðu saman út og eyddu kr. 300.00 af peningunum, en kr. 700.00 kveðst ákærði hafa notað í eigin þarfir. Fyrir dómi staðfesti ákærði þetta að öðru leyti en því, að hann kvað sig hafa grunað, að peningarnir frá meðákærða væru stolnir.

Við samprófun náðist ekki samræmi í framburðum ákærðu, og hélt hvor þeirra fast við framburð sinn.

Með játningu ákærða Guðmundar Rúnars er sannað, að hann hafi framið þjófnað þann í Ísafoldarprentsmiðju, er að framan greinir. Þá telst sannað með framburðum ákærðu, að ákærði Óskar Elías Héðinn hafi fengið frá ákærða Guðmundi Rúnari kr. 1.000.00 af fé því, er hann stal, og verið ljóst, hvernig þess hafi verið aflað.

Varðar atferli Guðmundar Rúnars við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en atferli ákærða Óskars Elíasar Héðins við 254. gr. sömu laga.

Kristinn Geirsson hefur krafizt þess, að ákærðu greiði sér kr. 3.000.00 vegna framangreinds þjófnaðar. Ákærði Guðmundur Rúnar hefur samþykkt kröfu þessa, en ákærði Óskar Elías Héðinn mótmælt henni. Með tilvísun til þess, er að framan greinir, þykir rétt að dæma ákærða Guðmund Rúnar til að greiða Kristni Geirssyni nefnda fjárhæð og ákærða Óskar Elías Héðinn til að greiða kr. 1.000.00 af henni óskipt með ákærða Guðmundi Rúnari.

II og III.

Laugardaginn 26. desember 1970, kl. 1905, var óskað lögregluaðstoðar að Hverfisgötu 16 hér í borg vegna ölvaðra manna. Héldu lögreglumenn á staðinn og hittu þar að máli tvo drengi, er kváðust heita Jóhann Sigfús Sigdórsson, til heimilis að Melabraut 57 í Kópavogi, og Kristján Róbert Walsh, til heimilis að Klapparstíg 9 í Ytri-Njarðvík. Þeir skýrðu svo frá, að tveir menn hefðu komið að Hverfisgötu 16 skömmu áður og sagzt ætla að heimsækja kunningja sína þar. Hefðu menn þessir farið inn í herbergi á annarri hæð, er var mannlaust, og sennilega stolið 2 litlum töskum. Hefðu þeir skömmu síðar séð þá koma hlaupandi með töskurnar út úr portinu við Hverfisgötu 14 og halda vestur á Arnarhólstún. Mennirnir hefðu og reynt að stela bifreiðinni Y 2576, sem var í portinu. Hafði bifreiðinni að sögn lögreglunnar verið ýtt af stað, en lent á húsvegg, og var hægra frambretti henn-

ar talsvert dældað. Eigandi bifreiðarinnar kom á staðinn og skýrði frá því, að hann hefði séð tvo menn hlaupa út úr portinu og jafnframt orðið þess var, að búið var að færa bifreiðina úr stað.

Lögreglumennirnir veittu mönnunum strax eftirför, en náðu aðeins öðrum þeirra, ákærða Guðmundi Rúnari, við Borgarbílstöðina. Hafði hann tösku meðferðis, er í voru 6 lengjur af Camel vindlingum, ótollafgreiddum, og níu pakkar af Viceroy vindlingum, er voru merktir Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Maður sá, er var með ákærða, hljóp suður Lækjargötu og fannst ekki þrátt fyrir talsverða leit. Neitaði ákærði Guðmundur Rúnar að gefa upp nafn mannsins, og einnig vildi hann ekki skýra frá, hvar hann hefði fengið töskuna. Ákærði hafði meðferðis ávísanahefti.

Við athugun á herbergi því, sem brotizt hafði verið inn í, kom í ljós, að hurðin fyrir því hafði verið sprengd upp og rótað þar talsvert til.

Hallfreður Jón Oddsson, er bjó í umræddu herbergi, kveður hafa verið stolið frá sér þaðan kr. 4.000.00 í peningum og tékkhefti, er voru í peningakassa, 6 lengjum af Camel vindlingum og einni af Viceroy, en í hana hafi vantað 1 pakka, sumartreyju, þ. e. jakka, tveimur nylonskyrtur, gylltum vindlakveikjara af Ronsongerð og 1 setti af ermahnöppum með bindisnælu. Hallfreður Jón kveðst hafa fengið allt aftur nema peningana, kr. 4.000.00, vindlakveikjarann, nylonskyrturnar svo og koddaver. Hann kveðst öruggur um, að eigi hafi horfið meira magn af tóbaki úr herbergi sínu.

Ákærði Guðmundur Rúnar hefur skýrt frá því, að þeir ákærðu Óskar Elías Héðinn hafi farið að Hverfisgötu 16 í framangreint skipti til að hitta kunningja þeirra, er bjó á efri hæð hússins. Ákærðu höfðu báðir neytt áfengis, og var ákærði nokkuð mikið með áfengisáhrifum. Ákærði kveðst ekki muna, hvernig þeir komust inn í forstofu hússins, og geti verið, að þeir hafi brotið upp hurðina. Þegar inn í húsið kom, héldu þeir upp stiga og að herbergi því, er kunningi þeirra bjó í. Fréttu ákærðu þá, að hann væri farinn. Héldu þeir niður á næstu hæð og brutust inn í herbergi með því að ýta á hurðina. Þegar inn var komið, hófu ákærðu leit að verðmætum, og kveður ákærði meðákærða Óskar Elías Héðinn hafa sprengt upp skáp, er var læstur. Kveðst ákærði hafa tekið þar vindlinga þá, er hann hafði meðferðis, og sett þá í tösku, er hann fann í herberginu. Auk þess tók ákærði erma-

hnappa, nælu og tékkhefti og stakk þessu á sig. Meðákærði var að róta í skápnum, og kveðst ákærði ekki hafa séð nákvæmlega, hvað hann var að gera. Hann sá þó, að meðákærði tók koddaver og stakk í það tveimur skyrtum og jakka. Héldu ákærðu að því búnu út og fóru inn í portið við húsið nr. 14. Þar stóð bifreiðin Y 2576, og var hún ólæst. Tóku ákærðu þá ákvörðun að reyna að taka bifreiðina og aka henni. Tóku þeir bifreiðina úr gír, ýttu henni af stað, og átti ákærði síðan að stökkva upp í hana, er hún væri komin á ferð. Ákærða tókst þetta ekki, og rann bifreiðin á húsvegg. Hlupu ákærðu þá á brott og héldu niður á Borgarbílastöð, en þar ætlaði ákærði að selja vindlingana. Ákærði var handtekinn þar og þýfið tekið af honum.

Ákærði hefur í dómi skýrt frá því, að þeir hafi stungið upp læsinguna fyrir herberginu. Þeir hafi stolið þar 13 lengjum af Camel vindlingum, 9 pökkum af Viceroy vindlingum, 1 tékkhefti, einhverju af fatnaði, skyrtuhnöppum, bindisnælu og tösku. Ákærði kannast hins vegar ekki við að hafa stolið kr. 4.000.00 í peningum né heldur vindlakveikjara.

Ákærði Óskar Elías Héðinn neitaði við fyrstu yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni að vera á nokkurn hátt viðriðinn innbrotsþjófnaðinn að Hverfisgötu 16 og töku bifreiðarinnar Y 2576. Þegar hann var yfirheyrður aftur, skýrði hann frá því, að ákærðu hefðu verið að neyta áfengis saman umræddan dag. Þeir hafi farið að Hverfisgötu 16 til að hitta pilt, er þar bjó og meðákærði Guðmundur Rúnar þekkti. Útidyrahurð hússins hafi verið opin og einhver búinn að brjóta hana upp. Pilturinn var farinn úr húsinu, er til kom, og héldu ákærðu niður á næstu hæð. Þegar þangað kom, fóru þeir inn í herbergi. Kveður ákærði hurð þess ekki hafa verið tryggilega læsta. Hafi verið auðvelt að opna hana með því að taka nokkuð snöggt á henni og hafi hún þá hrokkið upp. Þegar inn í herbergið kom, kveðst ákærði hafa farið þar í skáp, og man hann ekki betur en lykillinn hafi staðið í skránni, a. m. k. kveðst ákærði hafa fundið einhvers staðar lykil. Þegar ákærði var búinn að opna skáphurðina, kom hann auga á vindlingalengjurnar. Hafi hann tekið þær allar út og sett eitthvað af þeim í tösku, en afganginn í koddaver, sem hann hafi fundið í rúmfataskáp. Hann hafi einnig farið í peningakassa, er var í skápnum, en ekkert fundið þar fémætt. Hann kveðst hafa séð þar tékkhefti. Meðákærði hafi viljað taka það, en ákærði sagði honum að láta það vera. Ákærðu héldu síðan á brott, og neitar ákærði, að ákærðu hafi tekið skyrtu eða jakka. Ekki sá ákærði vindla-

kveikjarann, er Hallfreður Jón kveður hafa horfið úr herbergi sínu. Ákærði kveðst ekki vita, hvort meðákærði hafi tekið eitthvað annað en vindlingana. Ákærðu héldu nú á brott, og var meðákærði rétt á eftir ákærða, er út var komið. Ákærði man ekki eftir að hafa ýtt bifreiðinni Y 2576 til að reyna að koma henni í gang, en dregur ekki í efa, að rétt sé með farið, að ákærðu hafi ýtt bifreiðinni af stað til að reyna að koma henni út úr portinu. Ákærðu héldu nú út á Arnarhólstún og fóru að kanna þýfið. Sáu þeir þá, að lögreglan var að koma og tóku til fótanna. Komst ákærði niður í port hjá Esso í Hafnarstræti, henti þar vindlingunum frá sér og hljóp á brott. Ákærði veit ekki, hvað varð um meðákærða. Hann kveðst hafa verið nokkuð mikið drukkinn, er þetta gerðist, og því hafi dómgreind sín verið minni en ella. Ákærði samþykkti að greiða skaðabætur, ef krafa yrði gerð á hendur sér.

Ákærði hefur staðfest í dómi, að ákærðu hafi brotizt inn í framangreint herbergi að Hverfisgötu 16. Hafi þeir stolið þar 14 lengjum af vindlingum. Hann hafi sjálfur tekið 7 af lengjunum og stungið þeim í koddaver, er hann síðan hafi stungið bak við öskutunnur við benzínafgreiðslu Esso í Hafnarstræti.

Ákærði kvaðst í skýrslu sinni fyrir dómi ekki muna eftir því, að ákærðu hafi reynt að stela bíl í umrætt sinn, er stóð á bak við Hverfisgötu 14. Vel geti þó verið, að þeir hafi reynt að stela bíl þessum, þótt hann muni ekki eftir því, þar sem hann hafi verið drukkinn.

Vitnið Kristján Róbert Walsh, er að framan greinir, kveðst hafa verið statt að Hverfisgötu 16 ásamt Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni, er ákærðu komu þangað. Hafi ákærðu fyrst farið inn í herbergi til kunningja þeirra og þeir þá farið þaðan út og fram á eftir þeim og þegar það kom út á götuna, hafi ákærðu verið þá með sér að hurð herbergis þess, er ákærðu brutust inn í. Ákærðu hafi aðeins þurft að ýta á hurðina og hafi hún þá opnazt. Ákærðu hafi dregið þá með sér inn í herbergið og þegar ákærðu hafi farið að gramsa þar í skáp, hafi þeir Jóhann Sigfús haft sig á brott og farið aftur inn til kunningja þeirra. Hann hafi sagt þeim að hringja strax á lögregluna. Jóhann Sigfús hafi farið út til þess, en vitnið hafi fylgzt með ákærðu. Hafi það farið í humátt á eftir þeim og þegar það kom út á götuna, hafi ákærðu verið að koma út úr portinu við Hverfisgötu 14. Vitnið kveðst ekki hafa séð þá reyna að taka bifreiðina í portinu, en þar hafi engir verið nema þeir. Vitnið og Jóhann Sigfús bentu lögreglunni á

ákærðu, þar sem þeir voru á Arnarhólstúni. Þeir voru með í fórum sínum rauða tösku og hvítan poka, en um innihaldið veit vitnið ekki.

Vitnið Jóhann Sigfús Sigdórsson kveðst hafa verið í heimsókn hjá kunningja sínum að Hverfisgötu 16, er ákærðu komu þangað. Ákærðu komust inn í húsið með því að brjóta útidyrahurðina að vitnið heldur. Annar ákærðu ruddist inn í herbergið til kunningja vitnisins, og fóru vitnið og Kristján Róbert þá út þaðan fram á ganginn. Komu ákærðu til þeirra eftir nokkra stund, þar sem þeir stóðu á ganginum. Héldu ákærðu að herbergi Hallfreðar Jóns. Þurftu þeir ekki nema rétt að ýta á hurðina, svo að hún hrykki upp. Drógu þeir vitnið og Kristján Róbert inn í herbergið. Þegar ákærðu fóru að gramsa í skápnum í herberginu, læddust vitnið og Kristján Róbert út. Vitnið fór og hringdi á lögregluna. Þegar það kom aftur, sá það, að ákærðu voru að hlaupa á brott. Þeir höfðu meðferðis rauða tösku og hvítan poka. Vitnið fylgdist með þeim og sá, hvar þeir námu staðar á Arnarhólstúni. Vitnið varð ekki vart við, að ákærðu ættu við bifreið í portinu við húsið Hverfisgötu 14.

Gegn neitun ákærðu er ekki sannað, að þeir hafi stolið kr. 4.000.00 í peningum og Ronson vindlakveikjara að Hverfisgötu 16 í umrætt sinn. Einnig verður að telja ósannað þrátt fyrir framburði ákærðu, að þeir hafi stolið þar meira magni af vindlingum en Hallfreður Jón kveður hafa horfið frá sér, eða 6 lengjum af Camel og 9 pökkum af Viceroy vindlingum. Ber að sýkna ákærðu af ákærunni að þessu leyti. Að öðru leyti telst sannað atferli það, sem þeim er gefið að sök í II. kafla ákæru, og varðar það við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með framburði ákærða Guðmundar Rúnars svo og þegar virtur er framburður ákærða Óskars Elíasar Héðins og annað, sem fram er komið í máli þessu, þykir sannað, að ákærðu hafi reynt að taka bifreiðina Y 2576 að ófrjálsu. Varðar þetta atferli ákærðu við 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956.

Hallfreður Jón hefur krafizt þess, að ákærðu greiði sér kr. 4.000.00 og kr. 1.000.00 að auki fyrir vindlakveikjarann. Með því að ákærðu hafa verið sýknaðir af töku á verðmætum þessum, eins og áður greinir, verður eigi dæmt um kröfu þessa í máli þessu.

Eins og hér að framan greinir, hlaut ákærði Guðmundur Rúnar með dómi sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1970 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningar-

laga. Hefur ákærði með atferli því, er að framan er rakið, rofið skilorð það, sem honum var ákvarðað í dómi þessum. Ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að ákvarða honum að nýju refsingu fyrir brot það, er þar greinir. Þykir refsing ákærða samkvæmt því hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 6 mánaða fangelsi.

Refsing ákærða Óskars Elíasar Héðins þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 6 mánaða fangelsi, en rétt þykir, að gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 28. desember 1970 til 5. janúar 1971 komi til frádráttar refsingunni.

Ákærðu ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Guðmundur Rúnar Sveinsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Óskar Elías Héðinn Guðmundsson sæti fangelsi í 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 28. desember 1970 til 5. janúar 1971.

Ákærði Guðmundur Rúnar greiði Kristni Geirssyni kr. 3.000.00 og ákærði Óskar Elías Héðinn kr. 1.000.00 af þeirri fjárhæð óskipt með ákærða.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1971.

Nr. 43/1970. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
(Helgi V. Jónsson hdl.)
gegn
Hannesi Ólafssyni og
(Magnús Thorlacius hrl.)
Hannes Ólafsson
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, Guðjóni Guðmundssyni, Halldóri Ingólfssyni, Haraldi Ágústssyni, Reyni Ásmundssyni og Þorsteini Þorgeirssyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skipulag. Nágrenni. Skaðabótamál. Sýkna. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að ómerkt verði eftirtalin ummæli lögmanns gagnáfrýjanda í greinargerð í héraði: „hafa vanrækt þá sjálfsögðu skyldu sína að synja staðfestingar uppdrátta“ og „enda tel ég þá hafa misnotað stöðu sína til þess að gera það, er hallar réttindum umbjóðanda míns og annarra eigenda Framnesvegar 63, sbr. 139. gr. alm. hegn. objectift séð, enda þótt ekki skuli lagður dómur á, hvort hin subjectifu skilyrði eru fyrir hendi“.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 10. marz 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda og stefndu verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 120.000.00 með 7% ársvöxtum frá 30. apríl 1964 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði

dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Atvikum málsins er lýst í héraðsdómi.

Með bréfi 12. nóvember 1971 óskuðu lögmenn aðilja umsagnar byggingarnefndar Reykjavíkur um mál þetta, m. a. hvort heimilt væri „að koma fyrir ógagnsæju efni á enda þeirra svala hússins nr. 63 við Framnesveg, sem snúa að húsinu nr. 65 við sömu götu".

Í ódagsettu svarbréfi byggingarnefndar Reykjavíkur segir svo m. a.: „Líta verður svo á, að byggingarnefnd hafi talið sig vera í fyllsta rétti til að leyfa útskot og útbyggingar að vissu marki út fyrir húsalínu, skv. skipulagi, enda skýlaus heimild til slíks í 2. tl. 15. gr. byggingarsamþykktar nr. 195/1945, sbr. 3. tl. sömu greinar. Bent er á, að húsalína er ekki málsett á uppdrætti. Í þessu sambandi má benda á, að samkvæmt 12. gr. skipulagslaganna nr. 55/1921 var byggingarnefndin einn þeirra aðila, er fjalla skyldi um skipulagstillögur, áður en til staðfestingar kæmu.

Við samanburð á skipulagi, sem gert var á þessum árum, og húsum, sem leyfð voru samkvæmt því, sést, að það hefur verið mjög tíðkanlegur byggingarmáti, að hlutar húsa, einkum svalir, gengju út fyrir samþykkta húsalínu.

Er nefndinni ekki kunnugt um, að fundið hafi verið að slíku.

Í sambandi við niðurlag bréfsins skal tekið fram, að byggingarnefnd mundi leyfa að komið yrði fyrir ógagnsæju efni á enda svala stigahússins nr. 63 við Framnesveg, sem snúa að húsinu nr. 65, ef ósk berst um það frá réttum aðilum".

Íbúð gagnáfrýjanda er í húsi því, sem nú er nefnt nr. 65 við Framnesveg, en var nefnt nr. 63 við sömu götu, er það var reist. Hús það, er stefndu reistu og um er fjallað í málinu, er nú nefnt nr. 63 við Framnesveg, en var nefnt nr. 61 við sömu götu, er það var reist.

Tillaga að skipulagsuppdrætti af svæði því, sem byggingar þær, sem um er fjallað í máli þessu, standa á, var samþykkt

af skipulagsnefnd í febrúarmánuði 1942 og af bæjarráði 6. marz sama ár. Hins vegar hefur tillagan ekki verið staðfest af Stjórnarráðinu né opinberlega auglýst, svo sem mælt var í 16. gr. laga nr. 55/1921, sbr. 5. gr. laga nr. 64/1938, en þau lög giltu á þeim tíma, er hús þessi voru reist. Þegar af þessari ástæðu getur gagnáfrýjandi ekki á því byggt bótakröfu á hendur aðaláfrýjanda, þótt vikið kunni að hafa verið frá því, sem sýnt var á tillöguuppdrættinum um staðsetningu og afstöðu húsanna. Ósannað er, að afstaða og gerð húsanna nr. 65 og 63 við Framnesveg brjóti í bága við reglur byggingarsamþykktar Reykjavíkur, þeirrar er gilti, þegar hús þessi voru reist, en alltaf má vænta nokkurra óþæginda af nágrenni í þéttbýli. Með skírskotun til þess og þar sem gagnáfrýjandi hefur að öðru leyti ekki leitt haldbær rök að bótaskyldu aðaláfrýjanda, ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, að því er þá aðilja varðar.

Stefndu reistu húsið nr. 63 við Framnesveg með leyfi byggingaryfirvalda Reykjavíkur, og ekki eru rök að því leidd, að þeir hafi á nokkurn hátt brotið gegn rétti gagnáfrýjanda. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er þá varðar. Vegna ummæla í bréfi byggingarnefndar Reykjavíkur, sem áður er getið, athugast, að eigi liggur fyrir í máli þessu að dæma um skyldu til að setja upp ógagnsæjan vegg á enda svala hússins nr. 63 við Framnesveg. Eftir þessum málalokum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Taka ber til greina kröfu aðaláfrýjanda um ómerkingu ummæla þeirra, er í kröfum hans greinir.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Hannesar Ólafssonar, í máli þessu.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar stefndu, Guðjón Guðmundsson, Halldór Ingólfs-

son, Harald Ágústsson, Reyni Ásmundsson og Þorstein Þorgeirsson. Gagnáfrýjandi greiði stefndu kr. 12.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Framangreind ummæli eiga að vera ómerk.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. október 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Hannes Ólafsson, Framnesvegi 65 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 25. febrúar 1966, á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, Guðjóni Guðmundssyni húsasmíðameistara, Skeiðarvogi 33, Halldóri Ingólfssyni byggingameistara, Blönduhlíð 27, Haraldi Ágústssyni byggingameistara, Rauðalæk 22, Reyni Ásmundssyni byggingameistara, Austurbrún 29, og Þorsteini Þorgeirssyni vélvirkjameistara, Framnesvegi 61 hér í borg, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 120.000.00 með 7% ársvöxtum frá 30. apríl 1964 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda borgarstjórans í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur er þess krafizt, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Af hálfu stefndu Guðjóns, Halldórs, Haralds, Reynis og Þorsteins er þess krafizt, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo:

Húsið nr. 65 við Framnesveg hér í borg, sem áður var nr. 63, var byggt á árunum 1957 og 1958. Samkvæmt afstöðuuppdrætti, sem fyrir lá við byggingu þess, var gert ráð fyrir, að byggð yrði sambygging, fasttengd Framnesvegi 65 og hornrétt til suðurs út frá nyrzta hluta þess húss og um 4.90 m inn frá horni þess. Stefnandi keypti fimm herbergja íbúð á I. hæð til vinstri, þ. e. í norðurenda, í húsinu nr. 65 við Framnesveg með kaupsamningi, dags. hinn 8. ágúst 1958. Er umrædd sambygging, sem snýr að Grandavegi, útbyggð á kafla. Húsið nr. 63 stendur áfast við húsið nr. 65 við Framnesveg. Stefnandi taldi, að fyrirkomulag húsanna nr. 61 og 63 hefði orðið með öðrum hætti en ráð hafði verið gert fyrir. Fékk hann hinn 23. september 1964 dómkvadda matsmenn til að meta til fjár verðrýrnun íbúðar sinnar af þessum sökum.

Eigi vildi stefnandi una við fjárhæð mats þessa og fékk hinn 15. júlí 1965 dómkvadda matsmenn til að meta yfirmati verðrýrnun íbúðar sinnar. Í matsgerð sinni, sem dagsett er hinn 30. janúar 1966, vísa yfirmatsmennirnir til matsgerðar undirmatsmanna um lýsingu staðhátta. Er lýsing þessi svohljóðandi:

„Húsið nr. 63 við Framnesveg er byggt á árunum 1957 og 1958. Er það þriggja hæða fjölbýlishús með einum stigagangi. Lega þess er meðfram Framnesvegi í stefnu norðaustur til suðvesturs að Grandavegi. Samkvæmt afstöðuteikningu, er fyrir lá við byggingu þess, var ráð fyrir gert, að byggð yrði síðar fjölbýlisnýbygging út frá nyrzta hluta suðurhliðarinnar, fasttengd húsinu, þannig að lega nýbyggingarinnar myndaði rétt horn við suðurhlið Framnesvegar 63 ca. 4.90 metra inn frá horni þess.

Þessi nýbygging var reist á árunum 1962—1963 og er nú húseignin nr. 59—61 við Framnesveg.

Íbúð sú, er mat þetta varðar, er fimm herbergja auk eldhúss, baðherbergis og forstofu. Er hún staðsett í norðurenda Framnesvegar 63. Þrjú herbergi eru í suðurhlið, eitt herbergi nyrzt, en síðan tvær samliggjandi stofur. Enginn gluggi er á suðurvegg herbergisins, þar sem gafl nýbyggingarinnar tengist húsinu, en eini gluggi aðalsetustofu íbúðarinnar, sem næst er herberginu, er í ca. 5.90 m fjarlægð frá horni hússins. Fjarlægð hinnar hornréttu hliðarlínu nýbyggingarinnar er þannig í ca. 1.00 m fjarlægð frá glugganum.

Þegar nýbyggingin Framnesvegur 59—61 var reist, var gerð hennar þannig, að suðurhlið hennar meðfram Grandavegi var útbyggð á kafla. Hið rétta horn við Framnesveg 63 var svo sem áður var ráð fyrir gert, en í ca. 6.60 m fjarlægð þaðan frá breikkaði húsið um ca. 1.60 m. Í krika þeim, sem þannig myndaðist að Framnesvegi 63, eru svalir, sem ná ca. 2.60 m að því húsi. Handrið svalanna er steinsteypt að framanverðu. Ætlað er járngrindarhandrið á þeim enda þeirra, sem að Framnesvegi 63 vita, en útgöngudyr, glerhurð í tréramma, er í hinum enda þeirra út úr setustofu íbúðar þeirrar í Framnesveg 59—61, sem næst er Framnesvegi 63. Við þessar aðstæður nær hin breikkaða suðurhlið nýbyggingarinnar ca. 0.60 m inn fyrir setustofuglugga íbúðar þeirrar, sem mat þetta varðar, í ca. 6.60 m fjarlægð og í ca. 5.00 m fjarlægð að svalaenda. Það er vegna þessarra aðstæðna sem matsbeiðandi óskar mats um, þ. e. a. s. að hve miklu leyti íbúð hans rýrnar að fjárverðmæti af þeim sökum, miðað við það, að

suðurhlið nýbyggingarinnar hefði verið bein lína frá mótum húsanna".

Auk þess segir svo í matsgerð yfirmatsmannanna um grundvöll hennar og niðurstöðu:

„Hinn 14. jan. 1966, kl. 10.00, héldu matsmenn fund, og þar mætti af þeim, sem boðaðir höfðu verið, Haraldur Ágústsson og Reynir Ásmundsson.

Báðir mótmæltu þeir, að fyrirkomulag á svölum hússins nr 61 hefði áhrif til lækkunar á verðmæti íbúðar matsbeiðanda í húsinu nr. 63.

Matsbeiðandi hefur hins vegar haldið því fram á fundi með matsmönnum, að svalirnar valdi mikilli truflun á einkalífi í íbúð hans, jafnt um bjartan dag sem á kvöldi við rafmagnsljós, þannig að alltaf þurfi að nokkru að vera dregið fyrir stofugluggann hjá honum, eigi ekki að sjást inn.

Auk þess rýri framangreindar ástæður verðmæti íbúðar hans stórlega.

Að athuguðum öllum aðstæðum með tilliti til gagna og upplýsinga, sem liggja frammi í máli þessu, og með tilliti til gangverðs nú á íbúðum metum við verðrýrnun íbúðarinnar af framangreindum ástæðum kr. 120.000.00 — hundrað og tuttugu þúsund krónur $^{00}/_{100}$".

Á grundvelli niðurstöðu matsgerðar yfirmatsmannanna krafði stefnandi stefndu um bætur fyrir verðrýrnun íbúðar sinnar. Er stefndu vildu eigi fallast á kröfu stefnanda, höfðaði hann mál þetta.

Kröfur stefnanda á hendur stefndu Guðjóni, Halldóri, Haraldi, Reyni og Þorsteini eru byggðar á því, að er hann hafi keypt íbúð sína í húsinu nr. 65 við Framnesveg, hafi hann ekki mátt búast við því, að sambyggingin nr. 61 og 63 við Framnesveg yrði byggð öðruvísi en hornrétt við suðurhlið hússins nr. 65. Þessum stefndu, sem verið hafi byggjendur hússins nr. 63 við Framnesveg, er stendur áfast við húsið nr. 65, hafi mátt vera ljóst, að með áminnztri breikkun húss síns og svalabyggingu við það væru þeir að fremja réttarbrot á stefnanda, skerða hagsmuni hans og vinna skaðaverk gegn honum. Breytti það engu í þessu efni, þó að uppdrættir að húsi þeirra væru samþykktir í byggingarnefnd Reykjavíkur og borgarstjórn. Er því haldið fram, að samkvæmt þessu leiði bótaskylda þessara stefndu af hinni almennu skaðabótareglu íslenzks réttar. Þá er einnig á það bent, að hér sé um að ræða ólöglega hagnýtingu eignarréttar eða beitingu eignarréttar í ná-

grenni, þar sem farið sé út fyrir lögleg takmörk eignarréttar, og leiði bótaskylda þessara stefndu einnig af því. Að því er varðar stefnda borgarstjórann í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, þá er því haldið fram, að starfsmenn Reykjavíkurborgar, byggingarfulltrúi og byggingarnefnd hafi vanrækt þá sjálfsögðu skyldu sína að synja um staðfestingu uppdrátta að nýbyggingu, er borið hafi með sér bersýnilegt og fyrirsjáanlegt tjón fyrir stefnanda og aðra eigendur hússins nr. 65 við Framnesveg. Af hálfu stefnanda er talið, að þeir starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem hér áttu hlut að máli, hafi misnotað stöðu sína til þess að gera það, er hallar rétti stefnanda og annarra eigenda hússins nr. 65 við Framnesveg, sbr. ákvæði 139. gr. almennra hegningarlaga, hlutlægt séð, þótt eigi sé lagður dómur á það, hvort huglæg skilyrði séu fyrir hendi. Er því haldið fram, að borið hafi að hafa betra eftirlit með þeim starfsmönnum, sem hér áttu hlut að máli. Er því haldið fram, að borgarsjóður Reykjavíkur beri tvímælalaust fébótaábyrgð gagnvart stefnanda af þessum sökum. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að hann hafi með beinu samþykki eða með aðgerðarleysi samþykkt fyrirkomulag hússins nr. 63 við Framnesveg. Þá er því og mótmælt, að krafa stefnanda sé fyrnd.

Af hálfu stefndu Guðjóns, Halldórs, Haralds, Reynis og Þorsteins er því haldið fram, að húseign þeirra að Framnesvegi 63 brjóti í engu í bága við íslenzk lög eða rétt. Er því haldið fram, að engu máli skipti, þótt leyft hafi verið útskot á byggingu þeirra, enda valdi það stefnanda engum óþægindum. Er því mótmælt, að útskotið og svalirnar hafi áhrif á sólarbirtu í íbúð stefnanda, enda sé það sjálf byggingin að Framnesvegi 63, sem valdi því, að íbúð stefnanda verði ekki jafnsólrík og ella, en um það hafi stefnandi vitað fyrirfram. Þá er því haldið fram, að þótt svo yrði litið á, að húseignin Framnesvegur 63 væri ekki löglega staðsett, þá hafi þessir stefndu ekki fellt á sig persónulega fébótaábyrgð, þar eð byggingin hafi að öllu leyti verið gerð eftir uppdráttum, sem samþykktir hafi verið af þar til bærum embættismönnum Reykjavíkurborgar. Hafi rétt byggingaryfirvöld samþykkt framkvæmdir, sem í reynd hafi strítt gegn ákvæðum byggingarsamþykktar Reykjavíkur eða gildandi skipulagslögum, geti þessir stefndu ekki borið ábyrgð á verkum þeirra, þar eð þeir hafi sjálfir verið í góðri trú um allt, er að þessu lýtur. Er því haldið fram, að sé um fébótaábyrgð að ræða, hljóti þar einungis að vera um að ræða fébótaábyrgð hins opinbera á verkum starfsmanna sinna í opinberri stjórnsýslu. Þá er því og haldið

fram, að stefnandi hafi með aðgerðarleysi sínu firrt sig öllum rétti til bóta úr hendi þessara stefndu samkvæmt almennum og viðurkenndum reglum um tómlætisverkanir, þar sem hann hafi fylgzt með byggingu hússins nr. 63 við Framnesveg án þess að mótmæla því á nokkurn hátt eða gera athugasemdir við framkvæmdir þar, enda hafi stefnanda verið heimilt að láta leggja lögbann við framkvæmdunum, ef ástæða hafi þótt til.

Sýknukrafa stefnda borgarstjórans í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur er byggð á því, að er stefnandi hafi keypt íbúð sína í húsinu nr. 65 við Framnesveg, hafi honum verið ljóst, að sambygging hafi átt að koma hornrétt á nyrzta hluta þess húss, en ekki hafi þá legið fyrir ákvarðanir um byggingarstíl sambyggingarinnar. Hafi stefnandi ekki getað byggt neinar vonir eða traust á því, að sambyggingin yrði með ákveðnum hætti, að öðru leyti en því, að byggingin mundi standast ákvæði byggingarsamþykktar Reykjavíkur, og það geri sambyggingin vissulega. Er því haldið fram, að er byggingarnefnd Reykjavíkur veitti leyfi til að byggja húsið nr. 63 við Framnesveg, hafi sú ákvörðun verið í fyllsta samræmi við þar að lútandi lög og reglugerðir og verði því eigi lögð á Reykjavíkurborg fébótaábyrgð, þótt íbúð stefnanda hafi lækkað í verði við það, að sambyggingin var reist.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að er hann hafi á árinu 1958 keypt íbúð sína í því húsi, sem nú er nr. 65 við Framnesveg, hafi hann rætt við Harald Bjarnason, sem séð hafi um sölu íbúðarinnar og hafi jafnframt byggt stigahús það, sem hún er í. Ekki kveðst stefnandi hafa spurt beint að því, hvernig væntanleg hornrétt viðbygging við húsið yrði, og ekki kveður hann sér hafa verið sýndar neinar teikningar. Stefnandi kveður það hafa verið veturinn 1958—1959, sem breyting hafi verið gerð á kjallara hússins, og hafi hann af því tilefni farið á fund Sigmundar Halldórssonar, þáverandi byggingarfulltrúa. Stefnandi kveður Harald Bjarnason hafa verið byrjaðan á framkvæmdum við grunn húss við Grandaveg, sem snúið hafi eins og hús það, sem íbúð stefnanda er í. Kveðst hann því hafa spurt Sigmund um væntanlegt stigahús, er koma skyldi milli þessara húsa og hornrétt á þau. Kveður stefnandi Sigmund hafa sýnt sér teikningu af þessu væntanlega húsi. Kveðst stefnandi muna, að á þeirri hlið þess húss, er sneri að Grandavegi, hafi ekki verið nein útskot eða framgangandi svalir, en altan hafi á teikningunni verið innbyggt, þannig að hliðin að Grandavegi hafi verið alveg bein lína. Ekki kveðst stefnandi hafa séð fleiri teikningar af væntanlegri viðbyggingu,

fyrr en hún hafi verið næstum því byggð. Stefnandi kveðst hafa flutt í íbúð sína síðari hluta nóvembermánaðar 1958 og kveðst hafa búið í henni stöðugt síðan, þegar frá er talin dvöl utanbæjar, venjulega fimm mánuðir yfir sumartímann. Stefnandi kveður sig minna, að byrjað hafi verið á að grafa fyrir grunni viðbyggingarinnar vorið 1962 eða 1963. Ekki kveðst hann þá hafa séð neinar teikningar af væntanlegu húsi þar. Er hann kom til borgarinnar um haustið það sama ár, kveður hann búið hafa verið að steypa að hálfu helming stigahúss byggingar þeirrar, sem nú er nr. 63 við Framnesveg. Stefnandi kveður útlit þeirrar byggingar hafa verið á þann hátt öðruvísi en á teikningunni, sem hann á sínum tíma sá hjá Sigmundi Halldórssyni, að byggingin hafi ekki verið hornrétt og svalir hafi gengið það mikið út úr byggingunni, að þær hafi skyggt á hálfan stofugluggann á íbúð hans. Þá um haustið kveðst stefnandi hafa rætt við mann, sem þarna var að vinna, og telur, að verið hafi einn af eigendum hússins, og kveðst hafa tjáð honum, að hann mundi leita réttar síns vegna þess, að hann teldi viðbygginguna rýra verðgildi íbúðar sinnar. Það næsta, sem hann aðhafðist í málinu, kveður stefnandi hafa verið það, að hann hafi snúið sér til lögfræðings síns, og hafi það verið veturinn 1964. Stefnandi kveður aðstæður vera þannig, að af neðstu og næst neðstu svölum viðbyggingarinnar megi sjá inn um stofugluggann á íbúð sinni, en ekki verði séð inn í hana af jörðu, enda sé kjallari undir húsinu. Stefnandi kveður óþægindi þau, sem hann og eiginkona hans verði fyrir frá svölum viðbyggingarinnar, í stuttu máli vera þau, að óhugnanlegt sé að hafa þvott blaktandi á svölum beint fyrir framan aðalstofugluggann, og fari fólk út á umræddar svalir, þá þurfi það ekki annað en horfa beint fram að íbúð hans til þess að sjá inn um stofugluggann. Þá kveðst stefnandi einu sinni hafa orðið var við, að börn hafi verið að horfa inn í íbúð hans. Stefnandi kveðst mest verða óþæginda þessara var að degi til. Kveðst hann þurfa að hafa meira dregið fyrir stofugluggann vegna afstöðu svalanna til íbúðar sinnar en eðlilegt megi teljast og kveðst þurfa að draga meira fyrir glugann á stofunni en gluggann á borðstofunni, sem sé fjær svölunum. Stefnandi kveður minni birtu njóta í íbúð sinni nú og sé það fyrst og fremst vegna viðbyggingarinnar í heild, en þó að nokkru vegna svalanna. Stefnandi kveður einar svalir vera á íbúð sinni, sem gengið sé út á úr borðstofunni. Af þessum svölum kveður hann greinilega sjást yfir á svalirnar á viðbyggingunni. Kveður hann það hugsanlegt, að hægt væri að sjá inn

um glugga á viðbyggingunni af svölum íbúðar sinnar, ef engin gluggatjöld væru fyrir þeim glugga, en það sé gluggi, sem sé í krikanum milli íbúðar hans og svalanna á fyrstu hæð viðbyggingarinnar.

Einn hinna stefndu, Reynir Ásmundsson, hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Hann kveður byggingarframkvæmdir að Framnesvegi 61, nú Framnesvegi 63, hafa hafizt í maímánuði 1963. Kveður hann húsbyggjendur hafa fengið lóðina hjá þeim Þorsteini Þorsteinssyni og Láru Þorgeirsdóttur. Kveðst hann ekki vita til, að stefnandi hafi mótmælt byggingu hússins, meðan á henni stóð. Hann kveður íbúðirnar í húsinu hafa verið seldar og afhentar tilbúnar undir tréverk um mánaðamótin september—október 1964. Ekki kveðst Reynir hafa vitað um uppdrátt frá 1957, þar sem breidd viðbyggingarinnar sé sýnd og þar sem viðbyggingin er sýnd án útskots.

Dómurinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður.

Skipulagsuppdráttur af svæði því, sem umræddar byggingar standa á, var samþykktur af skipulagsnefnd ríkisins í febrúarmánuði 1942 og af bæjarráði Reykjavíkur í marzmánuði sama ár. Er það eigi vefengt, að skipulagsuppdrátturinn hafi hlotið lögmæta staðfestingu. Samkvæmt a lið 11. gr. laga nr. 55/1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, er í gildi voru á því tímabili, er umræddur skipulagsuppdráttur var gerður og umræddar byggingar voru reistar, skyldi markað fyrir fremri og aftari línum húsa, er byggð yrðu. Í samræmi við það er á skipulagsuppdrættinum markaður byggingarreitur fyrir hús þau, er síðar urðu nr. 61 og 63 við Framnesveg og eru sambyggð. Á skipulagsuppdrættinum er framhlið (suðurhlið) byggingarreitsins sýnd sem bein lína frá húsinu nr. 65 við Framnesveg og sem næst hornrétt við það. Verður að telja ljóst samkvæmt greindu lagaákvæði, að við skipulagningu svæðisins hafi verið við það miðað, að húsin nr. 61 og 63 við Framnesveg skyldu standa innan þessa byggingarreits. Af samanburði uppdrátta af húsum þessum við skipulagsuppdráttinn kemur fram, að útbyggingar húsanna fara að verulegu leyti út fyrir suðurmörk byggingarreitsins. Ekki er fram komið, að lögmæt breyting hafi verið gerð á skipulagsuppdrættinum þessu til samræmingar, er samþykktir voru uppdrættir af húsunum í byggingarnefnd Reykjavíkur hinn 30. ágúst 1962. Fer bygging hússins nr. 63 við Framnesveg því að þessu leyti í bága við staðfest skipulag. Það verður að fallast á það með stefnanda, að þetta fyrirkomulag við byggingu hússins nr. 63 við Framnes-

veg, sem telja verður réttilega lýst í matsgerð undirmatsmanna, sé til þess fallið að valda verðrýrnun á íbúð stefnanda og að stefnandi hafi af þeim sökum orðið fyrir tjóni. Verður matsgerð yfirmatsmannanna lögð til grundvallar um fjárhæð þess tjóns. Það verður að telja þá meginreglu koma fram í niðurlagsákvæði 23. gr. laga nr. 55/1921, að samkvæmt þeim lögum hafi viðkomandi sveitarfélagi einu verið ætlað að bæta tjón, sem hlytist af því, að eigi væri farið eftir staðfestu skipulagi við byggingarframkvæmdir. Samkvæmt því verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda lögð á borgarsjóð Reykjavíkur einan. Verður eigi talið, að stefnandi hafi glatað rétti sínum á hendur þessum aðilja fyrir aðgerðarleysi.

Ekki þykja efni til að taka til greina kröfu lögmanns stefnda borgarstjórans í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur um ómerkingu ummæla í greinargerð lögmanns stefnanda, enda þykja ummælin viðhöfð innan marka lögmætrar hagsmunagæzlu.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndu Guðjón Guðmundsson, Halldór Ingólfsson, Haraldur Ágústsson, Reynir Ásmundsson og Þorsteinn Þorgeirsson verða sýknaðir af kröfum stefnanda, og eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður þeirra í milli falli niður, en stefndi borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 120.000.00 með 7% ársvöxtum frá 30. apríl 1964 til greiðsludags og málskostnað, sem ákveðst kr. 45.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Braga Þorsteinssyni verkfræðingi og Þorvaldi S. Þorvaldssyni arkitekt.

Dómsorð:

Stefndu Guðjón Guðmundsson, Halldór Ingólfsson, Haraldur Ágústsson, Reynir Ásmundsson og Þorsteinn Þorgeirsson skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Hannesar Ólafssonar, í máli þessu, en málskostnaður þeirra í milli fellur niður.

Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur greiði stefnanda, Hannesi Ólafssyni, kr. 120.000.00 með 7% ársvöxtum frá 30. apríl 1964 til greiðsludags og kr. 45.000.00 í málskostnað innan 15 dag frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1971.

Nr. 70/1970. **Hörður Þorgilsson**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Jóni Guðnasyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1970 og krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi getur, var áfrýjandi starfsmaður, verkstjóri, Byggingafélagsins Brúar h/f haustið 1966, er stefndi réðst til starfa við byggingu Borgarsjúkrahússins í Fossvogi, sem byggingafélagið var aðalverktaki við að reisa. Var áfrýjanda greidd föst mánaðarlaun fyrir starf sitt, en fékk ekki greidda meistaraþóknun af launum múrarasveina þeirra, er við bygginguna unnu, og samkvæmt yfirlýsingu Byggingafélagsins Brúar h/f bar það ábyrgð á göllum, sem fram kynnu að koma á verkum, unnum á þess vegum, og svo á greiðslu vinnulauna. Auk þess greiddi byggingafélagið gjöld til stéttarfélaga vegna þeirra manna, sem unnu undir verkstjórn iðnmeistara á þess vegum.

Á vinnulista frá Byggingafélaginu Brú h/f yfir dagana 6. til 12. marz 1966 kvittar stefndi athugasemdalaust fyrir 5.000 króna launum vegna vinnu við Borgarsjúkrahúsið.

Á skattframtal sitt 1967 fyrir skattárið 1966 færir stefndi, að hann hafi fengið greidd laun, kr. 112.238.00, frá Byggingafélaginu Brú h/f, og jafnframt, að hann eigi inni hjá því kr. 7.500.00.

Þá hefur stefndi, eins og í héraðsdómi greinir, borið, að honum hafi verið kunnugt um, að Byggingafélagið Brú h/f hafi verið verktaki við Borgarsjúkrahúsið, a. m. k. að vissu marki, en hann ekki vitað, að áfrýjandi ynni hjá því félagi, er hann réðst til starfa þar, enda ekkert um það hugsað.

Hilmar Guðlaugsson, formaður Múrarafélags Reykjavíkur, hefur skýrt svo frá, að þegar vanskil fóru að verða á launagreiðslum frá Byggingafélaginu Brú h/f og vart hafi orðið við, að ekki væri allt með felldu um fjárhag þess, hafi áfrýjanda verið tilkynnt bréflega, að ef ekki yrðu gerð skil á vangoldnum vinnulaunum, mundi koma til vinnustöðvunar við Borgarsjúkrahúsið, og hafi svo orðið. Auk Múrarafélags Reykjavíkur hafi Verkamannafélagið Dagsbrún og Trésmíðafélag Reykjavíkur staðið að vinnustöðvun þessari, sem síðan hafi verið aflétt, er greiddar voru úr borgarsjóði Reykjavíkur kr. 730.000.00 upp í vangoldin vinnulaun, en í yfirlýsingu, dags. 5. desember 1966, undirritaðri af formönnum greindra stéttarfélaga, segir svo: „Verkamannafélagið Dagsbrún, Trésmíðafélag Reykjavíkur og Múrarafélag Reykjavíkur lýsa því yfir, að þau aflétta hér með vinnustöðvun þessara félaga gagnvart Byggingafélaginu Brú h.f., þar eð Brú h.f. hefur greitt upp í vinnulaun kr. 730.000.00, og er því jafnframt lýst yfir, að ekki komi til verkstöðvunar gagnvart borgarsjóði vegna vanskila Brúar h.f. á vinnulaunum. Til félagsmanna ofangreindra félaga".

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fram bréf Múrarafélags Reykjavíkur, dags. 28. desember 1965, til áfrýjanda, þar sem segir: „Kaupgreiðslur til múrara á þínum vegum hjá Byggingafélaginu Brú h/f hafa ekki komið að undanförnu á réttum tíma á skrifstofu Múrarafélags Reykjavíkur.

Samkvæmt samningi félaga okkar skulu allar kaupgreiðslur til múrara koma á skrifstofu félagsins á fimmtud. Verði misbrestur á því, er í samningnum gert ráð fyrir 4 dögum til að leiðrétta slík brot.

Nú er það krafa okkar, að þú sjáir um, að greiðslur til múrara, sem vinna á þínum vegum, komi ekki seinna en kl.

3 á föstud. e. h. Bregðist það einhvern föstud., t. d. föstud. 7. jan. 1966, verður öll vinna múrara á þínum vegum stöðvuð frá og með mánud. 10. jan. 1966 og ekki hafin aftur í viðkomandi byggingum, fyrr en fullkomin trygging sé lögð fram fyrir skilvísum greiðslum í framtíðinni.

Sú ósvífni, sem kom fram s.l. föstud. hjá Byggingafél. Brú h/f eða forstjóra þess, að greiða ekki vinnulaun fyrr en eftir kl. 12 á aðfangadag, verður ekki lengur þolað. Eins viljum við taka fram, að þegar við tölum um föstud., þá er það virkur föstud., en ekki föstud., sem ber upp á hátíðisd., þá kemur fimmtud. í staðinn.

Við erum búnir að sýna Brú eða forstjóra þess svo mikið umburðarlyndi s.l. ár, en ekkert hefur dugað til, að hann stæði við það samkomulag, sem gert hefur verið við hann, svo við munum ekki í framtíðinni neitt við Brú eða forstjóra þess tala, en eingöngu snúa okkur til þín um allt, sem við kemur múrurunum, enda ert þú samkvæmt samningi sá aðili, sem við eigum að leita til".

Þegar virt er það, er nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til málavaxtalýsingar í héraðsdómi, verður ábyrgð á launagreiðslum þeim til stefnda, sem mál þetta er af risið, eigi lögð á áfrýjanda, enda hefur stefnda mátt vera það ljóst, er hann réðst til starfa við byggingu Borgarsjúkrahússins eða hóf að vinna þar, að áfrýjandi starfaði sem verkstjóri við byggingu þessa á vegum Byggingafélagsins Brúar h/f. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hörður Þorgilsson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Jóns Guðnasonar.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. febrúar 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. febrúar 1970, hefur Jón Guðnason múrari, Goðheimum 11, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 7. maí 1968, á hendur Herði Þorgilssyni múrarameistara, Miðtúni 82 hér í borg, til greiðslu á vangoldnum vinnulaunum, orlofi, sjúkrasjóðsgjaldi og lífeyrissjóðsgjaldi að upphæð kr. 5.854.12 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. nóvember 1966 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi krefst algerrar sýknu og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Málsatvikum er þannig lýst í stefnu, að haustið 1966 hafi stefnandi, sem er múrari að iðn, unnið við byggingu Borgarsjúkrahússins í Fossvogi. Uppmæling verksins hafi farið fram 12. nóvember 1966 og verið gerð af mælingafulltrúa Múrarafélags Reykjavíkur. Stefnukrafan sé eftirstöðvar af kaupi vegna vinnu stefnanda við sjúkrahúsið, sem honum hafi ekki tekizt að innheimta þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Hafi því verið nauðsynlegt að höfða mál þetta til þess að fá úr því skorið, hver beri ábyrgð á greiðslu kaupsins.

Þann 1. september 1967 ritar lögmaður stefnanda stefnda í máli þessu bréf, þar sem lögmaðurinn tilkynnir honum, að Múrarafélag Reykjavíkur og múrararnir, sem hjá honum unnu í Borgarsjúkrahúsinu, hafi beðið sig að tilkynna honum, að þeir mundu gera hann ábyrgan fyrir greiðslu vangoldinna vinnulauna til þeirra múrarasveina, sem hjá honum unnu í Borgarsjúkrahúsinu, að svo miklu leyti sem vinnulaun þessi fáist ekki greidd frá Byggingafélaginu Brú h/f.

Lögmaðurinn tekur fram, að þótt sveinarnir lýsi kröfum sínum í þrotabú Brúar h/f, felist ekki í því nein viðurkenning á því, að hann beri ekki ábyrgð á vinnulaununum, enda hafi Múrarafélag Reykjavíkur kaup- og kjarasamning við Múrarameistarafélag Reykjavíkur, en engan kjarasamning við Byggingafélagið Brú h/f. Sveinarnir hafi unnið hjá honum eftir kjarasamningi við hans eigið félag og telji því, að hann beri ábyrgð á greiðslu vinnulaunanna til þeirra.

Þessu bréfi lögmanns stefnanda svarar Magnús Fr. Árnason lögmaður með bréfi 20. september 1967, þar sem hann f. h. stefnda, Harðar Þorgilssonar, vísar á bug öllum kröfum þeirra múrarasveina, sem unnu í Borgarsjúkrahúsinu, þar sem þeir

voru í vinnu hjá Byggingafélaginu Brú, en ekki hjá Herði Þorgilssyni.

Jafnframt sendir lögmaðurinn yfirlýsingu frá Byggingafélaginu Brú þess efnis, að félagið lýsi því yfir, að það eitt beri ábyrgð á öllum þeim göllum, er fram kunna að hafa komið nú eða kunna síðar að koma í ljós við þær byggingar, er múrarameistarar félagsins hafa staðið fyrir og koma til með að standa fyrir á vegum félagsins. Enn fremur beri félagið alla ábyrgð á öllum greiðslum vinnulaua og öðrum greiðslum við þær byggingar. Yfirlýsing þessi er dagsett í Reykjavík 6. október 1965.

Þann 20. nóvember 1967 ritar lögmaður stefnanda stefnda bréf, þar sem lögmaðurinn tilkynnir, að Múrarafélag Reykjavíkur hafi falið sér að innheimta hjá honum vinnulaun stefnanda fyrir vinnu hans við Borgarsjúkrahúsið, kr. 5.854.12, auk vaxta og innheimtukostnaðar.

Þann 7. maí 1968 er útgefin stefna á hendur stefnda, Herði Þorgilssyni, eins og fyrr segir, til greiðslu ofangreindrar skuldar.

Báðir málsaðiljar hafa komið fyrir dóm og gefið aðiljaskýrslur.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi farið suður í Fossvog og hitt stefnda þar á vinnustað og spurt hann, hvort hann gæti fengið vinnu við Borgarsjúkrahúsið. Stefndi hafi sagt, að það vantaði menn, og ráðið sig þar á staðum. Enginn skriflegur ráðningarsamningur hafi verið gerður.

Stefnandi kveðst hafa vitað, að Byggingafélagið Brú var verktaki við Borgarsjúkrahúsið, a. m. k. að vissu marki, en hann kveðst ekki hafa vitað, að stefndi vann hjá félaginu, þegar ráðning fór fram, enda hafi hann ekkert um það spurt eða út í það hugsað. Hann kveðst ekkert hafa þekkt stefnda, aðeins vitað, hver hann var.

Hann kveðst hafa fengið allar kaupgreiðslur í gegnum skrifstofu múrarafélagsins, en með greiðslurnar til skrifstofunnar hafi stefndi o. fl. komið, eftir því sem formaður Múrarafélagsins hafi sagt sér.

Fyrir dóminum var stefnanda sýnt dskj. nr. 26, en það er vinnulisti, þar sem stefnandi hefur kvittað fyrir kr. 5.000.00, en vinnuveitadi var tilgreindur Byggingafélagið Brú h/f. Hann kvaðst ekkert hafa hugsað út í það, þegar hann kvittaði á skýrsluna, hver væri vinnuveitandi, en kvaðst ekki geta betur munað en að þessi greiðsla hafi farið fram á skrifstofu múrarafélagsins. Hann var nánar út í þetta spurður og kvaðst þá alls ekki minnast

þess, að hann hafi athugað sérstaklega frá hverjum vinnuskýrslan var í hvert skipti, sem hann kvittaði fyrir kaupi.

Stefnandi og stefndi voru samprófaðir fyrir dómi. Stefndi Hörður kvaðst ekki minnast þess, að hann hefði tekið sérstaklega fram við stefnanda, að hann væri ráðinn hjá Byggingafélaginu Brú. Hann kvaðst heldur ekki hafa minnzt á það við stefnanda, að hann væri ekki ráðinn í vinnu til sín. Um þetta atriði voru stefnandi og stefndi sammála.

Stefndi tók hins vegar fram, að stefnanda og öðrum sveinum hefði verið ljóst, að hann var aðeins verkstjóri, ekki verktaki. Stefndi skýrði svo frá, að hann hafi verið ráðinn múrarameistari við Borgarsjúkrahúsið. Hann kvaðst ekki hafa fengið meistaraþóknun af launum stefnanda eða annarra sveina og sjálfur hafi hann aðeins verið ráðinn upp á mánaðarkaup hjá félaginu. Aftur á móti hafi hann skrifað vinnulista, sem síðar fóru til skrifstofu Byggingafélagsins Brúar, og borgaði Brú síðan vinnulaunin á skrifstofu Múrarafélags Reykjavíkur.

Stefnandi hélt því fram, að hann hefði fengið launamiða frá stefnda. Stefndi Hörður kvað þar rangt frá skýrt, að hann hefði afhent stefnanda launamiða við framtal, því að hann hafi ekkert haft með skrifstofustörf að gera fyrir Byggingafélagið Brú.

Stefnandi skýrði þetta nánar þannig, að launamiði hefði komið til sín með launum þeim, sem hann hefði talið, að væru frá Herði í gegnum múrarafélagið. Þegar málsaðiljar voru nánar spurðir um þetta, kvað Hörður sig ekki hafa komið með laun Jóns né launamiða á skrifstofu múrarafélagsins, en hins vegar gæti það verið, að hann hefði komið tvisvar eða þrisvar með laun frá Byggingafélaginu Brú til Múrarafélags Reykjavíkur á því tímabili, sem hann vann hjá Brú. Stefndi tók fram í þessu sambandi, að mælingar, sem komu af skrifstofu sveinafélagsins til meistarafélagsins, hafi hann aldrei sótt, heldur starfsmenn Byggingafélagsins Brúar, og borgaði það gjöld og skyldur af þeim.

Stefnandi Jón tók fram í þessu sambandi, að allar mælingar hafi verið utanáskrifaðar til Harðar og viðkomandi sveins. Þetta kvað stefndi Hörður vera rétt, en skrifstofa múrarameistarafélagsins tilkynnti þessar mælingar til Byggingafélagsins Brúar, sem borgaði skatta og skyldur af þeim mælingum. Stefndi Hörður tók fram, að á þessum tíma hafi hann ekki sjálfur verið verktaki við Borgarsjúkrahúsið, en orðið það, eftir að Byggingafélagið Brú varð gjaldþrota.

Stefnda Herði var kynnt yfirlýsing frá Byggingafélaginu Brú,

dagsett 6.október 1965. Hann kvað skjal þetta vera lagt fram í málinu til að sýna, að bréfaskriftir hafi farið fram um langan tíma milli Múrarafélags Reykjavíkur og Byggingafélagsins Brúar þangað til undir lokin, að Brú var að verða gjaldþrota. Þá fór múrarafélagið að senda sér eitt eða tvö bréf. Hann kvaðst aldrei hafa fengið kvartanir út af vangreiðslu til múrara fyrr en undir lokin. Í þessu sambandi tók stefndi fram, að Byggingafélagið Brú hefði gefið þá yfirlýsingu, að það bæri ábyrgð á göllum, sem fram kynnu að koma á verkinu, til þess að undirstrika, að verkstjórar félagsins hafi verið launþegar, en ekki sjálfstæðir aðiljar.

Við samprófun málsaðilja náðist ekki frekara samræmi í framburði þeirra.

Þá hefur Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Brúar h/f á þeim tíma, sem hér um ræðir, komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að Byggingafélagið Brú hefði starfað yfir 20 ár og haft fleiri hundruð manna í vinnu, bæði meistara og sveina. Forstjórinn sagði, að sér kæmi það einkennilega fyrir sjónir, ef þessir menn hefðu ekki talið sig vinna hjá fyrirtækinu Brú, því að bæði hefði byggingafélagið greitt þeim kaup svo og gjöld til viðkomandi félaga af þeim mönnum, er það hafði í vinnu. Þá hafi félagið enn fremur gefið upp til skatts öll laun þeirra og skilað launamiðum.

Stefndi, Hörður Þorgilsson, hafi verið starfsmaður Brúar og ekki haft neitt sjálfstætt verk við Borgarsjúkrahúsið, hvorki hluta af ágóða né annað og engar prósentur fengið af vinnulaunum.

Forstjórinn gat þess, að greiðsla til múrarasveina hafi farið fram á þann hátt, að Byggingafélagið Brú sendi greiðslurnar niður á skrifstofu múrarafélagsins og greiddi þau gjöld, sem greiða þurfti til þess, en múrarafélagið kvittaði á skýrslurnar. Þó kom það fyrir, að múrurum var greitt beint.

Gerð vinnuskýrslna fór þannig fram, að verkstjórar félagsins skráðu tíma verkamanna á aukaskýrslur, sem síðan var skilað niður á skrifstofu Brúar, en þar voru tímarnir dregnir saman og reiknaðir út á aðalskýrslu, þannig að út komu heildarlaun hvers starfsmanns yfir vikuna. Síðan voru launin færð inn á nafn viðkomandi á aðalskýrslu, og sýnir dskj. nr. 26, hvernig slík skýrsla leit út.

Þá hefur Hilmar Guðlaugsson, formaður Múrarafélags Reykjavíkur, komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að venjulegar launa-

greiðslur til múrara færu fram þannig, að allar launagreiðslur fari í gegnum skrifstofu múrarafélagsins. Atvinnurekandinn komi með þessar greiðslur á fimmtudögum, sem starfsmaður múrarafélagsins greiði aftur á föstudögum.

Uppmælingar séu framkvæmdar þannig, að sérstakur mælingafulltrúi mæli upp viðkomandi verk. Þessum uppmælingum skili mælingafulltrúinn á skrifstofu Múrarafélags Reykjavíkur og séu skýrslurnar venjulega í þríriti og haldi sveinninn einu afriti, skrifstofa múrarafélagsins öðru og þriðja fari til skrifstofu Múrarameistarafélags Reykjavíkur til endurskoðunar. Um leið greiði þá skrifstofa múrarameistarafélagsins þau gjöld af uppmælingunum, sem skráð eru sérstaklega á uppmælingablöðin, en það er 1% sjúkrasjóðsgjald og 3.6% lífeyrissjóðsgjald. Enn fremur greiði þá skrifstofan líka uppmælingargjaldið, sem múrarameistarinn dragi svo aftur af launum sveina sinna.

Hann var að því spurður, hvort honum væri kunnugt um, hvaðan greiðslur hefðu komið til múrarafélagsins í sambandi við þá, er unnu við Borgarsjúkrahúsið á árinu 1966. Hann svaraði því til, að sér væri kunnugt um, að fleiri en einn aðili hefðu komið með greiðslur fyrir þá sveina, sem við Borgarsjúkrahúsið unnu. Hörður Þorgilsson hafi komið með greiðslur. Diðrik Helgason hafi einnig komið með greiðslur.

Hann sagði enn fremur, að sér hefði verið kunnugt um, að aðalverktakinn við Borgarsjúkrahúsið hefði verið Byggingafélagið Brú, og hafi oft verið komið með greiðslur frá því á skrifstofu félagsins.

Þá tók hann fram, að í mörgum tilfellum greiði aðalverktakinn múrarameistaranum laun þeirra manna, sem eru í vinnu hjá honum, og viti múrarafélagið um það og skipti sér ekki af því, hvort það er aðalverktakinn eða múrarameistarinn, sem komi með launin á skrifstofuna.

Honum var sýnt dskj. nr. 6, og tók hann fram í því sambandi, að greiðsla sú, sem þar um ræðir, hefði farið fram gegnum skrifstofu múrarafélagsins. Um greiðslufyrirkomulag samkvæmt vinnuskýrslunum tók hann fram, að tvenns konar háttur hefði verið á hafður. Í fyrsta lagi hafi verið komið með vinnuskýrslur í tvíriti á skrifstofu múrarafélagsins ásamt þeirri peningaupphæð, sem greiða átti. Í öðru lagi hafi aðeins verið komið með peningaupphæðina á skrifstofuna og vinnuskýrslurnar útbúnar á skrifstofu félagsins. Fyrirkomulag samkvæmt dskj. nr. 26 heyri undir fyrra tilvikið.

Þá hefur Diðrik Helgason múrarameistari komið fyrir dóm. Hann kvaðst hafa starfað sem múrarameistari við Borgarsjúkrahúsið f. h. Byggingafélagsins Brúar, sem var aðalverkttaki. Ekki kvaðst hann hafa ráðið múrara til byggingarinnar. Það hafi annazt Guðmundur Halldórsson, sem var framkvæmdastjóri Brúar h/f um tíma, og eftir að hann hætti, hafi Sigurður H. Jónsson ráðið múrarana.

Hann kvaðst aðeins hafa komið fram sem verkstjóri, þ. e. a. s. stjórnað verkinu, skrifað vinnuskýrslur og afhent þær skrifstofu Brúar h/f. Hann hafi haft fast mánaðarkaup og engar prósentur fengið af vinnulaunum.

Hann kvaðst ekki vita betur en að launagreiðslur til múraranna hefðu jafnan verið sendar frá skrifstofu Brúar niður á skrifstofu múrarafélagsins.

Þegar hann hætti störfum við Borgarsjúkrahúsið, hafi stefndi í máli þessu tekið við af sér. Meðan hann starfaði við Borgarsjúkrahúsið, kveðst hann hafa litið svo á, að múrarar þeir, sem við sjúkrahúsið unnu, hafi ekki verið persónulega ráðnir til sín eða hann bæri ábyrgð á kaupgreiðslum til þeirra. Aftur á móti sé sér ókunnugt um, hvernig þessu hafi verið háttað, eftir að stefndi í máli þessu tók við.

Þá hefur Þórður Þórðarson komið fyrir dóm, en hann var formaður múrarameistarafélagsins á þeim tíma, sem hér um ræðir. Hann lýsti því yfir, að sér væri ekki sérstaklega kunnugt um, hvernig ráðningarkjörum múrara var háttað við byggingunа, en persónulega hafi hann litið svo á, að þeir væru ráðnir af Byggingafélaginu Brú. Hins vegar sé sér ekki kunnugt um, hvernig ráðningu Jóns Guðnasonar, stefnanda máls þessa, var háttað.

Hann tók fram, að á lóðinni fyrir norðaustan Borgarsjúkrahúsið hafi staðið skilti, þar sem skráð var, hverjir væru aðalverktakar við sjúkrahúsið. Á þetta skilti hafi einnig verið skráð, hverjir væru meistarar við verkið, hverjir hefðu teiknað bygginguna og hverjir ættu hana.

Hefur nú í meginatriðum verið rakið þar helzta, sem komið hefur fram í málinu við vitnaleiðslur og eftir öðrum gögnum.

Stefnandi reisir kröfur sínar einkum á því, að stefnandi sé félagi í Múrarafélagi Reykjavíkur og stefndi félagi í Múrarameistarafélagi Reykjavíkur. Þessir tveir aðiljar hafi á milli sín skriflegan kjarasamning um kaup og kjör múrara, en samningur þessi sé í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og

vinnudeilur. Hvorugur aðilja málsins hafi slíkan samning við nokkurn annan aðilja. Stefnandi hafi unnið hjá stefnda samkvæmt framangreindum kjarasamningi og stefndi ráðið hann til verksins. Stefndi hafi verið skráður meistari að verkinu og öll vinna undir hans stjórn unnin. Samkvæmt kjarasamningnum hafi múrarar í Múrarafélagi Reykjavíkur skuldbundið sig til að vinna ekki hjá öðrum en meðlimum í Múrarameistarafélagi Reykjavíkur. Af þessum ástæðum sé enginn vafi á greiðsluskyldu stefnda í máli þessu.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki verið verktaki við byggingu Borgarsjúkrahússins, heldur aðeins starfsmaður Byggingafélagsins Brúar og unnið störf sín á mánaðarlaunum hjá félaginu. Hann hafi enga meistaraþóknun fengið af launum stefnanda eða annarra sveina, er hann hafði verkstjórn yfir.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, er ágreiningslaust í málinu, að stefndi réð stefnanda til starfa við byggingu Borgarsjúkrahússins og hafði verkstjórn yfir honum. Það er enn fremur ágreiningslaust, að stefndi tók ekki fram við stefnanda í upphafi ráðningar hans, að hann væri ráðinn til Byggingafélagsins Brúar h/f. Þá er það ósannað gegn staðhæfingu stefnanda, að honum hafi verið kunnugt um, að stefndi var ekki sjálfstæður verktaki, heldur starfsmaður Byggingafélagsins Brúar h/f.

Með hliðsjón af gildandi kjarasamningum milli Múrarafélags Reykjavíkur og Múrarameistarafélags Reykjavíkur, sbr. dskj. nr. 7, 9. og 10. grein, var sérstök ástæða fyrir stefnda að taka skýrt fram við stefnanda, í hvers umboði stefndi réð hann til starfa, ef hann vildi firra sig ábyrgð á ráðningu hans.

Þar sem stefndi lét undir höfuð leggjast að gera stefnanda skilmerkilega grein fyrir, hvernig réttarstöðu hans var háttað gagnvart verktakanum, Byggingafélaginu Brú h/f, verður hann sjálfur að bera ábyrgð á vinnulaunum hans.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda stefnufjárhæðina, sem ekki hefur sætt tölulegum andmælum, auk 7% ársvaxta, svo sem krafizt er, og kr. 3.285.00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður Þorgilsson, greiði stefnanda, Jóni Guðnasyni, kr. 5.854.12 auk 7% ársvaxta frá 12. nóvember 1966

til greiðsludags og kr. 3.285.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. desember 1971.

Nr. 78/1970. **Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Gunnlaugi Halldórssyni og
Guðmundi Kr. Kristinssyni
(Ragnar Jónsson hrl.)
Dánarbúi Jóns Eiríkssonar og
(Tómas Árnason hrl.)
Byggi h/f (Lúðvík Gizurarson hrl.)
og Gunnlaugur Halldórsson og
Guðmundur Kr. Kristinsson
gegn
Byggingasamvinnufélagi Reykjavíkur.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1970. Hann fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 15. apríl 1970. Krefst hann þess, að gagnáfrýjendur og stefndu verði dæmdir til að greiða óskipt kr. 910.268.00 með 8% ársvöxtum frá 27. febrúar 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 19. júní 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Þeir krefjast sýknu af

öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Stefndi Jón Eiríksson fékk gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti hinn 27. apríl 1970. Hann lézt hinn 7. maí 1970. Dánarbú hans hefur tekið við málsvörninni. Krefst það sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Stefndi Byggir h/f krefst sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stjórn húsfélagsins Kleppsvegar 8—16 ritaði aðaláfrýjanda 4. ágúst 1961 m. a. vegna galla, er reynzt hefðu vera á gólfum margra íbúða. Verkum gagnáfrýjenda og stefndu var þá löngu lokið og eigendur íbúðanna búnir að taka þær í notkun. Eins og málum er háttað, má við það miða, að fyrningarfrestur á kröfum, er aðaláfrýjandi sækir í máli þessu, hafi þegar verið tekinn að líða fyrir áðurgreindan dag, og þarf þá ekki til úrlausnar sakarefnis að leysa að öðru leyti úr um upphaf hans.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, gagnáfrýjendum kr. 20.000.00, stefnda Byggi h/f kr. 20.000.00 og stefnda dánarbúi Jóns Eiríkssonar kr. 20.000.00, en síðastgreind fjárhæð skal renna í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda, sem ákveðast kr. 40.000.00.

Gjafvarnarkostnaður stefnda dánarbús Jóns Eiríkssonar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þess, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur, greiði gagnáfrýjendum, Gunnlaugi Halldórssyni og Guðmundi Kr. Kristinssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Aðaláfrýjandi greiði stefnda dánarbúi Jóns Eiríkssonar málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, er renni í ríkissjóð.

Aðaláfrýjandi greiði stefnda Byggi h/f málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.00.

Gjafvarnarkostnaður stefnda dánarbús Jóns Eiríkssonar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þess, Tómasar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. janúar 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur hér í borg höfðað með stefnu, birtri 25. október 1967, gegn arkitektunum Gunnlaugi Halldórssyni, Hofi, Álftanesi, og Guðmundi Kr. Kristinssyni, Vesturbæ, Álftanesi, Jóni Eiríkssyni múrarameistara, Urðarstíg 15, Reykjavík, og Byggi h/f, einnig í Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 910.268.00 með 8% ársvöxtum frá 27. febrúar 1964 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Í stefnu er af hálfu stefnanda m. a. gerð svofelld grein fyrir atvikum málsins:

„Á árinu 1957 lét stefnandi reisa vegna félagsmanna sinna fjölbýlishúsið Kleppsvegur 8-10-12-14-16 í Reykjavík. Í húsinu eru 12 fjögurra herbergja íbúðir, 12 þriggja herbergja íbúðir og 8 tveggja herbergja íbúðir, eða alls 32 íbúðir.

Eftir að íbúðirnar voru fullgerðar, tilteknir félagsmenn hlotið þær og farið að búa í þeim, komu í ljós byggingargallar, og hafa áhrif þeirra farið vaxandi með ári hverju. Íbúðarhafar undu þessu illa, og eftir nokkrar viðræður milli stjórnar húsfélagsins

og stjórnar stefnanda varð sameiginlegt álit þessara aðilja, að beina yrði bótakröfum á hendur þeim, sem byggðu húsið og báru faglega ábyrgð á verkinu. Féllst stjórn stefnanda á vegna hlutaðeigandi félagsmanna í heild að sækja málið í hendur viðsemjendum sínum um bygginguna, þar eð þessum aðiljum hefði borið að gera bygginguna sómasamlega úr garði.

Til þess að fylgja málinu fram réð stefnandi lögmann. Að ósk hans athugaði formaður húsfélagsins, Jens Hólmgeirsson, allar íbúðirnar og gaf skýrslu til bráðabirgða, dags. 3. desember 1962, um ástand íbúðanna, að því er snerti meinta byggingargalla. Beindust athuganir hans einkum að tvennu, sem mest hafði borið á: skemmdum á einangrunarlagi á gólfum og leka frá þaki og með útveggjum.

Skýrsla hans sýndi, að flestöllum íbúðunum var vant úrbóta vegna gólfskemmda eða leka eða vegna beggja þessara ástæðna. Varð að ráði, að ein íbúðanna, íbúð Andrésar Gilssonar að Kleppsvegi 10 á 2. hæð til hægri, skyldi sérstaklega tekin sem sýnishorn til skoðunar og mats dómkvaddra manna. Þess síðan leitað að ná samkomulagi við byggjendur hússins um bótagreiðslur vegna vansmíði og efnisgalla. Ef samkomulag næðist ekki, skyldi farið í prófmál fyrir dómstólum vegna íbúðar Andrésar Gilssonar og að þeim úrslitum fengnum leitað samkomulags eða dóms um bætur vegna sannanlegra byggingargalla annarra íbúða sambýlishússins á sama grundvelli.

Að beiðni lögmanns í umboði stefnanda voru 2 matsmenn dómkvaddir hinn 26. marz 1963. Þeim var falið að meta, hvað kosta mundi að lagfæra gólf íbúðarinnar, en skemmda hafði orðið vart í einangrunarlagi á gólfum flestra herbergja, og sums staðar kom sementsryk upp um samskeyti á gólfdúk. Í öðru lagi var matsmönnum falið að meta, hvað kosta mundi að fyrirbyggja raka, sem vart hafði orðið við á gólfum íbúðarinnar, og hvað kosta mundi að bæta úr gólfdúk af þessum sökum. Í 3.—5. lagi skyldu matsmenn meta meinta galla varðandi tengingu eldavélar, smíði og frágang hverfiglugga, hve mikið ætla megi, að íbúðin lækki í verði á almennum húsamarkaði vegna gallanna og hve hæfilegt sé, að íbúðareigandi fái í bætur fyrir óþægindi, á meðan viðgerð stæði yfir.

Hinn 1. nóvember 1963 skiluðu matsmenn matsniðurstöðu. Þó að stefnandi sé henni ekki sammála um allt, er matsgerðin lögð hér til grundvallar og stefndu sóttir til saka í máli, að því er snertir aðalbyggingargalla íbúðarinnar vegna skemmda á einangr-

unarlagi á gólfum og kostnað, er af því leiðir, beint og óbeint. Niðurstaða matsmanna að þessu leyti var samkvæmt sérstakri sundurliðun kr. 38.400.00, en matsmenn töldu, að úrbætur allra ágalla nemi kr. 39.500.00. Reikningur matsmanna hljóðar á kr. 2.600.00, og fyrir lögfræðilega aðstoð við matsbeiðni reiknar lögmaður stefnanda sér kr. 1.500.00, svo að matskostnaður reyndist alls kr. 4.100.00. Stefnukröfurnar eru í samræmi við aðallið mats- og málskostnaðarliðanna".

Dómur féll í ofangreindu dómsmáli í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 4. júlí 1966. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm í málinu þann 13. febrúar 1968. Í forsendum dóms Hæstaréttar segir m. a. svo:

„Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, voru verulegir gallar á íbúð þeirri, sem mál þetta fjallar um. Sérstakrar einangrunar var þörf, þar sem geislahitalögn var í gólfplötunni. Í sérteikningu arkitektanna, aðaláfrýjenda Gunnlaugs og Guðmundar, var gert ráð fyrir, að 2.5 cm frauðsteypa yrði notuð sem einangrun á gólfin og 2 cm húðun þar ofan á, og dúkþykkt var áætluð 0.3 cm. Síðar var horfið frá að nota frauðsteypu sem einangrun. Um það segir svo í skýrslu arkitektanna: „Á sameiginlegum fundi með Ingvari Þórðarsyni, eftirlitsmanni Byggingasamvinnufélagsins, kom fram tillaga um að nota vikursandlögun á gólfin í íbúðarherbergjunum. Voru þá gerðar nokkrar hellur úr vikursalla og sementi í tilraunaskyni, í blöndunarhlutföllum 1:4, 1:5, 1:6 og 1:8. Hellur þessar voru reyndar ca. viku gamlar á þann hátt, að kanti stólfótar var þrýst á þær með mannsþunga. Ekki markaði sjáanlega á þremur sterkustu hellunum, og var þá leitað álits Ólafs Jenssonar verkfræðings á einangrunargildi þeirra. Talið var, að fullt styrkleikaöryggi og næg einangrun fengist með notkun á blöndunarhlutfalli 1:5, og var sú blanda því ákveðin til útfærslu. Ennfremur var talið rétt, að Ingvar Þórðarson ásamt múrarameistaranum Jóni Eiríkssyni gengi úr skugga um gæði efnisins. Áherzla var lögð á, að þess yrði vandlega gætt að taka hitann af geislahitunarkerfinu, þar sem unnið væri og á meðan mesta hörðnunin færi fram, en síðan væri hitinn settur á og smá aukinn". Aðaláfrýjandi Guðmundur hefur skýrt frá því, „að sama þykkt á steypta gólfplötu hafi átt að vera, þótt síðar yrði notuð vikursandlögun". Segir hann, „að þeir arkitektarnir hafi gert ráð fyrir því, að þunnt pússningarlag kæmi ofan á vikurinn ca. 1—2 cm þykkt". Aðaláfrýjandi Gunnlaugur kveðst hafa reiknað með, að þykkt lagsins yrði um 1½—2 cm. Engin sérteikning var

gerð af gólfinu, eftir að ákveðið hafði verið að nota vikureinangrun. Hinir dómkvöddu matsmenn, sem skoðuðu gólfið, segja í matsgerð sinni, að „til einangrunar hefur verið sett vikursteypa ofan á steinplötu, ca. 4 cm þykk og sléttuð. Hefur hún molnað og myndað polla og dældir í gólfið". Í málinu hefur verið lagt fram sýnishorn af vikursteypu. Telur aðaláfrýjandi Gunnlaugur, að það sé af sömu gerð og vikursteypa sú, sem notuð var. Sýni þetta var lagt fyrir Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, og í umsögn stofnunarinnar, sem dagsett er 12. janúar 1968, segir svo um sýnið:

„Sýni, lagt fram sem gagn nr. 31 í rétti, reyndist vega 468 g og rúmmál þess 530 ml. Rúmþyngd steypunnar er því um 880 g/l. Slíkar sandvikursteypur eru yfirleitt festulitlar, ca. 20—50 kg/cm^2. Kúlufarapróf framkvæmt á sýninu með Frank kúlufara (hálft höggálag) sýni eftirfarandi þvermál: 6.5, 7.2, 7.0, 7.2, 7.0, 7.5, 7.0, 7.2, 7.0, 7.0, eða meðalþvermál 7.05 mm. Próf þetta, sem framkvæmt er eftir þýzkum stöðlum, DIN 4240, hæfir ekki til notkunar við svo veikt efni sem umrætt sýni, enda er talið, að meira en 5.5 mm þvermál, — en það samsvarar 42 kg/cm^2 meðalfestu — séu óáreiðanleg til festuákvarðana. Af þessu má sjá, að festa er miklu minni en 40 kg/cm^2 og sennilega ekki mikið yfir 20 kg/cm^2 í sýninu. Nú er ljóst eftir tilkomu „þinnahæla", að álag á efnið, óvarið sem gólfefni, gæti numið margfeldi af þessari tölu, og virðist því ljóst, að efnið er of veikt. Hins vegar blasir við, að festa þess er nægileg undir 18 mm slitlagi — (sýnið reyndist 32 mm að þykkt, en gólfílagsþykkt skv. öðrum málsskjölum mun vera 50 mm).

Málsskjöl lýsa því, að nauðsynlegt var að nota blautari hræru í ílögnina en notuð var í sýnið. Þetta táknar að öðru jöfnu, að ílögnin er veikari en sýnið, þar sem styrkleiki steypu stendur í beinu hlutfalli við vatns/sementshlutfallið".

Eins og áður er greint, var vikureinangrunin mjög gölluð. Aðaláfrýjendurnir Gunnlaugur og Guðmundur sögðu fyrir um efni og blöndun nefndrar einangrunar og ákváðu þykkt slitlagsins ofan á vikrinum. Þessi einangrunaraðferð við geislahitalögn var þeim lítt kunn, eins og tilraunir þeirra bera með sér. Þrátt fyrir það fylgdust þeir frá upphafi eigi sem skyldi með framkvæmd verksins og hvernig einangrunin reyndist, þá er á hólminn kom. Aðaláfrýjandinn Jón Eiríksson múrarameistari hafði verkið á hendi. Honum var ljóst, að einangrunin fullnægði eigi þeim gæðaskilyrðum, sem gera bar til hennar. Ingvar Þórðarson trésmíða-

meistari fór með verkstjórn á heildarframkvæmdum byggingarinnar fyrir hönd stefnda Byggis h/f og annaðist kaup á vikursalla þeim, sem notaður var í einangrunina, en lét hvorki kanna gæði vikursins, svo sem arkitektarnir kváðust hafa gert ráð fyrir, né hafði nægilegt eftirlit með framkvæmd verksins. Af hendi allra aðaláfrýjenda og stefnda Byggis h/f hefur samkvæmt framansögðu verið sýnd vangæzla við undirbúning og framkvæmd vikureinangrunarinnar og eftirlit með henni, og verða þeir því að bera óskipt fjárábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Í héraði var því eigi hreyft af hálfu aðaláfrýjenda og stefnda, að krafa gagnáfrýjanda væri fallin niður fyrir fyrningu eða vangeymslu. Koma því þessar málsástæður eigi til álita hér fyrir dómi.

Samkvæmt þessu verða aðaláfrýjendur og stefndi Byggir h/f óskipt dæmdir til að greiða dómkröfur gagnáfrýjanda ásamt þeim vöxtum, sem krafizt er, svo og málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Stefndi þrotabú Verklegra framkvæmda h/f skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur, í máli þessu, sem greiði þessum stefnda kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur, Gunnlaugur Halldórsson, Guðmundur Kr. Kristinsson og Jón Eiríksson, og stefndi Byggir h/f greiði óskipt gagnáfrýjanda kr. 33.800.00 með 8% ársvöxtum frá 5. marz 1960 til 29. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði og svo málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum".

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að gólf margra íbúðanna séu gölluð, en á þeim göllum beri stefndu fébótaábyrgð, sbr. lýsingu þá, sem gefin sé hér að ofan á þar greindri íbúð. Rétt hafi einnig þótt að stefna Byggi h/f til aðildar að sökinni, þar eð það félag hafi haft ýmsa milligöngu um mannaráðningu og efniskaup og ekki hafi enn verið séð, hvernig Hæstiréttur mundi líta á það atriði, þegar mál þetta var höfðað.

Í stefnu þess máls, sem hér er til úrlausnar, skýrir stefnandi svo frá, að ætlunin hafi verið, að mál það, sem dæmt var í Hæstarétti 13. febrúar 1968, „yrði prófmál, er gilti fyrir öll gölluð gólf

í sambýlishúsinu. En nú er ljóst, að samkomulag næst ekki á þeim grundvelli. Þessvegna hefur stefnandi látið dómkveðja með bréfi til yfirborgardómara hinn 21. júlí 1967 tvo óvilhalla, sérfróða menn til þess að skoða nokkrar íbúðir sambýlishússins Kleppsvegur 8-10-12-14, þ. e. 4 íbúðir í nr. 8, 1 íbúð í nr. 10, 3 íbúðir í nr. 12 og 2 íbúðir í nr. 14. Matsmenn skyldu meta framkomna galla á einangrunarlagi á gólfum herbergja í íbúðum þessum, leggja mat á kostnað við lagfæringar og hve hæfilegt sé, að íbúðareigandi fái í bætur fyrir að hafa búið við óþægindin vegna gallanna og vegna hugsanlegs brottflutnings úr íbúðinni, meðan lagfæring fer fram".

Matsmenn skiluðu matsgerð, dagsettri hinn 9. október 1967, dómsskjal nr. 4. Í matsgerð komast matsmenn m. a. svo að orði:

„Jens Hólmgeirsson hefur gert tvær lýsingar á gólfunum, aðra undirritaða þ. 3. 12. 1962 og hina þ. 17. 1. 1967. Þessar lýsingar eru teknar upp í matsbeiðnina, og verður vikið að þeim síðar. ... Rétt þykir að taka þessar lýsingar upp í matsgjörðina og bæta við á hverjum stað athugunum frá skoðunargerð. Hér á eftir fara orðréttar lýsingar hverrar íbúðar innan gæsalappa og síðan athuganir okkar, auðkenndar með undirstrikaða orðinu skoðunargerð:

Kleppsvegur 8:

Íbúð Sigurðar Jónssonar, 2. hæð til hægri:

„Árið 1962. Dálítill vottur um gólfskemmdir í stofu, svefnherbergi og eldhúsi.

Árið 1967. Vísast til fyrri umsagnar. Gólfskemmdir virðast talsvert vaxandi, einnig í baðherbergi".

Skoðunargerð: Smáskemmd út við dyr í stofu. Miklar skemmdir í öðrum herbergjum, greinilegar leiðaraskemmdir.

Íbúð Sigríðar Axelsdóttur, 2. hæð til vinstri:

„Árið 1962. Gólfskemmdir í stofu ekki sýnilegar, talsverðar í borðkrók og eldhúsi og einnig nokkrar í barnaherbergi og svefnherbergi.

Árið 1967. Vísast til fyrri umsagnar. Gólfskemmdir vaxandi. Eldhúsgólf talsvert holótt. Einnig vottur í stofu".

Skoðunargerð: Miklar skemmdir í eldhúsi, borðkrók og gangi. Skemmdir í svefnherbergi og leiðararásir. Nokkrar skemmdir í stofu. Engar sjáanlegar í baðherbergi.

Íbúð Vals Guðmundssonar, 3. hæð til vinstri:

„Árið 1962. Talsverðar gólfskemmdir í öllum herbergjum, en þó mismunandi miklar. Fara vaxandi.

Árið 1967. Vísast til fyrri umsagnar. Gólfskemmdir mjög vaxandi. Sementsryk sjáanlegt með sumum þröskuldum og samskeytum gólfdúks. Dúkur byrjaður að springa við holur í gólfi".

Skoðunargerð: Mjög greinileg leiðararás í svefnherbergi og bollar. Allmiklar holur í stofu. Miklir gallar í öðrum herbergjum. Nokkrar viðgerðir höfðu verið gerðar.

Viðvíkjandi þessari íbúð óskuðu Gunnlaugur og Guðmundur eftir því, að bókað yrði, að hrærivél var á gangi hennar, þegar unnið var við gólfin. Var þetta samkvæmt frásögn íbúðareiganda.

Íbúð Guðmundar Kjartanssonar, 4. hæð til vinstri:

„Árið 1962. Nokkrar gólfskemmdir í eldhúsi, svefnherbergi og borðkrók. Annars staðar lítt eða ekki.

Árið 1967. Gólfskemmdir, sem greint er frá í fyrri umsögn, fóru svo ört vaxandi, að húseigandi taldi ekki hægt að fresta viðgerð. Hún fór fram síðastliðið sumar. Áður en viðgerð fór fram, lét húseigandi fagmenn skoða gólfin og skrifa undir umsögn um þau, er hann geymir".

Skoðunargerð: Viðgerð hefur farið fram nema í baðherbergi, en þar fundust ekki gallar. Bréf, dags. 4. ágúst 1966, undirritað af Guðbrandi Guðjónssyni og Jóni Gíslasyni, var lagt fram og lesið upp, sjá fylgiskjal nr. 3. Er þar skýrt frá göllum gólfsins, og segir síðan orðrétt: „Teljum við því óhjákvæmilegt, að lagt sé slitlag úr venjulegri sandlögun ofan á öll þau gólf, sem ekki hafa þegar hlotið þá meðferð". Virðist svo sem viðgerð hafi þegar verið hafin, er þetta var ritað. Nánari lýsing á viðgerðum hefur ekki komið fram. Eftir reikningum að dæma hefur verið dúklagt og síðan lögð teppi í stofu, borðkrók og gang. Síðar verður vikið að þessum viðgerðum og framlögðum reikningum yfir þær.

Kleppsvegur 10:

Íbúð Jens Hólmgeirssonar, 1. hæð til hægri:

„Árið 1962. Miklar gólfskemmdir í borðkrók, svefnherbergi og eldhúsi. Einnig nokkrar í baði, stofu og svefnherbergi.

Árið 1967. Vísast til fyrri umsagnar. Mjög vaxandi gólfskemmdir í borðkrók, svefnherbergi og eldhúsi. Nokkur vottur á öðrum gólfum".

Skoðunargerð: Miklar skemmdir á öllum gólfum nema í stofu, en þar voru nokkrir bollar. Leiðararákir voru í svefnherbergi.

Kleppsvegur 12:

Íbúð Huldu Bjarnadóttur á 2. hæð:

„Árið 1962. Töluverðar gólfskemmdir í öllum herbergjum nema stofu. Þar smávægilegar.

Árið 1967. Vísast til fyrri umsagnar. Gólfskemmdir talsvert vaxandi".

Skoðunargerð: Meiri og minni pollar í öllum herbergjum, einna minnst í stofu.

Lögð var fram greinargerð frá íbúðareiganda og lesin upp. Sjá fylgiskjal nr. 4.

Íbúð Alberts Stefánssonar á 3. hæð:

„Árið 1962. Talsverðar gólfskemmdir í eldhúsi og baði. Nokkur vottur í hinum herbergjunum.

Árið 1967. Vísast til fyrri umsagnar. Gólfskemmdir mjög vaxandi".

Skoðunargerð: Einstaka blettir í svefnherbergi, barnaherbergi og stofu, meira á gangi. Viðgerð hefur farið fram í baðherbergi og eldhúsi. Þröskuldar að stofu, svefnherbergi, eldhúsi og barnaherbergi voru lausir.

Íbúð Ámunda Sveinssonar á 4. hæð:

„Árið 1962. Miklar gólfskemmdir í eldhúsi og borðkrók. Töluverðar í svefnherbergi. Vottur í barnaherbergi og stofu. Skemmdirnar virðast vaxandi, segir eigandi. Hann gerði sjálfur við skemmdir í baðgólfi.

Árið 1967. Vísast til fyrri umsagnar. Gólfskemmdir hraðvaxandi".

Skoðunargerð: Meiri og minni skemmdir í öllum herbergjum. Mjög greinilegar leiðararásir í stofu. Viðgerð í baðherbergi hafði ekki tekizt fullkomlega. — Eigandi hafði viðað að sér efni í parkettgólf og geymdi það í svefnherbergi.

Kleppsvegur 14:

Íbúð Jóhannesar Jenssonar, 2. hæð til vinstri:

„Árið 1962. Talsverðar gólfskemmdir í öllum herbergjum nema stofu og baði. Á stofugólfi þykkt teppi með filti undir, svo að erfitt er að kanna skemmdir.

Árið 1967. Vísast til fyrri umsagnar. Ástand gólfanna fór svo hraðversnandi, að eigandi taldi eigi hjá því komizt að gera við öll gólf í borðkrók, stofu, bóndaherbergi, eldhúsi og gangi. Viðgerðin fór fram s.l. sumar. Ógert er við gólf í svefnherbergi, barnaherbergi og baðherbergi. Þau þarfnast einnig viðgerðar".

Skoðunargerð: Viðgerðin var framkvæmd á þann hátt, að dúkar voru teknir upp, öll vikursteypa fjarlægð og lagt í með múr (þ. e. án einangrunar). Síðan var aftur dúklagt. Í baðherbergi kom ryk upp á milli gólfplatna. Í svefnherbergi allmiklar lautir og virtust fylgja leiðara. Í þessu herbergi höfðu gallar aukizt mjög, eftir

að hætt var að nota það sem svefnherbergi hjóna. Það er nú að nokkru leyti dagstofa. Skemmdir í barnaherbergi.

Íbúð Bjarna Guðjónssonar, 3. hæð til vinstri:

„Árið 1962. Talsverðar gólfskemmdir í forstofu og eldhúsi. Einnig vottur í svefnherbergi. Skemmdirnar virðast fara vaxandi.

Árið 1967. Vísast til fyrri umsagnar. S.l. sumar setti eigandi trégólfparkett í stofu, borðkrók, gang og eldhús, þar sem hann taldi ástand gólfanna óviðunandi. Skemmdir sýnilega byrjandi í svefnherbergi".

Skoðunargerð: Parkett hafði verið lagður á stofu, borðkrók, eldhús og gang. Í svefnherbergi og barnaherbergi voru smáskemmdir. Í teppalögðu herbergi fannst ekki skemmd, en eigandi taldi, að bolli hefði verið innan við dyr.

Seinni dag framhaldsskoðunargerðar var að lokum gengið aftur í íbúð Ámunda Sveinssonar á 4. hæð í nr. 12. Skorið var úr dúknum frammi við dyr í stofu. Greinileg leiðararás lá um blettinn, og skemmdir fylgdu henni. Undir pappa, sem var undir dúknum, var örlítið fastara fyrir, að því er virtist vegna líms. Á bili leiðarans var nokkuð lausara en til hliðar við hann. Þykkt vikursteypunnar var ca. 4,5 cm. Vikursteypan var athuguð undir þröskuldi á stofudyrum og á gangi. Einnig á þessum stöðum var steypan laus og þykktin 4—5 cm.

Okkur hefur borizt yfirlit yfir útlagðan kostnað vegna viðgerða á íbúðum Bjarna Guðjónssonar og Guðmundar Kjartanssonar, sjá fylgiskjal nr. 5 og 6. Gunnlaugi Halldórssyni og Guðmundi Kr. Kristinssyni var gefinn kostur á að athuga þessi yfirlit, og sendi Gunnlaugur matsmönnum bréf þar að lútandi, dags. 29. 9. '67, sjá fylgiskjal nr. 9.

Yfirlit yfir kostnað vegna viðgerða á íbúð Jóhannesar Jenssonar liggur ekki fyrir, sbr. bréf eigandans frá 18. ág. s.l., sjá fylgiskj. nr. 8. Stefán B. Einarsson og Pétur Á. Þorgeirsson hafa gert lýsingu á, hvernig viðgerðinni var hagað, dags. 18. ág. s.l., sjá fylgiskj. nr. 8.

Á öllum gólfum þeirra íbúða, sem meta skal, nema í einu baðherbergi, fundust einhverjar skemmdir. Ef fyrri lýsingar og skoðunargerðin eru bornar saman, er auðsætt, að skemmdir fara stöðugt vaxandi. Ef umgangur vex vegna breyttra nota herbergjanna, koma fram skemmdir, þar sem þær voru ekki áður. Af þessu er ljóst, að viðgerð einstakra bletta er tilgangslaus. Reynslan af slíkum viðgerðum sýnir þetta einnig. Það er því ekki um annað að ræða en gera við öll gólfin.

Í matsgjörð Magnúsar Vigfússonar og Ásm. Ólasonar (sjá fylgiskjal nr. 10) segir um tilhögun viðgerðar: „Sjáum við ekki annað ráð en taka dúkinn upp, fjarlægja vikurinn og setja í staðinn einangrun, t. d. kork, vírnet og múrhúð, og má sennilega nota gólfdúkinn að miklu leyti aftur".

Þessi tilhögun viðgerðar fullnægir þeim kröfum, sem gera þarf til gólflagsins. Hún gefur næga hitaeinangrun og slitþol. Hæð gólfflatarins og áferð er eins og til var ætlazt. Aðferðin er margreynd og örugg í framkvæmd. Þar sem hún er lögð til grundvallar í matsgjörð prófmálsins, virðist einnig eiga að gera það hér, nema gild rök mæli þar á móti.

Við höfum áætlað kostnað viðgerðarinnar. Gerum við þá ráð fyrir, að gerðar verði ráðstafanir til að verja timbur og málningu, að einangrað verði með 0,8 cm þykku plasti, 35 kg. þungu á m^3, rapidneti til styrktar múrlagningu og því, að dúkinn megi nota að mestu leyti aftur. Kostnaður telst okkur til, að sé kr. 471.00 fyrir hvern fermetra.

Við teljum, að viðgerðirnar muni taka 3—4 vikur, og eru íbúðirnar ekki íveruhæfar á meðan. Bætur vegna afnotamissis er mjög erfitt að meta. Raunverulegur kostnaður fer eftir fjölskyldustærð og aðstæðum, innbúi o. s. frv. Við höfum metið bæturnar jafnar fyrir allar íbúðirnar, þ. e. ekki eftir stærð þeirra, á kr. 11.200.00. Mat okkar er miðað við það, að höfð verði samvinna um útvegun leiguhúsnæðis.

Meiri háttar viðgerðir hafa verið gerðar í þremur íbúðum, og hefur í þeim öllum verið hafður annar háttur á en margnefnd matsgjörð lagði til (hér eftir nefnd matstilhögun). Í matsbeiðninni er okkur falið að leggja mat á þessar viðgerðir, bæði tæknilega og kostnaðarlega. Við það mat og samanburð við matstilhögunina munum við hafa eftirfarandi í huga:

a) Eru tæknilegar kröfur uppfylltar.

b) Er kostnaðurinn meiri eða minni en við matstilhögunina.

Tilhögun, sem ekki fullnægir a), kemur vissulega ekki til greina.

Íbúð Jóhannesar Jenssonar. Viðgerðarháttum hefur verið lýst hér að framan. Hér álítum við skilyrði a) ekki uppfyllt vegna þess, að hitaeinangrun vantar. Við skoðunargerð var svo frá skýrt, að gólfið væri ekki óþægilega heitt, en íbúðin dregur til sín meiri hita frá hæðinni fyrir neðan en til er ætlazt. — Bæta má úr þessu með einangrandi plötum, t. d. korkparketti.

Íbúð Guðmundar Kjartanssonar. Hér að framan er getið um

tillögur tveggja fagmanna um viðgerðir á gólfunum. Við skoðunargerð fórum við fram á að fá lýsingu af því, hvernig viðgerðin var framkvæmd, en hún hefur ekki borizt. Fór því annar okkar, Indriði Níelsson, á staðinn þ. 30. sept. s.l. til frekari athugana. Í barnaherbergi, en þar er dúklagt, boraði hann á þremur stöðum í gegnum gólflagið. Lagið var alls 4,0—4,5 cm á þykkt og þétt efra lag (múr) 2,0—2,5 cm. Á gangi var borað á tveimur stöðum í gegnum teppi. Múrlagið var þar einnig 2,0—2,5 cm, en borinn var of stuttur til að ná niður í gólfplötuna. Hæð gólfsins virtist nokkurn veginn eðlileg með tilliti til þröskulda, og hvergi hafði verið tekið neðan af hurðum. Gallar fundust ekki á gólfinu.

Svo virðist sem hluti vikursteypunnar hafi verið skafinn upp og sandlögun, 2,0—2,5 cm þykk, lögð þar ofan á. Það, sem eftir er af vikursteypunni, veitir næga hitaeinangrun, en að öðru leyti álítum við skilyrði a) ekki uppfyllt. Slitlagið er að okkar dómi ekki nógu traust. Enn hafa gallar ekki komið fram, en reynslutíminn, ca. eitt ár, er of skammur.

Íbúð Bjarna Guðjónssonar. Viðgerðin í þessari íbúð var framkvæmd á þann hátt, að fyllt var í holurnar og síðan lagður plötuparkett á ca. 50.00 m^2 af gólfunum. Við álítum, að kröfur skv. a) séu uppfylltar.

Reikningar yfir kostnaðinn liggja fyrir, sjá fylgiskjal nr. 6. Samtals var kostnaðurinn kr. 33.599.74, eða ca. 672.00 kr./m^2, og er það heldur lægra en við áætluðum þessa aðferð. Sá gólfflötur, sem gera þarf við í þessari íbúð, er 81,10 m^2, og mundi viðgerðin alls kosta kr. 54.500.00 á verði reikninganna. Matstilhögunin mundi kosta, að mati okkar, kr. 38.200.00, en þar við bætist afnotamissir, sem metinn var á kr. 11.200.00, eða kostnaður alls kr. 49.400.00, og er því parkettviðgerðin dýrari en með matstilhöguninni. Samanlagður kostnaður matstilhögunarinnar er álíka hár og viðgerð með parketti fyrir minnstu íbúðina, en lægri fyrir allar hinar.

Gólfin hækka um rúma 2.00 cm, og mun því þurfa að lagfæra þröskulda og hurðir. Skerðing lofthæðarinnar skiptir e. t. v. ekki miklu máli, en þó er henni mótmælt í greinargerð Huldu Bjarnadóttur, sjá fylgiskjal nr. 4.

Að öllu athuguðu lítum við svo á, að miða beri bætur við eina tilhögun viðgerðar og að sú tillaga, er fram kemur í matsgjörðinni, henti bezt til þess. Framlagða reikninga þarf því ekki að athuga frekar og sá óhagur, sem menn kunna að hafa gert sér

með þeim viðgerðum, er gerðar hafa verið, sé matinu óviðkomandi.

Við treystum okkur ekki til að meta „bætur fyrir óþægindi af því að hafa búið við (þessi) vandkvæði vegna gallanna“ (sjá matsbeiðni).

Mat okkar nær til viðgerðarkostnaðar og afnotamissis af íbúðunum, meðan á viðgerð stendur.

Íbúð Sigurðar Jónssonar
Viðgerðarkostnaður .. .. kr. 23.930.00
Íbúð Huldu Bjarnadóttur
— Alberts Stefánssonar
— Ámunda Sveinssonar
Viðgerðarkostnaður .. .. — 28,870.00
Íbúð Jens Hólmgeirssonar
— Sigríðar Axelsdóttur
— Vals Guðmundssonar
— Guðmundar Kjartanssonar
Viðgerðarkostnaður .. .. — 29.720.00
Íbúð Bjarna Guðjónssonar
— Jóhannesar Jenssonar
Viðgerðarkostnaður .. .. — 38.200.00
Bætur fyrir afnotamissi, meðan á viðgerð stendur, hver íbúð .. .. — 11.200.00“.

Stefnandi bendir á, að matsmenn tilgreini, að fyrir liggi kostnaðarreikningur yfir viðgerð á íbúð Bjarna Guðjónssonar og hafi kostnaður reynzt um kr. 672.00 pr. m^2, og sé það heldur lægra en þeir hafi áætlað við þá aðferð, sem við var höfð að fylla í holur og leggja síðan plötuparkett á hið gallaða gólf. Þessa aðferð álítur stefnandi öruggasta, og eru aðalkröfur stefnanda á því byggðar. Segir stefnandi, að niðurstaða matsmanna sé þannig, að beinn viðgerðarkostnaður nemi sem næst kr. 417.820.00. Þessi niðurstaða sé ótrúlega lág og aðferðin ekki eins örugg og parkettlagning. Með hliðsjón af hlutföllunum kr. 471.00 pr. m^2 á móti kr. 672.00 pr. m^2 ætti dýrari aðferðin að kosta kr. 598.268.00. Síðan segir stefnandi:

„Matsmenn mátu ekki bætur fyrir óþægindi vegna liðins tíma né heldur hefur verið metið, hve hæfilegt sé að áætla, að íbúðirnar missi í verðgildi sínu vegna óorðs, sem þær fá á sig sökum gallanna, þó að við þá verði gert, og vegna þess m. a., að rými

íbúðanna minnkar vegna viðgerðanna. Fyrir þetta álítur stefnandi hóflegt að krefjast kr. 20.000.00 pr. íbúð, en leggur þetta að öðru leyti á vald dómsins.

Allar eru kröfur stefnanda settar fram með fyrirvara um að setja fram hærri kröfur síðar í framhaldsstefnu, ef ástæður kunna að liggja til þess.

Kröfur stefnanda sundurliðast þannig:

1. Vegna viðgerða á göllum 10 íbúða .. .. kr. 598.268.00
2. Vegna óþæginda og kostnaðar, á meðan viðgerð stendur yfir .. .. — 112.000.00
3. Vegna óþæginda fyrir liðinn tíma og lækkunar á verðgildi íbúða .. .. — 200.000.00

Alls kr. 910.268.00

og vextir og málskostnaður sem fyrr greinir, þ. á m. greiðslur til matsmanna, kr. 31.200.00.

Varakröfu setur stefnandi fram um greiðslu samkv. lið 1, kr. 417.820.00, en að öðru leyti óbreyttar kröfur".

Þann 13. janúar 1969 voru dómkvaddir þrír matsmenn samkvæmt ósk lögmanns hinna stefndu arkitekta. Matsmenn þessir skiluðu matsgerð, sem dagsett er 3. september 1969. Í matsbeiðninni er þess óskað, að matsmennirnir segi til um orsakir gólfskemmda í tilgreindum íbúðum í húsinu Kleppsvegi 8—16. Jafnframt voru þeir beðnir um að gera samanburðarathugun á frágangi greindra gólfa og fyrirmælum þeim, er arkitektar segjast hafa gefið. Í matsgerðinni, dskj. nr. 28, segir m. a. svo:

„Skrá um skoðun á íbúðum og töku sýnishorna.

Kleppsvegur nr. 8.

Íbúð 2. h. h. Eigandi Sigríður Axelsdóttir.

Lýsing ástands: Í eldhúsi er los á gólfflísum og holur (ójöfnur) við dyr. Í innriforstofu, herbergi og stofu eru holur við dyr.

Sýnishorn nr. 5, í stofu nær dyrum á sléttum, ekki holóttum, fleti. Gólfpappi laus, borkjarni heill, engin merki um slitlag á vikurlaginu. Þykkt vikurlags að steyptri plötu 2,8 cm.

Íbúð 3. h. v. Eigandi Valur Guðmundsson.

Lýsing ástands: Ástand gólfa yfirleitt slæmt. Leiðararás í svefnherbergi áberandi.

Íbúð 4. h. v. Eigandi Guðmundur Kjartansson.

Lýsing ástands: Viðgerð hefir farið fram á öllum gólfum í íbúðinni nema baðherbergi, en þar finnast einkenni skemmda við dyr og við handlaug.

Samanburður. Íbúð athuguð til samanburðar. Ekki talin upp á skrá í matsbeiðni.

Íbúð 4. h. h. Eigandi Jónína Jafetsdóttir.

Lýsing ástands: Gólfskemmdir áberandi í gangi, baðherbergi og í eldhúsi, en ekki í stofu.

Kleppsvegur nr. 10.

Íbúð 1. h. h. Eigandi Jens Hólmgeirsson.

Lýsing ástands: Svefnherbergi, gangur borðst. (hall) og eldhús, gólf víða ósléttt (holótt). Í svefnh. sést leiðararás greinilega. Í herbergi (kontór) og í stofu eru ójöfnur við dyr.

Sýnishorn, nr. 1, herbergi nær miðju, flötur sléttur, borkjarni heillegur, en veikur viðkomu, engin merki um slitlag. Þykkt vikurlags að steyptri plötu 2,6 cm. Sýnishorn, nr. 2, herbergi nær dyrum, merki um dæld, borkjarni molnaður, engin merki um slitlag. Þykkt vikurlags að steyptri plötu 2,5 cm.

Kleppsvegur nr. 10.

Sýnishorn, nr. 3, í borðstofu (hall), flötur ósléttur, borkjarni molnaður, engin merki um slitlag. Þykkt vikurlags að steyptri plötu 3,1 cm. Sýnishorn, nr. 4, innst í gangi (forst.), í jaðri holu, borkjarni molnaður, engin merki um slitlag. Þykkt vikurlags að steyptri plötu 3,7 cm.

Kleppsvegur nr. 12.

Íbúð 2. h. Eigandi Hulda Bjarnadóttir.

Lýsing ástands: Verulegar skemmdir á öllum gólfum.

Íbúð 3. h. v. Eigandi Albert Stefánsson.

Lýsing ástands: Ójöfnur (holur) áberandi á öllum gólfum og sumstaðar holt undir þröskulda. Gólf í baðherbergi er nýlega viðgert. Sýnishorn, nr. 6, í borðstofu nær svefnh.dyrum, flötur sléttur, í holujaðri, gólfpappi laus, engin merki um slitlag. Þykkt vikurlags að steyptri plötu 3,3 cm.

Íbúð 4. h. v. Eigandi Ámundi Sveinsson.

Lýsing ástands: Gólfin hafa öll verið endurlögð, parket.

Kleppsvegur nr. 14.

Íbúð 2. h. v. Eig. Jóhannes Jensson.

Lýsing ástands: Barnaherbergi mjög ósléttt og leiðararásir greinilegar. Í baðherbergi eru holur við handlaug og við dyr. Önnur gólf viðgerð. Sýnishorn, nr. 7, í svefnherbergi nær dyrum þvert

yfir leiðararás, borkjarni laus, slitlag ekkert. Þykkt vikurlags að steyptri plötu 2,8 cm.

Íbúð 3. h. v. Eigandi Bjarni Guðjónsson.

Lýsing ástands: Í svefnherbergi, barnaherbergi og kontór finnast ójöfnur á nokkrum stöðum. Í baðherbergi er los á gólfflísum. Önnur herbergi viðgerð, parket.

Kleppsvegur nr. 16.

Íbúð 2. h. v. Eigandi Trausti Friðbergsson.

Lítilsháttar skemmdir eru í gangi íbúðarinnar.

Samanburður. Íbúð athuguð til samanburðar. Ekki talin upp á skrá í matsbeiðni.

Kjallaragangar:

Nr. 8 og nr. 10. Í gólfum er nokkuð af holum og sprungum. Ílögnin virðist veik. Í þurrkherb. nr. 3 er gólf holótt.

Nr. 12 og nr. 14. Útlit gefur ekki ástæðu til sérstakra athugasemda. Slitlag virðist þó mjúkt.

Nr. 14 og 16. Gólfið er víða með holum og sprungum. Sýnishorn, nr. 8, innst í gangi nr. 14, gengt rafmagnstöflu. Þykkt slitlags á steyptri plötu 3,3 cm.

Rannsókn á sýnishornum.

Af sýnishornum þeim, sem tekin voru og getið er hér að framan, eru þrjú send til efnarannsóknar á Rannsóknastofnun Iðnaðarins, sjá fylgiskjal I. Sýnishorn þessi eru í skránni hér að framan merkt nr. 6, nr. 7 og nr. 8. Til samanburðar var og rannsakað fyrrnefnt sýnishorn, sem var í vörzlu Hæstaréttar. Á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins voru sýnishorn nr. 4, nr. 5 og nr. 6 athuguð með tilliti til styrkleika, svo sem greint er frá hér síðar.

Efnarannsóknin miðaði að því að fá hugmynd um blöndunarhlutföll, þ. e. magn sements og fylliefna. Af skýrslu rannsóknastofnunarinnar, fylgiskjal I, verður þetta eigi greint beint, og því eru tölurnar nánar skýrðar hér á eftir.

Á rannsókn af þessu tagi eru oft þeir annmarkar, og svo er hér, að ekki eru tiltæk til samanburðar upprunalegu efnin, hrein. Í rannsóknaraðferðinni, ASTM C85-66, er reynt að ráða bót á þessu með því að taka samstæðar mælingar, annarsvegar á steypunni sem heild og hinsvegar á sýruþvegnum, „sementsfríum“ hluta steypunnar af ákveðinni kornastærð, hér á milli sigta nr. 6 og nr. 50, þ. e. kornastærð milli 3,4 og 0,3 mm. Þessi hluti, nefndur „sandur“, er notaður til leiðréttinga á niðurstöðum mælinga á steypunni. Með þessum leiðréttingum líta niðurstöðurnar þannig út:

Merki.	Steypa, leiðr.		Sementsinnih.		Bl. hlutf.		Bl. hlutf.	
	SiO_2	CaO	m/vSIO_2	m/vCaO	m/v þunga		m/v rúmmál.	
Nr. 6	4,4	16,4	26,0	28,0	1:3	1:2,6	1:5,7	1:5,1
Nr. 7	4,6	17,7	33,0	30,0	1:2	1:2,4	1:4	1:4,7
Nr. 8	5,9	11,5	41,0	19,0	1:1,4	1:4,2	1:1,3	1:3,8
Dómsýnish.	1,9	14,8	15,0	27,5	1:5,7	1:2,6	1:11	1:5,2

Í útreikningum á blöndunarhlutföllum, miðað við (m/v)þunga og rúmmál, er í fyrri dálkinum reiknað út frá kísilsýru, SiO_2, en í þeim síðari út frá kalki, CaO. Reiknað er með, að rúmþyngd sements sé 1,6, vikurs 0,8 og sands (nr. 8) 1,8. Miðað er við, að sement innihaldi 21% SiO_2 og 63% CaO.

Svo sem tölurnar sýna, skortir nokkuð á um samræmi, sérstaklega að því er varðar sýnishorn nr. 8 og dómsýnish. Í hinu fyrra er sement reiknað út frá kísilsýru mjög hátt og hærra en líkur eru til, að komi til greina með hliðsjón af ástandi kjallaragólfa. Þetta háa gildi bendir hinsvegar til, að sandurinn hafi verið leirborinn og að leiðrétting vegna fylliefna sé óraunhæf. Í hinu síðara, dómsýn.h., er sement reiknað út frá kísilsýru óhæfilega lágt og mikið lægra en upplýsingar um tilraunasteypurnar gefa til kynna. (Sjá hæstaréttarmálið nr. 161/1966, skjöl A—C, bls. 42). Innihald sements í þessu sýnishorni, reiknað út frá kalki (CaO), er hinsvegar í góðu samræmi við þá blöndun, sem ákveðið var að nota. Síðari rannsókn, fylgiskjal II, heildarinnihald karbonata, CO_2, í dómsýnish. og blöndu af nr. 6 og nr. 7 vekja nokkurn vafa um blöndunarhlutföllin, sérstaklega að því er varðar hið fyrr nefnda. Fleira kemur hér til, sem veldur því, að þessar mælingar verða vart taldar nægilega tryggar til að grundvalla leiðréttingar á þeim.

Fyrr í þessari greinargerð er greint frá töku sýnishorna og mælingum og athugunum, sem gerðar voru í sambandi við það. Þykktarmælingar á vikurlaginu á þeim 7 sýnishornum, sem tekin voru, sýndu þykkt sem hér segir: Mál í cm. 2,8, 2,6, 2,5, 3,1, 3,7, 3,3, 2,8.

Hvergi varð þess vart, að slitlag, þ. e. sand-sementslögun, hefði verið lögð ofan á vikurlagið. Af lýsingum á ástandi gólfa verður ljóst, að holumyndun er einkum þar, sem umgangur er mikill, þ. e. á göngum, við dyr o. s. frv. Styrkleikamælingar og styrkleikaútreikningar, sem gerðir hafa verið og hér verður greint frá, gefa nokkra hugmynd um orsakir til þessa.

Styrkleikamælingar, kúlufarapróf DIN 4240, á sýnishornum

nr. 4, nr. 5 og nr. 6 gáfu þessar niðurstöður. (Notaður var Frank kúlufari):

Nr.	Mælingar í mm.	Meðaltal, mm.
4	8,5, 6,8, 8,0, 7,0, 8,0, 8,2	7,7
5	6,1, 7,0, 6,9, 7,0, 7,7, 7,5, 6,4	6,9
6	8,0, 7,5, 8,5, 8,0, 8,3, 7,3	7,9
Dómsýnish., sjá dómskjal nr. 161/1966 C—K		7,05

Eins og fram kemur í nefndri greinargerð nr. 161/1966, GK, bls. 3, er styrkleikamæling með þessari aðferð ekki ætluð fyrir svo veik efni sem þessi. Miðað er við, að max. „impression" sé 5,5 mm, en það samsvarar ca.: 40 kg/cm^2. Mælingarnar hafa þó þýðingu til samanburðar á sýnishornunum. Niðurstöður mælinganna gætu þýtt, að styrkleikinn væri aðeins 10—20 kg/cm^2. Styrkleiki af þeirri stærðargráðu er fjarri því að vera nægilegur við venjulegar aðstæður. Styrkt ílagningarlag, 1—2 cm á þykkt, ofan á hina veiku vikursteypu myndi hinsvegar orsaka dreifingu álagskrafta, þannig að gólf þannig frágengin þyldu eðlilega notkun.

Niðurstöður.

1. Greinargerð um skoðun á íbúðunum og athuganir á styrkleika vikursteypunnar sýna, að vikurundirlagið er of veikt til notkunar sem óvarið undirlag undir gólfdúk. Hvergi varð vart við, að slitlag (ílögn) væri ofan á vikurlaginu.

2. Efnagreining vikursteypunnar bendir til, að fylgt hafi verið fyrirmælum arkitekta varðandi blöndunarhlutföll efnis. Ennfremur sýna mælingar, að þykkt vikurlagsins er í samræmi við fyrirmælin. Hinsvegar fannst hvergi slitlag ofan á vikrinum.

3. Athugun á tveimur íbúðum, sem ekki voru tilgreindar í matsbeiðninni, sýna sömu einkenni gólfskemmda og þær, sem fjallað var um í beiðninni.

4. Athugun á kjallaragólfum, gangar í kjallara, leiddi í ljós holur og sprungur allvíða í ílagningarlagi. Lausleg athugun á staðnum sýndi, að lagið var óeðlilega veikt. Efnagreining bendir til, að steypan sé blönduð í venjulegum hlutföllum. Sandurinn er augljóslega leirborinn. Við skoðunargerð, 22. febr., komu fram upplýsingar um, að frostskemmdir kynnu að vera á kjallaragólfum".

Stefndi Byggir h/f styður sýknukröfu sína í máli þessu fyrst og fremst þeim rökum, að kröfur stefnanda séu niður fallnar vegna vangeymslu eða fyrndar. Bygging umræddra íbúða hafi

hafizt á árinu 1955, en þegar leið fram á árið 1957, hafi mikill hluti íbúðareigenda verið fluttur í íbúðir sínar. Gallar hafi strax komið í ljós á vikurgólfum, þegar farið var að ganga um þau. Ljóst sé því, að öllum aðiljum hafi verið gallarnir ljósir þegar á árinu 1957. Verði að telja, að fyrning hefjist, þegar verki er skilað eða í síðasta lagi, þegar gallarnir séu öllum ljósir. Ekki sé stefnt í máli þessu fyrr en um tíu árum síðar.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905 fyrnist kröfur vegna „vinnu og hvers konar starfa, sem er í té látin" á fjórum árum. Kröfur í þessu máli séu byggðar á því, að vinnu og starfa hafi verið svo áfátt, að skaðabótaskyldu valdi. Einnig telur þessi stefndi, að kröfur stefnanda séu fallnar niður vegna vangeymslu, þar sem stefnandi hafi dregið svo lengi að krefja þær, enda sé stefndu gert erfitt um gagnkröfur, þegar svo langt sé um liðið. Þessi stefndi telur greiðslu þá, er hann fékk fyrir vinnu við hverja íbúð, þ. e. ráðningu fagvinnuhópa og útvegun efnis, kr. 2.500.00, vera svo lága, að ekki sé hægt að telja hann ábyrgan að neinu leyti, enda sé vafasamt, að hann hefði fengið keypta ábyrgðartryggingu fyrir hverja íbúð fyrir þá fjárhæð. Ef hann verði talinn bera fulla skaðabótaskyldu, kveðst hann áskilja sér rétt að leggja fram reikning fyrir full umsjónarlaun. Komi þá slíkur reikningur til skuldajöfnunar.

Stefndi Jón Eiríksson, sem er löggiltur múrarameistari, bendir á, að stefnandi hafi í október 1955 byrjað að reisa fjölbýlishúsið Kleppsveg 8—16, alls 32 íbúðir. Stefnandi hafi ráðið hann og fagvinnuhóp hans til starfans. Kveðst þessi stefndi hafa ritað á samþykktan uppdrátt hússins og þar með tekið að sér sem múrsmiður þessar mannvirkisframkvæmdir á því verksviði. Með þessari áritun kveðst þessi stefndi hafa tekið á sig ábyrgð þess, að framkvæmdir yrðu í samræmi við uppdrætti, veitt leyfi, lög og reglur. Er verkið var unnið, hafi verið hér í gildi byggingarsamþykkt nr. 195/1945 með breytingum, er á henni höfðu verið gerðar. Þessi stefndi telur, að hér hafi verið um að ræða verksamning milli hans og stefnanda, þar sem hann hafi tekið að sér gegn endurgjaldi að sjá um framkvæmd verksins og árangur þess hafi verið á hans ábyrgð en ekki stefnanda. Ef hann sé bótaskyldur, þá sé um bótaábyrgð innan samnings að ræða. Múrsmíði innanhúss hafi verið framkvæmd á tímabilinu ágúst til desember 1956, þ. á m. hafi verið lagt í gólf íbúðanna á fyrrgreindum tíma, allt eftir því sem verkið vannst. Sýknukröfu sína í málinu styður þessi stefndi fyrst og fremst þeim rökum, að krafan á hendur honum sé fallin

niður vegna vangeymslu, sbr. ýmis ákvæði kaupalaga, eða fyrnd sakir vangeymslu forráðamanna stefnanda eða aðgerðarleysis þeirra. Í stefnu sé því haldið fram, að húsin séu byggð árið 1957. Þessari tímaákvörðun sé andmælt. Þessi stefndi telur, að fyrningarfrestur skaðabótakröfu sem þessarar sé fjögur ár, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Fjögurra ára fyrningarfresturinn hafi verið löngu liðinn, þegar stefna var birt í máli þessu þann 25. október 1957. Samkvæmt þessu beri að taka sýknukröfu hans til greina.

Hinir stefndu arkitektar, Guðmundur Kr. og Gunnlaugur, styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að hugsanleg krafa stefnanda á hendur þeim sé fyrnd og/eða glötuð fyrir sakir vangeymslu stefnanda og aðgerðarleysis. Húsin séu byggð, að því er segir í stefnu, árið 1957. Hvenær gólfunum var skilað í hverri íbúð, sé alls óupplýst, og raunar vefengja þeir, að þetta tilgreinda ártal sé rétt sem byggingarár blokkanna. Í öðru lagi mótmæla þeir því, að þeir beri skaðabótaábyrgð í þessu máli. Telja þeir, að gallar þeir, sem fram hafi komið, beri með sér auðkenni þess, að rekja megi þá til ákveðinna ábyrgra aðilja, og komi því ekki til greina takmörkuð eftirlitsskylda þeirra sem arkitekta.

Allir hinir stefndu hafa mótmælt matsgerðinni á dskj. nr. 4 sem rangri og einstökum kröfuliðum stefnanda sem allt of háum.

Við munnlegan málflutning voru lögmenn aðilja að því spurðir, hvort aðiljar málsins hefðu gert sérstakt samkomulag um, að málið varðandi íbúð Andrésar Gilssonar, sem dæmt var í Hæstarétti 13. febrúar 1968, skyldi skoðast sem prófmál um íbúðir þær, sem mál þetta fjallar um. Lögmaður stefnanda og lögmaður hinna stefndu arkitekta, sem hafa verið málflytjendur í báðum málunum, lýstu því yfir, að um ekkert slíkt samkomulag hefði verið að ræða, en engin mótmæli hefðu komið fram í flutningi fyrra málsins um, að það væri prófmál. Lögmenn stefndu Jóns og Byggis h/f kváðust ekki vita til þess, að um neitt slíkt samkomulag væri að ræða, og mótmæltu því, að samningur hefði komizt á um það atriði með öðrum hætti, enda þyrfti að semja sérstaklega um það, ef það ætti að vera skuldbindandi fyrir stefndu.

Telja verður, að krafa stefnanda í máli þessu fyrnist á fjórum árum samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Gögn málsins gefa glögglega til kynna, að meginhluti þeirra galla, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, voru komnir í ljós meira en fjórum árum fyrir birtingu stefnu

í máli þessu hinn 25. október 1967, en eins og á stendur, verður að líta svo á, að upphaf fyrningarfrestsins miðist við það, þegar gallanna varð vart, enda verður gegn mótmælum stefndu og með tilliti til málavaxta að öðru leyti eigi svo á litið, að það umtal, sem áður er lýst í stefnu fyrra málsins, þess efnis, að það mál skyldi vera prófmál, sé með þeim hætti, að það standi í vegi fyrir þessari niðurstöðu. Krafa stefnanda er því niður fallin fyrir fyrningu, og ber því að sýkna stefndu í málinu af þeirri ástæðu, en eins og málið liggur fyrir, eru ekki efni til að fjalla frekar um aðrar málsástæður aðilja.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Diðrik Helgasyni múrarameistara og Braga Þorsteinssyni byggingaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnlaugur Halldórsson, Guðmundur Kr. Kristinsson, Jón Eiríksson og Byggir h/f, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 14. desember 1971.

Nr. 169/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Birgi Sigurðssyni
(Árni Halldórsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir áhafnar gæzluflugvélarinnar TF-VOR yfir bátn-

um. Í greinargerð skólastjórans, dagsettri 15. nóvember 1971, segir svo:

„A = staður bátsins kl. 1711 h. 2/9 '70 samkvæmt mælingu flugvélarinnar.

Staður A mælist um 1,85 sjóm. frá landi, eða um 1,15 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður bátsins kl. 1714, um 1,95 sjóm. frá landi, eða um 1,05 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

C = staður bátsins kl. 1716, um 2,1 sjóm. frá landi, eða um 0,9 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

X = staður bátsins kl. 2240 h. 2/9, samkvæmt framburði skipstjórans, 7,5 sjóm. frá Ingólfshöfða og 23 sjóm. frá Fellsfjalli.

X mælist um 4,5 sjóm. utan fiskveiðimarkanna".

Samkvæmt gögnum málsins verður talið sannað, að ákærði hafi gerzt sekur við lagaákvæði þau, sem í ákæruskjali greinir.

Báturinn Steinunn, SF 10, er 72 rúmlestir brúttó. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu 9. desember 1971, jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Ber að staðfesta héraðsdóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 9.000.00, og laun skipaðs verjanda, kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Birgir Sigurðsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 9.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Skaftafellssýslu 22. janúar 1971.

Ár 1971, föstudaginn 22. janúar, var á dómþingi sakadóms Skaftafellssýslu, sem háð var á Hótel Höfn, Hornafirði, af Einari Oddssyni sýslumanni og meðdómsmönnunum Tryggva Sigjónssyni og Sverri Guðnasyni, kveðinn upp svohljóðandi dómur í sakadómsmálinu nr. 5/1970: Ákæruvaldið gegn Birgi Sigurðssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. janúar 1971, hefur ákæruvaldið höfðað með ákæruskjali, útgefnu 5. október af saksóknara ríkisins, gegn Birgi Sigurðssyni, Miðtúni 21, Höfn í Hornafirði, fæddum 23. júlí 1938 á Djúpavogi, skipstjóra á m/b Steinunni, SF 10, sem er 72 brúttórúmlestir að stærð, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti síðdegis miðvikudaginn 2. september 1970 austan Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum 2. gr., C 1 og C 2, nefndra laga nr. 21/1969, sbr. að öðru leyti þau lög svo og reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, nr. 87/1958 og nr. 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærist því nefndur Birgir Sigurðsson til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er á lögaldri sakamanna, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1955 20/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.

1963 18/10 á Akranesi: Dómur: 15 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 18 mánuði frá dómsbirtingu, fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

Samkvæmt skýrslu Sigurðar Þ. Árnasonar, skipherra hjá Landhelgisgæzlunni, var gæzluflugvélin TF-VOR á eftirlitsflugi við Ingólfshöfða miðvikudaginn 2. september 1970. Segir svo í skýrslunni orðrétt:

„Um kl. 17.08 var tekið eftir fiskibát skammt undan landi A-við Ingólfshöfða.

Kl. 17.09 var komið að m/b Steinunni, SF 10, sem var að toga með stb. vörpu og hélt í A-læga stefnu.

Kl. 17.11 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir bátnum:

S.K. Ingólfshöfði
Salthöfði > 35°45′
Rákartindur > 91°31′

Flughæð 500 fet, flughraði 139 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 1,9 sjóm. frá landi.

Kl. 17.13 sást, að báturinn hafði snúið til stb. og togaði S læga stefnu.

Kl. 17.14 var staðarákvörðunin endurtekin yfir bátnum:

S.K. Ingólfshöfði
Salthöfði > 35°12′
Rákartindur > 90°54′

Flughæð 500 fet, flughraði 139 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 2.0 sjóm. frá landi.

Kl. 17.16 var staðarákvörðunin enn endurtekin yfir bátnum:

S.K. Ingólfshöfði
Salthöfði > 35°14′
Rákartindur > 89°25′

Flughæð 500 fet, flughraði 139 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 2.2 sjóm. frá landi.

Ekki var hægt að hafa samband við bátinn, þar sem talstöð flugvélarinnar var biluð.

Kl. 17.22 var báturinn yfirgefinn, og togaði hann þá enn út um.

Framanskráðar mælingar voru gerðar af Sigurði Þ. Árnasyni skipherra og Benedikt Guðmundssyni, stýrimanni, með sextöntum, og var venjulegur háttur hafður á við mælingarnar".

Skýrslu þessa hafa vitnin Sigurður Þorkell Árnason skipherra og Benedikt Gunnar Guðjónsson, stýrimaður hjá Landhelgisgæzlunni, staðfest fyrir dómi. Samkvæmt framburði þessara tveggja vitna var eftirfarandi háttur hafður á við mælingarnar:

Flogið var út yfir bátinn og síðan yfir hann í stefnu á miðmælipunktinn (Salthöfða). Skömmu áður en flugvélin kom að bátnum, stilltu mælingamenn sextantana á þá staði, er mæla átti til. Fylgzt var síðan með þeim breytingum, er áttu sér stað á hornunum, og sextantarnir stilltir eftir því. Rétt áður en flugvélin kom að bátnum, byrjaði flugmaðurinn að telja 1, 2 og nú, er flugvélin var yfir bátnum. Hættu þá mælingamennirnir að mæla og lásu af sextöntunum. Síðan lásu þeir af sextöntum hvor annars til að fullvissa sig um, að rétt væri lesið af.

Vitnin Sigurður Þorkell Árnason og Benedikt Gunnar Guðmundsson bera það bæði, að greinilegt hafi verið, að báturinn hafi verið að toga með botnvörpu í umrætt sinn og hafi vírarnir legið í sjó.

Ákærði skýrir svo frá fyrir dómi, að hann hafi orðið var við flugvél á milli kl. 15—19 þann 2. september 1970. Hafi flugvélin flogið yfir bátinn tvisvar til þrisvar sinnum. Ekki kveðst ákærði hafa vitað, hvort þarna var að ræða um flugvél frá Landhelgisgæzlunni eða ekki.

Ákærði segir enn fremur, að hann hafi verið á veiðum á Ingólfshöfðasvæðinu, en utan landhelgislínu, og að þeir hafi haldið sig á umræddu svæði allan daginn. Ákærði skýrir svo frá, að samkvæmt dagbók m/b Steinunnar hafi verið haft samband við hann og honum tilkynnt kæran kl. 2240. Hafi báturinn þá verið staddur 7.5 sjómílur frá Ingólfshöfða og 23.00 sjómílur frá Fellsfjalli. Var ákærði þá sakaður um landhelgisbrot og beðinn að koma í land, sem hann og þegar gerði.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið að togveiðum, þegar flugvélin flaug yfir bátinn.

Vitnið Ingólfur Ásgrímsson, stýrimaður á Steinunni, SF 10, í umrætt sinn, skýrir svo frá fyrir sakadómi Skaftafellssýslu, að það hafi verið nýfarið niður í káetu, er umrædd flugvél flaug yfir bátinn, en þá hafi báturinn verið úti með trollið og verið að toga. Vitnið telur, að báturinn hafi verið 6—8 sjómílur suðaustur af Ingólfshöfða, er það fór niður.

Það er álit dómsins, að Landhelgisgæzlunni hafi verið heimilt að nota flugvél í einkaeign við löggæzlustörf og að ekki skipti máli, þótt flugvélin hafi ekki verið með merkjum Landhelgisgæzlunnar.

Ekki hefur neitt komið fram í málinu, sem bendir til þess, að staðarákvarðanir Landhelgisgæzlunnar, sem merktar eru inn á sjókortið, dskj. nr. 2, séu ekki réttar. Dómurinn féllst á það atriði varnarinnar, að æskilegt hefði verið, að Landhelgisgæzlan hefði strax haft samband við ákærða, þegar hann var staðinn að meintum ólöglegum veiðum í umrætt sinn, en það hefur ekki áhrif á úrslit málsins.

Með eiðfestum framburði vitnanna Sigurðar Þorkels Árnasonar og Benedikts Gunnars Guðjónssonar og öðru því, sem komið hefur fram í málinu og rakið hefur verið hér að framan, þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem í ákæruskjali greinir og þar þykir réttilega heimfærð til lagaákvæða.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 21. janúar 1971, er gullgildi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 3.992.93 krónum.

Samkvæmt opinberum skýrslum er m/b Steinunn, SF 10, 72 brúttórúmlestir.

Refsing ákærða samkvæmt áðurtöldum lagaákvæðum þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin sekt til Landhelgissjóðs Íslands, kr. 40.000.00, og komi varðhald í 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri m/b Steinunnar, SF 10, skulu gerð upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Sigurðsson, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 20 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri m/b Steinunnar, SF 10, skulu gerð upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. desember 1971.

Nr. 173/1971. **Sverrir Georgsson**
gegn
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 14. júní 1971, sem barst Hæstarétti 10. nóvember

1971, hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 3. júní 1971. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur. Hann krefst ekki kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili byggir málssókn sína á hendur varnaraðilja á ákvæðum 67. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 40/1968. Samkvæmt ákvæðum 74. gr. sömu laga verða slík mál eigi höfðuð gegn vátryggingarfélagi einu sér. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða dóm.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Einars Arnalds og Gizurar Bergsteinssonar.

Vinnuvélar s/f, Akureyri, félagsskapur kæranda og bróður hans, er eigandi kranabifreiðarinnar A 861. Kærandi varð fyrir slysi, þá er þeir bræðurnir og sonur kæranda voru hinn 21. júlí 1968 að stytta bómu kranabifreiðarinnar, svo sem í héraðsdómi greinir. Kærði hafði tekizt á hendur vátryggingu vegna kranabifreiðarinnar samkvæmt 70. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Kærandi taldi rétt að sækja kærða beint til greiðslu vátryggingarbóta, þar sem kærandi og bróðir hans voru í raun réttri eigendur kranabifreiðarinnar. Kærði telur hins vegar, að kæranda bresti heimild í lögum til að beina slíku máli gegn sér og krefst frávísunar. Vísar hann til 1. mgr. og 2. mgr. 74. gr. nefndra laga máli sínu til stuðnings.

Í 74. gr., 1. mgr., segir einungis, að stefna skuli vátryggingarfélagi, sem vátryggt hefur ökutæki, til réttargæzlu í einkamáli á hendur manni til heimtu fébóta samkvæmt 67. gr. og 68. gr. sömu laga. Hér er þess eigi krafizt, að gerðar séu kröfur á hendur vátryggingarfélaginu. En í 2. mgr. sömu

74. gr. er svo mælt, að höfða megi slíkt mál jafnframt gegn vátryggingarfélaginu og sé þá dómur í málinu bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gegn því. Það, sem leitt verður með vissu af hinum tveimur málsgreinum 74. gr. laga nr. 40/1968, skýrðum í samræmi við eðli málsins, er þetta: Samaðild (litis consortium) er ekki með manni, sem sóttur er til fébóta samkvæmt 67. og 68. gr. nefndra laga, og vátryggingarfélagi því, sem í hlut á, þannig að réttarfarsnauðsyn sé til að stefna þeim, hvorum tveggja, til greiðslu í einu og sama máli. Hins vegar er heimild til að steypa saman (kumulera) málunum á hendur þeim, ef sækjandi óskar, og dæma þá báða aðilja í einu og sama máli.

Það er meginregla íslenzks réttar, að maður má sækja á hendur öðrum manni hvert það sakarefni, sem hag aðilja varðar og lög og landsréttur nær til, nema lög eða grunnreglur laga fyrirmuni honum það. Það er eigi hald í þeirri skýringu á 1. og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968, sem skýtur loku fyrir það, að kærandi, sem er í sérstakri aðstöðu, leiti með málssókn gegn kærða einum svars dómstóla við því, hvort á kærða hvíla vátryggingarskyldur vegna slyss þess, sem kærandi varð fyrir hinn 21. júlí 1968.

Að svo vöxnu máli, sem að framan greinir, ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum er rétt að dæma kærða til að greiða kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar og dæma það að efni til.

Kærði, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði kæranda, Sverri Georgssyni, kærumálskostnað, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1971.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms 14. maí s.l., hefur Sverrir Georgsson, Þórunnarstræti 125, Akureyri, höfðað

fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. febrúar 1970, og framhaldsstefnu, útgefinni 12. ágúst 1970, gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð samtals kr. 2.000.000.00 — tvær milljónir króna — með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir reikningi eða mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi hefur með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 2. janúar 1970, fengið gjafsóknarleyfi í máli þessu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Hvernig sem málið fer, er af hálfu stefnda krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnanda gerð sú krafa, að framkominni frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað í þeim þætti málsins, en málið er nú úrskurðað eða dæmt aðeins að því er til frávísunarkröfunnar tekur.

Stefnandi kveður tildrög máls þessa vera þau, að sunnudaginn 21. júlí 1968 hafi hann ásamt bróður sínum, Guðmundi Georgssyni, Suðurbyggð 5, Akureyri, og syni sínum, Kristni, 17 ára að aldri, unnið að því að stytta bómu kranabifreiðarinnar A 861. Bifreiðin hafi verið á bersvæði nálægt Sandvík í Glerárhverfi á Akureyri. Stefnandi kveður bómuna vera samsetta úr fjórum einingum og þegar stytta skuli hana, sé annað miðstykkið fjarlægt og síðan hin þrjú tengd á ný. Stefnandi kveður verkaskiptingu við umrætt verk hafa verið þannig, að hann hafi losað bolta, sem tengt hafi einingar bómunnar, Guðmundur hafi stjórnað vörubifreið með krana, sem lyfta skyldi hlutum þeim, sem losaðir væru, en Kristinn hafi aðstoðað. Er fremsti hluti bómunnar hafði verið felldur, hafi verið tekið til við að losa þann næstfremsta, og kveður stefnandi járngálga hafa verið fremst undir þeim hluta. Stefnandi kveðst hafa losað og slegið úr tvo neðri bolta úr þessari samsetningu og hafi þá tveir boltar verið eftir í efri hornum samsetningarinnar. En við þetta hafi bóman sigið niður á hann, en hann kveðst hafa þurft að vinna hálfboginn undir bómunni. Kveður stefnandi hrygg sinn og mænu hafa skaddazt svo við þetta, að hann sé óvinnufær síðan.

Stefnandi kveður kranabifreiðina A 861 hafa verið ábyrgðartryggða hjá stefnda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, en samkvæmt vátryggingarskírteini sé notkun bifreiðarinnar skýrð sem

kranabifreið og vátryggingarupphæðin kr. 2.000.000.00. Tryggingartímabil 1. maí 1968 til 1. maí 1969.

Stefnandi kveðst telja, að samkvæmt 67. gr. umferðarlaga frá 26. maí 1968 sé þeim, sem ábyrgð beri á ökutækinu A 861, skylt að bæta tjón hans. Eigandi A 861 hafi verið Vinnuvélar s/f, Akureyri, en eigendur þess fyrirtækis séu stefnandi og áðurnefndur Guðmundur og bróðir hans að jöfnum hluta hvor. Mál þetta sé því höfðað gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f samkvæmt heimild í 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Stefndi styður nú frávísunarkröfu sína þeim rökum, að lagaheimild skorti til að stefna stefnda einum í máli þessu, en túlkun stefnanda á 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga sé röng. Þessa lagagrein verði að skýra í samhengi og í 1. mgr. sé um það rætt, að skylt sé að gefa vátryggingarfélagi kost á að gæta réttar síns í einkamáli, sem höfðað sé gegn manni til heimtu bóta samkvæmt 67. gr. og 68. gr. umferðarlaganna. Síðan segi í 2. mgr., að slíkt mál megi jafnframt höfða gegn vátryggingarfélaginu og sé þá dómur í því bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gagnvart því. Lögin segi ekki, að mál megi höfða eingöngu gegn félaginu, heldur jafnframt málssókn á hendur þeim, er ábyrgð kunni að bera samkvæmt 67. eða 68. gr.

Við munnlegan flutning málsins um frávísunarkröfuna reisti stefnandi kröfu sína um, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið, fyrst og fremst á 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem hann kvaðst telja, að feli í sér heimild til málshöfðunar gegn tryggingarfélaginu einu saman undir þeim kringumstæðum, sem hér um ræðir.

Það er regla umferðarlaga að sækja ábyrgðarmann ökutækis til bóta vegna tjóns, sem af notkun þess verður, sbr. 67. og 68. gr. laganna. Í 2. mgr. 74. gr. nefndra laga segir hins vegar, að sækja megi slíka kröfu jafnframt gegn vátryggingarfélagi því, er vátryggt hefur ökutækið.

Þetta ákvæði verður að túlka á þann veg, að vátryggingarfélagið verði eingöngu sótt til greiðslu bóta við hlið ábyrgðarmanns ökutækisins og beri þá óskipta skyldu með honum.

Þar sem vátryggingarfélaginu hefur einu verið stefnt í máli þessu, ber samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936 að vísa því frá dómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000.00 og greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti skipaður tals-

maður hans, Ásmundur Jóhannsson héraðsdómslögmaður, kr. 30.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 40.000.00, greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti skipaður talsmaður hans, Ásmundur Jóhannsson héraðsdómslögmaður, kr. 30.000.00.

Miðvikudaginn 15. desember 1971.

Nr. 128/1970. **Kristján Eiríksson**
gegn
Andrési Óskarssyni og Stefáni Óskarssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Eiríksson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Andrési Óskarssyni og Stefáni Óskarssyni, sem látið hafa sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 8.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. desember 1971.

Nr. 158/1970. **J. P. Guðjónsson h/f**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Jóni N. Sigurðssyni f. h. Enna-Werk, München (Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lausafjárkaup. Áhætta á söluhlut. Fjárnám. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1970. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda, þar á meðal, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og fjárnámsgerðar, sem fram fór hinn 20. júlí 1970. Hann krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi, en eftir uppsögu hans hafa verið lögð fyrir Hæstarétt mörg ný skjöl og framkvæmdastjóri áfrýjanda komið fyrir dóm.

Stefndi sendi ekki vörupöntun áfrýjanda til geymslu í tollvörugeymslu, eins og áfrýjandi hafði áskilið í pöntun sinni. Yfir þessu kvartaði áfrýjandi í bréfi 2. janúar 1967 og beiddist jafnframt, að hann fengi að greiða vöruna á fjórum mánuðum. Hann mæltist og til þess, að stefndi fengi viðskiptabanka sinn til að hlutast um, að viðskiptabanki áfrýjanda afhenti honum vöruskjölin án greiðslu. Stefndi hafnaði þessum tilmælum áfrýjanda í bréfi 20. janúar 1967. Bauðst þá áfrýjandi til þess í bréfi 20. febrúar 1967 að greiða vöruna í þrennu lagi, í febrúar, marz og apríl, en stefndi fengi honum yfirlýsingu, stílaða á viðkomandi og ætlaða til sýningar í innheimtubankanum, um, að stefndi samþykkti þennan greiðsluhátt. Enn sagði svo í bréfi þessu: „Please be advised that the Bank vill have full control over the consignment, until it is paid". Stefnda, sem var rétt að skilja tilmæli þessi

svo, að áfrýjandi héldi ekki lengur við það, að honum yrðu fengin vöruskjölin án greiðslu, samþykkti þetta í bréfi 3. marz 1967 og sendi umbeðna yfirlýsingu. Má fallast á það með héraðsdómi, að með þessum bréfaskiptum hafi aðiljar náð samkomulagi um kaupskilmála og að varan hafi nú verið geymd á áhættu áfrýjanda í vörugeymslu flytjanda.

Áfrýjandi framvísaði aldrei bréfinu frá 3. marz í Landsbanka Íslands, en samkvæmt því átti síðasta af þrem greiðslum áfrýjanda að fara fram í apríl 1967. Stefnda barst engin greiðsla frá áfrýjanda og ritaði honum því bréf, sem dagsett er 20. apríl 1967. Í bréfi þessu óskaði stefndi endursendingar vörunnar, ef áfrýjandi gæti enga greiðslu sent fyrir 5. maí 1967. Þessu bréfi stefnda svaraði áfrýjandi hinn 3. maí 1967. Fór hann þá fram á frekari gjaldfrest og bauðst til að greiða allan kostnað af greiðsludrættinum. Þessum tilmælum áfrýjanda svaraði stefndi í bréfum 16. maí og 10. júlí 1967. Í þessum bréfum var áfrýjandi hvattur til að inna greiðslur þegar af hendi. Áfrýjandi svaraði ekki þessum tveim bréfum stefnda fyrr en hinn 1. september 1967, en þá tilkynnti hann stefnda, að varan væri brunnin. Enn fremur segir svo í bréfinu: „Please be advised that such a consignment addressed to us is covered by our insurance policy, and, therefore, there will be no loss to yourselves".

Hinn 24. ágúst 1967 endursendi Landsbankinn vöruskjölin til viðskiptabanka stefnda að beiðni hins síðarnefnda banka. Ástæðan var vanskil áfrýjanda. Ekkert er hins vegar komið fram í málinu um það, í hvaða tilgangi þetta var gert. Ekki vitjaði áfrýjandi vörunnar eftir þetta né bauðst til að greiða hana, unz hún brann.

Svo sem fyrr greinir, var varan geymd á áhættu áfrýjanda eftir samkomulag aðilja, er varð með bréfaskiptunum 20. febrúar og 3. marz 1967. Dráttur sá, sem á því varð, að áfrýjandi fengi hana í hendur, stafaði af vanskilum hans. Í bréfum stefnda 16. maí og 10. júlí hvatti hann enn áfrýjanda til að inna af hendi greiðslu. Gerði stefndi áfrýjanda þannig ljóst, að hann vildi halda upp á hann kaupunum. Áfrýjandi hefur ekki leitt rök að því, að stefndi hafi verið búinn að

samþykkja að taka vöruna aftur, og ekki verður talið, að stefndi hafi einhliða rift kaupunum né fyrir tómlæti glatað rétti til að halda þeim upp á áfrýjanda. Ekki verður talið, að áhættan á, að varan færi forgörðum af tilviljun, hafi flutzt á stefnda við þá endursendingu vöruskjalanna, sem að framan greinir. Samkvæmt þessu er rétt að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að undanskildu málskostnaðarákvæði hans, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Staðfesta ber hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að málskostnaður fellur niður.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur ýmissa gagna verið aflað.

Framkvæmdastjóri áfrýjanda hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því, að hann hafi, áður en atburðir máls þessa gerðust, átt viðskipti við stefnda í tvö til þrjú ár, en einungis hafi verið um smáar pantanir að tefla. Hann kveðst hafa rætt við framkvæmdastjóra stefnda í Þýzkalandi í október 1966. Hafi sér verið skýrt frá því, að hann gæti fengið mun hagstæðara verð, ef hann gerði stærri pantanir. Hann segist hafa svarað því til, að það gæti hann ekki, nema hann fengi vöruna með öðrum kjörum, og hafi hann skýrt frá starfsemi Tollvörugeymslunnar í því sambandi. Vörur þær, sem í málinu greinir, pantaði áfrýjandi með bréfi 14. nóvember 1966, sem tekið er upp í héraðsdóminn. Er þar m. a. áskilið: „Verða vörurnar geymdar í tollvörugeymslu og greiddar, um leið og þær eru innleystar". Í aðiljaskýrslu fyrir dómi hefur framkvæmdastjóri áfrýjanda lýst því, að það hafi verið algert skilyrði fyrir kaupunum, að vörurnar yrðu

sendar í tollvörugeymslu. Vörurnar voru nú sendar frá München í Þýzkalandi hinn 5. desember 1966. Í bréfi stefnda til áfrýjanda 7. desember 1966, sem rakið er í héraðsdómi, segir m. a.: „Því miður getum við ekki fallizt á skilmála yðar að skipta vörureikningi okkar í nokkrar greiðslur eftir magni, sem tekið er úr tollvörugeymslu". Er því neitað, að um þetta hafi verið rætt á fundi framkvæmdastjóranna í Þýzkalandi. Stefndi sendi Landsbanka Íslands sýningarvíxil og önnur heimildarskjöl um vöruna til innheimtu.

Um vátryggingu vörunnar segir svo í bréfi Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f 26. apríl 1971:

„Samkvæmt beiðni yðar staðfestist hér með, að firmað Júlíus P. Guðjónsson, Skúlagötu 26, Reykjavík, vátryggði hjá oss í sjóflutningi sendingu af sýningarvélum, sem komu til landsins með d/ms. Goðafossi hinn 17. desember 1966. Vátryggingarfjárhæðin var kr. 117.940,00. Skilmálar sjótryggingarinnar voru samkvæmt skilmálum Institute Cargo Clauses All Risks, en þeir gera ráð fyrir, að vátryggingu ljúki í síðasta lagi 60 dögum eftir komudag varanna til landsins.

Jafnframt staðfestist, að firmað Júlíus P. Guðjónsson hefur um mörg undanfarin ár haft hjá oss fasta brunatryggingu fyrir vörur, sem geymdar eru fyrir það í Tollvörugeymslunni h/f við Héðinsgötu í Reykjavík, og er vátryggingin bundin við þann stað. Auk þessarar föstu bruatryggingar hefur firmað keypt aukatryggingar í stuttan tíma í Tollvörugeymslunni h/f bæði fyrr og síðar, þegar því hefir þótt ástæða til".

Af því, sem nú var sagt, er ljóst, að vörurnar voru fram boðnar með allt öðrum skilmálum en þær voru pantaðar. Hófust nú bréfaskipti og samningsumleitanir með aðiljum, en vörurnar voru á meðan í hinni almennu vörugeymslu H/f Eimskipafélags Íslands og heimildarskjölin fyrir þeim í Landsbanka Íslands. Í bréfi, dags. 20. febrúar 1967, sem tekið er upp í héraðsdóminn, bauðst áfrýjandi til að greiða einn þriðja vöruverðsins strax, einn þriðja í marz 1967 og einn þriðja í apríl s. á., enda hefði bankinn „full control over the consignment, until it is paid". Stefndi gekk að þessum skilmálum í bréfi, dags. 3. marz 1967, sem rakið er í hér-

aðsdóminum og stílað var til sýningar þeim, er í hlut ættu. Framkvæmdastjóri áfrýjanda fullyrðir, að hann hafi eigi með bréfi sínu frá 20. febrúar 1967 fallið frá því kaupskilyrði sínu, að vörurnar yrðu fluttar í Tollvörugeymsluna. Honum mátti þó vera ljós sá skilningur stefnda, að hann væri horfinn frá skilyrðinu. Var hann því bundinn af bréfinu frá 20. febrúar 1967. Enn héldu bréfaskipti áfram með aðiljum. Ritaði stefndi áfrýjanda hinn 20. apríl 1967 m. a.:

„Áður en við gerum frekari ráðstafanir fyrir dómstóli og til að firra yður talsverðum kostnaði, tilkynnum við yður, að þegar ber að endursenda vörusendingu okkar og að þér greiðið farmgjöld og vátryggingu, ef þér getið ekki sent upphæðina fyrir vörur þessar, þannig að hún berist hingað fyrir 5. maí. Yður reiknast allur kostnaður".

Áfrýjandi gat eigi endursent vörurnar, þar sem hann hafði eigi heimildarskjöl þeirra.

Áfrýjandi bað enn um greiðslufrest í bréfi 3. maí 1967. Í bréfum 16. maí og 10. júlí spurðist stefndi fyrir, hvort áfrýjandi ætlaði að efna og greiða.

Um vöruskjölin segir svo í bréfi Landsbanka Íslands, dags. 20. apríl 1971:

„Samkvæmt beiðni yðar staðfestum vér, að ofangreind innheimta var send oss með bréfi Bayerische Hypotheken und Wechsel Bank, München, dags. 7. 12. 1966, og móttekin af oss hinn 12. 12. 1966. Fyrirmæli hins erlenda banka voru þau, að afhenda skyldi innheimtuskjölin til J. P. Guðjónssonar h/f gegn greiðslu á DM 9.556,44.

Vér móttókum einnig bréf frá Bayerische Hypotheken und Wechsel Bank, dags. 24. 1. 67, 10. 2. 67 og 6. 4. 67, þar sem vér vorum beðnir að ítreka við J. P. Guðjónsson að innleysa skjölin gegn greiðslu.

En í bréfi, dags. 18. 8. 1967, bað hinn erlendi banki oss að endursenda öll skjölin til sín, og var það gert hinn 24. 8. 1967.

Þá viljum vér einnig staðfesta, að oss var eigi heimilt að leyfa flutning vörunnar í Tollvörugeymsluna h.f. eða endursenda hana, nema til kæmu fyrirmæli hins erlenda banka".

Eigi var framkvæmdastjóra áfrýjanda tilkynnt það, að vöruskjölin voru endurheimt til Þýzkalands.

Hinn 30. ágúst 1967 brann vöruskemma H/f Eimskipafélags Íslands. Með henni brunnu vörur þær, sem fjallað er um í máli þessu. Var vátrygging sú, sem áfrýjandi hafði tekið á þeim, þá út runnin. Er úrlausnarefnið hér, hvort hann beri áhættuna á brunanum.

Vörur þær, sem í máli þessu greinir, voru sendar áfrýjanda hingað til lands með allt öðrum kaupskilmálum en áfrýjandi hafði pantað þær. Var hann ekki fastmælum bundinn að kaupa þær með þeim greiðsluskilmálum, sem stefndi setti, þá er flutningurinn fór fram. Bar hann því ekki heldur áhættu af flutningnum, sbr. 10. gr., 17. gr. og 62. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Telja verður, að áhættan á því, að vörurnar færu forgörðum af óviðráðanlegum atvikum, hafi flutzt um sinn yfir á áfrýjanda, þá er dráttur varð á viðtöku þeirra af hans hendi, eftir að samkomulag varð með aðiljum um greiðsluskilmála í bréfunum frá 20. febrúar og 3. marz 1967 og liðinn var sá greiðslufrestur, sem þar greindi, sbr. 17. gr. og 37. gr. laga nr. 39/1922. En þar sem vörurnar voru hvorki greiddar né komnar í vörzlur áfrýjanda, bar stefnda samkvæmt 31. gr. laga nr. 39/1922, ef hann vildi „halda kaupinu upp á" áfrýjanda, að „tilkynna honum það innan hæfilegs tíma". Þetta gerði stefndi ekki, heldur heimtaði í bréfi 20. apríl 1967, að vörurnar væru endursendar til Þýzkalands, og lét heimta vöruskjölin aftur til Þýzkalands 18.—24. ágúst 1967. Fluttist þá áhættan á því, að vörurnar færust af óviðráðanlegum atvikum, aftur yfir á stefnda. Eftir að vöruskjölin höfðu verið endursend til Þýzkalands, voru vörurnar ekki lengur „á reiðum höndum" fyrir áfrýjanda, sbr. 17. gr. laga nr. 39/1922, en ákvæði þetta setur það skilyrði fyrir áhættuábyrgð kaupanda á vöru, að hún sé þannig til taks fyrir hann. Leiðir og þetta lagaskilyrði til lausnar áfrýjanda undan áhættuábyrgðinni.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, bar áfrýjandi ekki ábyrgð á því, að vörurnar fórust í eldsvoða hinn 30. ágúst 1967.

Eigi leiðir það heldur til ábyrgðar áfrýjanda, þótt hann af misskilningi tilkynnti stefnda eftir brunann, að enn væri í gildi vátrygging, sem hann hafði á sínum tíma tekið, þá er vörurnar voru í flutningi með öðrum söluskilmálum en hann hafði pantað þær.

Með skírskotun til framanritaðs ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu og fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, J. P. Guðjónsson h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns f. h. Enna-Werk, München, í máli þessu.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 29. maí 1970.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 7. nóvember 1969. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu þann 13. maí s.l., og á þeim degi var málið dómtekið.

Stefnandi málsins er Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður f. h. Enna-Werk, München, Konradinstrasse 3-7, Þýzkalandi.

Stefndi er J. P. Guðjónsson h/f, Skúlagötu 26, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða DM. 9.556.44 með 1% vöxtum á mánuði að telja frá 1. janúar 1967 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Jafnframt hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

2.0.

2.1. Með skriflegri pöntun, dags. 14. nóvember 1966, festi stefndi kaup á skuggamyndavélum og fleiri vélum hjá stefnanda. Þau atriði pöntunarinnar, sem hér þykir skipta máli, eru þessi:

„To: Enna-Werk Consign to: Us.
Optische Anstalt Dr. Appelt KG, c/o Bonded 8000
München 9, Konradinstr. 3-7, Warehouse, Germany.
20 pcs. ENNALUX 300/85,
w/lamp & case.
30 pcs. ENNALUX N24J/85 mm,
w/quorz lamp & case.
20 pcs. ENNAMAT J/85 mm,
w/quorz lamp & case.
100 pcs. magazines 30 slides.
30 — — 50 slides.
23. 11. 66.
Charge to: Us.
Terms: Paid as withdrawn.
Delivery: Immediate.
Shipping Marks: JPG/351/66/REYKJAVIK/ICELAND.
.....
Bill of Lading: Full set.
.....
Invoices: Original.
Copy of Invoices: 7 copies.
Freight: Paid by us.
.....
Insurance: Covered by us".

Pöntun þessari fylgdi bréf, einnig dags. 14. nóvember 1966, og hljóðar það svo í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Enna-Werk,
Optische Anstalt Dr. Appelt KG,
8000 München 9,
Konradinstr. 3-7,
Þýzkalandi. 14. nóvember 1966.

Hjálagt sendist pöntun okkar nr. 351/66, sem við biðjum yður um að senda okkur, eins fljótt og auðið er. Pöntun þessi er gerð í samræmi við samtal okkar á Photokina nýverið, og verða vörurnar geymdar í tollvörugeymslu og greiddar, um leið og þær eru innleystar.

Að afskipun lokinni biðjum við yður góðfúslega að senda frumrit farmskírteinis og vörureikninga beint til okkar. Einnig þörfnumst við bréfs til banka okkar í yfirlýsingarformi, þar sem bankanum er tilkynnt, að þér samþykkið greiðsluaðferðina gegn-

um tollvörugeymsluna. Jafnan þegar við innleysum, mun bankinn senda yður viðeigandi upphæð beint.

Virðingarfyllst,
J. P. Guðjónsson h.f.
J. P. Guðjónsson".

Samkvæmt þeim skjölum, sem fyrir liggja, voru vörurnar sendar af stað frá München í Þýzkalandi 5. desember 1966 áleiðis til Reykjavíkur. Stefnandi ritaði stefnda bréf, dags. 7. desember 1966, og hljóðar það svo í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Beztu þakkir fyrir pöntun yðar 351/66, sem við höfum þegar afgreitt.

Því miður getum við ekki fallizt á skilmála yðar að skipta vörureikningi okkar í nokkrar greiðslur eftir magni, sem tekið er úr tollvörugeymslu.

Þessi aðferð, sem þér stingið nú upp á, viljum við ekki tilkynna banka yðar, og ekki gátuð þér um þetta á fundi okkar í Köln. Góðfúslega athugið, að viðeigandi sýningarvíxill hefur verið útbúinn og sendur Landsbanka Íslands, eins og áður var venja. Þessi nettó-verð, sem yður veitast, leyfa engar tafir, og munuð þér eflaust skilja þá afstöðu okkar".

Eins og sést á ofanrituðu, var, þegar hér var komið sögu, orðinn ágreiningur um skilmála fyrir kaupunum. Þann 2. janúar 1967 ritar stefndi bréf til stefnanda, sem hljóðar svo í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Enna-Werk,
Optische Anstalt Dr. Appelt,
Konradinstr. 3-7,
München 9,
Þýzkalandi. 2. janúar 1967.

Við viðurkennum móttöku bréfs yðar, dags. 7. desember 1966. Okkur þykir mjög leitt, að misskilningur virðist hafa valdið því, að ég taldi, að með okkur væri samkomulag um samvinnu gegnum tollvörugeymsluna. Ég minnist þess frá fundi okkar í Köln, að ég bað yður sérstaklega að starfa með mér á grundvelli tollvörugeymslunnar. Kostir þessa fyrir okkur báða mundi vera, að við mundum panta meira magn og þannig geta látið viðskiptavini okkar njóta lægsta mögulegs verðs. Þetta gætum við ekki gert, ef við þyrftum að flytja allt magnið inn í einu, með því að við yrðum að binda of mikið fé í sýningarvélum.

Pöntunin, sem við sendum yður, var gerð í þeirri góðu trú, að þegar hefði verið fallizt á þetta fyrirkomulag. Okkur þykir mjög leitt, að komið skuli hafa til þessa misskilnings, en allt um það eru vörurnar á leiðinni, og verður að innleysa þær. Þess vegna óskum við þess, að þér sýnið málinu skilning og biðjum yður um að gera þessa tilraun. Heitum við, að yður verði greiddur allur vörureikningurinn á fjórum mánuðum, eftir að þér fallizt á fyrirkomulag þetta. Ef þér samþykkið þetta, þarf ekki að útbúa neina nýja vörureikninga. Þér þurfið eingöngu að láta okkur í té bréf í yfirlýsingarformi, þar sem banka okkar er tilkynnt, að þér samþykkið þetta fyrirkomulag, og fá banka yðar til að biðja bankasamband okkar að afhenda okkur skjölin án greiðslu. Samkvæmt því munu vörurnar innleystar fyrir okkur og greiðsla send yður frá banka okkar í sérhverju tilfelli.

Virðingarfyllst,
J. P. Guðjónsson h/f".

2.2. Með bréfi stefnanda til stefnda, dags. 20. janúar 1967, gerði stefnandi nýja tillögu um greiðslu kaupverðsins. Segir svo nánar í bréfi þessu:

„Messrs. Guðjonsson Ltd.,
Export-Import,
P. O. Box 1189,
Reykjavík / Iceland. TH/H January 20, 1967.

Dear Mr. Gudjonsson,

Thanks for your letter.

1. We cabled to you to-day:

Our proposal: Pay one half for our shipment at once, the second half not later than 18th February. In disagreeing, cable back. The delivery will be recalled to us.

2. We regret of not being able as to agree to your kind of payments. We must insist as to have this as well as all further shipments to be paid on the basis of COD (less 3% discount).

3. It seems to be senseless to talk now about any recognition of your firm in regard to a capacity of representing us in Iceland, before not receiving your OK to our statement as mentioned before.

4. In case of neglecting our proposals, we regret for not con-

tinuing our relations to you, of who we thought to have chosen the right one.

We hope to hear from you soon, spoken open and frankly.

Yours very truly,
ENNA-WERK,
Optische Anstalt,
Dr. Appelt KG.
i.v.".

Stefndi gerði stefnanda gagntilboð í bréfi, dags. 20. febrúar 1967, og hljóðar bréf þetta svo:

„Enna-München,
8, München 9,
Konradinstrasse 3-7,
Germany. 20th February 1967.

Dear Sirs.

We acknowledge with thanks receipt of your letter of the 20th ultimo.

We regret very much, that so far you have been unable to come to our agreement concerning the disposition of your shipment. Regrettably the matter has been unattended to due to the writer's absence from the office. We are now prepared to take steps to pay a portion of your invoice, and we should like to make the following recommendation:

We will pay:

One third now,
One third in March,
One third in April.

We hope that you find this acceptable, and kindly request, that you send us a letter „To whom it may concern", advising your acceptance of this arrangement. This letter will go to the Bank, and the draft in their possession will be recalled. Please be advised, that the Bank will have full control over the consignment until it is paid.

We look forward to your reply and in the meantime, remain,

Yours very truly,
J. P. GUDJONSSON LIMITED".

Í samræmi við þetta síðastgreinda bréf sendi stefnandi stefnda enn eitt bréf, dags. 3. marz 1967. Er nauðsynlegt að rekja hér efni þess, en það er svohljóðandi:

„Messrs.
Guðjonsson Ltd.,
Export-Import,
Skúlagata 26,
Reykjavík, Iceland. th/h March 3, 1967.

To whom it may concern.

Re: Our shipment, effected November 30, 1966.

According to a letter of Messrs. Guðjonsson Ltd., Skulagata 26, Reykjavík, Iceland, 20. 2. 67, who will forward this to the corresponding bank, we agree to the proposals of paying as follows:

One third now,
— — in March and
— — in April 1967.

Any expenses of storage are to be charged for Messrs. Guðjonsson.

We have been advised, that the Bank will have full control over the Enna consignment, until it will be paid.

ENNA-WERK,
Optische Anstalt,
Dr. Appelt KG.
i.a.“.

Enn sendi hið þýzka fyrirtæki bréf til stefnanda, dags. 20. apríl 1967, og segir m. a. svo í niðurlagi þessa bréfs í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Áður en við gerum frekari ráðstafanir fyrir dómstóli og til að firra yður talsverðum kostnaði, tilkynnum við yður, að þegar ber að endursenda vörusendingu okkar og að þér greiðið farmgjöld og vátryggingu, ef þér getið ekki sent upphæðina fyrir vörur þessar þannig, að hún berist hingað fyrir 5. maí. Yður reiknast allur kostnaður“.

Með bréfi, dags. 3. maí 1967, svaraði stefndi tveim síðastgreindum bréfum stefnanda. Þykir nauðsynlegt að rekja hér bréf þetta í heild sinni:

„Enna-München,
Optische Anstalt,
Dr. Appelt KG.
8, München 9,
Konradinstrasse 3-7,
Germany.

Dear Sirs,

We acknowledge with thanks receipt of your letter, dated April

20th 1967, as well as your letter of March 3rd.

Regarding your letter of March 3rd we regret that your letter arrived during the writer's absence in the United States and therefore it was not attended to until the end of March. At that time we would have been compelled to pay 2/3rds or all of the outstanding invoice.

In order to explain the situation surrounding the shipment of your order to us, we should like to reiterate the following points:

When the writer discussed the bonded warehouse arrengement with you at the Photokina, it was my understanding, that you whole-heartedly agreed to co-operate on the bonded warehouse basis. Unfortunately after we placed our order, which you subsequently shipped without delay, we found, that there was a difference of understanding between your views and ours. Therefore we feel, that the entire circumstances surrounding this order has been based on misunderstandings between our firms. This misunderstanding should, however, not jeopardize our good relations, and for this reason we kindly ask you to co-operate with us once more. Because of the tight money policy in the Icelandic banks we find it generally very hard to borrow money or sell promissory notes, which we receive from our customers in payment for the goods we sell. For this reason we kindly ask you to bear with us a little longer and agree to the following settlement of your invoice. We shall pay 1/3rd of the invoice amount upon receipt of your confirmation. The difference we shall pay by 1/3rd one month later and the final installment 2 months later. We are, of course, prepared to pay all costs resulting from this delay as well as interest, if you so prefer.

We hope, that you can agree with this arrangement, and after the invoice has been successfully settled we can take up our future business relationship on a different basis".

Ekki þykir ástæða til að rekja efni fleiri bréfa hér. Hins vegar er þess að geta, að framangreindar vörur komu til landsins með Goðafossi 17. desember 1966, og sýnist varan hafa legið óhreyfð í vöruskemmum H/f Eimskipafélags Íslands við Skúlatún í Reykjavík, unz hún fórst í eldsvoða, sem þar varð í lok ágústmánaðar 1967.

3.0.

3.1. Stefnandi heldur því fram, að greiðsluskylda stefnda sé tvímælalaus. Skilmálar af hálfu stefnanda hafi ávallt verið þeir,

að stefndi ætti að greiða vöruna gegn afhendingu nauðsynlegra skjala í Landsbanka Íslands.

Þá hefur stefnandi bent á, að með framangreindum bréfaviðskiptum hafi stefndi ætíð lofað að greiða vöruna. Greiðsluskylda stefnda sé því tvímælalaus og varan úr ábyrgð stefnanda, eftir að hún hafi verið afhent flutningsmanni vörunnar.

3.2. Stefndi heldur því fram, að samningar hans við stefnanda hafi verið miðaðir við það, að vörupantanir yrðu sendar í tollgeymslu hér á landi, þannig að stefndi gæti tekið vörurnar úr tollgeymslu, jafnharðan og þær seldust. Þennan samning hafi stefnandi ekki staðið við og hafi það orðið til þess, að viðskiptin hafi ekki getað gengið, eins og til hafi verið ætlazt í upphafi. Þvert ofan í beiðni stefnda hafi varan verið send í pakkhús hjá Eimskipafélaginu.

Enn fremur bendir stefndi á, að greiðslutilboð hans samkvæmt bréfi því, sem rakið var í 2.2., dags. 20. febrúar 1967, hafi ávallt verið bundið því skilyrði, að varan yrði flutt í tollvörugeymslu, og að stefndi gæti þannig fengið hluta hennar afhentan án þess að greiða vörusendinguna að fullu.

Samkvæmt þessu telur stefndi, að enginn samningur hafi komizt á um kaup á umræddri vörusendingu og því hafi varan verið á ábyrgð stefnanda máls þessa í geymslu H/f Eimskipafélags Íslands, þegar hún fórst í eldsvoða. Loks bendir stefndi á, að stefnandi hafi verið búinn að samþykkja að taka vöruna til baka, en látið það undir höfuð leggjast. Í því sambandi er lögð áherzla á, að það hafi verið á valdi stefnanda, og hans eins, að fá vöruna endursenda.

4.0.

4.1. Eins og rakið er í 2.1., gerði stefndi pöntun á vörum hjá stefnanda 14. nóvember 1966. Verð vörunnar átti samkvæmt pöntuninni að miðast við fob.-verð, þær áttu að sendast í tollvörugeymslu hér í Reykjavík og greiðast smám saman, eftir því sem stefndi innleysti þær úr tollvörugeymslunni.

Stefnandi sendi vöruna af stað til Reykjavíkur, en féllst ekki á framangreindan greiðsluhátt, heldur krafðist greiðslu í Landsbanka Íslands gegn afhendingu nauðsynlegra skjala.

Þetta svar stefnanda var því nýtt tilboð, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1936. Stóð í samningsumleitunum milli aðilja um greiðsluskilmála, unz stefndi með bréfi, dags. 20. febrúar 1967, sbr. 2.2., gerði

ákveðna tillögu um greiðsluskilmála, sem stefnandi samþykkti með bréfi, dags. 3. marz 1967, eins og rakið er í 2.2.

Stefndi hefur haldið því fram, að þetta síðastgreinda samþykki stefnanda hafi eigi verið í samræmi við tilboð hans, sem hafi miðazt við það að fá hluta vörunnar afhentan, áður en hún yrði öll greidd. Stefndi, sem átti þegar að vera ljós skilningur stefnanda, skýrði honum þó ekki frá þessu misræmi þegar, er tilefni var til, en bað um greiðslufrest með bréfi, dags. 3. maí 1967, eins og vikið er að í 2.2.

Samkvæmt framanrituðu var því stefndi bundinn við samþykki stefnanda samkvæmt áðurgreindu bréfi, dags. 3. marz 1967, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1936.

Kaupsamningur hafði því komizt á, og var vörusendingin á ábyrgð stefnda, er hún fórst í bruna samkvæmt framansögðu, sbr. 17. gr. laga nr. 39/1922.

Dæma ber því stefnda til að greiða stefnufjárhæðina, sem er tölulega óvefengd, ásamt vöxtum, sem ákveðst 7% á ári. Vaxtatími skal miðaður við 1. apríl 1967 til greiðsludags.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00.

Dómarar í máli þessu voru Stefán M. Stefánsson, settur borgardómari, og meðdómendurnir Gaukur Jörundsson prófessor og Jóhann J. Ólafsson kaupmaður.

Dómsorð:

Stefndi, J. P. Guðjónsson h/f, greiði stefnanda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Enna-Werk, München, DM. 9.556.44 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1967 til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað.

Framangreinda fjárhæð ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 20. júlí 1970.

Ár 1970, mánudaginn 20. júlí, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skúlagötu 26 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Hjálmari Hjálmarssyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið A 1791/1970. Enna-Werk gegn J. P. Guðjónssyni h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm úr sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur nr. 250/1969.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhann Steinason vegna Jóns N.

Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir DM. 9.556.44 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1967 til greiðsludags, kr. 120.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 13.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er hér ekki. Fyrir hann mætir Júlíus P. Guðjónsson, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt og segir, að málinu sé (eða verði) þegar áfrýjað, en getur ekki lagt fram áfrýjunarstefnu. Samkvæmt framkomnu verður fógeti að láta gerðina fara fram.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreið, R 19917, Ford Transit, árgerð 1967, svo og peningaskáp af Meilink gerð, staðsettum að Skúlagötu 26, verzlun gerðarþola.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 17. desember 1971.

Nr. 46/1971. **Lánasjóður atvinnubifreiðarstjóra**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Ingjaldi Ísakssyni og gagnsök
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samvinnufélög.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. marz 1971. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með

stefnu 29. nóvember 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ógildingu lagabreytingar, er gerð var á aðalfundi aðaláfrýjanda 28. nóvember 1968, og um atkvæðisrétt og kjörgengi gagnáfrýjanda svo og um málskostnað. Enn fremur krefst hann þess, að aðalfundur aðaláfrýjanda, sem haldinn var 8. desember 1969, verði ógiltur og að lagt verði fyrir stjórn aðaláfrýjanda, eins og hún var skipuð fyrir þann fund, að boða til nýs aðalfundar, þar sem gagnáfrýjandi og aðrir þeir, sem eins stóð á um, fái notið atkvæðisréttar síns og kjörgengis. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi er félag, sem skráð er á samvinnufélagaskrá, og gagnáfrýjandi félagsmaður í því. Í félagssamþykktum, er samþykktar voru á stofnfundi 7. desember 1953, var mælt svo fyrir í 6. gr., að til þess að öðlast rétt til lántöku hjá félaginu, þyrfti hver félagsmaður að greiða svonefnt stofnframlag, og var fjárhæð þess kr. 4.000.00. Á aðalfundi 15. apríl 1957 var samþykkt sú breyting á nefndri 6. gr., að stofnframlagið hækkaði í kr. 10.000.00, og enn var á aðalfundi 7. desember 1966 samþykkt með 16 atkvæðum gegn 2 hækkun stofnframlagsins í kr. 20.000.00. Tók þetta einnig til þáverandi félagsmanna, þannig að þeir skyldu greiða viðbót við fyrri framlög.

Breytingar á félagssamþykktum, er skylduðu félagsmenn til beinna fjárframlaga í þágu félagsins, urðu ekki gerðar án samþykkis allra félagsmanna, enda hafa þær ekki stoð í 13. gr. laga nr. 46/1937 né í öðrum réttarreglum. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Lánasjóður atvinnubifreiðarstjóra, greiði gagnáfrýjanda, Ingjaldi Ísakssyni, kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. febrúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 22. febrúar 1971, hefur Ingjaldur Ísaksson, Lækjarbakka, Fífuhvammsvegi, Kópavogi, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. maí 1970, á hendur Lánasjóði atvinnubifreiðarstjóra, Brekkugerði 32, Reykjavík.

Kröfur stefnanda eru þær, að aðalfundur félagsins, þ. e. stefnda, sem haldinn var 8. desember 1969, verði ógiltur svo og að viðurkennd verði óskorðuð félagsréttindi hans í félaginu og að lagt verði fyrir stjórn félagsins, eins og hún var skipuð fyrir aðalfundinn 8. desember 1969, að boða þegar í stað til nýs aðalfundar, þar sem stefnandi njóti atkvæðisréttar og kjörgengis, enda verði breyting sú, sem gerð var á annarri gr. félagslaganna, í gagnstæða átt, talin ógild, þar sem hún fari í bága við ákvæði laga nr. 46/1937. Loks krefst stefnandi málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stjórn stefnda hefur látið sækja þing og krafizt þess fyrir hönd félagsins, að það verði sýknað af öllum kröfum stefnanda í málinu. Jafnframt er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

Atvik máls þessa eru þau, að hinn 4. nóvember 1953 rituðu 190 atvinnubifreiðarstjórar og starfsmenn, starfandi á bifreiðastöð Samvinnufélagsins Hreyfils í Reykjavík, undir stofnsamning að samvinnufélagi. Meðal þessara manna var stefnandi máls þessa. Í stofnsamningnum segir svo m. a.: „Félagið heitir fullu nafni „Lánasjóður atvinnubifreiðarstjóra og annarra starfsmanna á bifreiðastöð Samvinnufélagsins Hreyfils". Nafnið verður skammstafað „Lánasjóður atvinnubifreiðarstjóra s.f.". Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagsmenn geta orðið allir þeir, sem starfa sem atvinnubifreiðarstjórar á bifreiðastöð Samvinnufélagsins Hreyfils í Reykjavík, svo og aðrir starfsmenn stöðvarinnar gegn greiðslu hins lögákveðna þátttökugjalds og starfsfjárframlags.

Tilgangur félagsins er að veita félagsmönnum sínum lán til þess að kaupa eða endurnýja á annan hátt bifreiðar sínar og greiða þannig fyrir því, að þeir hafi eingöngu nýlegum bifreiðum á að skipa, til þess að draga á þann hátt úr hinum óhóflega rekstrar- og viðhaldskostnaði, sem atvinnubifreiðarstjórar hafa lengi átt við að stríða.

Stofngjald hvers félagsmanns skal vera kr. 25.00 og hið sama inntökugjald nýrra félagsmanna, og greiðist það við undirritun þessa samnings eða við inngöngu í félagið síðar.

Jafnframt skal hver félagsmaður láta félaginu í té sem starfsfé kr. 4.000.00, er undirritaðir skuldbinda sig til að greiða þannig: Kr. 300.00 fyrir 8. janúar 1954 sem fyrstu greiðslu og síðan kr. 100.00 á mánuði reglulega, unz allt framlagið, kr. 4.000.00, er að fullu greitt. Hið mánaðarlega framlag okkar greiðum við í skrifstofu Samvinnufélagsins Hreyfils samtímis afgreiðslugjöldum okkar til stöðvarinnar. Um greiðslur þeirra, er síðar ganga í félagið, skal fara eftir samþykktum þess. Ekki skal vera samábyrgð í félaginu.

Félagsmenn bera því ekki ábyrgð á skuldbindingum þess umfram stofnsjóðsinnstæðu sína, og þó aldrei á meira en kr. 300.00, sbr. fyrirmæli um þetta í samvinnufélagalögum nr. 46, 1937.

Framlag hvers félagsmanns er persónuleg eign hans í félaginu eða erfingja hans, er hann fellur frá, og endurgreiðist í samræmi við samþykktir þess á grundvelli fyrirmæla í landslögum".

Í samræmi við stofnsamning þennan var boðað til stofnfundar félagsins hinn 7. desember 1953, og þar voru samþykkt lög fyrir félagið. Bera þau yfirskriftina lög fyrir „Lánasjóð atvinnubifreiðarstjóra".

Í 2. gr. laga þessara segir: „Félagið er samvinnufélag. Félagsmenn geta orðið allir þeir, er stunda atvinnu sem bifreiðarstjórar á stöð Samvinnufélagsins Hreyfils í Reykjavík, svo og aðrir starfsmenn stöðvarinnar, er hafa meirapróf til bifreiðaaksturs, gegn greiðslu hins lögákveðna inntökugjalds og stofnframlags í samræmi við tilgang félagsins".

Í 3. gr. laganna segir svo: „Félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni".

4. gr. hljóðar svo: „Tilgangur félagsins er að útvega félagsmönnum lán til þess að kaupa eða endurnýja á annan hátt bifreiðar sínar og greiða þannig fyrir því, að félagsmenn hafi eingöngu nýlegum bifreiðum á að skipa".

Í 5. gr. segir: „Við inngöngu í félagið skulu allir félagsmenn aðrir en stofnendur undirrita sérstaka skuldbindingu um að hlíta lögunum og samþykktum félagsins á hverjum tíma. Inntökugjald er kr. 25.00, og rennur það í varasjóð".

6. gr. laganna hljóðar svo: „Til þess að öðlast rétt til lántöku hjá félaginu þarf hver félagsmaður að greiða kr. 4.000.00 stofnframlag. Framlagið greiðist eigi hægar en með kr. 100.00 á mán-

uði, frá því að maður gekk í félagið, unz það er að fullu greitt. Stofnendur skulu hafa greitt eigi minna en kr. 300.00 upp í stofnframlag sitt fyrir 8. janúar 1954, enda öðlist þeir þá þegar rétt til lántöku, eftir því sem fé verður til. Þeir, sem ganga í félagið eftir þann dag, skulu ekki eiga rétt á láni, fyrr en í fyrsta lagi einu ári eftir að þeir ganga í það. Ennfremur er það jafnan skilyrði fyrir lántöku, að lánþegi hafi afgreiðsluleyfi á bifreiðastöð Samvinnufélagsins Hreyfils".

7. gr. hljóðar svo: „Framlag hvers félagsmanns samkvæmt 6. gr. er persónuleg eign, og skulu vextir af því lagðir í stofnsjóð, þar til hann er orðinn kr. 300.00 hjá hlutaðeigandi, en eftir það skal hann eiga rétt á að fá vextina útborgaða".

Í 13. gr. segir nánar um stofnsjóðinn: „Í stofnsjóð skal leggja sem séreign hvers félagsmanns allan arð hans af viðskiptum við félagið, þar á meðal vexti af stofnframlagi samkvæmt 7. gr., þar til stofnsjóðsinnstæða hans er orðin að upphæð kr. 300.00, og þó aldrei minna en 3% af viðskiptum hans við félagið. Þegar stofnsjóðseign félagsmanns hefur náð kr. 300.00, er stjórninni heimilt að borga honum út þann hagnað, sem er umfram 3% af viðskiptum hans við félagið.

Stofnsjóð skal nota sem veltufé í félagsþarfir, og skulu vextir af honum lagðir við innstæðu hvers eins í árslok".

Í 12. gr. eru ákvæði um það, hvenær stofnsjóður fellur til útborgunar: „1. Við andlát. 2. Við brottför úr félaginu eða brottfall félagsréttinda. 3. Við gjaldþrot félagsmanns. 4. Ef hann verður framfærslustyrksþurfi".

Í 16. gr. eru ákvæði um aðalfund félagsins, og hljóðar hún svo: „Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum og landslögum. Hann skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Fundurinn er lögmætur, ef þriðjungur félagsmanna mætir, enda hafi hann verið boðaður með a. m. k. einnar viku fyrirvara á sannanlegan hátt og hafi dagskrá jafnframt verið auglýst í fundarboði.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Athugað lögmæti fundarins.
2. Skýrslur félagsstjórnar og endurskoðenda.
3. Reikningar bornir upp til samþykktar og tekin ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs.
4. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
5. Lagabreytingar (ef um þær er að ræða).
6. Önnur mál, sem upp kunna að vera borin samkvæmt fundar-

boði eða til umræðu utan hinnar boðuðu dagskrár.

Á aðalfundi ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi gera berum orðum ráð fyrir auknum meirihluta.

Fundargerð aðalfundar skal færð í gerðabók félagsins. Skal hún lesin upp í lok fundar og staðfest síðan með undirskrift fundarstjóra og ritara. Verði fundur eigi lögmætur vegna of lítillar fundarsóknar, telst næsti fundur löglegur án tillits til fjölda fundarmanna, ef löglega er til hans boðað".

25. gr. félagslaga hljóðar svo: „Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi og séu a. m. k. ⅔ hlutar fundarmanna meðmæltir breytingu og að hún hafi verið boðuð með dagskrá".

Í 10. gr. félagslaga er að finna ákvæði um atkvæðisrétt og kjörgengi félagsmanna, og hljóðar hún svo: „Hver félagsmaður hefur eitt atkvæði og er kjörgengur í trúnaðarstöður, eftir því sem lög þessi ákveða".

Hafa nú verið rakin þau ákvæði samþykkta félagsins, sem hér þykir skipta máli.

Að loknum stofnfundinum var félagið skráð hjá borgarfógetaembættinu og skráningin birt 11. febrúar 1954.

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var á mánudeginum 15. apríl 1957, var sú breyting gerð á 6. gr. samþykkta félagsins, að stofnframlagið var hækkað úr kr. 4.000.00 í kr. 10.000.00. Breyting þessi var samþykkt samhljóða. Þess er ekki getið í fundargerð, hversu margir voru á þessum fundi, en fundargerð ber það með sér, að athugað hefur verið um lögmæti fundarins í upphafi hans.

Á aðalfundi 30. nóvember 1965 lá fyrir tillaga um að breyta 6. gr. laganna þannig, að stofnframlag félagsmanna hækkaði úr kr. 10.000.00 í kr. 20.000.00, enda yrðu lán þá til félagsmanna hækkuð í allt að kr. 80.000.00, jafnskjótt og innborguð viðbótarframlög gerðu það kleift. Viðbótarstofnframlag þetta skyldu félagsmenn hafa lokið við að greiða innan 2ja ára. Þeir, sem greiddu stofnframlögin fyrr en tilskilið var, skyldu sitja fyrir um hækkuð lán.

Tillaga þessi var samþykkt á fundinum með 12 atkvæðum gegn 3, en athugasemd kom fram um það, að til lagabreytingar þyrfti ⅔ hluta fundarmanna og væri tillagan ekki samþykkt. Úrskurðaði fundarstjóri, að tillagan væri þar með felld, þar sem 20 menn væru á fundi, en tillagan hefði þurft 14 atkvæði.

Á aðalfundi 7. desember 1966 lagði stjórn félagsins enn fram tillögu til lagabreytingar. Hljóðaði hún svo: „Aðalfundur Lánasjóðs atvinnubifreiðarstjóra, haldinn í Félagsheimili Fáks miðviku-

daginn 7. 12. 1966, samþykkir þá breytingu á 6. gr. laga sjóðsins, að stofnframlög félagsmanna sjóðsins skuli hækka úr kr. 10.000.00 í kr. 20.000.00, enda verði upphæðir lána til félagsmanna hækkaðar í allt að kr. 80.000.00, jafnskjótt og innborguð viðbótarstofnframlög gera kleift.

Greiðslu þessara viðbótarstofnframlaga skulu félagsmenn hafa lokið innan tveggja ára. Þeir, sem greiða stofnframlög fyrr en tilskilið er, skulu sitja fyrir um hækkuð án".

Tillagan var samþykkt með 16 atkvæðum, 2 voru á móti, en ekki er þess getið, hversu margir voru á fundi. Engin athugasemd kom fram.

Á aðalfundi félagsins 28. nóvember 1967 kemur fram, að formaður sjóðsins minnir á samþykkt frá fyrra ári um hækkun stofnframlagsins og að sú upphæð hafi átt að vera greidd innan 2ja ára frá þeirri samþykkt, en að reyndin hafi verið sú, að aukið framlag hefði hingað til aðallega komið í sambandi við nýjar lántökur manna.

Á aðalfundi félagsins 28. nóvember 1968 lá enn fyrir tillaga til breytingar félagslögunum. Var hún við 2. gr. þeirra og hljóðar svo:

„Hafi menn ekki greitt stofnframlag sitt að fullu, þegar liðin eru tvö ár, frá því að þeir gerðust félagsmenn, skulu nöfn þeirra færð á aukaskrá, og hafa þeir þá ekki atkvæðisrétt á fundum félagsins né kjörgengi í trúnaðarstöður fyrir félagið, fyrr en þeir hafa innt umræddar greiðslur af hendi.

Sama regla gildir, þegar samþykkt hefur verið hækkun á stofnframlagi".

Tillaga þessi var undirrituð af öllum stjórnarmönnum utan einum. Enginn óskaði eftir að taka til máls um tillöguna, og var hún borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Þess er ekki getið í fundargerð, hve margir voru á fundinum. Þess er og heldur ekki getið, hvort lögmæti fundarins var athugað, aðeins að það hafi verið á dagskrá. Það kemur fram í fundargerðinni, að a. m. k. 47 manns voru á fundi, því að við stjórnarkjör þá fær sá frambjóðandi, sem flest hlýtur atkvæði, þá atkvæðatölu.

Fundargerð þessa aðalfundar ber það með sér, að stefnandi máls þessa hefur verið á fundi bæði fyrir og eftir samþykkt lagabreytingar þessarar.

Með bréfi 1. nóvember 1969 barst stefnanda svofelld tilkynning:

„Á síðasta aðalfundi Lánasjóðs atvinnubifreiðarstjóra var sam-

þykkt svohljóðandi breyting á lögum Lánasjóðsins:

Viðbót við 2. gr.: „Hafi menn ekki greitt stofngjald sitt að fullu, þegar liðin eru tvö ár, frá því að þeir gerðust félagsmenn, skulu nöfn þeirra færð á aukaskrá, og hafa þeir þá ekki atkvæðisrétt á fundum félagsins né kjörgengi í trúnaðarstöður fyrir félagið, fyrr en þeir hafa innt umræddar greiðslur af hendi.

Sama regla gildir, þegar samþykkt hefur verið hækkun á stofnframlagi".

Í tilefni af þessu er athygli þín hér með vakin á því, að þú hefur ekki atkvæðisrétt né kjörgengi á næsta aðalfundi Lánasjóðsins, nema þú hafir fyrir fundinn gert full skil á stofnframlagi þínu til hans".

Undir þetta ritar Stefán O. Magnússon, framkvæmdastjóri stefnda.

Aðalfundur 1969 var síðan haldinn 8. desember 1969. Í upphafi þessa fundar kvaddi sér hljóðs stefnandi máls þessa, Ingjaldur Ísaksson, og kynnti bréf það, sem hann hafði fengið um brottfall félagsréttinda, þ. e. kosningarréttar og kjörgengis, vegna vangreidds stofnframlags. Afhenti hann síðan eftirfarandi bréf til fundarstjóra:

„Vegna sjálfs mín og þeirra félaga annarra, sem eins stendur á um, þá mótmæli ég breytingu þeirri, sem gerð var á 2. gr. samþykkta félagsins á síðasta aðalfundi, að því er til þeirra manna tekur, sem áður höfðu öðlazt full félagsréttindi, sbr. 2. og 10. gr. fyrir breytinguna. Jafnframt vísa ég til 3. gr., 2. tl., laga nr. 46/1937.

Ég áskil mér og þeim mönnum, sem hafa að þessu leyti sömu réttarstöðu og ég í félaginu, allan rétt af þessu tilefni, til hverra þeirra opinberra aðgerða, sem nauðsynlegar kunna að reynast til þess að gæta og vernda félagsleg réttindi okkar".

Fundarstjóri tók þá til máls, en fundarstjóri á fundinum var Stefán Oddur Magnússon, formaður og framkvæmdastjóri stefnda, og kvað þá menn, er ættu vangreitt af stofnframlögum, aðeins hafa misst kosningarrétt og kjörgengi í félaginu, þar til þeir hefðu greitt þau, en ekki önnur félagsréttindi. Væri þetta samkvæmt lögum félagsins og yrði farið eftir þeim að öllu leyti á þessum fundi. Gengu þá stefnandi og nokkrir menn aðrir af fundi.

Á þessum fundi upplýsti gjaldkeri félagsins, Steingrímur Aðalsteinsson, það, að fullgildir félagar í sjóðnum væru níutíu og hefðu þrír af þeim gengið í sjóðinn á árinu. Á aukaskrá væru eitt hundrað og sex menn, þ. e. menn, sem hefðu ekki greitt

fullt stofnframlag. Þar væru nítján menn, sem ekki hefðu náð að greiða að fullu fyrstu stofnframlagsupphæðina, þ. e. kr. 4.000.00.

Á fundinum kom fram eftirfarandi tillaga um lagabreytingu: „Aðalfundur í Lánasjóði atvinnubifreiðarstjóra, haldinn 18. desember 1969, samþykkir, að breyting sú, sem gerð var á 2. gr. sjóðsins á síðasta aðalfundi, skuli úr gildi numin".

Taldi flutningsmaður tillögunnar, að hætta væri á, að menn færu úr sjóðnum, ef tillagan yrði ekki samþykkt. Gjaldkeri félagsins andmælti tillögunni og kvaðst ekki þekkja til nokkurs félags, þar sem skyldur og réttindi héldust ekki í hendur. Skylda félagsmanns í sjóðnum væri að greiða stofnframlag og réttindin kosningarréttur og kjörgengi.

Tillagan var síðan borin undir atkvæði og felld með 15 atkvæðum gegn 11, en þrjátíu og sjö voru á fundi þessum í lok hans.

Stefnandi málsins hefur komið fyrir dóm. Hann kvaðst ekki minnast þess, að fundarboð til aðalfundarins 1968 hafi verið öðruvísi en venja var til. Hann sagði, að venjulega væri aðalfundur boðaður með auglýsingu á vinnustöðum þeirra. Hann kvaðst ekki minnast annars en að í fundarboðinu hefði staðið það, sem venja var til. Hann sagði, að örugglega hefði það ekki verið boðað með fundarboði, að breyta ætti lögunum á þann hátt, sem gert var á fundinum, en lagabreytingar hafi verið boðaðar, eins og venja var. Hann kvaðst hafa sótt fund þennan, en komið seint og farið, áður en fundi lauk. Hann kvaðst þó hafa verið á fundi, þegar lagabreytingin var samþykkt, en minntist þess ekki, hvernig atkvæðagreiðslan fór fram. Hann tók það fram, að atkvæðagreiðslan hlyti að hafa gengið mjög fljótt fyrir sig, þar sem umræður hefðu verið litlar eða engar um tillöguna. Hann kvaðst engum andmælum hafa hreyft á fundinum við þessum breytingum. Hann tók fram, að hann hefði talið, að breytingatillagan varðaði ekki þá eldri félagana, það e. a. s. þeirra atkvæðisrétt. Hann áleit, að um 60—70 manns hefðu verið á fundinum. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega eftir atkvæðagreiðslum, en segir, að á meðan hann var á fundinum, hafi einungis atkvæðagreiðslur með handauppréttingum farið fram, nema hvað kosningar hafi farið fram skriflega. Hann kvaðst ekki minnast þess, að hann hefði greitt atkvæði um tillöguna.

Hann sagði, að um áttatíu manns hefðu sótt aðalfundinn, þar af hefðu tuttugu og fimm til þrjátíu gengið af fundi.

Einnig hefur komið fyrir dóminn Stefán Oddur Magnússon, formaður og framkvæmdastjóri stefnda. Honum var kynnt ljósrit

af skráningu stefnda hjá borgarfógetaembættinu. Sagði hann í því sambandi, að Pétur J. Jóhannsson hefði verið framkvæmdastjóri stefnda, en kvaðst sjálfur hafa tekið við 1. marz 1956. Hann sagði, að það muni hafa gilt það sama um breytingar á samþykktum stefnda og um breytingu framkvæmdastjóra félagsins, að hvorugt hefði nokkurn tíma verið tilkynnt. Sama hefði gilt um breytingar á stjórn félagsins.

Hann sagði, að ætíð hefði verið boðað til aðalfunda í félaginu með uppfestri auglýsingu á stæðum Hreyfils og afgreiðslum. Hann sagði, að í auglýsingu þessari hefði dagskrá verið tilkynnt. Þannig hefði einnig verið um aðalfundinn 1968. Hann kvað þess hafa verið getið í dagskrá eins og venjulega, að lagabreytingar ætti að gera, en ekki tekið fram, hvers efnis þær væru. Hann sagði sig minna, að stefnandi hefði sótt aðalfundinn 1968. Hann kvaðst ekki minnast þess, að stefnandi tæki til máls um umdeilda lagabreytingu. Hann sagði, að atkvæðagreiðslan um þessa lagabreytingu hefði farið fram með handauppréttingu. Hann taldi, að ekkert atkvæði hefði komið fram á móti tillögunni. Hann sagði, að breytingin hefði vafalaust ekki verið tilkynnt til skráningar frekar en aðrar breytingar.

Þá hefur komið fyrir dóm Jón S. Sigurðsson. Hann kvaðst kannast við tilefni máls þessa og hafa fylgzt nokkuð með því. Hann kvaðst hafa verið í stjórn stefnda árið 1968 og fram á aðalfund 1969. Fyrir honum var lesin umdeild lagabreyting frá aðalfundinum 1968, og kvaðst hann ekki hafa heyrt neitt um þessa lagabreytingu, fyrr en komið var að dagskrárliðnum lagabreytingar á fundinum. Þá hafi Stefán Magnússon ýtt að honum og öðrum stjórnarmeðlimum greindri tillögu. Hann kvaðst ekki hafa viljað skrifa undir tillöguna, en aðrir stjórnarmenn hafi gert það. Hafi afstaða sín til tillögunnar byggzt á því, hvernig komið var fjárhag sjóðsins. Hann kvaðst hafa greitt atkvæði gegn lagabreytingartillögunni á aðalfundinum 1968. Hann kvaðst hafa séð ein fjögur mótatkvæði úti í sal. Hann sagðist hafa gert athugasemd við bókun vegna þessa atriðis, þegar fundargerð var lesin upp, en þá hafi verið komið los á fundinn og athugasemd hans ekki heyrzt og hann ekki sótt þetta fast, þar sem hann taldi, að 4—5 atkvæði skiptu ekki máli. Fyrir honum var lesin athugasemd í lok fundargerðar aðalfundarins 1968, og sagði hann, að þar sé ekki um sína athugasemd að ræða. Sú athugasemd hafi verið gerð út af öðru atriði. Losið á fundinum hafi einmitt stafað út af þeirri athugasemd.

Hann sagðist minnast þess, að Stefán Magnússon hafi sagt á aðalfundinum 1969, að um fjörutíu hefðu gengið út af fundinum. Hann kvaðst minnast þess, að um fjörutíu og átta manns með fullum atkvæðisréttindum væru eftir á fundinum.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn í fyrsta lagi á því, að öll meðferð umdeildrar lagabreytingar hafi verið ólögleg og samþykktin því markleysa, en jafnvel þótt hún yrði talin lögleg, þá ætti það ekki að hafa áhrif á félagsréttindi hans, þar sem stofnsjóðseign hans hafi numið hærri fjárhæð en krafizt hafi verið í sambandi við breytingu samþykktanna. Hann hefur þessu til sönnunar lagt fram yfirlit, sem dags, er 31. desember 1969, um stöðu sína gagnvart sjóðnum. Segir í þessu yfirliti, að stofnframlag hans sé kr. 10.000.00, en stofnsjóðsinneign kr. 12.365.10.

Í öðru lagi heldur stefnandi því fram, að hið stefnda félag sé stofnað sem samvinnufélag og hlýti lögum um slík félög, þ. e. lögunum nr. 46/1937. Samkvæmt 13. gr. þeirra laga eigi að tilkynna til skráningar, ef samþykktum félagsins sé breytt eða breytingar verði að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefur verið til skráningar. Samkvæmt þessu sé það spurning, hvort breyting samþykkta félagsins sé skuldbindandi, þar sem ekki hafi verið tilkynntar breytingar á samþykktum félagsins.

Þá var því haldið fram, að ekki væri getið um, hversu margir hefðu sótt aðalfundinn 7. desember 1966, en í lögum um samvinnufélög, 3. mgr. 19. gr., væru ákvæði um lögmæta fundarsókn. Þessi fundur hafi því verið ólögmætur eins og aðalfundurinn 30. nóvember 1965. Samkvæmt þessu væri samþykktin um hækkun stofnframlagsins frá 1966 ólögmæt.

Þá var því haldið fram af hálfu stefnanda, að varðandi lagabreytinguna hefði verið rangt að farið á aðalfundinum 1968, bæði hvað varðaði form og efni.

Breytingin sé gerð sem breyting á inngönguskilyrðum 2. gr. samþykktanna, en formlegra hefði verið réttara að tengja hana 6. gr. samþykktanna. Efni breytingartillögunnar brjóti aftur á móti í bága við 2. gr. samþykktanna, eins og hún sé óbreytt, og einnig gegn 10. gr. þeirra. Þá sé takmörkun á atkvæðisrétti manna og mismunun á því sviði óheimil, sbr. 2. tl. 3. gr. laga um samvinnufélög. Vangreiðsla á stofnframlagi gæti hér ekki varðað missi atkvæðisréttar.

Því var haldið fram, að hækkun á stofnframlagi geti verið sjálfsögð gagnvart yngri félögum, en hún væri hæpin gagnvart eldri félögum og hreinlega ólögmæt gagnvart stofnfélögum. Var

í því sambandi vitnað til stofnsamnings, sem rakinn er hér að framan, og talið, að skýra mætti hann þannig, að samþykktirnar yrðu að víkja fyrir honum. Í stofnsamningi sé sérstaklega getið um, hvernig fari um nýja félaga og framlög þeirra. Annað hafi átt að gilda um stofnfélaga. Þá var því enn haldið fram, að tillagan, sem samþykkt var á aðalfundinum 1968, hafi ekki verið kynnt sérstaklega í fundarboði og því hafi ekki mátt samþykkja hana. Jafnframt að fundurinn sjálfur hafi verið ólöglegur vegna fámennis.

Máli sínu til stuðnings benda stefndu á þá staðreynd, að lánasjóðurinn hafi verið stofnaður til þess að gera leigubifreiðarstjórum á bifreiðastöð Hreyfils hægara um vik að eignast nýjar eða nýlegar bifreiðar. Sjóðir félagsins séu aðallega tveir: Stofnframlag og stofnsjóður. Innstæða hvers félagsmanns í hvorum sjóði um sig sé bókfærð sérstaklega á hans nafn. Stofnsjóðsinnstæða hvers félagsmanns sé til tryggingar skuldbindingum félagsins, en komi aðeins til útborgunar samkvæmt 12. gr. félagslaga, sem áður er rakin.

Stofnframlagið sé annars eðlis. Það sé óbundin séreign hvers félagsmanns, en jafnframt hið raunverulega stofnfé og starfsfé sjóðsins.

Það hafi upphaflega verið ákveðið kr. 4.000.00. Með hækkandi verði á bifreiðum og auknum innflutningi og fjölgun bifreiðarstjóra á Hreyfli hafi ekki verið hjá því komizt að hækka stofnframlagið. Það hafi í fyrstu verið hækkað úr kr. 4.000.00 upp í kr. 10.000.00 með lagabreytingu, sem samþykkt hafi verið einróma á aðalfundi félagsins 15. apríl 1957. Enn hafi verið ákveðið með lagabreytingum á tveim aðalfundum, 30. nóvember 1965 og 7. desember 1966, að hækka stofnframlagið upp í kr. 20.000.00.

Frá upphafi hafi verið ljóst, að sjóðurinn gæti ekki gegnt hlutverki sínu nema því aðeins, að félagsmenn inntu stofnframlög sín reglulega af hendi og í samræmi við lög og aðrar löglegar samþykktir.

Eftir að allmikil brögð hafi verið farin að verða á því, að menn stæðu ekki í skilum með stofnframlög sín eða hækkun á þeim, hafi ekki þótt hjá því komizt að veita þeim félagsmönnum, er hlut áttu að máli, nokkurt aðhald. Það hafi þá verið gripið til þess ráðs að samþykkja þann viðauka við 2. gr. félagslaganna, sem hér valdi deilum.

Af hálfu stefnda var því haldið fram, að framangreindar lagabreytingar hafi allar verið gerðar með löglegum hætti á lögleg-

um aðalfundum. Stefnanda sé þetta sjálfum ljóst, hann viðurkenni, að honum beri að greiða umrædda hækkun á stofnframlaginu, sbr. t. d. þau ummæli í stefnu, að stofnsjóðsinnstæða hans nemi hærri fjárhæð en hinni samþykktu hækkun á stofnframlaginu. Þetta sé að vísu reist á misskilningi. Stefnandi geti ekki sjálfur ráðstafað stofnsjóðsinnstæðu sinni eða skert hana á nokkurn hátt, á meðan hann sé félagsmaður, sbr. 12. gr. félagslaga, sem áður hefur verið rakin.

Þá var því haldið fram, að það hafi verið fyrst við munnlegan flutning málsins, sem því hafi verið hreyft af hálfu stefnanda, að breytingarnar á samþykktum félagsins hafi verið gerðar á ólögmætan hátt. Af hálfu stefnda var þessu sérstaklega mótmælt sem röngu og því jafnframt haldið fram, að þessi málsástæða væri of seint fram komin.

Þá var á því byggt af hálfu stefnda, að Lánasjóður atvinnubifreiðarstjóra væri samvinnufélag og væri tilgangi hans lýst formlega í stofnsamningi og félagslögum. Eiginlegur tilgangur sjóðsins væri sú félagshugsun samvinnunnar, að menn styddu hver annan með sameiginlegu átaki. Til þess að hrinda þessari hugsun í framkvæmd yrðu allir að beygja sig undir sömu lög og sama aga, án þessa félagsanda væri ekki unnt að framkvæma meginverkefni sjóðsins. Stefnandi hljóti að skilja þetta manna bezt, þar sem hann sé einn af stofnendum sjóðsins og hafi aldrei hreyft mótmælum við starfsemi hans fyrr en nú. Hann hafi goldið umyrðalaust hækkun á stofnframlagi úr kr. 4.000.00 í kr. 10.000.00 samkvæmt lagabreytingu 15. apríl 1957, sem samþykkt hafi verið samhljóða. Hann hafi því þá þegar gert sér ljóst, að stofnframlagið væri jafnan skilyrði fyrir óskráðum félagsréttindum samkvæmt 2. gr. félagslaganna. Hann hafi sjálfur setið aðalfundinn 28. nóvember 1968 og tekið virkan þátt í umræðum bæði fyrir og eftir meðferð lagabreytingarinnar, sem samþykkt hefði verið í einu hljóði.

Þá var því mótmælt, að lagabreytingin á aðalfundi 28. nóvember 1968 bryti á nokkurn hátt í bága við 2. tl. 3. gr. laga nr. 46/1937. Tilgangurinn með þessu lagaákvæði, þ. e. reglan um eitt atkvæði fyrir hvern félagsmann, væri sá, að koma í veg fyrir, að efnamenn hefðu meiri rétt en aðrir. Þetta hafi verið gert til þess að greina samvinnufélög frá hlutafélögum, þar sem fjárhæð hlutafjár ráði atkvæðamagni félagsmanna. Réttur stefnanda hafi ekki verið skertur á nokkurn hátt með þeirri viðbót við 2. gr. félagsslaganna, sem samþykkt hefði verið á aðalfundinum 28. nóvember

1968, enda hafi hann sjálfur ekki hreyft neinum mótmælum við þeirri breytingu.

Að vísu mætti orða þann möguleika, að félagsstjórninni hefði verið fær sú leið að lögsækja hvern þann félagsmann, er eigi stæði í skilum með stofnframlag sitt. Hitt hafi þótt liggja beinna við, m. a. af hagkvæmnisástæðum, að binda það í lögum, að vanskilamenn gætu ef til vill átt á hættu að missa tiltekin félagsréttindi um stundarsakir. Með lagabreytingunni hafi mönnum verið veittur tveggja ára frestur til að standa í skilum og það, sem meira hafi verið, þeim hafi með þessu lagaákvæði verið veitt sú aukna lagavernnd, að þeim hafi verið algerlega í sjálfsvald sett, hvort nokkurn tíma þyrfti að grípa til hinna tímabundnu og takmörkuðu skerðinga á félagsréttindum þeirra.

Þá var það viðurkennt af hálfu stefnda, að ekki hafi verið gætt tilkynninga til skrásetningar, en því haldið fram, að samkvæmt 17. gr. laga um samvinnufélög væru breytingarnar allt að einu bindandi gagnvart félagsmönnum, þar sem þeim hafi verið kunnugt um breytingarnar, en aldrei hreyft andmælum við þeim.

Af hálfu stefnanda var því mótmælt, að hann hefði komið of seint fram með þá málsástæðu, að aðalfundirnir hefðu verið ólögmætir. Var til þess vitnað, að fundargerðir hefðu ekki verið fram lagðar fyrr heldur en í munnlegum málflutningi.

Greiðsla til stefnda á svonefndu „stofnframlagi" eða hækkun þess varð eigi að lögum gerð að skilyrði fyrir því, að félagsmenn mættu neyta atkvæðisréttar og njóta kjörgengis á fundum félagsins, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 46/1937 og þau sjónarmið, sem nefndum ákvæðum liggja til grundvallar. Af þessum sökum var ógild sú breyting á félagslögum, sem gerð var á aðalfundi félagsins hinn 28. nóvember 1968 og verður ekki beitt gagnvart stefnanda, hvað sem annars líður skuldbindingu hans til greiðslu fyrrgreinds framlags.

Samkvæmt því, sem að ofan hefur verið rakið, ber að taka til greina kröfu stefnanda um ógildingu á greindri breytingu á félagslögum frá 28. nóvember 1968. Enn fremur er rétt með hliðsjón af deiluefni og kröfum aðilja að veita viðurkenningardóm fyrir atkvæðisrétti og kjörgengi stefnanda á fundum félagsins. Eins og á stendur, hafa hins vegar ekki verið færð fram viðhlítandi rök fyrir því, að ógilda beri í heild aðalfund hins stefnda félags frá 8. desember 1969 og í hans stað boða til nýs fundar.

Eftir ofangreindum málsúrslitum er rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Hrafn Bragason, formaður dómsins, og meðdómendurnir Gaukur Jörundsson prófessor og Eggert Kristjánsson, löggiltur endurskoðandi.

Dómsorð:

Ofangreind breyting á lögum hins stefnda félags, Lánasjóðs atvinnubifreiðarstjóra, sem samþykkt var á aðalfundi félagsins hinn 28. nóvember 1968, er ógild.

Viðurkenndur er atkvæðisréttur og kjörgengi stefnanda, Ingjalds Ísakssonar, á fundum stefnda, Lánasjóðs atvinnubifreiðarstjóra.

Stefndi, Lánasjóður atvinnubifreiðarstjóra, greiði stefnanda, Ingjaldi Ísakssyni, kr. 20.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. desember 1971.

Nr. 155/1970. **Bæjarstjórn Keflavíkur f. h. Byggingarnefndar Keflavíkur** (Vilhjálmur Þórhallsson hrl.) gegn **Grétari Sigurðssyni** (Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. júlí s. á. Gerir hann þær dómkröfur, „að stefndi verði dæmdur til þess að fjarlægja á sinn kostnað þann hluta af bílageymslu sinni

við Háaleiti 23, Keflavík, sem byggingarleyfi er ekki fyrir, þ. e. stækkun þá á bílageymslunni, er stefnda var heimiluð með samþykkt áfrýjanda hinn 5. maí 1936, að stærð 3,20x9,00 m". Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, veitti byggingarnefnd Keflavíkur hinn 17. marz 1964 leyfi til að reisa hús á lóðinni nr. 23. við Háaleiti í Keflavík. Var þar gert ráð fyrir bifreiðargeymslu við húsið, 4.00x9.00 m að grunnfleti. Ekki var bifreiðargeymslan byggð um leið og húsið, og hinn 5. maí 1966 veitti byggingarnefnd Keflavíkur stefnda leyfi til að reisa bifreiðargeymslu, er væri 7.20x9.00 m að grunnfleti og að gerð í samræmi við framlagða teikningu. Stefndi hóf síðan byggingu bifreiðargeymslunnar. Byggingarnefnd Keflavíkur afturkallaði byggingarleyfið frá 5. maí 1966 á fundi sínum 21. september sama ár og krafðist þess, að stefndi fjarlægði bifreiðargeymslu þá, er hann hafði reist, innan tveggja vikna. Var þetta tilkynnt stefnda 24. s. m.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fram bréf byggingarfulltrúans í Keflavík, en þar segir m. a. svo:

„... taldi byggingarnefnd leyfisveitinguna frá 5/5 '56 háða annmörkum frá skipulagslegum (fagurfræðilegum) sjónarmiðum, sbr. til hliðsjónar 6. gr. l. nr. 19/1964, enda er fjarlægðin milli húss Garðars og bílskúrsins 3.44 m of stutt, í stað 5.15 m (hæðin á húsi Garðars), sbr. 7. gr. byggingarsamþykktar fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur.

Síðar hefur komið í ljós, er Grétar hafði lokið byggingu bílskúrsins, að hann fór út fyrir takmörk leyfisins með hæð hans, 3.24 m, sem mælist 2.85 m skv. teikningu að bílskúri Grétars með lengd hans í 9.53 m úr 9.00 m, og með skáhöllu skyggni út yfir framhlið hans, 1 m að lengd að ofan, en allar þessar breytingar Grétars brjóta í bága við byggingarleyfi hans og renna stoðum undir réttmæti fyrirmæla byggingarnefndar um stöðvun framkvæmda.

Þá þykir rétt að vísa til sjónarmiða þeirra, er fram koma

í 1.8.6., ef leyfi fer í bága við rétt annarra, og 4.3.4., þakhæð einfalds bílskúrs að jafnaði ekki meiri en 2.50 m, byggingarsamþ. fyrir Keflavík nr. 104/1967".

Engin örugg skoðun sérfróðra manna hefur fram farið í málinu á hinni umdeildu bifreiðargeymslu, staðsetningu hennar né afstöðu til annarra húsa. Verður því hvorki með vissu séð, hvort staðsetning hennar og gerð samkvæmt leyfi byggingarnefndar Keflavíkur frá 5. maí 1966 var í samræmi við skipulag kaupstaðarins og byggingarsamþykkt né hvort gerð hennar er í samræmi við fyrrgreint leyfi. Þá hefur hvorki bifreiðargeymslan, eins og hún er, verið metin til fjár né hagsmunir stefnda af því að hafa bifreiðargeymslu af þeirri stærð, sem byggingarleyfið frá 5. maí 1966 gerði ráð fyrir. Þegar þetta er virt og kröfugerð áfrýjanda, þykir mál þetta svo vanreifað í héraði af hendi áfrýjanda, að ómerkja ber hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, bæjarstjórn Keflavíkur f. h. byggingarnefndar Keflavíkur, greiði stefnda, Grétari Sigurðssyni, kr. 35.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 15. desember 1969.

Mál þetta, sem þingfest var hinn 29. nóvember 1968 og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 8. desember 1969, hefur Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður f. h. bæjarstjórnar Keflavíkur vegna byggingarnefndar Keflavíkur höfðað fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 21. nóvember 1968 og birtri hinn 27. þess mánaðar, gegn Grétari Sigurðssyni, Háaleiti 23 hér í bæ, en réttarkröfur stefnanda samkvæmt stefnu eru þær, að

stefndi verði dæmdur til að fjarlægja á sinn kostnað þann hluta af bílageymslu sinni við Háaleiti 23 hér í bæ, sem byggingarleyfi er ekki fyrir, þ. e. stækkun þá á bílageymslunni, er stefnda var heimiluð með samþykkt stefnanda 5. maí 1966, að stærð 3.00x9.00 m, svo og til greiðslu málskostnaðar.

Undir rekstri málsins upplýstist, að hluti sá af bílageymslu stefnda, sem umrætt leyfi byggingarnefndar Keflavíkur frá 5. maí 1966 tekur til, sé 3.20x9.00 metrar að grunnfleti. Af hálfu stefnda var á það fallizt, að þessi ónákvæmni í stefnu væri leiðrétt.

Af hálfu stefnda er þess krafizt aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu, en til vara, að stefnandi verði látinn bera kostnað af fjarlægingu umdeilds hluta af bílageymslu stefnda og endurbyggingu geymslunnar. Í varakröfu hafa af hálfu stefnda eigi verið gerðar kröfur um málskostnað.

Málavextir.

Hinn 17. marz árið 1964 var veitt byggingarleyfi fyrir Háaleiti 23 í Keflavík. Samkvæmt leyfinu var gert ráð fyrir einum eða einföldum bílskúr á lóðinni eins og við öll einbýlishús við götuna, 4.00x9.00 metrar að grunnfleti. Eigi var hafizt handa um að reisa bílskúr samkvæmt leyfi þessu, en hinn 5. maí árið 1966 samþykkti byggingarnefnd Keflavíkur beiðni stefnda um breytingu á upphaflegu leyfi fyrir bílskúr á lóðinni þess efnis, að reisa mætti á henni bílskúr, sem væri 7.20x9.00 metrar að grunnfleti.

Hóf nú stefndi að reisa bílskúr samkvæmt hinu nýja leyfi, steypti sökkla og byrjaði að hlaða veggi.

Þegar nágranni stefnda, eigandi hússins nr. 25 við Háaleiti, á næstu lóð við stefnda, sá, hvert stefndi, bar hann upp athugasemd við byggingarfulltrúa bæjarins og taldi, að eign sín mundi rýrna í verði, ef svo stór bílskúr, sem um var að ræða, risi á nágrannalóðinni, enda hefði hús hans eigi verið teiknað svo sem raun varð á, ef hann hefði vitað eða mátt vita um svo stóran bílskúr, sem stefndi var að reisa.

Byggingarleyfi fyrir húsinu nr. 25 við Háaleiti hafði verið veitt hinn 2. júlí árið 1964.

Samkvæmt gerðabók byggingarnefndarinnar var mál þetta rætt tvisvar á fundi „utan dagskrár", og mæltist nefndin síðan til þess við byggingarfulltrúann, „að hann stöðvaði framkvæmdir bílskúrseigandans, þar til byggingarnefnd hefði kynnt sér málið".

Síðan segir í gerðabók byggingarnefndar hinn 17. ágúst 1966 samkvæmt endurriti úr gerðabókinni, dskj. nr. 4, að eftir að byggingarnefnd hafi kynnt sér málið, hafi hún talið eðlilegt, „að koma til móts við kröfu Garðars, og mælir nú fyrir um, að bílskúrsbreiddin skuli vera 6.20 í stað 7.20 m".

Eigi verður það séð af gögnum málsins né heldur hefur það upplýstst undir rekstri þess, hvort þessi ákvörðun byggingarnefndar frá 17. ágúst 1966 komst til vitundar stefnda, en hann hélt áfram við byggingu bílskúrsins.

Í gerðabók byggingarnefndar er síðan skráð hinn 21. september 1966, dskj. nr. 5: „Í sambandi við 8. lið fundargerðar frá 17. ágúst s. l. samþykkti byggingarnefnd eftirfarandi:

Þar sem fyrirmælum byggingarnefndar um stöðvun framkvæmda við byggingu á bílskúr á lóð nr. 23 við Háaleiti hefur ekki verið sinnt, afturkallar byggingarnefnd byggingarleyfi fyrir húsinu frá 5. maí s.l. og leggur fyrir eiganda skúrsins að fjarlægja grunn hans og veggi innan 2ja vikna frá deginum í dag að telja".

Með bréfi, dagsettu hinn 24. september 1966, var stefnda síðan tilkynnt ákvörðun byggingarnefndar um afturköllun leyfisins frá 5. maí 1966 og honum jafnframt bent á, að umrædd mannvirki yrðu fjarlægð á hans kostnað, ef kröfum byggingarnefndar yrði eigi sinnt.

Hinn 3. október 1966 tilkynnti stefndi byggingarnefnd Keflavíkur bréflega, að hann hefði þegar lokið við að hlaða upp bílskúrinn og að aðeins væri eftir að setja á hann þakið, hurðir og glugga og mundi hann halda áfram við að fullgera bílskúrinn í samræmi við leyfið frá 5. maí 1966, enda dragi hann í efa „lögmæti byggingarnefndar að afturkalla nú hið fyrrgreinda leyfi".

Stefnandi krafðist nú þess, að lögbann væri lagt við frekari framkvæmdum, en um það segir í stefnu: „Er þessi samþykkt var gerð, hafði stefndi lokið við að gera bílskúrinn fokheldan, svo að beiðni formanns stefnanda til bæjarfógetans í Keflavík, dagsett 5/10 1966, um lögbann náði vart tilgangi sínum, enda féll það mál niður í desember 1966, án þess að stefna væri nokkru sinni tekin út til staðfestingar lögbanninu".

Um þetta segir stefndi í aðiljaskýrslu, dskj. nr. 12: „Þegar ég var að negla tjörupappa á þakið, var ég stoppaður með lögbanni, og síðan hefi ég ekkert gert".

Að sögn stefnda er gólf umrædds bílskúrs ósteypt, hann sé óinnréttaður og hafi aldrei verið notaður.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi hefur frá upphafi alfarið reist kröfur sínar á því, að bílskúr stefnda hafi verið byggður í óleyfi og verði því að fjarlægjast „að því marki, sem hið upprunalega leyfi frá 17/3 1964 gerði ráð fyrir og að öllu leyti á kostnað stefnda", eins og segir í greinargerð stefnanda, dskj. nr. 2.

Í seinni ræðu sinni við munnlegan flutning málsins gat lögmaður stefnda þess, að áhöld væru um það, hvort fjarlægð milli bílskúrs stefnda og hússins nr. 25 við Háaleiti væri nægileg samkvæmt 40. gr. laga nr. 37 frá 1948, þar eð bein lína milli svala á þeirri hlið hússins nr. 25 við Háaleiti, sem að umræddum bílskúr snýr, og bílskúrsins væri skemmri en tilskilið er í nefndri lagagrein, þótt fjarlægð milli bílskúrs og húsveggjar að öðru leyti væri nægileg.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því, að hann hafi byggt bílskúr sinn algerlega í samræmi við leyfi byggingarnefndar Keflavíkur frá 5. maí 1966. Leyfið hafi verið veitt af réttu stjórnvaldi og því hafi eigi verið hægt að krefjast þess, að hann stöðvaði framkvæmdir og fjarlægði þegar gerð mannvirki. Hann hafi að minnsta kosti verið hálfnaður með bygginguna, þegar byggingarfulltrúi hafi komið að máli við hann. Af því m. a. leiði, að afturköllun leyfisins hafi verið ólögmæt, enda geri skipulagslög ráð fyrir því, að byggingarnefndir beri væntanlegar breytingar undir nágranna, áður en ákvörðun um breytingar sé tekin.

Þá telur stefndi, að tómlæti stefnanda og allt framferði byggingarnefndar leiði sjálfstætt til sýknu, þar sem meira en 30 mánuðir liðu, frá því hann tilkynnti, að hann mundi ljúka við byggingu sína, þar til hafizt var handa um málshöfðun þessa.

Þá bendir stefndi á, að nágranni sinn til hinnar handar, á lóð nr. 21 við Háaleiti, hafi byggt bílskúr sinn að lóðamörkum lóðanna nr. 21 og 23 við Háaleiti, enda fengið samþykki byggingarnefndar á breytingu frá upphaflegri teikningu.

Afturköllun byggingarnefndar á margumræddu leyfi frá 5. maí 1966 og krafa um brottflutning mannvirkja sé valdníðsla og því ólögmætar athafnir, sem stefnandi geti eigi byggt rétt á.

Álit dómsins.

Eigi verður úr því skorið í máli þessu, hvort leyfisveitingin til stefnda hinn 5. maí 1966 hafi verið andstæð lögum eða haldin ógildingarannmörkum, enda þótt lögmaður stefnanda hafi við munnlegan flutning málsins, og þá fyrst, hreyft því, að svo

kunni að hafa verið. Þess er eigi krafizt, að umrædd stjórnvaldsathöfn verði ógilt með dómi.

Telja verður, að byggingarnefnd Keflavíkur hafi brostið heimild að lögum til að afturkalla formlega rétt veitt byggingarleyfi með einhliða ákvörðun sinni, enda verður að telja það meginreglu íslenzks réttar, að einstök, ívilnandi stjórnvaldsathöfn verði eigi afturkölluð að óbreyttum aðstæðum. Verða kröfur stefnanda því þegar af þeirri ástæðu eigi teknar til greina.

Það hefur eigi áhrif í máli þessu, þótt lögmaður stefnanda hafi við munnlegan málflutning, og þá fyrst, getið þess, að hugsanlegt væri, að stefndi ætti á einhvern hátt rétt til bóta úr hendi stefnanda vegna aðferðar byggingarnefndar fyrir það tjón, sem stefndi af því hlyti að fjarlægja hluta af bílageymslu sinni. Verður og eigi séð, hvernig sú ráðagerð samrýmist stefnukröfum, sem fast var við haldið, er málið var munnlega flutt.

Niðurstaða.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða máls þessa sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt er, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00, og er þá tekið tillit til ferðakostnaðar lögmanns stefnda.

Jakob Þ. Möller, skipaður setudómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Grétar Sigurðsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, bæjarstjórnar Keflavíkur, er greiði stefnda kr. 20.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. desember 1971.

Nr. 123/1970. **Útver h/f** (Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Sturlaugi Jónssyni og Co.
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1970. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju, enda verði honum þá gefinn kostur á að koma að gögnum og vörnum í málinu. Til þrautavara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta mátti höfða fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu áfrýjanda var ekki sótt þing í máli þessu í héraði. Hann hefur ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962, og koma því málsástæður hans eigi til greina fyrir Hæstarétti, og ber að dæma málið eftir þeim gögnum, sem lágu fyrir héraðsdómi.

Í marzmánuði 1969 seldi stefndi áfrýjanda vélarhluti í skip hans, Margréti, SI 4. Til tryggingar verði vélarhlutanna afhenti Vátryggingafélagið h/f stefnda víxla, er það hafði samþykkt. Víxla þessa greiddi Vátryggingafélagið h/f ekki á gjalddaga, og höfðaði stefndi þá mál á hendur félaginu til greiðslu þeirra, án þess að séð verði, að áfrýjanda hafi verið tilkynnt um málssóknina. Því máli lauk með dómssátt 26. júní 1969. Hinn 27. nóvember 1969 greiddi Vátryggingafélagið kr.

50.000.00 upp í skuld þessa, en frekar hefur félagið ekki greitt. Eins og sakarefni og kröfugerð stefnda er háttað, þykir rétt, að fé þetta komi til frádráttar höfuðstól skuldar áfrýjanda. Ber því að lækka kröfu stefnda á hendur áfrýjanda um þá fjárhæð. Vextir ákveðast 7% ársvextir.

Samkvæmt þessu verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda kr. 178.378.00 (228.378.00 — 50.000.00) ásamt 7% ársvöxtum af kr. 228.378.00 frá 1. apríl 1969 til 27. nóvember 1969 og af kr. 178.378.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Útver h/f, greiði stefnda, Sturlaugi Jónssyni & Co., kr. 178.378.00 auk 7% ársvaxta af kr. 228.378.00 frá 1. apríl 1969 til 27. nóvember 1969 og af kr. 178.378.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. júní 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. maí s.l., hefur Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, Óðinsgötu 4, Reykjavík, höfðað f. h. Sturlaugs Jónssonar & Co., Vesturgötu 16, Reykjavík, með stefnu, birtri 29. apríl 1970, gegn Útveri h/f, Siglufirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 220.815.00 auk 1% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 228.378.00 frá 1. apríl 1969 til 27. nóvember 1969, en af kr. 178.378.00 frá þeim degi til greiðsludags og af kr. 42.437.00 frá 1. apríl 1970 með 7% ársvöxtum til greiðsludags. Enn fremur er krafizt málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Stefnandi segir málsatvik vera þau, að í apríl 1969 hafi stefndi, Útver h/f, fengið varahluti í vél skips síns, Margréti, SI 4, hjá stefnanda fyrir alls kr. 228.378.00. Sem tryggingu fyrir greiðslu á úttekt þessari hafi stefnanda verið afhentur víxill að fjárhæð

kr. 300.000.00, samþykktur til greiðslu af Vátryggingafélaginu h/f, með gjalddaga 1. apríl 1969. Víxill þessi skyldi enn fremur tryggja greiðslu á frekari varahlutum, sem þegar höfðu verið pantaðir í skip stefnda, en er kom að gjalddaga víxilsins, og hann fékkst eigi greiddur þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, þá hafi stefnandi stöðvað afhendingu á frekari varahlutum til stefnda. Stefnandi kveðst þá þegar hafa höfðað mál á hendur Vátryggingafélaginu h/f til greiðslu víxilsins með stefnu, útgefinni í júní 1969, og hafi það mál verið rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og í því gerð dómssátt 27. júní s. á., en málið hafi verið nr. 3483/1969 og hafi sáttin átt að greiðast fyrir 26. júlí 1969. Málskostnaður í því máli hafi verið kr. 32.500.00. Sáttin hafi eigi verið greidd á gjalddaga og hafi þá þann 2. september 1969 verið framkvæmt fjárnám hjá Vátryggingafélaginu h/f í fasteign félagsins. Fjárnámi þessu hafi verið þinglýst 7. nóvember 1969.

Stefnandi segir, að hann hafi beðið um uppboð í uppboðsrétti Reykjavíkur 25. febrúar 1970. Nauðungaruppboð hafi farið fram á eign Vátryggingafélagsins h/f, sem sé II. hæð Borgartúns 1 í Reykjavík, 11. marz 1970, en uppboðsverð hafi eigi hrokkið til greiðslu á skuldinni, þar sem áhvílandi veðskuldir og fjárnám á undan fjárnámi stefnanda hafi numið það háum fjárhæðum, að ekkert hafi komið í hlut stefnanda. Jafnframt segir stefnandi, að Vátryggingafélagið h/f hafi nú verið úrskurðað gjaldþrota með úrskurði, uppkveðnum 13. marz 1970.

Stefnandi segir sér nauðsynlegt að endurvekja hið fyrra skuldasamband milli stefnanda og stefnda með málssókn þessari, þar sem stefnandi hafi móttekið víxilinn, sem samþykktur var af Vátryggingafélaginu h/f, til tryggingar greiðslu og þeirri augljósu forsendu, að hann fengist greiddur hjá samþykkjanda, enda hafi stefnandi aldrei tekið á móti víxli þessum sem fullnaðargreiðslu, heldur aðeins sem tryggingu.

Stefnandi upplýsir, að vegna ítrekaðra tilrauna sinna til innheimtu þá hafi 27. nóvember 1969 verið greitt upp í skuldina kr. 50.000.00 af Vátryggingafélaginu h/f. Jafnframt krefst stefnandi þess, að allur kostnaður, sem af innheimtutilraunum hefur orðið, verði greiddur af stefnda, en kostnaður þessi sé: málskostnaður og endurrit fyrir dómssátt, fjárnámskostnaður, kostnaður við fjárnám og þinglýsingu fjárnáms og uppboðsfyrirtektir, samtals kr. 42.437.00.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, þá er málið var þingfest og dómtekið 8. maí s.l., og var stefna þó birt á löglegan

hátt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 21.800.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Jóhanni Ólafssyni kaupmanni og Eiríki Kristóferssyni skipherra.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregizt, vegna þess að 22. þ. m. var lagt fram bréf frá Sveini Snorrasyni hæstaréttarlögmanni, þar sem hann óskaði efttir, að málið yrði enduruppteki, en krafa hæstaréttarlögmannsins var ekki tekin til greina með úrskurði, uppkveðnum 29. maí s.l.

Dómsorð:

Stefndi, Útver h/f, greiði stefnanda, Sturlaugi Jónssyni & CO., kr. 220.815.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 228.378.00 frá 1. apríl 1969 til 27. nóvember 1969, en af kr. 178.378.00 frá þeim degi til greiðsludags og af kr. 42.437.00 frá 1. apríl 1970 með 7% ársvöxtum til greiðsludags og kr. 21.800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. desember 1971.

Nr. 128/1971. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ástþóri Guðnasyni
(Benedikt Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðar-

ákvarðanir skipstjórnarmanna varðskipsins Ægis. Í greinargerð skólastjórans, dagsettri 11. október 1971, segir m. a. svo:

„**A** = staður varðskipsins kl. 1735 h. 25/7 '71. Þá mælist báturinn á stað **a** um 2,35 sjóm. frá landi eða um 0,65 sjóm. innan bannsvæðismarkanna fyrir togveiðar.

B = staður varðskipsins kl. 1741. Þá mælist báturinn á stað **b** um 0,7 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

C = staður varðskipsins kl. 1747. Þá mælist báturinn á stað **c** um 0,85 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

D = staður varðskipsins kl. 1753. Þá mælist báturinn á stað **d** um 0,6 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

E = staður varðskipsins kl. 1759. Þá mælist báturinn á stað **e** um 0,4 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

F = staður varðskipsins kl. 1805. Þá mælist báturinn á stað f á bannsvæðismörkunum.

G = staður varðskipsins kl. 1825 við hlið bátsins. Staður **G** mælist um 1,2 sjóm. utan bannsvæðismarkanna.

Hraði bátsins miðað við fjarlægðir milli mælistaða reiknast mér þannig: a—b um 4,0 sjóm., b—c um 3,5 sjóm., c—d um 3,5 sjóm., d—e um 4,0 sjóm., e—f um 4,0 sjóm. og f—G um 3,6 sjóm.

Þar sem kortið er í litlum mælikvarða og tíminn er stuttur milli staðarákvarðana, nema milli f og G, auk þess að vera tiltekinn aðeins með mínútu nákvæmni, má gera ráð fyrir nokkurri ónákvæmni í hraðanum milli hinna einstöku mælistaða. Meðaltal hraðanna milli kl. 1735 og 1825 reiknast mér um 3,8 sjóm. Tel ég, að það geti staðizt sem toghraði.

Þó reiknað væri með þeirri fjarlægðarskekkju og miðunarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur Sperry-ratsjár varðskipsins viðurkenna, mundi það gefa stað bátsins mest um 0,1 sjóm. utar.

Þá hef ég sett út í sama sjókort staðarákvörðun stýrimannsins á m/b Gullfaxa kl. 1605, þegar búið var að kasta, staður **X** auðkenndur með grænum lit. **X** mælist um 3,0 sjóm. utan bannsvæðismarkanna".

Samkvæmt gögnum málsins verður talið sannað, að skip

ákærða, m/b Gullfaxi, VE 102, hafi verið að ólöglegum veiðum innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem mál þetta fjallar um. Varðar brotið við lagaákvæði þau, sem í ákæruskjali greinir, að öðru leyti en því, að heimfæra ber það undir C 2, sbr. C 1 liði 2. gr. laga nr. 21/1969 í stað D 1, sbr. D 2 liði 2. gr. sömu laga, sbr. heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, verður að telja ákærða ábyrgan fyrir sekt þeirri, sem til hefur verið unnið eftir greindum lagaboðum, en honum verður eigi dæmd refsivist til vara, þar sem hann átti ekki saknæman þátt í brotinu.

M/b Gullfaxi, VE 102, er 140 rúmlestir brúttó. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu 14. desember 1971, jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ástþór Guðnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnessýslu 29. júlí 1971.

Ár 1971, fimmtudaginn 29. júlí, er á dómþingi sakadóms Árnessýslu, sem háð er að Borgartúni 7, Reykjavík, af Jóni A. Ólafssyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, sem dómsformanni og meðdómsmönnunum Sigurði Guðjónssyni og Þorfinni Valdimarssyni skipstjórum kveðinn upp dómur í málinu nr. 29/1971: Ákæruvaldið gegn Ástþóri Guðnasyni, sem tekið var til dóms í dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. í gær, gegn Ástþóri

Guðnasyni skipstjóra, C-götu 24, Þorlákshöfn, fæddum 14. maí 1928 í Neskaupstað, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti síðdegis sunnudaginn 25. júlí 1971 undan Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum D 1, sbr. D 2 liði 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, nr. 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærist því nefndur Ástþór Guðnason til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málsatvik.

Ákærði er skipstjóri á m/b Gullfaxa, VE 102, sem er 140 brúttórúmlestir að stærð.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, undirritaðri af skipherra varðskipsins Ægis, dags. 26. þ. m., segir á þessa leið:

„Sunnudaginn 25. júlí 1971 var m/b Gullfaxi, VE 102, skipstjóri Ástþór Guðnason, f. 14. maí 1928, til heimilis að C-götu 24, Þorlákshöfn, staðinn að ólöglegum togveiðum við Ingólfshöfða. Nánari málsatvik voru sem hér greinir:

Sunnudaginn 25. júlí 1971 var varðskipið á eftirlitsferð undan Ingólfshöfða. Um kl. 17.34 var tekið eftir fiskibát skammt undan landi A við Ingólfshöfða.

Kl. 17.35 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfði (Eiríksnef) miðast r/v 351°, fjl. 9,8 sjóm. Báturinn miðast r/v 008°5, fjl. 10,85 sjóm. Gefur það stað bátsins um 2,3 sjómílur frá landi.

Kl. 17.41 er staðarákvörðunin endurtekin:

Ingólfshöfði (Eiríksnef) miðast r/v 351°, fjl. 9,75 sjóm. Báturinn miðast r/v 009°, fjl. 11,2 sjóm. Gefur það stað bátsins um 2,3 sjóm. frá landi.

Kl. 17.47 er staðarákvörðunin enn endurtekin:

Ingólfshöfði (Eiríksnef) miðast r/v 351°, fjl. 8.9 sjóm. Báturinn miðast r/v 010°, fjl. 10,65 sjóm. Gefur það stað bátsins um 2,1 sjóm. frá landi.

Kl. 17.53 er staðarákvörðunin enn endurtekin:

Ingólfshöfði (Eiríksnef) miðast r/v 346°, fjl. 7,35 sjóm. Báturinn miðast r/v 011°5, fjl. 9,2 sjóm. Gefur það stað bátsins um 2,3 sjóm. frá landi.

Kl. 17.55 sást, að báturinn hafði A-læga stefnu.

Kl. 17.59 er staðarákvörðunin enn endurtekin:

Ingólfshöfði (Eiríksnef) miðast r/v 338°, fjl. 5,8 sjóm. Báturinn miðast r/v 014°, fjl. 7,6 sjóm. Gefur það stað bátsins um 2,6 sjóm. frá landi.

Kl. 18.05 var staðarákvörðunin enn endurtekin:

Ingólfshöfði (Eiríksnes) miðast r/v 318°, fjl. 4,3 sjóm. Báturinn miðast r/v 017°, fjl. 5,4 sjóm. Gefur það stað bátsins um 3,1 sjóm. frá landi.

Þegar staðarákvörðunin kl. 18.05 var gerð, sást, að stefna bátsins var S-læg.

Kl. 18.25 var komið að m/b Gullfaxa, VE 102, sem var að toga með stb. vörpu og hafði S-læga stefnu. Eftirfarandi staðarákvörðun var þá gerð við hlið bátsins:

Ingólfshöfði, fjl. 5,1 sjóm.

Salthöfði, fjl. 5,6 sjóm.

Var skipstjóra bátsins sagt að hífa inn vörpuna, sem hann gerði, og kom varpan úr sjó kl. 18.57".

Ofangreindar mælingar voru gerðar af skipherranum, Sigurði Þorkeli Árnasyni, Þovaldi Birgi Axelssyni, 1. stýrimanni, og Hálfdáni Henrýssyni, 2. stýrimanni. Þeir hafa allir þrír komið fyrir dóm og staðfest, að allar staðarákvarðanir séu rétt tilgreindar og rétt settar út í sjókort, er fylgdi kæru varðskipsins.

Ákærði neitar því eindregið, að m/b Gullfaxi, VE 102, hafi verið að ólöglegum togveiðum, þótt hann kannist við að hafa verið á veiðum á þeim tíma, sem getið er um í kæru varðskipsins. Umræddan sunnudag kvaðst ákærði hafa farið að sofa einhvern tíma milli kl. 1100 og 1200 og vaknað um kl. 1800, en á umræddu tímabili stjórnaði stýrimaðurinn, Jónas Þór Jakobsson, bátnum. Er ákærði vaknaði, var skip hans á togi og varðskipið við hliðina. Ákærði kveðst hafa togað í um stundarfjórðung sjálfur og gerði jafnframt árangurslausar tilraunir til að hafa radíósamband við varðskipið og lét síðan hífa. Staðarákvörðun gerði ákærði, er hann kom upp, og reyndist bátur hans þá vera langt fyrir utan fiskveiðimörkin.

Jónas Þór Jakobsson, stýrimaður á Gullfaxa, ber, að hann hafi verið við stjórn skipsins, meðan ákærði svaf, og að það tog, sem

hér skiptir máli, hafi byrjað kl. um 1600, og voru veiðarfærin í botni kl. 1605. Stýrimaður gerði þá staðarákvörðun, og reyndist báturinn vera um 5.5 mílur frá Ingólfshöfða og 6.6 mílur frá Salthöfða. Frá þessum stað var síðan togað vestan frá Ingólfshöfða í um 4 mílur, þá sneri stýrimaður á bakborða hægt og sígandi og var næst Höfða í snúningi 3.6 mílur. Síðan togaði stýrimaðurinn aftur austur um og þar til hann var kominn ½ mílu austar en hann byrjaði upphaflega að toga. Þá togaði stýrimaðurinn að landinu og togaði vestast í norður, þar til það var komið 3.7 mílur frá Höfða, og þá beygði stýrimaðurinn austur um og varð næst Höfða 3.2 mílur. Stýrimaðurinn bar, að þarna hafi verið mikið um báta og á þessu togi, er stýrimaðurinn var í stefnu, sem leiðir næst landinu, hafi hann dregið fyrir aftan bátinn Álaborg, en skipverjar hennar voru í netjaviðgerðum. Þá kom m/b Guðmundur Kristján, BA, á stefnu nálægt suðvestri innarlega frá af Eyrinni, og beygði stýrimaðurinn aftur með honum, þ. e. a. s. út og suður, og mun stýrimaðurinn þá hafa verið nálægt stefnu austur og beygði hægt og sígandi út um og ákvað að láta það ráðast að klára togið austur eftir Eyrinni, þótt hann ætti til góða allt að ½ mílu til að vera 0.2 mílur fyrir utan línu.

Kl. um 1840 stöðvaði varðskipið þá, en skipstjórinn var þá kominn upp, og bar stýrimaðurinn, að er þetta átti sér stað, hafi hann farið að sjá vel til fjöruborðsins, og minnti, að þegar hann leit síðast í radarinn, hafi hann verið um 4.6 mílur frá landi, og þar sem stýrimaðurinn taldi sig aldrei hafa verið nær landi en 3.1 mílu, undraði hann sig á ferðum varðskipsins.

Niðurstöður.

Þrátt fyrir neitun ákærða og stýrimanns hans þykir sannað með staðarákvörðunum varðskipsmanna, er þeir hafa staðfest fyrir dómi, að m/b Gullfaxi, VE 102, hafi verið að togveiðum innan 3ja sjómílna fjarlægðar frá fjörumarki meginlandsins við Ingólfshöfða, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og C 2 liði 2. gr. laga nr. 21/1969, en innan þar greindra marka eru botnvörpuveiðar með öllu bannaðar.

Ákærði ber sem skipstjóri refsiábyrgð að þessu leyti, þótt fram hafi komið, að hann hafi ekki verið við stjórn skipsins, er varðskipsmenn ákvörðuðu stað þess.

Ákærði verður samkvæmt þessu dæmdur í refsingu samkvæmt 1. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og verður refsing hans, sem ekki hefur verið fyrr kærður fyrir fiskveiðibrot, ákveðin með hliðsjón af

stærð skipsins og gullgengi íslenzkrar krónu (100 gullkrónur 3.932.93 pappírskrónur) kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs. Hins vegar þykir ekki eiga að dæma ákærða til refsivistar til vara, þar sem eigi er upp komið, að hann, sem var sofandi, hafi átt saknæman þátt í brotinu.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, ber að gera veiðarfæri skipsins upptæk til handa Landhelgissjóði svo og andvirði afla þess, sem var í skipinu, þar sem hann hefur verið seldur Meitlinum h/f í Þorlákshöfn og Ísbirninum h/f í Reykjavík.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, kr. 8.000.00, í ríkissjóð og laun verjanda hans, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ástþór Guðnason, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs.

Verðmæti afla og veiðarfæra m/b Gullfaxa, VE 102, skulu upptæk til Landhelgissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.